

SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

FYRIR ÁRIN 2010 og 2011



SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR

fyrir árin 2010 og 2011

SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árin 2010 og 2011



Skipan óbyggðanefndar árin 2010 og 2011:

Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, starfandi formaður
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

Varamenn:

Benedikt Bogason hæstaréttardómari
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Hulda Árnadóttir héraðsdómslögmaður

Starfsmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur
Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur

Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Forsíðumyndir © Mats Wibe Lund – www.mats.is
Tröllaskagi

1. prentun, september 2012

Útgefandi: Óbyggðanefnd

Efnisyfirlit

Formáli	7
Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu	8
Úrskurður í máli nr. 1/2009, Eyjafjarðarsýsla ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að Hnjótafjall, Skíðadalsafrétt, Möðruvallafrétt, Bakkasel, Stífluufrétt og Lágheiði eru þjóðlenda og afréttur eða í afréttareign. Landsvæði norðaustan Stífluufréttar og Lágheiðar var úrskurðað þjóðlenda. Vífilsstaðir/Kot og Þorvaldsdalsafrétt voru úrskurðuð eignarlönd.....	11
Úrskurður í máli nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almenningi norðan Hrauna en án Lágheiðar Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að Hrolleifsdalsafrétt, Flókadalsafrétt, Unadals- og Deildardalsafréttir, Silfrastaðaafrétt og Krossland eru þjóðlenda og afréttur eða í afréttareign. Almenningur norðan Hrauna og Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt) voru úrskurðuð eignarlönd.....	275
Kort af þjóðlendulínu á vestanverðu Norðurlandi, nyrðri hluti: Tröllaskagi norðan Öxnadalsheiðar, sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1–2/2009	466
Ítarlegt efnisyfirlit	467

FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í áttunda sinn og tekur til árána 2010-2011. Birtast þá á prenti úrskurðir í málum nr. 1-2/2009, á vestanverðu Norðurlandi – nyrðri hluta (svæði 7B hjá óbyggðanefnd), sem kveðnir voru upp 10. október 2011. Nánar tiltekið er um að ræða niðurstöður óbyggðanefndar í ágreiningi annars vegar íslenska ríkisins og hins vegar gagnaðila þess um eignarréttarlega stöðu tiltekinnna landsvæða í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgárbyggð, Akrahreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði. Þess skal getið að úrskurðir þessir hafa verið aðgengilegir á heimasíðu óbyggðanefndar frá uppkvaðningardegi.

Skipan óbyggðanefndar 2010-2011 var óbreytt frá fyrra ári en í ljósi þeirra erfiðleika sem sköpuðust í efnahagslífi og ríkisfjármálum hér á landi á árinu 2008 var dregið úr starfseminni. Á skrifstofu nefndarinnar störfuðu, eftir atvikum í hlutastarfi eða tímabundið, Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, Kristín María Gunnarsdóttir skrifstofustjóri sem lét af störfum í árslok 2010, Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur og Björk Þorleifsdóttir sagnfræðingur.

Á árunum 2010-2011 voru kveðnir upp nitján dómur í Hæstarétti varðandi þjóðlendumál, nánar tiltekið þessir: Dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómur frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómur frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almennings-skóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafreittur); tveir dómur frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrjú dómur frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Allir framangreindir dómur lágu fyrir þegar óbyggðanefnd kvað upp úrskurði þá sem ársskýrsla þessi inniheldur. Sextán þeirra fjalla um efnisleg atriði og í ellefu tilvikum var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkj og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu.


Þau fimm mál, þar sem úrskurðum óbyggðanefndar var hnekkj, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sjá nánar í köflum 6.1.2.1-6.1.2.3 í úrskurðum í málum nr. 1-2/2009.

Umsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Ingibjargar Mörtu Bjarnadóttur, landfræðings hjá óbyggðanefnd. Færi ég henni bestu þakkir fyrir framlagið.

Reykjavík, 12. janúar 2012

Karl Axelsson


YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐ




ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)

LENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



Málsméðferð óbyggðanefndar lokið og úrskurðir kveðnir upp



Málsméðferð ekki hafin

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 1/2009

**Eyjafjörður ásamt Lágheiði en
án Almennings norðan Hrauna**



10. október 2011

EFNISYFIRLIT

1	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	15
2	MÁLSMEDFERÐ	15
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	15
2.2	Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti, tekið til umfjöllunar: Tröllaskagi norðan Öxnadalshéðar (svæði 7B).....	16
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	17
2.4	Mál nr. 1/2009, Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna.....	17
3	KRÖFUGERÐ	19
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	19
3.1.1	Þjóðlenda.....	19
3.1.1.1	Stífluafrétt og Lágheiði.....	19
3.1.1.2	Hnjótafjall og Vífilsstaðir.....	19
3.1.1.3	Skiðadalsafrétt.....	20
3.1.1.4	Þorvaldsdalsafrétt.....	20
3.1.1.5	Möðruvallafrétt.....	20
3.1.1.6	Bakkasel.....	21
3.1.2	Möðruvellir II.....	21
3.2	Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Stífluafréttar og Lágheiðar.....	21
3.3	Kröfur eigenda Atlastaða vegna Hnjótafjalls og Kots vegna Vífilsstaða.....	22
3.3.1	Hnjótafjall.....	22
3.3.2	Vífilsstaðir.....	22
3.4	Kröfur Dalvíkurbyggðar vegna Skiðadalsafréttar.....	22
3.5	Kröfur Arnarneshrepps og Dalvíkurbyggðar vegna Þorvaldsdals.....	23
3.6	Kröfur Kirkjumálasjóðs til Möðruvallafréttar vegna Möðruvalla I.....	23
3.7	Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels.....	24
4	GÖGN OG GAGNAÖFLUN	25
4.1	Inngangur.....	25
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	25
4.3	Vettvangsferð.....	26
4.4	Skýrslutökur.....	26
5	SAGA LANDSVÆÐA	27
5.1	Stífluafrétt og Lágheiði.....	27
5.1.1	Landnám.....	27
5.1.2	Nýting, réttindi og afmörkun.....	27
5.1.3	Aðliggjandi og tengd svæði.....	32
5.1.3.1	Atlastaðir.....	32
5.1.3.2	Þorsteinsstaðir.....	32
5.1.3.3	Sandá.....	32
5.1.3.4	Göngustaðir.....	32
5.1.3.5	Göngustaðakot.....	33
5.1.3.6	Klaufabrekkur.....	33
5.1.3.7	Reykir í Ólafsfirði.....	34
5.1.3.8	Hreppsendaá.....	35
5.1.3.9	Þrasastaðir.....	36
5.1.3.10	Móafell.....	36
5.2	Hnjótafjall (Atlastaðir) og Vífilsstaðir (Kot).....	37
5.2.1	Landnám.....	37

5.2.2	Nýting, réttindi og afmörkun.....	37
5.2.3	Aðliggjandi og tengd svæði.....	41
5.2.3.1	Urðir í Svarfaðardal.....	41
5.2.3.2	Kot í Svarfaðardal.....	44
5.2.3.3	Atlastaðir.....	46
5.2.3.4	Þorsteinsstaðir.....	49
5.3	Skíðadalsafrétt.....	49
5.3.1	Landnám.....	49
5.3.2	Nýting, réttindi og afmörkun.....	50
5.3.3	Aðliggjandi og tengd svæði.....	58
5.3.3.1	Féeggsstaðir.....	58
5.3.3.2	Baugasel (Bauganes) (hjáleiga Féeggsstaða).....	59
5.3.3.3	Sörlatunga (Svellatunga/Skollatunga).....	59
5.3.3.4	Gljúfurárkot.....	59
5.3.3.5	Sveinsstaðir.....	60
5.3.3.6	Stafn.....	60
5.4	Þorvaldsdalsafrétt.....	61
5.4.1	Landnám.....	62
5.4.2	Afréttarlönd í Skriðu-, Arnarnes- og Árskógshreppum.....	62
5.4.3	Nýting, réttindi og afmörkun.....	63
5.4.4	Aðliggjandi og tengd svæði.....	67
5.4.4.1	Dagverðartunga (Digulstunga).....	68
5.4.4.2	Fornhagi.....	70
5.4.4.3	Bláteigur.....	71
5.4.4.4	Auðbrekka.....	72
5.4.4.5	Brakandi.....	83
5.4.4.6	Hólkot.....	84
5.4.4.7	Hof.....	84
5.4.4.8	Stóra-Brekka (Arnbjargarbrekka).....	86
5.4.4.9	Stærri-Árskógur.....	86
5.4.4.10	Hrafnagil, eyðihjáleiga frá Stóra-Árskógi.....	91
5.5	Möðruvallafrétt.....	92
5.5.1	Landnám.....	92
5.5.2	Afréttarlönd í Skriðuhreppi.....	92
5.5.3	Möðruvellir í Hörgárdal ásamt Möðruvalla- og Hörgárdalsafrétt.....	93
5.5.4	Aðliggjandi og tengd svæði.....	97
5.5.4.1	Gil.....	97
5.5.4.2	Varmavatnshólar.....	98
5.5.4.3	Bessahlaðir.....	99
5.5.4.4	Framland (fyrrum hjáleiga Nýjabæjar) og Nýibær.....	100
5.5.4.5	Flögusel (ásamt Grjótárkoti).....	102
5.5.4.6	Flaga.....	103
5.5.4.7	Hólar í Hjaltadal.....	104
5.5.4.8	Silfrastaðir / Silfrastaðafrétt.....	105
5.6	Bakkasel.....	107
5.6.1	Landnám.....	108
5.6.2	Nýting, réttindi og afmörkun.....	108
5.6.2.1	Afréttarlönd í Skriðuhreppi og Öxnadal.....	108
5.6.2.2	Öxnadalshéiði.....	109
5.6.2.3	Bakkasel.....	113

5.6.3	Aðliggjandi og tengd landsvæði.....	116
5.6.3.1	Bakki í Öxnadalshreppi.....	116
6	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....	121
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	121
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	121
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	121
6.1.2.1	Yfirlit.....	121
6.1.2.2	Heimildir sem mæla í mót landamerkjabréfi jarðar	122
6.1.2.3	Heimildir um legu jarða til forna.....	123
6.2	Landnám.....	124
6.3	Stífluafrétt og Lágheiði.....	125
6.3.1	Inngangur	125
6.3.2	Sjónarmið aðila	125
6.3.3	Niðurstaða	126
6.4	Hnjótafjall (Atlastaðir)	131
6.4.1	Inngangur	131
6.4.2	Sjónarmið aðila	131
6.4.3	Niðurstaða	132
6.5	Vífilsstaðir (Kot)	135
6.5.1	Inngangur	135
6.5.2	Sjónarmið aðila	135
6.5.3	Niðurstaða	136
6.6	Skíðadalsafrétt.....	140
6.6.1	Inngangur	140
6.6.2	Sjónarmið aðila	141
6.6.3	Niðurstaða	142
6.7	Þorvaldsdalsafrétt	146
6.7.1	Inngangur	146
6.7.2	Sjónarmið aðila	147
6.7.3	Niðurstaða	149
6.8	Möðruvallafrétt.....	154
6.8.1	Inngangur	154
6.8.2	Sjónarmið aðila	155
6.8.3	Niðurstaða	156
6.9	Bakkasel	160
6.9.1	Inngangur	160
6.9.2	Sjónarmið aðila	161
6.9.3	Niðurstaða	162
6.10	Um málskostnað	168
7	ÚRSKURÐARORÐ	169

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–7 suður.

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Mánudaginn 10. október 2011 er tekið fyrir mál nr. 1/2009, Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður og nefndarmennirnir Benedikt Bogason og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna og Möðruvalla II.

(Hafðís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðisviðs fjármálaráðuneytis.)²

Arnarneshreppur og Dalvíkurbyggð vegna Þorvaldsdals.

(Friðbjörn E. Garðarsson hrl.)

Einar Sigurbjörnsson og Guðrún Edda Gunnarsdóttir vegna Atlastaða (Hnjótafjalls).

Akrahreppur og Hörgárbyggð vegna Bakkasels.

Magnús Þorsteinn Jónasson vegna Kots (Vífilsstaðir).

Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Stífluafréttar og Lágheiðar.

Dalvíkurbyggð vegna Skíðadalsfréttar.

Kirkjumálasjóður vegna Möðruvalla I.

(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta Þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan Þjóðlendna.

¹ Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II), sbr. einnig skýringu í neðanmálgrein við 3. kafla varðandi landsvæði sem einungis koma til umfjöllunar að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

² Andri Árnason hrl. sá um hagsmunagæslu fyrir hönd fjármálaráðherra á fyrstu stigum málsins, sbr. kröfufýlsingu ríkisins, dags. 11. maí 2009. Í aðdraganda vettvangsferðar, sem fram fór 1. september 2009, var tilkynnt að Þorsteinn Magnússon, þá lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, hefði tekið við því verkefni og var hagsmunagæslan á hans hendi þegar málið var tekið til úrskurðar. Loks var tilkynnt með bréfi, dags. 3. ágúst 2010, að Hafðís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðisviðs ráðuneytisins yrði í forsvari fyrir fjármálaráðherra vegna málsins.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti, tekið til umfjöllunar: Tröllaskagi norðan Öxnadalshéiðar (svæði 7B)

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í bréfi, dags. 7. desember 2007, var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar fyrst. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar var eftir þessa breytingu var nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), og úrskurðir í málum sem þar risu voru kveðnir upp 19. júní 2009.

Að því er varðar nyrðri hluta vestanverðs Norðurlands (svæði 7B), var fjármálaráðherra upphaflega veittur frestur með bréfi, dagsettu 28. október 2008, til að lýsa þar kröfum um þjóðlendur, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingarfrestur var upphaflega til 31. janúar 2009 en framlengdur til 11. maí sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Með bréfi lögmanns fjármálaráðherra, dags. 8. janúar 2009, var þess farið á leit að afmörkun á svæði 7B, þ.e. nyrðri hluta hins upphaflega svæðis 7, yrði breytt til vesturs, þannig að svokallaður Skagi félli þar utan við. Óbyggðanefnd samþykkti þessa málaleitan með bréfi, dags. 21. janúar 2009, og afmarkaði svæðið nánar tiltekið svo: Héraðsvötnum er fylgt frá ósum og þar til Norðurá rennur í þau. Þá er Norðurá fylgt í Norðurárdal og yfir Öxnadalshéiði í Öxnadal. Síðan er Öxnadal sá fylgt þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Svæði 7B, afmarkað svo sem að framan greinir, nefnist vestanvert Norðurland, nyrðri hluti: Tröllaskagi norðan Öxnadalshéiðar, og er til meðferðar í málum nr. 1 og 2/2009.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendum á vestanverðu Norðurlandi, nyrðri hluta, bárust óbyggðanefnd þann 11. maí 2009. Síðar í þeim mánuði, nánar tiltekið 22. maí, var birt tilkynning í Lögbirtingablaðinu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdráttur úr þjóðlendumkröfum íslenska ríkisins, ásamt uppdrætti, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 25. ágúst 2009. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur í Morgunblaðinu 31. maí 2009.

Kröfugerð ríkisins var aðgengileg á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Siglufirði og Akureyri, viðkomandi sveitarfélaga, auk heimasíðu og skrifstofu óbyggðanefndar.

Í september 2009 barst óbyggðanefnd erindi íslenska ríkisins þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á áður fram komnum þjóðlendumkröfum og því til skýringar vísað til vettvangsferðar og nánari rannsóknar á fyrirliggjandi gögnum. Í þessum breytingum fólst að nokkur þjóðlendumkröfusvæði voru stækkuð. Tilkynning óbyggðanefndar um framangreint birtist í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 2010 og var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda innan kröfusvæðis ríkisins og ekki höfðu þegar lýst kröfum sínum að gera það í síðasta lagi 7. júní 2010. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur í Morgunblaðinu 14. apríl 2010.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Auk þjóðlendumkröfna íslenska ríkisins í tveimur hlutum bárust fjórar kröfulýsingar vegna ríkisjarða og þrettán kröfulýsingar einstaklinga, sveitarfélaga og annarra lögaðila. Sumar af hinum síðastnefndu sköruðust eða vörðuðu fleiri en eitt landsvæði sameiginlega. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum viðkomandi sýslumanna frá 5. mars til og með 6. apríl 2010, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 13. apríl 2010. Sérstök kynning á viðbótarkröfum íslenska ríkisins hófst á sama tíma og kynning á heildarkröfum en frestur til að lýsa kröfum vegna þeirra fyrrnefndu rann út 7. júní 2010. Framangreind kynningargögn voru einnig aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, auk heimasíðu og skrifstofu óbyggðanefndar.

Á síðari stigum málsmeðferðar bárust tvær kröfulýsingar frá gagnaðilum íslenska ríkisins og fimm kröfulýsingar íslenska ríkisins og annarra féllu niður.

2.4 Mál nr. 1/2009, Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna

Þjóðlendumkröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í tvö mál, þ.e. mál nr. 1/2009, Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna og mál nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almennings norðan Hrauna en án Lágheiðar.

Vettvangsferð í máli nr. 1/2009 fór fram 31. ágúst 2009, sjá nánar í kafla 4.3, en málið var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 19. nóvember 2009. Við fyrstu fyrirtöku var gerð grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Benedikt Bogason og Sif Guðjónsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum

en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Þá samþykkti óbyggðanefnd að verða við rökstuddri beiðni íslenska ríkisins um tiltekna breytingar á kröfum í málum á svæði 7B, þar á meðal aukningu krafna vegna Möðruvallaafréttar og Bakkasels. Höfðu gagnaðilar íslenska ríkisins áður fengið frest til að koma fram með athugasemdir vegna þessa. Var því beint til hlutaðeigandi lögmanna að þeir gerðu kröfur fyrir hönd umbjóðenda sinna ef þess væri þörf vegna aukningar á kröfum ríkisins. Var þeim veittur frestur til 3. desember 2009 til að skila slíkum kröfum. Þá var fjármálaráðherra veittur frestur til 22. desember 2009 til skila á greinargerð.

Við aðra fyrirtöku, 21. janúar 2010, var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 18. febrúar til skila á greinargerðum. Þá var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 11. mars 2010, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila ríkisins. Þá voru lögð fram frekari gögn.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 9. apríl 2010, var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar og lögð fram frekari gögn.

Aðalmeðferð fór fram 30. apríl 2010 og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 12. september 2011. Voru þá lögð fram ný gögn og farið yfir tiltekin atriði varðandi kröfugerð aðila, auk þess sem lögmenn tjáðu sig um endurflutning málsins. Ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ³

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna ríkisjarðarinnar Möðruvalla II. Hin síðarnefnda miðar við að Möðruvalla-afréttur sé í afréttareign Möðruvalla II.

3.1.1 Þjóðlenda

3.1.1.1 Stíflufrétt og Lágheiði

Upphafspunktur er þar sem lækur sá sem rennur um Þvergil fellur í Ólafsfjarðará (1). Þaðan er Ólafsfjarðará fylgt til suðurs þar til komið er á móts við Dýrhól (2) sem stendur skammt vestan árinna. Þaðan er línán dregin beina stefnu í svonefnda Hlasskverk (3) utan við Súluþjallstind og þaðan stystu leið upp á fjallsbrún (4). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti (5) og línán dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (6). Þaðan er línán dregin stystu leið í Fljótaá (7) og ánni síðan fylgt til vesturs þar til komið er á móts við miðja Stóruskriðu (8). Þaðan er línán dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggar (9). Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafjall (1032 m) við Móafellsjökul (10). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli (1252 m) (11). Þaðan er miðfjalli Hestfjalls og síðan Hádegisfjalls, þ.e. vatnaskilum milli Ólafsfjarðardals og Reykjadals, fylgt þar til komið er á móts við efstu drög Þvergils (12). Þaðan er línán dregin beint í efstu drög Þvergils og gilbotninum og læknum sem rennur um gilið fylgt að upphafspunkti þar sem hann rennur í Ólafsfjarðará.

3.1.1.2 Hnjótafjall og Vífilsstaðir

Upphafspunktur er þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá (1). Þaðan er Skallá fylgt að sýslumörkum (upptök Skallár í Hákömbum á sýslumörkum) (2). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs um Hákamba, um Heljardalsheiði í Heljarfjall sunnan Kotafjalls (1314 m skv. dönsku herforingjaráðskortunum) (norðan við botn Strangalækjarskálar) (3). Þaðan er háfjalli og vatnaskilum milli Vífilsdals og Vatnsdals fylgt til norðurs í nyrstu hábungu Kotafjalls (4). Þaðan er línán dregin beina stefnu til norðvesturs að þeim stað þar sem Vífilsá fellur í Svarfaðardalsá (5). Þaðan er Svarfaðardalsá fylgt að upphafspunkti þar sem Skallá fellur í hana.

³ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna Reykja og Múla. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að landsvæði þessi falla utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

3.1.1.3 Skíðadalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá (1). Þaðan er haldið með Skíðadalsá þar til Vesturá rennur í hana (2). Þaðan er Vesturá fylgt til fremstu upptaka á vatnaskilum milli vatnasviða Vesturár og Kolbeinsdalsár á sýslumörkum milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna (3). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs, að fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardalshrepps við sunnanverðan Skíðadalsjökul (Leiðarhnjúkar 1312 m) (4). Þaðan er fyrrum hreppamörkum fylgt til austurs að Gljúfurárjökli og síðan með suður- og austurmörkum jökulsins (eins og þau voru við setningu Þjóðlendulaga hinn 1. júlí 1998), í Gljúfurá (5) og með henni að upphafspunkti þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá.

3.1.1.4 Þorvaldsdalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Þverá rennur í Þorvaldsdalsá sunnan við Kúgil (1). Þaðan er Þverá fylgt til upptaka í Sælufjalli (2). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardalshrepps fylgt til suðurs í Dyngjuhnjúk (3). Þaðan er Ytri-Tungudal, og síðar Úlfá, fylgt til austurs þar til Lambá fellur í hana (4). Þaðan er Ytri-Tunguá fylgt til suðausturs að þeim stað þar sem eyrar byrja (5). Þaðan er línan dregin um garð sem kemur úr fjallsröðinni sunnan í Fornhagaöxl og eftir fjallsröðinni upp á Fálkahaug (904 m) (6). Þaðan til norðurs með háfjalli í svonefndri Flá og síðan með fyrrum sveitarfélagamörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps allt þar til komið er beint austur af þeim stað, þar sem Þverá rennur í Þorvaldsdalsá (7). Þaðan er haldið beint til vesturs í upphafspunkt.

3.1.1.5 Mjöðruvallafrétt

Upphafspunktur er á fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps fyrir botni Víkingsdals, norðan Grjótárdalsdraga (1). Þaðan er haldið með fyrrum mörkum Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps til norðurs að merkjum Framlands á háfjallinu fyrir botnum Grjótárdals og Vatnsdals (2). Þaðan er háfjallinu fylgt til norðvesturs í fjallstopp sem merktur er 1160 m á dönsku herforingjaráðskortunum (3). Þaðan er haldið áfram til norðvesturs að fremstu upptökum Grjótár á vatnaskilum milli Grjótárdals og Víkingsdals þar sem nefndar eru Urðir (4). Þaðan er farvegi Grjótár fylgt þar til hún rennur í Hörgá (5). Þaðan er farið með Hörgá til vesturs að Hellunefi (6) og þaðan er línan dregin í Þórðarklöpp (7). Frá Þórðarklöpp er línan dregin beina stefnu í vatn það er stendur skammt norðvestan við Grænavatn (8). Þaðan er haldið í Litlukerlingu (1119 m) (9). Frá þeim stað er haldið til suðvesturs í norðanverðan Sandárhjúk (1283 m) (10). Þaðan er haldið til norðvesturs með vestanverðum jaðri Myrkárjökuls (jökullína hinn 1. júlí 1998) að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu (11). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs að hornmarki milli fyrrum hreppamarka Akrahrepps, Hólahrepps og Skriðuhrepps við Hjaltadalsjökul (12). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt að upphafspunkti.

3.1.1.6 Bakkasel

Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará (1). Þaðan er Grjótá fylgt í Grjótárdalsdrög (2). Frá Grjótárdalsdrögum er línan dregin til suðausturs í Gilshnjúk þar sem hann er hæstur (3). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðurs og síðan suðvesturs þar til komið er á móts við Hjallalandsskarð (4). Þaðan er línan dregin um Hjallalandsskarð í Lurkastein (5) og þaðan í Öxnadalsá (6). Þaðan er dalbotninum á Öxnadalsheiði fylgt til vesturs að upphafspunkti þar sem Grjótá fellur í Heiðará.

3.1.2 Möðruvellir II

Þess er krafist af hálfu íslenska ríkisins að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur ríkisins í þjóðlendu, skv. 5. gr. sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, að landi innan merkja Möðruvalla-afréttar eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Möðruvalla, dags. 17. apríl 1884. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námu-réttur ásamt veiði í vötnum.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

3.2 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Stífluafréttar og Lágheiðar

Þess er krafist aðallega að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að öllu landi sem er innan neðangreindrar lýsingar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér að neðan:

„Upphafspunktur er á fjallsbrún Hreppsendasúlna(1). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti og línan dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (2). Þaðan er línan dregin stystu leið í Fljótaá og ánni síðan fylgt til vesturs þar til komið er neðan við Stóruskriðu (3). Þaðan er línan dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggjar. Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafjall (4). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli. Þaðan er miðfjalli Hestfjalls fylgt rétt ofan við merkjavörðu (5). Línan er dregin þaðan í svonefnda Hlasskverk utan við Súluþjallstind og í upphafspunkt við fjallsbrún Hreppsendasúlna (1).“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3 Kröfur eigenda Atlastaða vegna Hnjótafjalls og Kots vegna Vífilsstaða

3.3.1 Hnjótafjall

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigendur Atlastaða eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir jörðinni og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir Atlastaði sem útbúið var þann 15. maí 1884:

Með öðrum orðum er gerð krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði sem ríkið gerir kröfu til að sé þjóðlenda þ.e. milli upphafspunkts þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá við suðvesturmerki Atlastaða (1). Þaðan er Skallá fylgt að sýslumörkum (upptök Skallár í Hákömbum á sýslumörkum) (2) og svo Svarfaðardalsár sem ræður merkjum við Kotsland upp til sýsluskila á Heljardalsheiði, sé háð beinum eignarrétti, og því beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn einkaafnotaréttur aðila í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3.2 Vífilsstaðir

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigendur Kots eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir jörðinni og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir Kot sem útbúið var þann 26. maí 1883:

Með öðrum orðum er gerð krafa til þess að viðurkennt verði að allt það landsvæði sem ríkið gerir kröfu til að sé þjóðlenda innan merkja jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti, þ.e. milli upphafspunkts þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá við suðvesturmerki Atlastaða (1). Þaðan er Svarfaðardalsá fylgt til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkun milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu, þ.e. sýslumörkum er fylgt til suðurs um Hákamba, um Heljardalsheiði í Heljarfjall sunnan Kotafjalls (3). Þaðan beint til norðurs í nyrstu hábungu Kotafjalls (4). Þaðan í upphafspunkt við Skallá (1).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur aðila í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4 Kröfur Dalvíkurbyggðar vegna Skíðadalsafréttar

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigandi Skíðadalsafréttar hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir landsvæðinu og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér á eftir: „Upphafspunktur er þar sem Gljúfurá

fellur í Skíðadalsá (1). Þaðan er haldið með Skíðadalsá þar til Stafná rennur í hana (2). Þaðan er Stafná fylgt til upptaka (Vesturárdalsfjall (1382 m)) (3). Þaðan til norðvesturs í Jökulhnjúk vestan Þverárjökuls (1189 m) (4). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs, að fyrrum hreppsmörkum Skriðuhrepps við sunnanverðan Skíðadalsjökul (Leiðarhnjúkar 1312 m) (5). Þaðan er hreppamörkum fylgt til austurs að Gljúfurárjökli og síðan með suður- og austurmörkum jökulsins (eins og þau voru við setningu Þjóðlendulaga hinn 1. júlí 1998), í Gljúfurá (6) og með henni að upphafspunkti þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá.“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur aðila í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5 Kröfur Arnarneshrepps og Dalvíkurbyggðar vegna Þorvaldsdals

Gerð er sú krafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Þorvaldsdal innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi auk annarra gagna, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi upprætti: „Ármót Þverár og Þorvaldsdalsár sunnan Kúgilssels (punktur 1). Þaðan er Þverá fylgt til upptaka í Sælufjalli (punktur 2). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardalshrepps fylgt til suðurs í Dyngjuhnjúk (Dýjafjallshnúk) (punktur 3). Þaðan er Ytri-Tungudal, og síðar Úlfá, fylgt til austurs þar til Lambá fellur í hana (punktur 4). Þaðan er Ytri-Tunguá fylgt til suðausturs að þeim stað þar sem eyrar byrja (punktur 5). Þaðan er línan dregin um garð sem kemur úr fjallsröðinni sunnan í Fornhagaöxl og eftir fjallsröðinni upp á Fálkahaug í 904 m hæð (Punktur 6). Þaðan til norðurs með háfjalli í svonefndri Flá og síðan með fyrrum sveitarfélagamörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps allt þar til komið er beint austur af ármótum Þverár og Þorvaldsdalsár (punktur 7). Þaðan er haldið beint vestur í punkt 1.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi innan ádurlystra merkja, sem kann að verða úrskurðað Þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6 Kröfur Kirkjumálasjóðs til Möðruvallaafréttar vegna Möðruvalla I

Þess er krafist að viðurkennt verði að eigandi Möðruvalla I í Hörgárdal eigi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, þ.m.t. því landi sem er innan landamerkjalýsingar Möðruvallaafréttar eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi Möðruvalla, dags. 17. apríl 1884: „Upphafspunktur er á fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps fyrir botni Víkingsdals, norðan Grjótárdalsdraga (1). Þaðan er haldið með fyrrum mörkum Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps til norðurs að merkjum Framlands á háfjallinu fyrir botnum Grjótárdals og Vatnsdals (2). Þaðan er háfjallinu fylgt til norðvesturs í fjallstopp sem merktur er 1160 m á

dönsku herforingjaráðskortunum (3). Þaðan er haldið áfram til norðvesturs að fremstu upptökum Grjótár á vatnaskilum milli Grjótárdals og Víkingsdals þar sem nefndar eru Urðir (4). Þaðan er farvegi Grjótár fylgt þar til hún rennur í Hörgá (5). Þaðan er farið með Hörgá til vesturs að Hellunefi (6) og þaðan er línan dregin í Þórðarklöpp (7). Frá Þórðarklöpp er línan dregin beina stefnu í vatn það er stendur skammt norðvestan við Grænavatn (8). Þaðan er haldið í Litlukerlingu (1119 m) (9). Frá þeim stað er haldið til suðvesturs í norðanverðan Sandárhjúk (1283 m) (10). Þaðan er haldið til norðvesturs með vestanverðum jaðri Myrkárjökuls (jökullína hinn 1. júlí 1998) að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu (11). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs að hornmarki milli fyrrum hreppamarka Akrahrepps, Hólahrepps og Skriðuhrepps við Hjaltadalsjökul (12). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt að upphafspunkti.“

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði einkaafnotaréttur hans í þjóð-lendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, svokölluð afréttareign, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7 Kröfur Akrahrepps og Hörgárbyggðar vegna Bakkasels

Þess er krafist að viðurkenndur verði að beinn eignaréttur aðila að landsvæðinu og að viðurkennt verði að heildarlandamerki séu samkvæmt landamerkjabréfi Bakkasels sem útbúið var þann 28. mars 1889 og þinglýst 27. maí sama ár: „Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-17 ásamt undirskjölum eða samtals 697 skjöl, auk 20 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 31. ágúst 2009, í fylgd með lögmönnum og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Akureyri inn Hörgárdal í átt að Möðruvallafrétt, að hellunefinu sem lýst er í landamerkjabréfi Flögusels frá 1884. Litið var til Þórðarklappar og Grjótárhjúks en sökum slæms skyggis sást ekki vel til kennileita. Farin var sama leið til baka og Ólafsfjarðarvegur (nr. 82) ekinn til norðurs að vegarslóða sem liggur til suðurs inn Þorvaldsdal. Þegar slóðanum sleppti var gengið að útsýnisstað en vegna slæms skyggis sást ekki til Fögruhlíðar eins og stefnt var að. Úr Þorvaldsdal var ekið inn að Koti í Svarfaðardal, þar sem Hnjótafjall og Vífilsstaðaland liggja. Kröfulína ríkisins liggur gegnt Koti, þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá. Úr Svarfaðardal var ekið inn Skíðadal að Skíðadalsfrétt, en skyggni var slæmt. Loks var ekið til Siglufjarðar, þar sem ferðinni lauk.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Þorsteinn Kristinn Björnsson, mættur fyrir hönd Dalvíkurbyggðar vegna Skíðadalsfréttar; Guðrún Edda Gunnarsdóttir, annar eigenda Atlastaða; Guðmundur Gunnlaugsson, bóndi á Göngustöðum; Magnús Þorsteinn Jónasson, eigandi Kots, og Ríkharður Jónsson, fyrrverandi sveitastjóri Holtshrepps, mættur vegna Lágheiðar.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilfni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verða tekin til umfjöllunar eftirtalin landsvæði: Stífluafrétt og Lágheiði, Hnjótafjall (Atlastaðir) og Vífilsstaðir (Kot), Skíðadalsafrétt, Þorvaldsdalsafrétt, Möðruvallaafrétt og loks Bakkasel.⁴

5.1 Stífluafrétt og Lágheiði

Í þeirri umfjöllun um Stífluafrétt og Lágheiði sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.1.1 Landnám

Um landnám á svæðinu vitnar *Landnáma* svo:

Þórðr knappr hét maðr sygnskr, son Bjarnar at Haugi, annarr hét Nafar-Helgi; þeir fóru samskipa til Íslands ok kómu við Haganes. Þórðr nam land upp frá Stíflu til Tunguár ok bjó á Knappsstodum; [...] Nafar-Helgi nam land fyrir austan upp frá Haganesi til Flókadalsár fyrir neðan Barð ok upp til Tunguár ok bjó á Grindli; [...].⁵

5.1.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Í ráðsmannsreikningum Hóla í Hjaltadal frá 1387 má sjá að Hólamenn ráku fé sitt m.a. á Lágheiði. Þar kemur eftirfarandi fram:

a laghæidi xvij kuigur tuæuetrar. iij uetrgamlar. gradungr ok iiij vxar tuæuetrir.⁶

Þeir séra Jón Pálsson og Þorvaldur Jónsson áttu með sér jarðakaup 23. apríl 1454 en þar seldi séra Jón Þorvaldi Reyki. Í kaupbréfinu eru tilgreind eftirfarandi landamerki á milli Kallsstaða og Reykja og einnig getið um Lágheiði:

eit liækiargil er geingr or fiallinu ofan ath hol þe(i)m er stendur hia heygardinum a reykium ok retsyne ofan med skurdi þeim er geingr i ana savdadalsa. tvngvna alla vt ath armottvm ok halfa lagheide ok saudadal allan ok hiellan allan vt ath læk þeim er fyr var nefndr ok allan ilifsdal.⁷

Halldór nokkur Hjálmarsson (1745-1805) varð konrektor að Hólum 1773 og starfaði við skólann þar til skólinn var lagður niður árið 1802. Varðveist hefur uppskrift Halldórs, sem er talin frá því um 1802, á kaup-, máldaga- og landamerkjabréfi um Tungu í Fljótum frá árinu 1506. Aftan við það bréf hafði Guðbrandur biskup Þorláksson skrifað athugasemd sem er dagsett 15. júlí 1608. Halldór hefur hins vegar skrifað eftirfarandi athugasemd við bréfið:

⁴ Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sjá skal nr. 13. Umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins hefur verið stytta eða felld út.

⁵ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík, 1968, bls. 243. Sjá skrá yfir hliðsjónarskjöl málsins.

⁶ Skjal nr. 2(127).

⁷ Skjal nr. 2(161).

Um Tungu í Fljóttum epter gömlu Blade og rifnu. með eiginhandar uppáskrift biskups Gudbrands. ä eg þad sialfr. og set þad her inn sem eg fæ lesid. til ad varna þess undergangi.⁸

Fram kemur að innihald umrædds bréf hafi verið skráð 1508 þegar Narfi Ingimundarson seldi Tungu í Fljóttum. Þar segir ennfremur:

Item sagde Narfe jorden Túnga ætte allan halfan Huarfsdal fyrir vestan fram ad Möagile. þadan og fram j giegne. og være þangat vanaligr lamba Regxtur vr Flíottum. ad Reykiarhóle fyrir austan fram. Enn ad Brecku fyrir vestan fram. Og veniuligr Lambatollur af öllum þeim Bæium er framar standa. lamb edur v alner af tug hvöríum. Enn Tungumenn skyldu halda vpp adalRíett fyrir heimann Kleyfar. og äminna Bændur. ad bæta ad sijnum hiaRíettum. edur ábyrgiast alla mysdrætte vid eigendur.

Item sagde Narffe. ad jorden Tunga ætte allan halfan Galltardal. fram vnder jokul. og land jtolulaust vt j Heliargil. fyrir vtan Þorgauss stade. vtan jordin Gautastader ætte þangat torfskurd arliga. tuenna xij fedminga ad torbvelle. Og jordin Þorgauss stader ætte sláttuteig vikuverck ä ytra Tungunes. garda áá millum. og Regstur j annat mal aa Tungudal. ä sumartijma fyrir malnytu.⁹

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 segir svo um selför Barðs á Lágheiði:

Selför hefur staðurinn [þ.e. Barð] til forna brúkað á Lágheiði, sem liggur fram frá Eystri Fljóttum, í það pláts sem heitir Blákápureitur. Þetta ítak hefur ekki brúkast í manna minni.¹⁰

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 segir meðal annars svo um jörðina Sléttu:

Afrjett brúkar þessi jörð, so sem aðrar í Austurfljóttum, í Fljóta afrjett þar sem heitir Hvarfsdalur, og liggur fram frá Móafelli og Þrasastöðum, fyrir lömb sín, en annað afrjettarfe er ekki venja að þangað sje rekið, og öldungis tollfrí hefur þessi lamba upprekstur brúkast um lánagan aldur, og eru þessi lömb rjettuð í Túngulandi og gelst ekkert fyrir.¹¹

Um afrétt fjölda annarra jarða á svæðinu¹² er alls staðar sagt „ut supra“ (þ.e. „eins og að framan greinir“). Jörðin Tunga í Stíflu og hjáleigur hennar nýttu þó ekki Stífluafrétt á þeim tíma svo sem sjá má í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709:

Afrjett brúkar þessi jörð öngva [þ.e. Tunga], og gengur peníngur í heimalöndum.¹³

Í brauðalýsingu séra Guðmundar Sigurðssonar á Barði, frá 25. júlí 1782, er greint frá afrétt á Lágheiði og með fylgir óársett lögfesta kirkjunnar:

⁸ Skjal nr. 2(171).

⁹ Skjal nr. 2(171).

¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, Kaupmannahöfn, 1986, bls. 303.

¹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 310-311.

¹² Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 312, 313, 314, 315, 316, 320 og áfram.

¹³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 317.

Þessa Prestakalls Dýrleika veit Eg af Eingu slúttast kunna ódru, enn árlega Heimtudum og útlógdum Tugthüss Tolle, 16 þ. ad það skule vera 40 Hundrud. Hafande: Tün 25 Daga slátt; Eingiatak nög ad vijdáttu, enn lakara ad giædum: Dal Eirn lýtinn til Fiallhaga og Büsmala beitar ä Sumur; AfRettar Reite Tvo er sagt Prestakalled Eige og Selstödur, annann i Flökadal afRett enn Annann ä Läguheide, sem bæde eru og hafa vered haldner þess Eign, þött þvj sieu til næsta þvj Eingra Nota Annara, enn Frij Giöldfiär og lamba JReksturs og gaungu ä Sumrum. [...] Smä Hölm miög so lijtenn i Hölms Vatne; samt Silungs Veide i þvj, og lijka i [strikað yfir, Miklavatne] FlökaDals Vatne;

[...]

Selstöðurnar kunna nu ecke ad benýttast, saker längt ä Sumur framm offtast nær äliggiande Sniöfanna, og þess vegna seins grödurs, Eru og lijka Erfidar og Fiärlægt liggjande.

[...]

Jeg N.N. Prestur til Bards og Hollts Kyrkna Safnada i Fliootum, Lógfeste hier i Dag fyrrer manntalsþijngs Rettenum ad Hollte, mitt af hanns Kongl: Majestet mier Allra Nädagust veitt Beneficium, Bardsstad i Fliötum, med öllum þeim gögnum og giædum, Hlutum og Hlunnendum, sem greindu Beneficio filgia, filgia eiga og filgt hafa ad Fornu og Niju, effter Confirmatudum kyrkiunnar Mäldögum, og nü umm næstlidenn mejr enn 100 är giördum 8 Lógfestum. [...] Jtem Selstödur þessa Beneficii, Bards kyrkiu Reit J Flökadals afRett, og BlaakäpuReit ä Läguheide, til Jtstu landamerkia [...]¹⁴

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* segir svo um afrétt á Lágheiði:

Afrétt frambæjanna er í almenningnum á Lágheiði á Hreppendsárdal, Húngilsdal, Skeggjabrekku-, Ár- og Fossdal. Líka ganga lömb eftir fráfarur út í Brimnesmúla. Þetta eru allt heimalönd nema Lágheiði, og skiptast bæir sveitarinnar, sem næstir eru, að reka á þessa dali.¹⁵

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* segir svo um selstöður í Stíflu:

Engir bæir í Stíflu eiga selstöður, en nú [árið 1840] eru brúkaðar, en seljatóftir gamlar mjög sjást í afréttinni. Eru þar nefnd Knappstada- og Lundssel, en hvenær þær selstöður eru niður lagðar vita menn ógjörla.

Nú eru Lágheiði að vestanverðu með Klaufabrekknadalnum og Hvarfdalur afréttarlönd almennings, brúkuð af flestum Stíflu- og Austur-Fljótsmönnum, en réttirnar, er nefnast Stífluréttir, standa á sléttum grundum austan undir Hamarshyrnu, vestanverðu við Stífluá, skammt fyrir sunnan Hamar.¹⁶

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* segir ennfremur um afréttir í Barðs-prestakalli:

¹⁴ Skjal nr. 2(241) a-b.

¹⁵ *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, Akureyri, 1972, bls. 61.

¹⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, Akureyri, 1950, bls. 183.

Afréttir. Afréttarland (almenningur) er fram af Flókadalnum; þangað er rekið geldfé úr allri Barðssókn og það fé réttað í svonefndri Flókadalsafrétt fyrir sunnan Illugastaðakot. Flestir úr Holtssókn reka geldfé sitt á svonefnda Stífluafrétt, sem lýst verður með Knapptaðasókn; fáeinir líka á áður nefndan Holtsdal, hvert fé réttað er í Holti; á Almenninga er rekið frá Hraunum og Hríthúsum og fé það réttað á Hraunum.¹⁷

Í jarðamatinu 1849 kemur fram það álit matsmanna, frá 7. ágúst sama ár, að „sveitin“ eigi almenning á Lágheiði. Af samhengi og staðsetningu þessa texta má sjá að sú „sveit“ sem um er rætt er Þóroddsstaðahreppur og þar með talinn Ólafsfjörður. Í jarðamatinu segir orðrétt:

Sveit þessi álitst að eiga almenning á Lágheiði, og og[svo] er þangað rekið frá þeim jörðum, er ekki hafa upprekstrarland í sínu landi.¹⁸

„Landamerkjalyking á milli Ólafsfjarðar og Stífluafréttarlanda“ var útbúin 6. september 1885 og hljóðar hún svo:

Á Láheiði eru fjórar vörður, og ræður lína sú, er þær vísa, merkjum til fjalls báðu megin. Ennfremur undirgengst hreppsnefnd Fljótahrepps, að láta ganga austur heiðina eins hjer eptir og hingað til gjört hefir verið.¹⁹

Hreppsnefndarmenn Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu þeir Björn Þorleifsson, Sigurður Halldórsson, Rögnvaldur Þorleifsson og Hermann Þorsteinsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Þá voru þeir Páll Halldórsson, Jakob Ingimundarson, Jakob Þorkelsson og Jón Jóhannesson samþykkið landamerkjabréfinu að því er virðist fyrir hönd Ólafsfirðinga (Þóroddsstaðahrepps).

Á manntalsþingi að Þóroddsstöðum í Ólafsfirði, 12. júlí 1886, voru þinglesin landamerki afréttarlandsins Lágheiði á milli Stíflu og Ólafsfjarðar og mótmælti þeim enginn.²⁰

„Landamerkjaskrá fyrir Stýfluafrjettarlandi“ er dagsett 2. júní árið 1886 og þinglesíð samdægurs. Það er svohljóðandi:

Milli Stýflu og Ólafsfjarðar afrjettarlanda á Lágheiði eru settar 4 markvörður þvert yfir heiðina og ræður lína sú, sem þær vísa merkjum til fjallsegga báðu megin, einnig undirkastar hreppsnefnd Holtshrepps sig að láta framvegis ganga austur heiðina eins og þeir hafa gjört.²¹

Þetta var samþykkt af Þorkeli Dagssyni, Páli Halldórssyni, Jakobi Ingimundarsyni, Jakobi Þorkelssyni og Jóni Jóhannessyni hreppsnefndarmönnum í Þóroddsstaðahreppi (þ.e. Ólafsfjarðarmegin).

Ennfremur kemur fram:

Milli Stýfluafrjettarlands og heimalands á Þrasastöðum eru merki úr efsta Drykkjarhól beina stefnu uppí hall-klett, en Fljótaá ræður merkjum að neðan. Og ennfremur milli

¹⁷ *Sýslu- og sóknalykingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 173.

¹⁸ Skjal nr. 2(311).

¹⁹ Skjal nr. 2(58).

²⁰ Skjal nr. 2(351). Stífluafrétt. Eyj. IV. B. (db.gr.nr 735).

²¹ Skjal nr. 2(71).

sömu afjettar og Móafells eru merki eptir miðri Stóruskriðu ofaní Fljótaá, áin ræður merkjum að neðan en fjallseggjar að ofan.²²

Þetta var samþykkt af Bergi Jónssyni eiganda Þrasastaða, Árna Þorleifssyni umráðamanni Móafells, og þeim Rögnvaldi Þorleifssyni, Birni Halldórssyni, Sigurði Halldórssyni og Hermanní Þorsteinssyni, hreppsnefndarmönnum í Holtshreppi.

Ekki er fjallað um afrétt á Lágheiði í fasteignamati 1916-1918 en þar kemur eftirfarandi fram í lýsingu Hrauna er varðar Stífluafrétt:

Jörðin á rétt til uppreksturs í Stífluafrétt en notar sitt eigið land.²³

Í sömu heimild segir um rétt Stórahólts í Stífluafrétt:

Jörðin hefir rétt til upprekstur á Stífluafrétt, en á þess utan sérstakt upprekstrarland, nægilegt fyrir sig.²⁴

Og um rétt Helgustaða segir:

Jörðin hefir rétt til upprekstrar á „Holtsdal“.²⁵

Þá kemur eftirfarandi fram um Þrasastaði, er tengist Stífluafrétt:

Smalamenska erfið, því landið liggur að Stífluafrétt.²⁶

Ennfremur segir um Langhús:

Jörðin á tiltölu til sérstaks upprekstrarlands (á Brunnárdal sameiginl. við Barð).²⁷

Loks segir um Dæli segir í sömu heimild:

Jörðin á tiltölu til uppreksturs á Brunnárdal.²⁸

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.²⁹

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann sendi með útdrátt úr landamerkjabók varðandi afréttarlönd milli Ólafsfjarðar og Stíflu í Skagafirði.³⁰ Um er að ræða landamerkjalyýsingu Þóroddsstaðahrepps á milli Ólafsfjarðar- og Stífluafréttarlands sem var útbúin 6. september 1885 og fjallað var um hér að framan.³¹

²² Skjal nr. 2(71).

²³ Skjal nr. 2(309).

²⁴ Skjal nr. 2(310).

²⁵ Skjal nr. 2(310).

²⁶ Skjal nr. 2(95).

²⁷ Skjal nr. 2(306).

²⁸ Skjal nr. 2(306).

²⁹ Skjal nr. 2(255).

³⁰ Skjal nr. 2(256).

³¹ Skjal nr. 2(262).

Lágheiði og Stífluafrétt eru nú nýttar til sumarbeitar fyrir búfé að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.1.3 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Sandá, Göngustaði, Göngustaðakot, Klaufabrekkur, Reyki í Ólafsfirði, Hreppsendaá, Þrasastaði og Móafell. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra. Um jarðirnar Atlastaði og Þorsteinsstaði er fjallað annar staðar í úrskurði þessum og vísast þangað.

5.1.3.1 Atlastaðir

Sjá kafla 5.2.3.3.

5.1.3.2 Þorsteinsstaðir

Sjá kafla 5.2.3.4.

5.1.3.3 Sandá

Elsta þekkt heimildin um landamerki Sandár er landamerkjabréf frá árinu 1884. Landamerkjabréf Sandár var útbúið 20. maí 1884 og þinglesið samdægurs. Það hljóðar svo:

Að sunnan móts við Þorsteinsstaði ræður garður merkjum frá Svarfaðardalsá upp utan Merkisholt, svo út og upp Migjið, en þegar til hlíðarinnar kemur hverfur hann eru því merki haldin rjett í sömu sömu stefnu við stein uppá svo kallaðri Dýadalsbrún í beinni línu á stóran stein á Grænhól. Að norðan móts við Göngustaði eru merki rjett sjónhending frá Svarfaðardals á uppi garðbrot gegnt Sandártúni þaðan í Sandárgil. Síðan ræður Sandáin merkjum til fremstu vatna upptaka.³²

Sveinn Sveinsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Arngrímssyni vegna Þorsteinsstaða og Sigurhirti Jóhannessyni vegna Göngustaða.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplestin landamerki Sandár. Þeim var ekki mótmælt.³³

5.1.3.4 Göngustaðir

Landamerkjabréf fyrir Göngustöðum var útbúið 12. maí 1884 og hljómar svo:

Eru talin að vera að sunnan bein sjónhending frá Svarfaðardalsá upp í garðbrot gegnt Sandártúni, þaðan beint í Sandár gil, síðan ræður Sandáin merkjum til fremstu vatna upptaka. – Að norðan móts við Göngustaðakot frá uppsettum steini á þúfu – við Dalsá – utan og neðan til við Merkistöpt, og svo beint eptir uppsettum steinamerkjum uppi gula dýið, sem kemur undan Litla-hamri fyrir utan Einhamar.³⁴

³² Skjal nr. 2(60) a-b.

³³ Skjal nr. 2(351). Sandá. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1179).

³⁴ Skjal nr. 2(61) a-b.

Sigurhjörtur Jóhannesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Sigurðssyni vegna Göngustaðakots og Sveini Sveinssyni vegna Sandár.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplestin landamerki jarðanna Göngustaða og Göngustaðakots, sem og fleiri jarða og var þeim ekki mótmælt.³⁵

5.1.3.5 Göngustaðakot

Landamerkjabréf fyrir Göngustaðakot var útbúið 10. maí 1884:

Eru að sunnan móts við Göngustaði frá steini sem stendur í þúfu skamt fyrir utan merkistöpt, sem er niður við Svarfaðardalsá. Síðan ráða uppreist steinamerki stefnu á Guladýið, sem fellur undan Litlahamri, sem er rjett fyrir utan Einhamar og þaðan rjettlínis á fjall upp. – Að norðan móts við Klaufabrekkur ræður garður merkjum, sem byrjar við Dálsá, rjett á móti hinni fornu Skeiðsrjett. Garður þessi er glöggur fyrst uppeptir, en hverfur með öllu, ræður þá bein stefna í Lambárgil og Lambáin síðan til fremstu vatna upptaka.³⁶

Björn Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurhirti Jóhannessyni vegna Göngustaða og J. Halldórssyni vegna Klaufabrekkna.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplestin landamerki Göngustaðakots og mótmælti þeim enginn.³⁷

5.1.3.6 Klaufabrekkur

Landamerkjabréf fyrir Klaufabrekkur var útbúið 1. júní 1885 og hljóðar svo:

Að sunnan til móts við Göngustaðakot ræður merkigarður frá Svarfaðardalsá upp nesið rjett á móti hinni fornu Skeiðsrjett, efst úr garðinum bein lína í Lambárgil, er ræður á fjall upp.

Að norðan til móts við Kaufabrekkukot ræður bein lína frá Svarfaðardalsá, sett merkisteinum upp nesið að Lambá, en fyrir ofan hann ræður merkigarður á fjall upp.³⁸

Jón Halldórsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Sigurðssyni sem handsalaði fyrir Göngustaðakot og J. Halldórssyni vegna Klaufa-brekkukots.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplestin landamerki jarðarinnar Klaufabrekkna og var þeim ekki mótmælt.³⁹

Landamerkjabréf fyrir Klaufabrekknakot var útbúið 1. júní 1885 og hljóðar svo:

Að sunnan til móts við Klaufabrekkur ræður merkjum bein lína frá Svarfaðardalsá sett steinsmerki upp nesið að Lambá, en fyrir ofan hana ræður merkigarður á fjall upp.

Að neðan ræður merkjum Stóri lækurinn, að fornu nefndur Skeggroflækur, frá Svarfaðardalsá og á fjall upp.⁴⁰

³⁵ Skjal nr. 2(351). Göngustaðir. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1179).

³⁶ Skjal nr. 2(62)a-b.

³⁷ Skjal nr. 2(351). Göngustaðakot. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1179).

³⁸ Skjal nr. 2(63) a-b.

³⁹ Skjal nr. 2(351). Klaufabrekkur. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1179).

⁴⁰ Skjal nr. 2(304).

Jón Halldórsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Halldórssyni vegna Klaufabrekkukots og Hallgrími Hallgrímssyni vegna Auðna.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplesin landamerki jarðarinnar Klaufabrekkukots og var þeim ekki mótmælt.⁴¹

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Klaufabrekkna séu þinglesin, dagsett 1. júní 1885.⁴²

5.1.3.7 Reykir í Ólafsfirði

Jón prestur Pálsson seldi Þorvaldi Jónssyni Reyki með bréfi gerðu 23. apríl 1454. Í kaupbréfinu eru eftirfarandi landamerki tilgreind:

erv þessi landamerki í mille kallzstada ok reykia. eit liækiargil er geingr or fiallinu ofan ath hol þe(i)m er stendur hia heygardinum a reykium ok retsyne ofan med skurdi þeim er geingr í ana savdadalsa. tvngvna alla vt ath armottvm ok halfa lagheide ok saudadal allan og hi allan allan vt ath læk þeim er fyr var nefndr ok allan ilifsdal.⁴³

Í brauðalýsingu séra Jóns Jónssonar á Kvíabekk dagsettri 5. ágúst 1782 stendur: Jarda-Bók Edur Specification yfir allar bygdar Jardi (í manna minne) giörd yfir allar Lendur í Olafsfyrdre þann 24. Febr. 1773 á Kvíabeck.

[...]

10° Reykir 20 hndr. Landsk. 1 hndr. – kúgl. 1 og 4 ær, fodrar 3 kýr, 30 ær, 2 Hesta, tor<f>ristulítill. Dalur til Sumarbeitar. LandaM. ad Sunnann Skinfaxalækur. Grasatekja.⁴⁴

Í jarðamatinu 1849 stendur um Reyki:

Reykir 20 hndr. [...]

Upprekstarland fyrir 150 fjár af ödrum. Grasatekja sæmileg [...]⁴⁵

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* kemur eftirfarandi fram um Reyki, dagsett 30. nóvember 1839:

Reykir, 20 hndr., svo nefndir af sírjúkandi fossi í Reykjadalssánni, ofan undan Reykjaheiðarveginum. Væn útigangs- og sæmileg heyskaparjörð í góðu ári. Undir hana liggur Reykjakot með slægu vallarformi, líka dalurinn, sem góður er til beitar fyrir búsmala á sumrum, og landspartur ekki lítill fram að Þvergili á Lágheiði, þá almenningurinn við tekur að austanverðu, og er þetta einhver sú landrymsta jörð hér í sveit [þ.e. Kvíabekkjarsókn].⁴⁶

Landamerkjabréf fyrir Reyki var útbúið 1. júlí 1886 og hljóðar svo:

⁴¹ Skjal nr. 2(351). Klaufabrekkur. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1179).

⁴² Skjal nr. 2(94).

⁴³ Skjal nr. 2(161).

⁴⁴ Skjal nr. 2(242) a-b.

⁴⁵ Skjal nr. 2(86).

⁴⁶ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, Akureyri, 1972, bls. 59, 66.

Að norðan ræður merkjum gil það, er nefnist Ytra-Þrætutungugil, og liggur það beina leið að ofan frá fjallsbrún og ofan undir sljettlendi og þar tekin stefna úr gílinu og beint ofaní móhorn eða vörðu, er stendur fram við Fjarðará, rjett utanvið áðurgreint móahorn.

Að austan ræður merkjum fjallgarður. Að sunnan ræður merkjum á Láheiði þvergil, sem kallað er, og liggur það úr fjalli að ofan, og niður að Ólafsfjarðará. Einnig fylgir jörðinni dalur, sem nefnist Reykjadalur bæði að austan og vestan. Að vestan ræður merkjum Ólafsfjarðará.⁴⁷

Jón Jónsson og Sigfús Dagsson skrifuðu undir landamerkjabréfið en ekki kemur fram fyrir hönd hverra né hvaða jarða. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af hreppsnefnd Þóroddsstaðahrepps.

Á manntalsþingi að Þóroddstöðum í Ólafsfirði, 12. júlí 1886, voru þinglesin landamerki Reykja.⁴⁸

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að jörðin Reykir eigi upprekstrarland sem sé ekki nýtt.⁴⁹

5.1.3.8 Hreppsendaá

Í brauðalýsingu séra Jóns Jónssonar á Kvíabekk dagsettri 5. ágúst 1782 kemur m.a. eftirfarandi fram:

Jarða-Bók Edur Specification yfir allar bygdar Jarðir (í manna minne) giórd yfir allar Lendur í Olafsyrde þann 24. Febr. 1773 á Kvíabeck.

[...]

11° Hreppendaá 10 hndr. Landsk. 60 al. Kúgl. 1, fódrrar kú, lítid betur í góðu Are, ær 30 tor<f>rista einginn. HrýsRif, Grasetkia, Utegangur nockur, Dalur til Sumarhaga, LandaMerki ad Sunnann ÞverGil, Nordann Einbúi.⁵⁰

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að jörðin Hreppsendaá hafi nokkra grasatekju og hafi heiðarland til upprekstrar fyrir sig.⁵¹

Landamerkjabréf Hreppsendaár er ódagsett en var þinglesið 15. júní 1894.

Að sunnan ræður merkjum hól sem kallaður er Dýrhóll, og liggja merkin í beinni línu frá hólum til fjalls uppí svokallaða Hlasskverk utan til við Súluþfalls tind, eins liggja merkin frá áður nefndum hól ofan í árgil sem er rjett austan til við hólinn. Að vestan ræður merkjum fjalls-egg alla leið, sem beygist í bugðu fyrir dal þann, sem kallaður er Hreppendaárdalur, og tilheyrir hann allur jörðinni. Að utan (neðan) ræður merkjum lækur, sem kallaður er merkislækur, og hefur hann upptök sín í fjallshlíðinni, og rennur ofan utanundir svo nefndu Brúnsholti og beina línu fyrir utan stóran hól sem kallaður er Einbúi, þá beygist lækurinn til norðurs, enn sjest móta fyrir garði, sem

⁴⁷ Skjal nr. 2(66) a-b.

⁴⁸ Skjal nr. 2(351). Reykir. Eyj. IV. B. 30. (db.gr.nr. 735).

⁴⁹ Skjal nr. 2(94).

⁵⁰ Skjal nr. 2(242) a-b.

⁵¹ Skjal nr. 2(86).

liggur beint úr bugðinni á læknum og í grasdrag, sem liggur ofan að Fjarðaánni. – Að austan ræður merkjum alla leið á sú, er kemur framan af Lágheiði, og aðgreinir austari og vestari hluta fjarðarins og kölluð er Ólafsfjarðará.⁵²

Eigendur Hreppsendaár, þeir Þorlákur Einarsson og Bjarni Einarsson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af (séra) Emil (Guðmundi) Guðmundssyni landsdrottni Bakka (jafnframt prestur á Kvíabekk 1892-1906) og Á. Guðmundssyni fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Þóroddsstaðahreppi.

5.1.3.9 Þrasastaðir

Jörðin Þrasastaðir var 16 hundraða jörð árið 1709, í eigu Hólastóls, samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Um afrétt segir "afrjett ut supra".⁵³ En getið er um þau afréttarnot við bæinn Sléttu, sem lítur út fyrir að gilda um flestar jarðir á þessu svæði:

Afrjett brúkar þessi jörð, so sem aðrar í Austurfljóttum, í Fljóta afrjett þar sem heitir Hvarfsdalur, og liggur fram frá Móafelli og Þrasastöðum, fyrir lömb sín.⁵⁴

Áfram segir við Þrasastaði í jarðabókinni árið 1709:

Átroðning líður þessi jörð sem segir um Móafell, því þær liggja báðar við afrjettina. 55

Landamerkjabréf Þrasastaða var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið 2. júní sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Þrasastaða og afrjettarlands eru merki úr efsta drökkjarhól beina stefnu uppí hallklett. Og milli sömu jarðar og Móafells ræður merkjum gamall árfarvegur og frá því hann sjest ekki lengur, beina stefnu á árósi, í þeirri leið settar 4 markvörður. Og enn fremur milli sömu jarðar og Depla ræður merkjum gamall merkjagarður, sem liggur frá svonefndu rjettarvaði til grundarhöfða og þaðan beina stefnu á efri Hraunhól, á þeirri leið settar 2 markvörður og þaðan beina sjónhending til fjallseggar eptir því sem merki vísa að neðan.⁵⁶

Bergur Jónsson eigandi og umráðamaður Þrasastaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Árna Þorleifssyni umráðamanni Móafells (sem hefur þá líklega verið að skrifa undir vegna afréttarins), Bessa Steinssyni eiganda Depla, og Sigurði Halldórssyni og Hermanni Þorsteinssyni (hreppsnefndarmönnum í Holtshreppi).

5.1.3.10 Móafell

Jörðin Móafell var 10 hundraða jörð árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var tekin. Hún hefur afréttarnot eins og aðrar jarðir á svæðinu á Fljótaafrétt.⁵⁷

Landamerkjaskrá Móafells var útbúin 14. maí 1886 og henni var þinglýst 2. júní sama ár. Hún hljóðar svo:

⁵² Skjal nr. 2(67).

⁵³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 320-321.

⁵⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 310.

⁵⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 321.

⁵⁶ Skjal nr. 2(68) a-b.

⁵⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 321.

Milli Móafells og Stífluafrjettar eru merki eptir miðri stóruskriðu frá fjallsegg til ár. Og milli Móafells og Þrasastaða er gamall árfarvegur og frá því hann sjest ekki lengur, beina stefnu á áróð, á þeirri leið settar 4 markvörður, milli sömu jarðar og Hamars eru merki í Galtará fram úr Móafellsdalsbotni ofani Fljótaá og ræður Fljóta merkjum að neðan.⁵⁸

A. Þorleifsson umráðamaður Móafells skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Bergi Jónssyni eiganda Þrasastaða, Jóni Þorvaldssyni eiganda Hamars og hreppsnefndarmönnum Hermanní Þorsteinssyni og Sigurði Halldórssyni (í Holtshreppi en þeir Hermann og Sigurður hafa líklega skrifað undir vegna afréttarins).

5.2 Hnjótafjall (Atlastaðir) og Vífilsstaðir (Kot)

Í þeirri umfjöllun um Hnjótafjall og Vífilsstaði sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.2.1 Landnám

Í *Landnámu* segir að Þorsteinn „svarfaðr“ sonur Rauðs ruggu í Naumudal hafi numið Svarfaðardal að ráði Helga hins magra.⁵⁹ *Landnáma* getur ekki um landnám einstakra jarða í Svarfaðardal.

5.2.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Elsta dæmið sem fundist hefur í heimildum á Þjóðskjalasafni Íslands um „Hnjótaafrétt“ er í landamerkjabréfi fyrir Urðum árið 1884.⁶⁰ Venjulega er landsvæðið nefnt Hnjótar eða Hnjótafjall þegar þess er getið í heimildum. Í landamerkjabréfi fyrir Atlastöðum árið 1884 er svæðið einfaldlega kallað afréttarlandið Hnjótar.⁶¹ Vífilsstaðafjalls er fyrst getið í jarðamatinu 1804 þar sem það er nefnt afrétt Hólastaðar, aðliggjandi Koti.⁶² Að því er varðar heimildir um Kot og tengsl þeirrar jarðar við Vífilsstaði vísast til kafla 5.2.3.2.

Af bréfabók Guðbrands biskups á Hólum má sjá að Hnjótar hafa verið eign Urðakirkju á 16. öld og að Hnjótafjall er metið til 10 hundraða eða meira árið 1595. Í bréfabókinni segir svo:

Jtem Hnlotafjall allt fyrir framan Skallaa x^c land. eda meir. torfreitur j Klaufab[reku] jörd. og reitur fyrir handan ä. Þetta ä nu kirkian ä Vrdum allt.⁶³

⁵⁸ Skjal nr. 2(70) a-b.

⁵⁹ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 250-252.

⁶⁰ Sjá umfjöllun um Urðir.

⁶¹ Sjá umfjöllun um Atlastaði.

⁶² Skjal nr. 2(80).

⁶³ Skjal nr. 2(285).

Í vísitasíum, máldögum og bréfum biskupa frá 16., 17. og 18. öld, er minnst á reit fyrir framan Skallárdalsá í eigu Urða. Það má slá því föstu að reitur þessi hafi verið og sé í næsta nágrenni við Hnjótafjall en ekki verður reiturinn staðsettur nákvæmlega með sömu heimildum. Þorlákur biskup Skúlason byggir Nikulási Jónssyni Urðastað árið 1633 með Hnjótafjalli og þeim reit sem er fyrir sunnan Klaufabrekkur og reit þeim sem er hinumegin ár gegnt Urðum.⁶⁴

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hermir frá því árið 1712 að Urðakirkja eigi afréttarland sem kallast Hnjótar:

[F]ram frá Atlastaðadalandi, eitt fjall sem Hnjótar kallast. Þángað er rekið lömb og geldfje hjeðan, og so ljær bóndinn þennan afrijet stöku manni hjer nálægt fyrir lömb á sumardag og þiggur þar fyrir óákveðna greiðasemi eður góðvilja.⁶⁵

Árið 1739 lögfesti ábúandinn á Urðum, Jón Finnsson, fjallið Hnjóta í Svarfaðardal, og bannaði öðrum mönnum notkun á því landi án síns leyfis, hvort sem um var að ræða grasatekju eða fjárrekstur. Ekki var lögfestunni mótmælt.⁶⁶

Árið 1826 seldi Jón Sveinsson á Urðum, þá líka eigandi Atlastaða, Arngrími hreppstjóra Arngrímssyni eiganda Þorsteinsstaða hagbeitarréttindi fyrir hross og búsmala á Skallárdal fyrir 50 ríkisdali:

J samstemmu vid og til Enda á ad binda af mér undirskrifudum Jóni Sveinssyni fyrir Hönd Dóttur minnar Önnu, sem enn nú ófulltíða Unglíngs, vid Hreppstjóra Msr. Arngrím Arngrímsson á Þorsteinsstöðum fyrir Rétti ad Völlum í Svarfadardal þann 4^{da} nærstlidins Júlíi mánadar inngenginn og í Þingbókina skrádann kaupsamning ad eg minnar Einka Dóttur vegna (og ad einíngarsömum formanna Sid) innlét mig í þá Osk velnefnds Hreppstjóra, ad í Stad heimtandi árlegs Eptirgialds, fyrir egin Hrossa og búsmala Hagabeit Þorsteinsstada Ábúanda, alla þá Tíð Ársins, sem hann vill og getur sér það notad í Atlastada búfjárhaga Skallárdal nefndum, fengi nú keijpt eitt sinn fyrir öll tied Hlunnindi fyrir 50 – skrifast Fimmtier Rbd. r.s., svo gjöri eg hérmen kunnugt: ad eg minnar Dóttur vegna hérmed eptirlæt og sel áminnst Hagabeitar Hlunnindi frá Atlastöðum og þeirrar jardar núverandi og eptirkomandi Eigendum, framanskrifudum Hreppstjóra Msr. Arngrími, sem núveranda Þorsteinsstada Eignarmanni fyrir ádur áminnsta 50 Rbd. r. s. Hverja penínga eg hefi eptir Skilmálunum medtekid Dóttur minni til handa.

Er svo hérmed frígjört og stiptad eitt svarandi Itak fyrir nú- og eptirverandi Þorsteinsstada Abúendur, En ecki nær það edur heimfæríst til nockurrar annarar brúkunnar eda Nota fyrir Þorsteinsstada, né heldur бага eda Hindrunar Atlastada Eiganda né abúanda, enn það hér ad framan tiltekna Hrossa og búsmala hagabeitar Leijfi Þorsteinsstada Abúanda nærverandi og alla ókomna Tíð; hvad Atlastada

⁶⁴ Sjá umfjöllun um Urðir.

⁶⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, bls. 64-65.

⁶⁶ Skjal nr. 2(351). Hnjótaafrétt. Eyj. IV. B.05. (db.gr.nr. 12158).

Eignarmenn eda Abúendur mega ecki í nockurn Máta hindra, nema Landamerkjum breiðt verdi, edur vidkomandi Eigendur vilji þarum ödruvísi foreinast.⁶⁷

Í Jarðamatinu 1849 kemur og fram að búfjárhagar Þorsteinsstaða séu sáralitlir „en keypt beitarítak fyrir allan búsmala á Skallárdal í Atlastada landi, sem ördugleikar fylgja ad nota sér“.⁶⁸

Í skýrslu séra Árna Halldórssonar á Tjörn í Svarfaðardal um Tjarnarsókn, sem lesa má í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar*, kemur fram að svokallað Hnjótafjall sé eignað Urðakirkju.⁶⁹ Þótt skýrsla séra Árna er ódagsett og án árs má komast nálægt því ári sem lýsing hans er rituð á. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðar* eru teknar saman á árabílinu 1839-1854. Séra Árna var veitt Tjörn árið 1833 og andaðist hann árið 1842.⁷⁰ Lýsing hans hefur því verið rituð á árabílinu 1839-1842.

Halldór Þorkelsson (1795-1863) mun hafa eignast Urðir skömmu eftir 1841 og Atlastaði tók hann í arf eftir Jón Sveinsson þann sem að framan er getið. Halldór mun hafa „fargað annarri jörðinni áður en hann dó [árið 1863]“.⁷¹ Halldór tók við Atlastöðum árið 1842.⁷²

Í jarðamatinu 1849 er aðeins minnst á Hnjóta einu sinni og þá í sambandi við Urðir. Kemur fram að jörðin Urðir sé bændaeign og eigi upprekstrarland í Hnjótum fyrir 300 fjár.⁷³ Ekkert er minnst á rétt Þorsteinsstaða eða Atlastaða til upprekstrar á Hnjóta í sama jarðamati. Þess er þó getið að Þorsteinsstaðir kaupi beitarítak fyrir allan sinn búsmala í Atlastaðalandi, nánar tiltekið á Skallárdal. Þess er ekki getið hvort Þorsteinsstaðir greiði af beitarítakinu árlega eða ekki.⁷⁴

Ekki liggur ljóst fyrir hvernig Hnjótafjall komst undir Atlastaði frá Urðum. Urðir voru um skeið Hólajörð en orðnar eign Þrúðar Þorsteinsdóttur biskupsekkju árið 1712.⁷⁵ Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir árið 1712:

Afrjettarland á kirkjan [þ.e. Urðakirkja] fram frá Atlastaða landi, eitt fjall sem Hnjótar kallast.⁷⁶

Varðandi breytingar á yfirráðum yfir Hnjótafjalli, skal vísað til landamerkjabréfa Atlastaða annars vegar og Urða hins vegar. Samkvæmt landamerkjabréfi Urða frá 12. maí 1884 fylgir jörðinni frír upprekstur fyrir geldpening ábúandans í Hnjótaafrétt.⁷⁷ Í landamerkjabréfi fyrir Atlastaði, frá 15. maí 1884 kemur fram að afréttarlandið Hnjótar fylgi téðri jörðu.⁷⁸

⁶⁷ Skjal nr. 2(282) a-b. Sjá einnig umfjöllun um Þorsteinsstaði.

⁶⁸ Sjá umfjöllun um Þorsteinsstaði.

⁶⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 78-79.

⁷⁰ *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 70.

⁷¹ Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* II, Reykjavík, 1976-1978, bls. 76-77.

⁷² Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* I, bls. 380.

⁷³ Sjá umfjöllun um Urðir.

⁷⁴ Sjá umfjöllun um Atlastaði og Þorsteinsstaði.

⁷⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, bls. 64.

⁷⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, bls. 65.

⁷⁷ Sjá umfjöllun um Urðir.

⁷⁸ Sjá umfjöllun um Atlastaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 segir að Urðir eigi frían upprekstur í Hnjótafjalli.⁷⁹ Einnig kemur fram að jörðin Atlastaðir eigi upprekstarland, „Hnjótafjall“.⁸⁰ Ennfremur kemur þar fram að landamerki Kots hafi verið þinglesin árið 1883 án mótmæla og að jörðinni fylgi dálítið afréttarland en ekki er gerð nánari grein fyrir því hvar afréttarland þetta sé. Þegar ábúandi Kots kaupir jörðina af ríkinu árið 1919, kemur fram að dálítið afréttarland fylgi jörðinni og sem fyrr ekki getið um staðsetningu þess. Ekki verður því ráðið af þessum heimildum hvar afréttarland Kots hafi verið.

Í svari hreppstjóra Svarfaðardalshrepps 15. mars 1920, við fyrirspurn sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um afréttarland í hreppnum, kemur fram í stuttri lýsingu að ein afrétt sé í hreppnum sem ekki hafi tilheyrt einhverju lögbýli, svo kunnugt sé. Þessi svokallaði „Almenningur“ tilheyrdi áður Vallakirkju „en er nú hluti af afrjetti þeirri, sem Svarfaðardalshreppur hefir keypt fyrir nokkrum árum“. Þessi afrétt er Skíðadalsafrétt.⁸¹ Ekki getur um Hnjóta í svari hreppstjórans.

Í 2. bindi ritraðar Braga Sigurjónssonar, *Göngur og réttir*, sem gefið var út á Akureyri árið 1949, er getið um Hnjóta. Þar segir að dálítill afréttarlönd séu framan við Kot og Atlastaði, fremstu bæina í Svarfaðardal. Þessi afréttarlönd kallast Skallárdalur, Hnjótar, Vífildalur og Vífilsgrundir.⁸²

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar árið 1989. Oddviti Svarfaðardalshrepps, Björn Þorleifsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 6. mars sama ár. Í svari Björns kemur fram að íbúar hreppsins eigi upprekstrarrétt í Sveinsstaðafrétt og sé sá afréttur innan marka hreppsins og eigi önnur sveitarfélög ekki aðgang að honum. Oddvitinn taldi að hér þyrfti „því bersýnilega ekki að leysa nein vandamál“ eins og hann kemst að orði í niðurlagi svarbréfsins.⁸³

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, sem gefið var út í tveimur bindum, má sjá og lesa almenna sveitarlýsingu Svarfaðardalshrepps.⁸⁴ Þar segir að afréttarlönd hreppsins séu fremst í Skíðadal. Ekki er minnst á Hnjóta í sveitarlýsinguinni.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1990 kemur fram að Hnjótafjallið sé mikið eftirlætisfjall heimamanna í Svarfaðardal og vinsælt útivistarsvæði.⁸⁵

Við skýrslutöku í máli þessu fyrir óbyggðanefnd kom fram að Hnjótafjall hefur verið nytjað til beitar fyrir búfé af nærliggjandi bæjum. Þá er svæðið nýtt til fjallagrasa- og berjatekju auk þess sem það er notað til útivistar af göngu- og hestafólki. Einnig kom fram að sá hluti ágreiningssvæðisins sem eigendur Kots gera kröfu til hafi verið nýttur af þeim, einkum til beitar og slægna.

⁷⁹ Sjá umfjöllun um Urðir.

⁸⁰ Sjá umfjöllun um Atlastaði.

⁸¹ Skjal nr. 2(258).

⁸² *Göngur og réttir* II, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, Akureyri, 1983-1987, bls. 295.

⁸³ Skjal nr. 2(286).

⁸⁴ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, Akureyri, 1993, bls. 136-137.

⁸⁵ *Fjallendi Eyjafjarðar að vestanverðu. Frá Almenningsnöf að Öxnadalsheiði*, Árbók Ferðafélags Íslands 1990, 82-83.

5.2.3 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðunum Hnjótafjalli og Vífilsstöðum vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Urðir, Kot, Atlastaði og Þorsteinsstaði, allar í Svarfaðardal. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

5.2.3.1 Urðir í Svarfaðardal

Fyrir á öldum voru Urðir í Svarfaðardal höfðingjasetur. Þar sátu hirðstjórnir Þorsteinn Eyjólfsson og Arnfinnur sonur hans á 14. og 15. öld. Þorsteinn er talinn hafa verið „mestur valdamaður á Íslandi á 14. öld“.⁸⁶

Í máldaga Urðakirkju, sem er að finna í máldagabók Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318, kemur fram að kirkjan eigi m.a. eftirfarandi eignir:

hun á land á skroblustodum og annað á hole. kidiahölm. mariuhölm. [...] vij. hundrud j audnalandi.⁸⁷

Sömu upplýsingar eru tíundaðar í máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar, frá 1394 og síðar, að því undanskildu að hvorki er minnst á Kiðjahólm né Maríuhólm.⁸⁸ Það sama á við um vísitásiugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429, nema hvað að þar hafa bæst við 20 hundruð í Auðnum sem Arnfinnur Þorsteinson lagði kirkjunni til.⁸⁹ Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461 og síðar, koma fram sömu upplýsingar og áður varðandi land á Skröflustöðum, á Hóli og 7 hundruð í Auðnalandi. Þar er svo viðbót sem dagsett er 25. apríl 1467 og er á þessa leið:

j fystu eigur kirkian a urdum iarder er suo heita. skraaflastader oc holt. hier med lagdi arnfinnur til mela oc kaungustade firir fim hundrut oc sextigi. eigur kirkian. vij. hundrut j audnum.⁹⁰

Fram kemur í testamentisbréfi Gottskálks biskups Nikulásssonar, frá 6. júní 1520, að Urðir hafi verið lagðar til beneficium.⁹¹ Urðir eru taldar upp á meðal jarðeigna Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.⁹²

Fram kemur í máldaga frá því eftir 1590 að Urðakirkja eigi reit fyrir framan Skallárdalsá.⁹³ Hið sama stendur í vísitásium kirkjunnar frá 16. ágúst 1692⁹⁴, 15. september 1713⁹⁵, 18. júní 1748⁹⁶ og 24. júlí 1769⁹⁷. Þá skal þess getið að í vísitásiu kirkjunnar frá 3. ágúst 1729 er hún sögð eiga átölulaust það sem gamlir máldagar eigna henni.⁹⁸

⁸⁶ Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 V*, Reykjavík 1949, bls. 201.

⁸⁷ Skjal nr. 2(159).

⁸⁸ Skjal nr. 2(141).

⁸⁹ Skjal nr. 2(134).

⁹⁰ Skjal nr. 2(124).

⁹¹ Skjal nr. 2(144).

⁹² Skjal nr. 2(125).

⁹³ Skjal nr. 2(96) a-b.

⁹⁴ Skjal nr. 2(99) a-b.

⁹⁵ Skjal nr. 2(101) a-b.

Í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, í skjali frá árinu 1595, segir m.a. um eignir kirkjunnar á Urðum að allt Hnjótafjall fyrir framan Skallá sé a.m.k. 10 hundraða land:

Item Hniotafjall allt fyrir framan Skallaa x^c land. eda meir. torfreitur j Klaufab[recku] jörd. og reitur fyrir handan ä. Þetta ä nu kirkian ä Vrðum allt.⁹⁹

Þann 23. apríl árið 1633, byggði Þorlákur biskups Skúlason Nikulási Jónssyni Urðastað með eftirfarandi skilmálum:

[F]irst að hann skilddi hafa nefnda Vrði thil leiguböls, með reit þeim er fyrrer sunnann Klaufabreckur er. Item Hniotafialle, og hafi j þessu alla leigulida nitkan, sem honum þarfar. Item með reit þeim, sem er hinumeigenn är giegt Vrðum.¹⁰⁰

Jörðin Urðir í Svarfaðardal er talin 80 hundruð árið 1712 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var gerð. Tvær eyðihjáleigur eru innan jarðarinnar. Í jarðabókinni er Hnjóta getið:

Afrjettarland á kirkjan fram frá Atlastaða landi, eitt fjall sem Hnjótar kallast. Þángað er rekið lömb og geldfje hjeðan, og so ljær bóndinn þennan afrjett stöku manni hjer nálægt fyrir lömb á sumardag og þiggur þar fyrir óákveðna greiðasemi eður góðvilja. Rifhrís lítið í sama landi, valla teljandi.¹⁰¹

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 20. júní 1739, lögfesti ábúandinn Jón Finnsson á Urðum land Urða, fjallið Hnjóta í Svarfaðardal, fyrirbjóðandi hverjum manni nauta-, lamba- eður geldfjárrekstur í sagt land, án síns leyfis. Einnig fyrirbauð hann grasatekju. Lögfestunni var ekki mótmælt.¹⁰²

Við þinghald að Urðum í Svarfaðardal, 4. júní 1751, var til tíundar niðursett jörðin Urðir í Svarfaðardal eftir beiðni eigandans Laurits Scheving. Um ásigkomulag jarðarinnar Urða til túns, engja og úthaga ályktaðist að hún, með hjáleigunni Þorleifsstöðum, skyldi þaðan í frá aktast og gilda fyrir 40 hundraða jörð.¹⁰³

Árið 1792 var upplesið makaskiptabréf klausturhaldarans Lauritz Scheving á heimajörðinni Urðum í Svarfaðardal, með hjáleigum, Þorleifsstöðum. Göngustaðakoti og Gróugerði, ásamt Teigafjalli hinumegin ár og öllum Hnjótaafrétti til Jóns Sigurðssonar, fyrir Sjöundastaði í Vesturfljótum, Ytrahvarf í Svarfaðardal og Syðri Kambhólana á Kalmansströnd (Galmansströnd). Þetta dagsett 26. september árið 1781.¹⁰⁴

Í jarðamatinu 1804 er getið afréttar við jörðina, einnig tilheyrir henni eyðihjáleigan Gróugerði. Segir svo:

⁹⁶ Skjal nr. 2(102) a-b.

⁹⁷ Skjal nr. 2(105) a-b.

⁹⁸ Skjal nr. 2.

⁹⁹ Skjal nr. 2(285).

¹⁰⁰ Skjal nr. 2(284).

¹⁰¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 65.

¹⁰² Skjal 2(232) a-b.

¹⁰³ Skjal nr. 2(351). Urðir. Eyj. IV. B. 07. (db.gr.nr. 10642).

¹⁰⁴ Skjal nr. 2(314).

Jorden tilhörer en Afret hvorpaa indtages om sommeren Lam fra 4 Jorde mod betaling.
[...] Den öde Hialeje Gróugerde er herunder indbefattet.¹⁰⁵

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1833, var upplesin lögfesta Jóns Sveinssonar á Urðum fyrir Urðum í Svarfaðardal og ítökum Urðakirkju í heimalandi.¹⁰⁶ Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 22. maí 1838, lögfesti Jón Sveinsson á Urðum allt Urðatorfuland. Ekki var lögfestunni mótmælt.¹⁰⁷

Lögfesta Jóns Sveinssonar er dagsett að Urðum þann 18. maí árið 1838, og var henni þinglýst þann 22. maí 1838. Hún var færð inn í veðmálabók Eyjafjarðar sem nú er varðveitt í Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Í lögfestunni segir m.a.:

Eg undirskrifadur Lögfesti hér i Dag Eignarjörd mína Urði í Svarfadardal ásamt með hjáleigunni Þorleifstödum, samt Kirkiunnar Eidilandi Skröflustödum, svo vel sem þeim Itökum, sem Urda Kjrkiu eptir Máldögum eignast Kynni, innan eftir skrifadra Takmarka [...] Þessu Framar [þ.e. einnig] lögfesti eg undir sama Skilyrði allt Hnjóta Fjall á bádar Síður með adliggandi Hálsu og Dölum, Heidardal og Skallárdal milli dalsár og skallár framm til Hejdar Jökla og efstu Vatna Uptaka, Þetta eitt og sér hvað sem hér er tiltekid lögfesti eg til þeirra Ummerkja sem adrir á móti eiga, og fjirirbíd, undir frekustu Landnáms og Laga sektir þar vid Eigandi, að nokkur Madur án míns Leifis yrkji, beiti, eda brúki, edur í nokkurn Mátá sér i nitie, allar síst Spilli edur skemmi framar skrifadar Eignir.¹⁰⁸

Halldór Þorkelsson (1795-1863) mun hafa eignast Urðir skömmu eftir 1841 og Atlastaði tók hann í arf eftir Jón Sveinsson þann sem að framan er getið. Halldór mun hafa „fargað annarri jörðinni áður en hann dó [árið 1863]“.¹⁰⁹ Halldór tók við Atlastöðum árið 1842.¹¹⁰

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* sem safnað var saman á árunum 1839-1854, segir svo um eignarhald á fremsta hluta Skallárdals og Hnjótafjalli:

Um jökulinn fram úr nefndum Skallárdal liggja tveir vegir, annar ofan í áðurnefndan Deildardal að vestan, en hinn ofan í Unudal, sem liggur á hlið við hina að austan. Fremsti partur dalsins, allt heim fyrir svonefnda Fögrukinn, er ásamt Hnjótafjallinu eignaður Urðak[ir]kju. Þar fyrir heiman byrjar Atlastaðaland, [...] ¹¹¹

Í jarðamatinu 1849 er getið um upprekstrarland í Hnjótum og stendur svo um Urðir:

Urðir, 30 hndr., bændaeign.

[...] Búfjárhagar sæmilega miklir en fremur litlir. Vetrarheit í besta lagi. Torfrista að kalla éngin. Upprekstrarland í svoköllum Hnjótum fyri 300 fjár.¹¹²

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(80).

¹⁰⁶ Skjal nr. 2(351). Urðir. Eyj. IV. B.18. (db.gr.nr. 8448).

¹⁰⁷ Skjal nr. 2(351). Urðir. Eyj. IV. B.20r. (db.gr.nr. 8978).

¹⁰⁸ Skjal nr. 2(280) a-b.

¹⁰⁹ Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* II, bls. 76-77.

¹¹⁰ Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* I, bls. 380.

¹¹¹ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 78-79.

¹¹² Skjal nr. 2(85).

Landamerkjabréf Urða var útbúið 12. maí 1884 og nefnir upprekstrarrétt í Hnjóta-
afrétt:

Að sunnan móts við Þorleifsstaði ræður Stórilækur fyrst uppeptir, síðan lítill lækur beint uppí svokallað Reitsgil, sem ræður merkjum á fjall upp. – Að norðan móts við Hreiðarstaðakot ræður garður frá Dalsá skammt fyrir utan Hvítalækinn. Þegar uppí hlíðina kemur ræður Hvítalækurinn merkjum á fjall upp. Teigurinn, selland frá Urðum hinumegin Svarfaðardalsár merki: Að norðan Teigaráin upp til jökla, að sunnan Búrfellsáin. Jörðunni fylgir frí upprekstur fyrir geldpening ábúandans í Hnjótaafrijet.¹¹³

Sigurhjörtur Jóhannesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Jónssyni vegna Þorleifsstaða og Sigurði Sigurðssyni vegna Hreiðarstaðakots. Þær jarðir eru aðliggjandi heimajörðinni Urðum, en ekki afréttarlandinu. Ekki er tekið fram í landamerkjabréfinu að það hafi verið þinglesið en í fasteignamati 1916-1918 segir að landamerki Urða hafi verið þinglesin 12. maí 1884.¹¹⁴

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplesin landamerki Urða og má telja víst að það séu hin sömu og að framan greinir frá árinu 1884.¹¹⁵

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Urða hafi verið þinglesin, dagsett 12. maí 1884. Einnig stendur að haglendið „Teigur“ austan Svarfaðardalsár fylgi jörðinni og að hún eigi frían upprekstur í „Hnjótafjalli“.¹¹⁶

5.2.3.2 Kot í Svarfaðardal

Ekkert er að finna um jörðina Kot í Svarfaðardal í Fornbréfasafni. Þó skal geta þess að í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar nefnist Kot á meðal jarða Munkaþverárklosturs. Það Kot er í upptalningu jarða í Öngulsstaðahreppi. Kot í Svarfaðardal var hins vegar í eigu Möðruvallaklosturs 1703 og því líklega ekki um sama Kot að ræða þótt það gæti að sjálfsgöðu hafa gengið kaupum og sölum á milli klaustranna. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er bara ein jörð með þessu nafni í Eyjafjarðarsýslu.

Jörðin Kot í Svarfaðardal er 20 hundraða konungsjörð árið 1712, sem liggur undir Möðruvelli. Ekki er getið upprekstrar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.¹¹⁷

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 20. júní 1739, lét Hans Scheving löggesta klausturjarðirnar Skeið og Kot, með öllum landsnytjum til þeirra ummerkja er dómkirkjan á í móti þeim og lögfestan tiltekur, undir forboð og tiltal ef nokkrir sér þær nýta eður kvikfénað reka í þeirra land án hans leyfis. Lögfestan var upplesin samdægurs og var henni ekki mótmælt.¹¹⁸

Í jarðamatinu 1804 er getið um aðliggjandi afrétt Hólastaðar. Þar er getið um afrétt á Vífilsstaðafjalli. Segir svo um beit og afrétt:

¹¹³ Skjal nr. 2(54) a-b.

¹¹⁴ Skjal nr. 2(93).

¹¹⁵ Skjal nr. 2(351). Urðir. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1179).

¹¹⁶ Skjal nr. 2(93).

¹¹⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 71.

¹¹⁸ Skjal nr. 2(351). Kot. Eyj. IV. B.05. (db.gr.nr. 12154).

Hertil grændser en Holum bispestol tilhörende Afrett kaldet Vifilstaderfield, hvor nu for tiden har været bygget en Jord ved Navn Vifilstad, men har aldrig kundet vedligeholdes formedelst Mangel paa Slaatteland, derimod bruges det til Græsgang om Sommeren for Lam fra 3 Jorde for betaling.¹¹⁹

Í fyrri bindi *Svarfdælinga* eftir Stefán Aðalsteinsson sem útgefið var árið 1976, segir svo um Vífilsstaðaland:

Í þingabók frá 1813 er þess getið að Páll Ólafsson hafi keypt Vífilsstaðaland af konungsveldinu. Þau kaup hafa líklega gengið til baka, því þarna hefur um langt skeið verið almenningsafréttur. Sést þó enn fyrir húsaskipan og túngarði á Vífilsstöðum.¹²⁰

Dómabók sú sem Stefán Aðalsteinsson vísar til segir svo frá þessum kaupum:

Anno 1813, þann 21^{sta} Maí, að Völlum í Svarfadardal, setti og heldt Sekreteri og Sýslumadr Briem eitt almenniligt Kongsbrefalesturs og Manntalsþing með þingvottunum [...] Þetta Uppbod fyrirtekid sem fylgir [...]

2. Kot án qvílda og án Vífilstada, uppá hvörja Jord Forpagtari og Hreppstíori Msr. Jón Sigurdsson á Boggversstodum baud 242, að hvorju Bodi Leigulidinn ecki gekk. Þarnæst uppbodust Vífilstadir einsamlir, so sem Eidijörd; hvar uppá hædsta Bod vard 80^f ad hvoriu Leigulidinn á Koti ecki gengr, enn þetta Bod giordi Páll Olafsson Búandi á Skúfstöðum í Hialtadal. Aptur var Kot með Vífilsstöðum uppbodid tilsaman, og vard þar uppá hædst bodid ádr Leigulidinn var adspurdur 324^f, og þá hann var adspurdr og hann ad sama Bodi géck, uppbodust þetta til 335^f, sem og svo var Leigulidans á Koti bod, og þar ej hærra baudst, naut hann Tilslags uppá Bodid, uppá Approbution Rentukammersins. 2 með Kote fylgiandi qvíldi, uppbodust her næst og vard hædsta Bod þar uppá 50^f sem var Leigulidans á Koti Gudmundar Jonssonar, hvar uppá hann naut Tilslags.¹²¹

Af þessu virðist að Vífilsstaðir hafi verið seldir með Koti árið 1813.

Í jarðatali J. Johnsen hinsvegar, frá árinu 1847, segir í greinargerð fyrir sölu klausturjarða, að Kot sé Möðruvallaklaustursjörð, 17 1/6 hundrað að dýrleika. Í neðanmáls-grein í sömu heimild um Kot segir:

Hreppstjóri og A.M. [þ.e. Árni Magnússon árið 1712] telja jörð þessa [þ.e. Kot] 20 h. að dýrleika. 1802 segir [þ.e. í jarðamatinu frá 1804], að hér sé afrétt, sem Hólastóll eigi, og kallað er Vífilsstaðafjall, og hafi þar stundum verið bygð, en eigi getað haldizt við, vegna slægnaleysis.¹²²

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu*, í lýsingu á Tjarnarsókn (lýsingin er óársett en skrifuð á árunum 1840-1842), segir m.a. eftirfarandi um Kot:

Fyrir sunnan umgetna Vatnsdalsá tekur við Kotaland, hver jörð [Kot] að tilheyrir Möðruvallaklaustursjarðagóssi, 17. hndr. að dýrleika. Heyrir þessari jörðu til allur syðri partur Vatnsdals, og er hann norðurkinnungur á því svonefnda Kotafjalli, sem

¹¹⁹ Skjal nr. 2(80).

¹²⁰ Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* I, bls. 380.

¹²¹ Skjal nr. 2(287) a-b.

¹²² J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, 1847, bls. 291.

bærinn stendur undir. Hefur það uppdreginn hnjúk mjög háan og klettóttan með gjám, ú hverjum hér og hvar hlaupa bæði skriður og snjóflóð til stórrar fordjörfunar undirliggjandi beitar- og engjalandi, svo engjar eru mjög grýttar og allur grasvegur burt úr fjallinu, nema hér og hvar smátór, og þetta af suður undir merki, þá svokallað Vífilsstaðaland kemur, sem liggur allt fram að jökulum. Hefur enginn enn nú getað sagt, hverjum þessi landspartur tilheyrir, og hefur þó ýtarleg rannsókn þar um gjörð verið.¹²³

Í jarðamatinu 1849 kemur ekkert fram um Vífilsstaðafjall, en þar stendur um Kot:

Kot, 20 hndr., Möðruvalla Kl. jörd.

Hrísrif fyrir sig. Upprekstur, auk heimaskepna, töluverdur. Grasatekja. 124

Landamerkjabréf fyrir Kot var útbúið 26. maí 1883 og kemur þar ekkert fram um Vífilsstaðafjall. Er landamerkjum Kots lýst sem hér segir:

Að utan ræður til móts við Skeið forn farvegur Vatnsdalsár neðan frá Svarfaðardalsá beint uppí Vatnsdalsárgil, en síðan Vatnsdalsáin fram til jökla. - Að vestan ræður Svarfaðardalsá til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. 125

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Síðan skrifar Einar:

Að Skeiði er sami eigandi, sem að Koti, svo samþykkis á landamerkjum þar á milli gjörist eigi þörf.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 29. maí 1883, voru þinglesin landamerki Kots í Svarfaðardal og í engu mótmælt.¹²⁶

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Koti „fylgi dálítið afréttarland“.¹²⁷

Ábúandi Kots í Svarfaðardalshreppi keypti jörðina af ríkinu þann 26. desember 1919. Jörðinni fylgdu ekki námur í jörðu eða vatnsafl og notkunaraðstaða þess. Fram kemur að dálítið afréttarland fylgi jörðinni.¹²⁸ (Hugsanlegt er að þetta „dálitla afréttarland“ Kots sé hið sama og getið er um í fasteignamatinu 1916-1918).

Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfs Kots hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹²⁹

5.2.3.3 Atlastaðir

Atlastaðir eru taldir upp á meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs í reikningi, frá 6. nóvember 1447, sem Sigurður prior Jónsson gerði fyrir Gottskálk Kenekssyni Hólabiskupi.¹³⁰

¹²³ *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 77-78.

¹²⁴ Skjal nr. 2(85).

¹²⁵ Skjal nr. 2(55) a-b.

¹²⁶ Skjal nr. 2(351). Kot. Eyj. IV. B.29. (db.gr.nr. 650).

¹²⁷ Skjal nr. 2(93).

¹²⁸ Skjal nr. 2(218).

¹²⁹ Skjöl nr. 4(21)-4(23).

¹³⁰ Skjal nr. 2(118).

Jörðin Atlastaðir er 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1712. Ekki er getið upprekstrar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.¹³¹

Þorkell Jörundsson (1747-1833) keypti Atlastaði árið 1802 á 142 ríkisbankadali. Hann seldi jörðina aftur árið 1808 og „[h]efur sennilega verið kaupleppur“, að því er segir í riti sem útgefið var árið 1976.¹³²

Afrétta er ekki sérstaklega getið við Atlastaði í jarðamatinu 1804.¹³³

Þann 18. ágúst 1826 seldi Jón Sveinsson eigandi Atlastaða, fyrir hönd dóttur sinnar, Arngrími Arngrímssyni eiganda Þorsteinsstaða beitarréttindi fyrir hross og búsmala Þorsteinsstaða í búfjárhaga Atlastaða í Skallárdal. Í skjalinu kemur fram afmörkun ítaksins og aðgangur skepna að því:

Byrjast Itak þetta að heiman í svoköllum Steckiarhólum nedarlega á Skallárdal, sem adskilja Eingia takmörk frá búfiárhaga og nær allt fram að svokalladri Fögrukinn, framarlega á Skallárdal, svoframt ecki annad bevisist en umtalad pláts sé Atlastada Eigindóms land. En framveigis til eptir mögulegleikum að fyrir byggja misklídir útaf fluttníngi sképnanna, yfir Atlastada land til hagans, sem orsakast kynnu við meinbægne á þá einu en misbrúkun og óreglur á þá adra Sídu, þá hefi jeg og kaupandi þarum svoleidis foreinast og áqvardad, að fluttníngs vegur Sképnanna skyldi leggjast fram og upp frá Þorsteinsstada qvíum (upp undan bænum) og fram og upp þadan ofanverdt við Atlastada eingi, eptir þar verandi götutrodningum þar efftir fram og ofan á Rekstrar götur fyrir ofan Atlastada Túngard sídan eptir þeim fram í umgétna hóla og svo aptur til baka sama veg. En verdi Þorsteinsstada bær færður úr Stad sem nockurnpart er í Rádi hafa núverandi hlutadeigendur ályktad að þar mætt annar vegur leggjast eins haganlegur fyrir Þorsteinsstadi en skadlítill fyrir Atlastadi að öðru leiti en núad ... [skemmdir í frumriti] fornu Jarðanna landeignir, garduren sem liggur frá Dalsánne að nedan og sunnanverdt við Þorsteinsstada Tún upp til fialls og þadan réttisínis á fiall upp.¹³⁴

Samningurinn var upplesinn á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal þann 11. júní 1827.¹³⁵

Á manntalsþingi á Völlum í Svarfaðardal, þann 22. maí árið 1838, þinglýsti Jón Sveinsson á Urðum lögfestu sinni fyrir Atlastaðalandi, sem dagsett er að Urðum þann 18. maí sama ár. Í lögfestunni, sem ekki var mótmælt, koma m.a. fram upplýsingar um Skallárdal (örnefnið Skallárdalur gildir aðeins vestan ár):

Hér með Lögfesti eg í Dag Eignarjörð mína Atlastadi liggjandi sunnan Svarfadardals og Urdarkyrkju Sóknar, með húsum, Túnum, Eingium, Haga, samt öllu því Landi og Landsnyttjum til Fjalls og Láglendis, sem þeirri Jörd fíjlt hefur og fylgja ber að Rétti. Rædur Landamerkið að Nordan Gardur, hart nær við Þorsteinstada Tún frá Dalsánni upp til Fjalls, og þadan réttisínis til Fjallseggia, Dalsáin að nedan, enn Skalláin að

¹³¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 70.

¹³² Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar*, I, bls. 383.

¹³³ Skjal nr. 2(80).

¹³⁴ Skjal nr. 2(75) a-b.

¹³⁵ Skjal nr. 2(282) a-b.

framann; þetta eitt og sérhvað, sem hér er tiltekid, lögfesti eg og fjrirbíd, undir vidliggandi Landnáms og Lagasektir, að nokkur Madur án míns Leifis, yrki, beiti, brúki, edur í nokkurn Máta sér í nytie.

Þó undann Skilst þessari Lögfestu á Atlastada Landeign a). svoköllud Fagarakinn á Skallárdal, að því Leiti sem hún Kynnni Urdum edur Kirkiunni að eignast b). og sjálfsagt Hagabeitar Jtakid frá Þorsteinsstöðum á Skallárdal eptir þarum sömdu Afsals bréfi þann 10^{da} August 1826 var þinglýstu á Völlum 11. Junii 1827, þó svo frammt að Þorsteinstada Ábúenda í öllum Ordum og þaulum hafi og sér eptir haldnir og uppfylltir verdi, þeir þessu Jtaki og í Afsals bréfid innfærdu Skilmálar [...] Þessa mína Lögfestu bíd eg hérmed audmjúkliga að Herra Sýslumadur B. H. Borgen vildi opinberlega upplesa fyrir væntanlegum Manntals Þings Rétti á Völlum þann 22. Maji. Framanskrifudu til frekari stadfestu er mitt undirskrifad nafn.¹³⁶

Örnefnið Fagarakinn er nefnt í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* í skýrslu um Tjarnarsókn. Þar segir:

Um jökulinn fram úr nefndum Skallárdal liggja tveir vegir, annar ofan í áðurnefndan Deildardal að vestan, en hinn ofan í Unudal, sem liggur á hlið við hinn að austan, Fremsti partur dalsuns, allt heim fyrir svonenfnda Fögrukinn, er ásamt Hnjótafjallinu eignaður Urðak[ir]kju.¹³⁷

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* sem teknar voru saman á árunum 1839-1854 segir m.a. um afmörkun Atlastaða:

Þar fyrir heiman byrjar Atlastaðaland, sem er fremsti bær að vestanverðu í sveitinni og nærstur fyrir utan Skallá. Þessi jörð [Atlastaðir], 15. hndr. að dýrleika, heyrði fyrrum til Hólastól, en nú er hún bóndaeign;...¹³⁸

Í jarðamatinu 1849 stendur svo um upprekstur Atlastaða:

Atlastaðir, 15 hndr., [...]

Skriduhætt, frí upprekstur fyrir ágang. 139

Landamerkjabréf fyrir Atlastaði var útbúið 15. maí 1884 og hljóðar svo:

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla móts við afrijettarlandið Hnjóta. Að norðan móts við Þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við Þorsteinsstaðatún, og þaðan beint á fjall upp. Afrijettarlandið Hnjótar fylgja tjeðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrrnefnd Skallá merkjum.¹⁴⁰

Björn Sigurðsson, bóndi á Atlastöðum, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Arngrímssyni vegna Þorsteinsstaða. Bréfið var fært inn í landamerkjabók sýslumanns.

¹³⁶ Skjal nr. 2(281) a-b.

¹³⁷ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 78-79.

¹³⁸ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 79.

¹³⁹ Skjal nr. 2(85).

¹⁴⁰ Skjal nr. 2(56) a-b.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Atlastaða séu þinglesin, dagsett 15. maí 1884 og að engjar liggi að nokkru leyti til fjalls. Einnig stendur að jörðin eigi upprekstrarland, „Hnjótafjall“, sem Urðir eigi frían upprekstur í og að Þorsteinsstaðir eigi fría hagabeit fyrir búpening sinn að sumri í búfjárhaga Atlastaða.¹⁴¹

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990* segir að Atlastaðir hafi alla tíð þótt vera vildisjörð „enda góð beitarlönd í Skallárdal og Hnjótum“.¹⁴²

Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfs Atlastaða hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹⁴³

5.2.3.4 Þorsteinsstaðir

Landamerkjabréf Þorsteinsstaða var útbúið 10. maí 1884:

Eru að sunnan móts við Atlastaðir glöggur merkjagarður frá Svarfaðardalsá uppí Þorsteinsstaða túngarð, og þaðan beint í fjall upp. – Að norðan móts við Sandá ræður garður merkjum frá Dalsánni upp utaní holtunum og út og upp engið, en þegar til hlíðarinnar kemur hverfur hann. eru því merkin talin beint í sömu stefnu í stóran stein í svokallaðri Dýadalsbrún. Hjer með fylgja tjeðri jörðu hagabeit á Skallárdal fyrir hross og búpening.¹⁴⁴

Stefán Arngrímsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sveini Sveinssyni vegna Sandár og Bjarna Sigurðssyni vegna Atlastaða.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 4. júní 1885, voru upplestin landamerki Þorsteinsstaða og var þeim ekki mótmælt.¹⁴⁵

5.3 Skíðadalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Skíðadalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.3.1 Landnám

Landnáma segir að Þorsteinn „svarfaðr“ sonur Rauðs ruggu í Naumudal hafi numið Svarfaðardal að ráði Helga hins magra.¹⁴⁶ *Landnáma* getur ekki um landnám einstakra jarða í Svarfaðardal.

Landnáma getur um Skíða úr Skíðadal og er dalurinn við hann kenndur. Þessi maður, Skíði, er ekki sá hinn sami og getur um í Svarfdælu.¹⁴⁷

¹⁴¹ Skjal nr. 2(93).

¹⁴² *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 190.

¹⁴³ Skjöl nr. 4(3)-4(6).

¹⁴⁴ Skjal nr. 2(57) a-b.

¹⁴⁵ Skjal nr. 2(351). Þorsteinsstaðir. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1179).

¹⁴⁶ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 250-252.

¹⁴⁷ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 247.

5.3.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Í máldagadagbók Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461 og síðar, kemur fram að Vallakirkja eigi:

[...] allan skidadal oc vestrar dal fram fra holamarke til sueinsstada marks.¹⁴⁸

Sömu upplýsingar koma fram í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525, eini munurinn er stafsetningarlegs eðlis en þar er talað um Vesturárdal og Hólármark.¹⁴⁹

Fyrri máldagar og vísitásiur Vallakirkju geta ekki um Skíðadal og Vesturárdal, samanber máldagabók Auðunar biskups rauða Þorbergssonar frá 1318, máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar og vísitásiur Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 og 1431.¹⁵⁰

Fram kemur í máldaga frá því eftir 1590 að Urðakirkja eigi reit í Skíðadalsafrétt.¹⁵¹ Hið sama stendur í vísitásium kirkjunnar frá 16. ágúst 1692¹⁵², 15. september 1713¹⁵³, 18. júní 1748¹⁵⁴ og 24. júlí 1769¹⁵⁵. Rétt er líka að geta þess að í vísitásiu kirkjunnar frá 3. ágúst 1729 er hún sögð eiga átúlulaust það sem gamlir máldagar eigna henni.¹⁵⁶

Fram kemur í vísitásium Valla frá 1631¹⁵⁷ og frá 18. ágúst 1692¹⁵⁸ að kirkjan eigi alla afrétt frá Gljúfurármerki allt til Sveinsstaðamarks. Einnig er rætt um jarðeignir kirkjunnar. Vísitásían frá 1631 nefnir m.a. að kirkjan eigi Stafn, Sveinsstaði, Krosshól og Minni-Þverá en sú frá 1692 minnst m.a. á Sveinsstaði, Krosshól og Þverá.

Til er ódagsett vísitásía Valla gerð af séra Jóni Egilssyni en hann hélt brauðið frá 1622 til 1658. Þar kemur m.a. fram að hann lögfestir alla Skíðadalsafrétt frá Gljúfurármarki til Sveinsstaðamarks og Þverárdal.¹⁵⁹

Fram kemur í lögfestu Vallastaðar frá 1645 að Jón Egilsson prestur lögfesti m.a.:

[...] það allt annad [annad, ofan línu] sem þessum vallnastad hefur fylgt ad fornu og nyu þott adrer halde og eckj er med Logum framkomid.¹⁶⁰

Í vísitásiu kirkjunnar frá 1686 stendur að hún eigi alla Skíðadalsafrétt með öllum Vesturárdal og hálfum Þverárdal. Þar er líka minnst á að Vellir eigi Kóngsstaði, Sveinsstaði, Gljúfurárkot og Þverárkot og að prófasturinn hafi látið byggja upp land kirkjunnar er nefnist Þverhóll (Hverhóll).¹⁶¹

¹⁴⁸ Skjal nr. 2(124).

¹⁴⁹ Skjal nr. 2(125).

¹⁵⁰ Skjöl nr. 2(130), 2(141), 2(134) og 2(140).

¹⁵¹ Skjal nr. 2(96) a-b.

¹⁵² Skjal nr. 2(99) a-b.

¹⁵³ Skjal nr. 2(101) a-b.

¹⁵⁴ Skjal nr. 2(102) a-b.

¹⁵⁵ Skjal nr. 2(105) a-b.

¹⁵⁶ Skjal nr. 2.

¹⁵⁷ Skjal nr. 2(97) a-b.

¹⁵⁸ Skjal nr. 2(100) a-b.

¹⁵⁹ Skjal nr. 2(183) a-b.

¹⁶⁰ Skjal nr. 2(185) a-b.

¹⁶¹ Skjal nr. 2(98) a-b.

Þess má geta að í vísitasíum kirkjunnar frá 15. september 1713¹⁶², 3. ágúst 1729¹⁶³ og 25. júlí 1760¹⁶⁴ stendur að kirkjan eigi það, sem gamlar vísitasíur eignu henni. Í þeirri frá 1760 stendur einnig að vegna undanfarinna stórharðinda séu jarðirnar Gljúfurárkot, Hverhóll og Garðakot í eyði. Stafn og Þverárkot hafi hins vegar langsamlega í eyði legið.

Á manntalsþingi að Grund í Svarfaðardalshreppi, 31. maí 1707, upplas presturinn, séra Eyjólfur Jónsson, lögfestu fyrir Vallnakirkjulandi og hennar landsítökum, svo sem sú lögfesta frekar umtalar.¹⁶⁵ Fyrirnefnd lögfesta frá 31. maí 1707 er Eyjólfur Jónsson prestur á Völlum las upp fyrir hönd kirkjunnar hljóðar m.a. svo:

[...] alla Skidadals afrett, aasamt öllum hennar Landsnytiom, fraa fremstu Vatna uppsprettu, allt ofan ad Holar Merki fyrir austan aa, og Sveinsstada Merki fyrir Vestan, med öllum Vesturaardal og haalfum Þveraardal.¹⁶⁶

Meðal þeirra jarða sem Eyjólfur Jónsson prestur á Völlum lögfesti fyrir kirkjuna þann 19. maí 1708 voru Kóngsstaðir, Hverhóll, Sveinsstaðir og Gljúfurárkot.¹⁶⁷

Vellir eru kirkjustaður og beneficium samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* árið 1712. Hjáleigan Garðakot tilheyrir jörðinni. Afréttur tengist jörðinni í Skíðadal. Segir svo í jarðabókinni:

Afrjett á staðurinn framm lengst í Skíðadal, þar sem eyðibólið Stafn liggur, og áður er skrifað næst eftir Sveinstaði.¹⁶⁸

Jörðin Marstaðir á m.a. upprekstur á afrétt Vallnakirkju í Stafnstungum. Svo segir í jarðabókinni 1712:

Geldfjár og lamba upprekstur í Stafnstungur, það er afrjettarland Vallnakirkju og liggur fremst í Skíðadal.¹⁶⁹

Í jarðabókinni 1712 er þess einnig getið aftan við umfjöllun um Stafn að allur hreppurinn eigi upprekstur þangað. Í sömu heimild segir:

Almenníngur kallast eitt stórt fjall fyrir austan Skíðadalsá og framan Gljúfurárgil. Þangað á allur hreppurinn að fornu upprekstur fyrir geldfje, lömb og naut, en lítt brúkast þessi almenníngur nú um nokkra tíma sakir harðinda og grasleysis.¹⁷⁰

Fram kemur í prófastsvísitasíu Valla frá 5. júlí 1725:

Jtók þesse effter Olafs Biskups Mældaga og Sigurdar Registre: Allur Skjadalur og Vesturárdalur fram frá Holärmerke og til Sveinstadamerkes og triönubakka fyrer handan ä [...]¹⁷¹

¹⁶² Skjal nr. 2.

¹⁶³ Skjal nr. 2.

¹⁶⁴ Skjal nr. 2(104) a-b.

¹⁶⁵ Skjal nr. 2(186) a-b.

¹⁶⁶ Skjal nr. 2(186) a-b.

¹⁶⁷ Skjal nr. 2(187) a-b.

¹⁶⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 89.

¹⁶⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 77.

¹⁷⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 81.

¹⁷¹ Skjal nr. 2(251) a-b.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, 20. júní 1739, lögfesti séra Eyjólfur Jónsson alla Skíðadalsafrétt að tilteknum merkjum, einnig allan Kóngsstaðadal til jökla, fyrirbýður hann þar hverjum manni grasatekju, neðarrif og peningsgöngu án síns leyfis, lögfesta er undir þessa dags dato, uppáskrifuð var fyrir réttinum.¹⁷² Þessara merkja er getið í ofan nefndri lögfestu frá 20 júní 1739:

[...] Hölaarkotz merki til Sveinstada marks, Eyrninn allan kongsstada dal til Jökla, so sem Þveraa hann af deilir ofann allt ij Skýdadals aa, og Sudur ij Kongsstada landamerki [...]¹⁷³

Samskonar lögfesta var útbúin 20. maí 1776 af þáverandi Vallapresti séra Jóni Halldórssyni.¹⁷⁴

Vísitasía Vallakirkju frá 19. júní 1748 greinir frá því að í eigu kirkjunnar sé allur Skíðadalur og Vesturárdalur fram frá Hólármarki til Sveinsstaðamerkis.¹⁷⁵ Vísitasían minnst einnig á að Vellir eigi Gljúfuráarkot, Sveinsstaði, Krosshól, Hverhól, Kóngsstaði og eyðikotið Þveráarkot.

Um eignir Urðakirkju segir í prófastsvísitasíu frá 4. júlí 1752:

Item Reitur i Skíjdadals afrett med ummerkjum Sem menn ej glöggvt vita hvar afstödu eru og Annar fyrer framann Skallárdalsä. Þridie i mille Klaufabrecku og gaungustada. Fiörde Hinumeigenn är, og finnst i maldagabokum Hr Gudbrands Nockurt dubium Hvert þesse itok tilheira Kyrkiunne eda böndanum.¹⁷⁶

Í brauðamati Þórðar Jónssonar prests á Völlum þann 12. ágúst 1782 stendur:

Einginn Jtók edur Herligheit framar enn greiner i kyrkiunnar Máldögum sem er óll Skydadals afrett frá Gliufrár merke til Sveinsstada marks, Trionubache fyrer Vestann Svarfadardals Á liggjandi vid Grundarland, á hvórium Aainn árliga landbrot giórer og ber griöt uppa.¹⁷⁷

Í sama mati Vallabrauðs frá 12. ágúst 1782 stendur að Skíðadalsafrétt frá Gljúfurármerki til Sveinsstaðamarks teljist ítak kirkjunnar líkt og fram komi í gömlum máldögum. Einnig stendur:

Beneficio filgia 12 Jarder med adur umgetnum heimalöndum, Nefnil. Sidra Hvarf 20 hndr. Krossholl 20 hndr. Kongsst. 10 hndr. Hverholl 10 hndr. Sveinsstader 10 hndr. Gliufrarkot 10 hndr.. Þesse 3 Kot Krossholl Sveinstader og Gliufrarkot liggia under Storum Skada ad Snioflodum og Skridum sem arlega hlaupa a londinn og Eida Eingium og heiskap item Birnunes 10 hndr. Sela 10 hndr. og adur umgetinn heimalönd Hanefsstader Uppsaler Brautarholl og hiáleigann Gardakot Hverakot og

¹⁷² Skjal nr. 2(188) a-b.

¹⁷³ Skjal nr. 2(188) a-b.

¹⁷⁴ Skjal nr. 2(189) a-b.

¹⁷⁵ Skjal nr. 2(103) a-b.

¹⁷⁶ Skjal nr. 2(250) a-b.

¹⁷⁷ Skjal nr. 2(239) a-b.

Stafn eru í Eidi sum um margra ara tyma [skjal ólæsilegt vegna skemmda] og eru ej heildur biggianleg sokum Eingia og Grasleysis.¹⁷⁸

Í lögfestu sem séra Þórður Jónsson útbjó 15. júní 1792 var Skíðadalsafrétt eignuð Vallakirkju ásamt:

[...] öllum Hennar Lands nitium frá fremstu Vatna uppsprettu allt ofann að Gliufrar merke fyrir austann Skýdadals á, og Sveinsstada merke fyrir vestann, með öllum Vestur árdal [...]¹⁷⁹

Einnig kemur fram að Þórður sé ósáttur við að sveitarmenn reki í leyfisleysi, gripi sína í Skíðadalsafrétt og flestir án þess að borga. Þeir beri fyrir sig að þeir hafi skylduupprekstur í afréttina og þurfi því ekki að greiða fyrir afnotin en þá túlkun segir Þórður ranga enda sé afréttin í eigu Vallakirkju en ekki íbúa í sveitinni. Því fer hann fram á að sýslumaðurinn úrskurði um hvort sveitarmenn eigi og megi reka í afréttina án þess að biðja hann leyfis og greiða fyrir nú þegar hann sé búinn að sýna fram á með vísun í gamla máldaga, í samræmi við konungsskipun þess efnis að styðjast skuli við traustar heimildir er dæmt sé um deilur um kirkjueignir, að kirkjan eigi afréttina.

Svar barst frá sýslumanni sem hljóðaði svo að enginn mætti nýta Vallastaðarland í Skíðadal án leyfis kirkjunnar og að þeir sem fengju að reka gripi þangað yrðu að greiða fyrir það.¹⁸⁰

Áðurnefnd lögfesta var lesin á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, 15. júní 1792 og með henni lögfesti séra Þórður Jónsson, eftir máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar af 1460 og Sigurðarregistri, alla Skíðadalsafrétt o.s.frv. Sýslumaður úrskurðaði að enginn megi brúka eður beita Vallnastaðarland í Skíðadal án beneficiarii á Völlum leyfis og betalnings fyrir þann fænað sem með leyfi er þangað rekinn. Afréttartollur skal vera eins og á öðrum stöðum í líkum tilfellum sem telst vera 1 lamb í lambatoll fyrir 20 reknar kindur.¹⁸¹

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, 16. júní 1794, var upplesinn máldagi Auðunar biskups frá árinu 1318, einnig Péturs máldagi frá árinu 1394 og einnig máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá árinu 1462. Einnig upplesin lögfesta, grunduð á áðurnefndum máldögum fyrir Vallna beneficio, frá 15. júní 1792, með sýslumannsins úrskurði, af sama dato, nefnilega að allir skulu betala afréttartoll til beneficiarii á Völlum, sem reka 10 kindur í Skíðadalsafrétt, eins og venjulegt er.¹⁸²

Afréttarins Almennings er ekki getið sérstaklega í jarðamatinu 1804 og ekki er getið um afrétt í eigu jarðarinnar Valla í sömu heimild.¹⁸³

Eftirfarandi er eignað Völlum í lögfestu sem séra Kr. Þorsteinsson útbjó þann 28. maí 1834 fyrir kirkjuna:

¹⁷⁸ Skjal nr. 2(184) a-b.

¹⁷⁹ Skjal nr. 2(190) a-b.

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(190) a-b.

¹⁸¹ Skjal nr. 2(351). Vellir. Eyj. IV. B.10. (db.gr.nr. 6781).

¹⁸² Skjal nr. 2(351). Vellir. Eyj. IV. B. 10. (db.gr.nr. 7037).

¹⁸³ Skjal nr. 2(78).

1° Gliúfrárkots Land í Skíðadal, frá Holármarke svonefndu að utanverdu, og fram í gégn.¹⁸⁴

Í jarðamatinu 1849 stendur um Velli:

Vellir, Beneficium.

[...]

Jörðinni fylgir Afréttur fremst í Skíðadal, er nefnist: Almenníngur, Stafnstúngur og Vesturárdalur; á þessum afrétti er grasatekja sem álytst að beri 600 fjár og 10 trippi. [...] Jörðin álytst að gjeta borid 23 hndr. 185

Landamerkjabréf Valla var útbúið 24. maí 1883 og þinglesið 28. maí 1890:

Merki að norðan: svokallaður Deildarlækur frá Svarfaðardalsá eins og hann nú rennur upp fyrir sunnan Þrætuholma; svo er stefnan suður og upp utan til í Hánefstaðahólahorn og til efstur upptaka Deildarlæks, og þaðan rjettlínis á fjall upp. Þessum merkjum er nú eptir samningi breytt þannig: Landshorn með hólma í tanga sunnan við Deildarlæk, sem til skamms tíma tilheyrði, og var yrktur frá Ölduhrygg sömuleiðis önnur tvö engjahorn sunnan við nefndan læk liggjast nú til Hánefstaða, en þar á móti leggst sneið til Ölduhryggjar upp frá sunnanvið Deildarlækinn suður og upp undan Þrætuholmi sjá merkjastefnu hjer að framan. Að sunnan ræður lækur sá, er rennur syðst úr fjalli næst Hofshólum og á ýmsum stöðum þar sem lækurinn er í bugðum ræður beinn garður frá ánni á fjall upp. (Engi liggjandi við Grundarland og vestan Svarfaðardalsár kallað Trjónubakki til þessara ummerkja, garðs er ræður úr Kjóeyrartanga út bakkana og beygist að Kjóeyarsíki þegar það beygistað ánni; en frá garðinum ræður nefnt síki út í á) (sjá að aptan) Teigar tveir út á Sökkubökkum Breiðiteigur og Naustateigur heyra og til þessara ummerkja. Að norðan við Breiðateig er seyrudrag fram í bakkanefti gegnt ytri Seleyrartanga, þar er steinn í þúfu og annar ofar í beinni stefnu í syðri enda á Ingólfshöfða. Að suðvestan ræður Svarfaðardalsá. Milli teiganna er garður frá ánni upp að veitunni, sem kallast Sakka. Sunnan við Naustateig ræður lítið drag frá ánni upp að veitunni.

Í heimalandi Vallastaðar eru byggðar jarðir

a Hánefstaðir

Merki að norðan: Deildarlækur eins og hann rennur nú ofan frá því fyrir sunnan Þrætuhóla í á niður. En upp úr Króknum á nefndum læk ræður rjett stefna upp utan til í Hánefsstaðahólahorn og til efstu upptaka Deildarlæks, síðan beint á fjall upp sbr. merki að norðan við Velli.

Að sunnan er garður frá reiðgötum upp holtið upp að enginu, beygist svo heldur út í við ofan til við holtið og verður þar óglöggur, þá ræður rjett stefna eptir þúfnalínu eða garðmóti upp engið í laut framaní hólunum, þaðan sjónhending á fjall upp, en frá garðinum við götuna ræður rjett stefna í á niður.

b. Uppsalir.

¹⁸⁴ Skjal nr. 2(191) a-b.

¹⁸⁵ Skjal nr. 2(83).

Merki að vestan: reiðgötur sem liggja ofanvið Vallatúngarð. Að norðan ræður garður frá reiðgötum upp holtið, sem nefndur er við Hánefstaði að sunnan, og ráða sömu merki upp engið í Hólalaut og þaðan á fjall upp, því löndin liggja saman.

Að sunnan ræður lækur frá reiðgötum upp móinn og engið stefnu á fjall upp.

c. Brautarhóll

Merki að norðan er kelda, á árbakkanum rjett ofan úr djúpu klaufarskarði í melnum. Úr nefndu skarði ræður dálítill bein og glögg lautar-dæld rjettlínis á fjall upp.

Að sunnan rjett við túnið er keldudrag frá ánni fyrst upp í móana, svo beina sjónhendingu á fjall upp. Þessi merki aðskilja Brautarhóls og Grafarlönd.

d. Gröf. Merki að norðan eru nefnd við Brautarhól, að sunnan keldudrag milli túnanna uppí móana síðan sjónhending á fjall upp. Að sunnan ræður garður og lækur sá syðst næst Hofshólum, sem aðskilur Valla og Hofslönd. Samanber Vallastaðarmerki að sunnan.

Athgr.: Hjáleigan Grundarkot er nú byggð í Vallastaðarlandi, en ekki eru þar fastákveðin landamerki, heldur eptir samkomulagi ábúanda á Völlum úthlutuo landsdeild.¹⁸⁶

H. Guttormsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Rögnvaldssyni, Sigurði Sigurðssyni og Benedikt Helgasyni vegna Sökku og Ölduhryggs, B. G. Þorvaldssyni vegna Hofs og Vilhjálmi Þorsteinssyni sem samþykkti vegna umboðsmannsins E. Ásmundssonar fyrir Grund. Á milli undirskrifta B. Þorvaldssonar og Vilhjálms Þorsteinssonar stendur:

Merki milli Grundar og Vallastaðar.

Sunnan frá Kjóaeyri ganga niður eptir beinni línu yfir svonefndar Þrætutungu úti Tjónubakkasýki, sem upp frá því greinir að Grundar og Vallalönd.

Völlum 29. apríl 1890.

T. Hallgrímsson skrifaði undir þessa lýsingu.

Skjal sem ber yfirskriftina: „Skrýsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju“ er dagsett 5. maí 1883. Þar segir svo:

2. Gljúfuráarkot.

Merki að norðan eru eptir vörðum þremur, er standa ein á bakkanum austan Skíðadalsár, önnur skamt ofar í grasbala, þriðja ofantil á svonefndu Vindholti, síðan eptir gili, er ræður rjetttri stefnu á Hólárfjall upp. Þessi merki að greina Hólárkots og Gljúfráarkotslönd.

Að sunnan ræður Gljúfuráin merkjum frá Skíðadalsá fram til jökla.

¹⁸⁶ Skjal nr. 2(18) a-b.

Vestan Skíðadalsár liggur undir Gljúfrárkot all mikill landspartur, til þessara ummerkja: Að sunnan í Rauðukeldu og Merkishaus, sjá merki að norðan við Sveinsstaðir.

En að norðan ræður Syðri-Hvítílækur, sjá merki við Krosshól að sunnan.

[...]

7. Afjetti fremst í Skíðadal

a) Almenningsfjall það er austan Skíðadalsár

b) Stafnstungufjall, það er vestan Skíðadalsár

Land þetta liggur að þeim kennileytum sem hjer segir, að norðan við Almenning ræður Gljúfuráin merkjum frá Skíðadalsá fram til fremstu vatna upptaka, sem sjá má um Gljúfurárkots merki að sunnan þeim megin.

Að vestan við Stafnstungur, þar afmarkar Vesturáin frá Skíðadalsá fram til fremstu vatnaupptaka, sjá þar um við Sveinsstaðamerki að sunnan.¹⁸⁷

H. Guttormsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Einar Ásmundsson áritaði það um samþykki vegna Syðra-Hvarfs og Kóngstaða og Björn Jónsson áritaði það um samþykki vegna Gljúfurárkots. Bréfið var fært í landamerkjabók sýslumanns en ekki liggur fyrir hvenær það var þinglesið.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu tilkynnti Stjórnarráðinu, með bréfi dagsettu 15. júní 1904, beiðni Svarfaðardalshrepps um að jarðirnar Gljúfurárkot og Sveinsstaðir ásamt afrétt yrðu metnar til peningaverðs.¹⁸⁸

Fram kemur í ódagsettri lýsingu og virðingu, sem líkast til frá miðju ári 1904, á Vallakirkjueigninni Gljúfurárkoti, Sveinsstöðum og tilheyrandi afrétt fremst í Skíðadal, að Gljúfurárkot sé virt til 650 króna, Sveinsstaðir til 1300 króna og afréttin til 550 króna, eða allt til samans á 2500 krónur.¹⁸⁹

Oddviti Svarfaðardalshrepps fer þess á leit í bréfi til Stjórnarráðsins, dagsettu 13. maí 1905, að hreppurinn fái keyptar af Vallaprestakalli jarðirnar Gljúfurárkot og Sveinsstaði ásamt Sveinsstaðaafrétt.¹⁹⁰

Í útdrætti úr safnaðarfundargjörð Vallasafnaðar 21. maí 1905 sem send var Stjórnarráðinu, kemur fram að fundurinn hafi falið presti og sóknarnefnd það verkefni að selja jarðirnar Gljúfurárkot og Sveinsstaði (með afréttinni). Fundurinn var sölunni meðmæltur.¹⁹¹

Í útdrætti úr héraðsfundargerð Eyjafjarðarprófastsdæmis frá 22. júní 1905, sem sendur var Stjórnarráðinu, kemur fram að fundurinn hafi samþykkt það með öllum atkvæðum að Svarfaðardalshreppur fái keyptar 2 jarðir Vallakirkju og afréttarland hennar, Gljúfurárkot og Sveinsstaði ásamt Sveinsstaðaafrétt tilheyrandi Vallaprestakalli í Svarfaðardal.¹⁹²

¹⁸⁷ Skjal nr. 2(23).

¹⁸⁸ Skjal nr. 2(293).

¹⁸⁹ Skjal nr. 2(294).

¹⁹⁰ Skjal nr. 2(295).

¹⁹¹ Skjal nr. 2(296).

¹⁹² Skjal nr. 2(297).

Séra Stefán Kristinsson sækir um konunglegt leyfi til Stjórnarráðsins (konungs) í bréfi dagsettu að Völlum 9. ágúst 1905, að mega selja Svarfaðardals-hreppi jarðirnar Gljúfurárkot, Sveinsstaði og afréttarhluta í Skíðadal.¹⁹³

Prófasturinn í Eyjafjarðarprófastsdæmi Jónas Jónasson sendi ofanefnda umsókn fyrir hönd séra Stefáns og skrifað með henni fylgibréf til Stjórnarráðsins, dagsett 22. ágúst 1905 og mælti með því að leyfið fengist fyrir sölu á Gljúfurárkoti og Sveinsstöðum með tilheyrandi afrétt.¹⁹⁴

Í bréfi biskupsins yfir Íslandi til Stjórnarráðsins, dagsettu 7. september 1905, kemur fram að jörðin Gljúfurárkot sé metin til 6,6 hundraða en Sveinsstaðir til 17,7 hundraða ásamt afrétt. Kemur fram að jarðirnar séu metnar saman á 2500 krónur ásamt afréttinni. Svarfaðardalshreppur bauð hins vegar 3000 krónur í kaupverð.¹⁹⁵

Í bréfi til Stjórnarráðsins frá 18. september eru aðdragandi og forsendur á sölu jarðanna Gljúfurárkots og Sveinsstaða ásamt afrétt tekin saman. Kemur fram að Gljúfurárkot sé metið til 6,6 hundraða en Sveinsstaðir til 17,7 hundraða auk meðfylgjandi afréttar. Jarðirnar tvær ásamt afréttinni voru metnar til 3000 króna. Fram kemur að samanlagðar árstekjur Vallaprestakalls, samkvæmt upplýsingum frá Vallapresti sjálfum, hafi „verið 115 krónur síðustu árin, og þar sem hreppurinn býður 3000 kr., þá virðist þetta vera gott boð“ segir í bréfinu.¹⁹⁶

Þann 14. október 1905 veitti konungur leyfi fyrir sölu Gljúfurárkots og Sveinsstaða með afrétt fyrir 3000 krónur. Fram kemur að útnefndir matsmenn hafi sagt afréttina ná yfir svokallaðan Litladal, Almanning og Stafnstungur og mátu afréttina sérstaklega á 550 krónur, en Gljúfurárkot á 550 krónur og Sveinsstaði á 1300 krónur, allt til alls metið á 2500 krónur en hreppurinn greiddi 3000 krónur.¹⁹⁷

Í bréfi Stjórnarráðsins til biskups, dagsettu 5. desember 1905, kemur fram að jarðirnar Gljúfurárkot og Sveinsstaðir ásamt tilheyrandi afrétt hafi verið seldar samkvæmt konungsleyfi þar um fyrir 3000 krónur.¹⁹⁸

Ekki er minnst á Almanning í fasteignamati 1916-1918 og í sömu heimild kemur fram að Vellir eiga rétt til uppreksturs í afrétt sem er sveitareign.¹⁹⁹

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.²⁰⁰ Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann sendi með bréf hreppstjórans í

¹⁹³ Skjal nr. 2(298).

¹⁹⁴ Skjal nr. 2(299).

¹⁹⁵ Skjal nr. 2(292).

¹⁹⁶ Skjal nr. 2(300).

¹⁹⁷ Skjal nr. 2(301).

¹⁹⁸ Skjal nr. 2(302).

¹⁹⁹ Skjal nr. 2(91).

²⁰⁰ Skjal nr. 2(255).

Svarfaðardalshreppi. Segist hann hafa borið svör hans saman við landamerkjabók sýslunnar og virðist þau rétt.²⁰¹

Í bréfi hreppstjórans, dagsettu 15. mars 1920, kemur fram að hann hyggist lýsa einu afréttinni í hreppnum sem tilheyri ekki neinu lögbýli svo vitað sé til. Þessi svokallaði „almeningur“ hafi áður tilheyrt Vallakirkju en sé nú hluti af afrétt sem Svarfaðardalshreppur keypti fyrir nokkrum árum. Síðan segir:

Almenningur þessi liggur fremst á Skíðadal, austanvert, fyrir framan byggðina [byggðina fyrir ofan línu] 25-30 km. frá sjó. Þar eru upptök Skíðadalsár, og renna í hana 2 minni ár, áður en til byggða kemur. Í áni er dálitill foss, nokkru neðar en fremsta býlið stóð, og teldist fossinn þá, að hálfu leyti, tilheyra því, en Almenni hinn helmingur. Fossinn er ca 10 m. á hæð en talsvert vatns mikill.²⁰²

Í bréfi sýslumannsins frá 27. september 1920 kemur líka fram að hann láti fylgja með útdrátt úr landamerkjabók um afréttarlönd í Vallahreppi.²⁰³ Er um að ræða landamerkjabréf afréttar fremst í Skíðadal sem var útbúið 5. maí 1883 og getið var fyrir í þessum kafla.²⁰⁴

Að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd er Skíðadalsafréttur nú nýttur til sumararbeitar fyrir sauðfé og hross íbúa í Dalvíkurbyggð, og lögbýlum í Svarfaðardal fylgir forgangsréttur að þeirri nýtingu.

5.3.3 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu Skíðadalsafrétti vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Féeggsstaði, Baugasel, Sörlatungu, Gljúfurárkot, Sveinsstaði og Stafn. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

5.3.3.1 Féeggsstaðir

Landamerkjabréf Féeggsstaða var útbúið 31. mars 1884:

Að utan ræður til móts við Sörlatungu Fjeeggsstaða á frá upptökum til þess hún rennur í Barká.

Að neðan ræður Barká til móts við Þúfnavelli.

Að sunnan ræður til móts við Baugasel niður frá fjallshaus lækur og kelda til Barkár.²⁰⁵

Einar Ásmundsson er sá eini sem skrifar undir landamerkjabréfið. Síðan bætir hann við:

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum landeign Fjeeggstaða liggja er landsjóður einn eigandi einnig að Fjeeggstöðum.

²⁰¹ Skjal nr. 2(256).

²⁰² Skjal nr. 2(258).

²⁰³ Skjal nr. 2(256).

²⁰⁴ Skjal nr. 2(259).

²⁰⁵ Skjal nr. 2(14) a-b.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1884, voru lesnar landamerkjalyásingar fjölda jarða, þar á meðal landamerkjalyásing Féeggsstaða.²⁰⁶

5.3.3.2 Baugasel (Bauganes) (hjáleiga Féeggsstaða)

Landamerkjabréf fyrir Baugasel var útbúið 23. mars 1884. Það hljóðar svo:

Að neðan og sunnan ræður til móts við Þúfnavelli Barká frá upptökum hennar.

Að utan til móts við Fjeeggstaði ræður lækur og kelda niður frá Fjallshaus til Barkár.

Ítak í landi jarðarinnar:

Möðruvellir í Hörgárdal eiga fyrir heimaþje upprekstur á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

Einar Ásmundsson er sá eini sem skrifar undir landamerkjabréfið. Síðan bætir hann við:

Að jörðum þeim, er að landeign Baugasels liggja, er sami eigandi, sem að

Baugaseli nefnil. landsjóðurinn.²⁰⁷

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1884, var lesin landamerkjalyásing Baugasels. Henni var ekki mótmælt.²⁰⁸

5.3.3.3 Sörlatunga (Svellatunga/Skollatunga)

Landamerkjabréf fyrir Sörlatungu var útbúið 31. mars 1884 og hljóðar svo:

Að utan ræður Hafraá á til móts við Barká

Að neðan Barká til móts við Þúfnavelli

Að sunnan Fjeeggstaðaá til móts við Fjeeggstaði.

Einar Ásmundsson er sá eini sem skrifar undir landamerkjabréfið. Síðan bætir hann við:

Að öllum þeim jörðum, sem í kringum landeign Sörlatungu liggja, er land-sjóðurinn eigandi einsog að Sörlatungu.²⁰⁹

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1884, voru lesnar landamerkjalyásingar fjölda jarða, þar á meðal fyrir Sörlatungu. Henni var ekki mótmælt.²¹⁰

5.3.3.4 Gljúfurárkot

Lýsing á landamerkjum Gljúfurárkots frá árinu 1883 hljóðar svo:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

Gljúfurárkot

²⁰⁶ Skjal nr. 2(351). Féeggsstaðir. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1066).

²⁰⁷ Skjal nr. 2(13) a-b.

²⁰⁸ Skjal nr. 2(351). Baugasel. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1066).

²⁰⁹ Skjal nr. 2(15) a-b.

²¹⁰ Skjal nr. 2(351). Sörlatunga. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1066).

Merki að norðan eru eptir vörðum þremur, er standa ein á bakkanum austan Skíðadalsár önnur skamt ofar í grasbala, þriðja ofantil á [ofan línu] nefndu Vindholti, síðan eptir gili, er ræður rjettri stefnu á Holárfjall upp. Þessi merki að greina Holárkots og Gljúfrárkotslönd.

Að sunnan ræður Gljúfuráin merkjum frá Skíðadalsá fram til jökla.

Vestan Skíðadalsár liggur undir Gljúfrárokot all mikill landspartur, til þessara ummerkja: Að sunnan í Rauðukeldu og Merkishaus, sjá merki að norðan við Sveinstaðir.

En að norðan ræður Syðri-Hvítílækur, sjá merki við Krosshól að sunnan.²¹¹

Séra H(jörleifur) Guttormsson skrifar einn manna undir lýsinguna þann 5. maí árið 1883.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, 29. maí 1883, voru landamerki Gljúfrárkots þinglesin og tekið fram að þeim lestri hafi ekki verið mótmælt.²¹²

5.3.3.5 Sveinsstaðir

Lýsing á landamerkjum Sveinsstaða frá árinu 1883 hljóðar svo:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

Merkjum að sunnan ræður Vesturáin frá Skíðadalsá fram til jökla, og aðgreinir nefnd Vesturá Sveinstaðaland frá svokölluðum Stafnstungum.

Að norðan eru merki haldin í svonefnda ~~Rauð~~ Rauðukeldu, sem er skammt utar en gegnt Gljúfrárgili, ræður nefnd Rauðakelda beinni stefnu frá Skíðadalsá upp engið og síðan rjettlínis á merkjahaus og á fjall upp, þannig eru merki haldin nú og að greina Svein staðaland frá Gljúfrárkotsparti.

Ath. Ábúandi Sveinstaða fram ber þá munnmælasögu, að Sveinstaðamerki hafi verið til forna dálítið norður, en þau eru nú haldin. En fyrir beit frá Sveinstöðum ljeðu Gljúfrárokot, lítil spilda utan við Rauðukeldu til slægna, sem nú fylgir hinum svokallaða Gljúfrárkotsparti.²¹³

Séra H(jörleifur) Guttormsson skrifar einn manna undir lýsinguna þann 5. maí árið 1883.

Á manntalsþingi að Völlum, 29. maí 1883, var landamerkjum Sveinsstaða lýst og var þeim ekki mótmælt.²¹⁴

5.3.3.6 Stafn

Stafn er talinn upp á meðal jarða Vallakirkju í Svarfaðardal í máldagabók Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318.²¹⁵ Það sama kemur fram í máldagbók Péturs biskups

²¹¹ Skjal nr. 2(16) a-b.

²¹² Skjal nr. 2(351). Gljúfurárokot. Eyj. IV. B. 29. (db.gr.nr. 652).

²¹³ Skjal nr. 2(17) a-b.

²¹⁴ Skjal nr. 2(351). Sveinsstaðir. Eyj. IV. B. 29. (db.gr.nr. 653).

²¹⁵ Skjal nr. 2(130).

Nikulássonar frá 1394, sömuleiðis máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461 og síðar elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.²¹⁶

Stafn í Skíðadal í Svarfaðardalshreppi er árið 1712 skráður fornt eyðiból „framm lengst í Skíðadal, og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni kirkja eður bænhús verið. Ljós eru þar byggingamerki, garða og tóftaleifa.“ Eigandi er Vallastaður.²¹⁷

Segir svo um afréttarnotin árið 1712:

Þetta eyðiból með tilliggjandi löndum brúkar presturinn fyrir aftjett fyrir lömb og geldfje, og líka leyfir hann þangað upprekstur nokkrum sveitarmönnum fyrir óákveðinn góðvilja, en ekki hefur hjer viss afrjettartollur goldist, so hjer undirrjettist.

Grasatekja er hjer nokkur, sem sveitarmenn búka öðruhörju eftir leyfi staðarhaldarans.

Ekki þykir mönnum líklegt það muni aftur byggjast fyrir heyskarparleysi.²¹⁸

Aftan við umfjöllun um Stafn í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* er sérstaklega getið um afréttinn Almennung, sjá nánar undir því heiti.

Vellir eru kirkjustaður og beneficium samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* 1712. Hjáleigan Garðakot tilheyrir jörðinni. Afréttur tengist jörðinni í Skíðadal. Segir svo í jarðabókinni:

Afrjett á staðurinn framm lengst í Skíðadal, þar sem eyðibólið Stafn liggur, og áður er skrifað næst eftir Sveinstaði.²¹⁹

Í brauðamati Þórðar Jónssonar prests á Völlum þann 12. ágúst 1782 stendur að Stafn sé í eyði og sé ekki byggilegur vegna engja og grasleysis.²²⁰

Í jarðamati 1804 er Stafns ekki getið sem sérstakrar jarðar, enda í eyði. En við Sveinsstaði er þess getið að Stafn sé nýttur á vegum þeirrar jarðar og skráður henni til tekna.²²¹ Sjá nánar við jörðina Sveinsstaði.

Stafns er ekki getið í jarðamatinu 1849 og ekki er að sjá að landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jörðina. Þá er ekki minnst á Stafn í fasteignamati 1916-1918.

5.4 Þorvaldsdalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Þorvaldsdalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, fjallað um afréttarnot í Skriðu-, Arnarnes- og Árskógshreppum, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun Þorvaldsdalsafrettar og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

²¹⁶ Skjöl nr. 2(141), 2(124) og 2(125).

²¹⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 81.

²¹⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 81.

²¹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* X, bls. 89.

²²⁰ Skjal nr. 2(239) a-b.

²²¹ Skjal nr. 2(78).

5.4.1 Landnám

Landnáma hermir svo um landnám og byggð á því svæði sem hér er fjallað um:

Hámundur heljarskinn eignaðist Galmansströnd alla og á milli Svarfaðardals og Hörgárdals og bjó þar sem Helgi [magri] hafði fyrst búið og nú heitir síðan á Hámundarstöðum. Hámundur gaf Erni, frænda sínum, er numið hafði Arnarfjörð fyrir, (lönd) þau, er voru fyrir utan Reistará. Örn bjó í Arnarnesi, en Hámundur seldi Þorvaldi þær jarðir allar, er liggja millum Reistarár og Hörgárdalsár. Við hann [Þorvald] er Þorvaldsdalur kenndur; þar bjó hann.²²²

Og *Landnáma* heldur áfram um sömu slóðir:

Galmur hét maður, er nam Galmansströnd á milli Þorvaldsdalsár og Reistarár. Hans son var Þorvaldur, faðir Orms, föður Barna-Þórodds, föður Þórunnar, móður Dýrfinnu, móður Þorsteins smiðs Skeggjasonar. Þorvaldi gaf Hámundur land milli Reistarár og Hörgár, en hann hafði áður búið í Þorvaldsdal.

Geirleifur hét maður; hann nam Hörgárdal upp til Myrkár; hann var Hrapppson og bjó í Haganum forna. Hans son var Björn hinn auðgi, er Auðbrekkumenn eru frá komnir.²²³

5.4.2 Afréttarlönd í Skriðu-, Arnarnes- og Árskógshreppum

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ bæri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki tilheyrðu eða hefðu sannanlega tilheyrt nokkru lögbýli.²²⁴

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann hafi sent með bréf hreppstjóranna í Skriðuhreppi, Árskógshreppi og Arnarneshreppi. Segist hann hafa borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar og virðist þau rétt.²²⁵

Í bréfi hreppstjórans í Árskógshreppi, sem er frá 1. mars 1920, kemur fram að afrétt sú sem hreppurinn noti sé nyrðri hluti Þorvaldsdals. Síðan segir:

Eptir honum [Þorvaldsdal] fellur á straumlítill og vatnslítill, og er enginn foss í henni á meðan hún fellur um afréttina. Áin rennur síðan til sjáfar um Litla Árskógssand og er þá orðin nokkru vatnsmeiri af tveim smáám og lækjum, er í hana falla í byggð.

Nyðri og innri hluti Þorvaldsdals tilheyrði áður Auðbrekku í Skriðuhreppi en fyrir löngu síðan seldi þáverandi eigandi Auðbrekku - Jón Snorrason -afréttina allmörgum

²²² *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 255.

²²³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 256.

²²⁴ Skjal nr. 2(255).

²²⁵ Skjal nr. 2(256).

bændum í Arnarneshreppi forna, og er hún síðan eign eintakra manna í Arnarneshreppi og Árskógshreppi.²²⁶

Fram kemur í bréfi hreppstjórans í Skriðuhreppi, sem dagsett er 28. febrúar 1920, að í hreppnum séu engar afréttir sem tilheyri ekki lögbýlum.²²⁷

Fram kemur í bréfi hreppstjórans í Arnarneshreppi, sem dagsett er 10. mars 1920, að afréttarland það sem teljast verði til hins gamla Arnarneshrepps sé Þorvaldsdalsafréttur sem sé vestan við fjallgarð þann sem liggja frá Stærri Árskógi allt inn til Skriðu í Skriðuhreppi. Þessi afrétt hafi legið undir Auðbrekku í Hörgárdal en fyrir allmörgum árum hafi eigandi hennar selt afréttarlandið Þorvaldsdal nokkrum bændum í Arnarneshreppi (nú í Arnarnes- og Árskógshreppum). Því sé ekki hægt að segja að afrétturinn sé almenningur eða að hann tilheyri nokkru lögbýli. Síðan segir bréfitari að í hreppnum sé því ekki neitt landsvæði sem kallast geti „almenningur“ og þótt Þorvaldsdalsafrétturinn tilheyri ekki neinu tilteknu lögbýli sé ekki hægt að líta svo á að hann falli undir þau lönd sem Stjórnarráðið óski upplýsinga um.²²⁸

5.4.3 Nýting, réttindi og afmörkun

Tólf presta dómur var útnefndur af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni, 5. júlí 1462 á prestastefnu á Eyrarlandi, til að dæma á milli Sigurðar priors vegna Möðruvalla-klausturs og séra Jóns Halldórssonar vegna staðarins í Árskógi um selför í Hrafnagilssel á Þorvaldsdal. Sigurður prior hafði kært séra Jón fyrir að hafa ranglega haldið og haft klaustursins selför Hrafnagilssel á Þorvaldsdal leyfislaust í 5 ár. Oddur Þorsteinsson sór eið þess efnis að umrædd selför hafi verið eignuð Möðruvallaklaustri átölulaust í 50 ár. Sömuleiðis sór Þorsteinn Þorsteinsson eið þess efnis að hann hafi heyrt fyrrnefnda selför eignaða klaustrinu af sér eldri mönnum í mörg ár. Jafnframt sagði hann að síðastliðin 26 ár hafi hann heyrt af formönnum klaustursins að selför á Hrafnagilssel á Þorvaldsdal væri gömul eign klaustursins sem haldin hefði verið átölulaust. Dómsmenn dæmdu:

[...] þessa optnefnda selfor hrafnagils sel eign klaustursins a modruuollum nema sýra ion synde ok sueria lete med fullum bokareide firir michelsmesso j haust heima a modruuollum tuo loglig uitni firir biskup olafi edr hans umbodsmanni anan jon asmundzson en þan annan er samburda yrde vid þan vitnisburd er nefndr jon hafde handfest sira jone halldorssyni ok vpp var lesin a prestastefnune at stadurinn j arskoge ætte þessa optnefnda selfor hrafnagils sel. ok sira jon skylldugan at sueria nu hier a prestastefnune at vænaz þeim einum vitnum er hann hugde sanenda vitne vera.²²⁹

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* fyrir Eyjafjarðarsýslu frá árinu 1712 segir m.a. um Þorvaldsdalsafrétt:

²²⁶ Skjal nr. 2(260).

²²⁷ Skjal nr. 2(257).

²²⁸ Skjal nr. 2(261).

²²⁹ Skjal nr. 2(135).

Afrjettur er hjer, sem nefnist Thorvalds eður Thórhallsdalur. Allir ábúendur sem búa á þessari jörðu [þ.e. Auðbrekku], so vel heima sem í kotunum, njóta nú uppreksturs frí fyrir utan toll. En hvað allir þeir tollar til verðaura hlaupa kunna, sem á jörðunum í Hvammshrepp landsdrotni tilheyra, og meðmeintrí jörðinni Fornhaga í Skriðubingsókn, kveðst sýslumaðurinn seigr. Skevíngr ei frammar kunna til að svara en so, að þegar afrjettartollurinn gengur sem hæðst til tí(u)tíu álna, það ringasta sextíu álnir. Orðsök til þessa er sú, að afrjett þessi liggur undir stórum snjóum, harðviðrum, og verður ei fært margoft um venjulegar fráfærur þángað fje að reka.²³⁰

Jörðin Kúgil í Þorvaldsdal er metin á 10 hundruð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713, og er þar talin áður hafa verið sel frá Stóru Brekku á Galmansströnd. Fjögur eyðibýli eru skráð vera í þessum afrétti, Lambárkot, Hrafnagil, Hávarsstaðir og Þórhallakot. Segir svo um upprekstur og afrétti:

Afrjettur er fyrir framan bygðina beggja megin í þessum dal, sem liggur undir Auðbrekku í Hörgárdal, og brúka þeir á Galmanströnd þar venjulega upprekstur fyrir lömb og geldfje, og Árskógsströnd öðru hvörju. Afrjettartollur er ve(n)julegur lamb eður aðrar fimm álnir af hvörjum manni, sem rekur 10 lömb eður fleiri.

Lambárkot kallast fornt eyðiból í þessum afrjett fyrir vestan Þorvaldsdalsá, og eru þar þó litlar byggíngaleifar. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskarleysi.

Hrafnagil, eyðihjáleiga og heimaland Stærra Árskógs, byggð framm á Þorvaldsdal fyrir manna minni. Varaði bygðin inn til næstu 4 ára, síðan í auðn. [...] Ekki halda menn að hjer verði aftur bygt fyrir heyskarleysi.

Hávarsstaðir, fornt eyðiból í staðarins landi á sama dag fyrir heiman áðurskrifaða hjáleigu, og er það nú alt lýngi vaxið, og sjást þar því litlar byggíngaleifar. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskar og túnstæðisleysi.

Þórhallakot, fornt eyðiból þar fyrir heiman á Þorvaldsdal, og var síðan byggð upp hjáleigunefna á þessu eyðibóli, sem lá oftlega í eyði þess í milli, og var byggð seinast fyrir 14 árum. [...] Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskarleysi.²³¹

Þess má geta að nokkur fjöldi jarða í Hvammshrepp, sem ekki eru til sérstakrar sögulegrar umfjöllunar í þessari greinargerð, áttu „[u]pprekestur á Þorvaldsdal fyrir toll“ samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þær voru þessar: Hagi, Hillur, Kamphóll (Kambhóll), Bragholt, Pálmholt, Syðri-Bakki, Ytri-Bakki, Arnarnes, Ós og Ásláksstaðir.²³²

Í kjölfar skoðunar á landamerkjagjarðinum á milli Auðbrekku og Fornhaga árið 1728, féll dómur sama ár um að Illagilsdalur fyrir ofan Fornhaga skyldi teljast tilheyra Auðbrekkulandi. Í dómnun segir meðal annars eftirfarandi:

Hvad ahrærer Illagilsdal sem sama er og Trolladalur efter frammkomnum vitnisburdum þa er ecke a nægiannlega bevisad fyrer vorumm dome, ad hann nockurn

²³⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 134.

²³¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 107-108.

²³² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 113-116, 120-125.

tíma hafa tilheirt jorðunne Fornhaga, enn helt er hier bevisad med logfestumm og svornum vitnisburdumm, ad hann hefur atolulaust under jordina Audbrecku leiged og af Audbrecku monnum brukadur og tolladur vered til Fornhaga manna og anara yfer 30 ár, því skal nefndur Illagilsdalur tilheira jorðinne Audbrecku [síðuskipti] hiedann i fra og vera hennar Eign.

[...] Þetta er sa proces sem framm for og giordest a Skriduþinge i Hörgárdal þann 1. Juny a þriðjudag, og a areidarplatzenu Audbrecku fostudagenn og laugardagenn þann 9. october 1728 Testerar umderskrifadur med eigen hende og hia þricktum signete. Jon Jonsson (L.S.)²³³

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, er teknar voru saman á árabílinu 1839-1854, segir svo í svári séra Hákonar Espólíns, dagsettu 28. september 1839 um afréttarland Árskógssóknar:

Afréttarland Árskógssóknar er áðurnefnd Þorvaldsdalsafrétt, og telst hún nú eign Auðbrecku í Hörgárdal; hefir og Möðruvallas[ókn] þangað upprekstur. Í Þorvaldsdal er fjárrétt hjá nefndu Kúgíli, en önnur við Fornhaga í Hörgárdal.²³⁴

Í lýsingu Möðruvallaklausturskirkjusóknar í Eyjafjarðarsýslu sem séra Jón Jónsson á Dunhaga samdi og dagsett er 4. febrúar 1841, segir svo um Þorvaldsdal og Þorvaldsdalsafrétt:

Á bak eður vestan til við allt þetta langa fjall liggur út og suður dalur sá, er Þorvaldsdalur kallast, upp í hvern til vesturs að gengur stórt skarð eður dalsmynni til vesturs frá Fornhaga sunnan til, hver dalur að teygist á bak við sagt fjall frá suðri til norðurs allt út fyrir Stærraskóg. Dalur þessi er að framanverðu, eður hans syðri partur, allur brúkaður fyrir afrétt, en í nyðra enda hans eru nokkrir bæir, sem tilheyra Stærriskógssókn, [...]. Á þann eina afdal, sem þessari sókn [Möðruvallasókn] tilheyrir, nefnilega Þorvaldsdal, er áður minnzt. Á honum eru allgóðir hagar fyrir hesta og sauðfé á sumrum, fram úr honum til suðurs og vesturs liggja afdalir, sem kallast Illagilsdalur, Lambárdalur, Nautadalur. [...] Afréttarland Möðruvallaklaustri tilheyrandi er fram á Hörgárdal fyrir framan Flögusel í Myrkársókn og líka í Barkárdal. Sumir fá hér afrétt á Þorvaldsdal, en almenningar eru hér engvir, og flestir mega afréttartolla gjalda, eins klausturjarðalandsetar sem aðrir.²³⁵

Seint á áttunda áratug 19. aldar höfðaði eigandi Auðbrecku mál gegn eiganda Syðri-Haga en sá síðarnefndi hafði rekið geldfé sitt og trippi á Þorvaldsdalsafrétt. Eigandi Auðbrecku vildi meina að þessi upprekstur væri í leyfisleysi. Eigandi Syðri-Haga neitaði að greiða upprekstrartoll. Eigandi Auðbrecku höfðaði samskonar mál gegn bóndanum á Kálfskinni af sama tilefni og á sömu forsendum. Eigandi Syðri-Haga segist hafa rekið á afréttinn með leyfi eiganda Stærri-Árskógar, en síðarnefnda jörðin átti rétt á fríum upprekstri á Þorvaldsdalsafrétt fyrir 18 geldfjárkúgildi. Bóndinn á Syðri-Haga rak upp á Þorvaldsdalsafrétt í samkomulagi við eiganda Stærri-Árskógar en eigandi Auðbrecku vildi

²³³ Skjal nr. 2(221) a-b.

²³⁴ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 97.

²³⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 102-103, 105, 109, 112.

meina að samanlagður rekstur Syðri-Haga og Stærri-Árskógar á Þorvaldsdalsafrétt væri meiri en sá rekstur sem Stærri-Árskógi væri leyfilegt.²³⁶

Eigandi Auðbrekku seldi hluta úr afréttarlandi Þorvaldsdals árið 1882 til fjölda manna og var salan færð til bókar í veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. Hún var skjalfest á eftirfarandi hátt:

Jeg undirskrifaður Jón Snorrason til heimilis á Auðbrekku gjöri með brjefi þessu heyrinkunnugt; að eg sel frá mjer og mínum erfingjum landeign mína, afréttarlandið Þorvaldsdal, frá Þverá þeirri, er nærst fellur Kúgilseli með Fögruhlíð, Nautárdal, Vesturhlíð, Lambárdal, Jllagilsdal og Tröllatungu, allt í ána syðri, er kemur ofan midjan Tungudal; ummerki að austan eru; frá Ytra Hestahrauni og í garð þann að innan, er liggur úr Axlarbótinni fyrir ofan Fornhaga og ofaní Tungu á.

Þessa landeign mína, afréttarlandið Þorvaldsdal með þeim örnefnum og ummerkjum er nú eru talin, sel eg nokkrum bændum í Arnarneshrepp, lausa úr öllum vedsetningum og notkunarrjetti nokkurra manna annara en kaupenda, þegar undan er skilinn frí upprekstur og grasa tekja fyrir jörðina Auðbrekku og allar hjáleigur þeirrar jardar ásamt Fornhaga, og frí upprekstur fyrir 18 kúgildi auk stóðhrossa og kúa, sem tilheyrir jörðinni og prestsetrinu Stærra-Árskógi. Landeign þessa sel eg fyrir 1000 kr.- eitt þúsund krónur, sem borgist þannig 400 kr. fyrir lok júlí mánaðar og 600 kr. fyrir næstu október mánaðar lok.

Seljandi ábyrgist söluna, en kaupendur haldi kaupi sínu til laga í sinn kostnað.²³⁷

Landamerkjabréf afréttarlandsins Þorvaldsdals er varðveitt. Það er ódagsett og ártals er ekki getið. Það er þó líklega samið síðla árs 1884 eða snemma árs 1885, svo sem ráða má af staðsetningu landamerkjabréfsins sjálfs í landamerkjabókinni. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Ummerki afréttarlandsins Þorvaldsdals eru að vestanverðu: Frá Þverá þeirri, er næst fellur Kúgilseli með fögruhlíð, nautárdal, Vesturhlíð, Lambárdal, Jllagilsdal og Tröllatungu, allt í ána syðri, er kemur ofanaf miðjum Tungudal; en að norðanverðu; Frá Ytra-Hestahrauni og í garð þann að innan, er liggur úr Axlarbótinni fyrir ofan Fornhaga suður og ofan í Tunguá.²³⁸

Eftirfarandi aðilar skrifuðu undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigendanna, nokkurra bænda í Arnarneshreppi; Guðmundur Jónsson fjallskilastjóri, Eggert Stefánsson, Tómas Hallgrímsson og Páll Jóhannesson. Það var samþykkt af Davíð Guðmundssyni í umboði eiganda jarðarinnar Dagverðartungu.

Á manntalsþingi að Arnarnesi í Hvamshreppi, 3. júní 1885, var upplesið landamerkjabréf Þorvaldsdals og var því ekki mótmælt.²³⁹

Sögufélag Eyfirdinga hefur haldið úti tímaritinu Súlum um árabíl. Í 44. árgangi tímaritsins frá árinu 2005 segir:

²³⁶ Sjá nánar í umfjöllun um Auðbrekku.

²³⁷ Skjal nr. 2(288) a-b.

²³⁸ Skjal nr. 2(34).

²³⁹ Skjal nr. 2(351). Þorvaldsdalur. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1176).

Um 1890 keyptu nokkrir bændur í Arnarneshreppi Þorvaldsdalsafrétt af dánarbúi Jóns Snorrasonar í Auðbrekku. Afréttin var hluti af Auðbrekku- og innan Skriðuhrepps. Gátu eignaskipti þessi engu breytt um hreppamörkin. [...] Auðbrekkufjall og á Fornhagaöxl var gengið saman af Arnarneshreppsmönnum og Skriðuhreppsbum. Svo var og um Þorvaldsdalsafrétt og er óbreitt enn. Þá var ytri hluti Þorvaldsdals byggður ennþá og af heimalöndum þaðan mun fé hafa verið smalað að Fögruhlíðarrétt og úrtíningur þaðan látinn ganga til Reistararréttar og síðan áfram til Þorvaldsdalsréttar. Þorvaldsdalur var genginn frá Hestahrauni og Nautá suður á Fornhagaöxl, svo var og Illagilsdalur genginn þar með. Svæði þetta var gengið bæði af mönnum úr Arnarness- og Skriðuhreppum samkvæmt samningi milli hreppanna. Óbreytt er þetta ennþá.²⁴⁰

Ekki er fjallað sérstaklega um Þorvaldsdalsafrétt í fasteignamatinu 1916-1918 né heldur Þorvaldsdal sem afmarkaða heild eða heildir. Þó er þess getið í sama fasteignamati að ýmsar jarðir eigi upprekstur á Þorvaldsdal.²⁴¹

Meðeigendur afréttarlandsins Þorvaldsdals, afsöluðu sveitarsjóði Arnarneshrepps 22. september 1940, $\frac{3}{4}$ hlutum úr afréttarlandinu Þorvaldsdal, á manntalsþingi í þinghúsi Arnarneshrepps, 6. ágúst 1941. Kaupverð var 1500 krónur.²⁴²

Eigendur $\frac{1}{4}$ Þorvaldsdalsafréttar afsöluðu hreppsnefnd Árskógshrepps nefndu landi, á manntalsþingi í þinghúsi Árskógshrepps, 8. september 1944.²⁴³

Í *Lýsingu Eyjafjarðar* frá árinu 1949, segir nokkuð frá Þorvaldsdal. Þar kemur eftirfarandi fram:

Þorvaldsdalur er nú að mestu afréttardalur. En áður var hann byggður 8-10 km inn eftir frá dalsmynninu. Sá hluti hans heyrði ætíð til Árskógsstrandar. Fremra hluta dalsins hallar til suðurs, og hefir hann aldrei byggður verið, enda er hann mun þrengri og gróðurminni en norðurhlutinn. [...] Stóð bærinn Kúgil þar vestan árinna [Hrafnagilsár]. Hann lagðist í eyði fyrir 20 árum. [...] Nokkru framar er enn eitt hraunið; heitir það Hestahraun. Um það eru nokkur munnmæli, að Sigríður stórráða, sem bjó í Auðbrekku í Hörgárdal, hafi átt þar land. En stóðhross nággranna hennar genu á dalnum og spilltu þar beit.²⁴⁴

5.4.4 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu Þorvaldsdalsafrétti vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Dagverðartungu, Fornhaga, Bláteig, Auðbrekku, Brakanda, Hólkot, Hof, Stóru-Brekku, Stærri-Árskóg og Hrafnagil. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

Þá skal þess getið að *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* greinir frá því að eftirtaldar jarðir eigi upprekstur á Þorvaldsdal fyrir toll: Stóri-Dunhagi, Litli-Dunhagi, Björg

²⁴⁰ *Sútur. Norðlenskt tímarit*, nr. 44 (2005). bls. 103-104.

²⁴¹ Sjá nánar umfjöllun um einstakar jarðir í kafla 5.4.4; t.d. Auðbrekku og hjáleigur hennar.

²⁴² Skjal nr. 4(172).

²⁴³ Skjal nr. 2(228) a-b.

²⁴⁴ Steindór Steindórsson frá Hlöðum: *Lýsing Eyjafjarðar I*, Akureyri, 1949, bls. 152-153.

(Bjargir), Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Hof, Minni-Brekka (Litla-Brekka), Hvammur, Syðri-Reistará, Ytri-Reistará, Baldursheimur, Skriðuland og Kjarni.²⁴⁵

5.4.4.1 Dagverðartunga (Digulstunga)

Dagverðartunga í Skriðupingsókn, eða Digulstunga eða Digurstunga eins og jörðin var nefnd 1712 samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, er metin 30 hundraða jörð það ár. Segir svo um upprekstur:

Afdalur er hjer nokkur í heimalandinu. Þángað eru reknir geldir sauðir og lömb.

Grasatekja er hjer, sem ábúendum kann að þjena.

Selstaða er hjer á áðurnefndum dal og brúkast þó ei árlega.²⁴⁶

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal í Skriðuhreppi, 30. apríl 1729, voru upplesnar tvær lögfestur sýslumannsins í Hegranesþingi, Jens Spendrup, önnur fyrir Skriðu en hin fyrir Digulstungu, báðum liggjandi í Hörgárdal, með þeim landamerkjum og ítökum sem þær sjálfar ljósast herma. Báðar lögfesturnar eru dagsettar 4. apríl 1729. Lögfestunum var ekki mótmælt.²⁴⁷

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal í Skriðuhreppi, 11. maí 1733, voru upplesnar tvær lögfestur sýslumannsins Jens Madsen Spendrup, önnur fyrir Skriðu en hin fyrir Digulstungu, báðar dagsettar 4. apríl 1729. Voru báðar jarðirnar lögfestar til vissra takmarka og var fyrirboðin öll óleyfileg beit og brúkun undir sektir. Lögfestunum var ekki mótmælt.²⁴⁸

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal í Skriðuhreppi, 26. maí 1747, lögfesti klausturhaldarinn Hans Scheving, Digulstungu og Misjálmsstaðaland, að öllu því leyti sem aðrir menn eiga þar ekki, eftir réttum líkum, tiltölu í. Lögfestunni var ekki mótmælt.²⁴⁹

Í jarðamatinu 1804 er þess getið að tekin eru lömb frá 2 jörðum til beitar í landi jarðarinnar Dagverðartungu.²⁵⁰

Í jarðamatinu 1849 segir svo um afréttareign Dagverðartungu:

Dagverðartúnga, bóndaeign, nú talin 20 hndr. Túnid ad mestum hluta þýft, grasgéfíd, í medallagi tödugott. Engid vídslægt, en liggur fram á afréttardölum, innanum afréttarfé, og mjög torsótt ad ná heyskapnum fyrir vegalengd og slæman veg. – Torfrista næstum engin.[...] Jörðin á afrétt, nokkud meira enn fyrir heimilid. Grasatekja nægjanleg fyrir heimilid. Hrisrif nokkurt.²⁵¹

Landamerkjabréf fyrir Dagverðartungu var skráð 4. ágúst 1884 og hljóðar svo:

Að sunnan móts við Skriðu ræður Tunguá hin syðri frá fyrstu upptökum svonefndrar Lágfótarár alt til neðstu gljúfra og þaðan beint stryk niður til Hörgár á móti Kiðalæk.

²⁴⁵ Sjá nánari umfjöllun í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 13, þar sem það á við.

²⁴⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 136.

²⁴⁷ Skjal nr. 2(351). Dagverðartunga. Eyj. IV. B. 05. (db.gr.nr. 6363).

²⁴⁸ Skjal nr. 2(351). Dagverðartunga. Eyj. IV. B. 05. (db.gr.nr. 10649).

²⁴⁹ Skjal nr. 2(351). Dagverðartunga. Eyj. IV. B. 06. (db.gr.nr. 8484).

²⁵⁰ Skjal nr. 2(79).

²⁵¹ Skjal nr. 2(84).

Að norðan móts við Fornhaga ræður Tunguárgil hið ytra ofan þangað sem eyrar byrja suður undan Fornhagabæ og þaðan bein stefna fyrir sunnan Þorvaldsdalsrétt niðri Hörgá.

Að austan ræður farvegur Hörgár milli þeirra ummerkja að norðan og sunnan, sem áður eru talin.

Að vestan móts við Þorvaldsdal ræður Tunguá upp að ármótum Lambár og Úlfár, síðan ræður Úlfá fram að svo kölluðum Dyngjum, síðan sama á frá Dyngjusporði framí gegn.

Dagverðartungu 4. dag ágústmánaðar 1884

Davíð Guðmundsson (eftir umboði eigandans) samþykkr vegna Þorvaldsdals

samþykkr vegna Fornhaga

samþykkur vegna Skriðu²⁵²

Eftirfarandi sáttaumleitan um landamerkjaágreining milli jarðanna Dagvarðartungu og Skriðu á eina hlið og Dagvarðartungu og Fornhaga á aðra hlið fór fram 7. ágúst 1886 og var þinglýst 2. júní 1887:

Ár 1886 laugardaginn 7da august vorum við undirskrifaðir staddir á svokölluðum Tungueyrum Ég Jón Einarsson, samkvæmt brjefi hlutaðeigandi sýslumanns dags. 24 júlí og ég Stefán Jónsson eptir beiðni eiganda og ábúenda jarðanna Skriðu og Fornhaga, til þess að athuga og ef unnt væri að koma á sátt og samþykki um landamerkja ágreining milli jarðanna Dagvarðartungu og Skriðu á eina hlið og Dagvarðartungu og Fornhaga á aðra hlið. Og varð álit okkar og ákvörðun þannig.

Merkin milli Skriðu og Dagvarðartungu skulu vera að ofan í miðjan árfarvegin í Syðri-Tunguá við melshornið, sem Skriðurjett stendur á og beina línu ofan að Hörgá móti Kiðulæk, sem er austan Hörgár. Og milli Dagvarðartungu og Fornhaga skulu merkin vera að ofan melshornið suður og upp frá Þorvaldsdalsrjett (sem líka er nefnd Fornhagarjett) og beina línu ofan að Hörgá. Stefna í klettinn (Einbúa) suður og upp frá Vöglum austan Hörgár. Og skulu á sínum tíma settar merkjavörður á báðum þessum merkjalínum. Þess má geta, að ábúendur Skriðu og Fornhaga voru viðstaddir við þessa merkja ákvörðun hvor við sína jörð, og listu þeir engri óánægju yfir úrslitum þess ágreinings sem fyrr er getið, en ábúendur Dagvarðartungu voru ekki viðstaddir þrátt fyrir aðvörun.²⁵³

J. Einarsson og St. Jónsson skrifuðu undir. Sátt þessi var samþykkt af J. Thorarensen vegna Dagverðartungu sem skiptaráðanda í dánarbúi eigandans og „vegna hins ómynduga“.

Á manntalsþingi að Glæsibæ í Kræklingahlíð í Glæsibæjarhreppi, 31. maí 1887, var landamerkjum Dagverðartungu þinglýst og ekki mótmælt.²⁵⁴

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Dagverðartungu séu talin ágreiningslaus og að jörðinni fylgi upprekstrarland.²⁵⁵

²⁵² Skjal nr. 2(73) a-b.

²⁵³ Skjal nr. 2(24).

²⁵⁴ Skjal nr. 2(351). Dagverðartungu. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr.1295).

5.4.4.2 Fornhagi

Fornhaga er getið í jarðakaupabréfi frá 14. mars 1375 þar sem mörkum Auðbrekku er lýst.²⁵⁶ Í kæru Páls Jónssonar til Orms Sturlusonar, frá 29. júní 1560, kvartar hann m.a. yfir því að Ormur haldi Auðbrekku og fleiri jörðum fyrir sér, þ. á m. sé Fornhagi sem er 40 hundruð að dýrleika.²⁵⁷ Fornhagi er talinn 50 hundruð að dýrleika í skiptabréfi á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans frá 2. september 1560.²⁵⁸ Í öðrum skiptum eftir Þorleif Grímsson, frá 5. júlí 1569, er Fornhagi með Úlfá sagður 50 hundruð að dýrleika. Fornhagi kom í hlut Hallóttu, dóttur Þorleifs Grímssonar, þegar eignunum var skipt eftir hann, 2. september 1569, og var jörðin þá 40 hundruð að dýrleika.²⁵⁹ Eignarhald Möðruvellinga á bæði Auðbrekku og Fornhaga virðist hafa verið samfelld fram um siðaskipti og hugsanlegt er að réttur Fornhaga á Þorvaldsdal sé þess vegna.

Fornhagi í Skriðupingsókn er 30 hundraða jörð árið 1713, og segir svo um upprekstur þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var gerð:

Heyrst hefur að þessi jörð hafi brúkað selstöðu í Auðbrekkujörðu, og líkindi eru tóttarleifar nokkrar, sem nefndar eru Fornhagasel. Ekki vita menn sannleika nokkurn fyrir, hvört heldur að selstaðan hefur verið fyrir skyldu eður kaup. Ei hefur hún frá þessari jörðu í mana minni brúkuð verið.²⁶⁰

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. apríl 1723, var upplesin lögfesta Sigfúsar Þorkelssonar fyrir þeim parti úr jörðinni Fornhaga, er kallast Grundarkot. Var lögfestunni ekki mótmælt.²⁶¹

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 1. júní 1728, féll dómur í landamerkjamáli á millum Auðbrekku og Fornhaga. Málsaðilar lögðu fram lögfestur sínar og upplesin var stefna Hans Scheving, eiganda Auðbrekku, til Sigfúsar Þorlákssonar. Hans Scheving taldi Illagilsdal, fyrir ofan Fornhaga, tilheyra Auðbrekkulandi og lagði ýmis gögn fyrir réttinn og voru vitni kölluð fyrir.²⁶²

Á leiðarþingi að Skriðu í Hörgárdal, 8. október 1728, yfirleit og skoðaði Jón sýslumaður Jónsson, landamerkjagarðinn á millum Auðbrekkuafréttar og Fornhaga. Nefndi Jón menn til að álíta og skoða landamerkin með dómi. Jón og hans meðreiðarsveinar athuguðu landshætti með tilliti til landamerkja, er greind voru í lögfestum. Féll sá dómur að Illagilsdalur hafi legið undir Auðbrekku.²⁶³

Í jarðamatinu 1804 er ekki getið afréttar í tengslum við Fornhaga.²⁶⁴

²⁵⁵ Skjal nr. 2(92).

²⁵⁶ Skjal nr. 2(133).

²⁵⁷ Skjal nr. 2(136).

²⁵⁸ Skjal nr. 2(136).

²⁵⁹ Skjöl nr. 2(129) og 2(131). Sjá einnig *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Reykjavík, 1919-1942, bls. 502-503.

²⁶⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 135-136.

²⁶¹ Skjal nr. 2(351). Fornhagi. Eyj. IV. B. 04. (db.gr.nr. 6009).

²⁶² Skjal nr. 2(220) a-b.

²⁶³ Skjal nr. 2(221) a-b.

²⁶⁴ Skjal nr. 2(79).

Í jarðamatinu 1849 stendur eftirfarandi um beitarréttindi frá Fornhaga á Þorvaldsdalsafrétt:

Fornhagi, bóndaeign, nú talin 20 hndr. [...]

Búfjárhagar mjög litlir heima, en jörðin á frían upprekstur og beit á Þorvaldsdalsafrétt.- Grasatekja næg fyrir heimilid. Vetrarheit á greindum dal góð, þegar til hennar næst.²⁶⁵

Landamerkjabréf Fornhaga var útbúið 1. maí 1884 og því var þinglýst 2. júní 1887. Í niðurlagi þess kemur fram að Fornhagi eigi ýmis réttindi í Þorvaldsdal:

Merki að sunnan eru Tunguárgil ytra ofan þaðan sem eyrar byrja, sem er hjer um bil beint suður undan Fornhagabæ, og þaðan bein stefna ofan fyrir sunnan Þorvaldsdalsrjett í Hörgá niður.

Að utan eru merki Kálfahjallagil syðra, í fjallinu út og upp undan Fornhaga, svo bein lína úr því ofaní Bláhól, þaðan í Jötunsspor, sem er lítil grasi vaxin laut neðan til í holtinu fyrir sunnan og neðan Brakanda kvíar, og þaðan bein sjónhending niður í Hörgá, sem ræður merkjum að neðan milli tjeðra merkjalína að utan og sunnan.

Að ofan ræður fjallsröðin sunnan í Fornhagaöxl, síðan garður úr henni ofan og suður í Tungugil.

Í Fornhagalandi er engjapartur sem tilheyrir Vöglum í Þelamörk, það er neðsti partur af enginu, og liggur fyrir neðan beina línu tekna úr tunganarði fyrir neðan Fornhagavöll útá Jötunsspor ofanvert; aptur átti Fornhagi skóg í Vaglalandi, frá Kiðalæk úti Köldubrunna, sem er beint í móti Jötunsspori, og uppí Vaglklif, en skógur þessi er nú alveg eyðilagður. Ennfremur á Fornhagi frían upprekstur og grasatekju í Þorvaldsdal, fría beit og fría selstöðu, samt frítt fyrir allan búsmala í nefndum dal.²⁶⁶

Páll Jóhannesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Margrjeti Halldórsdóttur eiganda Brakanda, Jóni Snorrasyni vegna Auðbrekku, Guðmundi Jónssyni, Skriðulandi umboðsmanni eiganda Þorvaldsdals, Einari Ásmundssyni umboðsmanni Vagla og J. Thorarensen skiptaráðanda í búi eiganda Dagverðartungu en hann samþykkti fyrir þá jörð.

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að Fornhagi eigi frían upprekstur í Þorvaldsdal.²⁶⁷

5.4.4.3 Bláteigur

Bláteigur var áður hluti af Auðbrekkuengi en eftir miðja 19. öld voru byggðir þar húsmenskukofar og var þar löngum þurrabúðarbýli.²⁶⁸

Jörðina Bláteig er ekki að finna í jarðamatinu 1804.

Ekki er heldur minnst á Bláteig í jarðamatinu 1849.

²⁶⁵ Skjal nr. 2(84).

²⁶⁶ Skjal nr. 2(25).

²⁶⁷ Skjal nr. 2(92).

²⁶⁸ *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I*, bls. 478.

Á manntalsþingi á Staðartungu í Skriðuhreppi, 22. maí 1914, var þinglesið afsal Árna bónda Jónatanssonar á Auðbrekku fyrir jörðinni Auðbrekku ásamt hjáleigunni Bláteigi, til sonar hans Valgeirs Árnasonar í Auðbrekku, dagsett 17. apríl 1914.²⁶⁹

Ekki er minnst á Bláteig í fasteignamatinu 1916-1918.

Á manntalsþingi á þingstað Skriðuhrepps, 12. ágúst 1944, afsalaði Þórður Sigurjónsson Leonhard Sigurjónssyni Bláteigi.²⁷⁰

Á bæjarþingi á Akureyri, 29. júní 1946, höfðaði hreppsnefnd Skriðuhrepps mál gegn Leonharði Sigurgeirssyni, Hvammi í Arnarneshreppi. Aðdragandi þess var undangengin árangurslaus sáttatilaun sem hafði átt sér stað, samkvæmt stefnu birtri þann 9. febr. 1945. Dómskrafan var sú að Leonharð yrði dæmdur til að gefa Skriðuhreppi afsal fyrir jörðinni Bláteigi í Skriðuhreppi, kvaðalausri og lausri úr ábúð, með þeim mannvirkjum sem á jörðinni voru í fardögum 1944 og með landamerkjum, sem þá giltu. Leonharð S. var sýknaður af kröfum stefnanda.²⁷¹

Eftirfarandi landskiptagerð var gerð milli Dagverðartungu og Brakanda á landi jarðarinnar Bláteigs, 6. maí 1967:

Við undirritaðir Páll Ólafsson, Dagverðartungu og Þorsteinn Jónsson Brakanda gerum svohljóðandi samning um skipti á landi jarðarinnar Bláteigs, sem við höfum keypt.

Landið skiptist af hálfu að flatarmáli, eftir mælingu sem gerð verður og samkvæmt þeim atriðum sem hér verða framm tekin:

Þorsteinn fær allt land ofan þjóðvegarsins eins og hann liggur nú. Páll fær bakkana neðan frá Hörgá og upp eftir þar til næst jöfn stærð við fyrrgreindan hluta Þorsteins. Takmörk þessa hluta liggja hornrétt við merkjagirðingu Bláteigs og Hólkots. Mismunur á landgæðum fyrrgreindra hluta greiðist á peningum samkvæmt mati á landinu.

Sá hluti landsins sem ótalin er, skiptist að jöfnu eftir stærð, þannig að Þorsteinn fær syðri hlutann en Páll þann nyrðri og er það land lagt að jöfnu að gæðum.

Á mörkum jarðarhlutanna skal reist girðing og skal uppstening og viðhald kostað jafnt af báðum, einnig skiptist að jöfnu kostnaður við að fjarlægja hústóftir þær sem á jörðinni eru nú.

Réttindi og skyldur varðandi Hörgá, skulu tilheyra að öllu hluta Páls.²⁷²

5.4.4.4 Auðbrekka

Í *Landnámu* er talað um Auðbrekkumenn. Þar segir:

Geirleifur hét maður; hann nam Hörgárdal upp til Myrkár; hann var Hrapsson og bjó í Haganum forna. Hans son var Björn hinn auðgi, er Auðbrekkumenn eru frá komnir.²⁷³

²⁶⁹ Skjal nr. 2(351). Bláteigur. Eyj. IV. B. 49. (db.gr.nr. 13031).

²⁷⁰ Skjal nr. 2(351). Bláteigur. Eyj. IV. B. 67. (db.gr.nr. 26309).

²⁷¹ Skjal nr. 2(351). Bláteigur. Eyj. IV. B. 74. (db.gr.nr. 24845).

²⁷² Skjal nr. 2(26).

²⁷³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 256; Sjá nánar um vitnisburð *Landnámu* í kafla 5.4.1.

Eftirfarandi kemur fram í Guðmundar sögu dýra frá 12. öld, þegar sættir eru gerðar um víg Hrafns Brandssonar seint á sömu öld:

Ok gerðu þeir fimmtán hundruð um víg Hrafns þriggja álna aura, ok galt Guðmundr þá hvern eyri þegar. Hann galt lönd tvau fyrir vestan heiði [Öxnadalshéiði], annat heitir í Hálfðanartungum [fremst í Norðurárdal], en annat at Uppsölum, it næsta Sifrastöðum, [...] ²⁷⁴

Gunnar Pétursson seldi Jóni Ólafssyni jörðina Hóla í Eyjafirði, með bréfi dagsettu 14. mars 1375, en í staðinn fékk hann Auðbrekku í Hörgárdal. Jón seldi Auðbrekku með eftirfarandi ummerkjum og ítökum:

ut a midian markgard oc ofan a siki vid brakadargerdi allt fyrir sunnan. en j midlum grundar og aubrecku oc fornhaga og aubrecku villdi hann eigi abyrgiaz rettsynis mork þadan or upp oc ofan. en hann seldi honum at þeim mörkum sem jord hefir att at fornu. þar med griotar land allt oc fögruhlid. þriggia tolf fedminga skurd i tregrefstadaskog oc skogarstodu j skogajordu sva vida sem aubreckka hefir att at fornu. aa skoga jörd aarlíga laups hógg j sógdu takmarki. Laugaland a halfsmanadar beit j aubreckku jord. her til gaf adrnefndr jon jordina halfa a brattavóllum j þorvalldsdal. med þeim gognum oc gædum sem hann vard eigandi at. oc jórðunni fylgir. ²⁷⁵

Í máladagabók Péturs biskups Nikulássonar, frá 1394 og síðar, má finna máldaga Auðbrekkukirkju en þar hvorki getið landsvæðis né ítaka í eigu kirkjunnar. ²⁷⁶ Ólafur Vigfússon keypti land í Auðbrekku af Eiríki Ísleifssyni, með bréfi sem talið frá því um 1430-1440, fyrir Öngulstaði og 40 hundruð í lausafé. Í kaupbréfinu segir ennfremur:

[...] keypte olafur optnefnda aubrecku at eireke medr fornu ok nyiu ok aullu þui sem eirekur vard eigande ath. griottar lande fram j haugardal ok faugruhlid. þriggia xij fedminga torfskurd j tregrefstada land. skogahris j skogaland. samþyckte halldora gudmundardotter husfru eireks nefnt kaup medr handlage. sagde eirekur jtaulu j brecku jaurd halfs manadar teigur af laugalande. ²⁷⁷

Í máladagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461, er fjallað um skóg sem liggur utan ágreiningssvæðis í máli þessu og kallaður var Maríuhrís. Auk þess kemur fram að 15 hundruð í Auðbrekku sé kristfé. ²⁷⁸ Hálf Auðbrekka með Gerði, 60 hundruð að dýrleika, var á meðal jarðeigna Solveigar Þorleifsdóttur samkvæmt skrá sem talin er frá því um 1479. ²⁷⁹ Magnús Árnason og Sturla Magnússon áttu með sér jarðakaup 8. janúar 1495. Magnús seldi Sturlu neðri Lönguhlíð, sem þá var farið að kalla Skriðu, fyrir Sauða í Skagafirði. Skriða var seld með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni hafði fylgt að fornu og nýju og að:

²⁷⁴ *Sturlunga saga* I, [Kaupmannahöfn, 1817-1820, bls. 171.

²⁷⁵ Skjal nr. 2(133).

²⁷⁶ Skjal nr. 2(141).

²⁷⁷ Skjal nr. 2(138).

²⁷⁸ Skjöl nr. 2(145) og 2(125).

²⁷⁹ Skjal nr. 2(138).

[...] tilskilddum ollum skogum a stedia jordu uppi fiall og ofan i ä ut ad kidialæk og sudur i motz vid Audbreckuskog nema stedia skillde eiga eldeuid sem honum þarfnadest.

rejknade firnefndur Magnus ad jorden skrida ætte allann gielldfiär rekstur fram m oxndal og iij tolfedminga elldetorfs i Hamars jord i Bæissarþjngum.²⁸⁰

Auðbrekka í Skriðupingsókn er skráð 80 hundraða jörð árið 1713 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var gerð. Fimm hjáleigur tilheyra jörðinni þetta ár: Þríhyrningur, Svíri, Hátún, Hólkot og Brakandi. Allar hjáleigurnar hafa sömu kosti og lesti og heimajörðin.²⁸¹

Afrjettur er hjer, sem nefnist Thorvalds eður Thórhallsdalur. Allir ábúendur sem búa á þessari jörðu, so vel heima sem í kotunum, njóta nú uppreksturs frí fyrir utan toll. En hvað allir þeir tollar til verðaura hlaupa kunna, sem á jörðunum í Hvammshrepp landsdrotni tilheyra, og meðmeintrí jörðinni Fornhaga í Skriðupingsókn, kveðst sýslumaðurinn seigr. Skeving ei framar kunna til að svara en so, að þegar afrjettartollurinn gengur sem hæðst til tí(u)tíu álna, það ringasta sextíu álnir. Orðsók til þessa er sú, að afrjett þessi liggur undir stórum snjóum, harðviðrum, og verður ei fært margoft um venjulegar fráfarur þángað fje að reka.

Grasatekja hefur hjer áður fin verið, ánægjanleg jarðarinnar ábúendum, en nú láta allir ábúendur lítið yfir þessu.

Mjög so gengur jörðin af sjer, það landinu viðvíkur, fyrir utan töður og engjar, sem merkilega á fjallinu sjást kann.²⁸²

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal í Skriðuhreppi, 29. apríl 1723, var upplesin lögfesta klausturhaldarans, Hans Scheving, fyrir hans eignarjörð Auðbrekku og Þorvaldsdal með þessum landamerkjum:

Fyrst allur Þorvaldsdalur frá Þverá fyrir framan Kúgil með Lambárdal, Nautárdal og Illagilsdal allt í miðjar Trölladyngjur en að austanverðu frá Hestahrauni og allan dalinn þeim megin í garð þann sem liggur úr Axlarbotni fyrir ofan Fornhaga suður í Tunguá.²⁸³

Einnig lögfesti Hans Scheving Auðbrekkuland að utanverðu úr Húsárskarði í garð þann sem liggur úr gilinu í Hörgá niður, en að sunnanverðu úr Syðra Kálfahjallagili þaðan í miðjan Bláhól og þaðan réttisinnis í Hörgá. Þessu var ekki mótmælt.²⁸⁴ Á héraðsþingi á sama stað, 18. júní 1723, áminnti Hans Scheving Auðbrekkujarðarábúendur um, að þeir gæfu honum til vitundar ef nokkrir myndu yrkja eða brúka greindrar jarðar land, innan tiltekinnna landamerkja, og minnti á fyrrgreinda lögfestu, lesna upp 29. apríl sama ár. Engin mótmæli komu fram.²⁸⁵ Enn lögfesti Hans Scheving sér Auðbrekku til sömu landamerkja og getið var

²⁸⁰ Skjal nr. 2(138).

²⁸¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 133-134.

²⁸² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 134.

²⁸³ Skjal nr. 2(223) a-b.

²⁸⁴ Skjal nr. 2(223) a-b.

²⁸⁵ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka Eyj. IV. B. 04. (db.gr.nr. 6081).

29. apríl 1723, á manntalsþingi að Skriðu, 17. apríl 1725. Einnig lögfesti hann Barkárdal og nokkra aðra landsparta til þeirra landamerkja sem lögfesturnar framar sýndu. Komu engin mótmæli fram.²⁸⁶ Á manntalsþingi að Skriðu, 15. maí 1730, var upplesin lögfesta Hans Scheving fyrir hans eignarjörðu Auðbrekku, og tiltekin öll landamerki og takmörk, og fyrirbauð alla brúkun og ólöglega yfirreið á nefndrar jarðar landi. Einnig lögfesti hann klaustursins afrétt Barkárdal, og fyrirbauð öllum þangað að reka sín hross eður pening. Einnig lögfesti hann munnlega Mihjálstaðaland í Öxnadal með þar hjá liggjandi Stórubrekuskógi og lagði forboð fyrir leyfislause brúkun á því landi og skógi. Var framangreindu ekki mótmælt.²⁸⁷

Margar aðrar lögfestur er snerta Auðbrekku, hagsmuni hennar og ítök, er að finna í dómabókum Eyjafjarðarsýslu. Lesin var upp lögfesta fyrir Auðbrekku að Skriðu í Hörgárdal, 24. mars 1773.²⁸⁸ Á sama stað 19. maí 1783 var upplesin lögfesta fyrir Auðbrekku og Þverárdal²⁸⁹ og að Hvammi á Gálmarsströnd 12. júní 1783 lét sýslumaðurinn lögfesta Þorvaldsdal undir Auðbrekku og fyrirbauð allar nytjar dalsins og jarðarinnar.²⁹⁰ Degi síðar að Völlum í Svarfaðardal lét sýslumaðurinn lögfesta Þorvaldsdal (Þórhallsdal) undir Auðbrekku og fyrirbauð sem fyrr allar nytjar í dalnum án leyfis hans eða djáknans á Auðbrekku, hvað áhrærði hestabeit, fjárbeit og grasatöku.²⁹¹ Þá var lesin upp lögfesta fyrir jörðinni Auðbrekku á manntalsþingi að Völlum 28. júní 1808, hún dagsett 7. maí 1706²⁹², og var hún lesin upp aftur á manntalsþingi á Hvammi á Gálmarsströnd tveimur dögum síðar.²⁹³ Þá var lesin lögfesta fyrir jörðunni Auðbrekku á manntalsþingi að Völlum, 1. júlí 1808, en í tilliti til þeirrar lögfestu kvartaði ábúandi Auðbrekku undan því að Árskógsstrendingar rækju lömb og tækju grös á Þorvaldsdal, velflestir leyfislaut og án endurgjalds, og áminnti rétturinn á móti slíkri gripdeild og lagayfirtroðslu.²⁹⁴

Þá var upplesin lögfesta, dagsett 7. maí 1760, að Skriðu 25. maí 1835, fyrir Auðbrekku með túni, engjum, úthaga og afrétt á Þorvaldsdal, sem sögð er tilheyrja Auðbrekku.²⁹⁵ Á manntalsþingi að Arnarnesi í Hvammshreppi, 23. maí 1877, var lesin lögfesta fyrir Auðbrekku með Þorvaldsdal, dagsett 18. maí 1877. Þeirri lögfestu mótmæltu margir bændur²⁹⁶ og er þetta eina lögfestan sem mótmælt er fyrir Auðbrekku með Þorvaldsdal. Á manntalsþingi að Skriðu, 24. maí 1877, var svo upplesin lögfesta fyrir Auðbrekku og Þorvaldsdal²⁹⁷ og loks var upplesin lögfesta fyrir Auðbrekku, 31. maí 1878, að Arnarnesi í Hvammshreppi.²⁹⁸ Lögfestunum var ekki mótmælt.

²⁸⁶ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B. 04. (db.gr.nr. 6159).

²⁸⁷ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B. 05. (db.gr.nr. 6422).

²⁸⁸ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.09. (db.gr.nr. 6492).

²⁸⁹ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.09. (db.gr.nr. 10722).

²⁹⁰ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.09. (db.gr.nr. 10796).

²⁹¹ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.09. (db.gr.nr. 10886).

²⁹² Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.12. (db.gr.nr. 5227).

²⁹³ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.12. (db.gr.nr. 5237).

²⁹⁴ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.12. (db.gr.nr. 5246).

²⁹⁵ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.18. (db.gr.nr. 12559).

²⁹⁶ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.29. (db.gr.nr. 380).

²⁹⁷ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.29. (db.gr.nr. 383).

²⁹⁸ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.29. (db.gr.nr. 413).

Í jarðamatinu 1804 er afrétti Auðbrekku á Þorvaldsdal lýst:

Til denne Jord grændser en Afret og regnes at være den tilhørende (kaldet Thorvaldsdals Afret) hvorved den bag Fiældene ligger Svarvederdalen eller Vallne-Hrep, og især denne No. 77 [Kúgil] endnu nærmere.

Heri ligger en öde Jord Lambaaekot, som ikke kan beboes formedelst Fieldskreed. Fiældgræs kunde her faaes 6 tdr. aarlig. Lam til Græsning om Sommeren kan indtages fra 16 jorder.²⁹⁹

Þarna er sagt að frekari upplýsingar um réttindi á Þorvaldsdal sé að finna við jörðina Kúgil í sama jarðamati 1804. Þar segir um jörðina Lambáarkot:

Den öde Jord Lambaaekot som her findes benævnt i den gl. Jordebog hörer til Audbrecke i Skreede-Hrep.³⁰⁰

Á manntalsþingi á Völlum í Svarfaðardalshreppi, 25. maí 1811, var upplesið bréf Jóns Jónssonar á Auðbrekku til sýslumannsins, dags. 22. maí 1811, um afréttina Þorvaldsdal og fjallskil þar. Bréfinu svaraði séra Árni Halldórsson á Stærri-Árskógi og sagðist ekki hafa á móti því sem fram kom í bréfi Jóns (bréfið hefur ekki varðveist en virðist hafa snúist um fjallskil bænda í Þorvaldsdal og afréttarnot þeirra þar), utan þess að hann áskilur sér sem benefi(ci)ato að Stærri-Árskógi fulla ítölu 20 kúgilda í afréttina. Sveitarmenn svöruðu þar á móti að það gætu þeir ekki til upprekstursins unnið, að réttað sé fyrir innan fjall, en vildu þá heldur reka á aðra staði. Þeir æskja og vona að fá að rétta á Þveráreyrum.³⁰¹

Á sáttafundi þann 31. ágúst 1824 var deilt um land er lá fram frá Hrafnagili í Þórhallsdal (Þorvaldsdal). Kom Auðbrekka við sögu:

[...] kom sátta nefndinn í Svarfadardals Districti á eitt umþrætt Land, Liggiandi framm frá Hrafnagili í Þórhallsdal, hvert S.T. Presturinn Sr. Jón Jónsson á Stærriárskógi Lögfesti, ásamt öðru kirkiunnar Landi vorid 1823 þann 10da Junii eptir tilvísan Jarðabókar Arna Magnússonar 1712-13 og 14, enn var Protesterud med Contra Lögfestu af Eckiuinni Sigrídi Snorradóttur á Kúgili á þessa árs vorþingi, eptir því hún meinar landid tilheyra þeirri Jörd, hvert ed af hennar ábúendum brúkad hefur verid, hvad lengi kunna menn ecki ad segia, edr hvert ætid verid hafi ókeipis af Stærriárskógs Prestum. – Nálægt sama leiti og nefnd Contra Lögfesta auglýst var, giördi Eckiuann Sigrídr kaupmála og aftal á Jördu sinni Kúgili til KlausturPrestsins Sr. A. Haldórssonar a Audbrecku í Horgardal, hvörred ogsvo mætti á Samkomunni í egin Persónu, ásamt nefndri Eckju og Sambylismanni hennar Þorfinni Brandssyni eptir ádr útgefnu og reglulegu byrtu Fyrirkalli af 26ta þ.m. gat Sattanefndinn edur síalfir Málspartarnir ómögulega talad þá samann um, ad landspartur þessi tilheyrdi edur frágengi Stærriárskógs kyrkju. Þar eckert verid bevísad í sögdu efni, utann hvad ádr aminst er í Jarðabókinni og hvornenn hun þar sýnest lýsa athuganlega 10 hndr. kotinu Kugili, þar sem Land þess beinlínis liggir þaramóti fyrir vestann Ana, giördi þó sérilagi Prestrinn Sira Jón miög lempilegt, og til Fridar midandi Tilbod, med ad vilia legia

²⁹⁹ Skjal nr. 2(79).

³⁰⁰ Skjal nr. 2(79).

³⁰¹ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.13. (db.gr.nr. 8787).

Kúgili allar Slægjur í nefndu Þrætulandi fyrir billegt verd, hvers kot þetta helst sýndist viðþurfa, svo framarlega sem Landid fridsamlega nefndist Kyrkjunnar Eign, einsog það ad sleppa úppátöludu því ad Kúgils Ábúande nú í Sumar hafa bædi yrkt Landid, skorid í því Torf og varid það hans Sképnum þegar hvörugr málspartrinn sýndist mega í annars forbodi brúka það, enn – vid það Tilfelli, ad hinn annar Forlíkunar Commissarius Seigneur Jón Sigurdsson á Böggversst. á síálfum Sáttafundinum tilbýdst ad kaupa Kúgil aptur af Sr Arna fyrir fult svo mikid Verd sem hann géfid og Lofad hafdi, og það ad frá teknu og tilvonandi þrætulandi þessu, um hvad þeir giörast Sammála, hvarmed sérlagi fyrir byggist Þrætur og Mála-Sóknir um þetta, giörist Landsparturinn framm frá Hrafnagili ad Austann verdu alt ad svokölludum Refslæk Stæraskógs kyrkiu Landar eygn hedan í frá.

Enn hvad kaupum á Kúgili vidvíkur Lofar því Pr. Sira A. Halldorsson, adeins viss og síálfur hann verid hafí fyrir Riftun og kaup bryggdu, svo skuli Forpagtari og Forlíkunarmadur Jón Sigurdsson á Böggverst: það einnig vera. Loksins má þess géta ad velnefndur Presturinn Sr Jón fyrir Tillögur Nefndarinnar, á það Lytandi hvad hin núgiörandi kaup á Kúgili saman draga til Sáttu, Lofar fyrir Eckiunnar Sigridar Ábúdar týd á Kúgili ad leggja optnefndan Landspart til Slægna beytar og Torfskéro naudsynlegustu til heya þakningar, móti 15 al: Medalv: betalíngi frá síálfum Kúgils ábúendum. 2 rd r.s. Commissionarinnar fyrir Omak sitt inná Landid, undirgángast Prestarnir ad betala til Jafnadar; enn síálft Forlíkunar haldid Launa þeir eftir Forlíkunar Forordníngunni.³⁰²

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, er teknar voru saman á árabílinu 1839-1854, segir svo í svari séra Hákonar Espólíns, dagsettu 28. september 1839 um afréttarland Árskógssóknar:

Afréttarland Árskógssóknar er áðurnefnd Þorvaldsdalsafrétt, og telst hún nú eign Auðbrekku í Hörgárdal; hefir og Möðruvallas[ókn] þangað upprekstur. Í Þorvaldsdal er fjárrétt hjá nefndu Kúgili, en önnur við Fornhaga í Hörgárdal.³⁰³

Í jarðamati 1849 stendur svo um Auðbrekku og afréttinn í Þorvaldsdal:

Auðbrekka, bóndaeign, lögbýli, nú talid 20 hndr. Þessari jördu fylgja 5 bygdar hjáleigur, allar líka bóndaeignir, er hvör fyrir sig hefir tún og engi sér, en óskipta búfjárhaga med heimajördu; heita þær: Brakandi 6 ½ hndr. nú á tíð, Hólkot 6 hndr., Hátún 6 hndr., Svíri 6 hndr. og Þríhyrningur 6 hndr. nú á tíð.[...] En torfan hefir sameiginlega beit á afréttinum Þorvaldsdal, hjáleigurnar eiga frían upprekstur þar, en heimajörðin ein þau upprekstrarnot, sem yfir hefir þann fénad, er úr torfunni er þangad rekinn. Afréttur þessi er ad blása upp og skémmast sumstadar af skridum, og opt eru þar illvidri, þó bærilegt vedur sé í bygd; en hann er kjarngóður. – Á honum er þrætupartur, er sumir eigna Auðbrekku, adrir jörduinni Kúgili í Þorvaldsdal innan Arnarness hrepps, og hefir prestur Séra Jón Thorlacius á Þrastarhóli sem fjárhaldsmadur hinnar ómyndugu Sigríðar Sigurðardóttur, sem á jörðina Kúgil, med

³⁰² Skjal nr. 2(253) a-b.

³⁰³ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 97.

bréfi til sýslumannsins af 5^{ta} þ.m. er framlagdist x óskad, ad sá þrætupartur ~~yrði~~ verði virddtur sérilagi. – En þar partur þessi liggur innan Arnarness hrepps, og flestir af jardamatsmönnum Skridu hrepps eru honum þarhjá ókunnugir; var gengid framhjá, ad virða hann hér. – En Auðbrekku torfan á nú ad virdast, einsog hana vanti þennan afréttarpart, - þó med öllu tilliti til ítölu, er prestssetrid Stærriárskógur á þar í.³⁰⁴

Á manntalsþingi á Arnarnesi í Hvammshreppi, 3. júlí 1878, höfðaði Jón bóndi Snorrason í Auðbrekku mál gegn Jóhanni bónda Einarssyni í Syðri-Haga. Málsatvik voru þau, að sögn Jóns, að hinn stefndi hafi rekið sitt geldfé og trippi á Þorvaldsdalsafrétt í leyfisleysi. Jón sagði afréttina vera sína eign og neitaði hinn stefndi Jóhann að greiða upprekstrartoll. Málinu var frestað.³⁰⁵

Á aukþingi að Arnarnesi í Hvammshreppi, 18. október 1878, höfðaði Jón bóndi Snorrason á Auðbrekku mál gegn Flóvent bónda Sigfússyni á Kálfskinni út af geldfjárrekstrartolli á Þorvaldsdal. Jón lagði fram kæru og stefnu á hendur Flóventi.³⁰⁶

Þann 20. maí, árið 1878 gaf bóndinn á Stærra-Árskógi til vitundar að bóndinn á Syðri-Haga hafi rekið geldfé á Þorvaldsdal með sínu leyfi:

Jeg undirskrifadur gef hjer med til vitundar ad herra timburmadur Jóhann Einarsson á Sydri-Haga á Árskógsströnd, hefir í minu fulla leyfi rekid geldfje sitt á Þorvaldsdal, arid 1877, þetta hefi jeg leyft honum sem bóndi á hálfri jördinni Stærra-Árskógi er á heimtingu á 19 kúgilda upprekstri á Þorvaldsdal. [...] Hjer med gef jeg til kynna ad bóndi Guðmundur Gudlögsson á Stærra-Árskógi, hefur haft fullt leyfi fyrir frá minni hálfu, sem bóndi á ½ Stærra-Árskógi ad reka [o]g taka á Þorvaldsdal 9 kúgildi.³⁰⁷

Davíð Guðmundsson vitnar um að eigandi Auðbrekku hafi tjáð honum munnlega að bóndinn á Syðri-Haga hafi þverneitað að greiða upprekstrargjald fyrir geldfé sitt á Þorvaldsdal til Auðbrekku. Það skjalfest þann 31. maí, árið 1878:

Jón Snorrason, búandi og eigandi jardarinnar Audbrekku í Möðruvallaklausturssókn, hefir tjáð mér það munnlega, að Jóhann sjálfseignarbóndi Einarsson í Sydri-Haga þverneiti ad borga sér upprekstrargjald fyrir geldfe sitt á Þorvaldsdal, sem Jón Snorrason kveðst eiga heimting á, med því ad Þorvaldsdalur sé ítak eignarjarðar sinnar Audbrekku og bedid mig ad kalla sig og Jóhann bónda Einarsson fyrir sættanefndina í Möðruvallakl. sáttaumdæmi, til þess ad sætt verði reynd í téðu efni ella málinu vísad til landslaga og réttar. Fyrir því innkallast þeir Jón bóndi Snorrason í Audbrekku og Jóhann bóndi Einarsson í Sydri-Haga til þess ad mæta fyrir sættanefndina í Möðruvallakl. sáttaumdæmi á sáttafundi sem haldinn verður fimtudaginn 6. næstk. júní mánaðar. Hlutadeigendur baka sér ábyrgd med óhlýdni vid sættalögin. Kærandi ámi[nni]st um löglega birting þessa fyrir kalls, er skilist undirskrifuðum ad aflokinni birtingu.³⁰⁸

³⁰⁴ Skjal nr. 2(84).

³⁰⁵ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka Eyj. IV. B.29. (db.gr.nr. 417).

³⁰⁶ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka Eyj. IV. B.2. (db.gr.nr. 433).

³⁰⁷ Skjal nr. 2(233) a-b.

³⁰⁸ Skjal nr. 2(234) a-b.

Að Syðri Reistará, þann 6. júní árið 1878, kom fram hjá sáttanefndinni í umdæmi Mödruvallaklausturs kirkjusóknar að málsaðilar í deilu Auðbrekku og Syðri-Haga hafi ekki viljað þýðast hvor annars tillögur, og vísaði nefndin málinu til landslaga og réttar:

Sáttanefndin í Mödruvallakl. kirkju sóknar sáttaumdæmi vitnar hér með, að það mál, sem framanskrifud ákæra hnígur að, var að undangengnu löglegu fyrirfalli tekið fyrir í sáttanefndinni, en þar sættum ekki varð komid á í málinu af því að málspartar vildu ekki þýðast hvor annars tillögur, er málinu vísad til landslaga og réttar. Bádir málspartar komu sjálfir á fundinn.³⁰⁹

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu kunngjörði að bóndinn á Syðri-Haga vildi ekki greiða upprekstrartoll til bóndans á Auðbrekku vegna reksturs hins fyrrnefnda á Þorvaldsdal og stefndi honum fyrir aukarétt sýslunnar. Það var gert á skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, þann 8. júní árið 1878:

Stephan Thorarensen sýslumad[ur] í Eyjafjardarsýslu gjörir vitanlegt, að þared Jón bóndi Snorrason í Audbrekku hefir óskad bóndann Johann Einarsson á Syðri-Haga innstefnann fyrir rjett útaf því að nefndur Johann ekki vill borga upprekstrartoll fyrir fje það er hann rekur á aftjettinn „Þorvaldsdal“ er talinn er að heyra undir jördina Audbrekku, þá innstefnist hjermed ofannefndur Johann bóndi Einarsson á Syðri Haga til að mæta fyrir aukarjetti Eyafjardarsýslu a laugardag þ: 29^{da} þ.m. kl. 12 á hádegi verður settur að þingstadnum Arnarnesi til þess, þar og þá að hlída á kjæru sækjanda, sjá skjölin rjett lögd, svara til sakar og þola dóm eptir uppástandi því er gjört verður ef sækjanda máli þan[nig] vidkomandi.³¹⁰

Eigandi Auðbrekku lagði fram ný málsgögn og krafði bóndann í Syðri-Haga um upprekstrartoll fyrir árið 1877 sem og um málskostnað. Því næst lagði eigandi Auðbrekku málið í dóm, með nauðsynlegum fyrirvara, eins og hann kemst að orði í skjalinu, sem er dagsett þann 23. maí, árið 1879. Skjalið var framlagt fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu sama dag og ár og hljóðar svo:

Til framhalds sókn minni í málinu gegn Jóhanni bónda í Haga, er tekið var fyrir 3. júlí síðast liðinn og þá var frestað um ótiltekinn tíma, leyfi eg mér nú að fram leggja ýms ný málsgögn, er eg hef orðið að útvega mér, einkanlega í skjalasafni íslenzku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn. Verjandi hefir fært fram sér til sýkna upprekstrar leyfi dagsett 20. maí 1878 frá ábúandanum á hálfum Stærra-Árskógi G. Guðlaugssyni með áteiknaðri heimild frá prestinum samastaðar. En þessari vörn verjanda, verð eg að mótmæla sem ógildri og ástæðulausri, og það af fylgjandi ástæðum. Fyrst er það, að eg get eigi skilið upprekstrar rétt Stærra-Árskógs fyrir 18 geldfjarkúgildi í afrétt Auðbrekku á Þorvaldsdal öðruvísi en svo, að það sé fyrir geldfjár kúgildi staðarins eður heimajardarinnar Stærra-Árskógs en eigi réttur til framláns handa nokkrum öðrum útifrá. Er þessi skilningur minn að ætlun minni bæði samkvæmar eðli málsins sjálfs og almennum réttarreglum um framlán, og svo styrkist hann við samanburð á öðrum stað í hinu framlagða eptirriti af Árna Magnússonar

³⁰⁹ Skjal nr. 2(235) a-b.

³¹⁰ Skjal nr. 2(236) a-b.

jarðabók. Þessi samanburðarstaður er undir jörðinni „Stórabrekka“. Þar segir svo: „Upprekstur; fram kemur að þessi jörð eigi á Þorvaldsdals dal, lamba einungis fyrir utan toll“. Hér er þá sagt að jörðin Stórabrekka eigi lambaupprekstur frían á Þorvaldsdal. Ef nú ábúandi Stórubrekku vildi skilja þenna upprekstrar rétt sinn svo sem hann mætti nota hann til framláns eður afhendingar handa öðrum, þá leiddi þaraf að svo mörg lömb mætti reka toll-laust í hans leyfi sem vera vildi. En auðsætt er að slíkt getur ekki verið meiningin heldur verður að skilja eður einskorða orðin „upprekstur lamba“ við upprekstur lamba á heimajörðinni Stórubrekku því orðið „einungis“ á við lömb í þeim sama skilningi sem sagt væri: bara fyrir lömb en eigi annað geldfé á heimajörðinni. Þegar vér nú heimfærum þenna samanburðarstað uppá Stærra-Árskóg er eg ætla í alla staði rétt að gjöra, þá verður meiningin þessi. Stærra-Árskógur á frían upprekstur á Þorvaldsdal fyrir einungis 18 geldfjárukúgildi heimajarðarinnar, eins og jörðin Stórabrekka á frían upprekstur á Þorvaldsdal fyrir einungis lömb heimajarðarinnar. Framlán eður yfirfærsla upprekstrar réttarins til annars, manna úti frá á sér því eigi stað á hvorugri jörðinni Stærra-Árskógi eður Stórubrekku. Í annan stað get eg og sannað að ábúendur Stærra-Árskógs hafi téð ár 1877 sjálfir notað þenna upprekstrar rétt sinn fyrir 18 geldfjár kúgildi, þegar þess er gætt að presturinn séra Tómas tók til uppfyllingar við heimaféð af bóndanum á Birnunesi svo hlítur og geldfé ábúandans að hjáleigunni Hrafnagili að teljast með geldfénu á heimajörðinni. En mér finst að sönnunarskildan eigi hvíli hér á mér, heldur sé mér nóg svo sem eg þegar gjört hefi, að mótmæla rétti Stærra-Árskógs ábúanda til að afhenda téða upprekstrar heimild sína til nokkurs annars manns, meðan þar eigi færa neina sönnun fyrir þeirri heimild; en ef þeir reyna til að gjöra það, þá er eg reiðubúinn til að sanna að þeir hafi eigi mátt ljá verjanda þann upprekstrar rétt, er þeir þegar höfðu notað sjálfir handa sjálfum sér. Að því verjandi hefir eigi fært aðra vörn fram sér til sýknu, skal eg eigi orðlengja frammar um þetta mál, en eg áskil mér rétt til frekari munnlegrar útlistunar og til fleiri gögn fram að leggja, ef þörf gjörist. Verður því mín réttarkrafa: 1). Að verjandinn Jóhann bóndi Einarsson í Sydri Haga greiði mér akveðinn upprekstrar toll fyrir sumarið 1877, með 5 kr. 2). Og ennfremur málskostnað með 30 kr. Legg eg svo málið í dóm með nauðsýnlegum fyrirvara.³¹¹

Bóndinn á Syðri-Haga gerir grein fyrir sínum sjónamiðum varðandi geldfjárupprekstur á Þorvaldsdal. Hann vill meina að málið sé honum óviðkomandi og telur að það standi upp á eiganda Auðbrekku annars vegar og eiganda Stærra-Árskógs hins vegar að útkljá málið sín á milli. Bóndinn á Syðri-Haga krefst sýknu af kærnum og kröfum sækjanda málsins og að sækjandinn sé dæmdur til að greiða sér málskostnað. Þetta var skjalfest að Syðri-Haga þann 23. júní, árið 1879:

Um leid og jeg skila hinum heidrada rjetti þeim skjölum er jeg hefi feingid lánud vidvík[j]andi máli því sem Jón bóndi Snorrason í Audbrekku hefir höfðad gegn mjer firir geldfjárupprekstur á Þorvaldsdal sumarid 1877, skal jeg leifa mjer ad fara um málid nokkrum ordum. J sóknarskjali því er sakandi hefur framlagt í máli þessu, reinir hann ekki tilad framfæra annat máli sínu til stirkíngar heldur enn það, ad umráða

³¹¹ Skjal nr. 2(237) a-b.

madur Stærráskógs hafi engann rjett eda heimild haft til ad leifa mjer upprekstur á Þorvaldsdal þad sumar er hjer rædir um, þó sakandi ekki neiti því ad Stærráskógur eigi upprekstrarland á dalinn firir ákvedinn fjölda s[a]udfjár auk annara skepna. Þetta vill sækjandi skilja svo ad Stærráskógs menn þurfi sjálfsagt ad eiga fjed sjálfir og megi ekki nota landid firir annara fje, ef þeir annad kvort ekki hafi fjed til ad filla þessa ítölu, eda þeir skildu reka sitt eigid geldfje á adra afrjett, utanum þessa hugsun sníst alt sóknarskjalid og þessi áliktun sakanda er sá eini grundvöllur sem hann biggir á. Jeg vona nú ad jeg þurfi ekki ad eida mörgum ordum ad sína og sanna ad þetta mál er mjer med öllu óvidkomandi, þarsem þad er landa þrætumál milli jardanna Audbrekku og Stærráskógs, umsjónar madur hinnar sídar töldu jardar álitur sig eiga afrjett eda upprekstur á Þorvaldsdal á ákvedinn part dalsins, jeg veit ekki kvad mikinn, því jeg þekki ekki hans heimildarskjöl edur máldaga og hef ungva ástædu til ad grenslast eptir slíku, enn med því ad ljá mjer og fleirum upprekstur hefir hann sínt ad hann álitur sig eiga rjett til landsins og jeg á ekki ad svara til þess á kvurju sá rjettur er bigdur; enn jeg þikist vera sannfærdur um, ad rjettur hans mun vera eins góður og gildur eins og rjettur sakanda. Nú med því jeg hefi feingid upprekstrarleyfi hid umrædda ár 1877 hjá Stærráskógsmanni og ordid á sáttur vid hann um þad efni, þá er þad nokkud kímlegt ad sakandi skuli berja þad fram blákalt, ad jeg eigi ad svara hjér til sakar enn ekki umrádamadur Stærráskógs, þar sem þó sækjandi kannast vid ad Stærráskógur eigi afrjett á Þorvaldsdal, Dæmi þad sem sækjandi tekur af upprekstrarrjetti Stórubrekku á ekki vid, med því þar er ekki getid um neina tölu eda takmörk, eins og ad því leiti er Stærráskogi vidvíkur. Málid stendur í stuttu mali þannig af sjer: Audbrekkumadur þikist eiga meiri hluta afrjettar á Þorvaldsdal, Stærráskógsmadur þikist einnig eiga þar afrjett, badir hafa tekid fje til upprekstrar af ödrum búendum og hinn sidartaldi þar á medal af mjer, hinn firtaldi hefir hreift ágreiningi um eignar takmörkunn þeirra í milli; enn í stadinn firir ad útkljá þann ágreining vid þann sem á afrjettina móti honum krefst hann ad jeg sem hef feingid til leigu afnot af Stærráskógs afrjett, gjaldi sjer líka afrjettartoll, þó jeg ekki hafi feingid upprekstur i hans land. Málid er þannig ránglega höfðad móti mjer sem ungva skildu gjét haft til ad gjalda odrum leigu enn þeim, er hefir leigt mjer. Enn allur ágreiningur um eignartakmörkunn milli þessara manna er mjer med öllu óvidkomandi. Af framann greindum ástæðum leifi jeg mjer virdingarfilst ad koma framm med þá rjettar kröfu: 1). Ad jeg sje dæmdur síkn af kjærum og kröfum sækjanda. 2). Ad sækjandi Jón Snorrason sje dæmdur til ad borga mjer 12 krónur sem endurgjald firir þann kosnad, tímatöf og ferdalög, er hann hefur bakad mjer med þessari órjettu málshöfðun gjegn mjer.³¹²

Þrátt fyrir ítarlega leit hefur dómur í þessu máli ekki fundist í Þjóðskjalasafni Íslands og ekkert er að finna í öðrum heimildum, prentuðum eða óprentuðum um að dómur hafi fallið í málinu.

Þann 5. júlí árið 1879 óskaði Jón Snorrason bréflaga eftir því við sáttanefnd Möðruvallasáttaumdæmis að hún kallaði Jóhann Einarsson bónda á Syðri-Haga fyrir nefndina ásamt sér sjálfum. Jón óskaði þessa fyrir hönd umbjóðanda síns, Arnþórs Árnasonar bónda í

³¹² Skjal nr. 2(238) a-b.

Moldhaugum en Arnþór hafði farið þess á leit við Jón að ná rétti sínum hjá þeim mönnum er ráku fénað á Þorvaldsdal, þá er Arnþór bjó á Auðbrekku, en neituðu að greiða toll.³¹³

Þann 4. júlí árið 1882 seldi Jón Snorrason eigandi Auðbrekku frá sér hluta af afréttarlandinu Þorvaldsdal fyrir 1.000 krónur til fjölda manna.³¹⁴

Á manntalsþingi að Skriðu í Saurbæjarhreppi, 2. júní 1887, voru þinglesin landamerki Auðbrekku, ódagsett. Var þeim ekki mótmælt.³¹⁵ Þau eru svohljóðandi:

A. Aðalummerki torfunnar.

Að utan er Húsá, þar sem hún kemur ofan milli Auðbrekkufjalls og Dunhagahnjúks, ofan fyrir svonefnda Sveigshóla, þá eptir merkjagarði, sem liggur á ská utantil á Auðbrekku móum, þartil hann þrýtur, beina línu niður Silungamýri, eptir sömu stefnu, sem merkjagarðurinn á bökkum (sem liggur framað Hörgá) ræður. – Að sunnan er fremra Kálfahjallagil, bein sýn úr því í Bláhól, miðjan, og þaðan bein sjónhending niður í Hörgá; sem ræður einsog hún rennur niður móts við Krossastaðamó, og sunnan verðan Laugalandshólma, vestan til á honum er gamall árfarvegur utanvið Glæsirsnes, sem aðskilur land Laugalands og Auðbrekkutorfu til garðs þess á bökkum sem áður er nefndur. Torfan á sambeit í Auðbrekkufjalli, bökkum og Reit að Fornhagalandi, sömuleiðis frýan upprekstur og grasatekju áafrejtinum Þorvaldsdal. –

2. Tún og heimaengi.³¹⁶

J. Einarsson skrifaði undir í umboði skiptaráðandans í dánarbúi Jóns Snorrasonar. Bréfið var samþykkt af J. Einarssyni vegna Hátúns, P. Þ. Friðfinnsson samþykkti hvað áhræddi merki milli túnanna í Auðbrekku og Svíra og um bithaga en ekki merkjum yfir Silungamýri, Árni J(óns)s(on) (eyða í handriti), Júlíus Jónsson, samþykkur vegna Brakanda í umboði ekkjunnar Margrétar Halldórsdóttur og J(ón) Gunnlögsson vegna Hólakots.

Fram kemur í búskaparsögu Skriðuhrepps hins forna að Auðbrekkuland hafi að hluta verið selt skömmu fyrir 1900. Segir svo:

Utan við Fornhaga tekur við Auðbrekkutorfa og nær allt út að Stóra-Dunhaga. Er það Auðbrekkuland sem fyrr var, og mun vera hér um bil fimm kílómetrar enda milli. Auk þess átti Auðbrekka áður Þorvaldsdal allan út af landamerkjum fremstu bæja í dalnum utanverðum. Var dalurinn, skömmu fyrir síðustu aldamót, seldur undan, en upprekstrarrétti haldið fyrir Torfubæi alla.³¹⁷

Þessi landsala úr landi Auðbrekku, sem getið er á undan, fór fram árið 1882 og var hún færð til bókar í veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.³¹⁸

Jeg undirskrifaður Jón Snorrason til heimilis á Auðbrekku gjöri með brjefi þessu heyrinkunnugt; að eg vil frá mjer og mínum erfingjum landeign mína, afréttarlandið Þorvaldsdal, frá Þverá þeirri, er nærst fellur Kúgilsáli með Fögruhlíð, Nautárdal,

³¹³ Skjal nr. 4(170).

³¹⁴ Sjá nánar umfjöllun um Þorvaldsdalsafrétt.

³¹⁵ Skjal nr. 2(351). Auðbrekka. Eyj. IV. B.30. (db.gr.nr. 1302).

³¹⁶ Skjal 2(29) a-b.

³¹⁷ Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi hinum forna*, Ritsafn IV, Akureyri, 1983-1985, bls. 23.

³¹⁸ Fjallað er nánar um þessa landsölu í kafla 5.4.3.

Vesturhlíð, Lambárdal, Jllagilsdal og Tröllatungu, allt í ána syðri, er kemur ofan midjan Tungudal; ummerki að austan eru; frá Ytra Hestahrauni og í garð þann að innan, er liggur úr Axlarbótinni fyrir ofan Fornhaga og ofaní Tungu á.

Þessa landeign mína, afrjettarlandið Þorvaldsdal með þeim örnefnum og ummerkjum er nú eru talin, sel eg nokkrum bændum í Arnarneshrepp, lausa úr öllum vedsetningum og notkunarrjetti nokkurra manna annara en kaupenda, þegar undan er skilinn fri upprekstur og grasa tekja fyrir jörðina Auðbrekku og allar hjáleigur þeirrar jardar ásamt Fornhaga, og fri upprekstur fyrir 18 kúgildi auk stóðhrossa og kúa, sem tilheyrir jörðinni og prestsetrinu Stærra-Árskógi. Landeign þessa sel eg fyrir 1000 kr.- eitt þúsund krónur, sem borgist þannig 400 kr. fyrir lok júlí mánaðar og 600 kr. fyrir næstu október mánaðar lok.

Seljandi ábyrgist söluna, en kaupendur haldi kaupi sínu til laga í sinn kostnað.³¹⁹

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Auðbrekka eigi frían upprekstur á „Þorvaldsdal“.³²⁰

Í fyrra bindi ritsins *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, og gefið var út árið 1993, kemur eftirfarandi fram um Auðbrekku:

Í Auðbrekku var kirkja til forna og þar bjuggu löngum höfðingjar og prestar. [...] Hólkot, sem fór í eyði 1965, er nytjað frá Auðbrekku [...]. Auðbrekka átti forðum Þorvaldsdal sunnanverðan beggja vegna, allt að löndum bæja á Árskógsströnd, en þetta land var selt og er nú í eigu Arnarneshrepps. [...] Landi Auðbrekku hefur ekki verið formlega skipt [árið 1993], en ábúandi hér nýtir ytri hluta jarðarinnar og skógarreitarsins.³²¹

Þess má geta að eyðijörðin Hólkot er í um 1 km fjarlægð suðvestur af Auðbrekku. Um Hólkot er fjallað í kafla 5.4.4.6.

5.4.4.5 Brakandi

Landamerkjabréf Brakanda var útbúið 9. maí 1886. Það hljóðar svo:

Landamerki jarðarinnar Brakanda í Skriðuhreppi liggja þannig: Að sunnan, úr syðsta Kálfahjallagili í miðjan Bláhól og þaðan bein sýn í Hörgá niður. Að utan ræður vatnsveitingagarður er liggur uppá milli Bláteigs og Brakanda eingis, og svo bein sýn úr honum í læk þann, er rennur heim að Bláteig, þar sem beygjist heim þangað, og síðan fylgja merkin áðurnefndum læk það sem slæjur ná til fjalls. Bithagi er óskiptur milli Auðbrekkutorfu og Brakanda, að ofan og neðan, og er því brúkaður eptir samkomulagi, eða í sameiningu.

Einnig á Brakandi frían upprekstur á Þorvaldsdal fyrir allar þær skepnur, er ábúanda tilheyrja, ennfremur grasatekja í sama dal.³²²

³¹⁹ Skjal nr. 2(288) a-b.

³²⁰ Skjal nr. 2(92).

³²¹ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 438.

³²² Skjal nr. 2(27).

Bréfið var fært inn í landamerkjabók sýslumanns, en ekki liggur fyrir hvenær það var þinglesið.

Í fasteignamatinu 1916-1918 segir að jörðin Brakandi eigi „rjett til uppreksturs á afrjett (Þorvaldsdal?)“.³²³

5.4.4.6 Hólkot

Landamerkjabréf Hólkots var útbúið 1. júní 1887 og þinglesið degi síðar. Það hljóðar svo:

Að sunnan frá kýl, þar sem lækjarskurður hinn nýi fellur í hann og eptir þeim læk beina sjónhendingu í Ytra-Kálfahjallagil, það upp sem slægjur ná. Að vestan frá kíl bein stefna eptir vatnsveitingagarði frá Hátúni upp lág, eða skorning þann, sem liggur eptir stefnunni beint í stóran stein uppá höllum þar sem slægjur enda. Að neðan ræður kíllinn. Að ofan hinn sameiginlegi bithagi torfunnar. Auk þess á jörðin óskipt sambeitarland í Auðbrekkufjalli, og í bökkum fyrir neðan kíl og Reit að Fornhagamerkjum. Ennfremur frían upprekstur fyrir geldpening og grasatekju í afrjettinum „Þorvaldsdal“.³²⁴

J. Gunnlögsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Einarssyni er samþykkti að því er Auðbrekku og Hátún snerti í umboði skiptaráðanda dánarbús Jóns Snorrasonar.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Hólkot eigi frían upprekstur á „Þorvaldsdal“.³²⁵

5.4.4.7 Hof

Hof er talið upp á meðal jarða Möðruvallaklausturs í reikningi, frá 6. nóvember 1447, sem Sigurður pírór Jónsson gerði fyrir Gottskálki Kenekssyni Hólabiskupi.³²⁶ Jörðin er enn í jarðasafni Möðruvallaklausturs í elsta hluta Sigurðarregisturs og í klaustur-reikningum frá 1569-1570.³²⁷

Í jarðabók Möðruvallaklausturs frá 1632 stendur að Hof liggi í eyði.³²⁸

Á manntalsþingi að Hvammi á Gálmarsströnd í Hvammshreppi, 20. maí 1704, var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Hofi, liggjandi í Hvammshreppi. Efni lögfestunnar liggur ekki fyrir en henni var ekki mótmælt.³²⁹

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er jörðin Hof sögð vera 30 hundruð að dýrleika árið 1713. Segir svo um upprekstur á Þorvaldsdal árið 1713:

Upprekstur á Þorvaldsdal fyrir toll.³³⁰

³²³ Skjal nr. 2(92).

³²⁴ Skjal nr. 2(28).

³²⁵ Skjal nr. 2(92).

³²⁶ Skjal nr. 2(118).

³²⁷ Skjöl nr. 2(125) og 2(120).

³²⁸ Skjal nr. 2(247) a-b.

³²⁹ Skjal nr. 2(351). Hof. Eyj. IV. B.03. (db.gr.nr. 7746).

³³⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 126.

Á manntalsþingi að Hvammi á Gálmarsströnd í Hvammshreppi, 16. maí 1730, lögfesti Gunnlaugur Þorvaldsson eignarjörð sína Hof á Gálmarströnd, að tilteknum takmörkum, og lagði forboð fyrir að jörðin yrkt yrði eður brúkuð væri innan nefndra marka.³³¹

Á manntalsþingi að Hvammi á Gálmarsströnd í Hvammshreppi, 17. maí 1740, lögfesti Þorvaldur Gunnlaugsson eignarjörð föður síns, Hof, til ákveðinna merkja og óskaði að ef nokkur hefði þar á móti að segja, að gefa sig fram, og það gerði enginn.³³²

Afrétta Hofs er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.³³³

Í jarðamatinu 1849 eru búfjárhagar Hofs metnir þröngir og kostalitlir.³³⁴

Landamerkjabréf Hofs í Möðruvallaklaustursókn er ódagsett og ártals er ekki getið. Það er þó líklega samið síðla árs 1884 eða snemma árs 1885 sem ráða má af staðsetningu landamerkjabréfsins í landamerkjabókinni. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Til móts við Ásláksstaði ráða gamlar götur neðan í melnum sunnanfrá Hofsá út í melinn, sem gamla gatan heim að Hofi neðan af veginum liggur sunnan, frá þeim mel ræður skálina dregin uppí merkjastein niður undan vallargarðshliðinu á Hofi, þaðan lína dregin út og upp í stóran stein í Geldingahól, þaðan bein lína út eptir mýrunum allt úti línu, sem liggur beint í austur og vestur eftir Reiðholti úr Sauðhól að sjá í fjallinu og stórum steini á olboga í Reiðholtinu.

Til móts við Hvamm ræður fyrrnefnd bein lína í austur og vestur í Reiðholtinu dregin beint í vestur í stóran stein á olboga á Reiðholtinu, úr steininum beint uppí Sauðhól, sem kallaður er uppí á fjallinu og úr Sauðhól bein sjónhending í vestur til fjallsbrúnar.

Til móts við Ytra-Brekkukot og Litlu-Brekku og Brekkutorfu land til fjalls ræður Hofsá merkjum alt niður að þeim gömlu götum, sem áður er sagt að ráði merkjum milli Hofs og Ásláksstaða út frá Hofsá að sunnan og neðan verðu.³³⁵

J. S. Thorarensen skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda. Það var samþykkt af Þ. Danielssyni sem samþykkti fyrir hönd dánarbús J. Thorarensens vegna Hvamms, Þ. Danielssyni vegna Ásláksstaða, J. Guðmundssyni vegna Litlu-Brekku og J. Gunnlögssyni vegna Stóru-Brekku.

Á manntalsþingi að Arnarnesi í Hvammshreppi, 3. júní 1885, var lesin landamerkjaskrá Hofs og var henni ekki mótmælt.³³⁶

Fimm árum síðar, á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, 28. maí 1890, voru landamerki Hofs upplesin og ekki var þeim mótmælt.³³⁷

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Hofs séu þinglesin en ekki eru þau dagsett.³³⁸

³³¹ Skjal nr. 2(351). Hof. Eyj. IV. B.05. (db.gr.nr. 6427).

³³² Skjal nr. 2(351). Hof. Eyj. IV. B.05. (db.gr.nr. 12237).

³³³ Skjal nr. 2(79).

³³⁴ Skjal nr. 2(84).

³³⁵ Skjal nr. 2(38).

³³⁶ Skjal nr. 2(351). Hof. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1176).

³³⁷ Skjal nr. 2(351). Hof. Eyj. IV. B.30. (db.gr.nr. 1026).

³³⁸ Skjal nr. 2(92).

5.4.4.8 Stóra-Brekka (Arnbjargarbrekka)

í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713 segir frá ítaki Stóru-Brekku (Arnbjargarbrekku) í Þorvaldsdal. Segir svo í sömu heimild:

Upprekstur frammkemur að þessi jörð eigi á Þorvaldsdal, lamba einúngis, í Vatnshlíð á millum hraunanna, fyrir utan toll. [...] Þetta ítak á jörðin, skógarpart nokkurn fyrir utan það pláss í sveitinni í Yxnadalnum, sem nefnist Misjálfsstaðir, en hvað langt, kemur hjer ei skýrlega framm.³³⁹

5.4.4.9 Stærri-Árskógur

Máldagi kirkjunnar á Árskógi er varðveittur óheill í máldagabók Auðunar rauða Þorbergssonar biskups, frá 1318, en þar kemur ekkert fram um jarðeign né ítök.³⁴⁰ Samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulássonar, frá 1394 og síðar, þá á kirkjan í Árskógi:

Tuttugu kugillda gelldfiar rekstur j faugru hlijd og ad auk svijnum og stodhrossum. grasalestur. huanskurdur. fuglveydur og fiska.³⁴¹

Geldfjárreksturs kirkjunnar í Árskógi er ekki getið í vísitásiugerð Jóns biskups Vilhjálms-sonar, frá 1429.³⁴² Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461 og síðar, kemur eftirfarandi fram:

Kirk(i)a hins heilaga johannis baptiste j arskoghi a allt heimaland. þetta j rekum. alla reka ath helminge vidr selaa oc flutningar oc aull aunnur fiorugaugn ath helminghe oc tolf fedmings skvrd i sommu jord aarliga. ok naustzgiord æfinliga aa hauganesi ef vill med fiskveri. xx. kugillda gellfiar rekstr j foghrvhlid oc at aauk svinum oc stodrossvm. grasalestr oc hvanna skurdr. fuglveidr og fiska.³⁴³

Tólf presta dómur var útnefndur af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni, 5. júlí 1462 á prestastefnu á Eyrarlandi, til að dæma á milli Sigurðar priors vegna Möðruvallaklausturs og séra Jóns Halldórssonar vegna staðarins í Árskógi um selför í Hrafnagilssel á Þorvaldsdal. Sigurður prior hafði kært séra Jón fyrir að hafa ranglega haldið og haft klaustursins selför Hrafnagilssel á Þorvaldsdal leyfislaust í 5 ár. Oddur Þorsteinsson sór eið þess efnis að umrædd selför hafi verið eignuð Möðruvallaklaustri átölulaust í 50 ár. Sömuleiðis sór Þorsteinn Þorsteinsson eið þess efnis að hann hafi heyrt fyrrnefnda selför eignaða klaustrinu af sér eldri mönnum í mörg ár. Jafnframt sagði hann að síðastliðin 26 ár hafi hann heyrt af formönnum klaustursins að Hrafnagilssel væri gömul eign klaustursins sem haldin hefði verið átölulaust. Dómsmenn dæmdu:

[...] þessa optnefnda selfor hrafnagils sel eign klaustursins a modruuollum nema sýra ion synde ok sueria lete med fullum bokareide firir michelsmesso j haust heima a modruuollum tuo loglig uitni firir biskup olafi edr hans umbodsmanni anan jon asmundzson en þan annan er samburda yrde vid þan vitnisburd er nefndr jon hafde

³³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 127.

³⁴⁰ Skjal nr. 2(130).

³⁴¹ Skjal nr. 2(141).

³⁴² Skjöl nr. 2(134) og 2(140).

³⁴³ Skjal nr. 2(124).

handfest sira jone halldorssyni ok vpp var lesin a prestastefnunne at stadurin j arskoge ætte þessa optnefnda selfor hrafnagils sel. ok sira jon skyllidugan at sueria nu hier a prestastefnune at vænaz þeim einum vitnum er hann hugde sanenda vitne vera.³⁴⁴

Fram kemur í máldaga Stadarárskogs (Stærra Árskógs) frá því eftir 1590 að kirkjan eigi geldfjárrekstur í Fögruhlíð.³⁴⁵ Hið sama stendur í vísitasíum kirkjunnar frá; 1631³⁴⁶, 19. ágúst 1692³⁴⁷, 18. september (1713)³⁴⁸, 22. júní 1748³⁴⁹ og 27. júlí 1769³⁵⁰. Rétt er einnig að geta þess að í vísitasíu kirkjunnar frá 2. ágúst 1729 er hún sögð eiga allt það átölulaust sem hún átti í vísitasíunni 1715³⁵¹ og að í vísitasíu kirkjunnar frá 27. júlí 1760 stendur að kirkjan haldi því sem máldagar og vísitasíur eignu henni nema hvað að kirkjuhaldarinn segir sig ekki njóta fjörugagna móts við Vallnakirkju í Selá.³⁵²

Í skjali, sem er að öllum líkindum frá því 1673, er að finna vitnisburði fáeinna manna sem þeir gáfu nokkru áður um Selársel á Þorvaldsdal í landi Stærra-Árskógskirkju. Eitt vitnanna, Gísli Sigurðsson, gat þess að þegar hann hefði verið vinnumaður hjá séra Magnúsi Ólafssyni í Stærra-Árskógi hefði hann sagt sér að samkvæmt máldaga Stærra-Árskógs ætti Selá selstöðu í Þorvaldsdal í Árskógskirkjulandi. Annað vitni, Gísli Sigurðsson er búið hafði í hreppnum í 40 ár, gat þess að hann hefði aldrei heyrt um deilur milli prestsins í Stærra-Árskógi og ábúenda Selár um áður nefnda selstöðu fyrir en fyrir nokkrum árum. Vitnisburður Gísla er frá 20. júlí 1653. Þriðja vitnið, Jón Guðmundsson er gaf sinn vitnisburð 21. ágúst 1653, gat þess að hann hefði iðulega heyrt þau munnmæli að Selárkot ætti selstöðu í Stærraárskógslandi. Fjórða vitnið, Magnús Benediktsson sem búið hafði á Selárbakka í sextíu ár og þar nálægt önnur fjórtán, sagðist ekki vita til þess að prestar í Staðar-Árskógi (Stærra-Árskógi) hefðu heimilað Selárábúendum að nota selstöðu á Þorvaldsdal eftir eigin geðþótta og að þeir hefðu aldrei leigt selið sem nefnt væri Selársel. Vitnisburður hans er frá 5. júní 1660. Fimmta vitnið, Vigdís Guðmundsdóttir sem hafði verið á Árskógsströnd að mestu í sjötíu ár gaf sinn vitnisburð 5. júní 1660. Sagðist hún ekki vita annað en að Selá ætti selstöðu í Þorvaldsdal. Hefðu prestar á Staðar-Árskógi (Stóra-Árskógi) skyldað Selármenn til að flytja í selið og tekið leigu fyrir. Vitnisburður sjötta vitnisins, Orms Snjólfssonar, sem verið hafði á Árskógsströnd í um fimmtíu ár, er frá 1. júní 1660. Í honum kemur fram að hann hafi fyrst nýlega heyrt vafa leika á því að Selá ætti selstöðu í Þorvaldsdal. Einnig gat hann þess að hann hefði ekki vitað annað en að prestar á (Staðar-Árskógi) Stærra-Árskógi ömuðust ekki við þessari selstöðu. Sjöunda vitnið, Þorbjörn Guðmundsson, gat þess að faðir sinn hefði búið að Selá í átján ár og að tveir prestar hefðu skikkað hann til þess að hafa í seli því býlið ætti selstöðu í Þorvaldsdal.³⁵³

³⁴⁴ Skjal nr. 2(153).

³⁴⁵ Skjal nr. 2(106) a-b.

³⁴⁶ Skjal nr. 2(107) a-b.

³⁴⁷ Skjal nr. 2(108) a-b.

³⁴⁸ Skjal nr. 2(109) a-b.

³⁴⁹ Skjal nr. 2(110) a-b.

³⁵⁰ Skjal nr. 2(111) a-b.

³⁵¹ Skjal nr. 2.

³⁵² Skjal nr. 2.

³⁵³ Skjal nr. 2(194) a-b.

Jörðin Stærri-Árskógur er kirkjustaður og beneficium, metið um 40 hundraða jörð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713. Um upprekstur segir eftirfarandi í jarðabókinni:

Gelfjárupprekstur xviii kúgilda í Fögruhlíð (það er í afrjettinn á Þorvaldsdal) vestan fram, að auk svínnum og stóðhrossum. Grasalestur og hvannskurð, fuglveiðar og fiska, er þar og eignuð kirkjunni eftir máldögum, en það er nú ekkert og hefur ei verið í manna minni, nema grasatekjan. Ekki vita menn að nein þessi ítök sjeu undan staðnum gengin, en brúkast stundum en stundum ei.³⁵⁴

Ekki er getið um afrétt við jörðina Stóra-Árskóg í jarðamatinu 1804. Hins vegar eru nefndar til tvær eyðihjáleigur sem tilheyra jörðinni, en það eru Þórhallakot og Hafurstaðir.³⁵⁵

Þann 10 júní 1823 útbjó Jón Jónsson prestur á Stærri-Árskógi lögfestu fyrir jörðina. Í henni getur hann þess m.a. að hann lögfesti:

[...] með nefndri Jörðu undir hana frá Fornöld liggjandi Eydiþjarda – Hávardarstada Hrafnagils, Þórhallastada, Stadar- og Steinkotalendur allar til þessara Landamerkia;

J nordaustur Horni Stærrárskógs lands standa Steinar þeir er Klofasteinar heita og soköllud mjóEyri við Þorvalldsdalsá, þadan rædur hin áminsta á landamerkið, einlægt að nordan og vestan til Fialla upp, allt framad svonefndum Refslæk sunnan til við Kúgils Hraun, til móts við aubreku land í Hörgárdal; gegnum téðann Læk réttýnis til austurs yfir Vatnshlydar Höfud og Mióadal til hæstu Brúnar á Kötlu Fjalli, soleingi sem Vatni veitir vestur af; allt hid nærstnefnda Fjall að vestanverdu og austur yfir Háls þann er norduraf því liggur nedan svonefnda Hrutakletta ofaneptir gardi þeim hinum gamla og fleiri kennimerkjum sem adskilja árskógs og KálfsSkinna-Lönd [...]

Lögfesti eg hérad auk eptir máldaga Péturs Biskups 1394 og [Péturs – og, ofan línu] Olafs Biskups Rögnvaldssonar af 1461, alla Reka að helfmíngi vidur Selá, og Flutningar og öll önnur Fjörugögn, að Helfmíngi og xij Fedmings Skurd í sömu Jörd árlega og Naustagjörd æfinleg á Hauganesi ef vill med Fiskerie. – 20 Kugylla gelldfjár Rekstur í Fögruhlýd [...]³⁵⁶

Lögfesta Jóns Jónssonar fyrir jörðinni Stærri-Árskógi lesin upp, á manntalsþingi að Arnarnesi í Hvammshreppi, 11. júní 1823.³⁵⁷ Tveimur dögum síðar, á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardalshreppi, mótmælti Vallaprestur lögfestu fyrir landi Stærri-Árskógs, þeirri er fyrr getur frá 11. júní 1823.³⁵⁸

Á sáttafundi þann 31. ágúst 1824 var deilt um land er lá fram frá Hrafnagili í Þórhallsdal (Þorvaldsdal). Kom Stærri-Árskógur við sögu svo sem fjallað var um í kafla 5.4.4.4 um Auðbrekku.³⁵⁹

³⁵⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 108.

³⁵⁵ Skjal nr. 2(79).

³⁵⁶ Skjal nr. 2(192) a-b.

³⁵⁷ Skjal nr. 2(351). Stærri-Árskógur. Eyj. IV. B.15. (db.gr.nr. 8304).

³⁵⁸ Skjal nr. 2(351). Stærri-Árskógur. Eyj. IV. B.15. (db.gr.nr. 8318).

³⁵⁹ Skjal nr. 2(253) a-b.

Í jarðamatinu 1849 stendur um Stærri-Árskóg:

Stærriárskógur, beneficium, nú talinn hundraðalaus. Þessari jördu fylgir ein bygd hjáleiga, er heyrir undir beneficiumet, sem er kyrkjustadur, heitir hún **Hrafnagil** og liggur inni Þorvaldsdalnum, ~~og þar~~ er hefir tún og engi afskipt, en engin landamerki sér. Jördunni fylgja 3 óbygðar hjáleigur, er nefndar eru: Hávardarstadir, Þórhallakot og Steinkot.[...]

Stærriárskógskyrkju tilheyrir uppsátur á Hauganesi, sem er fyrir jardarinnar Selár landi, og hálf fjörugögn fyrir sömu jardarinnar Selár landi. – Þaradauki tiltölu til 19 kúgylda uppreksturs í svonefndri Fögruhlíð – afrétt, og virdist matsmönnum ad ítök þessi eigi ad metast med heimajördunni, þó ad kyrkjan eigi þau, þar ed ei hún, heldur ábúandinn, Beneficiarius, nýtur hagsmunanna þaraf.³⁶⁰

Fram kemur í vísitásiu Péturs Péturssonar biskups frá 26. júlí 1868 að Stærri-Árskógur eigi geldfjár-, svína- og stóðhrossarekstur í Fögruhlíð.³⁶¹

Á áttunda áratug 19. aldar áttu Auðbrekka, Stærri-Árskógur og Syðri-Hagi í deilum um upprekstur á Þorvaldsdal. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.4.4.4 um Auðbrekku.

Landamerkjabréf Stærri-Árskógs var útbúið 20. maí 1890 og þinglesið sjö dögum síðar. Það hjóðar svo:

Merki milli Birnness- og Stærriárskógs er garður, sem liggur utanfrá Þorvaldsdalsá suður fyrir neðan svonefnda Prestsklöpp heldur garður þessi áfram allt suður að Grásteini og aðgreinir Selár og (Stærriárskógs-lönd) úr Grásteini eru merkin milli Selár og Stærriárskógs bein stefna suður í svo- nefndan Stórapoll í Selárgrofum. Merki millum afrettarlands Arnarnesshrepps og Stærriárskógs eru þessi: Neðan frá á frá Ytrahestahrauni og beina línu á fjall upp. Milli Kálfskinns og Stærriárskógs eru þessi merki: Í suðausturhorni Stærriárskógslandi er landamerkjapúfa og frá henni ræður bein stefna norðanvert við Votukletta í miðja klöpp þá, sem stendur í svo nefndum Villingaborgum og í Grundarhnjúk, eiga þessi þrjú örnefni öll að bera saman, frá nefndri klöpp ræður hin sama stefna uppí miðjan háls – og svo í suður eptir hálsinum í svo nefnda Hrutakletta.³⁶²

J. Hallgrímsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jónasi Gunnlögssyni vegna Þorvaldsdalsafréttar og sem umboðsmaður Flóvents Sigfússonar í Kálfaskinni vegna Kálfskinns og Davíð Guðmundssyni vegna Birnness og Selár.

Þann 16. nóvember 1894 sendi séra Tómas Hallgrímsson á Völlum Davíð Magnússyni prófasti kvörtun Jóhanns Magnússonar bónda á Stærri-Árskógi yfir því að Sigurður bóndi á Selá ræki eða hefði rekið síðastliðin þrjú sumur búsmala sinn í land hans en Sigurður teldi sig eiga tilkall til þess eftir fornri venju. Samkvæmt Tómasi, sem hafði skoðað gömul vottorð og blöð sem tilheyrðu Vallaprestakalli var krafa Sigurðar ekki fráleit. Ítakið hefði hins vegar ekki

³⁶⁰ Skjal nr. 2(84).

³⁶¹ Skjal nr. 2(254).

³⁶² Skjal nr. 2(45) a-b.

verið notað í mörg ár jafnvel þótt samningar kynnu að hafa verið gerðir fyrir löngu síðan milli ábúenda Selár og Stærra-Árskógs.³⁶³

Davíð Magnússon prófastur sendi þann 3. desember 1894 bréf til stiftsyfirvalda til þess að kynna þeim hvað fram hefði komið í bréfi séra Tómasar um deilu Jóhanns og Sigurðar. Sagði hann að Jóhann kærði Sigurð útaf átroðningi á engi Stærra-Árskógs sem hlytist af búfjárrekstri Selárbónda. Sá teldi sig vera í fullum rétti því Selá hefði til forna átt mánaðar selstöðurétt í Stærra-Árskógslandi í Þorvaldsdal.

Síðan sagði prófasturinn að presturinn hefði látið ýmis vottorð fylgja með bréfi sínu er fjölluðu um selstöðurétt Selár og að á grundvelli þeirra teldi presturinn að Selárbóndi gæti átt tilkall til slíks ítaks eftir fornri venju. Meint ítak hefði hins vegar ekki verið nýtt mjög lengi, nokkuð sem væri í samræmi við fullyrðingar bóndans á Stóra-Árskógi sem teldi sig hafa heimildir fyrir því að Selármenn hefðu ekki gert tilkall til þess í yfir öld.

Að þessu sögðu gat prófasturinn þess að það væri sín skoðun að Selárbóndi kynni að hafa réttmæta kröfu til þess að hafa skepnur sínar í seli í ákveðinn tíma en það veitti honum ekki rétt til að vaða með fé sitt yfir land Stærra-Árskógs kvölds og morgna.

Prófastur lauk síðan bréfinu með því að vísa deilunni til stiftsyfirvalda.³⁶⁴

Stiftsyfirvöld svöruðu prófasti með bréfi dagsettu 29. desember 1894. Bréfið hefst á því að stjórnvöld staðfesta að ábúandinn á Stærra-Árskógi, sem tilheyrir Vallaprestakalli hefði kært að Selárbúandi, á grundvelli þess að jörðin hefði til forna átt mánaðarselstöðu í Stærra-Árskógslandi í Þorvaldsdal, ræki kvölds og morgna yfir sumartímann kvígur heiman frá sér og yfir engi Stærra-Árskógs. Einnig gátu þau þeirrar skoðunar prófastsins að þó Selá kynni að eiga þetta ítak hefði jörðin ekki rétt á að reka búfé sitt daglega yfir téð engi.

Síðan kemur fram að varðandi sjálfa deiluna furði stiftsyfirvöld sig á því að ekki sé endanlega búið að ganga frá landamerkjum þeirra jarða er fylgi Vallaprestakalli eða hafi verið lagðar til þess því að bréf landshöfðingja frá 9. apríl 1883 hafi kveðið á um að slíkt yrði gert. Prestinum á Völlum beri að gera skyldu sína í þessum efnum og mælast stiftsyfirvöld til þess við prófastinn að hann sjái til þess að presturinn fari eftir þeim fyrirmælum. Við það myndi koma fram sjónarmið um rétt Selár til mánaðar selstöðu í Þorvaldsdal.

Í lok bréfsins nefna stiftsyfirvöld síðan að hvort sem að Selá eigi ítakið eða ekki þá hafi ábúendur jarðarinnar ekki rétt til að nota engi Stærra-Árskógs með fyrrgreindum hætti og fara þau fram á að ábúandi jarðarinnar, eða Vallaprestur ef Árskógsbóndi geti það ekki, verndi hagsmunum prestakallsins og sjái til þess að hið opinbera banni þeim það.³⁶⁵

Þann 11. nóvember 1895 sendi séra Emil Guðmundsson á Kvíabekk kvörtun, fyrir hönd Selár, en sú jörð tilheyrði prestakalli hans, vegna ágangs Stærri-Árskógsábúenda á þá jörð til prófasts. Samkvæmt séra Emil var rót deilunnar að finna í gömlum máldögum sem sögðu að ábúandinn á Selá hefði heimild til að hafa mánaðar selstöðu hvert sumar fyrir búsmala sinn í Stærra-Árskógslandi gegn fríu uppsátri fyrir búendur Stærra-Árskógs og

³⁶³ Skjal nr. 2(112).

³⁶⁴ Skjal nr. 2(113).

³⁶⁵ Skjal nr. 2(114).

mótöku eftir eigin þörf. Samkvæmt Kvíabekkjarpresti hafði bóndinn á Stærra-Árskógi lengi notað ítak sitt í Selárlandi og hefði bóndinn þar ekki amast við því en sá hefði hins vegar ekki nýtt sér ítak sitt fyrr en fyrir tveimur eða þremur sumrum síðan. Fljótlega hefði hann orðið var við óánægju Árskógsbónda og svo fór að sá kærði málið til stiftsfirvalda sem bönnuðu Selárbónda að nota ítakið á þeim grundvelli að honum hefði láðst að geta þess í þinglesningu landamerkja Selár og því væri það fallið úr gildi.

Að þessu sögðu snéri séra Emil sér að kvörtun þeirri sem lá að baki bréfaskrifum hans og sagðist hana snúast um að bóndinn á Stærra-Árskógi teldi sig á grundvelli máldaga hafa rétt til frírrar og frjálsrar yfirferðar yfir engi Selár, auk uppsáturs- og sjóbúðaréttar, nokkuð sem Selárbóndi væri ósammála. Síðan sagði Emil að hann hefði kynnt sér þinglýsingar þær í landamerkjabók sýslunnar (Eyjafjarðarsýslu) er snertu Stærri-Árskóg og ekki fundið neitt þar um ítök eða hlunnindi jarðarinnar í Selárlandi. Væri miðað við örlög ítaks Selár, eins og eðlilegt væri, hlyti þetta að þýða að ítak Stærra-Árskógs væri ónýtt. Því taldi Emil niðurstöðu málsins eiga að vera þá að hvor jörðin fyrir sig nyti ein sinna gæða og gagna án nokkurs bindandi tilkalls í hinni. Í lok bréfsins bað presturinn prófastinn að skjóta málinu til stiftsfirvalda.³⁶⁶

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Stærri-Árskógur eigi frían upprekstur á „Þórvaldsdal“ og að í Þórvaldsdalsá sé dálítill foss sem tilheyrir jörðinni að hálfu leyti.³⁶⁷

5.4.4.10 Hrafnagil, eyðihjáleiga frá Stóra-Árskógi

Tólf prestar voru nefndir í dóm af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni, 5. júlí 1462, til að jafna ágreining á milli Sigurðar þríors á Möðruvallaklaustri og séra Jóns Halldórssonar á Stærra Árskógi. Sigurður þríor kærði séra Jón fyrir að halda og hafa ranglega haft selför á Hrafnagilssel á Þórvaldsdal leyfislaut í fimm ár eða lengur. Tveir menn sóru eið þess efnis að umrædd selför tilheyrði Möðruvallaklaustri. Það höfðu þeir báðir heyrt af sér eldri mönnum, annar í um 50 ár en hinn hafði heyrt undanfarin 26 ár, formenn klaustursins segja að selförin væri gömul eign Möðruvallaklausturs og að hún hefði verið átölulaus fyrir hverjum manni. Niðurstaða dómsins er svohljóðandi:

Þa dæmdum vier fyrgreinder prestar þessa optnefnda selfor hrafnagils sel eign klaustursins a modruuollum nema sýra ion synde ok sueria lete med fullum bokareide firir michelsmesso j haust heima a modruuollum tuo loglig uitni firir biskup olafi edr hans umbodsmanni annan jon asmundzson en þan annan er samburda yrde vid þan vitnisburd er nefndr jon hafde handfest sira jone halldorssyne ok vpp var lesin a prestastefnune at stadurin j arskoge ætte þessa optnefnda selfor hrafnagils sel.³⁶⁸

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 segir að eyðihjáleigan Hrafnagil hafi verið byggð í nokkur ár inni á Þórvaldsdal. Tengist þessi umfjöllun um Hrafnagil afrétti tengdum Kúgili. Segir svo orðrétt í jarðabókinni:

³⁶⁶ Skjal nr. 2(115).

³⁶⁷ Skjal nr. 2(92).

³⁶⁸ Skjal nr. 2(135).

Hrafnagil, eyðihjáleiga og heimaland Stærra Árskógs, byggð frammi á Þorvaldsdal fyrir manna minni. Varaði byggðin in til næstu 4 ára, síðan í auðn. [...] Ekki halda menn að hjer verði aftur bygt fyrir heyskarparleysi.³⁶⁹

Í kaflanum um Stærri-Árskóg í jarðamatinu 1849 er fjallað um Hrafnagil og hljóðar það er viðkemur Hrafnagili svo:

Hrafnagil og liggur inni Þorvaldsdalnum, og þar er hefir tún og engi afskipt, en engin landamerki sér. Jörðunni fylgja 3 óbygðar hjáleigur, er nefndar eru: Hávardarstadir, Þórhallakot og Steinkot.³⁷⁰

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir jörðina Hrafnagil.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Hrafnagils hafi ekki verið þinglesin sérstaklega og að hluti engja jarðarinnar séu uppá heiði. Einnig stendur að jörðin eigi frían upprekstur á Þorvaldsdal og að hún sé í afdal.³⁷¹

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, sem útgefið var árið 1993, segir m.a. svo um búsetu á Hrafnagili:

Jörðin var hjáleiga í landi Stærra-Árskógs og var af og til í byggð síðustu aldirnar en fór að lokum í eyði 1925.³⁷²

5.5 Möðruvallaafrétt

Í þeirri umfjöllun um Möðruvallaafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, fjallað um afréttarmot í Skriðuhreppi. Þá verða raktar heimildir um Möðruvelli í Hörgárdal og nýtingu, réttindi og afmörkun Möðruvallaafréttar. Loks er gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.5.1 Landnám

Um landnám á svæðinu er ritað í *Landnámu*:

Geirleifr hét maðr; hann nam Horgárdal upp til Myrkár; hann var Hrapsson og bjó í Haganum forna. Hans son var Bjorn enn auðgi, er Auðbrekkumenn eru frá komnir.³⁷³

5.5.2 Afréttarlönd í Skriðuhreppi

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast

³⁶⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 107.

³⁷⁰ Skjal nr. 2(84).

³⁷¹ Skjal nr. 2(92).

³⁷² *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I*, bls. 331.

³⁷³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 256.

vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.³⁷⁴

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann sendi með bréf hreppstjórans í Skriðuhreppi. Segist hann hafa borið svör hans saman við landamerkjabók sýslunnar og virðist þau rétt.³⁷⁵

Fram kemur í bréfi hreppstjórans, sem dagsett er 28. febrúar 1920, að í hreppnum séu engar afréttir sem tilheyri ekki lögbýlum.³⁷⁶

5.5.3 Möðruvellir í Hörgárdal ásamt Möðruvalla- og Hörgárdalsafrétt

Klaustur var starfrækt á Möðruvöllum, líklega frá árinu 1295 eða 1296 og til siða-skipta. Árið 1431 tók Jón Vilhjálmsson Hólabiskup hjónin Odda Þorsteinsson og Guðríði Þorgeirsdóttur í próventu á Möðruvöllum með gjörningi frá 27. ágúst sama ár. Þau gáfu með sér jörðina Arnarnes á Gálmaströnd, 50 hundruð að dýrleika, og 20 kúgildi. Eftirfarandi ákvæði er að finna í próventugjörningum:

jtem skildu þau hafua æinn þionostumann kall ædr konu hia ser a sinn kost oc frialsliga hafua haga sino fe a sumaren vnder rættan ræikningh vidr stadæn En fiállhaga og afrett sæm þeim hentar vtan ræikningh.³⁷⁷

Eftirfarandi upplýsingar um ítök Glæsibæjar koma fram í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar:

Þessa jtaullur. [...] manadaregstr ollu bufie j bæde mal fram j fremre kliifum. dals landz heide. afriet(t) hrossum oc ollu geildfie under brottubre(c)ku a haurghardal. tolfedmingr torfs arlega j dagurdareyrarjord. halfs manadarteig j molldh(a)ugnajord. arlega j mote þaragognnmv j basvm.³⁷⁸

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur eftirfarandi fram um eignir klaustursins:

Möðruvallaklaustur áá afrett áá horgáárdal fram fra griotä og til vikingsáár med halfum griotáárdäl fyrir sunnan fram. og fra griotää til diupagils og fram til luser áá horgáárdalsheide Jtem áá modruvallaklaustur skogarpart er heiter mariuhris og stendur i asjórdi j horgáárdal millum audbreckuskogs og vindheimaskogs. Rædur vt vid audbreckuskog jardkross lagdur af steinum. og suo langt sudur sem er rettsyne ofan áá äsgerde. og suo vt af gerdenu ed nedra til moz vid audbreckuskog enn upp so langt sem skogur vex. skögarparta áá vaglajordu. Sudur fra fornhagaskogi. og til kidialækjar. fra dynhagaskogi og suo ofan þadan.³⁷⁹

Möðruvallaklaustur var í konungseigu 1713, og enginn jarðardýrleiki þekktur. Um afréttamál segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713:

³⁷⁴ Skjal nr. 2(255).

³⁷⁵ Skjal nr. 2(256).

³⁷⁶ Skjal nr. 2(257).

³⁷⁷ Skjal nr. 2(142).

³⁷⁸ Skjal nr. 2(117).

³⁷⁹ Skjal nr. 2(125).

Afrjettur fylgir heimaklaustrinu, so nefndur Barkárdalur, til vesturs liggjandi frá Hörgárdal. Þángað er enginn skyldurekstur.

Selstaða hefur frá klaustrinu í þessari afrjett verið, en vegna fólksfáleika og lengdar vegarins hefur ei selförin um nokkur ár brúkast. En um sumar brúkast hún hjeðan til hesta og geldfjár göngu.

Land er hjer so mjög lítið að klausturhaldarinn orðsakast af nálægum kríngumliggjandi löndum hey og haga að þiggja.

Hætt er hjer stórlega túni og úthögum af grjóts, sands og leirs áburði úr Staðará. Mjög (er) og einneginn hætt fyrir forröðum og djjum. [...]

Hjáleiga er hjer ein í heimaklaustursins land Sónsgerde, eður öðru nafni Skumsgerde. [...]

Skóg átti þetta klaustur í Vagla jörðu, hann er nú þvínær öldungis ónýtur til flestra gagnsemda.³⁸⁰

Þá segir um Saurbæ í Hörgárdal í sömu heimild:

Selstaða er hjeðan í því plássi, sem liggur millum stólsins og klaustursins landa frammi af Hörgárdal, og nefnist Gullreitur.³⁸¹

Um upprekstur nokkurra jarða í Hörgárdal (Lönguhlíðar, Öxnhóls, Barkár og beggja Hallfríðarstaða) segir jarðabókin að hann sé í aðskiljanlegar afréttir fyrir toll eða eitthvað álíka.³⁸²

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 18. júní 1791, var upplesin áminning amtmannsins til fólks í Hörgárdal að brúka ekki í óleyfi afréttarlönd Möðruvallaklausturs sem klaustrið á eftir upplesnum pósti af klaustursins máldaga og Sigurðar registri. Forboð amtmannsins dagsett 14. júní, 1791.³⁸³

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, segir meðal annars um Hörgárdal, í skýrslu dagsettri 6. september 1839:

Að suðaustanverðu liggur með honum [Hörgárdal] einlægt fjall, sem að skilur Öxna- og Hörgárdalinn. Að utanverðu og fram til miðs er það lágt, en þaðan fram fyrir byggðina hátt og háskalegt fjall, hvar sauðfénaður finnur þó einstöku kjarngóðar grastór hér og hvar. [...] [M]yndast úr þessu háa fjalli svokallaður Grjótárdalur, lítið en kjarngott dalverpi liggjandi til landausturs, en þaðan rétt í vestur liggur löng, djúpt niðurskorin afrétt, hér um bil hartnær ein míla að lengd, kölluð Hörgárdalur, upp úr hvers suðursíðu liggur brött gata sniðskorin upp á svokallaða Hörgárdalsheiði, sem leiðir vestur í Norðurárdal í Skagafjarðarsýslu.³⁸⁴

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Möðruvöllum (Friðriksgáfu) fylgi tveir afréttir, annars vegar Hörgárdalur og hins vegar Barkárdalur. Þar stendur svo skrifað:

³⁸⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 129-130.

³⁸¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 144.

³⁸² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 138-141.

³⁸³ Skjal nr. 2(351). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 10. (db.gr.nr. 6631).

³⁸⁴ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 137.

Freðriksgáfa, áður nefnd **Möðruvellir** í Hörgárdal, bújörd amtmannsins yfir Norður- og Austur-amtinu, hundradatalslaus nú á tíð. ~~Finnur~~ Jörðu þessari fylgir ein bygd hjáleiga, er **Spónsgérði** er köllud, líka hundradatalslaus. [...] Í túninu eru 3 eydihjáleigur, Lækjarbakki, Fjósakot og Jadar. [...]

Búfjárhagar mjög þraungvir og magrir. Jördunni fylgja tveir afréttir, heitir annar Hörgárdalur, er liggur framaf Hörgárdalsbygd í Skriðu hrepp, bádumeginn við Hörgá, og það vestur til Víkingsár á Hörgárdalsheiði og hálfan Víkingsdal þar. Á Hörgárdalsafrétti vestanmegin liggja svonefndar Svínamýrar, er eigari gamla biskupssetursins Hóla í Hjaltadal eignar þeirri jörðu; og hefir óskad, að undantakist, þegar jörðin Freðriksgáfa verði virdt; eru þessar Svínamýrar afréttarpartur. Hinn afréttur Freðriksgáfu jadar heitir Bárkardalur í Skriðu hrepp. Bádir afréttirnir eru góðir og grösugir, einkum Hörgárdalur, og hæfir bæði fyrir saudfé, naut og hross. En vegna fjarlægðar frá Freðriksgáfu verða þeir ei notadir á annan hátt enn að leigja þá öðrum, nema hvað þeir þadan eru brúkadir til uppreksturs heimapenings eptir þörfum, og Spónsgérði hefir þar frían upprekstur. Vetrararbeit er á Freðriksgáfu nokkud teljandi.³⁸⁵

Landamerkjabréf Möðruvalla í Hörgárdal með Nunnuhól og Spónsgérði voru útbúin 17. apríl 1884. Ekki er tekið fram að þau hafi verið þinglesin. Um afrétt á Hörgárdal segir eftirfarandi í landamerkjabréfinu:

Möðruvöllum fylgir afrjett á Hörgárdal innanverðum og ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp. Milli Flögusels og afrjettarinnar eru merki úr Hellunefi niður við Hörgá uppí Þórðarklökk Möðruvellir eiga upprekstur fyrir geldfje á Barkárdal fyrir innan Baugasel.³⁸⁶

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jónasi Gunnlögssyni eiganda Stórubrekku og Þrastarhóls, J. Gunnlögssyni eiganda Framlands, Stepháni Stephensen sem samþykkti vegna dánarbús Þ. Danielssonar og sem umboðsmaður jarðar dánarbúsins fyrir Litlu-Brekku og Ytrakot ásamt Ásláksstöðum og Þ. Danielssyni vegna Skipalóns. Fyrir neðan undirskriftirnar skrifaði Einar Ásmundsson:

Að jörðunum Björgum, Hallgilstöðum, Hlöðum, Baugaseli og Flöguseli er landsjóðurinn eigandi eins og að Möðruvöllum.³⁸⁷

Á manntalsþingi á Arnarnesi í Hvammshreppi, 27. maí 1884, var upplesin landamerkjaskrá Möðruvalla sem og fleiri jarða. Engum skráum var mótmælt.³⁸⁸

Í matsgerð Baugasels frá 6. júní 1907 stendur að til jarðarinnar teljist dalshlíð sem Möðruvellir í Hörgárdal eigi ítak í. Þar sé afrétt sem sé lítið notuð.³⁸⁹

³⁸⁵ Skjal nr. 2(82).

³⁸⁶ Skjal nr. 2(9) a-b.

³⁸⁷ Skjal nr. 2(9) a-b.

³⁸⁸ Skjal nr. 2(351). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1062).

³⁸⁹ Skjal nr. 2(204).

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Möðruvalla séu þinglesin, dagsett 17. apríl 1884. Einnig stendur að jörðin eigi afréttarland sem liggja mjög langt frá Hörgárdal og Hörgárdalsheiði og að talið sé að hún eigi rétt til upprekstrar á afrétt, Barkárdal, sem talin sé í eigu Baugasels. Þar stendur einnig að mikill ágangur sé á jörðina.³⁹⁰

Fram kemur í uppkasti að bréfi Stjórnarráðsins til umboðsmanns Vaðlaumboðs, dagsettu þann 24. febrúar 1916, að Stjórnarráðið samþykki að mál verði höfðað gegn eiganda og ábúanda Saurbæjar í Hörgárdal, Guðmundi Guðmundssyni hreppstjóra, vegna þess að hann hafi rekið fé til upprekstrar á Hörgárdal og Hörgárdalsheiði sem sé leigð ábúendum Möðruvalla til afnota.³⁹¹

Í uppkasti að bréfi frá 26. apríl 1918 fer Stjórnarráðið fram á að forstjóri bændaskólans á Hólum veiti umsögn um fyrirspurn sem barst frá umboðsmanni Vaðlaumboðs varðandi rétt Hóla í Hjaltadal til afnota af afréttarlandi Möðruvalla í Hörgárdal.³⁹²

Þann 25. júlí 1919 skrifaði Jón Þorsteinsson umboðsmanni Stefáni Stefánssyni, vegna sáttaumleitanna milli landsjóðsins sem eiganda Möðruvalla og Guðmundar hreppstjóra Guðmundssonar á Þúfnavöllum vegna deilu um rétt til upprekstrar á afréttarland Möðruvalla í Hörgárdal, þar á meðal svonefndan Gullreit. Í bréfinu kemur fram það mat Jóns að umrædd afrétt sé viðurkennd sem fjölbreyttasta og besta afréttarland Möðruvalla í Hörgárdalnum. Jón krefst þess að eigandi Saurbæjar, Guðmundur hreppstjóri Guðmundsson, falli að fullu og öllu frá kröfu sinni til umráða yfir þrætulandinu nema að því er snertir selstöðuréttinn.³⁹³

Í uppkasti að bréfi, frá 8. mars 1922, kemur fram að ríkissjóður hafi keypt sellandið Gullreit fyrir 600 krónur af Guðmundi hreppstjóra Guðmundssyni. Fóru kaupin fram í samræmi við undangengna sátt frá 31. janúar 1922.³⁹⁴

Á manntalsþingi í þinghúsi Arnarneshrepps, 22. júní 1939, byggði umboðsmaður þjóðjarða í Eyjafjarðarsýslu, Davíð Eggertssyni hálfja jörðina Möðruvelli frá fardögum 1938. Jörðinni fylgir afréttarland á Hörgárdal f. Hörgárdalsheiði.³⁹⁵

Um Gullreit segir svo í *Árbók FÍ* árið 1990:

Gullreiturfur hefst framan við Laugareyri og nær fram að Háaleiti þar sem vegurinn endar. Gullreiturfur er allmikið mýrlendi sem gæti dregið nafn sitt af gullnum haustlitum. Á annarri hæð eftir að Laugareyri er yfirgefin, yst í Gullreit, er komið að rústum Saurbæjarsels, en þær eru rétt neðan vegarins. Þar er sagt að hafi verið selstaða fyrrum en aldrei búseta.³⁹⁶

³⁹⁰ Skjal nr. 2(87).

³⁹¹ Skjal nr. 2(198).

³⁹² Skjal nr. 2(195).

³⁹³ Skjal nr. 2(289).

³⁹⁴ Skjal nr. 2(290).

³⁹⁵ Skjal nr. 2(351). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 67. (db.gr.nr. 24966).

³⁹⁶ *Árbók FÍ* 1990, bls. 171.

5.5.4 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu Möðruvallaafrétti vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Gil, Varmavatnshóla, Bessahlaðir, Framland, Flögusel, Flögu, Hóla í Hjaltadal og Silfrastaði ásamt Silfrastaðaafrétti. Um jörðina Möðruvelli hefur þegar verið fjallað. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

5.5.4.1 Gil

Gil er talið upp á meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs í reikningi, frá 6. nóvember 1447, sem Sigurður priór Jónsson gerði fyrir Gottskálf Keneksson Hólabiskup.³⁹⁷

Í reikningsskap Hólakirkju vorið 1569 er jörðin Gil talin upp á meðal jarða kirkjunnar á Hrafnagili.³⁹⁸

Árið 1699 var uppleið kaup- og skiptabréf á jörðunum Gili og Hraunshöfða, liggjandi í Öxnadal, fyrir jörðina Þröm í Eyjafirði, af sýslumanninum Birni Péturssyni í umboði Lárusar Hanssonar við Málfríði Björnsdóttur. Gjörningurinn var bréfaður þann 27. maí árið 1699.³⁹⁹

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713 kemur eftirfarandi fram um upprekstur Gils:

Upprekstur ut supra [það er á Almenning]. [...] Engjar eru hjer að miklu leyti af skriðum foreyddar.⁴⁰⁰ Upprekstur er eins og áður hafði verið lýst við jörðina Auðnir, þ.e. upprekstur lamba á Almenning.⁴⁰¹

Ekkert kemur fram um afréttarmál Gils í jarðamatinu 1804.⁴⁰²

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur eftirfarandi um Gil:

Gil, bóndaeign, nú talin 10 hndr. Túnid er mestpart þýft, ei grasgéfíd, sæmilega tödugott, en undirorpid áföllum af skridum, hvaraf bænum er þarhjá hætt.

Engid slitrótt og mjög lítid; en þar má slá úr bithaga, er allstadar grýtt, en vel heygott. Utrými er þar mikid og ágjætlega kjarngott, en landid liggur undir skémmum af skridum, og af landbrotum úr á. Megn er þar ágangur af afréttararfé. Fjallagrasatekja er næg fyrir heimilid. Frí upprekstur á Öxnadalsheidi. Jörðin er torfristulus. Vetrararbeit nóg á medan til jardar nær.

Í medalári er á Gili tada 25 hestar, úthey 60 hestar. Jörðin álitst ad géta í medalári borid med hæfilegri ábúd af fénadi 6 ½ hndr.

Virðingin finnst undir N^o 180 í Verðhæðarbókinni.⁴⁰³

Landamerkjabréf fyrir Gil var útbúið 19. mars 1883 og hljóðar svo:

³⁹⁷ Skjal nr. 2(118).

³⁹⁸ Skjal nr. 2(263).

³⁹⁹ Skjal nr. 2(272).

⁴⁰⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 154-155.

⁴⁰¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 151-152.

⁴⁰² Skjal nr. 2(77).

⁴⁰³ Skjal nr. 2(82).

Að norðan úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli Gils og Varmavatnshóla og þaðan beint uppí Gilsskarð.

Að sunnan beint úr Hjallalandsskarði í Lurkastein og þaðan í Yxnadalsá.

Að vestan ræður fjallið.

Að austan ræður Yxnadalsá.⁴⁰⁴

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði vegna Varmavatnshóla og Jóni Jónssyni eiganda Skriðu og J. Andrjessyni eiganda Syðri Bægisár en þeir tveir síðastnefndu voru samþykkir vegna Almennings.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 25. maí 1883, voru upplesin landamerki Gils í Öxnadal og mótmælti þeim enginn.⁴⁰⁵

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 28. maí 1886, komu fram mótmæli vegna landamerkja Gils frá eigendum jarðanna Bakka og Bakkasel.⁴⁰⁶

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerki Gils séu talin glögg en finnist þó ekki þinglesin. Einnig stendur skrifað að mikill ágangur af afréttarfé sé á jörðinni.⁴⁰⁷

Fram kemur í *Byggðir Eyjafjarðar 1990* að jörðin Gil hafi verið í eyði frá árinu 1920. Þar segir enn fremur:

Jörðin er eign Öxnadalshrepps, en ræktun er í eigu ábúenda Árhvamms sem hafa haft Gil á leigu um árabíl.⁴⁰⁸

Á spjaldi yfir efni afsals- og veðmálabókar Eyjafjarðarsýslu kemur fram að ríkissjóður eigi áfram námaréttindi og efnistöku og einnig vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir.⁴⁰⁹

5.5.4.2 Varmavatnshólar

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 kemur fram að það sé "upprekstur ut supra", þ.e. upprekstur lamba á Almanning.⁴¹⁰

Ekkert kemur fram um afréttarmál Varmavatnshóla í jarðamati 1804.⁴¹¹

Í jarðamatinu 1849 stendur um Varmavatnshóla:

Varmavatnshólar, bóndaeign, nú talin 10 hndr. – Túnid er mestpart slétt, grasgéfíd, tödugott, en er mjög undirorpid skridum, þared þetta er einhvör mesta skridujörd á tún og engi, sem þessvegna er nú mjög gengid til þurdar. Torfrista lítil.

Búfjárhagar nógir og vel kjarngódir; vetrararbeit nokkur. Fjallagrasatekja nokkur.

Jörðin hefir frian upprekstur á Almanning.

⁴⁰⁴ Skjal nr. 2(1) a-b.

⁴⁰⁵ Skjal nr. 2(351). Gil. Eyj. IV. B. 29. (db.gr.nr. 639).

⁴⁰⁶ Skjal nr. 2(351). Gil. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1229).

⁴⁰⁷ Skjal nr. 2(87).

⁴⁰⁸ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 527.

⁴⁰⁹ Skjal nr. 4(42).

⁴¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 154.

⁴¹¹ Skjal nr. 2(77).

I medalári er á Varmavatnshólum tada 40 hestar, úthey 90 hestar. Jörðin álitst að geta borid í medalári af fénadi hæfilega setin 9 ½ hndr.

Virðingin finnst undir N^o 181 í Verðhæðarbókinni.⁴¹²

Landamerkjabréf Varmavatnshóla var útbúið 30. apríl 1888 og þinglesið 29. maí sama ár og hljóðar svo:

Að norðan eru merkin milli Bessahlaða og Varmavatnshóla úr vörðu ofanvið Yxnadalsárþakkan og uppi Grjóthrygg framaní Bungunum, og eru þar tveir stórir steinar, eða í millum þeirra og svo beint uppá fjall. Að sunnan milli Gils og Varmavatnshóla úr Yxnadalsá eptir skriðu uppi vörðu, er liggur á milli bæanna, og þaðan beint uppá Gilsskarð. Að austan ræður Yxnadalsá. Jörðin á frían upprekstur á Almanning.⁴¹³

Jón Bergsson handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af S. Jónssyni eiganda Bessahlaða og Jónasi Jónathanssyni eiganda Gils.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1888, voru þinglesin landamerki Varmavatnshóla og var þeim ekki mótmælt.⁴¹⁴

5.5.4.3 Bessahlaðir

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 kemur það fram um upprekstur Bessahlaðna að hann sé "upprekstur ut supra", þ.e. upprekstur lamba á Almanning.⁴¹⁵

Ekkert kemur fram um afréttarmál Bessahlaða í jarðamati 1804.⁴¹⁶

Í jarðamatinu 1849 segir m.a. að Bessahlaðir eigi frían upprekstur á Almanning:

Bessahlaðir, bónda eign, nú talin 10 hndr. Túnid er að meira parti greidfært, í medallagi grasgéfíd, vel tödugott. Engid allvíðlent, nokkud á þurru, er það grýtt, hitt á votu, víða grasgéfíd, ei vel heygott, því kýr og hestar hljóta að ganga á því á sumrum. Torfrista léleg. Búfjárhagar nógir fyrir saudfê og ~~vel~~ ágætlega kjarngódir. Vetrarþeiti góð. Fjallagrasatekja til muna fyrir heimilid. Jörðin er áfallajörð af skridum, nokkud á tún, hitt á engi.

Jörðin hefir frían upprekstur á Almanning.

I medalári er á Bessahlöðum tada 44 hestar, úthey 90 hestar. Jörðin álitst að geta með hæfilegri ábúd borid í medalári af fénadi 10 hndr.

Virðingin finnst undir N^o 182 í Verðhæðarbókinni.⁴¹⁷

Landamerkjabréf fyrir Bessahlaðir var útbúið 24. júní 1884 og er svohljóðandi:

Að norðanverðu eru merkin í skriðu skamt fyrir utan túnið, sem nær ofað Yxnadalsá og uppi Bessahlaðagil, og svo ræður gilið merkjum á fjall upp. Að framan eru merkin í

⁴¹² Skjal nr. 2(82).

⁴¹³ Skjal nr. 2(2) a-b.

⁴¹⁴ Skjal nr. 2(351). Varmavatnshólar. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1378).

⁴¹⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 153-154.

⁴¹⁶ Skjal nr. 2(77).

⁴¹⁷ Skjal nr. 2(82).

vörðu ovan við Yxnadalsárbrakkann og uppi grjóthrygg framaní bungunum, og eru þar tveir stórir steinar framaní hryggnum, sem merkin eru í, eða millum þeirra og svo beint uppá fjall. Að austan ræður Yxnadalsá. Jörðin á frián umrekstur á Almanning.⁴¹⁸

St. Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni eiganda Varmavatnshóla og Þóru Rósu Sigurðardóttur sem handsalaði sem eigandi Þverbrekku.

Upplesnar voru landamerkjaskrár nokkurra jarða, þar á meðal Bessahlaða, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 2. júní 1885 og var þeim landamerkjum Bessahlaða ekki mótmælt.⁴¹⁹

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Bessahlaða séu þinglesin, dagsett 24. júní 1884. Einnig stendur þar skrifað að lélegur grjótgarður sé á landamerkjum að norðan.⁴²⁰

Í *Byggðum Eyjafjarðar 1990* kemur fram að jörðin Bessahlaðir hafi farið í eyði árið 1932 og hún sé eign Öxnadalshrepps.⁴²¹

5.5.4.4 Framland (fyrrum hjáleiga Nýjabæjar) og Nýibær

Jörðin Framland kemur ekki fyrir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713. Segir svo um upprekstur frá jörðinni Nýjabæ sama ár:

Upprekstur er hjeðan [frá Nýjabæ] óviss.⁴²²

Samkvæmt jarðamati árið 1804 var Framland enn hjáleiga Nýjabæjar, og segir eftirfarandi við Nýjabæ um afréttarmál:

Ingen Herligheder undtagen en til Jorden hørende Afreet hvori kan indtages Lam til Græsning om Sommeren fra 3 Jorder. 423

Framland mun áður hafa verið hjáleiga Nýjabæjar, en var byggt út úr Nýjabæ árið 1815.⁴²⁴

Í jarðamatinu 1849 segir að Nýibær eigi afrétt er Grjótárdalur heitir og að Framland sé fallið í eyði:

Nýibær með hjáleigunni Framlandi, sem nú er í eyði, nú talin 10 hndr. [...]

Jörðin á afrétt, er Grjótárdalur heitir, nægur fyrir heimilid, er þar gott land.⁴²⁵

Landamerkjabréf fyrir Framland var útbúið 28. maí 1885 og er svohljóðandi:

Að utan til móts við Nýabæ ræður djúpt Skriðugil, sem kemur ofan af svo kallaðri Bröttuskeið, spölkorn fyrir utan Landsskál, og nær það gil ofaní Grundarhöfuð, og svo liggja merkin úr gilinu að neðan beina línu ofaní Hörgá. – Grjótá ræður merkjum að

⁴¹⁸ Skjal nr. 2(3) a-b.

⁴¹⁹ Skjal nr. 2(351). Bessahlaðir. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1172).

⁴²⁰ Skjal nr. 2(87).

⁴²¹ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 525-526.

⁴²² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 147.

⁴²³ Skjal nr. 2(77).

⁴²⁴ Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna*, Ritsafn II, 123.

⁴²⁵ Skjal nr. 2(82).

framan frá upptökum þar til hún fellur í Hörgá. Hörgá ræður að vestan og fjallseggin að ofan. – Þess skal getið, að Grjótárdalur fyrir framan Illagil tilheyrir báðum jörðunum Framlandi og Nýjabæ.⁴²⁶

J. Gunnlögsson eigandi Framlands skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Einari Ásmundssyni umboðsmanni Möðruvallaklausturs og G. Guðmundssyni eiganda Nýjabæjar.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 28. júní 1886, voru landamerki Framlands upplestin, sem og landamerki annarra jarða. Var landamerkjum Framlands ekki mótmælt við það tækifæri.⁴²⁷

Á manntalsþingi að Staðartungu í Skriðuhreppi, 22. maí 1895, var upplestin landamerkjaskrá Nýjabæjar og henni ekki mótmælt.⁴²⁸

Landamerkjabréf fyrir Nýjabæ var útbúið 21. maí 1899 og var því þinglýst degi síðar. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Að utan móts við Einhamar eru merkin í svokallaða miðgjá, þaðan beint suður í þúfu og af þúfunni niður í hnaus á holti og þaðan að á fram.

Að sunnan móts við Framland ræðir djúpt Skriðugil, sem nær ofan af svokallaðri Bröttuskeið og niður í Grundarhöfuð, spölkorn fyrir utan landsskál úr gilinu að neðan liggja merkin beina línu ofaní Hörgá. Að vestan ræður Hörgá, en fjallseggin að austan. Grjótárdalur fyrir framan. Illagil tilheyrir báðum jörðunum Nýjabæ og Framlandi.⁴²⁹

G. Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóhanni Gunnlögssyni eiganda Framlands.

Á manntalsþingi að Staðartungu í Skriðuhreppi, 16. júní 1915, var þinglesið afsal Sigurgeirs Sigurðssonar, dags. 13. maí 1915, fyrir jörðinni Nýjabæ, til Guðmundar Bjarnasonar. Kaupverðið var 750 krónur.⁴³⁰

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Framlands séu þinglesin, dagsett 28. maí 1885. Einnig stendur að jörðin sé talin hafa upprekstrarland fyrir búpening og að hún liggj fremst í afdal.⁴³¹

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Nýjabæjar hafi verið þinglesin 22. maí 1895.⁴³²

Í ritinu *Mannfellirinn mikli*, sem útgefið var árið 1982, segir höfundur frá landgæðum jarðarinnar Framlands sem og því að land hennar hafi á endanum verið gert að afrétt. Segir svo í ritinu sjálfu:

Framland var byggt úr Nýjabæjarlandi vorið 1815. [...] Þar var aldrei tún meira en einn kýrfóðurskiki, en það var slétt að mestu. Aldrei komst túnið í viðhlítandi rækt. Jörðin

⁴²⁶ Skjal nr. 2(4) a-b.

⁴²⁷ Skjal nr. 2(351). Framland. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1232).

⁴²⁸ Skjal nr. 2(351). Nýibær. Eyj. IV. B. 33. (db.gr.nr. 1854).

⁴²⁹ Skjal nr. 2(5).

⁴³⁰ Skjal nr. 2(351). Nýibær. Eyj. IV. B. 52. (db.gr.nr. 15459).

⁴³¹ Skjal nr. 2(87).

⁴³² Skjal nr. 2(90).

var í eyði annað veifið og kotbúskapur jafnan. Engjaskapur var á grýttum, en grasgefnum grundum. Landgæði eru þar frábær og talsverð víðáttu. Framland fór í eyði 1921. Skömmu síðar gert að afrétt.⁴³³

Á manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, 20. júní 1922, var þinglesin landamerkjaskrá Nýjabæjar, dags. 14. des. 1921. Ekki var henni mótmælt.⁴³⁴

Í *Byggðum Eyjaíjarðar 1990* segir að Nýibær hafi fallið í eyði árið 1917. Framland féll í eyði árið 1920.⁴³⁵

5.5.4.5 Flögusel (ásamt Grjótárkoti)

Árið 1713 er jörðin Flögusel konungsjörð, en heyrir undir Möðruvallaklaustur. Óljóst er þá hvort hún sé lögbýlisjörð, en hafi áður fylgt jörðinni Flögu. Þar er einnig kotið Grjótárkot, þar sem talið er að bærinn hafi áður staðið. Um upprekstur segir eftirfarandi:

Upprekstur er hjer enginn sjerdeilis.⁴³⁶

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 5. maí 1732, skýrði klausturhaldarinn Hans Scheving frá því að Magnús Björnsson hefði næstliðið ár vikið frá klausturjörðinni Fluguseli (Flöguseli) og ekkert af sinni landskuld goldið. Jörðin síðan í eyði.⁴³⁷

Í jarðamati 1804 segir svo um afrétt sem er aðliggjandi að Flöguselslandinu, en þrír eigendur eru að þeim afrétti samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Möðruvallaklaustur, Hólar og Saurbær*:

Til denne Jords Land grændser en Afrett, som tilhører 3de Paricipantere, nemlig Mödrervallo Kloster, Holum Bispestol ogselvejer Jorden Saurbai, Heri kan indtages om Sommeren til Græsning Lam fra 8 Jorder i det højeste, men i hvad proportion for hver især er ikke mueligt at faae oplyst.⁴³⁸

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Flögusel eigi frían upprekstur á Hörgárdalsafrétt:

Flögusel, klausturjörð, nú talin 10 hndr. [...]

Frí upprekstur á Hörgárdals afrétt. Grasatekja næg fyrir heimilid.⁴³⁹

Landamerkjabréf Flögusels var útbúið þann 23. apríl 1884 og hljóðar svo:

Að utan ræður til móts við Ásgerðarstaðasel Merkilækur, sem er hjer um bil mitt á milli bæjanna. Að neðan ræður Hörgá, en að framan til til móts við Hörgárdalsafrjett, sem fylgir Möðruvöllum eru merki úr hellunefi niður við Hörgá upp í Þórðarklöpp.⁴⁴⁰

Einar Ásmundsson skrifaði undir bréfið. Fyrir neðan undirskriftina skrifaði hann:

Að Ásgerðarstaðaseli og Hörgárdalsafrjett er sami eigandi, sem að Flöguseli nfl. landsjóðurinn.⁴⁴¹

⁴³³ Eiður Guðmundsson: *Mannfellirinn mikli*, Ritsafn I, bls. 42-43.

⁴³⁴ Skjal nr. 2(351). Nýibær. Eyj. IV. B. 56. (db.gr.nr. 5672).

⁴³⁵ *Byggðir Eyjaíjarðar 1990* I, bls. 487-488.

⁴³⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 147.

⁴³⁷ Skjal nr. 2(351). Flögusel. Eyj. IV. B. 05. (db.gr.nr. 10130).

⁴³⁸ Skjal nr. 2(77).

⁴³⁹ Skjal nr. 2(82).

⁴⁴⁰ Skjal nr. 2(7) a-b.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1884, voru upplesnar landamerkjálýsingar fjölda jarða, þar á meðal Flögusels. Ekki var landamerkjum Flögusels mótmælt.⁴⁴²

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Flögusel sé talið eiga frían upprekstur á afrétt sem sé í eigu landssjóðs. Ennfremur kemur fram að Flögusel þurfi að þola mikinn ágang af afréttarfé.⁴⁴³

Fram kemur í matsgerð vegna Flögusels frá 11. ágúst 1919 að engjar jarðarinnar liggja uppá heiði. Einnig stendur að ágreiningur sé um landamerki jarðarinnar báðum megin.⁴⁴⁴

Á aukþingi á skrifstofu sýslunnar, 12. apríl 1926, var tekin fyrir deila um landamerki. Brynjólfi Sigtryggssyni, eiganda Flögusels, var stefnt af Sigurgeiri Sigurðssyni, eiganda Ásgerðarstaðasels. Þrír menn voru skipaðir í merkjadóm.⁴⁴⁵ Tíu dögum síðar, við þinghald að Staðartungu í Skriðuhreppi, 24. júní 1926, var landamerkjamálið tekið fyrir aftur. Sigurgeir Sigurðsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Ásgerðarstaðasels í Hörgárdal og Brynjólfur Sigtryggsson, eigandi jarðarinnar Flögusels í Hörgárdal, náðu sáttum um landamerkin.⁴⁴⁶

Í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*, segir að Flögusel hafi lengst af verið fremsta byggða ból í Hörgárdal. Flögusel fór í eyði árið 1933. Um Flögusel segir ennfremur:

Framan við Flöguselsland tekur Möðruvallaafréttur við og skammt sunnan við Laugareyri eru rústir Saurbæjarsels en selstaða mun hafa lagst af þar í lok átjándu aldar. [...] Flögusel er nú [1993] eingöngu nytjað sem beitiland, en eigandi þess er Sigmundur Sigurgeirsson frá Ásgerðarstaðaseli.⁴⁴⁷

Í svonefndum Flöguselsbrekkum er talið að jörðin Grjótá hafi verið, þar sem Guðmundur Arason biskup fæddist haustið 1161. Þess bæjar sér ekki lengur stað og má vera að hann hafi farið í skriðu.⁴⁴⁸

5.5.4.6 Flaga

Flaga er talin upp á meðal jarða Möðruvallaklausturs í reikningi, frá 6. nóvember 1447, sem Sigurður priór Jónsson gerði fyrir Gottskálf Keneksson Hólabiskup.⁴⁴⁹ Jörðin er enn á meðal jarða klaustursins í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og í klausturreikningum frá 1569-1570.⁴⁵⁰

Landamerkjabréf fyrir Flögu var útbúið 23. apríl 1884 og hljóðar svo:

Að utan til móts við Myrkár[d]al, Myrká, og Stóragerði ræður Myrkáin frá upptökum til þess er hún rennur í Hörgá. Að neðan ræður Hörgá, en sunnan til móts við Ásgerðarstaði merkjalækur.

⁴⁴¹ Skjal nr. 2(7) a-b.

⁴⁴² Skjal nr. 2(351). Flögusel. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1066).

⁴⁴³ Skjal nr. 2(87).

⁴⁴⁴ Skjal nr. 2(196).

⁴⁴⁵ Skjal nr. 2(351). Flögusel. Eyj. IV. B. 59. (db.gr.nr. 23976).

⁴⁴⁶ Skjal nr. 2(351). Flögusel. Eyj. IV. B. 58. (db.gr.nr. 4725).

⁴⁴⁷ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 487.

⁴⁴⁸ *Sturlunga saga* I, bls. 118, 121; *Árbók FÍ 1990*, bls. 170.

⁴⁴⁹ Skjal nr. 2(118).

⁴⁵⁰ Skjöl nr. 2(125) og 2(120).

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Gunnlögssyni eiganda Myrkárdals og Arnljóti Ólafssyni sem beneficiarius Myrkár.

Einar skrifar fyrir neðan undirskriftirnar:

Að Ásgerðarstöðum er landsjóðurinn eigandi einsog að Flögu⁴⁵¹

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 29. maí 1884, voru upplesnar landamerkjalyásingar fjölda jarða, þeirra á meðal var Flaga og var landamerkjalyásingu hennar ekki mótmælt.⁴⁵²

5.5.4.7 Hólar í Hjaltadal

Landamerkjabréf fyrir Hóla var útbúið þann 20. maí 1890 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Viðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Viðinesá. Síðan ræður Viðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrúnir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungna- hryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Viðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrapptaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrapptaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frian upprekstr fyrir fje í Hólaaftrett í Kolbeinsdal.⁴⁵³

Hermann Jónasson umráðandi Hóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni eiganda Viðiness, Árna Ásgrímssyni eiganda Kálfsstaða og Jóh. Þorfinnssyni eiganda Reykja. Í landamerkjalyásingunni stendur einnig:

Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboð nokkra bænda í Viðvíkr og Hólahreppmum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólasson.⁴⁵⁴

⁴⁵¹ Skjal nr. 2(8) a-b.

⁴⁵² Skjal nr. 2(351). Flaga. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1066).

⁴⁵³ Skjal nr. 2(10) a-b.

⁴⁵⁴ Viðbætur neðanmáls.

Til er afrit af annarri lýsingu Hermanns Jónassonar á landamerkjum Hóla, einnig frá 1890 en óþinglýst, og er hún nánast samhljóða þeirri sem skráð hefur verið. Þó er talað um Fúinhyrnu en ekki Hyrnu í óskráðu útgáfunni. Einnig er þar talað um að Hjaltadalsá ráði merkjum eftir sínum elstu og beinustu farvegum en ekki sínum efstu og beinustu.⁴⁵⁵

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beitiland Hóla sé mjög víðlent og sumt af því sé mjög langt frá. Það er notað sem afréttarland.⁴⁵⁶

5.5.4.8 Silfrastaðir / Silfrastaðaafrétt

Silfrastaðir eru virtir á 80 hundruð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713. En með Krákugerði og Hálfanartungum er jörðin metin á tíutíu hundruð. Í lýsingu segir eftirfarandi um afrétti tvo sem kirkjan átti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði:

Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfreðar eður lognsnjóar byrgi. [...]

Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkgili.

Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.⁴⁵⁷

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskriðuð landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprilmánaðarlok 1886.⁴⁵⁸

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárus-dóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 10. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyásingu þeirri sem rangri á móts við tjéða eign vora, er Jóhannes

⁴⁵⁵ Skjal nr. 2(272) a-b.

⁴⁵⁶ Skjal nr. 2(88).

⁴⁵⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, Kaupmannahöfn, 1988, bls. 150-151.

⁴⁵⁸ Skjal nr. 2(11) a-b.

sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur yfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjóðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hérmeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjér eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.⁴⁵⁹

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 stendur svo skrifað:

Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrjett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrékna), er hafa leigt Hálfánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlínis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.⁴⁶⁰

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár og er það svohljóðandi:

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fletjardal, Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggur Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því

⁴⁵⁹ Skjal nr. 2(12).

⁴⁶⁰ Skjal nr. 4(269).

liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.⁴⁶¹

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni eiganda Uppsala og Sveini Friðrikssyni ábúanda Ytrikota.

Í skrá yfir afrétti, eignaheimildir og landamerki (í Skagafjarðarsýslu) frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrir og við sölu halda þeir eftir landi.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshnjúk og Reykjanibbu.

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshnjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.⁴⁶²

Í skjali um afréttarmörk Silfrastaðaafréttar dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrir og við sölu halda þeir eftir landi.⁴⁶³

5.6 Bakkasel

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður fyrst greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og fjallað um afréttarnot í Skriðuhreppi og Öxnadal. Að svo búnu verða raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun Bakkasels og loks gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

⁴⁶¹ Skjal nr. 4(267).

⁴⁶² Skjal nr. 4(250).

⁴⁶³ Skjal nr. 4(250).

5.6.1 Landnám

Samkvæmt *Landnámu* námu tveir menn Öxnadal. Hét annar Þorsteinn þursasprengir. Hann nam Öxnadal allan og bjó að Vatnsá.⁴⁶⁴ Hinn landneminn hét Auðólfur og eignaði hann sér dalinn niður frá Þverá til Bægisár. Auðólfur átti heima að Syðri-Bægisá.⁴⁶⁵

Um landnám á svæðinu er ennfremur ritað í *Landnámu*:

Geirleifr hét maðr; hann nam Horgárdal upp til Myrkár; hann var Hrapsson og bjó í Haganum forna. Hans son var Bjorn enn auðgi, er Auðbrekkumenn eru frá komnir.⁴⁶⁶

5.6.2 Nýting, réttindi og afmörkun

5.6.2.1 Afréttarlönd í Skriðuhreppi og Öxnadal

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.⁴⁶⁷

Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 en þar segist hann hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar. Bréfið er svohljóðandi:

Útaf brjefi stjórnarráðs Íslands dags. 29. des. 1919 um almenninga og afréttarlönd í Eyjafjarðarsýslu, skal jeg hjer með leyfa mjer, að senda brjef hreppstjóranna í Öngulsstaða, Saurbæjar, Öxnadals, Skriðu, Arnarnes, Árskógs og Svarfaðardalshreppum og hefi jeg borið svör eða brjef hreppstjóranna saman við landamerkjabók sýslunnar og virdast svör þeirra samkvæmt henni rjett og sömuleiðis virdist það rétt eptir þeirri bók að ekki sjeu til almenninga eða afréttarlönd sem ekki tilheyra nokkru lögbýli í Hrafnagils, Glæsibæjar, Ólafsfjarðar og Grímseyjarhreppi eins og hreppstjórar þessara hreppa munnlega hafa tjáð mjer. Læt jeg hjermeð fylgja til frekari upplýsingar þrjá útdrætti úr landamerkjabókinni um almenning í Öngulstaðahreppi og afréttarlönd í Vallahreppi og milli Ólafsfjarðar og Stíflu í Skagafirði.

Virðingarfullst,

Júlíus Havsteen⁴⁶⁸

Bréf Stefáns Bergssonar, hreppstjóra í Öxnadalshrepp, er dagsett 25. febrúar 1920. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

⁴⁶⁴ Bæjarnafnið er nú glatað, en munnmæli voru í Öxnadal að Hraun hafi heitið Vatnsá; nafnið Hraun kemur fyrst fyrir á 14. öld. Sjá *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 257.

⁴⁶⁵ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 257 og 259.

⁴⁶⁶ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 256.

⁴⁶⁷ Skjal nr. 2(255).

⁴⁶⁸ Skjal nr. 2(256).

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðar umráðendur telja jörðunum friðann uppregstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur fram af byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningubotni. Áin er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. [...] Til ath. Hygg að allar afréttir fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanber máldaga fyrir Bægisárkyrkju.⁴⁶⁹

Í svari sýslumanns Eyjafjarðarsýslu við fyrirspurn um afréttarlönd í sýslunni dagsettu þann 1. ágúst 1979 koma fram upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa í sýslunni. Er þar nánar lýst Vaskárdal, Almenni og Öxnadalsafrétt.⁴⁷⁰ Nánari grein er gerð fyrir því í umfjöllun um Öxnadalsheiði hér á eftir.

Þann 28. nóvember 1985 svaraði bæjarfógetinn á Akureyri fyrirspurn frá nefnd þeirri er átti að gera drög að frumvarpi að lögum um eignarrétt að almenningum og afréttum á þann veg að afréttarskrá myndi ekki hafa verið haldin við embættið.⁴⁷¹

5.6.2.2 Öxnadalsheiði

Björn Brynjólfsson handlagði Ólafi syni sínum, með bréfi frá 13. desember 1392, jarðirnar Syðri Akra, Ytri Akra, Brekku og fjórðung í Vika löndum í jafnaðar hlutskipti við systur sínar. Björn sagði Syðri Akra eiga:

[...] skoghar part fram a öxnadals hæidi. hris oc grafua giord vpp ad ræidgötum fram ad kuskerpiss huammi oc ofuan at aamotum. jtem alla gellnæyta rextur fram fra wodum oc til kalldbaksaar aa oxnadalsshæidi af græindum jordum.⁴⁷²

Sömu upplýsingar eru tíundaðar í máldaga Akrakirkju eftir gömlum gjafabréfum og máldagaskráum sem spannar tímabilið 1382 til um 1600.⁴⁷³

Í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar kemur fram að kirkjan á Bægisá eigi:

afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm.⁴⁷⁴

Sama máldagabók segir Miklagarð eiga:

Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggja gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl. sagdi rusti wtan ef ath mýklagardur ætti allar slægiur j hruthaga.⁴⁷⁵

Á manntalsþingi, 24. maí árið 1842, að Skriðu í Hörgárdal, var upplesinn partur úr lögfestu fyrir landareign jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði:

⁴⁶⁹ Skjal nr. 2(354).

⁴⁷⁰ Skjal nr. 4(171).

⁴⁷¹ Skjal nr. 4(251).

⁴⁷² *Íslenskt fornbréfasafn* (hér eftir stytta *Í.f.*) III, Kaupmannahöfn, 1857-1972, bls. 484, sbr. skjal nr. 2(B.1) í máli nr. 3/2008.

⁴⁷³ *Í.f.* XII, bls. 28, sbr. skjal nr. 2(B.1) í máli nr. 3/2008.

⁴⁷⁴ Skjal nr. 2(123).

⁴⁷⁵ *Í.f.* V, bls. 351, sbr. skjal nr. 2(B.1) í máli nr. 3/2008.

15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplestin partur úr lögfestu umm jardarinnar Bakka landeign í Yxnadals Heiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22. maji 1771 og er seinast þinglesin á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sýsslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu: „Folaldareit“. Og fyrirbaud Eigill allra brúkunn á því í þeim kabla nefnda plátsi. Eigli var þvínærst afhendt lögfestan áteiknud með] þinglýsingu tédrar greinar: Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Nedstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótosterudu enn sem fyrri þessa lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lönd þau, á medan þau ekki eru Bakka tildæmd. [...] A. Sæmundsen eptir constitution, Th. Asmundsson, J. Jónsson, J. Jonasson, Þ. Hallgrímsson.⁴⁷⁶

Á manntalsþingi 22. maí 1848, að Skriðu í Hörgárdal, var lesin upp lögfesta fyrir heima- og afréttarlandi jarðarinnar Bakka, dagsett 12. júní 1792, eftir bón Egils Tómassonar á Engimýri, sem var eigandi Bakka. Líka lét Egill upplesa útdrátt frá 29. október 1842, úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vaðlasýslu snertandi téða lögfestu og viðkemur innihald útdráttarins afréttarlandi jarðarinnar Bakka á Öxnadalsheiði.⁴⁷⁷

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá Agli Tómassyni bónda þar sem hann óskar þess að Öxnadalsheiði vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal sé metin með eignarjörð hans Bakka eða að hún teljist að minnsta kosti sem þrætuland á milli Bakka og þeirra jarða er eigna sér frían geldfjárrekstur þangað. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.6.3.1 um Bakka.⁴⁷⁸

Séra Einar Thorlacius eignar Miklagarðskirkju teig á Öxnadalsheiði í bréfi til jarðamatsnefndar árið 1849.⁴⁷⁹ Yfirmatsmennirnir fengu í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups 1461 ætti Mikligarður í Eyjafirði teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðsstæða og folaldarekstur í Vaskárgili. Á öðrum stað í yfirmatinu er talað um þrætulandið Öxnadalsheiði sem sé talið frá Lurkasteini (þar eð máldagi Ólafs biskups eign Miklagarði teig ofanfrá nefndum steini milli garða eða heim að Gilslandi) og vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal. Heiðin sé grösug og kjarngott land en dalurinn snögglendur og víða framhlaupinn.⁴⁸⁰

Á aukasveitarfundi Öxnadalshrepps þann 11. mars 1913 komu fram tvær fyrirspurnir frá fulltrúa Akrahrepps. Önnur var svohljóðandi.

Hvort hann [fundurinn] vildi ekki samþykkja að Akrahreppur í Skagafirði fengi almenning keyptan til eignar eða leigu, og mætti girða á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir.

Einnig spurði hann:

⁴⁷⁶ Skjal nr. 2(328) a-b.

⁴⁷⁷ Skjal nr. 2(329) a-b.

⁴⁷⁸ Skjal nr. 2(325).

⁴⁷⁹ Skjal nr. 2(326).

⁴⁸⁰ Skjal nr. 2(326).

Hvort fundurinn vildi ekki samþykkja að Öxnadals og Akrahreppar mynduðu félag um einn og sömu afrétt á merkjum Gils og Bakkasels og þvert yfir með nánari skilyrðum sem hreppum beggjum kæmu sér saman um. [...] ⁴⁸¹

Eftir umræður um þessi mál frestuðu fundarmenn því að taka ákvörðun um þau. Þann 14. júní 1913 var fulltrúa Akrahrepps tilkynnt að sveitarfundur (Öxnadalshrepps) hefði hafnað beiðni hreppsins um afrétt. ⁴⁸²

Á fjórða áratug síðustu aldar deildu Öxnadalshreppur og Akrahreppur um heiðarpart líkt og eftirfarandi bréf frá Gísla Bjarnasyni til oddvita Öxnadalshrepps frá 29. nóvember 1931 ber með sér:

Með bréfi dagsettu 12. maí síðastl. en meðteknu 26. þ.m. hefur þú tilkynnt mér að hreppsnefnd Öxnadals hafi lagt útsvar á sveitarsjóð Akrahr vegna heiðarpartsins að upphæð kr 25,00 og á það að vera samkvæmt b. lið 8. gr. útsvarslaga.

Ég er hræddur um að hreppsnefnd hafi misskilið þessa grein eða þennan lið hennar, þegar hún lagði útsvarið á. Þar stendur hvergi að hægt sé að leggja slík gjöld á aðra sveitarsjóði, heldur er þar aðeins átt við menn, er hafa ítök eða ábúð á jörðum eða jarðarpörtum í öðrum sveitum, en hér getur ekki verið um slíkt að ræða.

Að vísu á sveitasjóður Akrahr. þennan heiðarpart, en partur þessi hefur aldrei mér vitanlega verið metinn til sérstaks verðs, enda óvíst hvað hann er stór, því landamerki milli hreppanna á þessum parti voru óútkljáð þegar Akrahreppur keypti Bakkasel.

Sveitarsjóður Akrahr. hefur leigt upprekstrarfélaginu hér, part þennan fyrir 20 króna árgjald. Það eru allar tekjur af honum er sveitarsjóður fær og að leggja 25 kr útsvar á 20 kr tekjur er nokkuð fjarri sanni, þótt álagning hefði verið lögleg, sem ég tel ekki sé.

Því bændur úr Öxnadal hafa líka afnot af heiðarpartinum fyrir afréttarpening sinn að sumrinu og greiða ekkert fyrir, og rýrir það mjög verðgildi hans.

Neita algjörlega að greiða útsvarið. ⁴⁸³

Í svari sýslumanns Eyjafjarðarsýslu við fyrirspurn um afréttarlönd í sýslunni dagsettu þann 1. ágúst 1979 koma fram upplýsingar um afrétti nokkurra hreppa í sýslunni. Eftirfarandi upplýsingar um Öxnadalshéiði koma fram í svari sýslumannsins:

Öxnadalshéiði.

Austurmörk eru við núverandi girðingu Öxnadals- og Akra-hreppa á norðausturbrún heiðarinnar, og þaðan á fjall upp sitt hvoru megin.

Önnur mörk eru hin sömu og sýslumörkin, það er Grjótá af Grjótárdal og Kalbaksá af Kalbaksdal. Tilheira þessir dalir hvor um sig, hálfir afréttinni.

Þeir eru illa grónir, og Grjótárdalur að mestu gróðurlaus einkum fremri hluti dalsins.

Sjálfr er heiðin mjög votlend, eins og örnefnið, Flóinn, bendir til. Flóinn er vel gróinn, enda heyjað hér þegar Bakkaselsbændur höfðu beitarhús á heiðinni.

⁴⁸¹ Skjal nr. 4(270).

⁴⁸² Skjal nr. 4(270).

⁴⁸³ Skjal nr. 4(192).

Í hlíðum ofar Flóanns taka við þurrir skriðuhryggir, sæmilega grónir neðantil en gróðursnauðir er til fjallanna dregur.

Ítala 300 fjár fullorðið 12 hross. Afrétturinn er talin eign Akrahrepps síðan Jón Jónsson bóndi á Flugumýri seldi ríkissjóði jörðina Bakkasel 8/12 1928. Tók hann þá afrétt Bakkasels á Öxnadalshéið undan jörðinni og seldi Akrahreppi.

Telja margir slíka sölu lögleisu, vegna ítaka jarða, og sýslumarka.

Þar eiga þessar jarðir ítök: Ytri-Bægisá í Glæsibæjarhr. fríjan upprekstur fyrir tryppi, kallað í Folaldareit.

Bakki fríjan upprekstur sjá landam.l. frá 8/3 1889.

Hraun fríjan upprekstur á almenning austan Grjótár á Öxnadalshéið og grasatekju án borgunar. (landam.l.)

Auðnir sjá landam.l. frá 11 maí 1888.

Skjaldastaðir og Hraunshöfði ráku á Öxnadalshéið áður fir. Jarðabók Á.M. talar um fríjan upprekstur jarðanna á Almenning. Vafalaust átt við Almenning á Öxnadalshéið.

Telja verður rétt að hafa þær jarðir með.

Um Skjaldastaði stendur í úttektafbók frá 1916, jörðin er talin eiga fríjan upprekstur á áfrétt.⁴⁸⁴

Í *Lýsingu Eyjafjarðar I*, frá árinu 1949, segir svo:

Suður frá Öxnadalshéið liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu Urðarvötn ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá Geldingsá, er fellur í Jökulsá austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrir en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.⁴⁸⁵

⁴⁸⁴ Skjal nr. 4(171).

⁴⁸⁵ Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar I*, bls. 16.

5.6.2.3 Bakkasel

Maður að nafni Egill Tómasson skildi við konu sína Vigdísí Jónasdóttur og var skilnaður þeirra frágenginn rétt fyrir 1850. Hlaut hún Bakka og ábúðina þar. Segir svo um Egil:

[H]ann hrökklaðist þaðan [frá Bakka] og byggði sér kofa undan austuropi Öxnadalshéiðar á gömlum seltóttum frá Bakka, sumarið 1849.⁴⁸⁶

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990* er einnig greint frá því að Egill Tómasson hafi reist býli í Bakkaseli árið 1850 en áður hafi þar verið selstaða frá Bakka.⁴⁸⁷ Bakkasel var upphaflega, eins og nafnið bendir til, sel frá Bakka. Bakkasel var fremsta byggða ból í Öxnadal og áningarstaður þeirra sem ferðuðust yfir Öxnadalshéiði. Þar var sett á fót greiðasala fyrir ferðafólk árið 1904.⁴⁸⁸

Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.

Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalshéiði kallað Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.⁴⁸⁹

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.

Bakkasel liggur að Silfrastaðaafrétt. Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskriðu landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlok 1886.⁴⁹⁰

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju. Mótmæli bárust þann 10. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyásingu þeirri sem rangri á móts við tjéða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalshéiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum

⁴⁸⁶ Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna*, Ritsafn II, bls. 20.

⁴⁸⁷ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 528.

⁴⁸⁸ *Árbók F.Í. 1990*, bls. 202.

⁴⁸⁹ Skjal nr. 2(316).

⁴⁹⁰ Skjal nr. 2(11) a-b.

vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur fyrir Tjaldhól og þar þvert yfir [...].⁴⁹¹

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Síðar í sama mánuði, þann 27. maí 1889, var hið árlega manntalsþing í Skriðuhreppi sett að Staðartungu, og voru þinglesnar landamerkjalyásingar níu jarða, þar á meðal Bakkasels. Lýst var landamerkjum eftirfarandi jarða:

6. Landamerkjalyásingar: 1. Dunhagakots, 2. Skjaldastada, 3. Fagranes, 4. Hallfríðarstadakots, 5. Hallfríðarstada, 6. Audna, 7. Bakkasels, 8. Myrkar og Stóragerdis, 9. Myrkárdals..⁴⁹²

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár:

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fletjardsl Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalshéiði, þar sem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggur Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Viðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Viðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.⁴⁹³

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni eiganda Uppsala og Sveini Friðrikssyni ábúanda Ytrikota.

⁴⁹¹ Skjal nr. 2(12).

⁴⁹² Skjal nr. 2(327) a-b.

⁴⁹³ Skjal 4(267).

Þann 20. júní árið 1916 kom hreppsnefnd Öxnadalshrepps saman á Þverá. Þar gerði hún samning við Jónas Jónsson bónda í Bakkaseli um leigu á afréttinum Almenningi. Jónas tók afréttinn á leigu fyrir það fardagaár er þá stóð yfir fyrir 20 krónur, þó þannig að frá eftirgjaldinu myndi dragast undirgift þess penings sem þeir menn er áttu frían upprekstur á afréttinn. Jónas skyldi bera allan kostnað og lögleg skil á afréttinum.⁴⁹⁴

Í kaflanum um Bakkasel í fasteignamatinu 1916–1918 kemur eftirfarandi fram:

Jörðin er talin 4,4 hundr. með 1½ kúgildi. [...]

Lýsing jarðarinnar er á þessa leið:

Tún snöggland, að mestu sljett. Stærð talin 1,9 ha. Töðufall 40 hesta.

Engjar litlar og reitingslegar; gefa af sjer 50–60 hesta, af ljettingsheyi.

Búfjárhagar góðir fyrir allar skepnur að sumrinu, víðlendir og kjarngóðir, en

snjóþungir. Jörðinni fylgir dálítið afrjettarland. Torfrista og byggingarefni

slæmt. Frá jörðinni hefur verið tekinn heiðarfláki (Öxnadalshéiði) og notaður

sem afrjettur (af jarðareiganda?) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar. Jörðin

liggur inn í dalbotni langt frá verslunarstað, og allir aðdrættir mjög erfiðir. Á

jörðinni má framfleyta 1 kú 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.⁴⁹⁵

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

Undanskilið sölunni er Öxnadalshéiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.⁴⁹⁶

Í fjórða bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*, sem gefið var út árið 2007 segir svo um Bakkasel:

Akrahreppur keypti Bakkasel árið 1917 en seldi jörðina aftur ríkissjóði árið 1928. Var samningurinn undirritaður 8. desember það ár. Þá hélt sveitarfélagið eftir landi austur á heiðarbrúnina að vörslugirðingunni sem þar er enn. [...] Hefur Akrahreppur síðan átt þennan landshluta Öxnadalshéiðar sem tilheyrir lögsögu Eyfirðinga.⁴⁹⁷

Bakkasel fór í eyði árið 1960.⁴⁹⁸

Þann 29. nóvember 1985 svaraði sýslumaðurinn í Skagafirði fyrirspurn frá nefnd þeirri er átti að gera drög að frumvarpi að lögum um eignarrétt að almenningum og afréttum. Með svari sýslumannsins fylgir skjal, dagsett 10. nóvember 1985, sem hefur að geyma lýsingu á afréttarmörkum Silfrastaðaafréttar. Þar segir:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalshéiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagafirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.⁴⁹⁹

⁴⁹⁴ Skjal 4(191).

⁴⁹⁵ Skjal nr. 2(323).

⁴⁹⁶ Skjal nr. 4(186).

⁴⁹⁷ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, Sauðárkrókur*, 2007, bls. 411.

⁴⁹⁸ *Byggðir Eyjafjarðar 1990 I*, bls. 529.

Í *Byggðum Eyjafjarðar 1990* sem gefið var út árið 1993 segir um Bakkasel og land þess:

Hluti af landi Bakkasels á Öxnadalshéiði, vestan fjárgirðingar, er talin eign Akrahrepps í Skagafirði. Á heiðinni norðan vegar er Sesseljubúð, skáli Slysavarnarfélags Íslands, reistur 1967, en sunnan vegar, á flóanum og í hlíðum Kaldbakshnjúks, eru endurvarpsspeglar Landssímans. Bakkasel er í eigu Öxnadalshrepps.⁵⁰⁰

Í skýrslutökum fyrir óbyggðanefnd í máli nr. 3/2008 kom fram að Bakkasel væri nú nýtt til beitar og að einhverju leyti til veiða.

5.6.3 Aðliggjandi og tengd landsvæði

Hér verður fjallað um jörðina Bakka vegna tengsla hennar við ágreiningssvæðið Bakkasel. Um önnur landsvæði sem einnig tengjast Bakkaseli vegna legu sinna eða réttinda, nánar tiltekið Bakka, Varmavatnshóla og Silfrastaðaafrétt, er vísað til kaflans um Möðruvallaafrétt.

5.6.3.1 Bakki í Öxnadalshreppi

Guðmundur dýri Þorvaldsson, sem Guðmundar saga dýra er kennd við⁵⁰¹ bjó á Bakka í Öxnadal og var goðorðsmaður á síðustu áratugum 12. aldar.

Máldaga Bakkakirkju er getið í efnisyfirliti yfir máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 en sjálfur máldaginn er hvergi sjáanlegur.⁵⁰² Árni ábóti á Munkaþverá seldi Guðmundi Sigurðssyni hálf Skriðuland í Öxnadal með bréfi frá 19. maí 1375. Jörðinni fylgdu m.a. nokkrir skógarhryggir fyrir sunnan Bakkaskóg.⁵⁰³

Bakkakirkja átti hvorki land né ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar.⁵⁰⁴ Það sama kemur fram í vísitafubók Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 og máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.⁵⁰⁵ Jón Jónsson fékk Gottskálki biskupi Nikulásssyni, með bréfi dagsettu 13. september 1510, m.a. Bakka í Öxnadal í sakfelli fyrir brot sitt með Rögnu Finnbogadóttur.⁵⁰⁶ Þeir séra Björn Gíslason og Jón Oddsson áttu með sér jarðaskipti sem bréfuð voru 16. mars 1560. Björn fékk Jóni Saurbæ í Hörgárdal sem í staðinn fékk hálfan Bakka í Öxnadal ásamt hálfum Auðnum og hálfum Skjaldastöðum. Jón greindi frá landamerkjum á milli Hrauns og Auðna, Misskjálfsstaða og Skjaldastaða og greindi svo frá:

⁴⁹⁹ Skjal nr. 4(250).

⁵⁰⁰ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 528.

⁵⁰¹ *Sturlunga saga* I, bls. 163 og víðar.

⁵⁰² Skjal nr. 2(142).

⁵⁰³ Skjal nr. 2(105) í máli nr. 3(2008).

⁵⁰⁴ *Í.f.* III, bls. 517-518, sbr. skjal nr. 2 í máli nr. 3/2008.

⁵⁰⁵ *Í.f.* IV, bls. 378; *Í.f.* V, bls. 295, sbr. skjal nr. 2(B.1) í máli nr. 3/2008.

⁵⁰⁶ Skjal nr. 2(107) í máli nr. 3/2008.

ad jordinn Backe ætte allann Oxnadal fram fra Ofærugile sem ofann geijingur vr fiallinu fyrer vtann Bessahladne og allt vestur ad Griotä. nema þann reijt.⁵⁰⁷

Í visitasíum Bakka (frá um 1585), 1591, 1685, 1692, 1713, 1749, 1761, 1769 og 1791 kemur ekkert fram um landaeign eða ítök.⁵⁰⁸

Á Bakka er kirkja sem er „annecteruð“ með Bægisá, eins og segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713. Afréttur er á Öxnadalsheiði, eins og lýst er hér að neðan. Eyðibýli er innan jarðarinnar.

Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi.

Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.

Skógur hefur verið, nú er hann aldeilis eyddur.⁵⁰⁹

Þann 12. júní 1792, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, voru upplesnar lögfestur nokkurra jarða, þar á meðal fyrir Bakka, en henni var mótmælt:

Upplesnar Lögfestur fyrir Skridu og Stedia, dito Kaupbref fyrir Skridu 1789 og mageskifta bref fyrir dito, dito dato. Dito f(yrir) Skridukote af 1791, dito fyrir Backa í Yxnadal upplesenn Lögfesta sem ad nockru leiti er protesterad af Magnuse á Efstalande.⁵¹⁰

Þann 17. júní 1829, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesið makaskiptabréf bændanna Egils Tómassonar á Bakka annars vegar og Jóhanns Grimólfssonar á Engimýri, hins vegar. Skiptin hljóða svo:

2b. Makaskiptabréf Bændanna Eigils Thomassonar á Backa og Jóhanns Gríjmólfssonar á Engemýre, hvarvið síðartéður til fyrtéðs, undir 19da April 1828, burt makaskiptir fiórum siöundu Pörtum Jarðarinnar Backa í Öxnadal með hiáleigunni [ofan línu] fyrir 17 h(undruð) í Jörðunne Engemýre [...].⁵¹¹

Þann 25. maí 1831, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesið makaskiptabréf Jón Jónssonar í Hólum annars vegar og Kráks Jónssonar á Bakka, hins vegar. Skiptin hljóða svo:

4. Var lesið Makaskiptabréf Jóns Jonassonar á Hólum, og Kráks Jónssonar á Backa, af giærdags Dato, hvarvið fyrtéður til síðartéðs yfirdregur Hóla í Öxnadal, fyrir þriá siöundu Parta af Backa í sömu Sveit og jafnmikið í hiáleigunne (þar) Hraunshöfða, og 30 Specia millilag, frá Kráks Síðu.⁵¹²

Þann 21. maí 1840, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta, dagsett þann 12. júní 1792, í nafni Egils Tómassonar á Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka.

⁵⁰⁷ Skjal nr. 2(119).

⁵⁰⁸ Skjal nr. 2 (A.8).

⁵⁰⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 151.

⁵¹⁰ Skjal nr. 2(330) a-b.

⁵¹¹ Skjal nr. 2(331) a-b.

⁵¹² Skjal nr. 2(332) a-b.

Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum á manntalsþinginu, sem viðkemur Seldal og Öxnadalsheiði:

4. Upplesin Lögfesta í Eigils Thómassonar nafni á jarðarinnar Bakka landi öllu, dagsett 12ta Júnii 1792 og útgefin af Sigurði Símonssyni Beck. Hreppstjórnir Sigurður Jónsson og Jóhann Árnason Pálsson [ofan línu] fyrir sína og allra þeirra hönd, sem við þetta eru riðnir, sem eru margir bændur í Öxnadal, prótosteruðu á móti þessari Lögfestu, að því leiti, sem áhrærir þann þarnefnda Seldal og Öxnadalsheiði m. fl. svo sem Grjótárdal að norðanverðu [ofan línu] og Kaldbaksdal að austanverðu.⁵¹³

Þann 8. júní 1841, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, var upplesin lögfesta eiganda jarðarinnar Bakka, er dagsett var 22. maí 1771. Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalsheiði og Seldal:

3. Logfesta af 22an Maji 1771 í Nafni hins núverandi Eigara jardarinnar Bakka i Yxnadal bónda Eigils Thomassonar, sem einnig Reqvirents, á tédrar jardar Túni, Eingjum, Uthaga etc. Bændurnir Sigurdur Jónsson á Nedstalandi, Sigurdur Sigurdsson á Þverbrekku, og [ofan línu] Jón Jónasson á stadnum prótosterudu þessa Logfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheidi og Seldal.⁵¹⁴

Í sáttabók fyrir Hörgárdal, 24. apríl 1841, er getið um deilu milli eigenda Bakka og bóndans á Þverbrekku vegna nýtingar hluta Öxnadalsheiðar, almennings á Seldal. Egill Tómasson á Bakka telur að Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku:

[...] skyldi ólöglega og ránglega hafa nota[d] sér part af Yxnadalsheidi sem klagandi meinar ad vera Eign jardarinnar Backa.⁵¹⁵

Endanleg sátt náðist ekki í málinu, þar sem menn vildu kanna nánar rétt eintak af *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, og byggja á því sem þar segði.

Þann 24. maí 1842, er lesin partur úr sömu lögfestu, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, og henni mótmælt sem fyrr:

15. Eptir bón bóndans Eigils Thómassonar á Bakka í Yxnadal var upplesin partur úr Lögfestu um Jardarinnar Bakka Landeign á Yxnadalsheiði. Lögfestan er útgefin af Símon Bech þann 22 Maji 1771 og er seinast þinglesin á Skriðu manntalsþingi þann 8da júní 1841 og innfærd í Eyjafjarðar sysslu kaupbréfa og pantbók þann folio 60. Kablinn sem upp var lesinn byrjar á þessum orðum: „Seldal allann“ og endar á ordinu „Folaldareit“ og fyrirbaud Eigill allra brúkun á því í þeim kabla nefndra plátsi. Eigli var þvínæst afhendt lögfestan áteiknud um Þinglýsingu tédrar greinar. Hreppstjóri Sigurður Sigurðsson á Þverbrekku og bændurnir Sigurður Jónsson á Neðstalandi og Jón Jónasson á Auðnum prótosterudu enn sem fyrri þessa Lögfestu hvad áhrærir afréttirnar Yxnadalsheiði og Seldal, og tjádust brúka lond þau á medan þau ekki eru Bakka tildæmd.⁵¹⁶

⁵¹³ Skjal nr. 2(333) a-b.

⁵¹⁴ Skjal nr. 2(334) a-b.

⁵¹⁵ Skjal nr. 4(254) a-b.

⁵¹⁶ Skjal nr. 2(328) a-b.

Í jarðamati 1804 kemur fram að eyðihjáleigurnar Þórðargerði og Hofgerði séu tilheyrandi jörðinni Bakka.⁵¹⁷

Samkvæmt jarðabók þeirra Árna og Páls yfir Skriðþingsókn í Eyjafjarðar-sýslu árið 1713 eru Þórðargerði og Hofgerði báðar í landi Bakka og báðar í eyði á þeim tíma. Þórðargerði er lýst sem eyðibóli sem ekki hafði verið í byggð í 24 ár. Um Hofgerði segir að þar séu miklar tóftarleifar og að ekki hafi verið þar búið í manna minnum.⁵¹⁸

B.H. Borgen amtmaður, að norðan og austan, skrifaði rentukammeri 10. ágúst 1842. Þar getur hann dómsmáls sem upp sé risið á milli Egils Tómassonar á Bakka og Sigurðar Sigurðssonar hreppstjóra á Þverbrekku um rétt til fjárreksturs í “almenning (Alminding)” á hinni svokölluðu Öxnadalsheiði. Egill hafði óskað aðstoðar amtmanns við að staðfesta sannleiksgildi útdráttar úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem amtmaður lét fylgja bréfinu. Amtmaður fór fram á að rentukammer sæi til þess að Egill fengi útdrátt af jarðabókinni varðandi jarðirnar Bakka og Þverbrekku ásamt klausu um upprekstur sem væri að finna aftan við umfjöllun um jarðir í Skriðþingsókn. Rentukammerið sendi amtmanni umbeðinn útdrátt, með bréfi dagsettu 29. október 1842, og fól honum að koma honum áfram til Egils á Bakka. Það tekur ennfremur skýrt fram að það sé undir viðkomandi dómstólum komið að skera úr um sönnunargildi vitnisburðar jarðabókarinnar varðandi umrædd réttindi.⁵¹⁹

Umrædd viðbót við texta Skriðþingssóknar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um upprekstrarréttindi úr sókninni eru svohljóðandi:

Upprekstur, sem nefndur er frá sjerhverjum bæ í öllum Yxnadal (að frátekinni Þverbrekku, sem sjálf þar ítak á), á Almenníng fyrir lömb, hann liggur fram af bygðinni fyrir austan Yxnadalsá, hvörs pláss drög liggja til Eyjafjarðar.

Grasatekja er á fyrnefndum Almenníngi, fáeinum bæjum til nægilegra þarfinda, kannske ivum eða v. Ómögulegt væri hjer bygð að setja, þótt engin fólksfæða væri, án sveitarinnar skaða og landsins sjálfs ófrjóðsemi.⁵²⁰

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá Agli Tómassyni bónda þar sem hann óskar þess að Öxnadalsheiði vestur að Grjótá ásamt svonefndum Seldal sé metin með eignarjörð hans Bakka í samræmi við *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* eða að hún teljist að minnsta kosti sem þrætuland á milli Bakka og þeirra jarða er eigna sér frían geldfjárrekstur þangað samkvæmt jarðabókinni en eftir því mati mun hafa verið farið við jarðamatið 1849.⁵²¹

Þann 22. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur beiðni séra E. Thorlacius um að þess yrði getið að eftir máldaga Ólafs biskups ætti Mikligarður í Eyjafirði

⁵¹⁷ Skjal nr. 2(324).

⁵¹⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 151.

⁵¹⁹ Skjal nr. 2(355) a-b.

⁵²⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 162.

⁵²¹ Skjal nr. 2(325).

teig í Öxnadal ofanfrá Lurkasteini á milli tveggja garðstæða og sjö folalda rekstur í Vaskáröxl.⁵²²

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Bakki eigi frían upprekstur í almenning á Öxnadalshéi.⁵²³

Á manntalsþingi, 31. maí árið 1871, höldnu að Stóru-Ökrum, var lesin lögfesta Th. Danielsens á Skipalóni, fyrir landi jarðarinnar Bakka í Öxnadal.⁵²⁴

Þann 2. júní 1885, á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, leggur Jónas á Bakka fram bann við brúkun á landi innan tiltekinna takmarka:

16. Bann frá Jónasi á Bakka um brúkun á landi er takmarkast: „að utan gardur utan við Sorlahol og úr honum beint til fjalls, að austan ræður Öxnadalsá, en að vestan ræður Grjótá og Kallbaksá, j[ö]rdin Ytri Bægisá á svo nefndan Folaldareit innan tjedra takmarka“.⁵²⁵

Í afsali Bakka frá 7. nóvember 1886 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel og að kirkja sé á jörðinni. Einnig er minnst á Skjaldastaði.⁵²⁶ Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* tilheyra þeir Bakkakirkju.⁵²⁷

Landamerkjabréf fyrir Bakka var útbúið þann 20. maí 1886. Þar segir:

Jörðin á frían upprekstur fyrir fje á Öxnadalshéi austan við Grjótá.⁵²⁸

St. Jónsson og J. Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði sem eigandi Auðna og Hraunshöfða.

Á manntalsþingi að Skriðu í Hörgárdal, 28. maí 1886, voru þinglesin landamerki jarðarinnar Bakka.⁵²⁹

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885. Þessu bréfi mótmæltu eigendur Bakka og Bakkasels þeir S. Jónasson og Jón Jónasson.

Í afsali Bakka frá 24. júní 1887 er nefnt að honum fylgi hjáleigan Bakkasel.⁵³⁰

⁵²² Skjal nr. 2(326).

⁵²³ Skjal nr. 2(325).

⁵²⁴ Skjal nr. 2(335).

⁵²⁵ Skjal nr. 2(336) a-b.

⁵²⁶ Skjal nr. 4(188).

⁵²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 150.

⁵²⁸ Skjal nr. 2(317).

⁵²⁹ Skjal nr. 2(351). Bakki. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1232).

⁵³⁰ Skjal nr. 4(189).

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.⁵³¹ Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgdi einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar. Sami viðauki fylgir nú úrskurðum á svæði 7B, að viðbættum almennum kafla úr úrskurðum á svæði 7A og uppfærðum formála.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3–6.9 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals fimm tugir dóma Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

⁵³¹ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótssdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafaréttur); tveir dómur frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrjú dómur frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

6.1.2.2 Heimildir sem mæla í mót landamerkjabréfi jarðar

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefndar taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótssdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótssdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignaréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

6.1.2.3 Heimildir um legu jarða til forna

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan

eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Um fjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaði. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormódsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.⁵³² Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í 5. kafla hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

⁵³² Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (i viðauka).

6.3 Stífluafrétt og Lágheiði

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Stífluafrétt að vestanverðu en afréttarlönd á Lágheiði að austanverðu. Sveitarfélagið Skagafjörður gerir að stærstum hluta kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Krafa sveitarfélagsins nær þó ekki til norðausturhluta kröfusvæðis íslenska ríkisins og þar er einungis gerð krafa um þjóðlendu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á norðanverðum Tröllaskaga, inn af Ólafsfirði og Fljótum. Það er að mestu í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst í um 1000-1200 m hæð. Fjöllin eru brött, með hamrabeltum, skorin giljum, dölum, skálum og vatnsföllum. Að austanverðu eru Hestfjall (1034 m) og Hádegisfjall (644 m) og Hreppendasúlur (1057 m) til norðvesturs. Austur undir þeim síðastnefndu er Lágheiði en austur og suður af henni hækkar land skarpt. Vestast á svæðinu sunnan Lágheiðar er Móafellshyrna (1045 m) og austan hennar skerast tveir dalir til suðurs í fjallabálkinn. Þar er Hvarfdalur vestar og Klaufabrekknadalur austar. Undirlendi dalanna er vel gróið og sama máli gegnir um Lágheiði. Á milli þeirra rís Klaufabrekknadalsöxl (869 m), þverhnipt klettafjall, og suður upp af henni er Kerlingahnjúkur (1194 m).

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Lágheiði sérstaklega er til þess vísað að hennar sé fyrst getið í ráðsmannsreikningum Hóla í Hjaltadal frá 1387 og þá í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þá sé í brauðalýsingu séra Guðmundar Sigurðssonar á Barði, frá 25. júlí 1782, greint frá afrétt á Lágheiði. Að öðru leyti vísist til *Sýslu- og sóknalýsinga Skagafjarðar* svo og landamerkjalyýsingar á milli „Ólafsfjarðar og Stíflu-afréttarlanda“ frá 1885, auk annarra heimilda sem greini í yfirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Af þeim verði ráðið að um afréttarsvæði hafi verið að ræða og að það hafi ekki tilheyrt einstökum jörðum.

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á skráðum eignarheimildum fyrir þessari eign og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Þessar heimildir fari ekki í bága við eldri heimildir en nefna megi að Hólamenn hafi rekið fé á Lágheiði, sbr. ráðsmannsreikninga Hóla í Hjaltadal frá 1387. Fullur hefðartími sé einnig frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Vísist um þetta einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt það hafi verið lagt til afréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæði því sem hér er deilt um er rakin í kafla 5.1 hér að framan. Þar kemur fram að Lágheiðar er fyrst sérstaklega getið í heimild frá 14. öld þar sem fram kemur að Hólamenn hafi meðal annars rekið féð sitt þangað.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í tveimur landamerkjabréfum sem fjalla um mörk afréttarlanda Fljótamanna og Ólafsfirðinga á Lágheiði. Bréfin voru gerð af hreppsnefndum Holtshrepps og Þóroddsstaðahrepps og af þeim má ráða að á vestanverðri Lágheiði sé afrétt Fljótamanna, nefnd Stífla eða Stífluafrétt, en á austanverðri Lágheiði liggja afréttarland Ólafsfjarðar. Bréf Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu er dags. 6. september 1885 og þinglesið 12. júlí 1886. Holtshreppur rann síðar inn í Fljótahrepp og tilheyrir nú Sveitarfélaginu Skagafirði. Bréf Þóroddsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu er ódagsett en þinglesið 2. júní 1886. Þóroddsstaðahreppur varð síðar Ólafsfjarðahreppur og tilheyrir nú Sveitarfélaginu Fjallabyggð. Engar eldri heimildir hafa fundist með merkjalýsingum fyrir þetta landsvæði.

Athugun þessi tekur til heildarmerkja alls framangreinds landsvæðis á Lágheiði og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Hreppsendaár til norðurs og Þrasastaða og Móafells til vesturs. Til suðurs eru óumdeild eignarlönd Atlastaða, Þorsteinsstaða, Sandár, Göngustaða, Göngustaðakots, Klaufabrekknna og Klaufabrekknakots. Til austurs er jörðin Reykir. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun afréttarsvæða á Lágheiði með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í lýsingu Holtshrepps á mörkum Ólafsfjarðar og Stífluafréttarlands frá 1885 segir svo: „Á Láheiði eru fjórar vörður, og ræður lína sú, er þær vísa, merkjum til fjalls báðu megin.“ Þessum merkjum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Þóroddsstaðahrepps frá 1886 og bréfin bera gagnkvæmar áritanir hreppsnefndanna. Ekki hefur verið upplýst um hvar þær fjórar vörður liggja sem minnst er á í merkjalýsingum bréfanna en þær hafa skipt heiðinni

á milli umræddra hreppa og sýslna. Kort það sem lagt er fram í máli þessu og sýnir kröfur málsaðila er unnið á kortagrunn Landmælinga Íslands. Samkvæmt því liggja mörk Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Fjallabyggðar um þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna afréttarlanda á Lágheiði.

Um vesturmerki, gagnvart Þrasastöðum og Móafelli, segir svo í landamerkjabréfi Þóroddsstaðahrepps: „Milli Stýfluafréttarlands og heimalands á Þrasastöðum eru merki úr efsta Drykkjarhól beina stefnu uppí hall-klett, en Fljótaá ræður merkjum að neðan. Og enn fremur milli sömu afrjettar og Móafells eru merki eptir miðri Stóruskriðu ofaní Fljótaá, áin ræður merkjum að neðan en fjallseggjar að ofan.“ Þessar lýsingar fá ágætlega samrýmst landamerkjabréfum Þrasastaða og Móafells frá árinu 1886 og bréfin bera gagnkvæmar áritanir.

Jörðin Hreppsendaá liggur norðan af þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Samkvæmt landamerkjabréfi Hreppsendaár sem þinglýst var 1899 eru suðurmerki frá hólum „sem kallaður er Dýrhóll, og liggja merkin í beinni línu frá hólnum til fjalls uppí svokallaða Hlasskverk utan til við Súluþjalls tind, eins liggja merkin frá áður nefndum hól ofan í árgil sem er rjett austan við hólinn. Að vestan ræður merkjum fjalls-egg alla leið“. Bréfið er áritað fyrir hönd hreppsnefndar Þóroddsstaðahrepps.

Suður af ágreiningssvæði aðila í máli þessu, handan sveitarfélaga- og sýslumarka gagnvart Eyjafjarðarsýslu, liggja jarðirnar Atlastaðir, Þorsteinsstaðir, Sandá, Göngustaðir, Göngustaðakot, Klaufabrekkur og Klaufabrekknakot, talið frá vestri til austurs. Kröfulína íslenska ríkisins og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í máli þessu liggur um sveitarfélagamörk á háfjalli. Í landamerkjabréfum umræddra jarða, sem öll eru frá árunum 1884 eða 1885, er merkjum til norðurs ýmist lýst „á fjall upp“ eða með ám „til fremstu uptaka“. Bréf annars vegar jarðanna og hins vegar Lágheiðar og Stýfluafréttar bera ekki gagnkvæmar áritanir en lýsingar þeirra benda til þess að merkin nái saman á fjalli.

Austur af þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins er jörðin Reykir. Í landamerkjabréfi Reykja, dags. 1. júlí 1886, segir svo: „Að sunnan ræður merkjum á Láheiði þvergil, sem kallað er, og liggur það úr fjalli að ofan, og niður að Ólafsfjarðará. Einnig fylgir jörðunni dalur, sem nefnist Reykjadalur bæði að austan og vestan.“ Bréfið er áritað um samþykki hreppsnefndar Þóroddsstaðahrepps.

Svo sem að framan er rakið voru landamerkjabréf Holtshrepps og Þóroddsstaðahrepps um afréttarmörk á Lágheiði gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Bréfin lýsa ekki nákvæmlega merkjum gagnvart aðliggjandi landsvæðum. Afmörkun á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins fær þó samrýmst merkjum aðliggjandi jarða og landamerkjabréf fyrir afréttarsvæði á Lágheiði mæla henni ekki í mót. Um afmörkun þess er ekki ágreiningur meðal aðila þess máls sem hér er til úrlausnar en til norðausturhluta svæðisins er ekki gerð krafa af hálfu annarra en íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og

óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Heimildir allt frá 14. öld greina frá því að á Lágheiði hafi verið afrétt jarða, en landfræðilega aðskilin frá þeim flestum og jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum. Hið sama er að segja um Stífluafrétt í heimildum allt frá því snemma á 18. öld. Elsta heimild um Lágheiði er í ráðsmannsreikningum Hóla í Hjaltadal frá 1387, þar sem segir að Hólamenn hafi rekið féð sitt m.a. á Lágheiði. Næst er minnst á Lágheiði í sölubréfi fyrir Reyki í Fljótum frá 1454. Þar eru tilgreind landamerki milli Reykja og Karlsstaða í Ólafsfjarðahreppi og síðan er þetta tekið fram: „ok halfa lagheide“. Þegar Tunga í Fljótum var seld 1508 var skráð að Tunga ætti „allan halfan Hvarfsdal fyrir vestan fram ad Möagile [...] og være þängat vanaligr lamba Regxtur vr Fliotum“. Hvarfsdalur liggur innan kröfufsvæðis vegna Lágheiðar að vestanverðu. Í braudalýsingu séra Guðmundar Sigurðssonar á Barði í Fljótum frá 1782 er greint frá afrétt á Lágheiði sem „sieu til næsta þvj Eingra Nota Annara, enn Frij Geldfiär og lamba JReksturs og gaungu ä Sumrum“. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir að Barð hafi notað selför á Lágheiði „sem liggur fram frá Eystri Fljótum, í það pláts sem heitir Blákápureitur. Þetta ítak hefur ekki brúkast í manna minni.“ Í sömu heimild um jörðina Sléttu í Fljótum segir að hún noti tollfrjálsan lambaafrijet sem heitir Hvarfsdalur, svo sem aðrar jarðir í Austurfljótum. Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* 1839-1873 segir svo: „Nú eru Lágheiði að vestanverðu með Klaufabrekknadalnum og Hvarfdalur afréttarlönd almennings, brúkuð af flestum Stíflu- og Austur-Fljótsmönnum“. Einnig segir að flestir úr Holtssókn „reki geldfé sitt á svonefnda Stífluafrétt“. Þetta er elsta fyrirliggjandi heimildin þar sem heitið Stífluafrétt er notað.

Að því er varðar jarðir í Eyjafjarðarsýslu segir í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu 1839-1854* að afrétt frambæjanna sé „í almenningnum á Lágheiði“. Í jarðamatinu 1849 kemur fram það álit matsmanna að sveitin eigi almenning á Lágheiði.

Árið 1886 var þinglýst efnislega samhljóða landamerkjabréfum undirrituðum af hreppsnefndum Holtshrepps og Þóroddsstaðahrepps og þar kemur fram að um afréttarsvæði sé að ræða. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nýttjar. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfenaður leitað án hindrana.

Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarþeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Fljótahreppi og Ólafsfirði haft af landsvæðinu hefðbundin afréttarnot, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafréttir almennt.⁵³³ Ekki verður annað séð en leitarfyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að bæði á Lágheiði og á Stífluafrétt hafi verið afrétt í þeim skilningi að jörðum í Fljótahreppi og Ólafsfirði hafi tilheyrt þar óbein eignarréttindi fremur en beinn eignarréttur. Sveitarfélagið Skagafjörður, sem er aðili að máli þessu, leiðir rétt sinn frá Fljótahreppi. Fjallabyggð, sem leiðir rétt sinn til fyrrum Ólafsfjarðarhrepps, gerir hins vegar ekki kröfur í málinu og því koma hugsanleg réttindi þess sveitarfélags á ágreiningssvæðinu ekki til úrskurðar óbyggðanefndar. Með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 98/1998 skal tekið fram að á fyrri stigum málsmeðferðar voru kröfur aðila sérstaklega kynntar viðkomandi sveitarfélögum, þar á meðal Fjallabyggð. Samkvæmt fyrirbyggjandi dómafordæmum Hæstaréttar er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila og verður að leysa úr málum á þeim grundvelli.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Lágheiði liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeitar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun þess hefur verið hátað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Stífluafrétt og Lágheiði séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁵³⁴ Af fyrirbyggjandi gögnum

⁵³³ Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

⁵³⁴ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verður hins vegar ráðið að sá hluti ágreiningssvæðisins sem Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til sé afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Umræddur hluti þjóðlendukröfusvæðisins verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Stífluafrétt og Lágheiði, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem lækur sá sem rennur um Þvergil fellur í Ólafsfjarðará (1). Þaðan er Ólafsfjarðará fylgt til suðurs þar til komið er á móts við Dýrhól (2). Þaðan er línan dregin beina stefnu í svonefnda Hlasskverk (3) utan við Súluþfallstind og þaðan stystu leið upp á fjallsbrún (4). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti (5) og línan dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (6). Þaðan er línan dregin stystu leið í Fljótaá (7) og ánni síðan fylgt til vesturs þar til komið er á móts við miðja Stóruskriðu (8). Þaðan er línan dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggjar (9). Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafall (1032 m) við Móafellsjökul (10). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli (1252 m) (11). Þaðan er miðfjalli Hestfjalls og síðan Hádegisfjalls fylgt þar til komið er á móts við efstu drög Þvergils (12). Þaðan er línan dregin beint í efstu drög Þvergils og læknum sem rennur um gilið fylgt að upphafspunkti þar sem hann rennur í Ólafsfjarðará.

Eftirfarandi hluti sama landsvæðis er afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga:

Upphafspunktur er í svonefndri Hlasskverk (1) utan við Súluþfallstind. Þaðan er línan dregin stystu leið upp á fjallsbrún (2). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti (3) og línan dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (4). Þaðan er línan dregin stystu leið í Fljótaá (5) og ánni fylgt til vesturs þar til komið er á móts við miðja Stóruskriðu (6). Þaðan er línan dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggjar (7). Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafall (1032 m) við Móafellsjökul (8). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli (1252 m) (9). Þaðan er miðfjalli Hestfjalls og síðan Hádegisfjalls fylgt þar til komið er að punkti í Hestfjalli rétt ofan við merkjavörðu (10) (punktur 5 á kröfulínu gagnaðila ríkisins). Þaðan er línan dregin beina stefnu í upphafspunkt.

Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.4 Hnjótafjall (Atlastaðir)

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Hnjótafjall og þinglýstir eigendur jarðarinnar Atlastaða gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Hnjótafjall liggur fremst, eða vestast inn til landsins, í Svarfaðardal á austanverðum Tröllaskaga. Dalurinn teygir sig frá sjávarmáli við Dalvík og að Hnjótafjalli, upp undir Heljardalsheiði, Deildardalsjökul og Unadalsjökul. Fjallið er í 200 til 1121 m hæð yfir sjávarmáli, bratt og með hamrabeltum ofan til. Norðan Hnjótafjalls rennur Skallá, sunnan þess Svarfaðardalsá og austan þess sameinast árnar. Meðfram ánum er svæðið gróið en gróður fer minnkandi með aukinni hæð í hlíðum fjallsins.

Úr 1121 m hæðarpunkti í Hnjótafjalli austur til ármóta Skallár og Svarfaðardalsár eru tæpir 3,4 km og frá sama stað til sjávar á Dalvík eru um 22 km, mælt í beinni loftlínu.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfussvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Hnjóta sérstaklega er því haldið fram að heimildir sýni að þar hafi frá öndverðu verið afréttarsvæði utan eignarlanda jarða. Vísist um það einkum til umfjöllunar í dómabók frá 1739 þar sem Urðir lögfesti fjallið Hnjót, sbr. og umfjöllun *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712, þar sem segi að kirkjan eigi afréttarland fram frá Atlastaðalandi, „eitt fjall sem Hnjótar kallast.“ Þá greini jarðamöt frá 1849 og 1918 frá því að upprekstrarland jarðarinnar Urða sé í svokölluðum Hnjótum. Af lýsingum þessum megi ráða að Hnjótafjall hafi verið sérstakt landsvæði, aðgreint frá jörðinni Urðum og nýting þess

eingöngu bundin við afréttarnot. Sambærilegt tilvik megi sjá í Hoffells-Lambatungum sem Hæstiréttur hafi dæmt þjóðlendu í máli nr. 497/2005.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Atlastaða, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Einnig er vísað til afsals frá 2004 sem þinglýst hafi verið án athugasemda og samþykkt bæði af jarðanefnd og sveitarstjórn. Jafnframt er vísað til eignarheimilda fyrri eigenda jarðarinnar, m.a. afsalsbréfs frá 1984, og eldri eignarheimilda sem rekja megi allt til ársins 1447. Landamerkjabréf jarðarinnar sé í fullu samræmi við eldri heimildir og þá einkum vísað til lögfestu fyrir Atlastöðum frá 1838. Allar heimildir frá því á 17. öld og fram á 19. öld tali um Hnjótana, þ.e. Hnjótafjall og landsvæðið umhverfis, sem eign Urðakirkju. Í landamerkjabréfi frá 1884 greini síðan að afréttarlandið Hnjótar fylgi Atlastöðum. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi gagnaðila, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Loks er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnarsýslulaga, um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna, auk meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hnjótafjalls, Urða og Atlastaða er rakin kafla 5.2. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að Atlastaðir hafa verið sjálfstæð jörð.⁵³⁵ Hnjótafjalls er fyrst getið í bréfabók biskups í skjali frá 1595 um eignir Urðakirkju og einnig í nokkrum yngri heimildum um Urðir. Urðir liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Hnjótafjalli af öðrum jörðum. Fyrst er minnst á „afréttarlandið Hnjóta“ í tengslum við Atlastaði í landamerkjabréfi Atlastaða frá 15. maí 1884. Þar segir svo: „Afréttarlandið Hnjótar fylgja tjeðri jörðu“. Í bréfinu er annars vegar lýst merkjum „heimalandsins“ og hins vegar merkjum „afréttarlandsins Hnjóta“.⁵³⁶ Atlastaðir liggja norðan við Hnjótafjall, aðskildir frá fjallinu af Skallá. Atlastaðir og Urðir voru á tímabili í eigu sömu aðila, a.m.k. á fyrri hluta 19. aldar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hnjótafjalls er lýst í landamerkjabréfi Atlastaða frá 1884 auk eldri heimildar um afmörkun, nánar tiltekið lögfestu fyrir Urðum frá 1838. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru ágreiningssvæði vegna Vífilsstaðalands til suðurs, sbr. kafla 6.5 og Unadals- og Deildardalsafréttar til vesturs, sjá nánar í máli nr. 2/2009. Til norðurs er óumdeilt eignarland Atlastaða og til austurs og suðausturs er óumdeilt eignarland Kots. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hnjótafjalls með tilliti til ágreinings-svæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

⁵³⁵ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

⁵³⁶ Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Samkvæmt landamerkjabréfi Atlastaða frá 1884 eru merki „afrjettarlandsins Hnjóta“ til norðurs, gagnvart Atlastöðum, miðuð við Skallána. Hið sama kemur fram í lýsingu á Atlastöðum í sama bréfi, en þar segir einnig að Skallá sé fylgt „til jökla móts við afréttarlandið Hnjóta.“ Í lögfestu fyrir Urðum frá 1838 eru merki „Hnjóta Fjalls“ einnig miðuð við Skallá.

Til suðurs, gagnvart Vífilstaðalandi, eru merki „afrjettarlandsins Hnjóta“ miðuð við Svarfaðardalsá „upp til sýsluskila á Heljardalsheiði“, samkvæmt því sem greinir í landamerkjabréfi Atlastaða. Svo sem greinir í kafla 6.5 er Vífilsstaðaland innan afmörkunar í landamerkjabréfi Kots frá 1883. Þar eru merki „að vestan“, gagnvart Hnjótafjalli, einnig miðuð Svarfaðardalsá „til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðar-sýslu.“ Bréf Atlastaða og Kots bera ekki gagnkvæmar áritanir. Í lögfestu fyrir Urðum frá 1838 eru merki „Hnjóta Fjalls“ miðuð við „dalsá,“ og af samhengi textans virðist mega ráða að þar sé átt við Svarfaðardalsá.

Vestur af Hnjótafjalli eru Unadals- og Deildardalsafréttir. Samkvæmt landamerkjabréfi Atlastaða miðast norðurmerki „afrjettarlandsins Hnjóta“ við Skallána og vestur „til jökla“ og suðurmerki ná vestur „til sýsluskila á Heljardalsheiði“. Landmerkjabréf Kots er í samræmi við þetta, svo sem áður hefur verið rakið. Landmerkjabréf Deildardals- og Unadalsafrétta frá árinu 1890 miðar austurmerki, gagnvart Hnjótafjalli, einnig við sýsluskil á jökli enda þótt það sé ekki áritað um samþykki vegna Hnjótafjalls. Í lögfestu fyrir Urðum frá 1838 eru vesturmerki „Hnjóta Fjalls“ einnig miðuð við árupptök „framm til Hejdar Jökla og efstu Vatna Upptaka“.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar á „afrjettarlandinu Hnjótum“ í landamerkjabréfi Atlastaða, sé tekið mið af eldri heimild, staðháttum og heimildum um afmörkun aðliggjandi landsvæða. Bréfið var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af heimildum má ráða að Hnjótafjall hefur fyrst legið undir Urðir en síðan undir Atlastaði. Í heimildum um Urðakirkju frá 1595 og 1633 er Hnjótafjall talið upp með eignum Urðakirkju og sama máli gegnir um lögfestur ábúanda á Urðum frá 1739 og 1838. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 eru Hnjótar nefndir afréttarland, sbr. einnig makaskiptabréf frá 1792 og jarðamatið 1804, auk landamerkjabréfa Urða og Atlastaða frá 1884. Í hinu síðarnefnda landamerkjabréfi er sérstök afmörkun á Hnjótafjalli, hinum megin Skallár. Í jarðamatinu 1849 segir að Urðir eigi upprekstrarrétt í Hnjótafjalli og sama máli gegnir um fasteignamatið 1916-1918, en þar kemur að auki fram að Atlastaðir eigi þar upprekstrarland.

Samkvæmt framangreindum heimildum er Hnjótafjalls jafnan getið með sérstökum hætti og oftast í tengslum við afréttarnot. Ekkert bendir til þess að á þessu svæði hafi verið byggð og engin gögn liggja fyrir um önnur not en sumarbeit og aðra takmarkaða nýtingu, auk þess sem svæðið hefur í seinni tíð verið notað til útivistar. Svæðið er að stórum hluta hálent og inn á það hefur búfenaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Hnjótafjall hafi verið afrétt Urðakirkju og síðar Atlastaða í þeim skilningi að kirkjan og jörðin hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hnjótafjalli liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Urðakirkja, sem eigendur Atlastaða leiða rétt sinn frá, var komin að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Hnjótafjalls hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumararbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hnjótafjall sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁵³⁷ Af fyrirleggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að

⁵³⁷ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Atlastaða. Þá liggja fyrir samþykktir Veidifélags Svarfaðardalsár, í suðurmörkum Hnjótafjalls, þar sem Atlastaðir eru taldir meðal aðila.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Hnjótafjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Frá þeim stað þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá er Skallá fylgt að upptökum í Hákömbum og í mörk Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna. Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs um Hákamba, þar til komið er að fremstu upptökum Svarfaðardalsár. Loks er Svarfaðardalsá fylgt þangað sem Skallá fellur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Atlastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í Svarfaðardalsá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.5 Vífilsstaðir (Kot)

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Vífilsstaðaland og þinglýstir eigendur Kots gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Svarfaðardalur liggur á austanverðum Tröllaskaga, frá sjávarmáli við Dalvík og vestur til fjalla, upp undir Heljardalsheiði, Deildardalsjökul og Unadalsjökul. Vesturhluti dalsins hefur leguna vestur-austur en um Hreiðarstaðafjall sveigir dalurinn til norðausturs. Fyrir enda dalsins að suðvestanverðu, sunnan Hnjótafjalls og Svarfaðardalsár, er Vífilsfjall (1085 m). Austan Vífilsfjalls er Kotafjall (1120 m) og þar á milli er Vífilsdalur. Meðfram ám í dalbotnum er svæðið gróið en gróður fer minnkandi með aukinni hæð í hlíðum Vífilsfjalls og Kotafjalls.

Frá 1085 m hæðarpunkti í Vífilsfjalli og austur á bæjarstæði Kots við Svarfaðardalsá eru u.þ.b. 4,4 km og frá sama stað til sjávar á Dalvík eru um 24 km, mælt í beinni loftlínu.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfussvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir.

Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Kotafjall sérstaklega er vísað til *Sýslu- og sóknalýsinga Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, þar sem fram komi að svokallað Vífilsstaðaland hafi legið vestan jarðarinnar Kota. Ráða megi af lýsingunni að Vífilsdalur allur beggja vegna hafi fallið undir svokallað Vífilsstaðaland en enginn hafi getað „sagt hvörjum þessi landspartur tilheyrir“. Eignarréttur sé því með öllu óljós á svæði sem kallað sé Vífilsstaðaland. Að því leyti sé merkjalýsingu Kota hafnað sem og eignarréttartilkalli Kota til svæðisins, þ.e. til Vífilsstaðalands. Í þessu sambandi er vísað til niðurstaðna óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, að því er varðar Hvamm og Laxárdal, sem Héraðsdómur Norðurlands eystra hafi staðfest 16. september 2009, í málum nr. 136 og 138/2008. Loks er talið að uppboð og sala á Koti ásamt Vífilsstöðum 1813 hafi einungis falið í sér framsal á afréttareign á Vífilsstaðalandi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Kots, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi gagnaðila, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eldri heimildir mæli landamerkjabréfi jarðarinnar ekki í mót og breyti þar engu óljósar heimildir um fornbylið Vífilsstaði. Það land, sem engin afmörkun sé til fyrir, sé fyrir löngu komið undir jörðina Kot. Íslenska ríkið hafi verið eigandi jarðarinnar þegar landamerkjabréfið var gert og því hafi forverar núverandi eiganda verið í góðri trú um að land jarðarinnar innan þinglýstra merkja væri eignarland, þegar þeir keyptu jörðina 1919.

Loks er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnarsýslulaga, um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna, auk meðalhófsreglu stjórnarsýslulaganna. Ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kots og Vífilsstaða er rakin í kafla 5.2. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að Kot hefur verið sjálfstæð jörð.⁵³⁸ Vífilsstaðafjalls er fyrst getið í jarðamatinu 1804 þar sem það er nefnt afrétt Hólastaðar, aðliggjandi Koti.⁵³⁹ Árið 1813 voru Vífilsstaðir seldir á uppboði ásamt jörðinni

⁵³⁸ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

⁵³⁹ Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Koti. Landamerkjabréf Kots var gert 1883, án þess að Vífilstaðir eða Vífilstaðafjall væru þar tilgreind.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af landamerkjabréfi Kots, frá 26. maí 1883 og þingl. 29. maí 1883, um afmörkun Vífilstaðalands. Í því sambandi verður einnig litið til eldri heimildar um afmörkun, nánar tiltekið *Sýslu- og sóknalýsinga Eyjafjarðarsýslu* frá 1839-1854, auk gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er ágreiningssvæði vegna Hnjótafjalls til norðurs, sbr. kafla 6.4, og óumdeilt eignarland jarðarinnar Kots til austurs. Til suðurs og vesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 2/2009 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið Kolbeinsdalsafrétt og Unadals- og Deildardalsafréttir. Þar á milli er óumdeilt eignarland Hóla. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Vífilstaðalands með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kots frá 1883 eru merki til norðvesturs, gagnvart Hnjótafjalli, miðuð við Svarfaðardalsá „til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.“ Þessi lýsing er í ágætu samræmi við suðurmerki „afrjettarlandsins Hnjóta“, að því er greinir í landamerkjabréfi Atlastaða og lögfestu Urða frá 1838, sbr. kafla 6.4. Bréf Atlastaða og Kots bera ekki gagnkvæmar áritanir.

Vestur, suðvestur og suður af Vífilfjalli, innan Skagafjarðarsýslu á Tröllu-skaga, liggja landsvæði sem til umfjöllunar eru í máli nr. 2/2009, nánar tiltekið Unadals- og Deildardalsafréttir, Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt) og óumdeilt eignarland Hóla. Framangreind lýsing vestur- og suðvesturmerkja í landamerkjabréfi Kots er í samræmi við heimildir um afmörkun þessara landsvæða enda þótt þau beri ekki gagnkvæmar áritanir. Þannig segir í landamerkjabréfi Unadals- og Deildardalsafréttar, frá árinu 1890, að merki til austurs, gagnvart Hnjótafjalli og Vífilstaðalandi, séu miðuð við sýsluskil á jökli. Í landamerkjabréfi Hóla frá 1890 eru merki til norðausturs, gagnvart Vífilstaðalandi, miðuð við „hæstu fjallabrunir fyrir ofan botna á Heljardal“ og í landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar, austan Hóla og suðvestan Vífilfjalls, er einnig vísað til háfjalla.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kots miðast austurmerki við Vatnsdalsá, frá Svarfaðardalsá og fram til jökla. Kröfulína íslenska ríkisins í máli þessu liggur talsvert vestar en Vatnsdalsá. Þjóðlendukrafa, og landsvæði það sem til umfjöllunar er í máli þessu, tekur því einungis til hluta þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi Kots. Þessu til stuðnings, nánar tiltekið á milli punkta 3-5, hefur íslenska ríkið vísað til lýsingar í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* frá 1839-1854. Þar segir meðal annars svo í umfjöllun um Kot: „Heyrir þessari jörðu til allur syðri partur Vatnsdals, og er hann norðurkinnungur á því svonefnda Kotafjalli, sem bærinn stendur undir.“ Lýst er staðháttum, gróðurfari eða gróðurleysi og hættu á skriðum og snjóflóðum. Lýsing þessi nær „suður undir merki, þá svokallað Vífilstaðaland kemur, sem liggur allt fram að jöklum. Hefur enginn enn nú getað sagt, hverjum þessi landspartur tilheyri, og hefur þó ýtarleg rannsókn þar um gjörð verið.“ Síðan segir svo: „Skammt fyrir sunnan nefnda Vífilstaði kemur á ofan úr samnefndum dal, er liggur til austurs sunnan undir áðurnefndu Kotafjalli. Er dalur þessi báðum megin tilheyrandi umgetnum Vífilstöðum.“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningur í máli þessu taki til vestari hluta þess landsvæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðarinnar Kots, að teknu tilliti til staðháttar og heimilda um afmörkun aðliggjandi landsvæða. Þar er ekki gerður greinarmunur á fjallinu, Vífilsstöðum, sem þar kunna að hafa verið á einhverjum tíma, og Koti. Bréfið var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Á því hefur verið byggt síðan um merki, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér hafi þýðingu. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Kots hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. Hrd. 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í tilviki því sem hér er til úrlausnar er því einkum haldið fram af hálfu íslenska ríkisins að framangreind umfjöllun um Kot og Vífilsstaðaland í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* mæli landamerkjabréfi Kots í mót. Af henni megi leiða afmörkun annars vegar Vífilsstaðalands, þar sem krafist er þjóðlendu, og hins vegar Kots, þar sem viðurkennt er eignarland. Vísad er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005, um þjóðlendur innan

afmörkunar í landamerkjabréfum jarðanna Laxárdals og Hvamms í Svalbarðshreppi. Úrskurðir þessir voru staðfestir af héraðsdómi Norðurlands eystra 16. september 2009.

Dómar Hæstaréttar varðandi Hvamm og Laxárdal voru kveðnir upp 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 og 723/2009, sbr. kafla 6.1.2.2. hér að framan. Svo sem þar kemur fram taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa umræddra jarða væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að umfjöllun í sóknarlýsingu fyrir Svalbarðssókn frá 1875 leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Sóknarlýsing sú sem hér er til skoðunar var rituð af síra Árna Halldórssyni á Tjörn í Svarfaðardal og fram kemur að hann hafi þá verið sex vetur í Svarfaðardal. Samkvæmt því mun ritunartíminn um 1839. Meðal þess sem fram kemur hjá síra Árna er enginn hafi „enn nú getað sagt, hverjum þessi landspartur tilheyri, og hefur þó ýtarleg rannsókn þar um gjörð verið.“ Í málinu liggur þó fyrir að tæpum þrjátíu árum áður, eða 21. maí 1813, var haldið uppboð þar sem leiguliðinn á Koti keypti Kot með Vífilsstöðum. Höfðu þá Vífilsstaðir einnig verið boðnir upp „einsamlir, so sem Eidijörd“. Í gögnum um uppboðið kemur fram að það varði „þrjár kóngsjarðir“ og þar á meðal „Kot með Vífilsstöðum“.

Óbyggðanefnd telur að framangreint rýri sönnunargildi sóknarlýsingarinnar, að því leyti sem hún mælir gegn landamerkjabréfi Kots, auk þess sem hún var ekki gerð í þeim tilgangi að vera heimild um merki einstakra jarða.

Heimildir frá því fyrir uppboðið 1813 greina frá því að Kot hafi tilheyrt Möðruvöllum, sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712, og að Vífilsstaðafjall hafi verið afrétt Hólastóls, sbr. jarðamatið 1804. Í hinna síðastnefndu heimild segir einnig að þar hafi stundum verið byggð og jörðin kölluð Vífilsstaðir. Skortur á sláttulandi hafi hins vegar valdið því að byggðin hafi ekki haldist og landið verið leigt út til sumararbeitar.

Óbyggðanefnd telur að það sem að framan greinir um uppboðið 1813 og forsögu þess auk landamerkjabréfs Kots 1883 bendi til þess að Vífilsstaðaland hafi verið afrétt Hólastóls og síðar Kots í þeim skilningi að kirkjan og jörðin hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Umfjöllun um afréttarnot í Vífilsstaðafjalli, sbr. jarðamatið 1948, fasteignamat Kots 1916-1918 og drög að afsali 1919, er almenns eðlis og vitnar fremur um notkun viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður. Af því leiðir að land innan marka jarðarinnar verður ekki talið hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður umfjöllun um Kot og Vífilsstaðaland í *Sýslu- og sóknalýsingu Eyjafjarðarsýslu* ekki gefið slíkt vægi að hún hnekki landamerkjabréfi jarðarinnar Kots, sbr. einnig Hrd. 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 og 723/2009 varðandi Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Óbyggðanefnd

hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skál þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og nr. 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávíka frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar Kots, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Enda þótt nýting hálendari hluta jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Kots sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁵⁴⁰ Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að árétta að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Kots, svo sem því er að framan lýst og að meðtöldu Vífilsfjalli, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.6 Skíðadalsafrétt

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem oft hefur verið nefndur Skíðadalsafrétt og Dalvíkurbyggð gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.4. Afmörkun á kröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins samkvæmt lýsingu í texta kröfugerðar miðar við stærra landsvæði en endanleg þjóðlendukrafa. Afmörkun sama aðila á kröfusvæði sínu á kröfulínukorti er hins vegar sú sama og íslenska ríkisins. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir nær einungis til þess landsvæðis sem þjóðlendukrafa varðar.

Skíðadalur liggur á austanverðum Tröllaskaga og teygir sig norðan frá Svarfaðardal suður undir Stafnstungnafjall og Skíðadalsjökul. Í máli þessu er einungis deilt um þann hluta dalsins sem liggur lengst inn til landsins, nánar tiltekið innan við Gljúfurá og sunnan Vesturár.

⁵⁴⁰ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þar er undirlendi í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli og mikið fjalllendi. Með ánum og upp í fjallshlíðar er landið nokkuð gróið.

Svæði þessu má í megindrátum skipta í tvennt, annars vegar norðvestan og hins vegar suðaustan við Skíðadalsá. Norðvestan Skíðadalsár, sunnan Vesturár, er Stafnstungnafjall (1213 m). Norðan í fjallinu eru Vesturtungur og suðaustan í því eru Austurtungur. Vestan Stafnstungnafjalls er Staðargangnafjall (1364 m). Á þeim hluta svæðisins sem liggur suðaustan Skíðadalsár er Almenningsfjall (1295 m) nyrst en Gljúfurárjökull, innst í Gljúfurárdal, austan þess og sunnan. Suðvestan við Almenningsfjall, sunnan Stafnstungnafjalls, er Skíðadalsjökull og þaðan rennur Skíðadalsá norðaustur til sjávar.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar „Almenning á Skíðadal“ sérstaklega vísar íslenska ríkið til landamerkjabréfs „afréttar fremst í Skíðadal“ og landamerkjalýsinga aðliggjandi landsvæða. Af lögfestu frá 1739 megi ráða að svæðið hafi þá þegar verið afmarkað með merkjum, sbr. einnig lögfestu frá 1792 og dómabók frá 1794. Af því leiði að líta megi svo á að það hafi frá ómunatíð verið afmarkað sérstaklega sem afréttarsvæði, aðskilið frá Völlum en tilheyrandi Vallakirkju. Þetta fái jafnframt stuðning af yngri heimildum, t.d. bréfum hreppstjóra Svarfaðardalshrepps frá síðustu öld.

Af hálfu Dalvíkurbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Vísað er til meginreglu íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti, sbr. Gullberastaðatungur og jörðina Hóla í Biskupstungum. Fullur hefðartími sé einnig frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi sveitarfélagsins enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Vísist um þetta einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt landið hafi verið lagt til afréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmæta væntingu til að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem hann verði ekki sviptur án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Skíðadalsafrétt er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Þar kemur fram að réttinda Vallakirkju til Skíðadals og Vesturárdals er fyrst sérstaklega getið í máldaga frá 15. öld og fjölda heimilda eftir þann tíma, allt fram yfir aldamótin 1900. Jörðin Vellir liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Skíðadalsafrétt af öðrum jörðum, en Vallakirkja átti lengi jarðirnar Gljúfuráarkot og Sveinsstaði, sem liggja næst afréttinni að norðan. Sama máli gegnir um eyðijörðina Stafn sem síðar virðist hafa verið sameinuð Sveinsstöðum.⁵⁴¹

Árið 1905 heimilaði konungur að Vallaprestakall seldi Svarfaðardalshreppi jarðirnar Gljúfuráarkot og Sveinsstaði ásamt „Sveinsstaðaafrétt“, öðru nafni Skíðadalsafrétt. Til svæðisins hefur einnig verið vísað undir fleiri heitum, svo sem „Afréttur“ eða „Almenningur fremst í Skíðadal“. Árið 1998 sameinaðist Svarfaðardalshreppur tveimur öðrum sveitarfélögum undir nafninu Dalvíkurbyggð, sem er krefjandi beins eignarréttar í máli því sem hér er til úrlausnar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum „afréttar fremst í Skíðadal“ er lýst í landamerkjabréfi frá 5. maí 1883. Takmarkaðar lýsingar á svæðinu er einnig að finna í ýmsum eldri heimildum, máldögum, vísitásium, lögfestum og brauðamati. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland áður nefndra Sveinsstaða í Skíðadal til norðurs og til vesturs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Kolbeinsdalsafréttar í Skagafirði, sbr. kafla 6.6 í máli nr. 2/2009. Til suðurs liggja óumdeild eignarlönd Baugasels, Féeggsstaða og Sörlatungu í Hörgárdal og til austurs er Gljúfuráarkot í Skíðadal. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Skíðadalsafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Skíðadalsafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Afmörkun Skíðadalsafréttar er lýst í landamerkjabréfi sem ber yfirskriftina „Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju“, dagsett 5. maí 1883 og þinglesið síðar í sama mánuði. Þar er fyrst lýst landamerkjum sex tilgreindra jarða, þar á meðal Gljúfuráarkots og Sveinsstaða, og því næst „Afrjettar fremst í Skíðadal“. Vallaprestur undirritar bréfið vegna bæði jarða og afréttar. Í lýsingu bréfsins er greint á milli tveggja landsvæða innan afréttarinnar, nánar tiltekið Almenningsfjalls austan Skíðadalsár og Stafnstungnafjalls vestan Skíðadalsár.

⁵⁴¹ Sbr. umfjöllun um hugtökin jörð og afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Eldri heimildir um Skíðadalsafrétt eru nokkrar en lýsingar á afmörkun takmarkaðar. Þannig segir t.d. í máldaga Vallakirkju frá 1461 að hún eigi: „allan skidadal oc vestrar dal fram fra holamarke til sueinsstada marks.“ Hið sama kemur fram í máldaga frá 1525 og vísitásiu frá 1748. Í lögfestum frá 1739 og 1776 er einnig miðað við merki Hólakots og Sveinsstaða. Í lögfestu frá 1707 fyrir Vallakirkjulandi segir: „alla Skidadals afrett, aasamt öllum hennar Landsnyttjum, fraa fremstu Vatna uppsprettu, allt ofan ad Holar Merki fyrir austan aa, og Sveinsstada Merki fyrir Vestan, med öllum Vesturaardal og haalfum Þveraardal.“, sbr. einnig vísitásiu frá 1686. Svipaða lýsingu er að finna í vísitásiu Valla frá 1725 en þar er þó ekki minnst á Þverárdal. Í vísitásium Valla frá 1631 og 1692 og brauðamati frá 1782 segir hins vegar að kirkjan eigi alla afrétt frá Gljúfurármerki allt til Sveinsstaðamarks, sbr. einnig lögfestu frá 1792. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 er afmörkun miðuð við Skíðadalsá og Gljúfurárgil.

Um austurmerki Skíðadalsafréttar, gagnvart Gljúfurárkoti, segir í landamerkjabréfinu frá 1883 að Gljúfurárin ráði merkjum „frá Skíðadalsá fram til fremstu vatna upptaka, sem sjá má um Gljúfurárkots merki að sunnan þeim megin.“ Merkjum Gljúfurárkots er lýst í sama landamerkjabréfi og þau eru í samræmi við þetta. Engar eldri heimildir liggja fyrir um afmörkun Gljúfurárkots. Í framangreindum eldri heimildum um mörk afréttarinnar er afmörkun að þessu leyti yfirleitt ýmist miðuð við merki Gljúfurárkots eða Hólárkots/Hólarkots, án þess að því sé nánar lýst hvar þau liggja. Áðurnefnt landamerkjabréf frá 5. maí 1883 lýsir merkjum Gljúfurárkots og Hólárkots og samkvæmt því liggur Gljúfurárok á milli afréttarinnar og Hólárkots, austan ár. Svo sem áður sagði átti Vallakirkja lengi jörðina Gljúfurárok og kann það að skýra af hverju stundum er miðað við merki Hólárkots að þessu leyti.

Norðurmerki Skíðadalsafréttar, gagnvart Sveinsstöðum, eru samkvæmt landamerkjalyngu afréttarinnar miðuð við Vesturá „frá Skíðadalsá fram til fremstu vatna upptaka, sjá þar um við Sveinsstaðamerki að sunnan.“ Eru merkin í samræmi við lýsingar á Sveinsstöðum sem er að finna í sömu „skýrslu um landamerki“. Hafa merkin því sömu áritun. Engar eldri heimildir liggja fyrir um afmörkun Sveinsstaða. Í eldri heimildum um mörk afréttarinnar eru merkin að þessu leyti einnig yfirleitt miðuð við merki Sveinsstaða („Sveinsstaðamark“/„Sveinsstaðamerki“ o.þ.u.l.), án þess að því sé nánar lýst hvar þau merki liggja.

Suður- og vesturmerkjum Skíðadalsafréttar er ekki sérstaklega lýst í landamerkjabréfinu frá 1883. Aðilar miða vesturmörk við vatnaskil á milli Vesturár og Kolbeinsdalsár á sýslumörkum milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna. Þaðan er síðan sýslumörkum fylgt til suðurs að fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardalshrepps við sunnanverðan Skíðadalsjökul. Eru merkin miðuð við lýsingu í landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar frá 31. maí og 1. júní 1898, sjá nánar í kafla 6.6 í máli nr. 2/2009 hjá óbyggðanefnd. Í bréfinu segir: „Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði.“ Bréfin bera ekki

gagnkvæmar áritanir en afmörkun á svæðinu getur vel samræmst lýsingum í bréfi Kolbeinsdalsafréttar.

Að sunnanverðu fylgir línan háfjöllum og fyrrum hreppamörkum milli Svarfaðardalshrepps og Skriðuhrepps. Lýsingar í landamerkjabréfum Sörlatungu, Féeggsstaða og Baugasels, sem öll eru frá því í mars 1884, eru ekki nákvæmar til norðurs gagnvart Skíðadalsafrétti. Þar er þó miðað við upptök áa sem rekja má til þeirra fjalla sem kröfulínan er miðuð við. Líklegt er þannig að afmörkun svæðanna nái saman á fjöllum.

Þrátt fyrir að orðalag heimildanna sé mismunandi og að sumu leyti frábrugðið lýsingu landamerkjabréfsins mæla þær henni ekki í mót. Í október 1905 veitti konungur Vallaprestakalli leyfi fyrir sölu afréttarinnar til Svarfaðardalshrepps og kemur fram að matsmenn hafi sagt afréttina ná yfir svokallaðan Litladal, Almanning og Stafnstungur.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfi „afréttar fremst í Skíðadal“. Bréfið var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær, og fyrirsvarsmenn Skíðadalsafréttar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að svo væri. Um afmörkun afréttarinnar er ekki ágreiningur meðal aðila þess máls sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar á Skíðadalsafrétt í landamerkjabréfi fyrir svæðið, dags. 5. maí 1883, svo langt sem hún nær, sé tekið mið af eldri heimildum, staðháttum og heimildum um afmörkun aðliggjandi landsvæða. Bréfið er óljóst um merki til suðurs og vesturs. Það var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Skíðadalsafrétt hefur legið undir Vallakirkju en er landfræðilega aðskilin frá þeirri jörð og jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum. Svæðið er nefnt afrétt í vísitásum

Vallakirkju frá 17. öld og fjölmörgum yngri heimildum. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 segir að þangað eigi „allur hreppurinn að fornu upprekstur fyrir geldfé, lömb og naut“. Ennfremur kemur fram í heimildum frá ofanverðri 18. öld að uppi voru deilur um upprekstur á svæðið. Árið 1883 er landsvæðið, sem fyrir segir, afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfi, þar sem það er nefnt „afrijetur á Skíðadal“.

Í fyrirbyggjandi heimildum er Skíðadalsafréttar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfenaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Skíðadalsafrétt hafi verið afrétt Vallakirkju í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt. Dalvíkurbyggð, sem er aðili að máli þessu, leiðir rétt sinn frá Vallakirkju.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Skíðadalsafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumararbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun þess hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Skíðadalsafrétt sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁵⁴² Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Dalvíkurbyggðar.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumararbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

⁵⁴² Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Skíðadalsafrétt, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá (1). Þaðan er haldið upp með Skíðadalsá þar til Vesturá rennur í hana (2). Þaðan er Vesturá fylgt til fremstu upptaka og þaðan í sýslumörk milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna (3). Sýslumörkum er svo fylgt til suðurs, að fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardals-hrepps við sunnanverðan Skíðadalsjökul (Leiðarhnjúkar 1312 m) (4). Þaðan er fyrrum hreppamörkum fylgt til austurs að Gljúfurárjökli og síðan með suður- og austurmörkum jökulsins (eins og þau voru við setningu þjóðlendulaga hinn 1. júlí 1998), í Gljúfurá (5) og með henni að upphafspunkti, þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá.

Sama landsvæði er í afréttareign Dalvíkurbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignar-réttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.7 Þorvaldsdalsafrétt

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „Þorvaldsdalsafrétt“ og sveitarfélögin Arnarneshreppur og Dalvíkurbyggð gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Þorvaldsdalur liggur á austanverðum Tröllaskaga og teygir sig norðan frá Árskógsströnd suður til Hörgárdals. Í máli þessu er einungis deilt um syðri hluta dalsins, á milli Þverárdals í norðri og Ytri-Tungudals í suðri. Frá ármótum Þverár og Þorvaldsdalsár í norðurmörkum að ármótum Úlfár og Lambár í suðurmörkum eru um 12 km, mælt í beinni loftlínu. Frá Árskógsströnd, þar sem er óumdeilt eignarland, og inn að áðurnefndri Þverá í Þverárdal eru um 11 km, mælt í beinni loftlínu að Helluhöfða á Árskógsströnd.

Austast á Þorvaldsdalsfrétt eru svokallaðar Flár (993 m), brattur og reglulegur fjallbálgur með leguna norður-suður. Austur af Flám og allt til sjávar er fjöldi jarða í fyrrum Arnarneshreppi, nú innan Hörgársveitar, og utan við ágreiningssvæði í máli þessu. Vestur af Flám taka við dalir og fjöll. Á nyrðri hluta Þorvaldsdalsafréttar, vestur undir Flám, rennur Kytruá í Þorvaldsdal og í hana fellur Nautá suðvestan úr Nautárdal. Eftir það heitir hún Þorvaldsdalsá og rennur norður til sjávar. Vestur upp af Þorvaldsdalsá liggur grösug fjallshlíð er kallast Fagrahlíð og nær hún út að Þverárdal. Vestur undir Flám að sunnanverðu fellur Úlfá til austurs í Ytri-Tungudal, í hana rennur Illagilslækur suðaustur úr Illagili og loks sameinast Úlfá og Lambá úr Lambárdal. Eftir það nefnist hún Ytri-Tunguá og rennur til suðurs í Hörgá. Frá Ytri-Tunguá við Fornhaga norðaustur að ósum Hörgár eru tæpir 11 km, mælt í beinni loftlínu.

Fjalllendið upp af dölunum er bratt og rís í 1000-1300 m hæð, skorið giljum, skálum og vatnsföllum. Fjöll eru víðast með hvassar brúnir, hyrnur og hamrabelti. Á fjallahnjúkum vestan til liggja víða jökulfannir og smájöklar. Frá Hesti (1335 m) upp af Nautárdal austur að 993 m hæðarpunkti í Flám eru tæpir 9 km, mælt í beinni loftlínu. Undirlendi Þorvaldsdals, meðfram Þorvaldsdalsá, er gróið og liggur í um 200 m hæð yfir sjávarmáli. Þegar sunnar dregur, og yfir vatnaskil á dalnum, verður landið hrjóstugra, enda þá komið í um 500 m hæð. Undirlendi Þverárdals er í yfir 300 m hæð og er skörp hækkun til vesturs. Í Nautárdal er undirlendið í yfir 400 m hæð og hækkar að vestanverðu. Ármót Úlfár og Lambár, sem áður var getið um, liggja í um 300 m hæð og þaðan hækkar land upp í Illagilsdal.

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Visast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Þorvaldsdalsafrétt sérstaklega er því haldið fram að samkvæmt heimildum hafi hann aldrei verið undirorpinn beinum eignarrétti einstakra jarða, heldur frá fornu fari nýttur sem samnotafrétt(ur) jarða á svæðinu. Ekki sé fallist á að í því hafi falist annað en takmörkuð eignarréttindi. Þegar fjallað hafi verið um afréttarsvæði í Þorvaldsdal (þ.m.t. Fögruhlið) í skriflegum gögnum, hafi jafnan verið fjallað um það sem sjálfstætt svæði, aðgreint frá Auðbrekku og fyrst og fremst í tengslum við hefðbundin afréttarnot. Í því felist vísbending um að svæðið hafi haft sérstaka eignarréttarlega stöðu aðra en jörðin Auðbrekka.

Þannig komi fram í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 að kirkjan í Árskógi hafi átt allt heimaland og „xx kugillda gellfiar rekstr j foghrvhlid“. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 sé afréttur sagður vera „fyrir framan bygðina beggja megin í þessum dal, sem liggur undir Auðbrekku í Hörgárdal, og brúka þeir á Galmansströnd þar venjulega uppkrekstur fyrir lömb og geldfje og Árskógsströnd öðru hverju.“ Fjallað sé um svæðið sem samnotafrétt í fyrirspurn sýslumanns frá 1794. Einnig er vísað til lögfestu fyrir jörðinni Auðbrekku með Þorvaldsdal frá 1877 en margir bændur hafi mótmælt lögfestunni. Þáverandi eigandi Auðbrekku hafi afsalað „landeign [sinni], afjettarlandi[nu] Þorvaldsdal“ til nokkurra bænda í Arnarneshreppi með afsalsbréfi frá 4. júlí 1882. Bréf þetta og gerningurinn sem slíkur feli í sér ráðstöfun óbeinna eignarréttinda en ekki sölu á beinum eignarrétti eða hluta eignarjarðarinnar Auðbrekku sérstaklega. Að öðru leyti sé af hálfu íslenska ríkisins ekki talið að í lögfestum Auðbrekku vegna svæðisins hafi falist annað og meira en vísan til

afréttareignar en að öðrum kosti er mótmælt einhliða eignarréttartilkalli til svæðisins. Loks gefi ágreiningur á milli annars vegar eigenda Auðbrekku og hins vegar Fornhaga um eignarrétt að svæðinu vísbendingu um að vafi hafi leikið um eignarrétt að svæðinu, auk þess sem af heimildum megi ráða að Stærri-Árskógur hafi gert tilkall til hluta svæðisins. Í þessu samhengi er vísað til jarðamatsins frá 1849.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Arnarneshrepps og Dalvíkurbyggðar, er á því byggt að hið umdeilda landsvæði, Þorvaldsdalur, hafi áður tilheyrt jörðinni Auðbrekku í Hörgárdal en verið skilið frá henni með sölu árið 1882. Auðbrekka sé forn jörð enda þótt hennar sé ekki getið í einstökum gerðum *Landnámu*. Elsta heimildin sem enn hafi fram komið um landamerki Auðbrekku sé frá 1375, í *Íslensku fornbréfasafni* III. bindi, bls. 295. Af þeirri lýsingu megi ráða að Þorvaldsdalur sé ekki skilinn frá öðru landi jarðarinnar Auðbrekku og að merki hennar að sunnan séu á móti Fornhaga og að norðan á móti Grund. Þá séu Fagrahlið og Grjótárland innan landamerkjja jarðarinnar. Ennfremur komi fram að einu réttindi annarra til lands Auðbrekku séu á höndum eigenda Laugaland. Ekki sé víst hvar hið svonefnda Grjótárland sé en að því megi leiða líkur að Grjótárdalur sé skammt sunnan Ytri-Tungudals, sem marki þrætugeirann að sunnan.

Máldagi kirkjunnar frá Árskógi 1461 bendi til að þau réttindi sem kirkjunni hafi verið fengin yfir landinu hafi verið beinn eignarréttur. Samkvæmt máldaganum hafi svínum verið beitt á landið en samkvæmt Jónsbók gildi afdráttarlaust bann við því að svínum væri beitt á afrétt. Einstökum jarðeigendum hafi að sjálfsögðu verið heimilt að beita svínum á jarðir sínar án afskipta löggjafans. Þetta styðji það að landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Sérstaklega er mótmælt þeirri fullyrðingu í kröfulýsingu íslenska ríkisins að heimildir greini ekki frá því að hið umdeilda landsvæði hafi verið undirorpið beinum eignarrétti einstakra jarða heldur frá fornu fari nýtt sem samnotaafrétt(ur) jarða á svæðinu. Sýnt hafi verið fram á að einhvern tíma á árabílinu frá 1375-1461 hafi eigendur jarðarinnar Auðbrekku framselt, annað hvort beint eða óbeint, fasteignarréttindi til kirkjustaðarins í Árskógi. Hafi það verið réttindi sem einungis að lögum fylgi og geti fylgt jörð eða landi sem sé beinum eignarrétti undirorpið.

Suðurmerki Auðbrekku, og þar með Þorvaldsdals, hafi verið til umfjöllunar árið 1728 í dómsmáli milli eigenda Auðbrekku annars vegar og eiganda Fornhaga hins vegar. Málið virðist hafa snúist að mestu um eignarráð Illagilsdals, sem sé innan hins umdeilda landsvæðis. Málsúrslit hafi verið þau að dalurinn hafi verið talinn innan merkja Auðbrekku.

Eigendur Auðbrekku hafi lögfest jörð sína reglulega á 18. og 19. öld, síðast árið 1877, og gert þannig þriðja manni kunnugt um réttindi sín yfir landinu. Ekki komi því til álita að hinn beini eignarréttur Auðbrekku hafi horfið. Hið umdeilda land hafi verið selt af eiganda Auðbrekku með sérstöku afsali 4. júlí 1882. Þar sé landamerkjum hins afsalaða lands lýst nákvæmlega. Því er mótmælt að sú staðreynd að sérstök hlutfallstala sé ekki tilgreind við hvern afsalshafa í afsalinu hafi þau áhrif að verið sé að framselja óbeinan eignarrétt. Augljóst sé að hverri jörð fylgi jafn hlutur í hinu óskipta landi en það megi ráða af síðari afsalsgerningum. Þá bendi verðið á hinu selda landi til þess að um beinan eignarrétt hafi verið

að ræða en það var selt á 1000 kr. Kaupendur hafi gert landamerkjabréf fyrir landið árið 1885, samkvæmt lögum nr. 2/1882, og þinglýst því eins og boðið hafi verið að gera. Í landamerkjabréfinu sé greinargóð lýsing á landsvæðinu. Fjöldi eldri heimilda vitni um að hið umdeila land hafi verið innan merkja Auðbrekku fyrir söluna.

Þau sjónarmið sem Hæstiréttur byggir á í dómum sínum frá 1971, bls. 1137, og frá 1975, bls. 55, styðji að hið umdeilda land hafi áður verið hluti jarðarinnar Auðbrekku. Óbyggðanefnd hafi jafnframt byggt á þeirri grunnreglu sem mótuð hafi verið í fyrrnefndum dómum, þ.e. að jörð eða jarðarhluti sem nýttur eða lagður hafi verið til afréttar teljist eftir sem áður beinum eignarrétti undirorpinn.

Gagnaðilar íslenska ríkisins telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt. Af þeirri ástæðu beri að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila ríkisins að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu í 12. gr. laganna. Þá vísa gagnaðilar ríkisins til þess að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Auðbrekku í Hörgárdal og Þorvaldsdalsafréttar er rakin í kafla 5.4 hér að framan. *Landnáma* er elst þeirra heimilda sem geta um Auðbrekku og þar er einnig getið um Þorvaldsdal. Af þeim heimildum sem getið er um í kafla 5.4 má ráða að Auðbrekka hefur verið sjálfstæð jörð. Heimildir um rétt Auðbrekku til lands á þessum hluta Þorvaldsdals má rekja aftur til 14. aldar. Þorvaldsdalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 og þá sem afréttar Auðbrekku.⁵⁴³ Heimildir benda til að búseta hafi verið í a.m.k. hluta afréttarinnar á 17. öld, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun.

Árið 1882 seldi eigandi Auðbrekku nokkrum bændum í Arnarneshreppi „landeign [sína], afrjettarlandið Þorvaldsdal“. Í kjölfarið var gert sérstakt landa-merkjabréf fyrir afréttina og fyrir jörðina Auðbrekku nokkrum árum síðar. Til eru eldri heimildir sem einnig lýsa aðgreindum merkjum Auðbrekku og Þorvaldsdals-afréttar. Jörðin Auðbrekka liggur að Þorvaldsdalsafrétt suðaustanverðri en er utan við ágreiningssvæði í máli þessu. Árið 1941 keypti Arnarneshreppur $\frac{3}{4}$ úr „afrjettarlandinu Þorvaldsdal“ og árið 1944 keypti Árskógs-hreppur $\frac{1}{4}$ hluta.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í ódagsettu landamerkjabréfi fyrir „afrjettarlandið Þorvaldsdal“ sem líklega er frá árinu 1884 eða 1885. Bréfið er áritað um samþykki vegna Dagverðartungu og undirritað af nokkrum bændum fyrir hönd þeirra sem

⁵⁴³ Sbr. umfjöllun um hugtökin jörð og afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

keyptu Þorvaldsdal 1882. Það voru eigendur flestra aðliggjandi jarða. Afmörkun Þorvaldsdalsfréttar er einnig lýst í lögfestu fyrir „Audbrecku og Þorvalldsdal“ frá 1723 og í afsalsbréfi fyrir „afrjettarlandinu Þorvaldsdal“ frá árinu 1882. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða, sem allt eru óumdeild eignarlönd. Til vesturs eru Hjaltastaðir, Sæla, Hlíð, Hnjúkur og Klængshóll í Skíðadal. Til austurs eru Fornhagi, Auðbrekka, Stóri-Dunhagi, Litli-Dunhagi, Björg, Möðruvellir, Baldursheimur, Skriða, Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Brekkubæir, Hof, Hvammur, Syðri- og Ytri-Reistará og Kjarni í Hörgárdal og Gálmaströnd. Loks er Kúgil til norðurs og Dagverðartunga til suðurs.

Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Þorvaldsdalsfréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Vesturmerki „afrjettarlandsins Þorvaldsdals“ liggja samkvæmt landamerkjabréfinu „Frá þverá þeirri er næst fellur Kúgilsseli með fögruhlíð, nautárdal, Vatnshlíð, Lambárdal, Illagilsdal og Tröllatungu, allt í ána syðri er kemur ofanaf miðjum Tungudal.“ Bréfið er ekki áritað vegna landsvæða til vesturs. Í lögfestu fyrir Auðbrekku og Þorvaldsdal frá 1723 er vesturmerkjum Þorvaldsdals lýst með svipuðum hætti. Þar er þó syðsti hluti vesturmerkja miðaður við „Illagilsdal allt í Midiar Trolladingiur“. Þær munu þó á líkum slóðum og fyrrnefnd á „er kemur ofanaf miðjum Tungudal“. Í afsalsbréfi fyrir Þorvaldsdal frá 1882 er merkjum lýst eins og í landamerkjabréfinu. Lýsingar á vesturmerkjum eru þannig ekki nákvæmar. Aðilar þess ágreinings sem hér er til úrlausnar miða kröfugerð sína að þessu leyti við hreppamörk að Dýjahnjúk, en þaðan eru kröfulínur dregnar til austurs frá hreppa-mörkum og í Úlfá.

Í landamerkjabréfum þeirra jarða sem liggja vestan við Þorvaldsdalsfrétt er merkjum þeirra á milli almennt lýst þannig að þau liggja „á fjall upp“ og í einu tilviki frá árupptökum. Visast um þetta til landamerkjabréfa Hjaltastaða, Hnjúks og Klængshóls. Ekki virðist hafa verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Sælu en bréf Hjaltastaða hefur verið áritað um samþykki hennar vegna. Bréf þessi eru frá árunum 1880, 1883 og 1884. Ekkert þeirra hefur verið áritað um samþykki vegna Þorvaldsdalsfréttar. Engar eldri lýsingar liggja fyrir um merki jarða til vesturs. Heimildir benda þannig til að mörk Þorvaldsdalsfréttar til vesturs hafi náð saman við aðliggjandi landsvæði á fjöllum.

Austurmerki Þorvaldsdalsfréttar liggja samkvæmt landamerkjabréfinu „Fra Ytra-Hestahrauni og í garð þann að innan, er liggur úr Axlarbótinni fyrir ofan Fornhaga suður og ofan í Tunguá.“ Í lögfestu fyrir Auðbrekku og Þorvaldsdal frá 1723 og í afsalsbréfi fyrir Þorvaldsdalsfrétt frá 1882 er merkjum lýst með sama hætti.

Fjölmargar jarðir liggja að ágreiningsvæðinu austanverðu, svo sem áður sagði. Í landamerkjabréfum þeirra er norður- og suðurmerkjum almennt lýst til vesturs en vesturmerki ekki tiltekin sérstaklega. Algengt er að stefnan til vesturs, að norðan og/eða sunnan, sé tekin „á fjall upp“, sbr. landamerkjabréf Kjarna, Skriðu, Baldursheims, Ytri- og Syðri-Reistarár, Hvamms, Hallgilsstaða, Möðruvalla, Stóra-Dunhaga og Bjarga. Með svipuðum hætti er miðað

við „fjallstopp“ í bréfi Þrastarhóls, „fjallsbrún“ í bréfi Hofs og „hæzta tind“ í bréfum Hallgilsstaða og Möðruvalla. Nokkur bréf miða við ár sem koma af fjallinu, nánar tiltekið Reistará, Þrastarhólsá, Hofsa, og Húsá, sbr. landamerkjabréf Ytri- og Syðri-Reistarár, Þrastarhóls, Hofs og Stóra-Dunhaga. Framangreindar viðmiðanir, við ár, hæsta tind og á fjall upp, eiga við um jarðir á svæðinu norðan Auðbrekku, allt frá Kjarna til og með Stóra-Dunhaga. Umrædd landamerkjabréf eru flest gerð árið 1884 en nokkur eru gerð fáeinum árum síðar. Eldri heimildir um merki þessara jarða liggja ekki fyrir.

Jörðin Auðbrekka liggur sunnan Stóra-Dunhaga. Merkjum Auðbrekku er fyrst lýst í lögfestu frá 1723 og samkvæmt því sem þar greinir liggja þau að norðanverðu í Húsárskarð og sunnan við Syðra-Kálfahjallagil. Þetta er í samræmi við landamerkja-bréf Auðbrekku frá 1887, þar sem að norðanverðu er miðað við Húsá, „þar sem hún kemur ofan milli Auðbrekkufjalls og Dunhagahnjúks“, og að sunnanverðu Fremra-Kálfahjallagil. Jafnframt segir að Auðbrekkutorfa eigi sambeit í Auðbrekkufjalli, bökkum og reit að Fornhagalandi. Samkvæmt landamerkjabréfi Fornhaga, næstu jörð sunnan við Auðbrekku og Þorvaldsdalsafrétt, er áður nefnt Fremra-Kálfahjallagil í norðurmerkjum og suðurmerki hennar í Ytra-Tunguárgili. Bréf Fornhaga er frá 1884 og áritað um samþykki vegna Auðbrekku. Að merkjadeilu Fornhaga og Auðbrekku, um merkjagarð og Illagilsdal verður vikið hér á eftir.

Af lýsingum Þorvaldsdalsafréttar og aðliggjandi jarða má ráða að merki svæðanna hafi náð saman á fjalli, en það er í samræmi við afmörkun bæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess á kröfuvæðum sínum. Þar er nánar tiltekið miðað við hreppamörk sem liggja upp af dalnum og beygja til austurs sunnarlega á kröfuvæðinu. Þar heldur línan áfram til suðurs, í sunnanverðan Fálkahaug.

Norður- og suðurmerkjum Þorvaldsdalsafréttar er ekki lýst sérstaklega í bréfinu eða öðrum heimildum en íslenska ríkið og gagnaðilar þess miða norðurmörk við Þverá þá sem nefnd er í bréfinu og liggur nyrst þeirra kennileita sem þar eru nefnd. Suðurmörk eru síðan miðuð við þann stað þar sem Tunguá og Úlfá mætast og síðarnefndri á fylgt til vesturs. Getur þessi afmörkun rúmast innan orðalags bréfsins, enda þótt ónákvæmt sé. Það sama má jafnframt ráða af lýsingum aðliggjandi jarða. Þar er Kúgil til norðurs og Dagverðartunga til suðurs. Í landamerkjabréfi Kúgils frá 1890 segir að við Þverá byrji „landeign Þorvaldsdalsafréttar“ og að áin skilji „Kúgilsland að sunnan frá Þorvaldsdalsá og í fjall upp“. Bréfið er ekki áritað af hálfu afréttarinnar. Einnig er til lögfesta frá 1824 þar sem merkjum Kúgils er lýst með sambærilegum hætti. Nánar tiltekið er miðað við fjallseggjjar fram með upptökum Þverár í Þverárdal. Í landamerkjabréfi Dagverðartungu, frá 4. ágúst 1884, eru merki gagnvart Þorvaldsdal miðuð við Úlfá og bréfið er áritað vegna Þorvaldsdals „eftir umboði eigandans“. Eldri heimildir um merki Dagverðartungu liggja ekki fyrir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfi fyrir „afrijettarlandið Þorvaldsdal“ frá 1884 eða 1885. Bréfið var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær, og fyrirsvarsmenn

Þorvaldsdalsafréttar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að svo væri. Um afmörkun Þorvaldsdalsafréttar er ekki ágreiningur meðal aðila þess máls sem hér er til úrlausnar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Arnarneshrepps og Árskógshrepps á Þorvaldsdalsafrétt 1938 og 1943 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Þorvaldsdalsafrétt var hluti af landi jarðarinnar Auðbrekku, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Elsta heimild um Auðbrekku er frá 14. öld. Þar kemur fram að jörðin hafi verið seld með „Grjótárlandi“ og „Fögruhlíð“. Fagrahlíð er á norðanverðri Þorvaldsdalsafrétt en staðsetning Grjótárlands er óljósari. Ekki liggur fyrir hvort í þessu fólst jarðareign eða annar réttur Auðbrekku á umræddum svæðum. Í Fögruhlíð hefur einnig verið réttindasvæði kirkjunnar í Árskógi, samkvæmt því er greinir í heimildum frá 14. öld og allt fram til 20. aldar. Á 14. og 15. öld var þar tilgreindur réttur kirkjunnar til rekstrar geldfjár, svína og stóðhrossa, auk grasalesturs, hvannskurðar, fuglaveiða og fiska. Þegar komið var fram undir 1600 er hins vegar ekki getið um annað en geldfjárrekstur. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* frá 1713 segir að menn viti ekki til að umrædd ítök séu undan staðnum gengin, en brúkist stundum og stundum ekki.

Svo sem áður sagði er staðsetning Grjótárlands óljós. Í kaupbréfi um Auðbrekku frá 15. öld kemur þó fram að það liggj „fram í Hörgárdal“. Hörgárdalur er fyrir suðurenda Þorvaldsdalsafréttar. Ekkert verður þó um það sagt hvort og þá að hvaða leyti Grjótárland tók til afréttarsvæðisins. Að því er varðar sunnanverðan Þorvaldsdalsafrétt liggur hins vegar fyrir

að samkvæmt dómi sýslumanns frá 1728 var Illagilsdalur talinn „tilheyra“ jörðinni Auðbrekku og „vera hennar eign“. Tilefni dómsins var merkjadeila eigenda Auðbrekku og jarðarinnar Fornhaga.

Vísbendingar eru um að byggð hafi verið á einhverjum hluta Þorvaldsdalsafréttar en óljóst er um upphaf hennar, afmörkun og endalok. Þannig segir í umfjöllun um Kúgil í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 að Lambárkot kallist „fornt eyðiból í þessum afrijet fyrir vestan Þorvaldsdalsá og eru þar þó litlar byggingarleifar“. Einnig kemur fram að ekki megi þar „aftur byggja fyrir heyskarleysi.“ Í jarðamati 1804 segir að „eyðijörðin“ Lambárkot „hörer til“ Auðbrekku.

Heimildir frá 18. öld og síðar miða við að í Þorvaldsdal sé „afrétt“ Auðbrekku og kotanna þaðan, sbr. m.a. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713 og jarðamót 1804 og 1849. Fleiri jarðir eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að þær þurfi að greiða toll. Í *Sýslu- og Sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* frá 1839-1854 segir svo: „Afréttarland Árskógssóknar er áður nefnd Þorvaldsdalsafrétt, og telst hún nú eign Auðbrekku í Hörgárdal; hefir og Möðruvallnas[ókn] þangað upprekstur.“ Á 18. og 19. öld lögfesti eigandi Auðbrekku Þorvaldsdalsafrétt margoft undir jörðina, með sérgreindum merkjum. Loks seldi eigandi Auðbrekku „landeign [sína]“ Þorvaldsdalsafrétt til nokkurra bænda í Arnarneshreppi á árinu 1882. Við söluna var undanskilinn beitarréttur og grasatekja Auðbrekku, hjáleigna Auðbrekku og Fornhaga og upprekstrarréttur Stærri-Árskógs.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Þorvaldsdalur og Þorvaldsdalsafrétt tilgreindur sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margir afréttir jarða og stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld og síðar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Svæðið er hálent og landfræðilega aðskilið frá Auðbrekku með fjallgarði sem rís í tæplega 1000 m hæð. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda heimildir um Fögruhlíð til þess að eigendur Auðbrekku, og að hluta Stærri-Árskógs, hafi farið með umráð og hagnýtingu lands á a.m.k. norðanverðri Þorvaldsdalsafrétt allt frá 14. öld. Síðari heimildir um Illagilsdal benda til hins sama á sunnanverðri afréttinni. Af lögfestum og málaferlum Auðbrekkumanna má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Enda þótt nýting fjalllendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarþétt búfjár. Eigandi Auðbrekku seldi Þorvaldsdalsafrétt sama ár og landamerkjalog nr. 5/1882 tóku gildi og því kom ekki til þess að hann fjallaði um afréttina í landamerkjabréfi með einum eða öðrum hætti.

Að Þorvaldsdalsafrétt liggja eignarlönd til allra átta. Eignarhald á Auðbrekku og Fornhaga virðist hafa verið samfelld fram um siðaskipti og Þorvaldsdalsafrétt hefur legið að því á láglandinu við Ytri-Tunguá og á fjallsöxlinni sunnanverðri. Undirlendi á þessu svæði er

lítið, fyrst og fremst grösugir dalir á milli hárra fjalla. Það á ekki einungis við um Þorvaldsdalsafrétt, heldur einnig óumdeild eignarlönd sem að honum liggja, bæði í Hörgársveit og Dalvíkurbyggð. Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í *Landnámu* hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Loks er ljóst að heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar visbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 um eignarland í Vatnsenda felst áhersla á þetta atriði enda þótt fleira komi þar til, sbr. umfjöllun í kafla 6.1.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Þorvaldsdalsafréttar frá 1884 eða 1885 geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Auðbrekku, sem sveitarfélögin Arnarneshreppur og Dalvíkurbyggð leiða rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Þorvaldsdalsafréttar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.⁵⁴⁴ Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.8 Möðruvallaafrétt

6.8.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Möðruvallaafrétt. Vegna jarðarinnar Möðruvalla II í Hörgárdal, sem er í eigu ríkissjóðs, gerir íslenska ríkið einnig þá kröfu að umrætt landsvæði sé í afréttareign Möðruvalla. Því er þó jafnframt lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Vegna jarðarinnar Möðruvalla I gerir Kirkjumálasjóður kröfu um beinan eignarrétt að landi Möðruvallaafréttar.

⁵⁴⁴ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.1.2 og 3.6.

Hörgárdalur liggur á austanverðum Tröllaskaga og hefur leguna suðvestur-norðaustur. Að norðaustanverðu opnast dalurinn til sjávar en að suðvestanverðu lokast hann af fjöllum. Þar á Hörgá upptök sín en sveigir til norðausturs um Sveig undir Heimarislakka og Grjótárhjúki (1189 m). Í máli þessu er einungis deilt um þann hluta Hörgárdals sem liggur lengst innst til landsins, nánar tiltekið vestur frá Grjótárdal og norður undir Myrkárjökul. Lítið undirlendi er með Hörgánni að vestanverðu en undirlendi og gróður eykst eftir því sem neðar og austar dregur. Svæði þetta er fjalllent og rís úr u.þ.b. 400 m hæð yfir sjávarmáli í rúmlega 1300 m hæð. Fjalllendið er skorið dölum, giljum, skálum, ám og lækjum sem sameinast Hörgá.

Norðan Hörgár, sunnan við Myrkárjökul, er Sandárhjúkur (1283 m). Þar til norðausturs er Litlakerling (1119 m) og Flöguselshjúkur (1306 m) suðaustan hennar. Á svæðinu sunnan Hörgár ber að nefna Ólafarhjúka (1087 m og 1041 m) og Grjótárhjúk (1176 m) austan þeirra. Á milli þessara hnjúka rennur Heiðará til suðurs og meðfram henni er gróið undirlendi. Á vestasta hluta svæðisins, upp af innstu drögum Hörgár, liggur Prestfjall (1305 m) nyrst, þá Illviðrishjúkur (1282 m) og syðst er Hjaltadalsjökull.

6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfsvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Möðruvallaafrétt sérstaklega er því haldið fram að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Heimildir greini að það hafi nær eingöngu verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota jarða. Í því sambandi er einkum vísað til Sigurðarregisturs frá 1525, þar sem Möðruvallaklaustur sé sagt eiga afrétt á Hörgárdal, fram frá Grjótá til Víkingsár „med halfum griotárdal fyrir sunnan fram. og fra griotá til diupagils og fram til luser á hörgárdalsheide.“ Einnig er vísað til yngri heimilda um svæðið, svo sem umfjöllunar í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* frá 1839-1854, þar sem greint sé frá afréttarlandi tilheyrandi Möðruvallaklaustri á Hörgárdal. Hið sama komi einnig fram í fasteignamati 1917, þar sem Möðruvellir séu sagðir eiga afréttarland „sem liggur mjög langt frá (Hörgárdal og Hörgárdalsheidi)“. Möðruvallaafrétt hafi ætíð verið aðskilin frá jörðinni Möðruvöllum. Þá sé Hörgárdalsafréttar sérstaklega getið í merkjabréfi Flögusels og í merkjabréfi Möðruvalla þar

sem talið sé að jarðirnar eigi afrétt á Hörgárdal innanverðum og ráði þar Grjótá merkjum til móts við Framland.

Af framangreindum heimildum og öðrum heimildum um Möðruvallaafrétt megi ráða að landsvæðið hafi hvorki talist vera jörð í eignarréttarlegum skilningi né hluti jarðar, heldur sérstakt svæði, afréttarsvæði, er liggi utan eignarlanda jarða. Það sé því þjóðlenda. Sé þá einnig tekið mið af staðháttum og aðstæðum að öðru leyti en umrætt svæði sé almennt hálent og lítt fallið til annarra nota en sumarbeitar fyrir búfé. Þá megi benda á að það liggi að öðru afréttarsvæði, Silfrastaðaafrétt.

Af hálfu Kirkjumálasjóðs, gagnaðila íslenska ríkisins, er vísað til skráðra eignarheimilda, landamerkjabréfa sem og annarra eignarskjala í málinu. Jafnframt er byggt á meginreglu íslensks eignarréttar og dóma þess efnis að afréttarlönd sem tilheyri jörð samkvæmt elstu heimildum séu áfram háð beinum eignarrétti, sbr. Úthlíð, Haukadalsheiði, Tunguheiði, Skaftafell, Lónsöræfi vestanverð, Núpsstað, Reykjahlíð, Hvamm og Laxárdal í Þistilfirði, Svalbarðskirkjuleið, Gullberastaðatungur og jörðina Hóla í Biskupstungum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjajörð hafi verið þinglýst án athugasemda. Öll afnot og nýttar landsins séu háðar leyfi landeiganda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Þetta megi meðal annars sjá af málarekstri ábúanda Möðruvalla árið 1918, gegn þeim sem sýndu ágang á landið, sbr. skjal nr. 13. Landeigendur hafi því lengi haft réttmæta væntingu um að merkjum væri rétt lýst og land innan merkja háð beinum eignarrétti þeirra. Í því sambandi er sérstaklega vísað til landskiptagerðar frá 1970, þar sem ríkið hafi komið fram við gagnaðila sem fullkominn eiganda að jörðinni, sbr. Hrd. 2005/496 (Skaftafell).

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Um þetta vitni meðal annars ítaksréttur annarra jarða í landi, en ítak sé ævinlega í eignarland.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem vól sé á við úrlausn máls.

6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Möðruvalla og Möðruvalla-afréttar er rakin í kafla 5.5. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 13. aldar, má ráða að Möðruvellir hafa verið sjálfstæð jörð. Þá var þar starfrækt klaustur frá því seint á 13. öld og til siðaskipta. Afréttar Möðruvallaklausturs er fyrst getið í Sigurðarregistri frá 1525 þar sem segir að Möðruvallaklaustur eigi afrétt á Hörgárdal.⁵⁴⁵ Jörðin Möðruvellir liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá afréttarlandinu af öðrum jörðum.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Möðruvallaafréttar er lýst í landamerkjabréfi „Möðruvalla í Hörgárdal, með Nunnuhól og Spónsgerði“, frá 17. apríl 1884.

⁵⁴⁵ Sbr. umfjöllun um hugtökin jörð og afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þar er annars vegar fjallað um afmörkun „heimalandsins“ og hins vegar „afrjettar á Hörgárdal“. Merkjum afréttarinnar er einnig lýst að hluta í áður nefndu Sigurðarregistri frá 1525 og í jarðamati fyrir Möðruvelli frá 1849. Í þessu sambandi verður jafnframt litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er til suðvesturs ágreiningssvæði vegna Silfrastaðaafréttar, í máli nr. 2/2009 hjá óbyggðanefnd. Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, jörðin Hólar að norðvestanverðu, Framland í Hörgárdal og Bessahlaðir, Varmavatnshólar og Gil í Öxnadal að austan og suðaustan. Til norðurs eru Flaga og Flögusel, auk Baugasels. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Möðruvallaafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austur af Möðruvallaafrétt eru jarðirnar Framland í Hörgárdal, Bessahlaðir, Varmavatnshólar og Gil í Öxnadal, talið frá norðri til suðurs. Samkvæmt landamerkjabréfi Möðruvalla eru merki „afrjettar á Hörgárdal“, eða Möðruvalla-afréttar, til austurs miðuð við Grjótá „til móts við Framland“. Lýsing á austurmerkjum Möðruvallaafréttar í Sigurðarregistri 1525 er í samræmi við landamerkjabréfið og jarðamatið 1849 fær einnig samrýmst því. Í landamerkjabréfi Framlands, frá 28. maí 1885, eru merki einnig miðuð við Grjótá. Bréf Möðruvalla og Framlands bera gagnkvæmar áritanir. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Framlands.

Þá segir svo í landamerkjabréfi Möðruvalla: „Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp.“ Er hér væntanlega verið að lýsa suður- og austurmerkjum, gagnvart Gili, Varmavatnshólum og Bessahlöðum, og Silfrastaðaafrétt að vestanverðu. Í Sigurðar-registri 1525 eru merki Möðruvallaafréttar einnig miðuð við Víkingsá og sama máli gegnir um jarðamatið 1849.

Samkvæmt landamerkjabréfi Gils frá árinu 1883 eru merki gagnvart afréttinni miðuð við „fjallið“ og Gilsskarð. Í landamerkjabréfi Varmavatnshóla frá 1888 eru merki einnig miðuð við „fjallið“ og síðan Gilsskarð. Í landamerkjabréfi Bessahlaða frá 1884 eru merki til norðurs miðuð við „fjallið“. Ekki liggja fyrir eldri heimildir um merki jarðanna Gils, Varmavatnshóla og Bessahlaða. Bréf Möðruvallaafréttar og umræddra landsvæða bera ekki gagnkvæmar áritanir. Lýsingar þeirra og staðhættir á svæðinu benda þó til þess að merki hafi legið saman í fjallendinu á milli Öxnadals og Víkingsdals.

Merkjum Möðruvallaafréttar til suðvesturs, gagnvart Silfrastaðaafrétt, er ekki lýst í landamerkjabréfi Möðruvalla. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði frá 1890 eru merki Silfrastaðaafréttar, gagnvart Möðruvallaafrétt, frá norðvestri til suðausturs, úr Miðdalsbotni og þaðan „í Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalshéiði, þarsem vötnum fyrst hallar til vestur af heiðinni.“ Fjallað er um Silfrastaðaafrétt í kafla 6.7 í máli nr. 2/2009 hjá óbyggðanefnd og þar er komist að þeirri niðurstöðu að landamerkjabréfið sé í samræmi við eldri heimildir um afréttina. Heimildir um merki Möðruvallaafréttar miða einnig við Víkingsá, eins og áður var getið, og í Sigurðarregistri frá 1525 er merkjum lýst fram til Lúpár („lusar áá horgáárdalsheide“).

Engin lýsing er á merkjum Möðruvallaafréttar til norðvesturs, gagnvart Hólum, en afmörkun íslenska ríkisins á kröfussvæði að þessu leyti er miðuð við lýsingar á merkjum síðastnefndrar jarðar. Í landamerkjabréfi Hóla frá 1890 eru merki miðuð við fjallsbrúin fyrir ofan botna á Heljardal „og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan [...] Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu. Að sunnan ráða hæstu fjallseggjjar fyrir botni á Hjaltadal“. Bréf Hóla er ekki áritað vegna Möðruvalla og eldri heimildir um merki Hóla liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.6 í máli nr. 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Í landamerkjabréfi Möðruvalla er merkjum Möðruvallaafréttar ekki nákvæm-lega lýst til norðurs. Af hálfu aðila kemur fram að punktur 8 sé hornmark milli Möðruvallaafréttar og jarðanna Flögu og Flögusels. Þaðan er línan dregin í Litlukerlingu í punkti 9 í Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins og síðan í norðanverðan Sandárhjúk (1238 m) sem er punktur 10. Þaðan er haldið til norðvesturs með vestanverðum jaðri Myrkárjökuls að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu í punkt 11. Norðan punkta 8-11 liggja fjöll og jöklar og neðan þeirra Myrkárdalur. Þar liggur næst jörðin Flaga. Samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar sem er frá 1884 er merkjum lýst um Myrká frá upptökum hennar. Bréfið er undirritað af þeim sama og áritaði Möðruvallabréfið en engar eldri heimildir liggja fyrir um afmörkun Flögu.

Norðanverð austurmerki eru merki samkvæmt landamerkjabréfi Möðruvalla, gagnvart Flöguseli, svohljóðandi: „Milli Flögusels og afrjettarinnar eru merki úr Hellunefi niður við Hörgá uppí Þórðarklöpp“. Bréfið er áritað vegna Flögusels. Merkjum Flögusels er lýst í landamerkjabréfi frá 1884 og eru þau samhljóða gagnvart Möðruvallaafrétt. Bréfið er áritað vegna Möðruvallaafréttar en engar eldri heimildir liggja fyrir um afmörkun Flögusels.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar á Möðruvallaafrétt í landamerkjabréfi Möðruvalla, svo langt sem hún nær, sé tekið mið af eldri heimildum, staðháttum og heimildum um afmörkun aðliggjandi landsvæða. Bréfið er óljóst um merki að norðanverðu. Það var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á

stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Möðruvallaafrétt er landfræðilega aðskilin frá jörðinni Möðruvöllum og jafnan getið í tengslum við afréttarnot. Fyrst er minnst á „afrétt á horgáárdal“ í elsta hluta Sigurðarregisturs um eignir Möðruvallaklausturs frá 1525. Þar kemur einnig fram lýsing á merkjum afréttarinnar, svo sem að framan er rakið. Í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu* frá árinu 1840 er minnst á afrétt á Hörgárdal. Hið sama kemur fram í jarðmatinu frá 1849 og þá í tengslum við Möðruvelli. Í fasteignamati frá 1916-1918 stendur að Möðruvellir eigi afréttarland sem liggja mjög langt frá Hörgárdal og Hörgárdalsheiði. Möðruvallaafrétt er afmörkuð sérstaklega í landamerkjabréfi Möðruvalla og nefnd „afrjett á Hörgárdal. Ekkert bendir til þess að á þessu svæði hafi verið byggð og engin gögn liggja fyrir um önnur not en sumarbeit. Svæðið er að stórum hluta hálent og inn á það hefur búfenaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Möðruvallaafrétt hafi verið afrétt Möðruvalla í þeim skilningi að jörðin hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Möðruvallaafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Möðruvalla eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Möðruvallaafrétt sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁵⁴⁶ Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Möðruvalla.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk

⁵⁴⁶ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Möðruvallaafrétt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur er á fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps fyrir botni Víkingsdals, norðan Grjótárdalsdraga (1). Þaðan er haldið með fyrrum mörkum Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps til norðurs að merkjum Framlands á háfjallinu fyrir botnum Grjótárdals og Vatnsdals (2). Þaðan er háfjallinu fylgt til norðvesturs í 1160 m hæðarpunkt (3). Þaðan er haldið áfram til norðvesturs að fremstu upptökum Grjótár, þar sem nefndar eru Urðir (4). Þaðan er farvegi Grjótár fylgt þar til hún rennur í Hörgá (5). Þaðan er farið með Hörgá til vesturs að Hellunefi (6) og þaðan er línan dregin í Þórðarklöpp (7). Frá Þórðarklöpp er línan dregin beina stefnu í vatn það er stendur skammt norðvestan við Grænavatn (8). Þaðan er haldið í Litlukerlingu (1119 m) (9). Frá þeim stað er haldið til suðvesturs í norðanverðan Sandárhjúk (1283 m) (10). Þaðan er haldið til norðvesturs með vestanverðum jaðri Myrkárjökuls (jökullína hinn 1. júlí 1998) að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu (11). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs að hornmarki milli fyrrum hreppamarka Akrahrepps, Hólahrepps og Skriðuhrepps við Hjaltadalsjökul (12). Loks er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt að upphafspunkti (1).

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Möðruvalla I og Möðruvalla II, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.9 Bakkasel

6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem gerð er eignarlandskrafa til vegna norðanverðs Bakkasels. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.7. Þess skal getið hér að í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, sem kveðinn var upp 19. júní 2009, var einnig fjallað um Bakkasel, nánar tiltekið ágreiningur þar að lútandi innan umfjöllunarsvæðis 7A hjá óbyggðanefnd.

Öxnadalur liggur á austanverðum Tröllaskaga og hefur leguna norðaustur-suðvestur og um hann rennur Öxnadalssá til norðausturs. Inn af Öxnadal liggur Öxnadalshéiði en þar sveigir dalurinn til vesturs í um 500 m hæð. Vestan til opnast Öxnadalshéiði inn í Norðurárdal í Skagafirði. Ágreiningssvæði það sem hér um ræðir, Bakkasel, liggur á Öxnadalshéiði og

afmarkast af sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu til vesturs. Rís land skarpt upp til norðurs, af grónu undirlendi, í Heiðarfjalli (1195 m) en norðaustur upp af Heiðarfjalli er Gilshnjúkur. Úr 1195 m hæðarpunkti í Heiðarfjalli til ósa Hörgár eru um 42 km mælt í beinni loftlínu.

6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfussvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Bakkasel sérstaklega er því haldið fram að heimildir um svæðið bendi til þess að það hafi ekki haft stöðu jarðar. Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að landsvæði sem þá hafi verið gerð eignarlandskrafa til vegna Bakkasels væri þjóðlenda. Rök standi til þess að eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem hér um ræði sé hin sama. Einkum sé vísað til *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 en það hafi fyrst verið um miðja 19. öld sem farið hafi verið að nýta svæðið til annars en beitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota.

Ekki sé véfengt að svæðið sem þjóðlendukrafa lúti að sé innan afmörkunar í landamerkjabréfi. Hér verði þó að líta til þess að þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki einungis verið gerð fyrir jarðir heldur einnig önnur landsvæði sem háð hafi verið takmarkaðri réttindum.

Svæði þetta sé hálent og lítt gróið. Land hækki ört þar til komið sé í um 1200 m hæð á toppi Heiðarfjalls. Þá sé svæðið aðskilið frá Bakka af öðrum fasteignum. Nýtingarmöguleikar séu því takmarkaðir og renni það enn frekari stoðum undir að landsvæði þetta teljist ekki hluti jarðar.

Ekki sé unnt að fallast á að stofnast hafi til beins eignarréttar á svæðinu fyrir hefð. Byggð hafi verið í Bakkaseli á árunum 1850-1960. Búskapur hafi verið smár í sniðum, eins og sjá megi af fasteignamati 1916-1918, og ekkert liggja fyrir um að not hafi náð til þjóðlendukröfussvæðis. Láglandustu og gróðursælustu hlutar þess lands sem talið sé að hafi tilheyrt Bakkaseli séu utan við ágreiningssvæði máls þessa, nánar tiltekið sunnan þess. Loks liggja ekkert fyrir um samfellda beitingu annarra eignarráða sem grundvalla megi eignarhefð á.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Akrahrepps og Hörgárbyggðar, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur

hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá eigendum.

Vísa þeir til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir, þ.e. allra lögskipta manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi er einnig ítrekað að gengið sé út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja Bakkasels, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum Bakkasels, þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum verið þinglýst athugasemdalaust.

Því er haldið fram að ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Bakkasels sé ekki beinum eignarrétti háð. Landamerkjabréf jarðarinnar sé þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Bakkasels og aðliggjandi jarða og sveitarfélaga. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi og verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Verði einnig að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum væri rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald sitt þegar litið hafi verið til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Bakkaseli er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Þar kemur fram að Bakkasels er fyrst getið í heimildum frá 19. öld. Þar mun byggð hafa hafist árið 1850 og staðið nær samfellt til ársins 1960. Landsvæðið sem hér er deilt um er nú nýtt sem beitiland fyrir sauðfé en málsaðila greinir á um hvort það falli innan marka jarðar.⁵⁴⁷

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun þess hluta Bakkasels sem til umfjöllunar er í máli þessu. Athugun þessi tekur til merkja svæðisins til

⁵⁴⁷ Sbr. umfjöllun um hugtökin jörð og afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vesturs, austurs og norðurs. Í því sambandi verður einkum litið til landamerkjabréfs Bakkasels og heimilda um afmörkun jarðarinnar Bakka. Einnig verður litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er til austurs óumdeilt eignarland Gils og til vesturs er ágreiningssvæði í máli nr. 2/2009 vegna Silfrastaðaafréttar. Til suðurs er að vestanverðu sá hluti Silfrastaðaafréttar sem fjallað var um í máli nr. 2/2008 hjá óbyggðanefnd og að austanverðu er sá hluti Bakkasels sem kom til umfjöllunar í máli nr. 3/2008 á svæði 7A. Umræddur hluti Silfrastaðaafréttar var úrskurðaður þjóðlenda en niðurstöðu um þann hluta Bakkasels sem til umfjöllunar var á svæði 7 suður má skipta í tvennt. Nyrst, eða næst þeim hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar, er eignarland en þjóðlenda og afrétt þegar sunnar dregur.

Að því er varðar framangreint eignarland Bakkasels ber þess að geta að upphafleg þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli nr. 3/2008 náði ekki til þess landsvæðis en var sett fram síðar. Viðbótarkröfunni var á sínum tíma hafnað, með rökum sem sneru að lögformlegri meðferð mála. Eignarréttarleg staða þess hefur því ekki komið til efnislegrar umfjöllunar hjá óbyggðanefnd.

Landamerkjabréf Bakkasels er dagsett 28. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár. Þar er heildarmerkjum lýst svo: „Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Landamerkjabréf jarðarinnar Gils, sem liggur norðaustan og austan við umfjöllunarsvæði vegna Bakkasels, er frá árinu 1883 og lýsing þess er í samræmi við framangreint. Bréf Bakkasels og Gils bera gagnkvæmar áritanir.

Til norðvesturs og vesturs af Bakkaseli er ágreiningssvæði vegna Silfrastaðaafréttar, sbr. mál nr. 2/2009. Austurmerkjum er þannig lýst í landamerkjabréfum Silfrastaðaafréttar, því fyrra frá 1885 og seinna frá 1890, að þau liggi „um Tjaldhól í Kaldbaksá“. Fyrra landamerkjabréfinu var mótmælt af hálfu „undirskrifaðra eigenda Bakka og Bakkasels“ árið 1889 og því haldið fram að landið væri „frá Grjótá að vestan austur yfir Tjaldhól og þar þvert yfir“. Þá lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Bakkasels. Í máli því sem hér er til úrlausnar er ekki ágreiningur milli krefjenda beins eignarréttar að annars vegar Bakkaseli og hins vegar Silfrastaðaafrétt um þessa afmörkun. Báðir framangreindir gagnaðilar íslenska ríkisins afmarka kröfusvæði sín í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Bakkasels.

Vesturmörk Bakkasels eru þannig miðuð við Grjótá án þess að tiltekið sé hversu langt til norðurs henni skuli fylgt. Þrátt fyrir að lýsing í landamerkjabréfi Bakkasels sé að þessu leyti ónákvæm telur óbyggðanefnd, sé tekið mið af staðháttum og aðliggjandi landsvæðum, að þjóðlendukröfusvæði það sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Bakkasels. Landamerkjabréf Bakkasels var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók.

Um suðurmerki Bakkasels er fjallað ítarlega í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008, á svæði 7A. Að því er varðar þann hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar, þ.e. á svæði 7B, telur óbyggðanefnd í ljós leitt að landamerkjabréf Bakkasels lýsi merkjum í það minnsta suður að mörkum svæða 7A og 7B, nánar tiltekið Heiðará og Öxnadalsá.

Kemur þá næst til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja, þ.e. þess hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar. Svo sem áður var getið liggur fyrir úrskurður óbyggðanefndar um þjóðlendu og afrétt á ágreiningssvæði vegna Bakkasels í máli nr. 3/2008 á svæði 7A, nánar tiltekið innan lögformlegs þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í því máli. Svæði þetta liggur suður af 800 m hæðarpunkti norðan til í Kalbakshjúki og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá sem síðan er fylgt að Heiðará í Öxnadal. Um sögu svæðisins segir meðal annars svo:

Elstu fyrirbyggjandi heimildir um Bakkakirkju, frá 1394 og síðar, geta þess beinlínis að kirkjan eigi hvorki land né ítök. Þá kemur ekkert fram um landeignir eða ítök í vísitasíum Bakka allt frá árinu 1585 til ársins 1791. Mál dagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar getur þess að kirkjan á Bægisá eigi „afrét j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordum“ og Mikligarður eigi: „Teigur j Öxnadal ofan fra lurkasteine j millum tveggja gardstada. er oc sogd vij folalda rekstur j vaskarogsl.“ Ekki er heldur ljóst hvort frásagnir nefndra mál dagabóka snerti kröfusvæði Bakkasels. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 er getið um réttindi eigenda Bakka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Þar segir: „Afrjettur er hjeðan á Öxnadalsheiði frá Gils landi alt vestur að Grjótá með öllum Seldal, er gagnvart liggur Almenníngi. Selstaða er hjeðan einninn í sögðu takmarki, ei í manna minni brúkuð.“ Þessi frásögn *Jarðabókarinnar* er elsta heimild sem fyrir liggur í málinu og ótvírætt tekur, a.m.k. að einhverju leyti, til ágreiningssvæðisins. Hún bendir til að um hafi verið að ræða afréttarland tilheyrandi Bakka og það hafi náð yfir landsvæði beggja vegna dalsins sem skilur að Heiðarfjall og Seldalsfjall.

Réttindi eigenda Bakka til Öxnadalsheiðar voru umdeild á 19. öld. Árin 1840, 1841 og 1842 voru lesnar upp lögfestur fyrir Bakka á manntalsþingum á Skriðu í Hörgárdal. Þar var m.a. getið um réttindi eigenda Bakka, á Öxnadalsheiði og í Seldal. Í öllum tilvikum var lögfestunum mótmælt hvað þau réttindi varðaði, m.a. af hreppstjórum fyrir hönd jarðeigenda á svæðinu. Í þessu samhengi skal þess getið að í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Silfrastaða, sem dagsett er 2. júní 1885 og var þinglýst degi síðar, er vestasti hluti kröfusvæðis Bakkasels talinn til Silfrastaðaafréttar. Eigendur Bakka mótmæltu þessu með bréfi 1889 og var mótmælalabréfinu þinglýst.

Framangreint á að mestu leyti einnig við um þann hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar. Þar er þó sá munur á að frásögn jarðabókarinnar frá 1712 er ekki elsta heimild málsins sem ótvírætt tekur, a.m.k. að einhverju leyti, til þess hluta Bakkaselslands sem hér er deilt um. Þannig liggur fyrir samningur um jarðaskipti frá 1560 þar sem meðal annars kemur fram að „jörðin Bakki ætti allan Öxnadal fram frá Ófærugili sem ofan gengur úr fjallinu fyrir utan Bessahlaðir og allt vestur að Grjótá“. Jafnframt er ljóst að þjóðlendukröfusvæði það sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Bakkasels, sé tekið mið af staðháttum og aðliggjandi landsvæðum við skýringu þess.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og

óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland.

Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. Hrd. 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það, sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Um býlið Bakkasel segir svo í fyrirnefndum úrskurði í máli nr. 3/2008:

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar*, fyrra bindi, frá árinu 1990 kemur fram að býli hafi verið reist í Bakkaseli árið 1850 en þar hafi áður verið selstaða frá Bakka. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð fyrir þann tíma. Byggðin varði nær samfelld til ársins 1960. Elsta samtímaheimildin um Bakkasel undir því heiti er frá þeim tíma sem byggðin varði, þ.e. landamerkjabréfið sem dagsett er 8. mars 1889.

Niðurstaða óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins var þessi:

Fyrirliggjandi heimildir benda til þess að það hafi fyrst verið um miðja 19. öld að farið var að nýta svæðið til annars en beitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Þær benda þó ekki til þess að um hafi verið að ræða samnotaafrétt heldur verður ráðið af þeim, einkum frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712, að Bakka hafi þar tilheyrt meiri réttindi á svæðinu en öðrum jörðum í hreppnum. Óbyggðanefnd telur því að um sé að ræða afrétt í flokknum afréttir einstakra jarða eða stofnana, samanber umfjöllun um afrétti í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka). Hvort í því hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Af *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1712 má ráða að það landsvæði sem hér er deilt um hafi verið landfræðilega aðskilið frá Bakka. Svæðisins er þar getið með sérstökum hætti og nefnt „afrettur“. Einnig er getið um selstöðu þar sem sé „ei í manna minni brúkuð“. Engin gögn liggja fyrir um að svæðið hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Loks er til þess að líta að

svæðið er að miklum hluta hálent og fjarri byggð. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið sem deilt er um hafi verið afréttur Bakka í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Óbyggðanefnd telur sömu atriði eiga við um það ágreiningssvæði sem hér er til úrlausnar og að jarðaskiptabréfið frá 1560 sem áður var nefnt styðji frásögn jarðabókarinnar frá 1712 að þessu leyti.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem eru nærri því svæði sem hér er til umfjöllunar liggja bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búþening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Loks kemur til skoðunar í úrskurðinum hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á ágreiningssvæði vegna Bakkasels fyrir hefð. Byggð hófst í Bakkaseli árið 1850 og hélst að mestu leyti samfelld til ársins 1960, a.m.k. frá aldamótunum 1900, að því er greinir í *Byggðum Eyjafjarðar*, fyrri bindi, frá árinu 1990. Um þetta atriði segir svo í úrskurði í máli nr. 3/2008:

Bærinn mun upphaflega hafa staðið skammt sunnan Nautár, þ.e. nokkru norðar en kröfulína ríkisins var upphaflega dregin í máli þessu. Árið 1929 mun bærinn hafa verið fluttur norður fyrir Nautá. Það bæjarstaði er einnig utan ágreiningssvæðis máls þessa.

Í kaflanum um Bakkasel í Fasteignamati 1916–1918 kemur fram að stærð túns sé 1,9 ha. og engjar séu „litlar og reitingslegar“. Einnig segir að jörðinni fylgi dálítið afréttarland og að frá jörðinni hafi „verið tekinn heidarfláki (Öxnadalshéiði) og notaður sem afréttur (af jarðeiganda) en er þó innifalinn í mati jarðarinnar.“ Loks segir: „Á jörðinni má framfleyta 1 kú, 30 kindum og 2 hrossum með 1–2 mönnum.“ Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar I* frá 1973 segir m.a. eftirfarandi um Bakkasel: „Því var það, að bóndinn á Bakka, [...], byggði þar framhús úr timbri árið 1904, réð þangað starfsfólk og setti þar upp greiðasölu. Það er fyrsti vísir að gistihúsarekstri þar. Auk þess hafði hann um 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns, en bjó sjálfur áfram á Bakka.“

Ekkert liggur fyrir í málinu um hvort þau not sem að ofan er greint frá hafi náð til þess hluta kröfusvæðis Bakkasels sem ágreiningur stendur um í máli þessu, þ.e. sunnan línunnar sem dregin er beina stefnu frá 800 m hæðarpunkti í Rauðuskriðukinum í 800 m hæðarpunkt norðan til í Kaldbakshnjúk og þaðan beina stefnu til vesturs í Kaldbaksá. Sú lína liggur um 1,5 km sunnan síðara bæjarstæðis Bakkasels. Norðan línunnar eru láglandustu og gróðursælustu hlutar kröfusvæðis Bakkasels. Það sem fram kemur í fasteignamatinu 1916–1918 bendir ennfremur til þess að búskapur í Bakkaseli hafi verið fremur smár í sniðum, sem bendir til þess að önnur not en afréttarnot geti hafa einskorðast við svæðið norðan hinnar upphaflegu þjóðlendukröfulínu ríkisins. Loks er ekkert sem bendir til þess að ferðaþjónustan sem komið var á fót í Bakkaseli upp úr aldamótunum 1900 hafi falið í sér landnotkun sunnan umræddrar línu. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á samfellda beitingu annarra eignarráða á því landsvæði að því marki að byggja mætti eignarhefð á henni. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði laga nr. 46/1905 um eignarhefð séu uppfyllt hvað ágreiningssvæðið varðar.

Til skýringar ber hér að árétta að í lyktum máls nr. 3/2008 á svæði 7A fólst að nyrst, eða næst þeim hluta Bakkasels sem hér er til umfjöllunar, væri engin þjóðlenda, þá þegar af þeirri ástæðu að engin þjóðlendukrafa var réttilega fram sett. Þegar sunnar dregur frá mörkum svæða 7A og 7B er hins vegar þjóðlenda og afrétt.

Í skýrslutökum fyrir óbyggðanefnd á svæði 7A kom fram að Bakkaselsbærinn liggur í Gilslandi, utan ágreiningssvæðis í máli þessu en þangað var hann fluttur árið 1929. Fyrir þann tíma mun bærinn hafa staðið skammt sunnan Nautár, líklega innan þess svæðis sem nú er gerð krafa til, nánar tiltekið í austurhorni þess nálægt punkti 5 í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar* I kemur fram að árið 1904 hafi bóndinn á Bakka hafið greiðasölu á Bakkaseli, ráðið þangað starfsfólk og boðið upp á gistingu. Hann hafi verið með 100 ær í kvíum og nokkurn heyskap utan túns en búið sjálfur áfram á Bakka. Annars virðist búskapur þar hafa verið smár í sniðum, svo sem ráða má af fasteignamati 1916-1918.

Við athugun á því hvort stofnast hafi til beins eignarréttar á kröfusvæðinu á grundvelli hefðar er til þess að líta að frá gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 virðist búskapur í Bakkaseli hafa verið nánast enginn og þar aðeins verið rekin greiðasala. Árið 1929 var bærinn síðan færður í Gilsland. Fyrir utan þá óljósu notkun sem fólst í umræddri ferðaþjónustu hefur ekki verið sýnt fram á samfellda beitingu eignarráða á kröfusvæðinu að því marki að byggja mætti eignarhefð á henni. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrði laga nr. 46/1905 um eignarhefð séu uppfyllt hvað ágreiningssvæðið varðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að kröfusvæði Bakkasels sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.⁵⁴⁸ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps. Þá liggja fyrir í málinu samþykktir og arðskrá Veiðifélags Hörgár þar sem Bakkasel er meðal aðila.

⁵⁴⁸ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem hér hefur verið fjallað um, svo sem það er afmarkað hér á eftir, þ.e. Heiðarfjall innan afmörkunar í landamerkjabréfi Bakkasels, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará (1). Þaðan er Grjótá fylgt í Grjótárdalsdrög (2). Frá Grjótárdalsdrögum er línin dregin til suðausturs í Gilshnjúk þar sem hann er hæstur (3). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðurs og síðan suðvesturs þar til komið er á móts við Hjallalandsskarð (4). Þaðan er línin dregin um Hjallalandsskarð í Lurkastein (5) og þaðan í Öxnadalsá (6). Þaðan er dalbotninum á Öxnadalshéiði fylgt til vesturs að upphafspunkti þar sem Grjótá fellur í Heiðará.

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, og nýtur veiðiréttar í Öxnadalsá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttar-legum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.10 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

7 ÚRSKURÐARORÐ⁵⁴⁹

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Stífluafrétt og Lágheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem lækur sá sem rennur um Þvergil fellur í Ólafsfjarðará (1). Þaðan er Ólafsfjarðará fylgt til suðurs þar til komið er á móts við Dýrhól (2). Þaðan er línan dregin beina stefnu í svonefnda Hlasskverk (3) utan við Súluþfallstind og þaðan stystu leið upp á fjallsbrún (4). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti (5) og línan dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (6). Þaðan er línan dregin stystu leið í Fljótaá (7) og ánni síðan fylgt til vesturs þar til komið er á móts við miðja Stóruskriðu (8). Þaðan er línan dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggjar (9). Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafjall (1032 m) við Móafellsjökul (10). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli (1252 m) (11). Þaðan er miðfjalli Hestfjalls og síðan Hádegisfjalls fylgt þar til komið er á móts við efstu drög Þvergils (12). Þaðan er línan dregin beint í efstu drög Þvergils og læknum sem rennur um gilið fylgt að upphafspunkti þar sem hann rennur í Ólafsfjarðará.

Eftirfarandi hluti sama landsvæðis er afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga:

Upphafspunktur er í svonefndri Hlasskverk (1) utan við Súluþfallstind. Þaðan er línan dregin stystu leið upp á fjallsbrún (2). Efstu fjallsbrúnum er síðan fylgt til suðurs að Hallskletti (3) og línan dregin þaðan í efsta Drykkjarhól (4). Þaðan er línan dregin stystu leið í Fljótaá (5) og ánni fylgt til vesturs þar til komið er á móts við miðja Stóruskriðu (6). Þaðan er línan dregin um miðja Stóruskriðu til fjallseggjar (7). Þaðan er háfjalli Móafellshyrnu fylgt til suðurs í Einstakafjall (1032 m) við Móafellsjökul (8). Þaðan er haldið með sýslumörkum Eyjafjarðarsýslu í háfjalli til austurs um Hrafnabjörg og Sandskarð í punkt sunnan til í Hestfjalli (1252 m) (9). Þaðan er miðfjalli Hestfjalls og síðan Hádegisfjalls fylgt þar til komið er að punkti í Hestfjalli rétt ofan við merkjavörðu (10) (punktur 5 á kröfulínu gagnaðila ríkisins). Þaðan er línan dregin beina stefnu í upphafspunkt.

Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

⁵⁴⁹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hnjótafjall, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá þeim stað þar sem Skallá fellur í Svarfaðardalsá er Skallá fylgt að upptökum í Hákömbum og í mörk Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna. Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs um Hákamba, þar til komið er að fremstu upptökum Svarfaðardalsár. Loks er Svarfaðardalsá fylgt þangað sem Skallá fellur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Atlastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í Svarfaðardalsá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skíðadalsafrétt, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá (1). Þaðan er haldið upp með Skíðadalsá þar til Vesturá rennur í hana (2). Þaðan er Vesturá fylgt til fremstu upptaka og þaðan í sýslumörk milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna (3). Sýslumörkum er svo fylgt til suðurs, að fyrrum hreppamörkum Skriðuhrepps og Svarfaðardals-hrepps við sunnanverðan Skíðadalsjökul (Leiðarhnjúkar 1312 m) (4). Þaðan er fyrrum hreppamörkum fylgt til austurs að Gljúfurárjökli og síðan með suður- og austurmörkum jökulsins (eins og þau voru við setningu þjóðlendulaga hinn 1. júlí 1998), í Gljúfurá (5) og með henni að upphafspunkti, þar sem Gljúfurá fellur í Skíðadalsá.

Sama landsvæði er í afréttareign Dalvíkurbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Möðruvallaafrétt, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er á fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps fyrir botni Víkingsdals, norðan Grjótárdalsdraga (1). Þaðan er haldið með fyrrum mörkum Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps til norðurs að merkjum Framlands á háfjallinu fyrir botnum Grjótárdals og Vatnsdals (2). Þaðan er háfjallinu fylgt til norðvesturs í 1160 m hæðarpunkt (3). Þaðan er haldið áfram til norðvesturs að fremstu upptökum Grjótár, þar sem nefndar eru Urðir (4). Þaðan er farvegi Grjótár fylgt þar til hún rennur í Hörgá (5). Þaðan er farið með Hörgá til vesturs að Hellunefi (6) og þaðan er línan dregin í Þórðarklöpp (7). Frá Þórðarklöpp er línan dregin beina stefnu í vatn það er stendur skammt norðvestan við Grænavatn (8). Þaðan er haldið í Litlukerlingu (1119 m) (9). Frá þeim stað er haldið til suðvesturs í norðanverðan

Sandárhjúk (1283 m) (10). Þaðan er haldið til norðvesturs með vestanverðum jaðri Myrkárjökuls (jökullina hinn 1. júlí 1998) að sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu (11). Þaðan er sýslumörkum fylgt til suðurs að hornmarki milli fyrrum hreppamarka Akrahrepps, Hólahrepps og Skriðuhrepps við Hjaltadals-jökul (12). Loks er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt að upphafspunkti (1).

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Möðruvalla I og Möðruvalla II, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Heiðarfjall innan afmörkunar í landamerkjabréfi Bakkasels, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará (1). Þaðan er Grjótá fylgt í Grjótárdalsdrög (2). Frá Grjótárdalsdrögum er línan dregin til suðausturs í Gilshnjúk þar sem hann er hæstur (3). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðurs og síðan suðvesturs þar til komið er á móts við Hjallalandsskarð (4). Þaðan er línan dregin um Hjallalandsskarð í Lurkastein (5) og þaðan í Öxnadalsá (6). Þaðan er dalbotninum á Öxnadalsheiði fylgt til vesturs að upphafspunkti þar sem Grjótá fellur í Heiðará.

Sama landsvæði er í afréttareign Hörgárbyggðar og Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, og nýtur veiðiréttar í Öxnadalsá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlendur eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Eigendur Atlastaða vegna Hnjótafjalls, kr. 640.000. Eigandi Kots vegna Vífilsstaða, kr. 370.000. Eigandi Möðruvalla I vegna Möðruvallaafréttar, kr. 150.000. Akrahreppur og Hörgárbyggð vegna Bakkasels, kr. 205.000. Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Stífluufréttar og Lágheiðar, kr. 405.000. Dalvíkurbyggð vegna Skíðadalsafréttar og Múla, kr. 712.000.

Vegna Friðbjörns Garðarssonar hrl.: Eigendur Þorvaldsdalsafréttar, kr. 1.248.850.

Vegna Kristjáns Þorbergssonar hrl.: Eigandi Reykja, kr. 185.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

Sif Guðjónsdóttir

VIÐAUKI

ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR
með viðaukum



Svæði 1–7A
Sérprentun 22. september 2011

EFNISYFIRLIT

Formáli	176
1. Inngangur	177
2. Gróðurfar við landnám og síðari breytingar	177
3. Stofnun eignarréttinda	178
3.1. Landnám	178
3.2. Hefð	180
3.3. Lög	184
4. Flokkun lands	185
4.1. Almennt	185
4.2. Jörð	186
4.3. Almenningar	192
4.4. Afréttir	194
4.5. Jörð eða afréttur?	200
4.6. Jöklar	201
4.7. Fjallskil	206
4.8. Ítök	209
4.9. Fjörur og rekæign	212
5. Heimildir um eignarhald	216
5.1. Almennt	216
5.2. Jarðamöt og jarðabækur	216
5.3. Máldagar og vísitasíur	219
5.4. Lögfestur	220
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf	221
5.6. Afsals- og veðmálabækur	225
5.7. Aðrar heimildir	227
6. Niðurstaða	227
7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5	232
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum	232
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða	232
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi	235
8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6	236
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	236
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana	236
9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A	240
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	240

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–7A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–7A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6 og 7A, og fer sá texti lítillaga stytur hér á eftir, í köflum 7–9.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður með viðaukum*, og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.⁵⁵⁰ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.⁵⁵¹ Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi

⁵⁵⁰ Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

⁵⁵¹ Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.⁵⁵²

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunníð úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn

⁵⁵² Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignarréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.⁵⁵³ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.⁵⁵⁴ Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálf hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“⁵⁵⁵

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfedra.⁵⁵⁶ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁵⁵⁷ Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrfari eða búskaparháttum.⁵⁵⁸ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar lítið til gróðurfars og staðháttu við mat á því

⁵⁵³ *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

⁵⁵⁴ *Landnámabók* 1986, s. 321.

⁵⁵⁵ *Landnámabók* 1986, s. 337.

⁵⁵⁶ Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

⁵⁵⁷ Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lund. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

⁵⁵⁸ Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grimni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.⁵⁵⁹ Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnyttjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átölulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“⁵⁶⁰

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögboðunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok forrarr hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar⁵⁶¹. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum

⁵⁵⁹ Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

⁵⁶⁰ *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

⁵⁶¹ Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritadur í byrjun 13. aldar).

skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „*praescriptio immemorialis*“.⁵⁶²

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.⁵⁶³

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.⁵⁶⁴ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Ting, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfírréttur og Landsyfírréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.⁵⁶⁵

⁵⁶² Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

⁵⁶³ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

⁵⁶⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

⁵⁶⁵ *Landsyfírréttardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.⁵⁶⁶

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfírrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.⁵⁶⁷

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingrið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölva undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.⁵⁶⁸

Þrátt fyrir að Landsyfírréttur hefði um árábil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.⁵⁶⁹ Í dómi Landsyfírréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.⁵⁷⁰

⁵⁶⁶ *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

⁵⁶⁷ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

⁵⁶⁸ *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

⁵⁶⁹ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

⁵⁷⁰ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra síðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalíf, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalíf, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og vírdast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...⁵⁷¹

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.⁵⁷²

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.⁵⁷³ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar

⁵⁷¹ *Alþingistiðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

⁵⁷² *Alþingistiðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

⁵⁷³ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómur þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þröngri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þrjú manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var

að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatiskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatiskipunar.⁵⁷⁴

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatiskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.⁵⁷⁵

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fímt.⁵⁷⁶

⁵⁷⁴ Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

⁵⁷⁵ Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

⁵⁷⁶ *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbp.).

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.⁵⁷⁷ Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalogum um „aðrar óbyggðar lendur“.⁵⁷⁸ Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félögum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.⁵⁷⁹

⁵⁷⁷ Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

⁵⁷⁸ Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

⁵⁷⁹ *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.⁵⁸⁰ Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnfjöll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“.⁵⁸¹ Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“⁵⁸²

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.⁵⁸³ Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveðrar skyldu ráða veiði á landi.⁵⁸⁴

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.⁵⁸⁵ Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.⁵⁸⁶ Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrir mæli lengst af í íslenskri

⁵⁸⁰ Grágás 1992, s. 342 (46. k. lbb.).

⁵⁸¹ Jónsbók 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

⁵⁸² Jónsbók 1904, s. 186 (52. k. llb.).

⁵⁸³ Sjá t.d. Jónsbók 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

⁵⁸⁴ Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

⁵⁸⁵ Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

⁵⁸⁶ Sjá t.d. Grágás 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbb.). Jónsbók 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.⁵⁸⁷ Með þeim var sú tilhöggun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.⁵⁸⁸ Reka-bálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.⁵⁸⁹ Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.⁵⁹⁰ Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögakveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.⁵⁹¹ Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.⁵⁹² Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnaði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.⁵⁹³

⁵⁸⁷ Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

⁵⁸⁸ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

⁵⁸⁹ Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. llb.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

⁵⁹⁰ Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

⁵⁹¹ *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. llb.).

⁵⁹² Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

⁵⁹³ Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.⁵⁹⁴ Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.⁵⁹⁵ Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.⁵⁹⁶ Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.⁵⁹⁷

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.⁵⁹⁸ Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.⁵⁹⁹ Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbyli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögþú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögþúli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.⁶⁰⁰ Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

⁵⁹⁴ Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþþ.).

⁵⁹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárússon (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

⁵⁹⁶ Árni Daniel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

⁵⁹⁷ Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

⁵⁹⁸ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

⁵⁹⁹ Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

⁶⁰⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji vár um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.⁶⁰¹

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.⁶⁰²

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.⁶⁰³

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

Heimalönd. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorð af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarþeir af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.⁶⁰⁴

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp

⁶⁰¹ Jónsbók 1904, s. 292.

⁶⁰² Jarðabók Árna og Páls 11, s. 143.

⁶⁰³ Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

⁶⁰⁴ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.⁶⁰⁵

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.⁶⁰⁶

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvorrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvorrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður megi líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

⁶⁰⁵ Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

⁶⁰⁶ Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

4.3. Almennningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.⁶⁰⁷ Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tiltekna reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.⁶⁰⁸ Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almennningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.⁶⁰⁹ Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssvæði, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.⁶¹⁰ Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólikar kenningar um almenninga. Almennningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.⁶¹¹

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenningur er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fylga svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenningur liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.⁶¹²

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenningur eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivötn oðll i almenningi eru oðllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fylga. Engi skal beita

⁶⁰⁷ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

⁶⁰⁸ Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

⁶⁰⁹ Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afriettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afriettir og almenninga.” *Lögrietta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

⁶¹⁰ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

⁶¹¹ Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶¹² *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbb.).

almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar öðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...⁶¹³

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.⁶¹⁴

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.⁶¹⁵ Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.⁶¹⁶ Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.⁶¹⁷ Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.⁶¹⁸

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.⁶¹⁹ Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.⁶²⁰ Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttar eru af.⁶²¹

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma

⁶¹³ Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁶¹⁴ Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

⁶¹⁵ Eggert Briem 1917, s. 61–62.

⁶¹⁶ Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

⁶¹⁷ Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

⁶¹⁸ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

⁶¹⁹ Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

⁶²⁰ Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

⁶²¹ Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.⁶²² Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.⁶²³ Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beutilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beutiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.⁶²⁴

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeutiland.⁶²⁵ Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.⁶²⁶

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.⁶²⁷ Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með

⁶²² Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur*. Reykjavík. S. 83.

⁶²³ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

⁶²⁴ Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

⁶²⁵ Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

⁶²⁶ *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

⁶²⁷ *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.⁶²⁸ Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrir eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

⁶²⁸ Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.⁶²⁹ Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.⁶³⁰

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.⁶³¹ Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.⁶³² Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyrir til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.⁶³³ Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.⁶³⁴

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri hátað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.⁶³⁵

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað

⁶²⁹ *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

⁶³⁰ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

⁶³¹ *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).

⁶³² *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

⁶³³ Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

⁶³⁴ Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

⁶³⁵ Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfá á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.⁶³⁶

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.⁶³⁷

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.⁶³⁸ Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér

⁶³⁶ Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

⁶³⁷ Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

⁶³⁸ Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatiskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatiskipuninni segir svo:

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.⁶³⁹ Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.⁶⁴⁰

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.⁶⁴¹ Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrir sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir

⁶³⁹ Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

⁶⁴⁰ Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

⁶⁴¹ Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtaldshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afréttar með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku Þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, löggjörnum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beutiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnst afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beutiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaf framkvæmd. Eins og fram kemur í almenntri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem

upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.⁶⁴² Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.⁶⁴³

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.⁶⁴⁴ Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.⁶⁴⁵ Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.⁶⁴⁶ Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafisar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo óbræðiligir jöklar með yfirvættis hæð og vidd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.⁶⁴⁷

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfare breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.⁶⁴⁸ Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.⁶⁴⁹ Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni

⁶⁴² Sbr. Grágás 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.

⁶⁴³ *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

⁶⁴⁴ Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

⁶⁴⁵ Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

⁶⁴⁶ Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

⁶⁴⁷ *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur öbn.)

⁶⁴⁸ *Landnámaabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

⁶⁴⁹ *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.⁶⁵⁰

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skriður undan eigin fargi.⁶⁵¹ Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem löggin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.⁶⁵² Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenski lögfræði. Jökla hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýttjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.⁶⁵³

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökla, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.⁶⁵⁴

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenski réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða eignarlands sé fullnægjandi að miða við

⁶⁵⁰ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

⁶⁵¹ Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

⁶⁵² Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

⁶⁵³ Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérrettinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbæitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökla landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

⁶⁵⁴ Þskj. 598. Alþíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.⁶⁵⁵ Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.⁶⁵⁶ Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunní síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.⁶⁵⁷ Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.⁶⁵⁸ Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendum. Um leið eru þjóðlendum lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að

⁶⁵⁵ Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

⁶⁵⁶ Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

⁶⁵⁷ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarétt fasteignareiganda í netlögum.

⁶⁵⁸ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur II*. Reykjavík. S. 136.

jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnáms-tíma.⁶⁵⁹ Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnáms tíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hropað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur

⁶⁵⁹ Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Timaritíð Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ófngótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalyásingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendlaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendlaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendlaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájökklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af

sérfræðingum á því sviði. Smájökklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.⁶⁶⁰ Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.⁶⁶¹ Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.⁶⁶²

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir þjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarþeir því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.⁶⁶³

⁶⁶⁰ Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

⁶⁶¹ *Jónsbók* 1904, s. 292.

⁶⁶² *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

⁶⁶³ *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. llb.).

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrir vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrtt skal vera, skipa svá qðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.⁶⁶⁴

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.⁶⁶⁵

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem nógildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin

⁶⁶⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

⁶⁶⁵ *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. llb.).

dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka á ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttáð á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að

ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttáð.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttáð svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.⁶⁶⁶ Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.⁶⁶⁷

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta

⁶⁶⁶ Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

⁶⁶⁷ Sbr. Grágás 1992, s. 288.

þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupaz með vátum tveim eða fleirum.⁶⁶⁸

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaitak.⁶⁶⁹ Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,⁶⁷⁰ og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tíma-bundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.⁶⁷¹ Elsta skjállega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.⁶⁷² Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.⁶⁷³ Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.⁶⁷⁴

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttu fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).⁶⁷⁵ Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrisaskóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í

⁶⁶⁸ *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

⁶⁶⁹ Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.

⁶⁷⁰ Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

⁶⁷¹ Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

⁶⁷² *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

⁶⁷³ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

⁶⁷⁴ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatak, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hris/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekítak*.

⁶⁷⁵ Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálmis Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá öbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

Hraunskarðsjörð.⁶⁷⁶ Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.⁶⁷⁷

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttar og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.⁶⁷⁸ Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttu í sambandi við notkun þeirra.⁶⁷⁹ Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimilud með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.⁶⁸⁰ Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.⁶⁸¹ Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskups-tungum á Biskupstungnaafretti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að

⁶⁷⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

⁶⁷⁷ Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

⁶⁷⁸ Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða iskýlda*.

⁶⁷⁹ Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

⁶⁸⁰ Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

⁶⁸¹ Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afretti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afreftarlöndum. Með hlíðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afreftarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.⁶⁸² Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397⁶⁸³ og Gíslamáldaga frá 1570.⁶⁸⁴ Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.⁶⁸⁵ Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.⁶⁸⁶ Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.⁶⁸⁷ Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.⁶⁸⁸

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.⁶⁸⁹ Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“⁶⁹⁰ Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á

⁶⁸² *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

⁶⁸³ *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

⁶⁸⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

⁶⁸⁵ *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

⁶⁸⁶ Ólafur Lárússon, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

⁶⁸⁷ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

⁶⁸⁸ Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

⁶⁸⁹ Sbr. opið bréf um rekateikill á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

⁶⁹⁰ *Jónsbók* 1904, s. 194.

hann.⁶⁹¹ Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.⁶⁹²

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.⁶⁹³ Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.⁶⁹⁴ Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.⁶⁹⁵ Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.⁶⁹⁶

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.⁶⁹⁷

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum l'gm'nnum og allri logriettunne a dogum Hákonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírantanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.⁶⁹⁸

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

⁶⁹¹ Grágás 1992, s. 351–352. Sbr. Jónsbók 1904, s. 194–195.

⁶⁹² Grágás 1992, s. 353–354. Jónsbók 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í Jónsbók (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (Grágás 1992, s. 365).

⁶⁹³ Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maör veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

⁶⁹⁴ Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkír sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

⁶⁹⁵ Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

⁶⁹⁶ Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

⁶⁹⁷ Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

⁶⁹⁸ *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

Ef maðr kaupir reka af landi manns at lög máli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjör en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.⁶⁹⁹

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi⁷⁰⁰, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.⁷⁰¹ Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.⁷⁰² Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afráttur eða afreiðsla.⁷⁰³

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.⁷⁰⁴ Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.⁷⁰⁵ Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpin væri sandi eða grjóti.⁷⁰⁶ Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örefum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.⁷⁰⁷ Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.⁷⁰⁸ Samkvæmt

⁶⁹⁹ *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

⁷⁰⁰ Í *Jónsbók* er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

⁷⁰¹ *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

⁷⁰² *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

⁷⁰³ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

⁷⁰⁴ Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

⁷⁰⁵ Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

⁷⁰⁶ Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

⁷⁰⁷ Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

⁷⁰⁸ *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

Þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningarfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.⁷⁰⁹

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.⁷¹⁰

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.⁷¹¹ Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmökkvaegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.⁷¹² Alin jafngildi um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almeningur*.⁷¹³ Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.⁷¹⁴ Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.⁷¹⁵ Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.⁷¹⁶ Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitæfni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar

⁷⁰⁹ Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

⁷¹⁰ *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

⁷¹¹ *Jónsbók* 1904, s. 197.

⁷¹² Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

⁷¹³ *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

⁷¹⁴ Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

⁷¹⁵ Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

⁷¹⁶ Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.⁷¹⁷ Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.⁷¹⁸

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almenn

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvað máls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).⁷¹⁹

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.⁷²⁰ Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í

⁷¹⁷ Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

⁷¹⁸ Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækni framfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

⁷¹⁹ Sbr. *Lovsamling for Island*. I. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

⁷²⁰ Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundí. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundí. S. 18.

jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.⁷²¹

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjóllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útgangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyföður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýrleidis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.⁷²² Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“⁷²³

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.⁷²⁴ Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.⁷²⁵ Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í

⁷²¹ Björn Lárússon 1967, s. 63.

⁷²² Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

⁷²³ *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

⁷²⁴ Björn Lárússon 1982, s. 17.

⁷²⁵ Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrattollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.⁷²⁶ Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.⁷²⁷ Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögnum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

⁷²⁶ *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

⁷²⁷ *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

5.3. Máldagar og vísitásiur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögrétu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.⁷²⁸

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.⁷²⁹ Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitásiuferðum sínum.⁷³⁰

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.⁷³¹ Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.⁷³²

⁷²⁸ Grágás 1992, s. 12.

⁷²⁹ Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

⁷³⁰ Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

⁷³¹ Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

⁷³² Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.⁷³³ Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitásiuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.⁷³⁴

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentískt“ kirkjuregistur.⁷³⁵ Eftir siðaskipti tóku vísitásiubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.⁷³⁶

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitásía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabættis. Lögfesta var að fornu notuð um

⁷³³ *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

⁷³⁴ Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

⁷³⁵ *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

⁷³⁶ Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).⁷³⁷

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar ligr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lög máli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.⁷³⁸ Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.⁷³⁹ Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.⁷⁴⁰

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.⁷⁴¹ Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga⁷⁴² virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.⁷⁴³ Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið

⁷³⁷ Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

⁷³⁸ Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

⁷³⁹ *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.

⁷⁴⁰ *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

⁷⁴¹ Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

⁷⁴² Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

⁷⁴³ Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitásiur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að sammingsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.⁷⁴⁴ Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.⁷⁴⁵ Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.⁷⁴⁶ Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyásingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.⁷⁴⁷ Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.⁷⁴⁸ Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

⁷⁴⁴ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

⁷⁴⁵ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

⁷⁴⁶ Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

⁷⁴⁷ Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

⁷⁴⁸ Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendum „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendum í því sambandi. Lögnum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu nágildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.⁷⁴⁹ Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrár þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrár hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.⁷⁵⁰ Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort

⁷⁴⁹ Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

⁷⁵⁰ Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).⁷⁵¹

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).⁷⁵² Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í

⁷⁵¹ Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

⁷⁵² Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsisdómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmafum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.⁷⁵³ Samkvæmt 11. og 12. kapitula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapitula landsbrigðabáttar í Jónsbók.⁷⁵⁴

Í 28. gr. 3. kapitula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr.

⁷⁵³ Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbb.).

⁷⁵⁴ Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“⁷⁵⁵ Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.⁷⁵⁶ Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.⁷⁵⁷

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögbingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyferréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.⁷⁵⁸ Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.⁷⁵⁹ Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

⁷⁵⁵ Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

⁷⁵⁶ Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

⁷⁵⁷ *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

⁷⁵⁸ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

⁷⁵⁹ Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitæfni.

Heimildir um stjórnáslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum ædstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitásum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og

eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði

fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýla-tilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvorrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvorrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé.

Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumararbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbryðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þingsið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhjóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjaganna 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við

gildistöku Þjóðlendlaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í Þjóðlendumálum⁷⁶⁰

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi [...].

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða⁷⁶¹

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í Þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrätt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er

⁷⁶⁰ Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

⁷⁶¹ Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkð á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirbyggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu

niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur

fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi⁷⁶²

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.⁷⁶³ Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landamerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.⁷⁶⁴ Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega

⁷⁶² Kaffli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

⁷⁶³ Sbr. kafla 3.3. [...].

⁷⁶⁴ Sbr. kafla 4.2. [...].

mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggja fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum⁷⁶⁵

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana⁷⁶⁶

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

⁷⁶⁵ Kafla 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

⁷⁶⁶ Kafla 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitæfni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendir og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenna, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkja-bréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttu og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti

að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almanningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttá, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álítaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum⁷⁶⁷

[...]


Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

⁷⁶⁷ Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá



Umhverfisráðgjafi og vörðveitingarfræðingur
 Línur eru lögðar samkvæmt stafrænni myndunni.
 Mælskipti: 1:50.000 A4. Daga: 10.04.2011
 LANGLAGSMAINTENINGA- og VAKVAKVAÐA-DEIÐIÐ. HÖR 2011 A-LAND 202. HÖR 2011-04-01

Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Mörðufelli
 Almennur málur


Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Stíflufell og Lágheidi
 Almennur málur

Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Flóvafellshreppi
 Almennur málur

Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Kraka-veilir
 Almennur málur

Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Flóvafellshreppi
 Almennur málur

Alfréttuþingið skilur um höfuðborgarsvæðið
 Flóvafellshreppi
 Almennur málur



II. Aðilaskrá

Þjóðlendumur

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins

Atlastaðir (Hnjótafjall)

Einar Sigurbjörnsson

Atlastaðir (Hnjótafjall)

Guðrún Edda Gunnarsdóttir

Bakkasel

Akrahreppur

Bakkasel

Hörgárbyggð

Kot (Vífilsstaðir)

Magnús Þorsteinn Jónasson

Stífluafrétt og Lágheiði

Sveitarfélagið Skagafjörður

Múli

Dalvíkurbyggð

Möðruvellir I (Möðruvallaafrétt)

Kirkjumálasjóður

Möðruvellir II (Möðruvallaafrétt)

Ríkissjóður Íslands

Reykir

Fjallabyggð

Skíðadalsafrétt

Dalvíkurbyggð

Þorvaldsdalur (Þorvaldsdalsafrétt)

Arnarneshreppur

Þorvaldsdalur (Þorvaldsdalsafrétt)

Dalvíkurbyggð

III. Skjalaskrá⁷⁶⁸

Lagt fram af lögmanni ríkisins f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 11.5.2009
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 22.5.2009.
- 1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.
- 1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.
- 1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.
- 1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra, varðar bréf send fjármálaráðherra og sveitarfélögum, dags. 28.10.2008.
- 1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að lýsa þjóðlendukröfum á svæði 7 norður, dags. 8.1.2009.
- 1(10) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykktu framlengingu frests og breytingar á afmörkun, dags. 21.1.2009.
- 1(11) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 23.2.2009.
- 1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykktu framlengingu frests, dags. 26.2.2009.
- 1(13) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 10.3.2009.
- 1(14) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykktu framlengingu frests, dags. 12.3.2009.
- 1(15) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 8.4.2009.
- 1(16) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykktu framlengingu frests, dags. 14.4.2009.
- 1(17) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi auknar þjóðlendukröfur á svæði 7 norður, dags. 17.9.2009.
- 1(18) Breytingar á þjóðlendukröfum á svæði 7 norður, dags. 17.9.2009.
- 1(19) Greinargerð íslenska ríkisins í máli 1/2009 á svæði 7 norður, dags. 22.12.2009.
- 1(20) Breyttar kröfulínur á svæði 7 norður, viðbrögð við gögnum sem fram komu við aðalmeðferðir og breyting á hagsmunagæslu vegna íslenska ríkisins, dags. 3.8.2010. Ath. Fylgiskjöl með bréfinu heyra undir mál 2/2009 og eru því ekki lögð fram í máli 1/2009.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 2.3.2011.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

- 2(1) a-b Gil, ásamt uppskrift, dags. 19.3.1883 (*Merkt 1*).
- 2(2) a-b Varmavatnshólar, ásamt uppskrift, dags. 30.4.1888. (*Merkt 2*).
- 2(3) a-b Bessahlaðir, ásamt uppskrift, dags. 24.6.1884. (*Merkt 3*).
- 2(4) a-b Framland, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1885. (*Merkt 4*).

⁷⁶⁸ Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttari númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(5) Nýibær, dags. 21.5.1899. (*Merkt 5 a-b*).
- 2(6) Landamerkjásátt Nýjabæjar og Einhamars, dags. 27.11.1952. (*Merkt 6 a-c*).
- 2(7) Flögusel, ásamt uppskrift, dags. 23.4.1884. (*Merkt 7*).
- 2(8) a-b Flaga, ásamt uppskrift, dags. 23.4.1884. (*Merkt 8*).
- 2(9) a-b Möðruvellir í Hörgárdal með Nunnuhól og Spónsgerði, ásamt uppskrift, dags. 17.4.1884. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(10) a-b Hólar, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1890. (*Merkt 10 a-b*).
- 2(11) a-b Silfrastaðir í Akrahreppi, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1885. (*Merkt 11*).
- 2(12) Bakki og Bakkasel í Öxnadalshreppi. Mótmælabréf jarðanna tveggja við landamerkjabréfi Silfrastaða frá 1885, dags. 16.5.1889. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(13) a-b Baugasel, ásamt uppskrift, dags. 23.4.1884. (*Merkt 13*).
- 2(14) a-b Féeggsstaðir, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1884. (*Merkt 14 a-b*).
- 2(15) a-b Sörlatunga, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1884. (*Merkt 15*).
- 2(16) a-b Gljúfurárkot, ásamt uppskrift, dags. 5.5.1883. (*Merkt 16 a-d*).
- 2(17) a-b Sveinsstaðir, ásamt uppskrift, dags. 5.5.1883. (*Merkt 17 a-d*).
- 2(18) a-b Vellir, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1883. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(19) Krosshóll, dags. 5.5.1883. (*Merkt 19 a-d*).
- 2(20) Krosshóll, dags. 16.12.1921. (*Merkt 20*).
- 2(21) Kónsstaðir, dags. 5.5.1883. (*Merkt 21 a-c*).
- 2(22) a-b Þverá í Skiðdal, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1883. (*Merkt 22 a-b*).
- 2(23) Skiðadalsafreitt, dags. 5.5.1883. (*Merkt 23 a-c*).
- 2(24) Sáttaskjal um landamerki Dagvarðartungu og Skriðu á eina hlið og Dagvarðartungu og Fornhaga á aðra, dags. 7.8.1886. (*Merkt 24 a-b*).
- 2(25) Fornhagi, dags. 1.5.1884. (*Merkt 25*).
- 2(26) Bláteigur, dags. 6.5.1967. (*Merkt 26*).
- 2(27) Brakandi, dags. 9.5.1886. (*Merkt 27*).
- 2(28) Hólkot, dags. 1.6.1887. (*Merkt 28 a-b*).
- 2(29) a-b Auðbrekka, ásamt uppskrift, ódags. en þingl. 2.6.1887. (*Merkt 29 a-b*).
- 2(30) Stóri-Dunhagi, dags. apríl 1892. (*Merkt 30*).
- 2(31) Litli-Dunhagi, dags. 31.3.1884. (*Merkt 31 a-b*).
- 2(32) Landskiptagerð Litla-Dunhaga, dags. 16.6.1988. (*Merkt 32 a-b*).
- 2(33) Bjargir, dags. 17.4.1884. (*Merkt 33*).
- 2(34) Afréttarlandið Þorvaldsdalur, ódags. (*Merkt 147*).
- 2(35) Spónsgerði, dags. 9.9.1921. (*Merkt 35*).
- 2(36) Hallgilsstaðir, dags. 31.3.1884. (*Merkt 36*).
- 2(37) Þrastarhóll, dags. 8.4.1884. (*Merkt 37 a-b*).
- 2(38) Hof, ódags. (*Merkt 38 a-b*).
- 2(39) Hvammur og Hvammskot, dags. 27.5.1889. (*Merkt 39 a-b*).
- 2(40) Syðri-Reistará, dags. 27.5.1889. (*Merkt 40 a-b*).
- 2(41) Ytri-Reistará, dags. 31.3.1884. (*Merkt 41*).
- 2(42) Baldursheimur, dags. 31.3.1884. (*Merkt 42*).
- 2(43) Skriðuland, dags. 31.3.1884. (*Merkt 43*).
- 2(44) Kjarni, dags. 31.3.1884. (*Merkt 44*).
- 2(45) a-b Stærri-Árskógur, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1890. (*Merkt 45 a-b*).
- 2(46) a-b Kúgil, ásamt uppskrift, dags. 20.4.1890. (*Merkt 46*).
- 2(47) Hnjúkur, dags. 26.5.1883. (*Merkt 47*).
- 2(48) Klængshóll í Skiðadal, dags. 8.4.1884. (*Merkt 48 a-b*).
- 2(49) Stóra-Brekka, dags. 8.4.1884. (*Merkt 140 a-b*).
- 2(50) Litla-Brekka, dags. 27.5.1884. (*Merkt 141*).
- 2(51) Syðra-Brekkukot, dags. 25.4.1884. (*Merkt 142*).
- 2(52) Ytra-Brekkukot, dags. 17.5.1884. (*Merkt 143*).
- 2(53) Hjaltastaðir, dags. 26.5.1883. (*Merkt 144 a-b*).
- 2(54) a-b Urðir, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1884. (*Merkt 49*).
- 2(55) a-b Kot, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1883. (*Merkt 50*).
- 2(56) a-b Atlastaðir, ásamt uppskrift, dags. 15.5.1884. (*Merkt 51*).

- 2(57) a-b Þorsteinsstaðir, ásamt uppskrift, dags. 10.5.1884. (*Merkt 57*).
- 2(58) Ólafsfjarðar- og Stífluafréttarlönd, dags. 6.9.1885. (*Merkt 55*).
- 2(60) a-b Sandá, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1884. (*Merkt 58*).
- 2(61) a-b Göngustaðir, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1884. (*Merkt 59*).
- 2(62) a-b Göngustaðakot, ásamt uppskrift, dags. 10.5.1884. (*Merkt 60*).
- 2(63) a-b Klaufabrekka, ásamt uppskrift, dags. 1.6.1885. (*Merkt 61*).
- 2(64) Þverá í Svarfaðardal, dags. 6.10.1884. (*Merkt 62*).
- 2(65) a-b Steindyr, ásamt uppskrift, dags. 15.9.1883. (*Merkt 63 a-c*).
- 2(66) a-b Reykir, ásamt uppskrift, dags. 1.7.1886. (*Merkt 64*).
- 2(67) Hreppendaá, ódags. en þingl. 15.6.1894. (*Merkt 65 a-b*).
- 2(68) a-b Prasastaðir, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1886. (*Merkt 66*).
- 2(69) a-b Deplar, ásamt uppskrift, dags. 1.7.1887. (*Merkt 67*).
- 2(70) a-b Móafell, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1886. (*Merkt 68*).
- 2(71) Stífluafréttarland, ódags. en þingl. 2.6.1886. (*Merkt 137 a-b*).
- 2(303) Hreiðarsstaðakot, dags. 10.5.1884. (*Merkt 149*).
- 2(304) Klaufabrekkukot, dags. 1.6.1885. (*Merkt 148*).
- 2(305) Hreiðarsstaðir, dags. 9.10.1884. (*Merkt 150 a-b*).
- 2(316) Bakkasel, dags. 8.3.1889. (*Merkt 153 a-b*).
- 2(317) Bakki, dags. 20.5.1886. (*Merkt 156 a-b*).
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(72) Landamerkjaskrá fyrir Hólum í Hjaltadal, dags. 20.5.1890, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 1 a-b*).
- 2(73) Landamerkjabréf Dagverðartungu, dags. 4.8.1884, ásamt uppskrift. (*Merkt 2*). a-b
- 2(74) Lögfesta. Sigríður Snorradóttir lögfestir eignarjörð sína Kúgil í Þorvaldsdal, a-b dags. 15.5.1824. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(75) a-b Atlastaðir og Þorsteinsstaðir, dags. 18.8.1826: Útlistun. Jón Sveinsson gerir nákvæma útlistun á kaupsamningi milli hans og Arngríms Arngrímssonar, eiganda Þorsteinsstaða. Jón, fyrir hönd Önnu dóttur sinnar, selur Arngrími haga-beitar hlunnindi í Atlastaða búfjárhaga Skallárdal í stað árlegs eftirgjalds ábúenda Þorsteinsstaða. Stiftað eitt ævarandi ítak og landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-d*).
- 2(76) a-b Lögfesta. Jón Illugason lögfestir jörðina Sauðanes í Upsakirkjusókn, dags. Sauðanes. 2.9.1679. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 6*).
- 2(318) a-b Uppskriftir á þremur eldri skjölum, dags. 20.3.1579, 5.11.1580 og 18.10.1620, þar sem getið er um kaup á Silfrastöðum auk Egilsár og Þorbrandsstaða. Uppskriftir eru dags. 9.2.1905, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-f*).
- 2(319) a-b Lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 4.5.1726. Ólafur Þorláksson lögfestir jarðirnar Ytravatn, Sölvnes, Gullreit, Ölduhrygg og Héraðsdal í Tungusveit. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 19 a-d*).
- 2(320) a-b Lögfesta fyrir Hólum í Hjaltadal, dags. 7.12.1612. Þorkell Gamlason lögfestir í umboði Guðbrands Þorlákssonar jarðir dómkirkjunnar, Hólakot og Garðshorn hjá Hofi og Unadalsafrétt, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a-b*).
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(280) a-b Lögfesta Jóns Sveinssonar fyrir Urðum fyrir hjáleigum og Hnjótafjalli, dags. 18.5.1838, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-d*).
- 2(281) a-b Lögfesta Jóns Sveinssonar fyrir Atlastöðum, dags. 18.5.1838, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c*).
- 2(282) a-b Afsalsbréf Jóns Sveinssonar til dóttur hans Önnu fyrir Þorsteinsstöðum, dags. 11.6.1827, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(288) a-b Afréttarlandið Þorvaldsdalur (Auðbrekka). Jón Snorrason eigandi Auðbrekku selur frá sér hluta af afréttarlandinu Þorvaldsdal fyrir 1.000 krónur til fjölda manna, dags. 4.7.1882, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(321) Bakki. Yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og veðmálabóka Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 5*).

- 2(322) Bakkasel. Yfirlitssiða úr elsta registri Afsals- og veðmálabóka Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 6*).
- Fasteigna- og jarðamat (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(77) Jarðamat 1804: Gil, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Nýibær, Flögusel, Flaga, Möðruvellir í Hörgárdal, Hólar í Hjaltadal og Silfrastaðir. (*Merkt 1-2, 4, 5b og 7-9*).
- 2(78) Jarðamat 1804: Felixstaðir, Bauganes/Baugasel, Svellatunga, Barká, Sveinsstaðir, Krosshóll, Kóngsstaðir, Vellir og Þverá í Skíðadal. (*Merkt 10, 12, 14-15 og 18*).
- 2(79) Jarðamat 1804: Digurstunga, Fornhagi, Auðbrekka, Brakandi, Hólkot, Þríhyrningur, Dunhagi, Litli-Dunhagi, Bjargir, Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Stóra-Brekka, Möðruvellir í Hörgárdal, Syðra-Brekkukot, Ytra-Brekkukot, Litla-Brekka, Hof, Hvammur Syðri-Reistará, Ytri-Reistará, Baldursheimur, Skriðuland, Kjarni, Stóri-Árskógur, Hrafnagil, Kúgil, Hjaltastaðir, Sæla, Hnjúkur, Klængshóll. (*Merkt 19, 21-22, 26, 28, 31, 33, 37, 39, 42 og 45*).
- 2(80) Jarðamat 1804: Urðir, Kot, Atlastaðir og Þorsteinsstaðir. (*Merkt 46-48*).
- 2(81) Jarðamat 1804: Sandá, Gaungustaðir, Gaungustaðakot, Klaufabrekkur, Þverá í Svarfaðardal, Steindyr, Reykir, Hreppsá, Deplar, Þrasastaðir og Móafell. (*Merkt 55, 57, 59-61b, 63 og 65*).
- 2(82) Jarðamat 1849–1850: Gil, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Nýibær, Flögusel, Flaga, Möðruvellir í Hörgárdal, Hólar í Hjaltadal og Silfrastaðir. (*Merkt 1, 2b, 4 og 6-9b*).
- 2(83) Jarðamat 1849–1850: Baugasel, Féeggsstaðir, Sörlatunga, Gljúfurárkot, Sveinsstaðir í Skíðdal, Krosshóll, Kóngsstaðir, Þverá í Skíðadal og Vellir. (*Merkt 10 a-b, 12b-13, 17b og 15a-b*).
- 2(84) Jarðamat 1849–1850: Dagverðartunga, Fornhagi, Auðbrekka, Stóri-Dunhagi, Litli-Dunhagi, Björg, Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Hof í Hvammshreppi, Hvammur, Syðri-Reistará, Ytri-Reistará, Baldursheimur, Skriðuland, Kjarni, Stærri-Árskógur, Kúgil í Þorvaldsdal, Hjaltastaðir, Sæla, Hnjúkur og Klængshóll. (*Merkt 19a-b, 21a-c, 22b-23, 26, 27b-29, 30b, 32b, 35a-b og 38a-b*).
- 2(85) Jarðamat 1849–1850: Urðir, Hreiðarsstaðakot, Hreiðarsstaðir, Kot, Atlastaðir og Þorsteinsstaðir. (*Merkt 41-42 og 43b*).
- 2(86) Jarðamat 1849–1850: Sandá, Göngustaðir, Göngustaðakot, Klaufabrekkur, Þverá í Svarfaðardal, Steindyr, Reykir, Hreppsendaá, Þrasastaðir, Deplar og Móafell. (*Merkt 50, 53b-54b, 56 og 58*).
- 2(87) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Gil, Varmavatnshólar, Bessahlöð, Framland, Flögusel, Flaga, Möðruvellir og Baugasel 1917. (*Merkt 1-7*).
- 2(88) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Hólar 1916. (*Merkt 8a-b*).
- 2(89) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Silfrastaðir 1916. (*Merkt 9*).
- 2(90) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Nýibær 1916. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(91) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Saurbær, Féeggsstaðir, Sörlatunga, Baugasel, Vellir, Krosshóll, Kongstaðir, Þverá og Sveinsstaða-aftréttur 1916. (*Merkt 10-14, 115-117 og 133*).
- 2(92) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Dagverðartunga, Fornhagi, Auðbrekka, Þríhyrningur, Brakandi, Hólkot, Stóri-Dunhagi, Litli-Dunhagi, Björg, Möðruvellir, Baugasel, Spónsgerði, Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Hof, Hvammur, Syðri-Reistará, Ytri-Reistará, Baldursheimur, Skriðuland, Kjarni, Stærri-Árskógur, Hrafnagil, Kúgil, Sæla, Hlíð, Hnjúkur, Klængshóll, Syðra-Brekkukot, Stóra-Brekka, Ytra-Brekkukot, Litla-Brekka og Hjaltastaðir. (*Merkt 15-41, 118 og 138*).
- 2(93) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Urðir, Kot, Atlastaðir og Þorsteinsstaðir. (*Merkt 42-44*).

- 2(94) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Sandá, Göngustaðir, Göngustaðakot, Klaufabrekkur, Þverá, Steindyr, Reykir og Hreppsendaá. (*Merkt 50-57*).
- 2(95) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Deplar, Þrasastaðir og Mjóafell. (*Merkt 58*).
- 2(306) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Langhús og Dælir. (*Merkt 150 a-b*).
- 2(307) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Hreiðarsstaðakot. (*Merkt 143*).
- 2(308) Eyjafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Hreiðarsstaðir. (*Merkt 144*).
- 2(309) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Hraun. (*Merkt 145 a-b*).
- 2(310) Skagafjarðarsýsla/Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Stóraholt og Helgustaðir. (*Merkt 146 a-b*).
- 2(311) Jarðamat 1849–1850: Almennigur á Lágheiði. (*Merkt 122 a-c*).
- 2(312) Jarðamat 1849–1850: Klaufabrekkukot. (*Merkt 119*).
- 2(323) Fasteignamat 1916-1918–undirmat: Neðstaland, Steinastaðir, Gloppa, Vaskárdalur, Bakkasel, Bakki, Ytri-Bægisá, Miðland, Efstaland, Efstalandskot. (*Merkt 156-165*).
- 2(324) Jarðamat 1804. Bakki: (*Merkt 136*).
- 2(325) Jarðamat 1850 – yfirmat: Bakki. (*Merkt 131 a-b*).
- 2(326) Jarðamat 1850 – yfirmat: Mikligarður (Vaskárdalur). (*Merkt 132 a-d*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(116) Samningur um trippaupprekstur úr Viðvíkurhreppi í Kolbeinsdalsafirétt, dags. 16.4.1856, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-d*).
- 2(121) Spurt um rekstur á Hörgárdal. Bændur bera vitni um rekstur sinn á afréttina, dags. 22.5.1840, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-d*).
- 2(220) Dómur í landamerkjamáli á milli Auðbrekkuafiréttar og Fornhaga. Féll sá dómur að Illagilsdalur hafi sennilega ekki tilheyrt Fornhaga. Talið líklegra að dalurinn hafi legið undir Auðbrekkulandi, dags. 1.6.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-p*).
- 2(221) Fyrirtökur í landamerkjamáli á millum Auðbrekku og Fornhaga. Meðal annars fjallað um Illagilsdal, fyrir ofan Fornhaga, dags. 8.10.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-f*).
- 2(222) Um Auðbrekkuafirétt og jörðina Fornhaga. Sýslumaður yfirleit landamerkjagarðinn á milli jarðanna. Riðið um og þau skoðuð grandvarlega. Ýmissa örnefna getið, dags. 8.10.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-f*).
- 2(223) Lögfesta Hans Scheving fyrir Auðbrekku og Þorvaldsdal. Getið um landamerki, dags. 29.4.1723, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-c*).
- 2(224) Sýslumaður eftirspyr um brúkun á Þorvaldsdal, hvort hann hafi ekki ætíð verið brúkaður til afréttar úr Möðruvallasókn og Hvammshrepp o.fl., dags. 16.6.1794, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-c*).
- 2(225) Um afréttina Þorvaldsdal og fjallaskil þar, dags. 25.5.1811, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-e*).
- 2(226) Spurt um upprekstur á afréttina Hörgárdal, dags. 21.5.1840, ásamt uppskrift. (*Merkt 15 a-d*).
- 2(227) Afréttarlandinu Þorvaldsdal afsalað, dags. 6.4.1941, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-b*).
- 2(228) Eigendur 1/4 Þorvaldsdalsafiréttar, afsala hreppsnefnd Árskógshrepps nefndu landi, dags. 8.9.1944, ásamt uppskrift. (*Merkt 17a-c*).
- 2(229) Lesin lögfesta fyrir Auðbrekku með Þorvaldsdal. Margir bændur mótmæltu lögfestunni, dags. 23.5.1877, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(230) Lesin er lögfesta fyrir Auðbrekku og Þorvaldsdal, dags. 24.5.1877, ásamt uppskrift. (*Merkt 19 a-b*).
- 2(231) Málshöfðun Auðbrekku gegn Syðri-Haga. Óheimill rekstur geldfjár og trippa á Þorvaldsdalsafirétt, dags. 3.7.1878, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a-b*).

- 2(232) Ábúandi Urða lögfestir þeirrar jarðar land og fjallið Hnjóta og bannar a-b leyfislausan rekstur og grasatekju, í sagt land, dags. 20.6.1739, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(233) Um leyfi til geldfjárreksturs á Þorvaldsdal, dags. 20.5.1878, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 1 a*).
- 2(234) Um neitun á borgun á upprekstrargjaldi fyrir geldfé á Þorvaldsdal, dags a-b 31.5.1878, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b*).
- 2(235) Sættanefndin í Möðruvallakirkjusókn vitnar um að deilendur hafi ekki náð sátt í a-b þrætunni um Þorvaldsdal og vísar málinu til landslaga og réttar, dags. 6.6.1878, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a*).
- 2(236) Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu gjörir vitnalegt að bóndinn á Syðri-Haga hafi a-b neitað að borga upprekstrartoll fyrir það fé er hann rak á afréttinn í Þorvaldsdal. Bóndanum stefnt fyrir aukarétt, dags. 8.6.1878, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(237) Jón Snorason á Auðbrekku um rétt Stærra-Árskógar til upprekstrar á a-b Þorvaldsdal, dags. 23.5.1879, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-c*).
- 2(238) Jóhann Einarsson á Syðri-Haga sem rekið hefur fé upp á Þorvaldsdal með leyfi a-b eiganda Stærra-Árskógar setur fram kröfu um að honum verði ekki blandað í deilu Auðbrekku og Stærri-Árskógar, dags. 23.6.1879, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-b*).
- 2(287) Kot í Svarfaðardal, með Vífilsstöðum boðið upp, dags. 21.5.1813, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 22 a-b*).
- 2(327) Þinglesnar Landamerkjalyásingar 9 jarða, þ. á m. Bakkasels, dags. 27.5.1889, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 37 a-b*).
- 2(328) Upplesinn partur úr lögfestu, dags. 24.5.1842, jarðarinnar Bakka landareign á a-b Yxnadalshéiði, útgefin 22.5.1771. Henni mótmælt, ásamt uppskrift. (*Merkt 59 a-d*).
- 2(329) Upplesin lögfesta, dags. 22.5.1848, fyrir heima- og afréttarlandi Bakka, dags. 12.6.1792. Einnig upplesinn útdráttur, dags. 29.10.1842, úr Jarðabók Árna Magnússonar yfir Vaðlasýslu. (*Merkt 60 a-b*).
- 2(330) Upplesnar lögfestur nokkurra jarða, þ. á m. fyrir Bakka, og var henni mótmælt, a-b dags. 12.6.1792, ásamt uppskrift. (*Merkt 61 a-d*).
- 2(331) Upplesið makaskiptabréf bændanna Egils Tómassonar á Bakka annars vegar og a-b Jóhanns Grímólfssonar á Engimýri hins vegar, dags. 17.6.1829, ásamt uppskrift. (*Merkt 62 a-c*).
- 2(332) Upplesið makaskiptabréf Jón Jónassonar á Hólum annars vegar og Kráks a-b Jónssonar á Bakka, hinsvegar, dags. 25.5.1831, ásamt uppskrift. (*Merkt 63 a-c*).
- 2(333) Upplesin þann 21.5.1840, lögfesta, dags. 12.6.1792, í nafni Egils Tómassonar á a-b Bakka, á öllu landi jarðarinnar Bakka. Lögfestunni var mótmælt af mörgum bændum, ásamt uppskrift. (*Merkt 64 a-c*).
- 2(334) Upplesin þann 8.6.1841, lögfesta eiganda jarðarinnar Bakka, dags. 22.5.1771. a-b Lögfestunni var mótmælt, hvað snerti afréttirnar Öxnadalshéiði og Seldal, ásamt uppskrift. (*Merkt 65 a-c*).
- 2(335) Upplesin lögfesta Th. Danielsens á Skipalóni, fyrir landi jarðarinnar Bakka í Öxnadal, dags. 31.5.1871. (*Merkt 66 a-b*).
- 2(336) Jónas á Bakka leggur fram bann við brúkun á landi, innan tiltekinna takmarka. Í a-b lýsingu Jónasar kemur fram að jörðin Ytri Bægisá eigi svokallaðan „Folaldareit“, dags. 2.6.1885, ásamt uppskrift. (*Merkt 67 a-c*).
- 2(337) Upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 7.5.1796. (*Merkt 23 a-b*).
- 2(338) Upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 6.5.1797. (*Merkt 24 a*).
- 2(339) Leyfislaus nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt bannaður af Jóni Erlends- a-b syni hreppstjóra, dags. 12.6.1819. (*Merkt 25 a-b*).
- 2(340) Sveitarmenn lýsa óánægju yfir byggingu á Hálfánartungum, þar sem þeir töldu sig hafa fjáls afnot af afréttinni. Úrskurðað er að bygging haldist ekki nema yfirstandandi fardagaár, dags. 3.6.1822. (*Merkt 26 a-c*).
- 2(341) Þann 2.6.1830, birt lögfesta, dags. 7.5.1789, fyrir Silfrastöðum og Fremrikotum.

- (*Merkt 27 a-c*).
- 2(342) Þann 22.5.1837, upplesin lögfesta fyrir Silfrastöðum, dags. 9.5.1789. (*Merkt 28 a-b*).
- 2(343) Þann 28.5.1862, upplesin lögfesta, dags. 27.5.1862, fyrir Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti. (*Merkt 29 a-c*).
- 2(344) Ákveðið að allir sem reki trippi á Silfrúnarstaðaafrétt sýni trippin á Silfrúnarstöðum og greini frá hve mörg þau eru. Einnig samþykkt ákvæði um trippatoll á Silfrúnarstaðaafréttar, dags. 28.5.1862. (*Merkt 30 a-e*).
- 2(345) Samið að Jónas Sigurðsson á Fremrikotum taki að sér fyrir stöðum fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt, dags. 7.6.1864. (*Merkt 31 a-c*).
- 2(346) Þann 2.6.1880, þinglesin áskorun til þeirra er ekki eiga ítök í Silfrastaðaafrétt, að greina frá trippatöllum og greiða toll. (*Merkt 32 a-b*).
- 2(347) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum, dags. 3.6.1885. (*Merkt 33 a-b*).
- 2(348) Þinglesin landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum, dags. 22.5.1890. (*Merkt 34 a-d*).
- 2(349) Þann 1.6.1892, þinglesin yfirlýsing, dags. 10.3.1892, viðvikjandi Silfrastaðaafrétt. Henni var mótmælt af hlutaðeigendum. (*Merkt 35 a-d*).
- 2(350) Þann 25.5.1899: Þinglesið afsalsbréf, dags. 6.11.1898, fyrir Silfrastaðaafrétt. Einnig þinglesin yfirlýsing um bann á kaupum og sölum á Silfrastaðaafrétti er skerði rétt Syðribrekkna og hluta úr Ytribrekkum og Dýrfinnastöðum. (*Merkt 36 a-d*).
- 2(351) Útrentanir á yfirliti úr dómabókagrunni hjá ÞÍ: Þverá í Skíðadal, Hnjótaafrétt, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Nýibær, Framland, Flögusel, Flaga, Möðruvellir í Hörgárdal, Hólar í Hólahreppi, Hólar í Hjaltadal, Silfrastaðaafrétt, Silfrastaðir Akrahreppi, Vellir í Svarfaðardalshreppi, Skíðadalur, Féeggsstaðir, Baugasel, Sörlatunga, Sveinsstaðir, Þverá í Skíðadal, Þorvaldsdalsafrétt, Dragverðartunga, Fornhagi, Bláteigur, Auðbrekka í Skriðuhreppi, Þríhymingur, Brakandi, Hólakot, Stóri Dunhagi, Litli Dunhagi, Spónsgerði, Hallgilsstaðir, Þrastarhóll, Hof, Hvammur, Syðri Reistará, Ytri-Reistará, Kjarni, Stærri-Árskógur, Kúgil, Sæla, Hnjúkur, Klængihóll, Hnjótafjall, Urðir, Kot, Þorsteinsstaðir, Stífluafrétt, Sandá, Göngustaðir, Göngustaðakot, Klaufabrekkur, Þverá, Steindyr, Hreppsendaá, Þrasastaðir og Móafell.
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(177) Lögfesta séra Sigfús Þorlákssonar fyrir Glæsibæ, dags. 28.5.1696. Afrit gert af a-b Bólu-Hjálmari Jónssyni, dags. 10.5.1855, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(178) Lögfesta séra Sigurðar Jónssonar fyrir Glæsibæ, dags. 20.5.1765. Fram kemur m.a. að á meðal ítaka kirkjunnar er afrétt hrossum og öllu geldfé undan Bröttubrekku á Hörgárdal, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b*).
- 2(179) Lögfesta séra Jóns Þorvaldssonar fyrir Glæsibæ, dags. 27.6.1808. Fram kemur m.a. að á meðal ítaka kirkjunnar er afrétt hrossum og öllu geldfé undan Bröttubrekku á Hörgárdal, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(180) Yfirlýsing séra Kristjáns Þorsteinssonar, áður á Glæsibæ, gerð að beiðni núverandi prests um landamerki og ítök staðarins, dags. 28.5.1846, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-c*).
- 2(181) Yfirlýsing séra Jóns Þorvaldssonar gerð að beiðni núverandi prests um landamerki og ítök staðarins en þar er lambauppreksturs á Hörgárdal m.a. getið, dags. 25.9.1846, ásamt uppskrift. (*Merkt 5*).
- 2(182) Visítasía Vallakirkju frá 1630. Þar er m.a. getið um afrétt staðarins, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(183) Nokkur skjöl varðandi Vallakirkju, m.a. óársett visítasía þar sem getið er um eign kirkjunnar á öllum Skíðadal og ódags. lögfesta séra Jóns Egilssonar, presti á Völlum 1622-1658, þar sem m.a. öll Skíðadals afrétt er lögfest, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-d*).
- 2(184) Mat Vallabrauðs, dags. 12.8.1782. Þar er m.a. getið um þær kirkjujarðir sem liggja í eyði, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-c*).
- 2(185) Lögfesta séra Jóns Egilssonar, frá 1645, fyrir Völlum í Svarvaðardal, ásamt upp-

- a-b skrift. (*Merkt 4*).
- 2(186) Lögfesta séra Eyjólfss Jónssonar fyrir Völlum í Svarfaðardal. Skíðadalsafréttar er a-b a. getið, dags. 31.5.1707, ásamt uppskrift. (*Merkt 5*).
- 2(187) Lögfesta séra Eyjólfss Jónssonar fyrir Völlum. Kirkjujarða er m.a. getið, dags. a-b 19.5.1708, ásamt uppskrift. (*Merkt 6*).
Þá er af hálfu íslenska ríkisins krafist, að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur ríkisins að landi innan lýstra merkja ríkisjarða, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda, skv. 5. gr. sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum. Krafa um afnotarétt tekur til Kolbeinsdalsafréttar eins og hann er afmarkaður í kröfugerð ríkisins um þjóðlendu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

3.2 Almennigur norðan Hrauna

3.2.1 Kröfur Arnfríðar Erlendsdóttur o.fl. vegna Mánár

Gerð er sú krafa að auk staðfestingar á beinum eignarrétti eigenda jarðarinnar að öllu landi innan marka landamerkjabréfs jarðarinnar frá 2. október 1885, verði suðurmörk hennar talin liggja sunnar en bréfið greinir og að staðfestur verði beinn eignarréttur að sveitarfélagsmörkum við Skagafjörð. Samkvæmt því er kröfulína dregin svo á uppdrætti: „Upphafspunktur er við ós Mánár (1). Þaðan upp eftir ánni þar til hún skiptir sér við Stapatungu og áfram eftir á þeirri er rennur vestanvert við tunguna fram að dæld (2) er liggur upp undir klettinum Stapa og eftir dældinni í Stapa (3). Frá Stapa bein lína í Illviðrahnjúk (4). Frá honum í norðvestur eftir vatnaskilum í 726 m háan hnjúk á sveitarfélagamörkum (5) og bein lína úr honum í Almenningsnöf (6). Þaðan eftir strandlengjunni í upphafspunkt.“

Til vara er þess krafist að verði hluti þess lands sem krafist er beins eignarréttar að talinn þjóðlenda þá verði Máná talin eiga afréttareign á Almenningi norðan Hrauna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.2.2 Kröfur Guðmundar Viðars Péturssonar og Gáseyrarinnar ehf. vegna Hrauna

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Hrauna innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi frá 21. janúar 1890:

„M.ö.o. er gerð sú krafa að viðurkennt verði að allt landsvæði milli upphafspunkts í kröfulýsingu ríkisins, sem er við ós Hrólfsvallaár (1), þaðan til austurs með Hrólfsvallaá í Illviðrahnjúk (2) og frá honum til norðvesturs um hátind Mánárfjalls og Mánárhrynu til sjávar í svokölluðu Grænaforvaði neðanundir Mánárskriðum (3). Þaðan er fylgt sjávarborði til suðurs við upphafspunkt við ós Hrólfsvallaár, sé háð beinum eignarrétti, og því beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja Hrauna sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigandi Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem er innan neðangreindrar lýsingar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðanna séu eins og merkjum er lýst hér:

Flókadalsafrétt: „Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línan síðan dregin beina stefnu til fjallseggjá á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línan dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.“

Hrolleifsdalsafrétt: „Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m skv. dönsku herforingjaráðskortunum) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.4 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Unadals- og Deildardalsafréttar

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigandi Unadalsafréttar og Deildardalsafréttar, eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem er innan neðangreindrar lýsingar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér: „Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs allt að suðvesturmerkjum Skuggabjarga í Ólandshlíðarfjöllum (2). Frá þeim stað er fylgt suðausturmerkjum Skuggabjarga og síðar Háleggsstaða til norðurs í Deildará (3). Þaðan er Deildará fylgt til

austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (4). Síðan er Brunná fylgt til upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (5). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnbjargarskál (6). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (7). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (8). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka í háfjalli í fyrrum hreppamörkum (9). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Hákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.“

Í kröfunni felst jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan afréttanna sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Kolbeinsdalsafréttar

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að framangreindur eigandi Kolbeinsdals-afréttar hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir landsvæðinu og að viðurkennd verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér á eftir: „Upphafspunktur er við upptök Heljarár í Deildardalsjökli (1). Þaðan er Heljará fylgt til suðurs að þeim stað þar sem Heljargil þrýtur (2). Þaðan er línan dregin yfir Kolbeinsdalsá, beina stefnu í stóran rauðan stein sem stendur austan við Háaleiti (3). Þaðan er línan dregin eftir sömu stefnu upp á há-Elliða (4). Þaðan er línan dregin austur hæstu brúnir þar til komið er á móts við upptök Strangalækjar á Víðinesdal (5). Þaðan er línan dregin beint í upptök Strangalækjar og honum fylgt þar til hann fellur í Víðinesá (6). Þaðan ræður sjónhending yfir svonefndan Fremri-Moshól til háfjalls (7) milli Fremri-Grjótárdals og Hóladals. Þaðan ráða háfjöll merkjum til suðurs og síðan austurs allt að vestanverðum Tungnahrygg sjökli (8). Þaðan er haldið með háfjöllum til suðausturs með sunnanverðum Tungnahrygg sjökli að sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna (9). Þaðan er sýslumörkum fylgt til norðurs sem leið liggur allt að upphafspunkti í Deildardalsjökli við upptök Heljarár.“

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur aðila að landi innan afréttarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.6 Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðaafréttar

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði sem útbúið var þann 31. mars 1890: „[...]Að Silfrastaðaafrejt liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá (1), út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjardalslækr rennur í hana (2). Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal (3). Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fýlsmýrum og Kleifum (4). Þá yfir fjall í Smaladalsbotn (5).

Þaðan yfir fjall í botn Seljadal og Horni (6). Þá yfir í Miðdalsbotn (7) þaðan í Lýsá (Lúpá) á Hörgárdalsheiði, norðan undir við Hörgárdalstungur (9). Ræður svo Lýsá (10) og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal (11). Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar niður af heiðinni (12). Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá (13) [...]“.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.7 Kröfur Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs vegna Krosslands

Gerð er sú krafa að þjóðlendukröfu ríkisins inn á framangreint landsvæði verði hafnað og að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi sem tilheyrir afréttarlandi þessu og að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarlandsins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar og jarðamatinu 1849 um Víðivelli: „Víðivellir, með bygðri hjáleigu Víkarkoti, bóndaeign, 60 hndr. að forngýldu“. Jörðin Víðivellir „á landspart í Silfrastaða afrétt, hálf Krossland á móts við Miklabæ,“ sem á hinn helminginn, sbr. og landamerkjabréf fyrir Víðivelli sem var útbúið þann 28. apríl 1890 og því var þinglýst 22. maí sama ár, sbr. og lýsingu landamerkjabréfi Miklabæjar: „Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá, upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum til norðurs. Að austan ræður liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn einka afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggða-nefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-17 ásamt undirskjölum eða samtals 636 skjöl, auk 17 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (undir yfirnumurum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 1. september 2009, í fylgd með lögmönnum og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Siglufirði eftir Siglufjarðarvegi (nr. 76) að Almennungi norðan Hrauna, þar sem numið var staðar við Ófæruforvað/Grænaforvað, neðan undir Mánárskriðum. Jafnframt var litið til Almenningsnafar og Kóngssætis við sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu. Haldið var áfram eftir sama vegi til suðurs og farið þaðan inn á Ólafsfjarðarveg (nr. 82) og upp á Lágheiði þar sem ágreiningssvæði vegna Lágheiðar og Stífluufréttar var skoðað ásamt kennileitum á kröfulínnum málsaðila. Litið var til Hvarfdals og gils í Hreppsendasúlum (úr fjalli sem talið er liggja í landi Þrasastaða). Farið var að þeim stað þar sem Fjallabyggð telur sýslumörk liggja á Lágheiði og ágreiningssvæðið skoðað. Sama leið var ekin til baka inn á Siglufjarðarveg (nr. 76) og hann ekinn til vesturs framhjá Flókadal. Ekki þótti ástæða til að fara inn Flókadal vegna slæms aðgengis að ágreiningssvæðinu. Ekið var inn á Sléttuhlíðarveg (nr. 786) austur á afleggjarann að Arnarstöðum, þaðan sem sá inn á ágreiningssvæðið í Hrolleifsdal. Farið var til baka inn á áðurnefndan Siglufjarðarveg að Höfðastrandarvegi (nr. 783), sem var ekinn til austurs og horft inn á Unadalsafrétt og Deildardalsafrétt. Ekið var til baka vestur á Siglufjarðarveg og hann ekinn suður að Hólavegi (nr. 767). Var farið eftir honum þar til komið var að malarvegi sem liggur til norðurs inn í Kolbeinsdal. Þaðan var litið til kennileita og Kolbeinsdalsafréttar. Ekin var sama leið til baka inn á Siglufjarðarveg og hann farinn til suðurs inn á Hringveg (nr. 1). Ekið var með Norðurá að Silfrastaðaafrétti og Bakkaseli á Öxnadalsheiði, þar sem litið var til kennileita.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur Viðar Pétursson, Hraunum í Fljótum; Hreinn Júlíusson, einn af eigendum Mánár; Örn Þórarinnsson, Ökrum í Vestur-Fljótum, mættur vegna Flókadalsafréttar; Hjalti Þórðarson, sem starfar við kortagerð á Sauðárkróki, mættur vegna Hrolleifsdalsafréttar og Unadals- og Deildardalsafréttar; Gunnar Guðmundsson, Víðinesí í Hjaltadal, mættur vegna Kolbeinsdalsafréttar og Agnar Halldór Gunnarsson, Miklabæ, mættur vegna Silfrastaðaafréttar.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verða tekin til umfjöllunar eftirtalin landsvæði: Almennigur norðan Hrauna, Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, Unadals- og Deildardalsafréttir, Kolbeinsdals-afrétt (Hólaafrétt), Silfrastaðafrétt og Krossland.⁷⁷²

5.1 Almennigur norðan Hrauna

Í þeirri umfjöllun um Almennigur norðan Hrauna sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum land-svæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.1.1 Landnám

Í *Landnámu* er svo ritað um landnám á því svæði er tekur til Almennings norðan Hrauna:

Brúni enn hvíti hét maðr ágætr, son Háreks Upplendingajarls; hann fór til Íslands að fýsi sinni ok nam land á milli Mjóvadalsár ok Úlfsdala; hann bjó á Brúnastodum. [...] Úlfr víkingr og Ólafr bekrk fóru samskipa til Íslands. Úlfr nam Úlfsdali ok bjó þar.⁷⁷³

5.1.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Sjá má í rekaskrá Hólastóls frá 1374 að Hólar áttu Almennigur norðan Hrauna:

J afrettum oll rekagogn.⁷⁷⁴

Af fjarðaupptalningunni í rekaskránni má sjá að hér er átt við almennigur norðan Hrauna en hann er talinn upp á milli Úlfsdala og Eyvindarár og Hrollaugsdalsár. Sömu upplýsingar koma fram í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 þar sem fjallað er um eignir Hóladómkirkju.⁷⁷⁵

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur m.a. eftirfarandi fram um rekæign Hólastóls:

[...] með ulfdolum oll recagogn. J afrettum oll recagogn. Millum eyvindarár og hrollaugsdalsár allan reka og flutningar.⁷⁷⁶

Í lögfestu sem var lesin upp þann 13. maí 1668 stendur:

Jeg Jon Eiofsson J Løglegu Vmbode Virdulegs Biskupsens Herra Gijsla Thorlakssonar, Lögfesti hier J dag Hoola Domkyrkiu Reka / og land J tilteknum Takmórkum. J fyrstu með Vlfddólum allan Reka, til Jtstu Rekamarka, sem og allt Domkyrkiunnar Land, sem kallad er almenningar, og liggur millum Dalabæiar a Vlfddólum og Hrolffzvallna (j Holtz Kyrkiusogn J Fliotum) með óllum gógunum og

⁷⁷² Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sjá skjal nr. 15. Umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins hefur verið stytta eða felld út.

⁷⁷³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík, 1968, bls. 244.

⁷⁷⁴ Skjöl nr. 2(119) og 2(153).

⁷⁷⁵ Skjal nr. 2(123).

⁷⁷⁶ Skjal nr. 2(123).

Giædum, sem greindu Landi með Riettu filgia Eiga, og filgt hafa að fornu og Niju, með óllum Reka fyrir sama Landi. [...] Somuleidiss fyrerbíjd eg alla Ológlega Beit og Rekstra á greindu Domkyrkiunnar Landi Almenninum, [...] ⁷⁷⁷

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709, í lýsingu á Reykjahóli í Fljótahreppi, er einnig fjallað um Almenninum. Þar segir:

Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum, að [Reykjarhóll] hafi átt lambaupprekstur frí á almenninga millum Úlfsdala og Fljóta og so hafi þá verið brúkaður upprekstur af fleirum bæjum í þessari sveit í þeim sama almenning. ⁷⁷⁸

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 kemur er afréttum í sveitinni lýst við jörðina Sléttu. Sú lýsing sögð eiga við jarðir í Austurfljótum þótt ekki sé fullkomlega ljóst af jarðabókinni við hvaða jarðir sé átt en allflestar jarðir í sveitinni eiga upprekstur á þessa ofangreindu afrétti. ⁷⁷⁹

Einnig er Almenninum lýst sérstaklega í tengslum við Hrólfsvelli í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu frá árinu 1709. Er lýsingin svohljóðandi:

Almenningar heita lönd sem liggja norðurfrá þessarar jarðar landi, á milli Hrólfsvallarár og ófæru forvaða. Þar hefur aldrei bygd verið hverki fyrir nje síðar, en munnmæli segja að þetta hafi verið almennings afrjett þessarar sveitar að norðanverðu, alt að Mjóá, sem rennur úr Holtsdal, en hefur þó eibrúkast fyrir nje síðar so menn víti. En fyrir nokkrum árum hefur hústrú Christín sál. Gísladóttir og nú síðan hústrú Ragneiður Jónsdóttir að Gröf bygt þetta land með brjefi hvör fyrir sig til beitar ábúandanum á Hraunum, en skilur sjer þó ekkert hjer fyrir; hefur og ábúandi á Hraunum ekki brúkað þetta land til muna. ⁷⁸⁰

Í lýsingu á Máná í jarðabókinni segir að jörðin brúki ekki afrétt og að peningur gangi í heimalöndum. ⁷⁸¹

Hið eina sem ritað er um Almennina norðan Hrauna, í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, snertir umfjöllun um vegasamgöngur. Lýsing á þeim hljóðar svo:

Vegir innan um sóknina [Hvanneyrarsóknar] eða úr henni til næstu sveita eru víðast hvar illir yfirferðar, liggja þeir annaðhvort með brötum fjallshlíðum fram eður yfir há snarbrött fjöll. [...] [Vegur liggur] frá Máná inn yfir Mánárskriður inn svonefnda Almennina og að Hraunum, yzta bæ í Fljótum. Er það allangur vegur og ekki greiður. ⁷⁸²

Ekki er fjallað um almenninum norðan Hrauna eða Almenningsnef í fasteigna-mati 1916-1918.

⁷⁷⁷ Skjal nr. 2(158) a-b.

⁷⁷⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, Kaupmannahöfn, 1986, bls. 284 og áfram.

⁷⁷⁹ Sjá nánar umfjöllun um Hraun.

⁷⁸⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 341-342.

⁷⁸¹ Sjá nánar umfjöllun um Máná.

⁷⁸² *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, Akureyri, 1972, bls. 46.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almeningum“ frá 27. september s.á. beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.⁷⁸³

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afréttarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.⁷⁸⁴

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1946, sem helguð er Skagafjarðarsýslu, segir svo um Almenninga [norðan Hrauna]:

Strandlengjan út frá Hraunum heitir Almenningar. Liggur hún öll undir Hraun, sem eiga land nokkuð norður fyrir sýslumótin eða að Grænaforvaða við landamerki Mánár, næsta bæjar við Hraun, en í Eyjafjarðarsýslu. Heita þar Úlfsdalir og töldust til Skagafjarðar fram til ársins 1826.⁷⁸⁵

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1990 segir svo um Almenninga [norðan Hrauna]:

Vestan Úlfsdalafjalla og sunnan Úlfsdala er mikið og grösugt landsvæði, sem kallað er Almenningar. Þeir eru nú taldir eign Hrauna í Fljótum. En samkvæmt nafninu hafa þessi lönd verið afréttur þessara nágrannabyggða, enda ná Úlfsdalalönd allt inn að Almenningsnöf sem er nokkru innar en Dalaskriður.⁷⁸⁶

5.1.3 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Hraun, Hrólfsvelli (Hrolleifsvelli) og Máná. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

5.1.3.1 Hraun

Hraunslanda er getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og skrá um kúgildi og eldi á jörðum Hólastóls frá 1449.⁷⁸⁷ Hraun eru talin upp á meðal jarða Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og í skrá um eignir Hóládómkirkju og Hólastóls sem tekin var saman 25. desember 1550 eftir Jón biskup Arason fráfallinn.⁷⁸⁸ Jörðin Hrólfsvellir var seld

⁷⁸³ Skjal nr. 2(173).

⁷⁸⁴ Skjal nr. 2(190) a-b.

⁷⁸⁵ *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 102.

⁷⁸⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands 1990*, bls. 26.

⁷⁸⁷ Skjöl nr. 2(119) og 2(116).

⁷⁸⁸ Skjöl nr. 2(123) og 2(115).

með bréfi dagsettu 27. apríl 1568. Hrólfsvellir voru seldir með öllu fornu og nýju sem fylgja átti með samkvæmt skráum Hólastaðar, sem var:

[...] wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland. sem hun aa med laugum. og Smidiubrecku. kaüllud er. og Hölakirckia var fremst eigande ad ordinn.⁷⁸⁹

Hraun er að finna í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.⁷⁹⁰

Jörðin Hraun í Fljótahreppi var 40 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709, þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu var samin. Hjáleigan Hrúthús (Skúthús) var á jörðinni, auk eyðihjáleigunnar Stritu og tómhússins Hraunabúðar.⁷⁹¹

Um afrétt vísast til þess er segir við jörðina Reykjahól, sem átti upprekstur á Flókadalsafrétt.

Hraun í Fljótum, ásamt eyðijörðinni Hrólfsvöllum, er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að Hraun hafi verið seld á 895 ríkisdali en Hrólfsvellir „o.fl. í eyði“ á 115 ríkisdali.⁷⁹²

Í jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hraun í Fljótum, ásamt Hrúthúsum, séu metin 60 hundruð að dýrleika. Í neðanmálgrein við Hraun segir:

[Árið] 1802 og hjá hreppstjóra eru Hrúthús sér talin 10 h. úr heimajörðunni. A. M[.] telur hér að auki með Hraunum eyðihjáleigu, Stritu (60 al. lsk. 2 kúg.), og svo 2 fiskibúðir, en 1802 eru með Hraunum og Hrúthúsum enn fremur taldir Hrólfsvellir (A.M. 10 h. að dýrleika, 60 al. lsk. 3 kúg.) sem eyðijörð stólsins, og svo nefndur almenningur; en eyðijörðin Hrólfsvellir, ásamt Þúfnavöllum og almenningi, var þó seld sér á parti. Jarðabækurnar telja enn fremur í Holts hreppi jarðir þær 3, sem fyrst eru taldar í Eyjafjarðar sýslu, en sem á tímum A.M. heyrðu til Skagafjarðar sýslu.⁷⁹³

Afrétta Hrauna er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804. Hins vegar er þess getið að jörðinni tilheyri tvær hjáleigur. Annars vegar eyðihjáleigan Hrólfsvellir (sjá Hrólfsvelli) sem og hjáleigan Hrúthús.⁷⁹⁴ Um Hrólfsvelli segir eftirfarandi:

Under denne Gaard og næstfølgende Hialeje indbefattes Öde Hialejen Hrolfsveller og nu saa kaldet almindelig.⁷⁹⁵

Á manntalsþingi að Stóraholti í Holtshreppi, 13. maí 1840, var upplesið kaup-bréf, dags. 14. apríl 1840, frá Bjarna Þorleifssyni á Geirmundarstöðum til Guðmundar Einarssonar á Hraunum, upp á Hraun í Holtshreppi. Hraun sögð vera 60 hundruð að dýrleika. Hraun selt fyrir 3000 ríkisdali.⁷⁹⁶

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá árinu 1841, segir svo um útigang Hrauns í Almenningum:

⁷⁸⁹ Skjal nr. 2(113).

⁷⁹⁰ Skjöl nr. 2(134) og 2(114).

⁷⁹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 339-341.

⁷⁹² Skjal nr. 4(215).

⁷⁹³ Skjal nr. 2(215).

⁷⁹⁴ Skjal nr. 2(80).

⁷⁹⁵ Skjal nr. 2(80).

⁷⁹⁶ Skjal nr. 2(255). Hraun. Skag. V. 18. (db.gr.nr. 39121).

2. Hraun, 40-60 hndr., neðan undir Hraunamúla, hefur landrými mikið og góðan útigang í svonefndum Almennungum út með sjónum, hvar eyðijörð er, sem byggð var til forna, og fjöru, einnig gott land, enga torfristu, og skógurinn er fallinn.⁷⁹⁷

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Hraun hafi byggða hjáleigu Hrúts húsa ásamt Hrólfsvöllum og fl. Hrísrif er ekki teljandi.⁷⁹⁸

Landamerkjabréf fyrir Hraun var útbúið 24. mars 1885 og þinglesið 1. júlí 1887. Það er svohljóðandi:

Að utan ræður svokallaður Grani forvaði við sjó undan Dalaskriðum. Þaðan bein stefna á Dalaleiðarbrún og ráða fjallseggjar, þaðan fram að landamerkjum Lambanesreykja. Að sunnan ræður svokallaður syðra-Búðartungugil frá Miklavatni og frá því merkjagarður, uppað svokölluðum Þvergarði, þá bein stefna eptir garðinum yfir Þvergarðsengi til fjalls. – Að vestan ræður Hraunaás er rennur úr Miklavatni í sjóinn fast vestur við Haganessland (svo kallaða Haganessborg). Stakkgarðshólmi í Miklavatni tilheyrir jörðinni, sömuleiðis svokallaðir Almennungar með eyðibýlunu Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum, og ítakalaust rekaland frá Hraunaás að Grænaforvaða.⁷⁹⁹

E.B. Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Pálma Jóhannssyni sem staðfesti rétt landamerki gagnvart Máná, Sveini Sveinssyni eiganda Neðra-Haganess og Rögnvaldi Rögnvaldssyni sem staðfesti rétt landamerki gagnvart Lambanesreykjum.

Á manntalsþingi að Stóraholti í Holtshreppi, 1. júlí 1887, var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Hrauni með hjáleigunni Hrúts húsum. Engin mótmæli komu fram.⁸⁰⁰

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að engjar Hrauns liggi í fjallshlíð og að beiti-land jarðarinnar sé afar víðlent. Einnig stendur að jörðin eigi rétt til upprekstrar í Stífluafrétt en noti sitt eigið upprekstrarland, Almennunga. Fram kemur líka að landamerki jarðarinnar séu þinglesin.⁸⁰¹

Í fasteignamati 1916-1918 kemur fram að landamerki Mánár séu ekki talin ágreiningslaus til móts við Hraun í Fljótum.⁸⁰²

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958*, frá árinu 1959, segir svo um upprekstur Hrauna á Almennunga:

Flestar jarðir í Holtshreppi eiga upprekstur á Stífluafrétt. Þó eiga jarðirnar frá Nýrækt að Saurbæ (báðar meðtaldar) upprekstur á Holtsdal hjá Stóra-Holti og svo Hraun, sem á upprekstur á Almennunga, út frá Hraunum. Aðal skilarétt hreppsins er Stíflurétt.⁸⁰³

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958*, frá árinu 1959, segir svo um Hraun og Hrólfsvelli:

⁷⁹⁷ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1871*, Akureyri, 1950-1954, bls. 169.

⁷⁹⁸ Skjal nr. 2(85).

⁷⁹⁹ Skjal nr. 2(1) a-b.

⁸⁰⁰ Skjal nr. 2(255). Hraun. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 43837).

⁸⁰¹ Skjal nr. 2(90).

⁸⁰² Skjal nr. 2(90).

⁸⁰³ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958*, [án útg.st.], 1949-1959, bls. 115.

Á Almenningum sem liggja með sjó norðan frá Hraunum er fornt eyðibýli, Hrólfsvellir, sem áður var lögbýli og búið þar fram á 18. öld, en er nú fyrir löngu komið í auðn [...] Land þessarar jarðar var lagt undir Hraun ásamt öllum Almenningum og á Hraun nú allt land norður að sýslumörkum [...] Hraun voru eign biskupstólsins á Hólum en seld árið 1802 með Hrúthúsum [...] og Hrólfsvellir að líkindum með Almenningunum [...] Kaupandinn mun hafa verið Bjarni Þorleifsson bóndi á Hraunum. Bjarni seldi Hraun með Hrólfsvöllum og Almenningum árið 1840 þeim feðgum.⁸⁰⁴

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1990 segir svo um landeign Hrauna í Fljótum út fyrir sýslumörk Skagafjarðarsýslu og inn í Eyjafjarðarsýslu:

Litlu innar við Dalaskriður er Almenningsnöf en þar eru sýslumörkin á milli Siglufjarðar og Skagafjarðarsýslu. Hins vegar eiga Hraun í Fljótum land út fyrir sýslumörkin eða út á svonefndan Græna-Forvaða undir miðjum Dalaskriðum.⁸⁰⁵

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Hraunum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

5.1.3.2 Hrólfsvellir (Hrolleifsvellir)

Hrólfsvellir eru taldir upp á meðal jarðeigna Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls, frá 25. desember 1550, eftir Jón biskup Arason frá fallinn.⁸⁰⁶ Ólafur biskup Hjaltason seldi Tómasi Brandssyni Hrólfsvelli í Fljótum í staðinn fyrir hálfu Bárðartjörn í Höfðahverfi, með bréfi frá 27. apríl 1568. Í jarðaskiptabréfinu segir:

[...] herra Oláfur selde greindum Thümaase Bönda dömkiurkiunnar jord. Hrolfsvelle j Fliotum j Hollts kirckiusöckn. vndan sier oc domkiurkiunnar formonnum. enn vnder greindan Thümas bönda Brandsson. hans künnü. og þeirra erfingia fyrir xij c. oc þar til iij c sem þeim vm semde. med aüllum þeim gaügnum og giædum er greindre jordu aa ad fylgia med laügum. ad fornü og nyiu. og Holastadar Registrum inne helldur. wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland. sem hun aa med laugum. og Smidiubrecku. kaüllud er. oc Hölakirckia var fremst eigande ad ordinn.⁸⁰⁷

Guðbrandur biskup Þorláksson vildi meina að Ólafur biskup Hjaltason hafi selt eða gefið Bárðartjörn undan Hólastól og því hefði hann ekki tekið Hrólfsvelli undir dómkirkjuna, samkvæmt athugasemd hans, frá 1589, aftan við ofangreint bréf.

Í *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* er að finna minnisgreini um jarðir og fleira frá árinu 1570. Þar kemur fram eftirfarandi um sölu á Hrólfsvelli:

⁸⁰⁴ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958*, bls. 119.

⁸⁰⁵ *Fjallendi Eyjafjarðar að vestanverðu. Frá Almenningsnöf að Öxnadalshéði, Árbók Ferðafélags Íslands 1990*, bls. 36-37.

⁸⁰⁶ Skjöl nr. 2(123) og 2(115).

⁸⁰⁷ Skjal nr. 2(152).

Jtem Tumas Branssyni sellt Hrolfstade [ritvilla fyrir Hrólfsvelli sbr. registur bls. 681] fyrir halfa Bardartiorn j Grytebacka kirkiu(sokn). kirkiunne til litils hagnadar bæde þessi umskipte.⁸⁰⁸

Í *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* er að finna dóm frá 30. apríl 1590 þar sem salan á Hrólfsvöllum frá árinu 1570 gengur til baka. Fram kemur að Hrólfsvellir hafi verið seldir undan dómkirkjunni en hvorki greiðsla né hafi jörð komið í staðin. Salan á Hrólfsvöllum var því dæmd ógild og gekk hún til baka. Segir m.a. svo í dómnum:

Og med þui ad þetta [kaup]bref var giort i mote logum og kongs brefi og suo kirkjunne til skada. ad hun hefur eckirt i stadinn fengit. þa dæmdum vier med fullu doms adkuæde domkirkjunne sijna jord aptur Hrolfsvelle ad næstum fardogum enn Gudrunu Þorsteinsdottur dæmdum vier sijna jord halfa Bardartiorn aptur til eignar ad næstum fardogum huor half jord komit hafde fyrir halfa Hrolfsvelle [...]⁸⁰⁹

Jörðin Hrolleifsvellir eða Hrólfsvellir hafði verið í eyði í tvö ár þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* yfir Skagafjarðarsýslu var tekin saman árið 1709, og var jörðin í eigu Hólastóls. Um afréttanot segir „afrjettur ut supra“.⁸¹⁰ Um afréttina gildir því að líkindum það sem segir um afrétti við jörðina Hraun.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* yfir Skagafjarðarsýslu frá 1709 er Almenningi lýst sérstaklega í tengslum við Hrólfsvelli.⁸¹¹

Á manntalsþingi að Holti í Fljótum, 30. maí 1742, spurði sýslumaðurinn, hvort í þingsókninni væri nokkrar eyðijarðir sem Hólastóli tilheyrðu og svöruðu þingmenn þar til sameiginlega, að þeir ei vissu um aðrar en Hrólfsvelli og Foss, sem langa ævi hafa í eyði staðið.⁸¹²

Á manntalsþingi að Holti í Fljótum, 3. september 1771, framlagði Jón Konráðsson lögfestu fyrir jörðum biskupsstólsins, Þúfum og Hrólfsvöllum. Lögfestan var upplesin og uppáskrifuð fyrir réttinum. Lögfestan dagsett 3. september 1771 og var henni ekki mótmælt.⁸¹³

Í jarðamati 1804 er Hrólfsvalla einungis getið sem hjáleigu við Hraun, sem fallin er í eyði.⁸¹⁴ Sjá nánar við jörðina Hraun.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá árinu 1841, segir svo um Hrólfsvelli:

38. Eyðijarðir. Hrólfsvellir fyrir utan Hraun og Foss fyrir sunnan og neðan Skeið. Óljóst er hvenær hver þessara jarða, og af hvaða orsökum hafa lagzt í eyði. Þar að [auki] liggja margar hjáleigur í eyði.⁸¹⁵

Minnst er á Hrólfsvelli í kaflanum um Hraun í jarðamatinu 1849. Þar segir:

⁸⁰⁸ Skjal nr. 2(191).

⁸⁰⁹ Skjal nr. 2(191).

⁸¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* IX, bls. 341.

⁸¹¹ Sjá nánar umfjöllun um Hrólfsvelli.

⁸¹² Skjal nr. 2(255). Hrólfsvellir. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29223).

⁸¹³ Skjal nr. 2(255). Hrólfsvellir. Skag. V. 08. (db.gr.nr. 29654).

⁸¹⁴ Skjal nr. 2(80).

⁸¹⁵ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1871*, bls. 174-75.

Hraun með bygdri hjáleigu Hrúthúsum samt Hrólfsvöllum
og fl. í eydi, samgyldir 42 [hundruðum].⁸¹⁶

Landamerkjabréf fyrir Hrólfsvelli/Hrolleifsvelli hefur ekki fundist.
Hrólfsvalla er ekki getið í fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

5.1.3.3 Máná

Máná var eyðijörð án húsa áður en að Jón biskup Arason lét byggja hana úr eyði. Þetta kemur fram í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup frá fallinn sem var tekin saman 25. desember 1550.⁸¹⁷ Jörðina er einnig að finna í reikningum stólsins frá 1569-1570 en er þar kölluð Mænin.⁸¹⁸

Jörðin Máná stendur í Úlfdalamynnum. Hún er sögð vera 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709 en Máná tilheyrði Skagafjarðarsýslu á þeim tíma. Síðar tilheyrði jörðin Eyjafirði. Um upprekstur þessarar jarðar segir svo í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709:

Afrjett brúkast hjer engin, og gengur peningur í heimalöndum.⁸¹⁹

Máná, er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að Máná hafi verið seld á 96 ríkisdali.⁸²⁰

Afrétta í tengslum við jörðina Máná er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.⁸²¹

Á manntalsþingi að Hvanneyri í Siglufirði, 4. september 1829, var þingsvitni tekið áhrærandi Úlfsdalafriheit frá kóngstíund. Almennt vitnað að jarðirnar Dalabær og Máná, hefðu áður verið Hólastólsjarðir.⁸²²

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Hvanneyrarprestakalls, segir svo um jörðina Máná:

Þar á móts við [Dalabæ], hinum megin eða að vestan við á þá litlu, er út eftir dalnum rennur, stendur enn bær, er *Máná* heitir, lítil en þó allgöð jörð. Er hún á sóknarendanum þeim megin eða að vestan. Á Úlfsdölum er mótak nóg og reki mikill.⁸²³

Ekki þykir ástæða til að vísa í kaflann um Máná í Hvanneyrarhreppi í jarðamatinu 1849 því ekkert kemur þar fram sem hér skiptir máli.

Landamerkjabréf fyrir Máná var útbúið 2. október 1885. Er það svohljóðandi:

Að utan móts við Dalabæ ræður svokölluð Máná frá sjó og þar til hún skiptir sjer við svokallaða Stapatungu. Þaðan ræður merkjum á sú er rennur vestanvert við tunguna fram að dæld þeirri er liggur uppundir klett þann, er Stapi heitir og liggur norðaní fjalli

⁸¹⁶ Skjal nr. 2(85).

⁸¹⁷ Skjal nr. 2(115).

⁸¹⁸ Skjöl nr. 2(114) og 2(134).

⁸¹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 342.

⁸²⁰ Skjal nr. 2(215).

⁸²¹ Skjal nr. 2(80).

⁸²² Skjal nr. 2(255). Máná. Eyj. IV. B.17. (db.gr.nr. 12073).

⁸²³ *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 45.

því, er „Illviðrahnjúkur” er kallað; ræður síðan dældin merkjum í Klettinn (Stapa); þaðan bein lína uppá Illviðurshnjúk.

Að sunnan móts við Hraun ræður merkjum svokallaður „Græniforvaði“, er gengur í sjó fram neðan undir Mánárskriðum, úr honum bein stefna uppá svokallaða Mánárhynu Dalaleðarbrún; þaðan ráða fjallseggjar fram á Illviðurshnjúk.⁸²⁴

Björn Þorvaldsson og Sigríður Guðmundsdóttir eigendur Mánar skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Önnu Bjarnadóttur er vottaði rétt landamerki gagnvart Dalbæ og E.B. Guðmundssyni vottaði rétt landamerki gagnvart Hraunum.

Á manntalsþingi á Siglufirði, 17. júlí 1886, var landamerkjalyting Mánar upplestin og var henni ekki mótmælt.⁸²⁵

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Mánar séu þinglesin, dagsett 2. október 1885. Um landamerki Mánar og Hrauna kemur eftirfarandi fram:

Pau [landamerkin] eru ekki talin ágreiningslaus móts við Hraun í Fljótum.⁸²⁶

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, sem gefið var út árið 1993, kemur fram að jörðin Máná hafi farið í eyði árið 1949 en „eigendur jarðarinnar búa á Siglufirði og hafa nytjað túnin fram undir það síðasta“.⁸²⁷ Við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd í máli þessu kom einnig fram að land jarðarinnar væri að einhverju leyti nytjað undir búskap.

5.2 Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.2.1 Landnám

Um landnám í Flókadal segir *Landnáma* svo:

Flóki son Vilgerðar Horða-Káradóttur fór til Íslands ok nam Flókadal milli Flókadalsár ok Reykjjarhóls; hann bjó á Mói.⁸²⁸

Ennfremur hermir svo um landnám í Flókadal í sömu heimild:

Nafar-Helgi nam land fyrir austan upp frá Haganesi til Flókadalsár fyrir neðan Barð ok upp til Tunguár ok bjó á Grindli.⁸²⁹

Um landnám í Hrolleifsdal segir *Landnáma* svo:

⁸²⁴ Skjal nr. 2(2) a-b.

⁸²⁵ Skjal nr. 2(255). Máná. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1250).

⁸²⁶ Skjal nr. 2(90).

⁸²⁷ *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, Akureyri, 1993, bls. 54.

⁸²⁸ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 242-243.

⁸²⁹ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 243.

Hrolleifr enn mikli ok Ljót móðir hans kómu út í Borgarfjörð; þau fóru norðr um sveitir ok fengu hvergi ráðstafa, áðr þau kómu í Skagafjörð til Sæmundar. Hrolleifr var son Arnalds, bróður Sæmundar; því vísaði hann þeim norðr á Höfðastrond til Þórðar, en hann fékk honum land í Hrolleifsdal; bjó hann þar.⁸³⁰

5.2.2 Flókadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel (á Lágheiði), sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði sér til varnar fram bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að:

[...] steinaveller og krakaveller voro selldar itavlavlavsar med avllum dal firir avstan fram [Seljáárdal] sem fyr greint sel stod j.⁸³¹

Jón biskup Arason og Brynjólfur Jónsson áttu með sér jarðakaup sem fram fóru 24. ágúst 1540 en voru ekki bréfuð fyrr enn 12. febrúar 1542. Brynjólfur fékk Jóni biskupi tvær jarðir í Svarfaðardal en fékk í staðinn Ystamó og Syðstamó í Fljótum:

[...] ad til skilldre selför fram aa flokadalnum j jllugastada land þar sem at fornu hefer werit.⁸³²

Kaupbréfið hefur ekki varðveist í frumriti heldur í tveimur afskriftum gerðum fyrir Árna Magnússon handritasafnara í upphafi 18. aldar og þar af er önnur afskriftin gerð eftir frumriti. Árni getur í athugasemd við afskriftina að „floka“ hafi verið bætt við ofan línu með annarri hendi en þó gamalli og að því er virðist með sama bleki. Hins vegar sé „j jllugastada land“ skrifað með ungri hendi og öðru bleki úti á spássíu.⁸³³ Illugastaðir í Flókadal voru í eigu Hóladómkirkju og –stóls samkvæmt skrá um eignir sem gerð var eftir Jón biskup Arason fráfallinn 25. desember 1550.⁸³⁴

Fram kemur í máldaga Barðs frá því eftir 1590 að selför sé höfð fram á dal.⁸³⁵ Einnig er talað um selstöðu kirkjunnar í vísitasíu hennar frá 31. ágúst 1667 og sagt að hún sé í Flókadalsafrétt.⁸³⁶

Í vísitasíu Barðs sem er líkast til frá því 1686 stendur:

Sómuleidis a kirkiann Selstödu i flokadals afriett J frá Hellugile ad nordann og framm i kverkhola ä Sem almennelega kallast Bardseitur, og þetta effter tilsógn Prestsins Sr Sveins Jönssonar [...] Jtem Enn þa Selstödu i Klaufa brecknadal þar Sem heitir bläkäpu reitur [á Lágheiði] og þetta effter gamallra manna Vitnisburdum [...]⁸³⁷

Um selför segir í vísitasíu Barðskirkju frá 17. maí 1693:

⁸³⁰ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 220.

⁸³¹ Skjal nr. 2(141).

⁸³² Skjal nr. 2(140).

⁸³³ Skjal nr. 2(140).

⁸³⁴ Skjal nr. 2(115).

⁸³⁵ Skjal nr. 2(95) a-b.

⁸³⁶ Skjal nr. 2(96) a-b.

⁸³⁷ Skjal nr. 2(97) a-b.

Selfór er þar hófd framm ädal enn ei Stendur hun i Mäldaga bökum, og ecki fyrer Bard [...].⁸³⁸

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot Reykjahóls:

Afrjett fyrir lömb brúkar þessi jörð [Reykjahóll] í Flókadalsafrjett, sem að kallast Seljárdalur, í manna minni, átölulaust og tollfrí. Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum, að þessi jörð hafi átt lamba upprekstur frí á almenninga millum Úlfsdala og Fljóta og so hafi þá verið brúkaður upprekstur af fleirum bæjum í þessari sveit í þann sama almenning.⁸³⁹

Allar jarðir í Vesturfljótum virðast hafa haft afrétt fyrir lömb í Seljárdal. Þær eru taldar upp í framhaldi af Reykjahól í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* og njóta þeirra réttinda sem getið er um við Reykjahól. Þessar jarðir eru eftirtaldar: Bakki (afrétt ut supra), Laugaland (afrétt ut supra), Móskógar (afrétt ut supra), Ystimór (afrétt ut supra), Miðmór (afrétt ut supra), Syðstimór (afrétt ut supra), Steinhóll (afrétt ut supra), Borgargerði (afrétt ut supra), Hóll (afrétt ut supra), Sigríðarstaðir og Sigríðarstaðakot (afrétt ut supra), Nes og Neskot (afrétt sem áður segir), Illugastaðir (afrétt ut supra), Krakavellir (afrétt ut supra), Steinavellir (afrétt ut supra), Helgustaðir (afrétt ut supra), Hóll (Austurhóll) (afrétt ut supra), Reykir og hjáleigur (afrétt ut supra), Teigar (afrétt ut supra), Barð (afrétt ut supra), Neðra Haganes (afrétt ut supra), Efra Haganes (afrétt ut supra), Minni Grillir (afrétt ut supra) og Hamar (afrétt ut supra).⁸⁴⁰

Nokkrar jarðir í Fljótahreppi eiga selstöðu í Flókadal samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Verða þær nú taldar upp. Fyrst er að nefna Sjöundastaði og Steinhól. Um selstöðu þeirra segir jarðabókin:

Selstöðu á jörðin [Sjöundastaðir og Steinhóll] með tilliggjandi löndum fram frá Flókadal, sem er hálfur Nyrðriárdalur austan fram og hálfur Sigríðarstaðadalur vestan fram. Þessa selstöðu hefur jörðin áður brúkað langvarandi átölulaust, nú ekki um nokkur ár fyrir efnaleysi ábúanda [Steinhóls].⁸⁴¹

Um selstöðu Ystamós árið 1709 hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin [Ystimór] með tilliggjandi landi allan Nyrðriárdal vestan fram, og hefur hún haft og haldið þetta land átölulaust um langan aldur.⁸⁴²

Um selstöðu Reykja árið 1709 hermir jarðabókin eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin í Flókadalsafrjett, þar sem heitir Reykjareitur, hefur áður brúkast, nú ekki í nokkur ár.⁸⁴³

⁸³⁸ Skjal nr. 2(98) a-b.

⁸³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 284.

⁸⁴⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 284-310.

⁸⁴¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 291-292.

⁸⁴² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 288-289.

⁸⁴³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 299-301.

Þá segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi um selstöðu Barðs⁸⁴⁴ árið 1709 eftirfarandi:

Selför hefur staðurinn brúkað frí í Flókadalsafriett í Barðshlíð átölulaust.⁸⁴⁵

Í jarðabókinni segir að Stóru-Reykir eigi selstöðu í Flókadalsafrétt:

Selstöðu á jörðin í Flókadalsafriett, þar sem heitir Reykjareitur, hefur áður brúkast, nú ekki í nokkur ár.⁸⁴⁶

Minnst er á selstöðu kirkjunnar í vísitasíu Barðs frá 6. maí [1714]:

Sómuleidis a kirkjann Selstöðu, i Flokadals afriett, i frá Hellugile ad nordann og framm i Kverkhola ä Sem almennelega kallast Bardseitur, og þetta effter Visitatiubok Sal. Magister Jons Wigfussonar [...] Jtem Enn þä Selstöðu i Klaufabrecknadal, þar sem Heitir Blákäpureitur; og þetta effter gamallra Manna Vitnisburdum [...]⁸⁴⁷

Um selstöðu Barðs á Flókadalsafrétt segir svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1841:

Sel. Barð á Selstöðu í Flókadalsafrétt í svonefndri Barðshlíð, sem ekki er og ekki hefur verið notuð í manna minnum, og enginn veit hvað lengi áður.⁸⁴⁸

Fram kemur í vísitasíu Barðs frá 27. ágúst 1781 að kirkjan eigi selstöðu og reit í Flókadalsafrétt og Blákápureit á Láguheiði.⁸⁴⁹

Í brauðalýsingu séra Guðmundar Sigurðssonar á Barði, frá 25. júlí 1782, er greint frá reit í Flókadalsafrétt og með fylgir óársett lögfasta kirkjunnar:

Þessa Prestakalls Dyrleika veit Eg af Eingu slúttast kunna ódru, enn árlega Heimtudum og útlógdum Tugthüss Tolle, 16 þ. ad það skule vera 40 Hundrud. Hafande: Tün 25 Daga slätt; Eingiatak nög ad vijdäutu, enn lakara ad giædum: Dal Eirn lýtinn til Fiallhaga og Büsmala beitar ä Sumur; AfRettar Reite Tvo er sagt Prestakalled Eige og Selstödur, annann i Flökadal afRett enn Annann ä Läguheide, sem bæde eru og hafa vered halldner þess Eign, þött þvj sieu til næsta þvj Eingra Nota Annara, enn Frij Gielffär og lamba JReksturs og gaungu ä Sumrum. [...] Smä Hölm miög so lijtenn i Hölms Vatne; samt Silungs Veide i þvj, og lijka i [strikað yfir, Miklavatne] FlökaDals Vatne;

[...]

Selstöðurnar kunna nu ecke ad benýttast, saker längt ä Sumur framm oftast nær äliggiande Sniöfanna, og þess vegna seins grödurs, Eru og lijka Erfidar og Fiaerlägt liggjande.

[...]

⁸⁴⁴ Sjá nánar um selstöðu Barðs í kaflanum um Barð.

⁸⁴⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 301-303.

⁸⁴⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 299.

⁸⁴⁷ Skjal nr. 2(99).

⁸⁴⁸ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 173.

⁸⁴⁹ Skjal nr. 2(100) a-b.

Jeg N.N. Prestur til Bards og Hollts Kyrkna Safnada i Flíootum, Lógfeste hier i Dag fyrer manntalsþjings Rettenum ad Hollte, mitt af hanns Kongl: Majestæt mier Allra Nádugast veitt Beneficium, Bardsstad i Flíötum, með öllum þeim gögnum og giædum, Hlutum og Hlunnendum, sem greindu Beneficio filgia, filgia eiga og filgt hafa ad Fornu og Niju, effter Confirmerudum kyrkiunnar Mäldógum, og nü umm næstlidenn mejr enn 100 ár giórdum 8 Lógfestum. [...] Jtem Selstödur þessa Beneficii, Bards kyrkiu Reit J Flókadals afRett, og BlaakäpuReit ä Läguheide, til Jtstu landamerkia [...] ⁸⁵⁰

Í vísitasíu Barðskirkju frá 12. ágúst 1826 segir um selstöður:

Sömuleidis á kirkian selstöðu í Flókadals Afrétt, í frá Hellugili ad nordan og framm í Qverkhólaá, sem almennil: kallast Bardsreitur [...]Selstöðu i Klaufabrecknadal, þar sem heitir Blákäpureitur [...] ⁸⁵¹

Í sýslu- og sóknarlýsingu Barðsprestakalls sem dagsett er 2. febrúar 1841 segir eftirfarandi um afréttarland í Flókadal:

Afréttir. Afréttarland (almennigur) er fram af Flokadalnum; þangað er rekið geldfé úr allri Barðsókn og það fé réttað í svonefndri Flókadalsafrétt fyrir sunnan Illugastaðakot. ⁸⁵²

Í jarðamatinu 1849 stendur um Barð:

Barð, beneficium, með bygðum hjáleigum Kallstöðum, Fyrirbarði, Lánghúsum, Dælir og Ökrum, óákvedid til hundraðatals. [...] Jörðin á selstöðu í Flókadals afrétt og aðra á Lágheiði, sem ej verða notaðar vegna fjarlægðar. Torfrista er mjög lítil en mótak og hrisrif til heimilisparfa. ⁸⁵³

Ekki er fjallað um Flókadalsafrétt í fasteignamatinu 1916-1918.

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli. ⁸⁵⁴

Í svari sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 29. nóvember 1985, við fyrirspurn Dómsmálaráðuneytisins frá 1. nóvember sama ár um afréttarskrá sýslunnar, var hjálögð skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki í sýslunni. Í þeirri skrá kemur eftirfarandi fram um Flókadalsafrétt:

Flókadalsafrétt er eign Haganeshrepps. Inn úr Flókadal liggja þessir dalir er mynda Flókadalsafrétt: Seljaárdalur, Sigríðarstaðadalur og Nyrðriárdalur vestast. Allir bæir í

⁸⁵⁰ Skjal nr. 2(161) a-b.

⁸⁵¹ Skjal nr. 2(101) a-b.

⁸⁵² *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 173, 177.

⁸⁵³ Skjal nr. 2(86).

⁸⁵⁴ Skjal nr. 2(190) a-b.

Haganeshreppi eiga rétt til uppreksturs á Flókadalsafrétt. Auk þess á Barðstorfan upprekstur á Brunnárdal [...]

Laust efti 1950 voru landspildur úr tveimur jörðum lagðar við Flókadalsafrétt [...] spildu úr úr landi jarðarinnar Krakavalla til Haganeshrepps, sem þá bætist við afréttina. Í afsalinu segir: landspilda þessari fylgir girðing sú, sem nú er á þessum merkjum, sem tiltekin eru. [...] landspildu ú landi jarðarinnar Illugastaða, er þá lagðist við Flókadalsafrétt. Landspilda þessi er sunnan Reitslækjar og neðan, um Reitsskál norðanverða og þaðan til Eggjar. [...] Afréttargirðing liggur nú nálægt merkjum beggja megin árinna.⁸⁵⁵

Hér skal þess getið að Haganeshreppur varð til er Fljótahreppi var skipt í Haganeshrepp og Holtshrepp í lok 19. aldar. Þeir sameinuðust aftur undir heitinu Fljótahreppur árið 1988. Loks sameinaðist Fljótahreppur fleiri sveitarfélögum undir heitinu Sveitarfélagið Skagafjörður árið 1998.

Flókadalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum í Vestur-Fljótum að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.2.3 Hrolleifsdalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar er að finna opið bréf frá 1. maí 1587. Þar kemur fram að Pétur Þorsteinsson seldi Guðbrandi biskupi Bjarnargil í Fljótum og Stafshól á Höfðaströnd, með öllu því sem þær jarðir áttu. Á móti gaf Guðbrandur biskup Pétri og sonum hans jarðirnar Hraun í Sléttuhlíð og Skálá með öllum þeim gögnum og gæðum sem þær áttu. Fram kemur að Skálá eigi afrétt í Hrolleifsdal. Segir m.a. svo í bréfinu:

Hraun j Sliettahlíð og Skaaláá með öllum þeim gögnum og giæðum sem greindar jarðir eiga með rettu og eptir þui sem gomul Bref hlioda. sem er ad Skaaláá áá Reka fráá forna ose. og til Raufarbergs. og i odrum stad. fráá Skarfasteine til Hladbergs. fiordung j huoru tueggia stad. bæde huals og vidar. og allt það sem rekamadur áá ad hafá ad logum. Afrett j Hrolleifsdal öllum gielldfienade.⁸⁵⁶

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 segir allar jarðir í Sléttuhlíðarhreppi (Fellshreppi) eiga beitarafrétt á Hrolleifsdal fyrir lömb „långavaranlega öldungis tollfrí“.⁸⁵⁷ Jarðabókin segir að landið tilheyri Hólastóli. Hólastóll átti allar jarðir í hreppnum nema Fell, Skáláá og ½ Hraun (hjáleigur ekki meðtaldar) samkvæmt sömu heimild.⁸⁵⁸

Hraun höfðu verið í eyði í 13 ár þegar jarðabókin yfir Skagafjarðarsýslu var tekin saman árið 1709. Við Hraun segir um selstöðu í sömu heimild:

⁸⁵⁵ Skjal nr. 4(251).

⁸⁵⁶ Skjal nr. 2(198).

⁸⁵⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 267.

⁸⁵⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 266-283.

Munnmæli eru að jörðin eigi selstöðu fram á Skálárdal norðanfram, og sjest þar til seltóftaleifa, en ekki vita menn hvört þessi selstaða hefur brúkast í skyldu nafni eður fyrir toll.⁸⁵⁹

Í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 segir svo um selstöðu Tjarnar-kots (Tjarnargerði) hjáleigu Tjarna:

Landþröng er mikil, og þarf ábúandi að þiggja hagabeit af nágrönnum sínum mót óákveðinni greiðasemi, og fyrir þann skuld hefur selstaða verið áður tilfengin á Hrolleifsdal í stólsins landi, og galst hjer þó ekkert fyrir. Þó meina menn að þetta sje ekki skylduselstaða en vita það þó ekki.⁸⁶⁰

Í sýslu- og sóknarlýsingu Fells- og Höfðasókna sem dagsett er 5. febrúar 1868, segir að grasatekja sé nokkur á Hrolleifsdalsafrétt en því bætt við að hún gangi til þurrðar.⁸⁶¹ Í sömu heimild segir um afrétti:

Afréttir. Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur. Fellssóknarmenn hafa afrétt fyrir botni Hrolleifsdals; er þar almenningur, og reka eigi aðrir þangað. Rétt er við Þverá [í Hrolleifsdal], er kemur af Þverárdal, [...] Auk Fellshreppsúa sækja þangað til rétta Höfðstrendingar og Flókdælir.⁸⁶²

Landamerkjabréf Hrolleifsdalsafréttar var útbúið 29. ágúst 1889 og því var þinglýst 5. júní 1890. Það er svohljóðandi:

Annó 1761 dag 6. maí var sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu Jón Snorrason til staðar að Skála í Sljettuhlíð ásamt tilkveðdum mönnum að álíta jarðarinnar land til lands og vatns með hennar Herlighetum reka og afrjett sem seld var undan jörðinni, en hún á þar frían upprekstur ásamt öðrum jörðum í Sljettuhlíð út að Syðstahóli og Kambsstöðum að þeim bæjum meðtöldum, en aðrar jarðir í Sljettuhlíð og Fellssókn eiga frían upprekstur í Stafárdal í Heiðarland austan Stafár. Reka á jörðin Skálá sem hjer greinir:

[...] Item á jörðin Skálá heyskap þann frían sem hafa má í svokölluðum Seta milli Stóra-Gils og Almennings Skálár. Ennfremur engjatak í Giljareit í Klónslandi. Jörðin Þverá hefir frí heyskap í Hrolleifsdalsafrjett fyrir framan svo kallaða Sandárskriðu fram að Barnadalsá.⁸⁶³

J. Snorrason, Bjarni Hallsson, Guðm. Jónsson og Símon Ólafsson skrifa undir landamerkjalyýsinguna. Þann 29. ágúst 1889 vottar Halldór Daníelsson, notarius publicus í Reykjavík, að lýsingin sé rétt rituð eftir sér sýndu skjali í skjalasafni Skagafjarðarsýslu.

EKKI er fjallað um Hrolleifsdalsafrétt í fasteignamatinu 1916-1918.

⁸⁵⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 279.

⁸⁶⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 267.

⁸⁶¹ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 155, 160.

⁸⁶² *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 153.

⁸⁶³ Skjal nr. 2(19).

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðar-sýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985, segir um Hrolleifsdalsafrétt:

Hrolleifsdalsafrétt er eign Fellshrepps. Hún stendur saman af tveimur dölum, Barnadal að vestan, þar næst er Lambadalur og Almenningsnöf norðast. Að austan eru merki í Setagil, en í Grjótvelli að vestan.

Þessar jarðir hafa verið lagðar undir afréttina: Hálf jörðin Þverá að vestan, í dalnum og hálf jörðin Klón að austan í dalnum. Síðar voru Geirmundarhólar og Kráksstaðir lagðir undir afréttina þegar ábúð hætti þar. Að austan eru afréttarmörk nú við Arnarstaðalandamerki en að vestan við Bræðraárlandamerki.

[...] Upprekstur í Hrolleifsdalafrétt eiga allar jarðir í Fellshreppi, nema Ysthóll. Heldur, Mýrar, Fjall og Heiði.

Þessar jarðir eiga upprekstur á Hvítárbrúinir á austanverðum Stafárdal.⁸⁶⁴

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Fellshrepps, Stefán Gestsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 6. mars sama ár. Í svari Stefáns kemur fram að íbúar hreppsins eigi upprekstrarrétt í Hrolleifsdalsafrétt. Mörk afréttarins séu Hrolleifsdalur framan Arnarstaða og Bræðraár. Önnur sveitarfélög og íbúar þeirra eiga ekki aðgang að afréttinum.⁸⁶⁵

Hrolleifsdalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum í Sléttuhlíð og Hrolleifsdal að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.2.4 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Tungu, Háakot, Hring, Skeið, Stóru-Þverá, Minni-Þverá, Barð, Stóru-Reyki, Klón, Hraun, Þverá, Illugastaði, Krakavelli, Steinavelli, Grundarland, Bjarnastaði og Spáná. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra. Umfjöllunin byggir einkum á því er segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem og landamerkjabréfum viðeigandi jarða.

5.2.4.1 Tungu (ásamt hjáleigum)

Landamerkjabréf Tungu var útbúið 27. júní 1887 og þinglesið 1. júlí sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Túngu og Hrings eru merkji í stóran stein, sem liggur við götuna í túninu milli bæjanna, og frá honum (steininum) beina stefnu í skurð, sem liggur í Tungubæjarlæk, og ræður lækurinn úr því merkjum til ár; tröðin ræður merkjum suður að túngarði, en þar fyrir sunnan er óskipt land. Milli Tungu og Háakots, að ofan, eru merki við túnið, og milli sömu jarða að utan eru merki í vörðu [í Stóru-Skriðu, og frá þeirri vörðu

⁸⁶⁴ Skjal nr. 4(251).

⁸⁶⁵ Skjal nr. 4(247).

vörður]⁸⁶⁶ niður við læk og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er niður við hann, frá henni beina stefnu í vörðu við Merkjady, frá því beina stefnu á Draugatópt, á þeirri leið settar 2 markvörður, og þaðan út að víkinni beina stefnu í Háakotsnes vestasta Tungukelda úr vikinni ræður merkjum austur að vörðu í árbakka frá þeirri vörðu er Háakotsland út að annari vörðu í árbakkanum frá henni bein í vestari tópt, þaðan beint á Álftadyngju, þaðan beint vestur til vatns, við Háakotsnes, og þar sett ein markvarða, út því ræður vatnið og áin merkjum út að Hvammskálum. Jörðinni fylgir ennfremur alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.⁸⁶⁷

Eigendurnir Jón Guðmundsson og Aðalsteinn Steinsson skrifuðu undir landamerkja-bréfið. Það var samþykkt af Á. Þorleifssyni eiganda Háakots og Jóhanni Jónssyni eiganda Hrings.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beitoland Tungu sé víðáttumikið. Landamerki eru sögð ágreiningslaus.⁸⁶⁸

5.2.4.2 Háakot (hjáleiga Tungu)

Landamerkjabréf Háakots var útbúið 14. maí 1886 og því var þinglýst 2. júní sama ár:

Milli Háakots og Tungu fyrir innan ána eru engjar, svokallaðar veitur, ofanað Tungutúni, og fyrir utan ána er Háakotsland frá vörðu á Stóruskriðu beint ofanað vörðu niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er neðan við hann, frá henni beina stefnu á vörðu við merkjadý og frá því, beint á grjótvörðu upp á grundinni, á þeirri leið sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir Háakoti nes í miðjum Tungubökkum, sem byrjast að sunnan við víkina miðja og ræður varða við kelduna merkjum beint á tóft í nesinu þaðan austur að vörðu á árbakka, frá því er Háakotsland útað annari vörðu á árbakka, frá henni beint á vestaraholt, þaðan útað áltadyngju, þaðan beint vestur til vatns og þar sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir jörðinni alt óskipt land eptir hundraðatali.⁸⁶⁹

A. Þorleifsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni umráðamanni Tungu.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Háakot hafi landamerki með Tungu.⁸⁷⁰

5.2.4.3 Hringur (hjáleiga Tungu)

Landamerkjum Hrings var þinglýst 14. júní 1889. Þau hljóða svo:

Landamerki á Hring. – 1. Milli Hrings og Tungu: frá steini í reiðgötubakkanum, beint niður í skurð, sem liggur út og niður í Tungubæjarlæk, og þaðan sem lækurinn heldur til ár; einnig tilheyra Hring ræktuð gerði og bithagi úr Tungutorfunni að hlutfalli rjettu. – 2. Millum Hrings og Hamars: frá polli, sem er á árbakkanum, beint í svokalla Völupúfu efst á fjallinu. – 3. Milli Hrings og Nefstaða: úr fyrnefndum polli á árbakkanum úti svonefnda Marseljukeldu, sem liggur til ár í útaustur. – 4. Millum

⁸⁶⁶ Innskot ofan línu.

⁸⁶⁷ Skjal nr. 2(6) a-b.

⁸⁶⁸ Skjal nr. 2(91).

⁸⁶⁹ Skjal nr. 2(7) a-b.

⁸⁷⁰ Skjal nr. 2(91).

Hrings og Mjölbreiðar er merki á Hringahólma: frá vörðu, sem er á árbakkanum beina línu upp í merkjalækinn milli Mjölbreiðar og Nefstaðakots; fyrir austan hringshólmann kelda sem liggur í vörðu og úr henni beint í vestur í aðra vörðu, sem er á árbakkanum.⁸⁷¹

Jarðareigandinn Margrjet Ólafsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Þorvaldssyni eiganda Hamars, Jóni Guðmundssyni eiganda hálftrar Tungu, Á. Þorleifssyni eiganda Mjölbreiðar og J. Þorvaldssyni eiganda Hamars.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Hrings séu ágreinings-laus.⁸⁷²

5.2.4.4 Skeið

Landamerkjabréf Skeiðs var útbúið 28. júní 1887 og þinglýst 1. júlí sama ár og hljóðar svo:

Milli Skeiðs og Gautastaða, er merkjagarður gamall neðan frá á og upp á hjalla og úr því gil upp til fjallseggjar. Og milli sömu jarðar og Þveránna ræður árin merkjum framan- úr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár og ræður hún merkjum að neðan nema Bakki á lítin hólma Skeiðsmegin.⁸⁷³

Björn Pálsson eigandi hálftrar jarðarinnar Skeiðs skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Jónssyni, Árna Þorleifssyni og Birni Þorvaldssyni.

5.2.4.5 Stóra-Þverá (Stærri Þverá)

Landamerkjabréf Stóru-Þverár var útbúið 25. júní 1887 og þinglesið 1. júlí 1887 og er það svohljóðandi:

Milli Stóruþverá og Minniþverá móts við Skeiðsland, ræður merkjum Skeiðsá framanúr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár. Og milli nefndrar jarðar og Berghylslands að utan, eru merki úr Setagili í Grjóthól og svo ræður merkjalækur til efstu vörðu á lækjarbakka þaðan fimmvörður í beinni línu ofan í fyrnefndann merkjalæk, og ræður hann úr því merkjum til fljótaár. – Milli Stóru þverá og Minni þverá eru merki að sunnan við hnausavörðu, sem stendur við laut neðan við flötu-dagsláttu, þaðan ráða merkjum 4 hnausa-vörður út í stórann stein, sem stendur ofantil í efra-Reiðholti, þaðan ráða 4 hnausavörður í beinni línu út að Berghylsmerkjum. Ennfremur tilheyrir Stóruþverá spilda fyrir ofan þver merki og ræður þar að utan svonefndur Dynjandi, lækur, sem fellur úr Setagili, en að sunnan varða á Grundinni og svo 4 vörður í beinni línu ofan í áðurnefnd þvermerki, aptur að sunnan er Stóru-þverárland út að grænutópt, sem stendur á grundinni, og þaðan ráða merkjum 5 vörður í beinni línu á Minniþverár-hesthúsgerði; alt beitiland óskipt eptir hundraða tali jarðanna.⁸⁷⁴

Á. Þorleifsson eigandi Stóru-Þverár og Sigurður Sigmundsson umboðsmaður eiganda Minni-Þverár skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Pálssyni og Jóni Jónssyni eigendum Skeiðs og Einari Halldórssyni eiganda Berghyls.

⁸⁷¹ Skjal nr. 2(8) a-b.

⁸⁷² Skjal nr. 2(91).

⁸⁷³ Skjal nr. 2(9) a-b.

⁸⁷⁴ Skjal nr. 2(10) a-b.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beitiland Stóru-Þverár sé víðlent og að landamerki séu þinglesin.⁸⁷⁵

5.2.4.6 Minni-Þverá (hjáleiga frá Stóru-Þverá)

Samkvæmt jarðamatinu 1849 hefur Stóraþverá hina byggðu hjáleigu Minniþverá.⁸⁷⁶

Sérstakt landamerkjabréf fyrir Minni-Þverá er ekki að finna í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu 1883-1929. Hins vegar var landamerkjabréf fyrir Stóru-Þverá útbúið 25. júní 1887 og þinglesið 1. júlí 1887, svo sem lesa má í kaflanum um Stóru-Þverá. Í því er minnst á Minni-Þverá.

Að Haganesi í Holtshreppi, 10. júní 1909, var þinglesið afsalsbréf frá Guðmundi Bjarnasyni til Sveins Arngrímssonar fyrir Minni-Þverá fyrir 200 krónur.⁸⁷⁷

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Stóru-Þverár séu þinglesin.⁸⁷⁸

5.2.4.7 Barð

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel (á Lágheiði), sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði sér til varnar fram bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að jarðirnar Steinavellir og Krakavellir hefðu verið seldar ítölulausar með öllum dal fyrir austan fram (þ.e. Seljaárdal), hvar fyrrgreint sel stóð í.⁸⁷⁹

Þá kemur fram í máldaga Barðs frá því eftir 1590 að selför sé höfð fram á dal.⁸⁸⁰

Einnig er talað um selstöðu kirkjunnar í vísitasíu hennar frá 31. ágúst 1667 og sagt að hún sé í Flókadalsafrétt.⁸⁸¹

Í vísitasíu Barðs, sem líkast til er frá árinu 1686 kemur fram að kirkjan eigi selstöðu í Flókadalsafrétt.⁸⁸²

Um selför segir í vísitasíu Barðskirkju frá 17. maí 1693 að selför sé þar höfð fram á dal.⁸⁸³

Minnst er á selstöðu kirkjunnar í vísitasíu Barðs frá 6. maí 1714 og kemur fram að kirkjan eigi selstöðu í Flókadalsafrétt.⁸⁸⁴

Fram kemur í vísitasíu Barðs frá 27. ágúst 1781 að kirkjan eigi selstöðu og reit í Flókadalsafrétt og Blákápureit á Lágheiði.⁸⁸⁵

Í vísitasíu kirkjunnar frá 12. ágúst 1826 segir að hún eigi selstöðu í Flókadalsafrétt, nánar tiltekið í Klaufnabrekknadal, þar sem heitir Blákápureitur.⁸⁸⁶

⁸⁷⁵ Skjal nr. 2(91).

⁸⁷⁶ Skjal nr. 2(86).

⁸⁷⁷ Skjal nr. 2(255). Minni-Þverá. Skag. V. 40. (db.gr.nr. 44714).

⁸⁷⁸ Skjal nr. 2(91).

⁸⁷⁹ Skjal nr. 2(141).

⁸⁸⁰ Skjal nr. 2(95) a-b.

⁸⁸¹ Skjal nr. 2(96) a-b.

⁸⁸² Skjal nr. 2(97) a-b.

⁸⁸³ Skjal nr. 2(98) a-b.

⁸⁸⁴ Skjal nr. 2(99).

⁸⁸⁵ Skjeal nr. 2(100) a-b.

Rétt er einnig að geta þriggja vísitasía sem minnast á eldri vísitasíur. Hér er um að ræða vísitasíu frá 27. október 1705⁸⁸⁷ þar sem fram kemur að kirkjan eigi jarðir, reka og kúgildi eftir fyrri reikningum, vísitasíu frá 6. ágúst 1729⁸⁸⁸ sem segir að máldagar og eignir kirkjunnar séu þær sömu og gamlar vísitasíur og Hólamáldagar eigna henni og vísitasíu frá 16. júlí 1769⁸⁸⁹ þar sem þess er getið að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum.

Jörðin Barð er kirkjujörð og beneficium árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var tekin.⁸⁹⁰ Um selför segir að staðurinn hafið brúkað hana frítt og átölulaust í Flókadalsfrétt (Barðshlíð).⁸⁹¹

Um upprekstur er vísað til fyrirkomulags á fyrri jörðum, „Afrjett ut supra“.⁸⁹² Þar mun líkast til vera um að ræða Flókadalsfrétt, sem lýst er við jörðina Reykjahól í Fljótahreppi.

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Barð eigi selstöðu í Flókadalsfrétt.⁸⁹³

Landamerkjabréf fyrir Barð var útbúið 24. maí 1890 og því var þinglýst 6. júní sama ár. Af því má sjá að Barð átti ekki land að Flókadalsfrétt. Prestssetrinu fylgdi hins vegar Barðshlíð í Flókadalsfrétt, svo sem sjá má í niðurlagi landamerkjabréfsins sem hljóðar svo:

Landamerki fyrir Barði í Fljótum með hjáleigum. Milli Haganes og Barðstorfunnar ræður merkjum frá Hófsvatni gamall landamerkjagarður, sem liggur upp með svonefndum Merkjälæk austur undir Langholtum, um vestanverða Höskuldartópt og yfir um Haraldslæk, beina stefnu á Grillirskrók fram að stórum jarðföstum steini milli Harðabakka og Haraldslækjar. Úr steininum beigist garðurinn til austurs stefnu á sunnan-verðan Lambanesáskoll; ræður sú stefna merkjum að Harðabakka-læk. Að austan ræður merkjum gamall landamerkjagarður milli Grillirs- og Barðstorfunnar frá Harðabakkalæk allt til fjalls. –

Milli engjablettsins Votateigs, (sem fylgir Barði) og Minna-Grillirs ræður merkjum: bein stefna úr 3 jarðföstum steinum ofaní Miklavatn, vestanvert við svo nefnda Pálstópt, og þar landamerkjavarða hlaðin. Að sunnan ræður merkjum Brunná allt fram í Brunnárdalsbotn og niður, tjettsýnis úr gljúfrum ofaní Flókadalsvatn. Að vestan ræður merkjum Flókadals-vatn útað Laxós og áin þaðan ofan í Dælisós, og síðan Hofs-vatn. Landamerki hjáleiganna eru þessi: Karlstaðaland nær austur að áðurnefndum landamerkjagarði ofan að Harða-bakkalæk vestur í austurendann á Haganeslanda-merkjarði og

þaðan beina stefnu upp milli tveggja tóptarbrota uppí jarðfastan stein, þaðan uppí sund milli tveggja holta beint uppí svonefnda Karlsstaðagjá. Fyrir vestan Karlsstaðamerki tekur við Fyrirbarðsland sem nær ofan að Haganesmerkjarði, en að vestan ræður merkjum milli Fyrirbarðs og Barðs bein stefna úr svonefndum Fyrirbarðsgrænum ofaní efri Fyrirbarðsásenda og þaðan með neðri Fyrirbarðsás beina stefnu í svonefnt

⁸⁸⁶ Skjal nr. 2(101) a-b.

⁸⁸⁷ Skjal nr. 2.

⁸⁸⁸ Skjal nr. 2.

⁸⁸⁹ Skjal nr. 2.

⁸⁹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 302-305.

⁸⁹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 302-303.

⁸⁹² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 302.

⁸⁹³ Skjal nr. 2(86).

Torfholt og þaðan niður að Haganesmerkjagarði. Merki Langhúsa eru þessi: úr Torfholti í 2 steina til vesturs beint í Bakkalæk, úr Bakkalæk í Bræðratópt og úr henni beint vestur í svonefndan Keldulaugspoll í Laugarlæk. Úr Keldulaugspolli ræðr Laugalækur merkjum milli Langhúsa og Dælis ofaní Hófs- vatn. Milli Langhúsa og Haganes ræðr merkjum áðrnefndur landamerkjagarður upp með Merkjälæk. Landamerki Dælis eru þessi: að utan Laugalækr milli Dælis og Langhúsa, að sunnan bein stefna úr Keldulaugspolli um „Merkjaholt“ eptir hlöðnum merkjavörðum ofaní á. Merki Akra eru úr Laugalæk beint í Spenahól og úr honum í náttmálastein og þaðan bein stefna eptir Akraási suður í vörðu, sem hlaðin er sunnanvert við Akraásholt og úr henni bein stefna ofan í 2 stóra jarðfasta steina um sunnanverðar háu mýrar beint ofan í Flókadalsvatn. Barði fylgir varphólmi í Hófsvatni, Barðshólmi kallaður. Ennfremur fylgir prestssetrinu: 1. allur reki hvala og viðar fyrir Laugalandi, að helmingi, úr miðri Hólavík og til skerja á Lambhagavík, 2. Blákápureitur á Lágheiði; 3. Barðshlíð í Flókadalsaftrjett og 4. Frí lending, skipsuppsátur og búðarstæði á Neðra-Haganeslóð.⁸⁹⁴

Tómas Bjarnason prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þorláki Þorlákssyni fyrir eigin hönd og meðeignarmanna hans að Stóragrindli, Björgu Jónsdóttur vegna Minnagrillirs, Jóh. Finnbogasyni vegna eiganda Laugalands og Sv. Sveinssyni eiganda Haganess.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beitiland Barðs sé talsvert stórt og að jörðin eigi silungsveiði í Laxósi og Flókadals- og Hópsvötnum. Landamerki teljast vera glögg.⁸⁹⁵

5.2.4.8 Stóru-Reykir

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 segir að Stóru-Reykir eigi selstöðu í Flókadalsaftrétt þar sem heitir Reykjareitur.⁸⁹⁶

5.2.4.9 Klón (Klól)

Jörðin Klón var 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls sem nýlega var farin í eyði árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var rituð. Um aftrétt segir:

Afrjett ut supra.⁸⁹⁷

Landamerkjabréf Klóns var útbúið 27. maí 1886 og þinglesið 27. júní ári síðar. Það hljóðar svo:

Að utan verðu eru merkin í Fossabrekkulæk, að sunnan verðu eru þau í svokölluðu Stóragili, eptir dalnum ræður áin merkjum [á]⁸⁹⁸ milli jarðanna Klóns og Þverár, að austan ræður fjallsegg merkjunum.⁸⁹⁹

B. Þórðarson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna Þverár. Það var samþykkt af Birni Jónssyni sem skrifaði:

⁸⁹⁴ Skjal nr. 2(11) a-b.

⁸⁹⁵ Skjal nr. 2(91).

⁸⁹⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 299.

⁸⁹⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 271.

⁸⁹⁸ Innskot ofan línu.

⁸⁹⁹ Skjal nr. 2(3) a-b.

Að ofanskriðuð landamerki fyrir jörðunni Klóni í Fellshreppi hafi verið höfð og haldin, alla þá tíð, sem jeg, faðir minn sál. og föðurfaðir átta jörðina Klón vitna jeg undirskrifaður.

Ekki er ljóst fyrir hönd hvaða jarðar Björn Jónsson skrifar undir. Landamerkin voru einnig samþykkt af Kristni Jónssyni en ekki kemur heldur fram fyrir hönd hvers eða hverra. Líkast til var það þó fyrir hönd Geirmundarhóls í báðum tilfellum.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Klóar liggi að afréttar-landi.⁹⁰⁰

5.2.4.10 Hraun í Unadal

Landamerki Hrauns í Hofshreppi voru útbúin 22. maí 1886 og þinglesin sjö dögum síðar. Eru þau svohljóðandi:

Að utan gagnvart Á ræður varða sett á bakkann geg við Hofs á (Unadalsá) gegnt Hólkoti, úr þessari vörðu ræður bein stefna í vörðu setta ofan til við flóann, Þaðan úr þaðan úr þeirri vörðu, ræður bein stefna sjónhending í svokallað Illagil úr því gili ræður bein stefna til austurs á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefur runnið til forna. Að sunnan gagnvart Grundarlandi, Að norðan ræður merkjagarður sá er byrjar og gengur frá Hofsá beint til fjalls upp svo kallaðan Merkjahnjúk, sem er framan í fjallinu. Þaðan eftir beinni stefnu í fjallsbrún upp sunnan við Hvammsdal Þaðan ræður bein sjónhending austurá mitt fjall.⁹⁰¹

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðjóni Vigfússyni sem vottaði um landamerki gagnvart Grundarkoti og Birni Jónssyni vottaði um landamerki gagnvart Á.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Hrauns séu þinglesin.⁹⁰²

Á manntalsþingi á Hofsósi á Höfðaströnd, 1. júlí 1927, var þinglesið afsal fyrir jörðinni Hrauni í Unadal, útg. 22. febrúar sama ár.⁹⁰³

5.2.4.11 Þverá

Landamerkjabréf Þverár var útbúið 27. maí 1886 og þinglesið 29. júní ári síðar og hljóðar svo:

Að utan er sjáanlegur garður frá ánni til fjalls, milli Geirmundarhóla og Þverár að framan í Þverá fram í Barnadalsá að neðan, og svo beint ofan til við hólana upp í öxlina til eggjar, fyrir austan ána á Þverá land frá Fossabrekku út að Brenniskurði í frá ánni milli fjalls og eggjar, milli Þverár og Klóns, heldur áin svo líka á hún allann Þverárdalinn.⁹⁰⁴

B. Þórðarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af K. Jónssyni og Birni Jónssyni sem staðfestu að landamerkin væru rétt gagnvart Geirmundarhóli.

⁹⁰⁰ Skjal nr. 2(91).

⁹⁰¹ Skjal nr. 2(4) a-b.

⁹⁰² Skjal nr. 2(90).

⁹⁰³ Skjal nr. 2(255). Hraun í Unadal. Skag. V. 45. (db.gr.nr. 35916).

⁹⁰⁴ Skjal nr. 2(5) a-b.

Á manntalsþingi að Skálá í Fellshreppi, 9. júní 1915, var þinglesið afsal til Sigurjóns Jónssonar, fyrir jörðunum Þverá og Klón.⁹⁰⁵

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Þverár liggi að afrétt. Landamerki eru sögð ágreiningslaus.⁹⁰⁶

5.2.4.12 Illugastaðir

Þann 24. ágúst 1540 seldi Jón biskup Arason Brynjólfi Jónssyni jarðirnar Ystamó og Syðstamó í Fljótum fyrir Bakka og Steindyr í Svarfaðardal. Í kaupbréfinu, sem skrifað var 12. febrúar 1542, kemur fram að Ystamó og Syðstamó fylgdi selför fram á Flókadal í Illugastaðalandi, þar sem að fornu hefur verið.⁹⁰⁷

Landamerkjabréf fyrir Illugastaði í Flókadal var útbúið 20. apríl 1890 og þinglesið 6. júní sama ár:

Að framan skilur Nyrðrá Illugastaðaland frá afrjettarlandinu eða svo nefndu Sjöundastaðaselslandi og frá Nyrðrár upptökum bein stefna til eggjar. Að utan milli Neskots og Illugastaða ræður merkjum gamall garður sem heita má Einlægur upp á dalshálsinn, og þaðan bein stefna í Blikhyrnutopp. Milli Illugastaða og Illugastaðakots ræður merkjum tóptarbot á svo nefndum Beitarhúsmel og úr því bein stefna ofaní á, og upp til eggjar. Að neðan ræður Flókadalsá.⁹⁰⁸

Sveinn Árnason eigandi Illugastaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ásmundi Eiríkssyni eiganda Neskots og E.B. Guðmundssyni vegna Flókadals-afréttar.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Illugastaða sé víðlent og að jörðin liggi að Flókadalsafrétt. Einnig stendur að landamerki séu ágreiningslaus.⁹⁰⁹

5.2.4.13 Krakavellir

Landamerkjabréf Krakavalla var útbúið í júnímánuði 1888 og þinglesið á manntalsþingi að Efra-Haganesi 13. júní sama ár. Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Krakavalla í Flókadal: að framan eða við afrjettina í Grænhól og úr honum beina línu niður í til ár [o]g til fjallsbrúnar, að utan í gamlan garð, sem liggur frá ánni til fjallsbrúnar.⁹¹⁰

Eigandi Krakavalla, Guðlaug Baldvinsdóttir skrifar undir landamerkjabréfið. Jón Stefánsson eigandi Steinavalla er samþykktur landamerkjabréfinu og skrifar undir það sem og Jóhann Jónsson sem skrifar undir það fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Árið 1890 var aukið við landamerkjabréf Krakavalla. Viðaukinn er svohljóð-andi:

Viðauki við Krakavalla-landareign að framan eða afrjettarmegin, er frá áðursögðum landamerkjum fram að vörðu sem hlaðin er á árbakka, og keldu sem liggur frá

⁹⁰⁵ Skjal nr. 2(255). Þverá. Skag. V. 42. (db.gr.nr. 33084).

⁹⁰⁶ Skjal nr. 2(91).

⁹⁰⁷ Skjal nr. 2(140).

⁹⁰⁸ Skjal nr. 2(15) a-b.

⁹⁰⁹ Skjal nr. 2(91).

⁹¹⁰ Skjal nr. 2(194).

vörðunni, lítið eitt suður á við til fjalls, norðanvert við svo kallað Reykjasel. Þá tekur við gilskorningur upp fjallið norðanvert við Reykjahnjúkskall, og svo bein stefna þaðan til eggjar. Flókadalsá (eins og hún liggur nú) ræður merkjum að vestan og fjallsegg að austan.⁹¹¹

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Krakavellir séu metnir á 14,2 hundruð. Um land Krakavalla að Flókadalsafrétt segir:

Land jarðarinnar liggur að Flókadalsafrétt, og smalamennska því örðug. [...]
Landamerki þinglesin.⁹¹²

Árið 1951 seldi Sigurjón Gíslason landspildu úr Krakavöllum til sveitarfélagsins Haganeshrepps í Skagafjarðarsýslu. Í afsalinu kemur fram að:

Landsspilda þessi, sem liggur að afrétt Haganeshrepps í Flókadal, og á að bætast við afréttinn, er sunnan línu frá Hólkoti við Flókadalsá, eftir núverandi girðingu norðan við Járnhrygg upp í norðurbrún Stekkjarskálar, og þaðan til eggjar.⁹¹³

5.2.4.14 Steinavellir

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel [á Lágheiði], sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði fram, sér til varnar, bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að:

[...] steinaveller og krakaveller voro selldar itavlavlavsar med avllum dal firir avstan fram [Seljaárdal] sem fyr greint sel stod j.⁹¹⁴

Á tímabilinu 13. til 18. júlí 1657, fóru fram arfaskipti á Hólum á milli 6 barna Þorláks biskups Skúlasonar. Voru Steinavellir þá metnir til 16 hundraða.⁹¹⁵

5.2.4.15 Grundarland

Landamerkjabréf fyrir Grundarland var útbúið 29. maí 1885 og þinglesið degi síðar. Það er svohljóðandi:

Á milli Grundarlands og Hrauns að norðanverðu niður við Hofsa, sem rennur ofan Unadal, byrjar glöggur merkjagarður á árbakkanum norðan við Arnarholt, gengur sá garður beint til fjalls upp í Merkjahnúk, sem er ~~norður~~ framaní fjallinu, þaðan merkin upp á brún sunnan við Hraunsdal austur á mitt fjall, þaðan í suður eptir miðju fjallinu fram á bak við Sperðildal, þaðan í vestur ofan Tungufjallsröðull til Tungusporðsins, þaðan ræður merkjum Grundarlandsá ofan í Dalsmynnið, úr því bein lína í vörðu, sem stendur á bakkanum [niður]⁹¹⁶ við Hofsa. Þessi merkjalína af Tungufjalli til vesturs aðgreinir land jarðarinnar frá Bjarnastaðalandi. Frá áðurnefndri merkjavörðu við ána ræður Hofsa, eins og hún nú rennur, merkjum að vestan ofan dalinn, þangað til hún fer

⁹¹¹ Skjal nr. 2(297).

⁹¹² Skjal nr. 2(196).

⁹¹³ Skjal nr. 1(21).

⁹¹⁴ Skjal nr. 2(141).

⁹¹⁵ Skjal nr. 2(205).

⁹¹⁶ Innskot ofan línu.

fram hjá garði þeim, sem byrjar hin ytri merkin að norðanverðu við Arnarholt. Landamerkjabrjef þetta skal gilda fyrir alda og óborna, nema með lögfullum gögnum sannað verði, að öðru vísi eigi að vera.

Þessu til staðfestu undirskrifum vjer hlutaðeigendur nöfn okkar.⁹¹⁷

Guðjón Vigfússon eigandi Grundarlands skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Jónssyni eiganda Hrauns og Sigmundi Símonssyni, Bjarnarstöðum.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að engjar Grundarlands séu að hluta til í fjallshlíð og að beutiland jarðarinnar sé fremur lítið. Einnig kemur fram að landamerki séu þinglesin.⁹¹⁸

5.2.4.16 Bjarnastaðir í Hofshreppi

Landamerkjabréf Bjarnastaða var útbúið 24. maí 1886 og þinglesið fimm dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan og neðan stendur hlaðin varða á árbakkanum austan-vert, og ræður rjett stefna þaðan beint uppí árgilið gagnvart Grundarlandi, ræður áin síðan stefnu upp í tungusporðinn og þaðan eptir sömu stefnu í Tungufjallsröðul og þaðan austur á mitt fjall, beygist þar við, og ræður merkjum þaðan rjett sjónhending suður á bak við Bjarnarstaðadal og í Spænárdalsborn. Ræður áin síðan þaðan niður eptir dalnum og ofan á skriðu- hausinn gagnvart Spáná. Þaðan rjetta stefnu niður grundina og í gamlan árfarveg er liggur sunnanvið nýlegar hústóftir austanvert við Unadalsá (Hofsá). Ræður hún (áin) síðan merkjum niður eptir dalnum ofanað svonefndum Svartabakka, ræður þá merkjum gamall far-vegur árinna unz þeir koma saman lítið neðar, ræður áin enn merkjum eins og hún nú rennur, þartil kemur í fornan farveg hennar ræður hann merkjum norðanvert við svonefndan Gerðishólma, ræður síðar hennar núverandi farvegur til vörðu þeirrar, er getið er um áður við aðgreining merkjanna Grundarlands og Bjarnastaða.⁹¹⁹

Sigmundur Símonarson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigendanna. Það var samþykkt af Guðjóni Vigfússyni er vottaði landamerki gagnvart Grundarlandi og Birni Jónssyni er vottaði landamerki gagnvart Spáná.

5.2.4.17 Spáná

Landamerkjabréf Spánár (Sprænár) í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og þinglesið viku síðar og er það svohljóðandi:

Að utan gangvart Bjarnastöðum ræður varða sú er sett er á bakkann við Hofsá, rjett við gamlan árfarveg, er liggur sunnan við beitarhús fra Bjarnastöðum; úr vörðu þessari ræður sjónhending beint uppá gilminnið, þar sem Spræná fellur fram úr fjallinu. Úr því ræður nefnd á til upptaka, og frá upptökum hennar bein stefna austur á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefir runnið til forna.

⁹¹⁷ Skjal nr. 2(16) a-b.

⁹¹⁸ Skjal nr. 2(91).

⁹¹⁹ Skjal nr. 2(17) a-b.

Að sunnan og gagnvart Unadalsaftrjett ræður Grjótá upp fjallið til upptaka og þaðan bein sjónhending austur á mitt fjall og að neðan ræður sama á merkjum þartil hún fellur í Hofsá niður í aftrjettinni.⁹²⁰

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigmundi Símonarsyni er vottaði merkin gagnvart Bjarnastöðum og S. Ingimundarsyni oddvita er vottaði merkin gagnvart Unadalsaftrétt.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að engjar Sprænár liggja í fjallshlíð og að beutiland jarðarinnar sé aðliggjandi Unadalsaftrétt. Einnig stendur að landamerki hennar séu þinglesin.⁹²¹

5.3 Unadals- og Deildardalsaftréttir

Í þeirri umfjöllun um Unadals- og Deildardalsaftrétti sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um sel og loks gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.3.1 Landnám

Höfða-Þórður Bjarnason var einn þeirra manna er nam land norður í Skagafirði. Hann nam Höfðaströnd frá og með Hofsá og út að Hrolleifsdalsá. Hann bjó á Höfða. Um hann segir *Landnáma*:

Þórðr hét maðr ágætr hann var son Bjarnar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járnsíðu, Ragnarssonar loðbrókar. Þórðr fór til Íslands og nam Höfðaströnd í Skagafirði á milli Unadalsár og Hrolleifsdalsár ok bjó at Hofða.⁹²²

Landnáma segir frá því að landnámsmaðurinn Sleitu-Björn hafi búið á Sleitu-Bjarnarstöðum, en hann nam land á milli Grjótár og Deildarár. Svo hermir *Landnáma* um Sleitu-Björn og landnám hans:

Gróa hér dóttir Herfinns ok Hollu; hana átti Hróarr, þeira son Sleitu-Björn, er land nam fyrst á milli Grjótár ok Deildarár, [...] hann bjó á Sleitu-Bjarnarstöðum.⁹²³

Í framhaldi af ofansögðu má geta þess að á milli landnámssvæða Sleitu-Bjarnar og Höfða-Þórðar, er eyða sem tekur yfir hálfan Unadal (suðurhlutann) og hálfan Deildardal (norðurhlutan), ef marka má lýsingar *Landnámu* á landnámi þeirra.

Ólafur Lárusson leiddi líkur að því árið 1940, að þarna á þessu svæði hafi verið sérstakt landnám sem gleymst hafi í upptalningu landnáma í Skagafirði.⁹²⁴ Vikið er að Una

⁹²⁰ Skjal nr. 2(18).

⁹²¹ Skjal nr. 2(91).

⁹²² *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 239-240.

⁹²³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 236-237.

⁹²⁴ Ólafur Lárusson: *Landnám í Skagafirði*, [án útg.st.], 1940, bls. 120-121, 130-131.

nokkurn í Unadal á öðrum stað og í öðru samhengi⁹²⁵ í *Landnámu*. Þetta er töluvert landsvæði sem um er að tefla „og munu þar vera um 12 jarða lönd nú á tímum [þ.e. árið 1940]“.⁹²⁶

5.3.2 Unadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Í óársettri lögfestu, sem líklega er frá því um 1590, lögfesta Guðbrandur Þorláksson biskup og líkast til Erlendur Guðmundsson, prestur á Hofi fyrir 1598 en síðar á Felli, Unadalsafrétt:

Somuleidiz með þui ad biorn magnusson eignar Jordu sinne Hofe [Hofe, vísað inn af spássíu] þa afrett sem Hola domkirkiu Jordum til hey rer / a vnadal /: z hefur giórt sier þar sel sem lóg banna/: hefur rekstra / bæde vtfra sier z yfer fra / j Holastadar Jord z land / an alls leyfis / af mier til / þar fyrer lógfesti eg j sa-ma vmbodi adurnefndz N/: vegna kirkiunn-ar a Holum / z hennar Jarda allt land a vna-dal / so sem votn draga til / badum meigen ár / fyrer framan almennings hola z fyrerbyd eg óllum mónnum / ad frateknum Holastadar Landset-um /: ad nytia sier það land [...]⁹²⁷

Fram kemur í vitnisburði frá 7. febrúar 1613:

Þad giore eg Biarne stulla son ollum monnumm uiturlegt med þessu mijnu vitnisburdar brefe / ad eg heijrda pal heitinn grimsson alldre nockurn tijma Eigna sijer vegna Hofs áá Hofdastrond vnudals afriett huorke hálfa nie heila og alldrei hef eg heijrt af elldre monnumm / ad hof ætte nockurnn part j þeirre afriett / nema rextra suo sem adrar Jarder / hafde pall heitinn haft j sele ä suina vollum z grundarlande suo z þä Þorbergur heijtinn Bessason hieilt hof fieck hann ad lane Spänä af þeim ä holvm z hafde þar j sele alla tijma / z til sanninda hier vm set eg mitt: jnnsigle fyrer þennan minn vitnisburd huor ad skrifadur uar ä bruarlande fijmtu dagenn næstann epter: purificationne marije anno 1613.⁹²⁸

Í vitnisburði frá árinu 1613 stendur:

[Suofellda]nn vitnis burd ber eg jon biornsson at eg heyrdá pal he[itinn Grijms]son alldreige nockurnn tijma eigna sier vegna hofs aa[Hofdastónd] vnudalz afriett hvorke halfa nie heila / var eg [vistfastur n]ockra stund hia pale áá greindu hofe/ z til sanninda[her um] set eg mijtt jnnsigle fyrer þetta mitt vitnis burdar br[ef sem] skrifad var áá enne áá Hofda strond fostudagen fijr[er 000000] þáá skrifadist datum anno 1613.⁹²⁹

Eftirfarandi vitnisburð má rekja til biskupstíðar Guðbrands Þorlákssonar. Ártal fylgir ekki en dagsetningin er 4. maí:

Þetta er vitnisburdur Jons Þordarsonar: J firstu sagdist hann hafa nu / iij vetur vm sextugt / z vera barnfæddur ä hófdastrónd / z þadan hefði hann vt J flíot farid / þa hann hafði Sextan vm tvitugt / : Sagdist hann glógglega muna til þess / þa Páll heitinn Grijmsson biö ä Hofi / þuj hann hefði verid honum alkunnugur. Og alldrei Sagdi[st]

⁹²⁵ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 220.

⁹²⁶ Ólafur Lárusson: *Landnám í Skagafirði*, bls. 130.

⁹²⁷ Skjal nr. 2(160) a-b.

⁹²⁸ Skjal nr. 2(159) a-b.

⁹²⁹ Skjal nr. 2(162) a-b.

hann hafa það heyrtt / ad nefndur páll / hefði eignad sier eda haft Vnadals afriett / huórcki heila nie hálfa / og ei helldur sagdist hann vitad hafa / hann eigna sier eda heimta / Lambatolla / þa menn ræki ä þa afriett: Og þennan vitnisburd handfesti Jon Þordarsson Biskupinn Herra Gudbrandj þar J biskups badstofunni ä Hölum þann 4. dag Maij Ockur äheýrandi / z äsiääandi⁹³⁰

Fram kemur í vitnisburði frá 1614:

Þetta er vitnisburdr Hrolfs Gudvardssonar / j fyrstu sagdist hann vera barnfæddr j Hofshrepp a Hófðaströnd / z þar verid hafa nær allann sinn alldr / nema þa vetr sem hann rere vt / z var sýdra / so z sagdist hann hafa verid heima madr vistfastr a hofi þa pall heitinn Grijmsson bio þar / z geýmt hans mälnytu a sumarid / Og alldrei sagdist hann hafa það heyrtt ad nefndr pall hefði eignad sier vнадals afriett / huerki heila nie hálfa / Og eij helldr sagdist hann vitad hafa hann eigna sier / eda heimta Lambatolla þa menn ræki a afriett / Og þennann vitnisburd Handsaladi hrolfur Gudvardsson ad bera þessum monnum hia verandi / a oslandi / petri Jonssyni z Joni Eigilssyne / a föstudaginn j fardógum Anno 1614 [...] ⁹³¹

Fram kemur í úttekt Hólastóls frá 10. júlí 1657 um Unadalsafrétt:

In Nomine Domini

Anno Domini Millesimo Sex centesimo qvinqvagesimo septimo. Decima die mensis Julij [10. júlí 1657] medtok Herra Gijlsle Thorlakzson Valld og Vmsiön Hoola Döm kyrkiu, og allra hennar eygna J föstu og lausu. Var honum suofelldur Reykningskapur giórdur áá frijddum peningum og ofrijdum kyrkiunnar, Daudum og kuikum, Sem hier Seiger. [...] Jtem Sagt til nauta Stadarenz a Vnudalz afriett, tuævetur og elldre ad tolu 51. ⁹³²

Í úttekt Hólastóls frá 2. ágúst 1628 kemur eftirfarandi fram um Unadalsafrétt:

Anno Domini milesimo, sextentesimo, Vigesimo octavo, secunda Die Mensis Augustj, [2. ágúst 1628] Medtök Herra Þorlákur Skúlason, Valld og umsiön Höla Dömkirkju, og allra hennar Eigna J föstu og lausu, Var honum sofelldur Reiknijngskapur giórdur, ä frijddumm penijngumm og öfrijdumm kirkiunnar, Daudumm og kuikum sem hier Seiger.

[...]

Suo mikid afhendt i frijddum penijngum Heima ä Hölum

Naut sem voru ä Unudals afriett tuæVetur og Elldrj ad tólu Lxxi, a Bæum – xxij – J Vmmbodj Sr Gysla ix – J külu Vmmbodum – iv Naut, Brande J Vydernesi feingid Biskupsenz Vegna, af Kolbeinzdalz afriett afhendt ij – Summa þessara nauta tuæVetra og Elldrj – LLix Jtem Vetur gomul Naut

Í lögfestu Hofa á Höfðaströnd frá 1696 segir eftirfarandi um Unadal:

⁹³⁰ Skjal nr. 2(163) a-b.

⁹³¹ Skjal nr. 2(164) a-b.

⁹³² Skjal nr. 2(176) a-b.

land framm á Unadal fyrir sunnann Höfsaa allt ä jökul framm ofani gardenn sem geyngur fyrir nedan almennyngzhoola j huiorum ad standa seltöpter frá Hofe.⁹³³

Í lögfestunni kemur fram að hún hafi verið opinberlega lesin af Vigfúsi Gíslasyni á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd þann 13. maí 1696.

Flestar ef ekki allar jarðir í Unadal og Höfðaströnd frá Enni að Höfða áttu afrétt í Unadal samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Verða þessar jarðir nú taldar upp í þeirri röð sem þær koma fyrir í jarðabókinni: Enni⁹³⁴, Hólkot⁹³⁵, Svínvallagerði (Svínvallakot)⁹³⁶, Spána⁹³⁷, Bjarnastaðir (Bjarnastaðagerði)⁹³⁸, Grundarland⁹³⁹, Hraun⁹⁴⁰, Á⁹⁴¹, Ljósstaðir⁹⁴², Hugljósstaðir⁹⁴³, Hof⁹⁴⁴, Garðshorn⁹⁴⁵, Hólakot⁹⁴⁶, Þratarstaðir⁹⁴⁷, Litlabrekka⁹⁴⁸, Stórabrekka⁹⁴⁹, Hornbrekka⁹⁵⁰, Þönglaskáli⁹⁵¹, Bær⁹⁵², Mannskaðahóll⁹⁵³, Vatn⁹⁵⁴ og Höfði⁹⁵⁵.

Um Unadalsafrétt segir m.a. svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1868:

Afréttir. Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur.⁹⁵⁶

Þann 19. maí árið 1882, upplas Gunnar Björnsson, eigandi Hofis á Höfðaströnd, lögfestu fyrir eignarjörð sinni, dags. 24. apríl 1666. Í þeirri lögfestu segir að Hof eigi land fram á Unadal „fyrir sunnan Hofsa“.⁹⁵⁷

Ekki finnst mat á afréttinni í fasteignamati 1916-1918.

⁹³³ Skjal nr. 4(260).

⁹³⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 245.

⁹³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 246.

⁹³⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 247.

⁹³⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 247-248.

⁹³⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 248.

⁹³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 249.

⁹⁴⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 249-250.

⁹⁴¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 250.

⁹⁴² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 251.

⁹⁴³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 252.

⁹⁴⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 253.

⁹⁴⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 255.

⁹⁴⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 255-256.

⁹⁴⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 256-257.

⁹⁴⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 257-258.

⁹⁴⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 258.

⁹⁵⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 258-259.

⁹⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 259-260.

⁹⁵² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 260.

⁹⁵³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 261-262.

⁹⁵⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 262.

⁹⁵⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 262-263.

⁹⁵⁶ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 153.

⁹⁵⁷ Skjal nr. 4(259).

Þann 17. mars 1923 var gerður kaupsamningur þar sem Jón Jónsson, eigandi jarðanna Hofs og Þönglaskála í Hofshreppi, seldi réttindi í Unadal með vísun í lögfestu Hofs frá 13. maí 1696, eða eins og kaupsamningurinn ber með sér:

Ég Jón Jónsson eigandi jarðanna Hofs og Þönglaskála í Hofshreppi í Skagafirði [...] sel hérmeð „Upprekstarfélagi Unadalsafréttar“ þann rétt sem ég eða ofanskráðar jarðir Hof og Þönglaskáli kunna að eiga til svonefndra Hofs og Þönglaskálasellanda í Unadal, með þeim landtakmörkum, sem lögfesta eða máldagi Hofs frá 13. maí 1696, og önnur landamerkjabréf téðra jarða kunna að tilgreina.⁹⁵⁸

Með eftirfarandi hætti er Unadal m.a. lýst í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1946:

Hann [Unadalur] stefnir nær í háaustur upp frá Hofsós, hér um bil jafnhliða Deildardal. Í honum er meira undirlendi en hinum syðri, grösug mýrlendi að ánni, sem ofan til er girtur allháum fjöllum. Að norðan eru fjallabrunirnar sundur skornar af ýmsum þverdölum, sem út ganga í hálendið, og bera dalir og hliðarfjöllin mörg nöfn bæja, sem undir þeim standa eða hafa staðið. [...] Norðan ár [Unadalsár] eru fjórar jarðir í ábúð: *Ljótstaðir* neðst, *Á*, *Hraun* og *Grundarland*. Sunnan megin er *Hólkot* eina jörðin, sem búið er á.⁹⁵⁹

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Unadalsafrétt:

Unadalsafrétt er eign Hofshrepps. En hluti afréttarinnar er ekki stór, aðeins botninn á dalnum, að Hrafnabjörgum að vestanverðu og að austan að Spræná. Inní þennan fremsta hluta afréttarinnar, vestan ár voru þrjú sellönd: Yzt er Þönglaskálaselland, þá Ennisselland og Hofsselland.

Í gömlu afréttinni framan við Sprænánna eru munnmæli um fjögur býli. Yzt Grjótá, Miðhólar, Klifhólar og Selhólar.

Eftirtaldar eyðijarðir hafa verið keyptar og land þeirra lagst við afréttarland Unadalsafréttar:

[...] Ennissellandi í Unadal til Upprekstarfélag Unadalsafréttar [...]

Upprekstarfélag Unadalsafréttar kaupir Spræná [...]

Afsal landbúnaðarráðherra til Hofshrepps fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Unadal [...]

fyrir jörðinni Bjarnastaðagerði í Unadal [...]

til Hofssels fyrir jörðinni Grundarlandi [...]

Hofshreppur keypti jörðina Hraun í Unadal [...]

Jörðin Hraun hefur ekki verið lögð við Unadalsafrétt og núverandi afréttarmörk austan ár eru á landamerkjum Hrauns og Grundarlands.

⁹⁵⁸ Skjal nr. 4(261).

⁹⁵⁹ *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 90.

Sneið af landi Svínavallakotshefur verið keypt undir Unadalsafrétt og er girðing þar á merkjum vestan ár.

Réttur til afréttarinnar fylgir öllum jörðum í utanverðum Hofshreppi að Enni og sú meðtalin.

Búfjáreigendur í Hofsósi eiga upprekstur í Unadalsafrétt, en ekki í lönd þeirra jarða, sem Hofshreppur hefur keypt eftir 1968, en rétt til beitar í löndum jarða hreppsins eiga allir bændur í Hofshreppi, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

[...]

Viðauki

Eins og að framan er greint var Ennisselland keypt og lagt við Unadalsafrétt.

Heimamenn í Hofshreppi halda því fram að Jón Jónsson oddviti á Hofi hafi selt Hofsselland, Upprekstrarfélagi Unadalsafréttar eða Hofshreppi. Að þessu hafa ekki fundist öruggar heimildir um þá sölu. Þó má benda á, að á sveitarsjóðsreikningi Hofshrepps árið 1948 gjaldalið 8, er greiðsla til Upprekstrarfélags Unadalsafréttar 500 kr.

Fylgiskjöl eru ekki fyrir hendi til skýringar á þessari greiðslu.

Í Unadal er Þönglaskálaselland og er það heldur ekki fullljóst, hvort það fylgir nú Unadalsafrétt.

[...] í landamerkjabók Skag. er landamerkjabréf fyrir Þönglaskála [...]. Þar er skrifað: „Ennfremur á Þönglaskáli selland á Unadal og byrjar það fyrir framan Bjarnastaðagerðisland og takmarkast að framan af Ennissellandi.⁹⁶⁰

Unadalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum á Unadal og Höfðaströnd, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.3.3 Deildardalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Halldór Arngeirsson keypti hálfu jörðina Marbæli af Þuríði Jónsdóttur með bréfi gerðu 8. maí 1393. Þuríður hafði fengið jörðina í helmingakaup eftir Skapta Oddsson bónda sinn auk þess sem hún hafði leyst til sín sex hundruð í jörðinni sem þrjár dætur hennar höfðu erft eftir föður sinn. Í kaupbréfinu kemur m.a. eftirfarandi fram:

Reiknadi hun jord eiga gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal. skildi halldor ser alla vidu þa ær jordin atti oc hun vard eigandi at. Reiknadi hun iardar mork ofan ór fialli oc allt ofan j aa bædi firir vtan oc sunnan.⁹⁶¹

Þuríður Jónsdóttir seldi Halldóri Arngeirssyni hlut sinn og þriggja dætra sinna í jörðinni Marbæli með bréfi frá 8. maí 1393. Að sögn Þuríðar átti jörðin:

⁹⁶⁰ Skjal nr. 4(251).

⁹⁶¹ Skjal nr. 2(148).

[...] gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal.⁹⁶²

Guðríður Finnbogadóttir og Finnbogi Einarsson áttu með sér jarðakaup sem fram fóru 10. ágúst 1496 en voru bréfuð 31. mars 1497. Guðríður seldi Finnboga Fjósatungu í Fnjóskadal með skógarparti í Þórðarstaðajörðu en fékk í staðinn 15 hundruð í peningum og jörðina Grindur í Hofskirkjusókn, 30 hundruð að dýrleika, en henni fylgdi skógarpartur í Nýlendisjörð:

[...] ok selfavr aa deilldardal.⁹⁶³

Fjöldi jarða í Óslandshlíð áttu rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709. Er afrétturinn kallaður „Afréttardalur“ eða „Afréttur“ í þeirri heimild. Þessar jarðir voru nánar tiltekið eftirtaldar: Miklibær, Þúfur, Kross, Teigur (fór í eyði árið 1708), Marbæli, Ósland, Brekka (Tumabrekka) og Miðhús.⁹⁶⁴

Þá áttu tvær jarðir á Höfðaströnd rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 en þær voru Gröf og Stafnshóll.⁹⁶⁵

Fram kemur í landamerkjabréfum Skuggabjarga og Háleggsstaða frá árinu 1886 að Tungufjall tilheyrir bæði Skuggabjörgum og Háleggsstöðum.⁹⁶⁶ Tungufjall skiptir Deildardal í tvennt, annars vegar í Seljadal og hins vegar í Vesturdal.

Ekki finnst mat á afréttinni í fasteignamati 1916-1918.

Með eftirfarandi hætti er Deildardal m.a. lýst í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1946:

Hann [Deildardalur] liggur upp frá Höfðaströnd til suðausturs. Nokkru innan við byggð klofnar dalurinn í tvennt. Heitir sá syðri og vestari *Vesturdalur*, en hinn nyrðri *Austurdalur* (á uppdrætti Seljadalur). Fyrir botni hans er *Deildardalsfjall*. Milli dalanna rís *Tungufjall* og snýr eggþunnum hamrafleyg við megingdalnum. [...] Þrír bæir eri í dalnum sunnan ár: *Stafnshóll*, *Skuggabjörg* og *Háleggsstaðir*. Að norðan eru *Grindur* yzt, þá *Brúarland* (og nýbýlið *Eyrarland*), en innst *Kambur*. Í dalnum er undirlendi fremur lítið, en grösugar hlíðar liggja að ánni báðum megin.⁹⁶⁷

Landamerkjabréf Deildardals- og Unadalsafréttar var útbúið 3. júní 1890 og þinglesið degi síðar. Það er svohljóðandi:

Almenningur Deildardals er frá forntíð álitinn að byrja vestanverðu í svokölluðu Tungufjalli fyrir framan Grynda sellands merki og kallast Stígur. Merkin að norðan eru í garðlag vestan í fjallinu í beinni stefnu frá afrjettar á svo kallaðri til fjallbrúnar sunnan vert við svo nefnda Smjörskál. Að vestan ræður afrjettará, að sunnan eru merkin í dalbotinum syðst, og þaðan eptir brúninni beinni stefnu yfir Tungufjall til botnsins á Seljadal, þaðan til norðurs austan í Tungufjalli til Grynda sellandsmerkja.

⁹⁶² Skjal nr. 2(148).

⁹⁶³ Skjal nr. 2(136).

⁹⁶⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 229-237.

⁹⁶⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 237-239.

⁹⁶⁶ Sjá nánari umfjöllun í köflum 5.3.5.5 og 5.3.5.6.

⁹⁶⁷ *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 84-85.

Að austan á Seljárdal eru merkin að norðan hin sömu og merki jarðarinnar Marbælis. Að öðru leyti eins og sýslutakmörk ráða.

Merki Unadalsafrijettar eru þessi: Austan við Hofsá byrjar afrijettarlandið við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan og nær alla leið til sýsluskipta á jökul fram. Að vestan verðu byrjar almenningssland við Klifhól, þar sem Hofsselsland endar og nær yfir allan Suðrárdal á jökul fram til sýslutakmarka.⁹⁶⁸

Landamerkjabréfið var samþykkt af S. Pálssyni, Þorgils Þórðarsyni, Þorgrími Kristjánssyni hreppnefndar oddvita, K. Jónssyni og B. Jónssyni.

Sýslumannsskrifstofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svárið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í bréfi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrijettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.⁹⁶⁹

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Deildardalsafrétt:

Deildardalsafrétt er eign Hofshrepps. Afréttin er tveir dalir. Austari dalurinn heitir Seljárdalur. Vestan við hann ár Tungufell og vestar Stígar. Vestast Selland.

Afréttarmörk eru nú eins og girðingar hafa verið lagðar. Að austan er girðingin nálægt eyðibýlinu Stafni eða nánar tiltekið, nálægt bæjarrústum þess og að vestan bein lína á móti.

Þegar núverandi afréttargirðing var sett upp, voru höfð skipti á hluta af landi Stafns og hluta af Miðhúsaselli.

Eftirtalin sellönd eru innan afréttarlandsins.

Á austari dalnum eru yzt: Óslandsselland, næst Marbæliselland og er til vill Þúfnaselland.

Í Tungufelli er Grindaselland og vestan ár sunnan Bjarkár er Grafarselland, en norðan Bjarkár er Miðhúsaselland. Óvíst er um eignarrétt á nefndum sellöndum, hvort þau fylgja jörðunum, eða eru eign Hofshrepps.

Upprekstur á afréttina eiga Óslandshlíð, Deildardalur, Gröf og Grafargerði.⁹⁷⁰

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Hofshrepps, Þóra Kristjánsdóttir, svaraði bréfi ráðuneytisins í nóvember sama ár. Í svári Þóru kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi afrétt; Deildardalsafrétt fyrir innhluta sveitarfélagsins og Unadalsafrétt fyrir ytri hlutann. Deildardalsafréttur liggur í botni

⁹⁶⁸ Skjal nr. 2(40).

⁹⁶⁹ Skjal nr. 2(190).

⁹⁷⁰ Skjal nr. 4(251).

Deildardals og er afmarkaður af fjöllum á þrjá vegu og ráða þar vatnaskil. Í svari oddvitans kemur fram að afréttargirðing liggja fyrir framan fremstu bæi um þveran dal, Háleggsstaði að vestan og Kamb að austan. Þá kemur fram að Unadalsafréttur afmarkist einnig af fjöllum á þrjá vegu en sá afréttur er í botni Unadals. Þar er afréttargirðing um þveran dal framan við Hólkot að vestan og Hraun að austan. Framan við afréttargirðinguna eru eyðijarðirnar Grundarland, Bjarnastaðir, Bjarnastaðagerði og hluti úr Svínvallakoti en þessar jarðir eru í einkaeigu Hofshrepps. Fram kemur í svari oddvitans að íbúar Hofsóshrepps eigi upprekstrarrétt í afréttarland Hofshrepps. Þá kemur að lokum fram að sveitarfélögin Hofsóshreppur og Hofshreppur hafi komið sér saman um að umrætt afréttarland skuli teljast til sveitarfélagsins Hofshrepps.⁹⁷¹

Deildardalsafréttur er nú nýttur til sumarþeirra fyrir búfé af jörðum á Deildardal og í Óslandshlíð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.3.4 Sel á Unadal og Deildardal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 átti jörðin Hof á Höfðaströnd selstöðu á Unadal sem hún notaði árlega en grastekjuvon þar var á sama tíma sögð vera lítil.⁹⁷²

Sama heimild hermír að jörðin Enni hafi á sama tíma átt selstöðu á Unadal „þar sem heitir Ennisreitir“.⁹⁷³

Merkjum Hofssels er ekki lýst í landamerkjabréfi Hofs, dags. 22. maí 1920,⁹⁷⁴ né í landamerkjabréfi Hofs, Ennis og Ártúns, dags. 19. júní 1923.⁹⁷⁵

Í landamerkjabréfi Ennis, dags. 29. maí 1890, segir um Ennisselland:

Ennfremur á Enni Selland að vestanverðu í Unadal frá garði sem er utan við Selhóla, eður sem öðru nafni kallast Almennings hólar, sem nær ofan að Strangalæk hvar Þönglaskála Selland tekur við.⁹⁷⁶

Þá segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá því að jörðin Ljósstaðir hafi tilkeypt selstöðu (í Unadal) árlega.⁹⁷⁷

Um selstöður á Unadal segir m.a. svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1839:

Sel. Allar Óslandshlíðarjarðir, Gröf, Enni og Hof [eiga selstöður], þær síðustu tvær í *Unudalnum*, hinar í Deildardal. Öngvar eru nú notaðar, nema frá Gröf mánaðartíma sumar hvert. Hafa þær aflagzt vegna vegalengdar, margs þar að lútandi örðugleika, og hefur þar til aldrei svarað kostnaði. Menn rífa þar til kola og reka þangað geldfé og ótamin hross, og upprekstrarlandið er ekki annað en sellöndin sjálf. Grindur og Nýlendi eiga ser og selstöðu, og eitthvað lítið var hún notuð í þeirra tíð, sem nú lifa, en

⁹⁷¹ Skjal nr. 4(246).

⁹⁷² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 252-253.

⁹⁷³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 245.

⁹⁷⁴ Skjal nr. 2(224).

⁹⁷⁵ Skjal nr. 2(225).

⁹⁷⁶ Skjal nr. 2(212).

⁹⁷⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 251.

fljótt hætt aftur. Ef menn hefðu hér nytþening í seljum, þyrfti vegna landleysis að hafa stóð og geldfé heima, og hvað er þá unnið?⁹⁷⁸

Gröf á Höfðaströnd átti selstöðu fram við Deildardalsafrétt árið 1709, samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Hjáleigan Grafargerði tilheyrði Gröf á þessum tíma, samkvæmt sömu heimild. Heimaland Grafar sem og selland hennar var lögfest árið 1831. Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Gröf eigi selland í Deildardal og að hjáleigan, Grafarhjáleiga, nái ekki inn til sellandsins.

Landamerkjabréf Grafar, dags. 22. maí 1886 og þingl. viku síðar, hermir að selland fylgi jörðinni og liggja það fram frá Deildardal vestanverðum, vestan til við Deildardalsafrétt. Þá kemur fram að Gröf hafi átt selför í Deildardalsafrétt árið 1918.⁹⁷⁹

Miðhús áttu selstöðu í Deildardal árið 1709, samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Hið sama kemur fram í jarðamatinu 1849, landamerkjabréfi fyrir Miðhúsum árið 1886 sem og í fasteignamatinu 1916-1918.

Í landamerkjabréfi Miðhúsa, dags. 14. maí 1886 og þingl. 29. sama mánaðar segir, er greint frá því að selland á vestanverðum Deildardal fylgi jörðinni og er merkjum þess lýst.⁹⁸⁰

Ósland átti selstöðu í Seljadal árið 1709, samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Ósland eigi selstöðu í Deildardal og í landamerkjabréfi fyrir Óslandi frá árinu 1886 segir að selland fylgi jörðinni og er það sagt liggja næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svokölluðum Seljadal. Í fasteignamatinu 1916-1918 segir að Ósland eigi selför í Deildardalsafrétt.⁹⁸¹

Marbæli á selstöðu á Seljadal árið 1709, samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Í jarðamatinu 1849 segir að jörðin Marbæli eigi tiltölu til sellands í Deildardal. Í landamerkjabréfi Marbælis frá árinu 1886 kemur fram að selland fylgi jörðinni og að það liggja á austanverðum Seljadal frá Glúmmsgilslæk að neðan og fram að Strangalæk.⁹⁸²

Um jörðina Kross í Óslandshlíð segir í jarðamatinu 1849 að hún eigi tiltölu til selstöðu Deildardal.⁹⁸³

Upprekstur á Deildardal áttu eftirtaldir jarðir samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709: Gröf, Stafn, Háleggsstaðir, Skuggabjörg, Miðhús⁹⁸⁴, Ósland, Marbæli og Kross í Óslandshlíð.⁹⁸⁵

Í landamerkjabréfi Þönglaskála, dags. 10. júní 1889 og þingl. 12. sama mánaðar, er merkjum Þönglaskála lýst. Þá segir í bréfinu: „Ennfremur á Þönglaskáli selland“

Auk þeirra jarða sem þegar hefur verið minnst á áttu jarðirnar Grindur, Nýlendi, Miklibær og Þúfur í Hofshreppi selstöðu á Deildardalsafrétt eða tiltölu til sellands þar, samkvæmt jarðamatinu 1849.

⁹⁷⁸ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 139.

⁹⁷⁹ Sjá nánar í kafla 5.3.5.3 um Gröf.

⁹⁸⁰ Sjá nánar í kafla 5.3.5.7 um Miðhús.

⁹⁸¹ Sjá nánar í kafla 5.3.5.8 um Ósland.

⁹⁸² Sjá nánar umfjöllun um Marbæli í kafla 5.3.5.9.

⁹⁸³ Sjá nánar umfjöllun um Kross í Óslandshlíð í kafla 5.3.5.10.

⁹⁸⁴ Nánar tiltekið á svonefndum Vesturdal.

⁹⁸⁵ Sjá nánar umfjöllun um þessar jarðir kafla 5.3.5.

5.3.5 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Spáná, Bjarnastaðagerði og Bjarnastaði, Gröf, Stafn, Háleggsstaði, Skuggabjörg, Miðhús, Ósland, Marbæli, Kross, Sleitustaði, Smiðsgerði, Sviðning, Saurbæ, Skriðuland, Bjarnastaði, Atlastaði, Tungu, Hring og Háakot.

Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra. Einkum er byggt á *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem og landamerkjabréfum víðeigandi jarða. Í sumum tilvikum er um að ræða frekari umfjöllun um jarðir sem þegar er getið hér að framan í tengslum við sel á ágreiningssvæðinu.

5.3.5.1 Spáná

Sjá kafla 5.2.4.17.

5.3.5.2 Bjarnastaðagerði og Bjarnastaðir í Unadal

Við Bjarnastaði segir eftirfarandi um upprekstur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709:

Upprekstur á Unadalsaftrjett.⁹⁸⁶

Landamerkjabréf Bjarnastaðagerðis var útbúið 27. maí 1890 og þinglesið 11. júní 1891.⁹⁸⁷ Það er svohljóðandi:

Að framan eru merkin á Puntskriðu beina stefnu á fjall upp, en að austan ræður Hofsa merk-um ofan dalin, þar til Svínavallakots land tekur við, og aðgreinir löndin garðstúfur utan og ofan við Sortunes, úr efri enda garðsins liggja merkin beina línu á fjall upp.⁹⁸⁸

Guðni H. Jónsson (á Þrastarstöðum) skrifaði undir landamerkjabréfið (væntanlega vegna Svínavallakots í Unadal). Það var og samþykkt af Ó. Havsteen en ekki kemur fram fyrir hönd hvaða jarðar eða jarða hann staðfestir.

5.3.5.3 Gröf á Höfðaströnd

Jörðin Gröf var talin 60 hundraða jörð árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var rituð. Hjáleigan Grafargerði tilheyrði henni. Í jarðabókinni segir að Gröf eigi selstöðu fram við Deildardalsaftrétt sem og upprekstur.⁹⁸⁹

Í jarðamatinu 1849 stendur um Gröf:

Gröf, með bigdri hjáleigu Grafargerði, bondaeign, eptir núverandi dýrleika 40 hndr. [...] Jörðin á selland í Deildardal, eru þar góðir hagar fyrir búsmala og nokkrar slægjur.

⁹⁸⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 248.

⁹⁸⁷ Skjal nr. 2(255). Bjarnastaðagerði. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 46823).

⁹⁸⁸ Skjal nr. 2(20) a-b.

⁹⁸⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IX, bls. 238.

[...] Beítlandi er óskipt ~~milli~~ milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar, og líkt að gjæðum, nema hvað hjáleigan nær ej til sellandsins.⁹⁹⁰

Landamerkjabréf Grafar í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og þinglesið viku síðar⁹⁹¹ og hljóðar það svo:

Selland fylgir jörðinni Gröf er liggur fram frá Deildardal vestan verðum, vestan til við Deildardals afrétt. Landamerki þessi að utan gagnvart Miðhúsa Sellandi að sunnan er svo kölluð Bjarkará er rennur eftir Bjarkárdal ræður hún merkjum til uppsprettu sinnar í Bjarkárdalsbotni. Þaðan bein stefna suður eptir fjallgarðinum, fram að svo nefndu Þverfjalli. Að austan ræður svo kölluð Afrjettará þartil sem áður nefnd Bjarkará rennur í hana.⁹⁹²

Eigandinn Björn Jónsson skrifar undir landamerkjabréfið. Einnig staðfesti Björn það sem eigandi Stafshóls. Rétt landamerki vegna Tumabrekku vottaði K. Jónsson, rétt landamerki gagnvart Miðhúsum vottaði K. Jónsson, sá hinn sami væntanlega og fyrr getur, og S. Ingimundsson oddviti vottaði gagnvart Deildardals-afrétt.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Grafar séu þinglesin og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafrétt. Einnig stendur að beítland Grafar sé mjög viðlent.⁹⁹³

5.3.5.4 Stafn

Jörðin Stafn var 20 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709. Um upprekstur segir eftirfarandi:

Upprekstur ut supra.⁹⁹⁴

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Ákveðið var á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd, 11. júní 1864 að bændurnir Gestur á Stafni og Baldvin⁹⁹⁵ á Grafarseli myndu standa fyrir trippum á Deildardalsafrétt, Baldvin 1/4 en Gestur 3/4 pörtum.⁹⁹⁶

Landamerkjabréf fyrir Stafn var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar og er svohljóðandi:

Að norðan gagnvart Kambi ræður Strangilækur, er fellur fram úr fjallinu og rennur niður í Deildardalsá frá upptökum hans þar sem hann fellur fram úr fjallinu, ræður bein sjónhending á fjallsbrún upp, þar sett varða, að vestan gagnvart Miðhúsasellandi ræður Afrjettará, en gagnvart Háleggsstöðum ráða vörður þær er settar eru eptir

⁹⁹⁰ Skjal nr. 2(87).

⁹⁹¹ Skjal nr. 2(255). Gröf. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 41698).

⁹⁹² Skjal nr. 2(25) a-b.

⁹⁹³ Skjal nr. 2(92).

⁹⁹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins*, IX, bls. 241.

⁹⁹⁵ Sjá neðanmálgrein um Baldvin þennan í kaflanum um Gröf á Höfðaströnd.

⁹⁹⁶ Skjal nr. 2(255). Stafn. Skag. V. 24. (db.gr.nr. 35848).

árhólmunum. Að sunnan ræður Brunná til upptaka sinna og þaðan austur á fjall til móts við Hofsselland, nefnd á aðgreinir Óslandsselland frá Stafnslandi.⁹⁹⁷

Hjálmar Þórðarson eigandi Stafns skrifar undir landamerkjabréfið. Það var staðfest af Þorgils Þórðarsyni er vottaði landamerkin gagnvart Kambi og Birni Jónssyni sem vottaði landamerki gagnvart Óslandi.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Stafns sé frekar lítið og að það liggja að Deildardalsafretti. Einnig stendur að engjar jarðarinnar séu í fjallshlíð og að landamerki Stafns séu þinglesin.⁹⁹⁸

5.3.5.5 Háleggsstaðir (Áleggsstaðir, Alaugsstaðir, Aleksstaðir)

Aleksstaðir eru nefndir í skrá um eignir Hólastóls og kirkju eftir Jón Arason frá fallinn árið 1550, þá sagðir 10 hundruð að dýrleika.⁹⁹⁹

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* voru Háleggsstaðir 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709. Þar segir eftirfarandi um upprekstur:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.¹⁰⁰⁰

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Landamerkjabréf Háleggsstaða var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar. Er það svohljóðandi:

Að sunnan gagnvart Miðhúsa Sellandi ræður varða sett við Deildardalsá og úr þeirri vörðu sjónhending beint uppí græna lækjardrag, þaðan sjónhending beint í skarð í fjallseginni. Að austan gagnvart Stafni ráða vörður þær, er settar eru eptir Árhólmunum, þá Deildardalsá til Háleggsstaðaár. Að norðan gagnvart Skuggabjörgum ræður Háleggsstaðaá þangað er hún sprettur upp, norðanvert við tungufjall, er tilheyrir báðum jörðunum jafnt Háleggsstöðum og Skuggabjörgum.¹⁰⁰¹

Þorgils Þórðarson eigandi Háleggsstaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var staðfest af K. Jónssyni er vottaði landamerkin gagnvart Miðhúsum og J. Jónatansyni er vottaði landamerkin gagnvart Skuggabjörgum.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Háleggsstaða sé allvíðlent og að engjar jarðarinnar liggja í fjalllendi. Einnig stendur að landamerki séu þinglesin.¹⁰⁰²

5.3.5.6 Skuggabjörg

Landamerkjabréf Skuggabjarga var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar. Er það svohljóðandi:

Að sunnan gagnvart Háleggsstöðum ræður Háleggsstaðaá þangað er hún sprettur upp nordanvert við Tungufjall, er tilheyrir Háleggsstöðum jafnt Skuggabjörgum. Að

⁹⁹⁷ Skjal nr. 2(22) a-b.

⁹⁹⁸ Skjal nr. 2(92).

⁹⁹⁹ Skjal nr. 2(115).

¹⁰⁰⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* IX, bls. 241.

¹⁰⁰¹ Skjal nr. 2(27) a-b.

¹⁰⁰² Skjal nr. 2(92).

norðan gagnavart Stafshóli, ræður Hrappsá (Hrafnsá) eins og hún hefur runnið til forna, og frá Hrappsá ræður bein stefna í mitt Tungufjall og aptur frá midju Tungufjalli bein stefna til Grænuhlíðarfjalls.¹⁰⁰³

Jón Jónatansson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eiganda Skuggabjarga. Þorgils Þórðarson vottaði rétt landamerki gagnvart Háleggsstöðum og Björn Jónsson vottaði rétt landamerki gagnvart Stafshóli.

5.3.5.7 Miðhús

Jörðin Miðhús var 30 hundraða jörð árið 1709 í eigu Hólastóls, þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var tekin. Henni tilheyrir eyðibólið Miðhúsagerði. Um selstöðu og upprekstur segir eftirfarandi:

Selstöðu í Deildardal vestan fram þar sem heitir Björk á jörðin, en getur ekki brúkað því oflángt er til að sækja nema megandi mönnum.

Upprekstur ut supra.¹⁰⁰⁴

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Upplesin var lögfesta fyrir selstöðu á Miðhúsum, á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd, 25. júní 1808.¹⁰⁰⁵

Í jarðamatinu 1849 stendur um Miðhús:

Miðhús, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 30 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til selstöðu í Deildardal sem ej er notuð. Torfrista og mósukurður lélegt en hrisrif til heimilisbrúkunar.¹⁰⁰⁶

Landamerkjabréf fyrir Miðhús í Hofshreppi var útbúið 14. maí 1886 og var þinglýst 29. maí sama ár. Þar kemur m.a. fram að selland fylgi jörðinni. Bréfið hljóðar svo:

Selland fylgir jörðinni Miðhúsum sem liggur í Deildardal vestanverðum, milli Háleggstaða og Grafar sellands og eru þar landamerki þessi: Að neðan og utan gagnvart Háleggsstöðum, úr vörðu á eyrinni við Afrjettará. Þaðan beina leið í græna drag og eftir því sjónhending í skarðið á fjallsbrúninni fyrir utan Bjarkarskál. Að framan gagnvart Grafarsellandi ræður Bjarkardalsá frá því hún fellur í Afrjettará og fram til Bjarkardalsdraga.¹⁰⁰⁷

K. Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af K. Jónssyni er vottaði merkin gagnvart Tumabrekku, Birni Jónssyni er vottaði merkin gagnvart Gröf og Grafarlandi og Þorgils Þórðarsyni er vottaði merkin gagnvart Háleggsstöðum.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beutiland Miðhúsa sé takmarkað og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafrétt. Einnig stendur að landamerki Miðhúsa séu þinglesin.¹⁰⁰⁸

¹⁰⁰³ Skjal nr. 2(41) a-b.

¹⁰⁰⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 236.

¹⁰⁰⁵ Skjal nr. 2(255). Miðhús. Skag. V. 10. (db.gr.nr. 34143).

¹⁰⁰⁶ Skjal nr. 2(87).

¹⁰⁰⁷ Skjal nr. 2(26).

¹⁰⁰⁸ Skjal nr. 2(92).

5.3.5.8 Ósland

Jörðin Ósland hafði verið 80 hundraða jörð, en árið 1709 var búið að skipta henni upp í nokkur býli svo sem sjá má í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Býli þessi voru auk Óslands: Undhóll (Hundhóll), Brekkukot, Torfhóll, Háagerði (Framanismeya).¹⁰⁰⁹ Um selstöðu og upprekstur Óslands segir svo í jarðabókinni 1709:

Selstöðu á jörðin í Seljadal, erfiða til að sækja og brúkast því ei.

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.¹⁰¹⁰

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Í jarðamatinu 1849 stendur um Ósland:

Ósland, bóndaeign, með hjáleigunni Torfhól, eptir viðteknum dýrleika 42 ½ hndr. [...] Jörðin á selstöðu i Deildardal sem örðugt er að nota vegna fjarlægðar, hún hefir torfristu, hrísrif og móskurð til heimilisþarfa [...]¹⁰¹¹

Landamerkjabréf Óslands í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og því var þinglýst viku síðar. Í því er merkjum Óslandssels lýst sérstaklega:

Selland fylgir jörðinni Óslandi, er liggur næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svo kölluðum Seljárdal. Landamerki þessi eru: Að utan gagnvart Stafni svo kölluð Brunná, að sunnan Glúmsgil, ráða þessi merki á fjall upp.¹⁰¹²

Björn Jónsson eigandi hálfes Óslands og E. B. Guðmundsson vegna eiganda hálfes Óslands skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hjálvari Þórðarsyni er vottaði gagnvart Stafni, K. Jónssyni er vottaði gagnvart Marbæli og Þorsteini Sigurðssyni er vottaði gagnvart Undhóli.

Þinglesin var yfirlýsing um Óslandsselsland, á manntalsþingi á Hofsósi á Höfðaströnd, 8. júní 1915. Ekkert kemur fram um innihald yfirlýsingarinnar.¹⁰¹³

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Óslands séu þinglesin og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafrétt.¹⁰¹⁴

5.3.5.9 Marbæli

Jörðin Marbæli var 15 hundraða jörð árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var tekin. Selstöðu á jörðin á Seljadal, en nýtir ekki sökum fjarlægðar. Um afrétt segir:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.¹⁰¹⁵

Upprekstur hefur jörðin því að á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Í jarðamatinu 1849 stendur um Marbæli:

¹⁰⁰⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 233-235.

¹⁰¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 233-234.

¹⁰¹¹ Skjal nr. 2(87).

¹⁰¹² Skjal nr. 2(23).

¹⁰¹³ Skjal nr. 2(255). Ósland. Skag. V. 42. (db.gr.nr. 33057).

¹⁰¹⁴ Skjal nr. 2(92).

¹⁰¹⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 232.

Marbæli, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 40 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til sellands í Deildardal, sem örðugt er að nota vegna fjarlægðar.¹⁰¹⁶

Landamerkjabréf Marbælis var útbúið 17. maí 1886 og því var þinglýst tólf dögum síðar.¹⁰¹⁷ Það hljóðar svo:

Selland fylgir jörðinni í Marbæli, sem liggur á austanverðum Seljadal hjer í hreppi frá Glúmshlíslæk að neðan og fram að strangalæk.¹⁰¹⁸

K. Jónsson skrifaði undir vegna eigandans Kristins B. Erlendssonar. Landamerkja-bréfið var samþykkt af Sigurlaugu Þorkelsdóttur er vottaði gagnvart Teigi og Þorsteini Sigurðssyni er vottaði gagnvart Undhóli.

5.3.5.10 Kross í Óslandshlíð

Jörðin Kross er 36 hundruð árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var rituð. Um afrétt segir:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.¹⁰¹⁹

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ. Í jarðamatinu 1849 stendur um Kross:

Kross, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 24 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til selstöðu í Deildardal, sem ej er notuð vegna vegaleingdar. Torfrista, mósukurður og hrísrif til heimilisþarfa.¹⁰²⁰

Landamerkjabréf Kross í Hofshreppi var útbúið 19. maí 1886 og þinglesið 29. maí sama ár:

Að utan og neðan ræður gil við ána Kolku, gagnvart Teigslandi er liggur upp að settri vörðu, og þaðan beina línu eftir vörðum upp í sjéristaka vörðu á svonefndum Langhól, þaðan og í Grástein upp á fjallinu beina stefnu þaðan og í löngu laut á fjallsbrúninni og austur í Hákallafjall.

Að sunnan og neðan við fyr nefnda á, byrjar gil er ræður upp í þar setta vörðu. Þaðan og í svonefndun „Syðri Poll“ og þaðan eptir merkja skurði, sem liggur í svo kallað „Rauðadý“ og þaðan rjetta stefnu í vörðu er stendur á hǫ hjallarenda neðan til í hlíðinni, og eptir sömu stefnu í syðri Ausu-hnjúk, og austur í Flathólsgreni.¹⁰²¹

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigmundi Þorkelssyni er vottaði gagnvart Teigi og Pétri Jónssyni er vottaði gagnvart Þúfum.

¹⁰¹⁶ Skjal nr. 2(87).

¹⁰¹⁷ Skjal nr. 2(255). Marbæli. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 41698).

¹⁰¹⁸ Skjal nr. 2(24).

¹⁰¹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 231.

¹⁰²⁰ Skjal nr. 2(87).

¹⁰²¹ Skjal nr. 2(21).

5.3.5.11 Sleitustaðir

Landnáma segir frá því að landnámsmaðurinn Sleitu-Björn hafi búið á Sleitu-Bjarnarstöðum, en hann nam land á milli Grjótár og Deildarar.¹⁰²²

Landamerkjabréf Sleitustaða var útbúið 17. maí 1888 og þinglesið 22. maí ári síðar.¹⁰²³ Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Sleitustaða í Hólahrepp eru samkvæmt kaup og afsalsbrjefi fyrir jörðunni dagsettu 24. október 1881: að sunnan milli Sleitustaða og Smiðsgerðis í grjótvröðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við illukeldu, skammt fyrir utan Smiðsgerðis tún; frá þeirri vörðu beina stefnu upp í fjallstopp sunnan við Úlfsskál, mitt á milli yztu nibbu og næstu hæðar skammt sunnar; þaðan ræður sama stefna a[u]stur á miðja hnjúka. Til glöggvari aðgreiningar á slægjulandi skulu settar 2 grjótvröður í þessa beinu línu.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá á landamerkjum jarðarinnar.

Að norðan milli Sleitustaða og Miklabæar eru landamerkjarðarinnar í grjótvröðu niður við Kolbeinsdalsá, er stendur [rjett]¹⁰²⁴ norðan við Kringlugerðislæk þar sem hann rennur í ána; frá henni beina stefnu í grjótvröðu er stendur á barði fyrir norðan (svokallaða) Laxaveitu; frá þeirri vörðu beina stefnu upp í Sámsstaðagil þar sem það fellur úr gljúfrum. Svo ræður gilið merkjum upp á fjallsbrún og þaðan sama stefna austur á miðja hnjúka. Til glöggvari aðgreiningar á engjum jarðanna eru 2 grjótvröður settar í þessa beinu stefnu, önnur yzt á grashól fyrir norðan Kringlugerði, hin á neðsta krosshól utanverðum. Auk þeirra skulu 2 grjótvröður settar upp undir fjallinu, í sömu stefnu og hinar. Hjer að auk eiga Sleitustaðir fríjan upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet, fyrir geldfje og trippi.¹⁰²⁵

Magnús Ásgrímsson eigandi Sleitustaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Pjetri Gestssyni eiganda Smiðsgerðis og Birni Pjeturssyni vegna Miklabæjar.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Sleitustaða séu þinglesin.¹⁰²⁶

5.3.5.12 Smiðsgerði

Landamerkjabréf fyrir Smiðsgerði var útbúið 19. maí 1888 og þinglesið 25. sama mánaðar. Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Smiðsgerðis í Hólahrepp eru: að sunnan milli ~~Sviðnings~~ Smiðsgerðis og Sviðnings í grjótvröðu, sem stendur utan til á rauðuklökk niður við Kolbeinsdals-á, frá henni beina stefnu í grjótvröðu er stendur upp undir fjallinu; frá þeirri vörðu beina stefnu í skorning, sem er fyrir sunnan svo kallað Guðnýjardi upp í fjallinu; þaðan sömu stefnu syðst í Smiðsgerðis-skál og upp á fjallsbrún. Að vestan ræður Kolbeinsdals-á landamerkjum jarðarinnar. Að norðan milli Smiðsgerðis og Sleitustaða, eru merkin í grjótvröðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við

¹⁰²² *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 237.

¹⁰²³ Skjal nr. 2(255). Sleitustaðir. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 45480).

¹⁰²⁴ Innskot ofan línu.

¹⁰²⁵ Skjal nr. 2(29) a-b.

¹⁰²⁶ Skjal nr. 2(92).

illukeldu, skamt fyrir utan túnið; frá þeirri vörðu beina stefnu uppí fjallstopp sunnan við Úlfsskál, mitt á milli yztu nibbu og næstu hæðar skamt sunnar, og sama stefna ræður austur á miðja hnjúka. Til glöggari aðgreiningar á slægjulandi, skulu settar 2 grjótvörður í þessa beinu línu. Hjer að auk á jörðin frían upprekstur í Kolbeinsdalsaftrjett fyrir geldfje og tryppi.¹⁰²⁷

Pjetur Gestsson eigandi Smiðsgerðis skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Ásgrímssyni eiganda Sleitustaða og Hafliða Jónssyni eiganda Sviðnings.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að engjar Smiðsgerðis liggi í fjallshlíð og að landamerki jarðarinnar séu þinglesin.¹⁰²⁸

5.3.5.13 Sviðningur (Sviðingur)

Landamerkjabréf fyrir Sviðning var útbúið 27. maí 1887 og þinglesið samdægurs.¹⁰²⁹ Það er svohljóðandi:

Að sunnan ræður merkjum steinn nokkur afarstór, sem stendur fyrir sunnan og ofan klifið syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þenna nefnum vér merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðningsdals og Saurbæjardals; í þeim hnjúk eru kambar, sem nefndir eru. Niður frá steininum liggja merkin eptir sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár, á þeirri leið eru tvær merkjavörður: önnur þar sem „klifið“ hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar.

Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum.

Að norðan ráða vörður merkjum. Neðsta varðan stendur skamt fyrir ofan veginn, utanvert hóla- klasa, sem nefndur er kerlingarhólar. Þaðan liggur merkjastefnan eptir beinni línu, sem vísa þær þrjár vörður, er standa hver upp undan annari á mýrinni með nokkuru millibili, allar fyrir ofan þá fyrst nefndu; eptir sömu stefnu liggja merkin, er vörðunum sleppir, allt upp í háfjall. Sömuleiðis liggja merkin eptir sömu stefnu, sem vörðurnar mynda ofan til Kolbeinsdalsár, og verður merkjalínan þá utan við „klöpp“ nokkura við ána, að eins verður klöppin öll í Sviðningslandi. Ennfremur á jörðin Sviðningur frían upprekstur í Kolbeinsdalsaftrjett fyrir geldfje og stóðhross.¹⁰³⁰

Hafliði Jónsson eigandi Sviðnings skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Gunnlögi Pálmasyni er handsalaði sem eigandi Saurbæjar og Pétri Gestssyni eiganda Smiðsgerðis.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Sviðnings séu þinglesin.¹⁰³¹

¹⁰²⁷ Skjal nr. 2(30) a-b.

¹⁰²⁸ Skjal nr. 2(92).

¹⁰²⁹ Skjal nr. 2(255). Sviðningur. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 42814).

¹⁰³⁰ Skjal nr. 2(31) a-b.

¹⁰³¹ Skjal nr. 2(92).

5.3.5.14 Saurbær í Kolbeinsdal

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ var útbúið 26. maí 1887 og þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að sunnan ræður merkjum grashóll nokkur, sem nefndur er Valhóll, hann er næsti hóll fyrir sunnan Sandhól, báðir eru þeir í hlíð þeirri, er sandhlíð heitir. Úr Valhól liggja merkin beina stefnu upp í skál í fjallinu, sem heitir Merkjaskál, og eptir þeirri stefnu liggja merkin einnig úr Valhól til áar; þar skal sett merkjavarða, spölkorn frá ánni. – Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum. Að norðanverðu ræður merkjum steinn nokkur, afarstór, sem stendur fyrir sunnan og ofan „klifið” syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þennan nefnum vjer merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðningsdals og Saurbæjardals; í þeim hnjúk eru „Kambar” sem nefndir eru. – Niður frá steininum liggja merkin eptir – sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár; á þeirri leið eru tvær merkjavörður, önnur þar sem klifið hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar. Ennfremur á Saurbær frían upprekstur í Kolbeinsdalsaftrjett fyrir geldfje og stóðhross.¹⁰³²

Gunnlaugur Pálmason eigandi Saurbæjar handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hafliða Jónssyni eiganda Sviðnings og Sigurði Gunnlögssyni eiganda Skriðulands.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að beitiland Saurbæjar sé víðlent en erfitt sé að komast að því vegna fjarlægðar. Einnig stendur að landamerki séu þinglesin.¹⁰³³

5.3.5.15 Skriðuland

Landamerkjabréf Skriðulands var útbúið 30. maí 1885 og þinglesið 1. júní sama ár.¹⁰³⁴ Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum hóll sá, er nefndur er Valhóll, sem er næsti hóll fyrir sunnan háfan mel, er heitir Sandhóll. Báðir þessir hólur eru í hlíð þeirri, er heitir Sandhlíð. Í fjallinu beint upp undan Valhól, er dálítill skál, og eru merkin beina stefnu úr Valhól í skálinu, og þaðan beina stefnu upp á háfjall. Sömuleiðis eru merkin beina stefnu úr Valhól niður að Kolbeinsdalsá; þar skal sett merkjavarða. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim

farvegi, sem hún nú hefur út með melunum, er byrjast út og yfir undan Skriðulandi, en er út eptir dregur lengra, skiptir áin sjer um hólma þann, er nefndur er Fremranes. Nes þetta á Skriðuland.

Að austan ræður há-fjallgarðurinn merkjum.

Að sunnan er stór lækur, sem kemur ofan af Skriðulandsdal. Sá lækur rennur sunnan við grasivaxna grund, sem er beint niður undan Skriðulandsdal, og er grund þessi engjapartur frá Skriðulandi. Þar sem lækurinn rennur í Kolbeinsdalsá eru landamerki;

¹⁰³² Skjal nr. 2(32) a-b.

¹⁰³³ Skjal nr. 2(92).

¹⁰³⁴ Skjal nr. 2(255). Skriðuland. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 40333).

Þaðan liggja merkin stefnu í opið á Skriðulandsgili, sem er þar út og upp undan og skulu á þeirri leið settar 2 merkjavörður, önnur við veginn, en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gilinu dregur, skiptist það í 2 gil, og ræður syðra gilið merkjum, þar til því sleppir, en úr því ræður Skriðulandslækurinn merkjum til upptaka.

Ennfremur á Skriðuland frían upprekstur fyrir sauðpening og tryppi og þar að auki beit fyrir 4 hross í Kolbeinsdalsafrijet.¹⁰³⁵

Sigurður Gunnlaugsson eigandi Skriðulands skrifaði undir landmerkjabréfið. Það var samþykkt af Gunnlaugi Pálmasyni er handsalaði sem eigandi Saurbæjar og Guðrúnu Jóhannesdóttur er handsalaði sem eigandi Bjarnastaða.

5.3.5.16 Bjarnastaðir í Kolbeinsdal

Landamerkjabréf fyrir Bjarnastaði í Kolbeinsdal var útbúið 25. maí 1886 og þinglesið tveimur dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan ræður merkjum gil það, er nefnt er Skriðulandsgil. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, er rennur um gilið fellur í Kolbeinsdalsá. Á þeirri leið eru 2 merkjavörður, önnur hjá þ veginum en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gilinu dregur, skiptist það í tvö og ræður syðra gilið merkjum svo langt, sem það nær, en úr því lækurinn til upptaka. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefir. Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gilinu sleppir að ofan, ræður Heljará merkjum til efstu upptaka, og eiga þannig Bjarnarstaðir Heljardal allan að norðan verðu. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki eiga Bjarnarstaðir frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir allan fjárpening sinn og hrossagöngu sumar og vetur án nokkurs endurgjalds.¹⁰³⁶

Guðrún Jóhannesdóttir eigandi Bjarnastaða handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Gunnlaugssyni, væntanlega fyrir hönd Skriðulands.

5.3.5.17 Atlastaðir (Hnjótafjall)

Landamerkjabréf fyrir Atlastaði var útbúið 15. maí 1884 og fært í landamerkjabók en ekki liggur fyrir hvenær því var þinglýst. Það hljóðar svo:

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla móts við afrjettarlandið Hnjóta. Að norðan móts við Þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við Þorsteinsstaðatún, og þaðan beint á fjall upp. Afrjettarlandið Hnjótar fylgja tjeðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrrnefnd Skallá merkjum.¹⁰³⁷

Björn Sigurðsson, bóndi á Atlastöðum, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Arngrímssyni vegna Þorsteinsstaða.

¹⁰³⁵ Skjal nr. 2(34) a-b.

¹⁰³⁶ Skjal nr. 2(35).

¹⁰³⁷ Skjal nr. 2(36) a-b.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Atlastaða séu þinglesin og að engjar liggja að nokkru leyti til fjalls. Einnig stendur að jörðin eigi upprekstrarland, „Hnjótafjall“, sem Urðir eigi frían upprekstur í og að Þorsteinsstaðir eigi fría hagabeit fyrir búpening sinn að sumri í búfjárhaga Atlastaða.¹⁰³⁸

5.3.5.18 Tunga í Fljótahreppi

Landamerkjabréf Tungu var útbúið 27. júní 1887 og þinglesið 1. júlí sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Túngu og Hrings eru merkji í stóran stein, sem liggur við götuna í túninu milli bæjanna, og frá honum (steininum) beina stefnu í skurð, sem liggur í Tungubæjarlæk, og ræður lækurinn úr því merkjum til ár; tröðin ræður merkjum suður að túngarði, en þar fyrir sunnan er óskipt land. Milli Tungu og Háakots, að ofan, eru merki við túnið, og milli sömu jarða að utan eru merki í vörðu [í Stóru-Skriðu, og frá þeirri vörðu vörður]¹⁰³⁹ niður við læk og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er niður við hann, frá henni beina stefnu í vörðu við Merkjady, frá því beina stefnu á Draugatópt, á þeirri leið settar 2 markvörður, og þaðan út að vikinni beina stefnu í Háakotsnes vestasta Tungukelda úr vikinni ræður merkjum austur að vörðu í árbakka frá þeirri vörðu er Háakotsland út að annari vörðu í árbakkanum frá henni bein í vestari tópt, þaðan beint á Álftadyngju, þaðan beint vestur til vatns, við Háakotsnes, og þar sett ein markvarða, út því ræður vatnið og áin merkjum út að Hvammskálum. Jörðinni fylgir ennfremur alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.¹⁰⁴⁰

Eigendurnir Jón Guðmundsson og Aðalsteinn Steinsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Á. Þorleifssyni eiganda Háakots og Jóhanni Jónssyni eiganda Hrings.

5.3.5.19 Hringur (hjáleiga Tungu)

Jörðin Hringur var hjáleiga Tungu. Afrétt notaði jörðin ekki. Sjá nánar kafla 5.2.4.3.

5.3.5.20 Háakot (Háfakot) (hjáleiga Tungu)

Landamerkjabréf Háakots var útbúið 14. maí 1886 og þinglýst 2. júní sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Háakots og Tungu fyrir heiman ána eru engjar, svokallaðar veitur, ofanað Tungutúni, og fyrir utan ána er Háakotsland frá vörðu á Stóruskriðu beint ofanað vörðu niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er neðan við hann, frá henni beina stefnu á vörðu við merkjadý og frá því, beint á grjótvörðu uppá grundinni, á þeirri leið sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir Háakoti nes í miðjum Tungubökkum, sem byrjast að sunnan við vikina miðja og ræður varða við kelduna merkjum beint á tófti nesinu þaðan austur að vörður á árbakka, frá því er Háakotsland útað annari vörðu á árbakka, frá henni beint á vestaraholt, þaðan útað áltadyngju, þaðan

¹⁰³⁸ Skjal nr. 2(92).

¹⁰³⁹ Innskot ofan línu.

¹⁰⁴⁰ Skjal nr. 2(6) a-b.

beint vestur til vatns og þar sett ein mark-varða. Ennfremur tilheyrir jörðinni alt óskipt land eptir hundraðatali.¹⁰⁴¹

A. Þorleifsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni umráðamanni Tungu.

5.4 Kolbeinsdalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Kolbeinsdalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um sel og upprekstur jarða í Hólahreppi samkvæmt frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Loks er gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.4.1 Landnám

Um landnám í Kolbeinsdal segir *Landnáma* svo:

Gróa hét dóttir Herfinns ok Höllu; hana átti Hróarr, þeira son Sleitu-Björn, er land nam fyrst á milli Grjótár ok Deildarár, áðr þeir Hjalti ok Kolbeinn kómu út; hann bjó á Sleitu-Bjarnarstöðum.¹⁰⁴²

Ennfremur hermir *Landnáma* svo um landnám á nærliggjandi svæðum:

Öndóttir kom út í Kolbeinsárósi ok kaupir land at Sleitu-Birni ofan frá Hálsgróf enum eystra megin ok út til Kolbeinsáróss, <en> enum vestra megin ofan frá læk þeim, er verðr út frá Nautabúi, ok inn til Gljúfurár, ok bjó í Viðvík.¹⁰⁴³

Sigmundur á Vestfold átti Ingibjörgu dóttur Rauðs ruggu í Naumudal, systur Þorsteins svarfaðar. Þeira son var Kolbeinn; hann fór til Íslands ok nam land á milli Grjótár ok Deildarár, Kolbeinsdal og Hjaltadal.¹⁰⁴⁴

5.4.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Hér verður gerð grein fyrir því er skjöl herma um Kolbeinsdal, einkum afrétt og afréttarnot, frá því seint á 13. öld og fram á 20. öld.

Jörundur biskup Þorsteinsson setti systraklaustur að Stað í Reyninesi með stofnskrá sem talin er frá 1295. Þar lagði hann klaustrinu til fjölda jarðeigna og kemur fram að Saurbæjarland í Kolbeinsdal skyldi leggjast til Hólastaðar fyrir biskupstíundir af þeim.¹⁰⁴⁵ Í elsta hluta Sigurðarregisturs, frá 1525, kemur fram að Kolbeinsdalur tilheyrir Hólastól.¹⁰⁴⁶

Fram kemur í úttekt Hólastóls frá 2. ágúst 1628 um Kolbeinsdalsafrétt:

Anno Domini milesimo, sextentesimo, Vigesimo octavo, secunda Die Mensis Augustj, [2. ágúst 1628] Medtök Herra Þorlákur Skúlason, Valld og umsiön Höla Dömkirkju,

¹⁰⁴¹ Skjal nr. 2(7) a-b.

¹⁰⁴² *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 236–237.

¹⁰⁴³ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 237.

¹⁰⁴⁴ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 237.

¹⁰⁴⁵ Skjal nr. 2(125).

¹⁰⁴⁶ Skjal nr. 2(123).

og allra hennar Eigna J fóstu og lausu, Var honum sofelldur Reikniungskapur giórdur, ä frijduum peniungum og öfrijduum kirkiunnar, Daudum og kuikum sem hier Seiger. [...] Suo mikid afhendt i frijduum peniungum Heima ä Hölum

Naut sem voru ä Unudals afriett tuæVetur og Elldrj ad tölu Lxxi, a Bæum – xxij – J Vmmbodj Sr Gysla ix – J külu Vmmbodum – iv Naut, Brande J Vydernesi feingid Biskupsenz Vegna, af Kolbeinzdalz afriett afhendt ij [...] ¹⁰⁴⁷

Í úttekt Hólastóls frá 10. júlí 1657 er minnst á Kolbeinsstaðaafrétt. Þar segir:

In Nomine Domini

Anno Domini Millesimo Sex centesimo qvinqvagesimo septimo. Decima die mensis Julij [10. júlí 1657] medtok Herra Gijlsle Thorlakzson Valld og Vmsiön Hoola Döm kyrkiu, og allra hennar eygna J fóstu og lausu. Var honum suofelldur Reykningskapur giórdur áá frijduum peningum og ofrijduum kyrkiunnar, Daudum og kuikum, Sem hier Seiger. [...]

Jtem Sagt til nauta Stadarenz a Vnudalz afriett, tuævetur og elldre ad tolu 51. J Kolbeinsdals afriett sagt til 12. J Suýnadals vmbode vijsad til 10 tuævetra og elldre. J Hórgárdals Vmbode sagt til átta. J Suarfardals Vmbodj tilsagt eitt. Hier heima og a Bæum 16. J þessu nautatale eru 12 naut Veturgómul sem stadnum tilheýra, En fyrer þaug flogur Naut Veturgómul sem Vantar eru Sett tuo Naut þrievetur.

Kalfar tilsagder 12, fimm i Kolbeinsdals afriett enn 7 ä Bæum. ¹⁰⁴⁸

Í bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar á Hölum er varðveitt bréf sem dagsett er 23. júní 1676 sem fjallar um afréttina í Kolbeinsdal og snertir m.a. lögfestingu Hólastóls á afréttinni. Bréfið mætti kalla aðvörunarbréf eða umvöndunarbréf ¹⁰⁴⁹ sem er beint að íbúum Viðvíkursveitar, Hjaltadals og Kolbeinsdals, vegna óleyfilegs fjárrekstrar íbúanna í Kolbeinsdalsafrétt. Bréfið er svohljóðandi: ¹⁰⁵⁰

Seðill um afréttina í Kolbeinsdal. 1676.

Læt ég yður vita, góðir vinir og búendur í Viðvíkursveit, Hjaltadal og Kolbeinsdal, að eftir því, ég hefi látið lögfesta staðarins afrétt í Kolbeinsdal, þá vil ég yður aðvarað, sem og fullkomlega tilsagt og befalað hafa, að þér og yðar heimilismenn, sem hesta, færleika eður ótemjur, hafið rekið, sleppt eður reka látið í nefnda afrétt, takið þá nú strax, sem þennan minn seðil heyrt hafið í burt úr afréttinni án alls undandrátar, utan þér bevisið yður þangað löglega tiltölu eiga, ellegar mitt eður míns ráðsmanns leyfi, hafið fyrir yður að bera, svo þér hleypið ekki framvegis sektum uppá yður. En sé þessu ekki góðmannlega gegnt, þá neyðist ég til að láta lögsækja þá sem ekki vilja að gjöra, því mér er ófært, vegna staðarins peninga, slíkan fjölda af annarra manna gripum, þar að líða, án stórs skaða og af[d]ráttar. Hér eftir megi þér vita yður að rétta.

¹⁰⁴⁷ Skjal nr. 2(177) a-b.

¹⁰⁴⁸ Skjal nr. 2(176) a-b.

¹⁰⁴⁹ Bréf af þessu tagi voru einnig kölluð opin bréf.

¹⁰⁵⁰ Stafsetning er hér færð til nútíðar ritháttar en ekki er hróflað við orðmyndum. Kommusetning útgefanda er látin halda sér.

Til merkis mitt nafn, þann 23. júní, að Hólum í Hjaltadal, anno 1676 [Gísli Þorláksson].¹⁰⁵¹

Í sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* segir eftirfarandi um Kolbeinsdal:

Landslagið í Hjalta- og Kolbeinsdölum er að meiri hluta þurrlegt, fjallendi mikið, en undirlendi víða lítið. [...] Í afdölum eru allgóðir landkostir fyrir búsmala á sumrum, þótt víða séu þeir hrjóstugir og uppblásnir. Nokkur grasatekja er á þeim flestum og notuð sem færi gefst.¹⁰⁵²

Þann 13. júní árið 1881, á Viðvíkurmanntalsþingi, var þinglesið afsalsbréf fyrir Hólum í Hjaltadal með hjáleigunum Hofi og „Haganum“ svonefndum, sem og Suðurárdal Hafrafellsmegin, Kolbeins(dals)afrétt, kirkjunni „og öllum réttindum“. Afsalsbréfið var útgefið af eiganda Hóla, Benedikt Jónssyni þann 25. apríl sama ár, til handa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Af þessu tilefni lýstu Viðvíkurhreppsmenn því yfir að þeir gætu ekki samþykkt skýlausa sölu á afréttinni og geymdu sér óskertan rétt til upprekstrar í hana. Þeir sögðust ítrekað hafa skorað á fyrrverandi eiganda Hóla til þess að sanna eignarrétt sinn til Kolbeinsdalsafréttar og hann ekki orðið við þeim áskorunum.¹⁰⁵³

Dagana 5.-7. maí 1898 var haldinn aðalfundur stjórnarnefndar Búnaðarskólans á Hólum. Fundinn sátu Hermann Jónsson fulltrúi Húnavatnssýslu, Ólafur Briem fulltrúi Skagafjarðarsýslu, Guðmundur Guðmundsson fulltrúi Eyjafjarðarsýslu og Jakob Hálfðánarson fulltrúi Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig sat Jósef Björnsson fundinn. Þar var tekin fyrir:

7. Sala Kolbeinsdalsafrejtta.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 23. júní f.á., er tilkynnir, að amtsráðið í Norðuramtinu hafi á fundi sínum 11.-12. s.m. samþykkt sölu á Kolbeinsdalsafrejtta fyrir 650 kr. (sbr. fundargerð stjórnarnefndarinnar 10.-12. maí 1897, tölul. 16). Samkvæmt fyrirskipun amtráðsins afgreiddi stjórnarnefndin afsalsbrjef fyrir afrejtinni, svohljóðandi:

Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum kunngjörir, að hún samkvæmt fyrirskipun amtráðsins í Norðuramtinu selur og afsalar hreppsnefndunum í Hóla og Viðvíkur hreppum hina svonefndu Kolbeinsdalsafrejtta, er telst 10 (tíu) hundruð úr jörðinni Hólum í Hjaltadal með þeim rjettindum og skyldum, er landi þessu fylgja að lögum, þannig að jörðin Hólar njóti alls sama rjettar og sje öllum sömu skyldum háð í tilliti til afrejttaarinnar sem aðrar jarðir í nefndum hreppum, fyrir umsamið kaupverð 650 (sex hundruð og fimtíu) krónur, sem þegar er greitt að fullu.

Fyrir því eru Hóla og Viðvíkur hreppar hjeðan í frá rjettir eigendur að Kolbeinsdals afrejtta með þeim ummerkjum, sem tiltekin eru í merkjalýsingu afrejttaarinnar dagsettri 22. maí 1897.

¹⁰⁵¹ Skjal nr. 2(213).

¹⁰⁵² *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 124–125.

¹⁰⁵³ Skjal nr. 2(254) a-b.

Þess skal getið, að sala afrjettarinnar er bundin þeim skildaga, að eignarrjettur Hóla til hins svonefnda Hólahaða verði aldrei vefengdur af íbúum nefndra hreppa.

Til staðfestingar eru nöfn stjórnarnefndarmanna.

Á fundi að Hólum 6. dag maímánaðar 1898.

Ólafur Briem Guðm. Guðmundsson

J. Hálfðanarson Hermann Jónasson¹⁰⁵⁴

Landamerkjabréf fyrir Kolbeinsdalsafrétt var útbúið 31. maí og 1. júní 1898 og því var þinglýst 1. júní sama ár og er það svohljóðandi:

Merkjalýsing fyrir Kolbeinsdalsafrétt í Kolbeinsdal í Skagafjarðarsýslu eins og hún er nú hinn 31. maí 1898 eptir að Viðvíkur og Hólahreppur eru orðnir rjettir eigendur að hinn gömlu afrjett í Kolbeinsdalnum samkvæmt afsalsbrjefi frá stjórnarnefnd Hólaskóla dags. hinn 6. þ. m. á fundi að Hólum og eptir að nefndir hreppar hafa aukið hana með nær gjörvöllu Bjarnastaðalandi og all miklum hluta af Fjallslandi samkvæmt afsalsbrjefum dags. 14. júlí 1896 og 26. júlí 1896 frá forverandi eigendum tjeðra jarða. Sbr. að öðru leyti skjöl afrjettarmálsins.

Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði, þaðan ræður háfjallgarðurinn merkjum í norður, móts við svonefnt Skriðulandsgil, er að ofan skiptist í tvö gil og ræður hið syðra gilið merkjum uns niður eptir dregur, svo að myndast eitt gil, sem þá ræður merkjum, þangað til kemur ofan í gilkjaptinn. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, sem fellur rennur um gilið, fellur í Kolbeinsdalsá, og eiga hrepparnir þannig mjög litla sneið norðan við garð þann, sem nú hefur verið hlaðinn fyrir afrjettina, og hafa því hrepparnir rjett til að færa hann lítið eitt út á við, ef þörf krefði síðar. Sbr. landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, dags. 25. maí 1886, Nr. 67. Vestan við Kolbeinsdalsá, eða fjallsmegin, ræður garður sá merkjum, sem hlaðinn hefur verið frá Kolbeinsdalsá yfir túnfótinn og sunnanvert við túnið á Fjalli beint upp fjallið og síðan beint þaðan sem girðingin endar, uppá há-Elliða; síðan ræður há-Elliðinn, eða háfjallið merkjum til Strangalækjar á Víðinesdal. Strangilækur ræður frá merkjunum til Víðinesár, en þaðan, sem hann fellur í Víðirnesá ræður sjónhending yfir svo nefndan fremri Moshól til háfjalls. Þá ráða háfjöll merkjum þaðan vestan við Tungur og Skálar á milli þeirra og Hólabyrgðu og Hofsdals, allt fram að Tunguhryggsjökli og þá hájökullinn fyrir framan svonefndan Tunguhrygg til Staðargangnafjalls.

Vjer viljum benda á, til að fyrirbyggja misskilning síðar að í skýrslu um fund amtráðsins í Norðuramtinu hinn 11.-12. júní f. á. sem prentuð er í B deild stjórnartíðindanna næstl. ár bls. 131-132 er Kolbeinsdalsafrétt af vangá nefnd Kolbeinsstaðaafrétt, þar sem skýrt er frá samþykki amtráðsins til að sleppa eignarhaldi hennar við Hóla og Viðvíkurhreppa fyrir um samið verð. Verði ekki þessi prentvilla leiðrjett í stjórnartíðindunum, vonum vjer að þessi leiðrjetting nægi.

¹⁰⁵⁴ Skjal nr. 2(298) a-b.

Loks lýsum vjer því yfir að Hóla og Viðvíkurheppar eru hjeðan í frá rjettir eigendur að öllu afrjettarlandi því í Kolbeinsdalnum sem lýst er að framan með tilgreindum merkjum eins og oss hefur verið selt það, ítölulaust og bönnum því hjer með einnig sjerhverjum fyrr og síðar í eitt skipti fyrir öll sjerhverja notkun landsins nema eptir þeim reglum sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir og fjallskila r.g. sýslunnar setja um notkunina.¹⁰⁵⁵

Zóphanias Halldórsson oddviti Viðvíkurhrepps skrifaði undir landamerkjabréfið. Það gerðu einnig hreppsnefndarmennirnir Sigurður Pjetursson, Björn Illugason Magnús Ásgrímsson og S. Sölvason auk Jóns Sigurðssonar oddvita Hólahrepps. Landamerkjabréfið var samþykkt af Jóni Guðmundssyni fyrir Viðines, Jósep J. Björnssyni fyrir Háls og Jóni Sigurðssyni oddvita Hólahrepps fyrir Fjall.

Ekki er fjallað um Kolbeinsdalsafrétt í fasteignamati 1916-1918.

Sýslumannsskrifstofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.¹⁰⁵⁶

Í riti Gunnlaugs Björnssonar um Hólastað er gefið var út árið 1957 segir svo um Kolbeinsdalsafrétt:

Skagfirðingar keyptu Hóla með Kolbeinsdalsafrétti og heimalandi öllu [árið 1881], samkvæmt fornum merkjum. Til heimalands taldist: Hóladalur, Byrða og Hagafjall með Villingadal að norðan og Héðinsdal að sunnan, Hyrnunni fram til Hjaltadalsheiðar og Suðurárdalur.¹⁰⁵⁷

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Kolbeinsdalsafrétt:

Kolbeinsdalsafrétt er eign Hóla og Viðvíkurhreppa og öllum jörðum í þessum hreppum fylgir upprekstur þangað.

Um 1940 var það aftekið, að nokkrar jarðir í Hjaltadal ættu upprekstur í Hólahaða.

Upphaflega afréttin náði yfir dalabotnana. Norðast er Heljardalur, þá Skiðadalur og Kolbeinsdalur. Að norðan voru landamerki við heimaland Skriðulands og að sunnan við heimaland Fjalls.

[...] Vönduð girðing hefur nú verið sett upp á núverandi afréttarmörkum, þvert yfir dalinn.

¹⁰⁵⁵ Skjal nr. 2(54).

¹⁰⁵⁶ Skjal nr. 2(190).

¹⁰⁵⁷ Gunnlaugur Björnsson: *Hólastaður*, [Akureyri], 1957, bls. 133.

Þessi sellönd voru í Kolbeinsdalsafrétt: Frá Hólastað Staðargöngur austan ár, Ássel frá Neðra-Ási vestan við ána. Þessi sellönd fylgja nú afréttinni og er það ágreiningslaust.¹⁰⁵⁸

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Viðvíkurhrepps, Bjarni Maronsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 15. desember sama ár. Í svari Bjarna kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi afrétt; Kolbeinsdalsafrétt. Merkjalyking fylgir svari Bjarna, nánar tiltekið vélritað afrit af landamerkjabréfi fyrir Kolbeinsdalsafrétt er útbúið var 31. maí og 1. júní 1898. Í svari Bjarna kemur enn fremur fram að jarðirnar Skriðuland, hluti Unastaða og sá hluti Fjalls er áður var í einkaeign hafi verið lagðar undir afréttinn. Fram kemur að íbúar Hólahrepps eigi upprekstrarrétt í Kolbeinsdalsafrétt. Að lokum kemur fram í svari Bjarna að Kolbeinsdalsafréttur sé innan marka Hólahrepps og að um það sé ekki deilt.¹⁰⁵⁹

Kolbeinsdalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir sauðfé og hross að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

5.4.3 Um selstöðu jarða í Hólahreppi samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709*

Hér fylgir samantekt á því sem segir um selstöðu jarða í Hólahrepp samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709.

Um selstöðu Hrafnstaða árið 1709 hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi:

Selstöðu eigna menn jörðunni í stólsins landi þar sem heitir hyrnínshólar fyrir framan Hofsa á Villíngadal, og sjást þar tóttaleifar, sem kallaðar eru Hrafnstaðasel. Það hefur þó ekki brúkast í manna minni. Menn segja að stóllinn beit hafi átt í Hrafnstaðaland um vetur hjer í mót, hverigt þetta hefur að lögum til gerða komið.¹⁰⁶⁰

Um selstöðu Hóla í Hjaltadal segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

[...] selstöðu fram á Hjaltadal fyrir stólsins ásauð þar sem heitir Sauðasel fyrir framan Hjeðinsá.¹⁰⁶¹

Um selstöðu Efri Áss segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

Selstöðu eigna menn jörðunni á Víðimesdal, þar sem heitir Ássel; aðrir ætla það hafi lán verið og ekki skyldueign, og hefur í margt ár ekki brúkast.¹⁰⁶²

Um selstöðu Neðri Áss segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

¹⁰⁵⁸ Skjal nr. 4(251).

¹⁰⁵⁹ Skjal nr. 4(249).

¹⁰⁶⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IX, bls. 214-215.

¹⁰⁶¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 218.

¹⁰⁶² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 220-221.

Selstaða er jörðunni eignuð fram á Kolbeinsdal, þar sem heitir Ássel.¹⁰⁶³

Um selstöðu Saurbæjar í Kolbeinsdal segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðar-sýslu eftirfarandi árið 1709:

Hjáleigugrey var hjer eitt í tvö ár alleina, það sem nú er selstaðan. Ekki vita menn hvað afgjaldið var, ætla þó lítið verið hafa.¹⁰⁶⁴

Í sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* segir eftirfarandi um selstöður frá Hólum á tíðum biskupanna:

Á tíðum biskupanna voru selstöður notaðar frá Hólum fyrir kýr í afréttinni á Nautaseli, en ásauð á Sauðaseli í Hjeðinsdalsmynni og beitarhús höfð uppi fyrir gelding á Garðshúsi í miðjum Hólahaga, hvar nú [þ.e. árið 1843] er fjárrétt nýbyggð.¹⁰⁶⁵

Þá segir í sömu heimild um eyðijarðir í Hólaafrétt:

Í Hólaafrétt eru taldar þessar eyðijarðir: Ytri- og Syðri-Heljará, Bygghóll, seinast byggður árið 1826, þá land hans var lagt til rífkunar afréttinni og Ingjaldsá; en í Hólahaga: Herpisgerði, Grænutóftir og fleiri óþekktanlegar. Heima eru og gerði tvö, er svo heita: Kollugerði og Geitagerði.¹⁰⁶⁶

5.4.4 Upprekstur jarða í Hólahreppi samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709*

Árið 1709 á Hólastóll allar jarðir í Hólahreppi samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu frá sama ári.¹⁰⁶⁷

Um afréttarlönd Hólastóls kemur eftirfarandi fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709:

Þessa afrjetti á stóllinn, sem hann brúkar fyrir sitt kvikfje sumar og vetur hjer nálægt: Hjaltadalur, óbyggt land fram af sveitinni. Hjeðinsdalur gengur til austurs út af Hjaltadal. Hagafjallið liggur millum Hjeðinsdals og Villingadal. Villingadalur liggur í landsuður af Hjaltadal. Víðirnessdalur hálfur, það sem veit til fjallsins Hólabyrðu. Hólaafrjett sem gengur fram af Kolbeinsdal. Öll þessi lönd brúkar staðurinn árlega fyrir sitt kvikfje, hesta og gelding og selstöðu fram á Hjaltadal fyrir stólsins ásauð þar sem heitir Sauðasel fyrir framan Hjeðinsá.¹⁰⁶⁸

Aðeins þrjár jarðir í Hólahreppi áttu ekki upprekstur á Hólaafrétt samkvæmt jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Þessar jarðir voru Smiðsgerði þá fallin í eyði, Reykir og Hrafnsstaðir.¹⁰⁶⁹

¹⁰⁶³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 221-222.

¹⁰⁶⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 225.

¹⁰⁶⁵ *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 127.

¹⁰⁶⁶ *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 127.

¹⁰⁶⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 211-228.

¹⁰⁶⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 218.

¹⁰⁶⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 214-215, 216-217, 226.

Hólastóll átti allar jarðir í Hólahreppi árið 1709. Verður nú getið um upprekstur einstakra jarða í Hólahreppi árið 1709 með þeim hætti að fyrst er getið um heiti jarðar eða jarða og því næst vitnað til þess sem segir orðrétt um upprekstur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu; Garðakot „[g]eldfjár upprekstur hefur jörðin þó með leyfi biskupsins þar sem heitir Hólaafrijettt fram úr Kolbeinsdal“¹⁰⁷⁰, Skúfstaðir „[u]pprekstur á Hólastaðar afrijettt fyrir bón og leyfi ut supra“¹⁰⁷¹, Ingveldarstaðir, Nautabú, Kjarvalsstaðir, Kálfsstaðir, Hrafnhóll og Hvammur „[u]pprekstur ut supra“¹⁰⁷², Viðirnes „[u]pprekstur ut supra“¹⁰⁷³, Efri Ás „[u]pprekstur í staðarins afrijettt ut supra“¹⁰⁷⁴, Neðri Ás „[u]pprekstur ut supra“¹⁰⁷⁵, Unastaðir og Fjall „[u]pprekstur á afrijetttina ut supra“¹⁰⁷⁶, Bjarnastaðir (í Kolbeinsdal) „[u]pprekstur ut supra“¹⁰⁷⁷, Skriðuland og Saurbær „[u]pprekstur á afrijettt ut supra“¹⁰⁷⁸ og loks Sviðningur og Sleitistaðir „[u]pprekstur ut supra“¹⁰⁷⁹

Í sömu heimild segir svo um upprekstur Svaðastaða í Viðvíkurhreppi, er þá var í eigu Hólastóls:

Upprekstur hjeðan á Hólastaðar afrijettt, sem liggur fram af Kolbeinsdal, fyrir utan toll.¹⁰⁸⁰

5.4.5 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Nánar tiltekið er þar um að ræða Bygghól, Hnjótafjall og Vífilsstaðafjall, Skíðadalsafrijettt, Bjarnastaði, Fjall, Viðines, Hóla, Baugasel, Kot, Sveinsstaði og Kóngsstaði. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi og landamerki.

5.4.5.1 Bygghóll

Bygghól er að finna í ráðsmannsreikningum Hólastóls um byggingu á jörðum staðarins frá 1388.¹⁰⁸¹

Jarðarinnar Bygghóls er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1709.

Bygghóls er ekki getið í jarðamati 1804.

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 21. júní 1819, ræddi séra Gísli á Hólum um nauðsyn til réttargjörðar fyrir sóknarfólk. Sýslumaður bendir á að hver sóknarmanna sé skyldugur til hleðslu lögréttar sinnar. Nokkrar umræður sköpuðust um málið og sagðist Björn

¹⁰⁷⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 211.

¹⁰⁷¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 211-212.

¹⁰⁷² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 212-216.

¹⁰⁷³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 219-220.

¹⁰⁷⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 220-221.

¹⁰⁷⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. bls. 221-222.

¹⁰⁷⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 222-223.

¹⁰⁷⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 223-224.

¹⁰⁷⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 224-225.

¹⁰⁷⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 226-228.

¹⁰⁸⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 199-200.

¹⁰⁸¹ Skjal nr. 2(118).

nokkur álíta að Hólaafrétt ætti ekki að vera dregin undan sér eða öðrum í tilliti til fullkominnar brúkkunnar. Sýslumaður vísaði því máli frá sér þar sem hann væri málsaðili, en áleit hvorki Hólaafrétt svokallaða né Bygghól sem heimajarðarland frammar en annarra jarða.¹⁰⁸²

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 19. apríl 1826, var spurt hvort menn vissu um skilmála þá sem sálugur Thorarensen tilskyldi sér þegar hann fékk Hóla. Hvort með hafa fylgt stofan, afréttin, Drangey og hvort hann hafi byggt einhverjum Bygghólsreit. Ekki bar öllum saman.¹⁰⁸³

Í sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingu Skagafjarðarsýslu* er Bygghóll talinn á meðal eyðijarða í Hólafrétt. Um Bygghól og land hans segir:

Í Hólaafrétt eru taldar þessar eyðijarðir: Ytri- og Syðri-Heljará, Bygghóll, seinast byggður árið 1826, þá land hans var lagt til rífkunar afréttinni og Ingjaldsá; en í Hólahaða: Herpisgerði, Grænutóftir og fleiri óþekktanlegar. Heima eru og gerði tvö, er svo heita: Kollugerði og Geitagerði.¹⁰⁸⁴

Bygghóll er enn í eyði 6 árum síðar en minnst er á eyðihjáleiguna Bygghól með Flugumýri í Skagafirði í jarðamatinu 1849.¹⁰⁸⁵

Á áreiðarþingi að Bjarnastöðum í Kolbeinsdal í Hólahreppi, 10. júlí 1865, var fyrirtekin, eftir ósk prófastsins séra Benedikts Vigfússonar á Hólum, áreiðar- og skoðunargjörð á Hólaafrétti í Kolbeinsdal. Áreiðarmenn lögðu af stað frá Bjarnastöðum og er leið þeirra lýst nákvæmlega, upptalin landamerki jarða og eyðibýla. Bæir eða örnefni sem komu sérstaklega til skoðunar voru: Bygghólsreitir eða Bygghóll, Heljará, Nautasel/Kúasel (selstaða frá Hólastað), Ingjaldsá, Staðargöngur (upprekstrarland Hólástóls), Fjallsland (selland Neðra Áss). Fyrir áreiðarmönnum lá að skera úr um hvað teljast megi land eyðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár og Nautaselsins frá Hólum, ennfremur að ákvarða ítölu búfjár á afréttinum og mörk afréttarins. Einnig rætt um fyrirstöður við byggðar jarðir til að verjast ágangi af afréttinum.¹⁰⁸⁶

Áreiðar- og skoðunargjörð sú sem að ofan getur hljóðar svo í heild sinni:

Ár 1865 mánudaginn 10. dag Júlímánaðar var sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu staddur að Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, ásamt 4 útnefndum mönnum, fyrirverandi hreppstjórum Birni Þorðarsyni á Skála, Sigmundi Pálssyni á Ljótstöðum, Páli Þorðarsyni á Syðri Brekkum og Olafi Olafssyni á Réttarholli til þess eptir ósk Prófasts S^{ra} Benedikts Vigfússonar á Hólum í bréfi frá 3. f.m. að fyrirtaka

Áreiðar og skoðunargjörð á Hóla afrétt í Kolbeinsdal

Bréfið var framlagt og áteiknað (þannig hljóðandi)

¹⁰⁸² Skjal nr. 2(38) a-b.

¹⁰⁸³ Skjal nr. 2(23) a-b.

¹⁰⁸⁴ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 127.

¹⁰⁸⁵ Skjal nr. 2(88).

¹⁰⁸⁶ Skjal nr. 2(43) a-b.

Var áreiðar og skoðunargjörðin byrjuð hiá Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og þá fyrst riðið framfyrir Kaldá að Heljará og svo fram Bygghólsreit, þá yfir Skíðadalsá og fram að Ingjaldsá. Þess er að geta, að í Heljaráreyrum er grashólmi með beitarhúsum frá Bjarnastöðum og rennur áin nú fyrir utan hólman, en annar farvegur eldri er fyrir sunnan hólman beint úr gljúfrum og er það því álit áreiðarmanna að hólmi þessi heyri undir Bjarnastaði en ekki undir Bygghólsreit, sem nú er nefndur frá Heljarárgljúfri fram að Skíðadalsá, en Bygghóllin sjálfur eða eiðijörð þessi hefir tekið nafn af er miklu nær Skíðadalsá. Hvað eiðijörðina Heljará snertir, þá varð ekki vísað á hvar bærin hefði staðið og gátu áreiðarmennirnir því ekki látið í ljósi neitt álit um landeign tjeðrar eiðijarðar út af fyrir sig, enda sýnist það ekki standa á neinu, þar sem sitt virðist fullvist að Heljarland hafi verið við ána og Bygghólsland hafi náð fram að Skíðadalsá og líklegast uppí dalsbotn. En trett fyrir framan Skíðadalsá sjást girðingar og byggingar aurmál þar sem enn heitir Nauta- (eður Kúa)-selstaða hvar nauta eður Kúa selstaða hvað hafa verið höfð frá Hólastað.

Nautaselshólar eru þar fram af, síðan svonefndar Ingjaldsmýrar fram undir Ingjaldsá, er rennur ofan úr svonefndri Ingjaldsskál og mun eiðijörðin Ingjaldsá hafa staðið á því svæði, þó menn nú gætu ekki fundið þar bæjarstæðið eða byggingar aurmál, en fyrir framan Ingjaldsá liggja Staðargaungur, er Prófasturinn tjáir verið hafa sjerstakt upprekstarland Hólastaðar eins og nafnið bendi til og liggja þær fram í dalsbotn austan Tungnahryggjar. En fremur er þess að geta að sunnan Kolbeinsdalsár, fyrir framan Fjallsland er Selland jarðarinnar Neðraáss og sjást Seltóptirnar þar á grasnefi nokkru, en fyrir framan Selland þetta eru Almenningshólar og þar uppaf Almenningsháls fram að Lambárskálum. Á milli Lambárhjúks, sem er þar fyrir framan og Tungnahryggjar liggur svonefndur Vesturdalur í suðurátt, en Austurdalur fyrir austan Tungnahrygg og er það botnin af ádurnefndum Staðargaungum.

Áhrærandi spurningar þær er Hólalæigandi hefir óskað um atkvæðis áreiðarmanna, þá er því svarað að framan hvað álitast meigi land eiðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár sem og Nautaselsins frá Hólum, en hvað snertir ítölu í Afrjettina, þá treystast þeir ekki til að ákveða hana nákvæmlega, öðruvísi en svo, að til þess að hún sje ekki ofsett eptir fjárfjöldi í Viðvíkur hrepp og þeirra bæa í Hólahrepp er þangað hafa rekið fje sitt undan farin ár, og með þeirri trippatölu sem ákveðin er í politirjettar samningi frá 16 Apríl 1856 sje nauðsynlegt að láta Afrjettinni fylgja hinn svonefnda Bygghólsreit og að fyrirstöðugarður sje hlaðin frá Heljarárgljúfri ofaní Kolbeinsdalsá og frá henni uppí mel að vestanverðu hjerumbil 700 faðma lánkur, til þess að komast hjá rekstrum og áreið í Afrjettinni, eins og þeir líka álita æskilegt að fyrirstöðugarður væri hlaðin fyrir utan gljúfrin upp með gili sem þar er, ef Prófasturinn, sem einnig á Bjarnastaði vildi leyfa það.

Að því leiti Prófasturinn hefur óskað álits um nákvæma niðurskipun á lambarekstrum einkum með tilliti til þess að stemt verði stígi fyrir ágáng úr Afrjettinni, virðist áreiðarmönnum að þar sem byggðar jarðir eru báðumegin árinna til fyrirstöðu, þá muni sættast við ágáningum yfir Almenningsháls og jafnvel báðumegin Elliðans, er þó mundi nokkuð tálmost að norðan verðu, ef öflugur vörslugarður yrði hlaðin yfir Kolbeinsdalin eins og að framan er ávikið, og er það því álit þeirra að þar sem 2

Sveitir eiga upprekstur í Afrjettina, mundi hentugast að Viðvíkurhrepps menn sækju norðan og austan árinna, en til að gjöra nákvæma skipun á í hvert pláts reka skuli frá hverjum bæ, ætlum vjer best eiga við að hreppsmenn komi sjer saman um það á fundi, eða þá kjósi nefnd manna, til þess að gjöra þá skipun, og að öðru leiti virðist oss vel til fallið að stöðug nefnd sje komin úr báðum hreppunum til þess að hafa eptirlit á öllu því, er heyrir til góðrar reglu á Afrjettinni.

Þess er að geta, að við áreiðargjörð þessa vóru viðstaddir auk Prófastsins hreppstjórnarnir í Hóla og Viðvíkur hreppum Ásgrímur Arnason á Neðraási og Björn Petursson á Hofstöðum. Skoðunargjörðin var þannig bókuð dagin eptir heima á Hólum.

E. Briem S. Pálsson, P. Þórðarson, O. Olafsson, B. Þórðarson.¹⁰⁸⁷

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir jörðina Bygghól.

Ekki er minnst á Bygghól í fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

5.4.5.2 Hnjótafjall og Vífilstaðir

Í fyrra bindi *Svarfdælinga* eftir Stefán Aðalsteinsson, sem útgefið var árið 1976, segir svo um Vífilstaðaland:

Í þingabók frá 1813 er þess getið að Páll Ólafsson hafi keypt Vífilstaðaland af konungsvaldinu. Þau kaup hafa líklega gengið til baka, því þarna hefur um langt skeið verið almenningsafréttur. Sést þó enn fyrir húsaskipan og túngarði á Vífilstöðum.¹⁰⁸⁸

Dómabók sú sem Stefán Aðalsteinsson vísar til segir svo frá þessum kaupum:

Anno 1813, þann 21^{sta} Maí, að Völlum í Svarfadardal, setti og heldt Sekreteri og Sýslumadr Briem eitt almenniligt Kongsbrefalesturs og Manntalsþing með þingvottunum [...] Þetta Uppbod fyrirtekid sem fylgir [...]

2. Kot án qvíilda og án Vífilstada, uppá hvörja Jord Forpagtari og Hreppstióri Msr. Jón Sigurdsson á Boggversstodum baud 242, að hvorju Bodí Leigulidinn ecki gekk. Þarnæst uppbudust Vífilstadir einsamlir, so sem Eidijörd; hvar uppá hædsta Bod vard 80^r ad hvoriu Leigulidinn á Koti ecki gengr, enn þetta Bod giordi Páll Olafsson Búandi á Skúfstöðum í Hialtadal. Aptur var Kot með Vífilstöðum uppbodid tilsaman, og vard þar uppá hædst bodid ádr Leigulidinn var adspurdur 324^r, og þá hann var adspurdr og hann ad sama Bodí géck, uppbaudst þetta til 335^r, sem og svo var Leigulidans á Koti bod, og þar ej hærra baudst, naut hann Tilslags uppá Bodid, uppá Approbution Rentukammersins. 2 með Kote fylgiandi qvíildi, uppbudust her næst og vard hædsta Bod þar uppá 50^r sem var Leigulidans á Koti Gudmundar Jonssonar, hvar uppá hann naut Tilslags.¹⁰⁸⁹

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Atlastaða, dags. 15. mars 1884, segir svo:

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla á móts við afrjettarlandið Hnjóta. Að norðan móts við Þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við

¹⁰⁸⁷ Skjal nr. 2(218).

¹⁰⁸⁸ Stefán Aðalsteinsson: *Svarfdælingar* I, Reykjavík, 1976-1978, bls. 380.

¹⁰⁸⁹ Skjal nr. 2(253) a-b.

Þorsteinsstaðatún, og þaðan beint á fjall upp. Afréttarlandið Hnjótar fylgja téðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrrnefnd Skallá merkjum.

Sjá nánar kafla 5.2. í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd.

5.4.5.3 Skíðadalsafrétt

Sjá kafla 5.3. í máli nr. 1/2009.

5.4.5.4 Bjarnastaðir í Hólahreppi

Bjarnastöðum í Kolbeinsdal bregður hugsanlega fyrir í ráðsmannsreikningum yfir jarðir Hólastóls frá árunum 1388-1389 og í skrá um kúgildi frá 1449.¹⁰⁹⁰ Hér gæti þó verið um Bjarnastaði í Akrahreppi að ræða. Jörðin er talin upp á meðal eigna Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.¹⁰⁹¹ Bjarnastaði er einnig að finna í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason frá fallinn sem tekin var saman 25. desember 1550.¹⁰⁹² Loks er Bjarnastaða getið í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.¹⁰⁹³

Jörðin Bjarnastaðir í Kolbeinsdal var í eigu Hólastóls árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var tekin, en jarðardýrleiki óviss. Henni tilheyrir eyðibýlið Kaldárkot. Um upprekstur segir í jarðabókinni:

Upprekstur ut supra.¹⁰⁹⁴

Bjarnastaðir eiga þá væntanlega upprekstur á einhvern af afréttum Hólastaðar.¹⁰⁹⁵

Afrétta er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.¹⁰⁹⁶

Jörðin Bjarnastaðir (í Kolbeinsdal), er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að jörðin hafi verið seld á 337 ríkisdali og 32 skildinga.¹⁰⁹⁷ Fyrsta greiðsla fór fram árið 1807 en lokagreiðsla árið 1813.¹⁰⁹⁸

Bjarnastaðir hafa hrísrif til heimilisþarfa samkvæmt jarðamatinu 1849.¹⁰⁹⁹

Landamerkjabréf fyrir Bjarnastaði í Kolbeinsdal var útbúið 25. maí 1886 og þinglesið tveimur dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan ræður merkjum gil það, er nefnt er Skriðulandsgil. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, er rennur um gilið fellur í Kolbeinsdalsá. Á þeirri leið eru 2 merkjavörður, önnur hjá 4 veginum en hin nokkru ofar. Þegar upp eftir gilinu dregur, skiptist það í tvö og ræður syðra gilið merkjum svo langt, sem það nær, en úr því lækurinn til upptaka. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi,

¹⁰⁹⁰ Skjöl nr. 2(118), 2(127) og 2(116).

¹⁰⁹¹ Skjal nr. 2(123).

¹⁰⁹² Skjal nr. 2(115).

¹⁰⁹³ Skjöl nr. 2(114) og 2(134).

¹⁰⁹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 223-224.

¹⁰⁹⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 218.

¹⁰⁹⁶ Skjal nr. 2(82).

¹⁰⁹⁷ Skjal nr. 4(215).

¹⁰⁹⁸ Gísli Magnússon: „Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802“, *Skagfirðingabók V*, bls. 136.

¹⁰⁹⁹ Skjal nr. 2(87).

sem hún nú hefir. Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gílinu sleppir að ofan, ræður Heljará merkjum til efstu upptaka, og eiga þannig Bjarnarstaðir Heljardal allann að norðan verðu. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki eiga Bjarnarstaðir frían upprekstur í Kolbeinsdalsaftrjett fyrir allan fjárpening sinn og hrossagöngu sumar og vetur án nokkurs endurgjalds.¹¹⁰⁰

Guðrún Jóhannesdóttir eigandi Bjarnastaða handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Gunnlaugssyni, væntanlega fyrir hönd Skriðulands.

Ekki er minnst á Bjarnastaði í Kolbeinsdal (Hólahreppi) í fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

Í ritinu *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953*, þriðja hefti frá árinu 1956, er Bjarnastöðum í Kolbeinsdal lýst svo:

Bjarnarstaðir voru áður fremsti bær í Kolbeinsdal. Þar þrengist dalurinn og undirlendi verður lítið. Jörðin átti land fram að Heljará, og voru þar beitarhús fram við ána og nefnd Bjarnastaðasel. Fyrir framan Heljará tók við afréttarland Hólastaðar.¹¹⁰¹

Þá segir einnig í sömu heimild:

Árið 1845 fær Benedikt próf. Vigfússon Bjarnastaði í makaskiptum hjá Arnljóti á Gunnsteinsstöðum. Gekk jörðin síðan, að prófasti látnum, til Jóns sonar hans, en hann seldi hana Jóni Tómassyni bónda þar, eyfirzkum manni. Þegar ekkja Jóns Tómassonar fór til Vesturheims árið 1887, seldi hún Bjarnastaði Jósep J. Björnssyni skólastjóra, síðar alþ.m., sem fluttist þangað búferlum það ár. Seldi hann svo jörðina nokkru síðar Hóla- og Viðvíkurhreppi, og var hún þá lögð til afréttar. Hefur staðið óbreytt svo óbreytt síðan [þ.e. til ársins 1956].¹¹⁰²

5.4.5.5 Fjall í Kolbeinsdal

Fjall er fært til bókar í ráðsmannsreikningum yfir jarðir Hólastóls frá árunum 1388-1389 og í skrá um kúgildi frá 1449.¹¹⁰³ Jörðina er einnig að finna í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason frá fallinn sem tekin var saman 25. desember 1550.¹¹⁰⁴ Loks er Fjalls getið í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.¹¹⁰⁵

Fjall er sagt 40 hundruð að dýrleika í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn sem dagsett er 25. desember 1550.¹¹⁰⁶

Jörðin Fjall var í eigu Hólastóls árið 1709 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* var rituð, en jarðardýrleiki óviss. Um upprekstur segir í jarðabókinni: „Upprekestur á

¹¹⁰⁰ Skjal nr. 2(35).

¹¹⁰¹ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953* III, bls. 94.

¹¹⁰² *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953* III, bls. 94.

¹¹⁰³ Skjal nr. 2(118), 2(127) og 2(116).

¹¹⁰⁴ Skjal nr. 2(115).

¹¹⁰⁵ Skjal nr. 2(114) og 2(134).

¹¹⁰⁶ Skjal nr. 2(115).

afrjettina ut supra¹¹⁰⁷. Fjall á þá væntanlega upprekstur á einhvern af afréttum Hólastaðar, sbr. umfjöllun um Unastaði.

Afrétta er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.¹¹⁰⁸

Jörðin Fjall (í Kolbeinsdal), er á meðal seldra jarða Hólástóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að jörðin hafi verið seld á 87 ríkisdali og 32 skildinga.¹¹⁰⁹ Fyrsta greiðsla fór fram árið 1807 en lokagreiðsla árið 1812.¹¹¹⁰

Á aukþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 18. júní 1823, kallaði yfirfaktor B. Benediktsson til eignar á Hólaafrétt, sem eignarmaður Hóla. Fyrir milligöngu secretera V. Thorarensen hefur verið gengið frá sátt við Viðvíkurhreppsmenn. Hólahreppsmönnum hefur nú verið stefnt fyrir upprekstur á Hólaafrétt. Hinir stefndu eru taldir upp. B. Benediktsson fer fram á að þeir greiði tollgjald fyrir notkun afréttarinnar. Sátt: Hólahreppsmenn lofa að gjalda lamb af rekstri, en toll af 10 og 3 fj. fyrir hvert trippi, sem þeir reka í afréttina, til þóknunar Hólaeiganda, án umtals um eignarrétt afréttarinnar, en fyrir hreinsun hennar þegar hún er uppbyrjuð af Hólaeiganda, og ef Bygghólsreitsbyggð er burt tekin, en það getur í fyrsta lagi orðið að ári. Til friðar lofa Viðvíkurhreppsmenn að bæta 1 fiski við trippatollinn, auk þess sem áður var lofað, og til að vinna Hólahreppsmönnum til jafnaðar, og sýslumaðurinn að eftirgefa þingjald, fái hann ferðakostnað. Skilmálar inngangast af bændum frá þeim tíma, sem reiturinn er óbyggður gjör en eru ógildir án þess og annarrar forsvaranlegrar hreinsunar afréttarinnar. Skilmálarnir skulu standa um aldur og ævi, en Hólaeigandi setji mann að gera reikning fyrir tollinum og heimta. Viðvíkur- og Hólahreppsmenn undirgangast þennan skilmála, þeir einir undanskildir sem ekki nota afréttina. Tollurinn hækkar ekki og sá sem innheimtir greiði tveimur mönnum fyrirstöðutoll, þ.e. á Bjarnastöðum og Fjalli. Utansveitarmönnum bannað að reka á afréttina, þá verður hún ofsett.¹¹¹¹

Á lögregluþingi að Hólum í Hjaltadal, 14. febrúar 1855, var tekin fyrir umkvörtun, dags. 22. des. 1854, frá nokkrum búendum í Viðvíkurhreppi vegna fjárreksturs á Kolbeinsdalsafrétt sl. sumar. Páll Þórðarson hreppstjóri úr Hofstaðaseli mætti fyrir þeirra hönd. Bændurnir Eiríkur Sveinsson á Viðinesi, Jón Tómasson á Nýjabæ og Friðfinnur Friðfinnsson á Fjalli mættu f.h. Hólahreppsmanna. Kannast við að hafa rekið um 300 afréttarþjár á svonefndan Tungnahrygg sl. sumar en telja að féð hafi dreift sér þaðan í afréttina. Ætluðu ekki að valda óskunda heldur einungis að verja heimalönd sín og lofa að gæta meiri varúðar framvegis. Páll Þórðarson og Friðrik Nielsson hreppstjóri Hólahrepps lofuðu sömuleiðis að stuðla að því að innbúar hreppanna reki fé framvegis sem haganlegast og skikkanlegast í afréttina.¹¹¹²

Landamerkjum Fjalls var þinglýst 27. maí 1886:

¹¹⁰⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 222-223.

¹¹⁰⁸ Skjal nr. 2(83).

¹¹⁰⁹ Skjal nr. 4(215).

¹¹¹⁰ Gísli Magnússon, „Sala Hólástólsjarða í Skagafirði 1802“, *Skagfirðingabók V*, bls. 136.

¹¹¹¹ Skjal nr. 2(46) a-b.

¹¹¹² Skjal nr. 2(45) a-b.

Milli Unastaða og Fjalls ræður merkjum að neðan lækur, sem nefndur er Baululækur og rennur í Kolbeinsdals-á, úr þeim læk í Miðsteinku (eða gömlu vörðu), og þaðan beint úr henni upp á hálsinn. Þar sett markvarða, milli Fjalls og Neðra-ás Sellands – ræður merkjum, rauður steinn er stendur móti heljargili og úr honum stefna beint til fjallseggar að neðan ræður Kolbeinsdalsá eða hennar elsti farvegur. – Ábúendur lofa að fjölga vörðum við ytri og syðri merki á beinni línu.¹¹¹³

Jóhannes Þorkelsson eigandi Fjalls skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sveini Sveinssyni eiganda Unastaða og Neðraáss.

Afsalsbréfi Hreppsnefndarinnar í Viðvíkurhreppi var þinglýst til handa Hólahreppi, fyrir eignarhluta Viðvíkurhrepps í Fjalli. Það var gert á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 22. maí 1897.¹¹¹⁴

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að þriðjungur jarðarinnar Fjalls hafi verið lagður undir Kolbeinsdalsfrétt sem eigendur jarðarinnar nýti gegn gjaldi. Einnig stendur að landamerki hennar séu þinglesin.¹¹¹⁵

5.4.5.6 Viðines (Viðirnes)

Landamerkjabréfi Viðirness í Hólahreppi var þinglýst á manntalsþingi að Viðvík þann 27. maí 1886 og fært inn í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Að vestan ræður merkjum Hjaltadals-á, Að norðan ræður merkjum varða fáa faðma frá Hjaltadalsá frá henni bein stefna í Dý, sem er skammt fyrir ofan Brekku-Kotssýki og þaðan í Miðstekk, og svo þaðan bein stefna uppá há-ás, sett mark varða við Miðstekk og á holti hjá nefndu Dýi. Að austan eru merkin eptir há-ásnum stefna á há-Elliða og eptir honum fram til Strangalækjar í Viðirnesdal eptir þeim læk til Viðirnes-ár, síðan ræður hún merkjum þar til gilið þrýtur og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár. Brekku-Kot á þriðjung beitilands á Viðirnesdal og allt út að fyrgreindum merkjum milli Viðirness og Brekkukots.¹¹¹⁶

Jón Antonsson eigandi Viðirness og Unastaða skrifar undir landamerkjabréfið. Grímur Pjetursson eigandi Brekkukots skrifar undir fyrir sína hönd og Jósef J. Björnsson skólastjóri fyrir hönd Hóla.

5.4.5.7 Hólar í Hjaltadal

Landamerkjabréf fyrir Hóla var útbúið þann 20. maí 1890 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Viðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í

¹¹¹³ Skjal nr. 2(44) a-b.

¹¹¹⁴ Skjal nr. 2(255). Fjall. Skag. V. 36. (db.gr.nr. 39040).

¹¹¹⁵ Skjal nr. 2(92).

¹¹¹⁶ Skjal nr. 2(42) a-b.

Víðinesá. Síðan ræður Víðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrunir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungna- hryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Víðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrappstaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrappstaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaafjrett í Kolbeinsdal.¹¹¹⁷

Hermann Jónasson umráðandi Hóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni eiganda Víðiness, Árna Ásgrímssyni eiganda Kálfsstaða og Jóh. Þorfinnssyni eiganda Reykja. Í landamerkjalykingunni stendur einnig:

Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboð nokkra bænda í Viðvíkr og Hólahreppmum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólasson.¹¹¹⁸

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Hólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti.

5.4.5.8 Baugasel

Landamerkjabréf fyrir Baugasel var útbúið 23. apríl 1884. Ekki er tekið fram að því sé þinglýst. Það hljóðar svo:

Að neðan og sunnan ræður til móts við Þúfnavelli Barká frá upptökum hennar.

Að utan til móts við Fjeeggstaði ræður lækur og kelda niður frá Fjallshaus til Barkár.

Ítak í landi jarðarinnar:

Möðruvellir í Hörgárdal eiga fyrir heimaþje upprekstur á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Síðan skrifar hann:

Að jörðum þeim, er að landeign Baugasels liggja, er sami eigandi, sem að

Baugaseli nefnil. landsjóðurinn.¹¹¹⁹

¹¹¹⁷ Skjal nr. 2(47) a-b.

¹¹¹⁸ Viðbætur neðanmáls.

¹¹¹⁹ Skjal nr. 2(48) a-b.

5.4.5.9 Kot í Svarfaðardal

Landamerkjabréf fyrir Kot var útbúið 26. maí 1883 og því þinglýst þremur dögum síðar. Er landamerkjum Kots lýst sem hér segir:

Að utan ræður til móts við Skeið forn farvegur Vatnsdalsár neðan frá Svarfaðardalsá beint uppí Vatnsdalsárgil, en síðan Vatnsdalsáin fram til jökla. - Að vestan ræður Svarfaðardalsá til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.¹¹²⁰

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Síðan skrifar Einar:

Að Skeiði er sami eigandi, sem að Koti, svo samþykkis á landamerkjum þar á milli gjörist eigi þörf.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 29. maí 1883, voru þinglesin landamerki Kots í Svarfaðardal og var þeim í engu mótmælt.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Koti „fylgi dálítið afréttarland“.¹¹²¹

5.4.5.10 Sveinsstaðir í Skíðadal

Landamerkjabréf fyrir Sveinsstöðum er ódagsett en þinglesið 29. maí 1883:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

Merkjum að sunnan ræður Vesturáin frá Skíðdalsá fram til jökla, og aðgreinir nefnd Vesturá Sveinstaðaland frá svokölluðum Stafnstungum.

Að norðan eru merki haldin í svonefnda ~~Rauð~~ Rauðukeldu, sem er skammt utar en gegnt Gljúfrárgili, ræður nefnd Rauðakelda beinni stefnu frá Skíðadalsá upp engið og síðan rjettlínis á merkjahaus og á fjall upp, þannig eru merki haldin nú og að greina Svein staðaland frá Gljúfrárkotsparti.

Ath. Ábúandi Sveinstaða fram ber þá munnmælasögu, að Sveinstaðamerki hafi verið til forna dálítið norður, en þau eru nú haldin. En fyrir beit frá Sveinstöðum ljeðu Gljúfrárkot, lítil spilda utan við Rauðukeldu til slæгна, sem nú fylgir hinum svokallaða Gljúfrárkotsparti.¹¹²²

5.4.5.11 Kónsstaðir í Skíðadal

Landamerkjalyásing Kónsstaða var útbúin 5. maí 1883. Þar segir svo:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

6. Kónsstaðir

Þar ráða merki að sunnan, sömu sem nefnd eru við Hverhól að norðan, sem er garður frá Skíðadalsá, og sunnan við Merkishól, síðan rjettlýnis á fjall upp.

Að norðan ræður Þveráin merkjum frá Skíðdalsá fram til Jökla.

¹¹²⁰ Skjal nr. 2(52) a-b.

¹¹²¹ Skjal nr. 2(93).

¹¹²² Skjal nr. 2(53).

H. Guttormsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Þar fyrir aftan skrifar Einar Ásmundsson:

Þessari landamerkjalyðingu er jeg samþykkur við jörðina No. 6 [Kóngsstaðir], að því er þverá í Skíðdal snertir.¹¹²³

5.5 Silfrastaðaafrétt

Í þeirri umfjöllun um Silfrastaðaafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um Hálfánartungur og Krossland og loks gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

5.5.1 Landnám

Eftir frásögn *Landnámu* var eitt stærsta landnám á Íslandi í Skagafirði. Er það eignað Eiríki Hróaldssyni en hann nam land frá Gilá (Gljúfurá) um Goðdali alla og ofan til Norðurár.¹¹²⁴ Bjó hann að Hofi í Goðdölum. Annar landnámsmaður í firðinum var Önundur vís er nam land upp frá Merkgili, en eystra dal allt fyrir austan. Síðan segir *Landnáma*:

En þá er Eiríkr vildi til fara at nema dalinn allan alt fyrir vestan þá felldi Önundur blótspán til, at hann skyldi verða vís, hvern tíma Eiríkr mundi til fara at nema dalinn, ok varð þa Önundur skjótari ok skaut yfir ána með tundröru ok helgaði sér svá land fyrir vestan ok bjó milli á.¹¹²⁵

Einnig mun maður að nafni Tungu-Kári hafa numið land í Skagafirði. Landnám hans var á milli Norðurár og Merkgils og settist Kári að í Flatatungu. Í *Landnámu* segir: „Frá honum eru Silfrstæðingar komnir“¹¹²⁶.

Annar landnámsmaður í firðinum var Þorbrandur örrek. Nam hann land upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla og Norðurárdal allan fyrir norðan. Við hann er kennd Örreksheiði¹¹²⁷ upp frá Hökustöðum. Þorbrandur bjó að Þorbrandsstöðum.¹¹²⁸ Um landnám á Silfrastöðum segir *Landnáma* svo:

Þorbrandr örrek nam upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla ok Norðrárdal allan fyrir norðan ok bjó á Þorbrandsstöðum ok lét gera eldhús svá mikít, at allir þeir menn, er þeim megin fóru, skyldu þar bera klyfjar í gegnum ok öllum matr heimill. Við hann er

¹¹²³ Skjal nr. 2(53).

¹¹²⁴ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 231.

¹¹²⁵ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 231 og 233-234. (Sturlubók). Önundur hefur numið Austurdal, a.m.k. austan Jökulsár og e.t.v. einnig vestan ár, ef treysta má sögn *Landnámu* sem virðist nokkuð þjóðsagnakennd. Sjá *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 234. (Sturlubók).

¹¹²⁶ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 234.

¹¹²⁷ Jakob Benediktsson taldi Örreksheiði sennilega hið sama og Hörgárdalsheiði.

¹¹²⁸ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls 234. (Sturlubók). Talið er að landnámsjörðin Þorbrandsstaðir sé sami bær og nefndur hefur verið Ytri-Kot síðustu tvær aldirnar. Samkvæmt þessu hefur landnám Þorbrands náð neðan frá Bólúá upp um Norðurárdal norðan Norðurár, yfir lönd Silfrastaða, Ytri-Kota og Fremri-Kota. Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar IV-Akrahreppur*. Sauðárkrókur, 2007, bls. 421.

kennd Ærreksheiðr upp frá Høkustöðum. Hann er enn göfgasti maðr ok enn kynstærsti.¹¹²⁹

5.5.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi tvo afrétti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði. Er frásögn jarðabókarinnar á þann veg sem hér hermir:

Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfreðar eður lognsnjóar byrgi. [...]

Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkgigli.

Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.¹¹³⁰

Í kaflanum um Silfrastaði í jarðabókinni yfir Akraþingssókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 kemur fram að Blönduhlíðarmenn eigi geldfjár- og lambaupprekstur á Silfrastaðafrétt fyrir toll til Silfrastaðabónða. Þar segir svo:

[...] [G]eldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki kemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkgigli.¹¹³¹

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Akraþingssókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 hermir að nokkrar jarðir hafi átt tollfrían upprekstur á Silfrastaðafrétt. Í kaflanum um Fremrikot segir að „[u]pprekestur í Silfrastaða afrjett er hjer tollaus“¹¹³² og um upprekstur Krákugerðis segir „[u]pprekestur á Silfrastaða afrjett tollfrí“ í sömu heimild.¹¹³³ Um upprekstrarrétt Egilsár á Silfrastaðafrétt segir jarðabókin eftirfarandi:

Ekki rekur ábúandi [Egilsár] geldfje á Silfrastaða afrjett, enn þótt þeir eigi það frjálst fyrir toll ut supra.¹¹³⁴

¹¹²⁹ *Íslendingabók Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 234.

¹¹³⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

¹¹³¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 151.

¹¹³² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 153.

¹¹³³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 154.

¹¹³⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 155.

Jarðabókin yfir Akraþingsókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 greinir að fjöldi jarða hafi átt upprekstur á Silfrastaðaafrétt fyrir toll. Neðrakot átti upprekstur í Silfrastaðaafrétt fyrir toll að því er virðist.¹¹³⁵ Um Tyrfingsstaði segir „[u]pprekstur á Silfrastaða afrjett fyrir toll ut supra, stundum á Egilsdal fyrir toll ut supra“¹¹³⁶, Kelduland átti „[u]pprekstur á Silfrastaða land ut supra“¹¹³⁷ og Uppsalar áttu „[f]járupprekstur á Silfrastaða afrjett fyrir toll.“¹¹³⁸ Í jarðabókinni er getið sérstaklega um svokallaðar Varðatóftir í túni Uppsala. Þar segir svo um þær:

Vardatopter hjer í túninu, þar sem fátækur húsgángaður sat að um vetur, og átti hjer í landinu ær nokkrar, sem þó gengur oftar í Silfrastaðalandi. Það ætla menn þessi Þorvarður hafi galdið eitthvað til heimabónða fyrir hagabeit og húsaleigu, en hvert það verið hafi meir eður minna, vita menn ekki.¹¹³⁹

Kúskerpi átti „[u]pprekstur á Silfrastaða afrjett ut supra“¹¹⁴⁰, Sólheimar áttu „[u]pprekstur í Silfrastaða afrjett ut supra“¹¹⁴¹, Miðsitja átti „[u]pprekstur ut supra á Silfrastaðaafrjett“¹¹⁴², Hella átti „[u]pprekstur [á Silfrastaðafrétt] ut supra“¹¹⁴³, Víðivellir áttu „[u]pprekstur á Silfrastaðaafrjett fyrir toll ut supra“¹¹⁴⁴ og Vaglar áttu „[u]pprekstur á Silfrastaðaafrjett ut supra.“¹¹⁴⁵ Þá átti jörðin Þorleifsstaðir „[l]ambaupprekstur [á Silfrastaðaafrétt] ut supra“¹¹⁴⁶ sem og Minni-Akrar¹¹⁴⁷ og Litli-Dalur.¹¹⁴⁸

Um Flatatungu (og þar með Tungukot) segir að jörðin eigi hálfan Egilsdal „sem stundum brúkast fyrir afrjett sem sagt er um Egilsá.“¹¹⁴⁹ Um upprekstur Flatatungu á Silfrastaðaafrétt hermir jarðabókin eftirfarandi:

Geldfjár upprekstur í Silfrastaða afrjett fyrir toll brúkast ei.¹¹⁵⁰

Jörðin Úlfsstaðir átti lambaupprekstur í Silfrastaðaland gegn mótaki samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þar segir:

Munnmæli segja að þessi jörð eigi lambaupprekstur í Silfrastaðaland og komi þar á móti mósukurður í þessarar jarðar landi.¹¹⁵¹

Þá segir jarðabókin eftirfarandi um upprekstur Úlfsstaða:

Upprekstur á Silfrastaða afrjett ut supra.¹¹⁵²

¹¹³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 151, 152.

¹¹³⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 158.

¹¹³⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 159.

¹¹³⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 167.

¹¹³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 167.

¹¹⁴⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 168.

¹¹⁴¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 170.

¹¹⁴² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 171.

¹¹⁴³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 172.

¹¹⁴⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 173.

¹¹⁴⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 176.

¹¹⁴⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 177.

¹¹⁴⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 182.

¹¹⁴⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 182.

¹¹⁴⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 157.

¹¹⁵⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 157.

¹¹⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 169.

Kúskerpi átti rétt til skógarhöggs í landi Silfrastaða, samkvæmt jarðabókinni. Þar segir:

So segja munnmæli að þessi jörð hafi átt skógarhögg meðan hann entist, og síðan hrísrif á Öxnadalshéiði í Silfrastaðalandi, þar sem heitir Kúskerpishvammur, en Silfrastaðir skuli þar í mót átt hafa móskurð í Kúskerpisland. En ei framkoma hjer skilmerkari rök fyrir þessu.¹¹⁵³

Í jarðabókinni segir frá 9 jörðum er hafi átt upprekstur á Silfrastaðaafrétt, sem hafi lagst af vegna landþrengsla á afréttinni. Þessar jarðir voru Ystagrund, Frostastaðir, Hjaltastaðahvammur, Hjaltastaðakot, Hjaltastaðir, Bjarnastaðir, Flugumýrarhvammur, Flugumýri og Réttarholt.¹¹⁵⁴ Um þær segir svo:

Hjer er að athuga um allar framanskrifaðar 9 jarðir, að upprekstur hefur til forna frá þeim brúkaður verið á Silfrastaða afrjett, so sem frá öðrum áður skrifuðum jörðum. Er nú þessi upprekstur ekki brúkaður af áðurnefndum 9 jörðum í manna minni, sem af skyldi lagst hafa fyrir landþröng afrjettarinnar.¹¹⁵⁵

Ekki verður neitt ráðið af *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um upprekstur jarðanna Miðgrundar (Kirkjugrundar, Hauksgrundar), Syðstugrundar (Róðugrundar) og Djúpadal (Djúpárdals). Hinar tvær fyrsttöldu voru í eigu Hólastóls en Djúpidalur var bóndaeign. Dýrleiki Djúpadal var 60 hundruð sem og dýrleiki Miðgrundar en dýrleiki Syðstugrundar var 24 hundruð.¹¹⁵⁶

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 3. maí 1730, var upplesinn dómur Jóns Sigurðssonar lögmans, dagsettur að Syðri-Ökrum í Blönduhlíð, þann 27. sept. 1611, áhrærandi Silfrastaðaafrétt; um lambarekstur þangað og tilsagði sýslumaðurinn íbúum hreppsins að lifa eftir dómsins innihaldi, bæði um lambatolla og rekstur. Þetta skjal var sagt vera eftirrit af kálfskinsbréfi. Sömuleiðis var upplesið annað eftirrit áhrærandi 12 manna áreið á nefnda Silfrastaðarétt, með víðara sem þessi skjöl útvísa og hér fyrir réttinum uppáskrifast. Nefnt áreiðarbréf er dagsett að Silfrastöðum, 14. sept. 1656.¹¹⁵⁷

Á manntalsþingi í Skagafjarðarsýslu þann 13. apríl 1736 var upplesið skjal viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt. Að því loknu voru þeir sem þar áttu skylduafrétt áminntir um að brúka afréttina löglega ellega mæta frekara tiltali síðar.¹¹⁵⁸

Á héraðsþingi að Stóru-Ökrum í Blönduhlíðarhreppi, 1. maí 1739, var upplesin lögfesta klausturhaldarans Hans Scheving frá 29. apríl sama ár, fyrir Silfrastöðum, Krákugerði, Efri- (Fremri) og Neðri-Kotum, sem og allri afréttinni Silfrastöðum. Sýslumaðurinn færði framár í tal um lambarekstur í afréttina að eftir þingdóm gengnum hér á stað

¹¹⁵² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 169.

¹¹⁵³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 168.

¹¹⁵⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 185-191.

¹¹⁵⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 191.

¹¹⁵⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* IX, bls. 183-185.

¹¹⁵⁷ Skjöl nr. 2(227) a-b og 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 02. (db.gr.nr. 27362).

¹¹⁵⁸ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26740).

þann 3. maí 1738 og guldu því allir hlutaðeigandi bændur. Bændur lofuðu fyrir réttinum að standa við tédan þingdóm, tilskiljandi að afrétturinn hreinsaður yrði og réttin hlaðin.¹¹⁵⁹

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1743, var Silfrastaðaafrétt lögfest og allir þeir aðvaraðir sem skyldurekstur í hana áttu að halda uppi lögskilum, bæði til rekstrar og gangna.¹¹⁶⁰

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að leiguliði Silfrastaða fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi. Þar segir:

For græsgang paa en Jorden tilhørende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. aarlig. Udmarken Elvebrud underkastet.¹¹⁶¹

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 12. júní árið 1819, bannaði Jón Erlendsson hreppstjóri, leyfislausan nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt.¹¹⁶²

Í sóknarlýsingu Miklabæjarprestakalls sem dagsett er 13. febrúar 1840 segir eftirfarandi um Silfrastaðaafrétt:

Afréttarlönd eru afdalir og heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyra Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver eð næst liggur á norðursíðuna. Allir rétta þeir við Valagilsá, hvar réttirnar standa og halda eru, þá 22 vikur er af sumri.¹¹⁶³

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggja víðlend og landgóð afrétt sem meirihluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi. Þar segir svo:

Undir jörðina Silfrastaði liggur víðlend og landgóð afrjett sem brúkuð er til upprekstrar fyrir meiri hluta Akrahrepps á móti borgun. Afrjett þessa meta matsmenn ígildi 12 hundraða.¹¹⁶⁴

Í sömu heimild kemur fram að Víðivellir og Miklibær eigi til helminga landspart í Silfrastaðaafrétt sem kallaður er Krossland.¹¹⁶⁵

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti, er dagsett var 27. maí sama ár.¹¹⁶⁶ Á manntalsþinginu var áminnt um að reka öll trippi til afréttar ekki seinna en um fardaga. Var ákveðið og samþykkt að þeir sem rækju til Silfrúnarstaðaafréttar, skyldu sýna trippin á Silfrúnarstöðum um leið og þeir fara framhjá og gjöra grein fyrir hvað mörg væru frá hverjum bæ. Einnig var trippatollurinn ákveðinn og einnig ákveðið að helmingur hans færi til Silfrúnarstaða, en hinn helmingurinn til Jónasar bónda Sigurðssonar á Fremrikotum sem hafði tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Víðivöllum geymdi sér rétt til að

¹¹⁵⁹ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26988).

¹¹⁶⁰ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29754).

¹¹⁶¹ Skjal nr. 2(84).

¹¹⁶² Skjal nr. 2(242).

¹¹⁶³ *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 100.

¹¹⁶⁴ Skjal nr. 2(89).

¹¹⁶⁵ Sjá nánar í kafla 5.4.4.

¹¹⁶⁶ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 23. (db.gr.nr. 42279).

láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem tilheyrir Víðivöllum og Miklabæ, sé ekki svo mikið að þar megi reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum.¹¹⁶⁷

Á manntalsþingi 7. júní árið 1864, var samið um að Jónas bóndi Sigurðsson á Fremrikotum tæki sér fyrirstöðu fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt fyrir 18 ríkisdali en hreppstjóri P. Þórðarson, stúdent A. Arason og bóndi Ólafur Ólafsson á Réttarholti tóku að sér að sjá um og ábyrgjast að Jónas fengi sitt af hinum viðtekna trippatolli.¹¹⁶⁸

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 31. maí 1871, var upplestin lögfesta Arnljóts Ólafssonar prests á Bægisá og Þorsteins Danielssonar á Yxnadalsheiði að norðan til Kallbaksár og Grjótár.

Páll Þórðarson hreppstjóri mótmælti lögfestunni með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er var þinglesin ári fyrr, með ummerkjum til Kallbaksár og þvert yfir og með báðum Grjótárdölum.¹¹⁶⁹

Á manntalsþingi 2. júní árið 1880, var þinglesin áskorun Jóns Guðmundssonar bónda á Silfrastöðum dagsett frá deginum áður til þeirra er ráku trippi á Silfrastaðaafrétt og ekki áttu ítök í henni, um að segja honum til trippatölnunnar, með því hann myndi ganga rækilega eftir trippatolli framvegis.¹¹⁷⁰

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða (frá því um 1882) segir eftirfarandi:

Jeg og fleyri ályta eingvann vafa á því að öll bíli í Akrahrepp frá Kýrfsá fram að Norður á hafi rjett til uppreksturs (almenning) á Silfrastaða afrjetti fyrir fulla borgun og að jarðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjetts; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.

Og enn fremur hafa jarðirnar Syðri brekkur, Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalr, Hoskulsstaðir og Uppsalar með skilmálabréfi, tekið á leigu fyrir 30 kr árgjald bylið Hálfánartungur sem er innan afrjettarlandsins; til uppreksturs einungis fyrir Sauðfje þeirra, þessar 7 jarðir vyrðist meiga ályta eins og aðrar Blonduhlyðar jarðir skildar að gjalda fulla hreppatolla að Silfrastoðum. En þar sem jeg er með 6. grein Biggingarbréfs míns, skildugur til að hafa löglega umsjón á Afrjettinum, svo sem Refaeyðing með fleyru, og kalla tolla að fullu fyrir haga og fyrir töðu, á fje, og hrossum, að undan teknum fyrrtjeðum jörðum, sem og líka Ytri kotum, Fremri kotum, og Krókárgerði, sem nú hafa eins og stendur gjaldfryan Upprekstur;

Þá verð jeg að ályta, eins og hingað til hefur verið og viðgengist, að öll hin ónefndu byli; eða ábúendur þeirra inna tjeðra takmarka í Akrahreppi sjeu skild að gjalda, sanngjarna fjár og trippatolla.

En efni og erindi bréfs þessa er af því vaxið að allflestir hafa tregðast með gjald á tollum [...]¹¹⁷¹

¹¹⁶⁷ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 23. (db.gr.nr. 42294).

¹¹⁶⁸ Skjal nr. 2(248).

¹¹⁶⁹ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 29. (db.gr.nr. 30489).

¹¹⁷⁰ Skjal nr. 2(249).

¹¹⁷¹ Skjal nr. 4(164).

Máli sínu til frekari stuðnings lætur bréfitari fylgja með bréf frá 25. maí 1848 en í því kvartar ábúandi Silfrastaða yfir slæmri innheimtu afréttartolla og óskar eftir betri háttum þeirra sem málinu tengjast. Í bréfinu kemur ennfremur eftirfarandi fram um upprekstur á Silfrastaðaafrétt:

Svo verð eg að géta þess; að eingin af þeim er upprekstur nota á Silfra staða afrétt má hér eptir reka fe, eða stóð á svo kallað Land nema hann hafi þar til leifi þess, er því landi á að ráða, því þessi landspartur heyrir ekki Silfra stöðum til.¹¹⁷²

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskriðuð landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprilmánaðarlok 1886.¹¹⁷³

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 kemur fram að heimajörðinni Silfrastöðum fylgi Silfrastaðaafrétt, sem jafnframt sé upprekstrarland Ytrikota, Fremrikota, Krókárgerðis, Víðivalla og Miklabæjar og sem jafnframt séu lausar við að gjalda afréttartoll. Í sama byggingarbréfi kemur fram að Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalur, Uppsalar, Höskuldsstaðir og Syðribrekkur hafi haft Hálfánartungnaland á leigu til upprekstrar fyrir sauðfé.¹¹⁷⁴

Mótmæli bárust þann 10. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyásingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalshéiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur yfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjöðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hérmeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjer eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.¹¹⁷⁵

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælalabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

¹¹⁷² Skjal nr. 4(164).

¹¹⁷³ Skjal nr. 2(68) a-b.

¹¹⁷⁴ Sjá nánar í kafla 5.5.5.

¹¹⁷⁵ Skjal nr. 2(57).

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 kemur eftirfarandi fram um afréttartolla og upprekstur jarða á Silfrastaðaafrétt:

Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrjett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrekknna), er hafa leigt Hálfánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlinis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.¹¹⁷⁶

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár. Í því kemur fram að Krossland liggja innan ummerkja Silfrastaðaafréttar og tilheyrir Miklabæ og Víðivöllum. Einnig kemur fram að Miklibær og Víðivellir eigi hrossa- og nautaupprekstur en Stóru-Akrar geldneytaupprekstur. Í landamerkjabréfinu segir svo frá þessu:

Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggja Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. [...] Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrjettina.¹¹⁷⁷

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 1. júní 1892, var þinglesin yfirlýsing Steingríms Jónssonar á Silfrastöðum, viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt, sem dagsett var 10. mars 1892. Var þessari yfirlýsingu Steingríms mótmælt af hlutaðeigendum. Ekkert kemur fram um efni yfirlýsingarinnar.¹¹⁷⁸

Í ritinu *Göngur og réttir* segir svo um upprekstur á Silfrastaðaafrétt í kjölfar þess að Silfrastaðabóndi seldi upprekstrarfélagi Akrahrepps alla afréttina með Hálfánartungum og Krókárgerði:

Þegar sveitarfélagið hafði eignast afréttina, hættu þeir, sem áttu upprekstur þangað, að greiða afréttartoll fyrir sauðfé sitt og hross, en það urðu allflestir að gera, á meðan afréttin var í einstaklingseign.¹¹⁷⁹

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1953*, frá árinu 1956, segir svo um sölu Silfrastaðabónða á Silfrastaðaafrétt árið 1895:

Silfrastaðaafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.¹¹⁸⁰

¹¹⁷⁶ Skjal nr. 4(163).

¹¹⁷⁷ Skjal nr. 4(172).

¹¹⁷⁸ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37351).

¹¹⁷⁹ *Göngur og réttir* II, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, Akureyri, 1983-1987, bls. 284.

Um ástæður þær er hvíldu að baki sölu Silfrastaðaafréttar árið 1898 segir svo í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007:

Steingrímur Jónsson var enginn stórefnamaður er hann keypti Silfrastaði 1891. Árið 1896 varð hann að byggja nýja kirkju og til að standa í greiðsluskilum tók hann þann kost að selja sveitarfélaginu afréttina fyrir 2500 krónur og losna þannig undan 2300 krónu skuld er hann var í við Marenu Lárusdóttur. Var afréttin metin til 15 hundraða á landsvísu en með í kaupinu fylgdu hjáleigurnar Hálfánartungur og Krókárgerði. Samtals 25,7 hundruð. Kaupsamningurinn var gerður á Silfrastöðum 6. nóvember 1898.¹¹⁸¹

Ýmsir gjörningar sem vörðuðu Silfrastaðaafrétt fóru fram á manntalsþingi sem haldið var á Stóru-Ökrum í Akrahreppi þann 25. maí 1899. Þar var þinglesið afsalsbréf fyrir Silfrastaðaafrétt til hreppsnefndarinnar í Akrahreppi. Afsalsbréfið var dagsett 6. nóvember 1898, og var útgefið af Steingrími Jónssyni á Silfrastöðum.¹¹⁸² Á sama þingi var þinglesin yfirlýsing um að nokkrar jarðir í Akrahreppi, nefnilega Frostastaðir og Ysta-Grund, Réttarholt, Þverá, Höskuldsstaðir og Kúskerpi, hefðu keypt sér gjaldfrían upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Sú yfirlýsing var dagsett 1. nóvember 1898.¹¹⁸³ Á þessu sama þingi var loks þinglesin yfirlýsing Björns Péturssonar á Hofsstöðum sem hafði að geyma bann hans á öllu kaupi og sölu á Silfrastaðaafrétt, sem skert gæti rétt eignarjarða hans, Syðri-Brekkna, 3/4 úr Ytri-Brekkum og 1/2 Dýrfinnustöðum.¹¹⁸⁴

Fram kemur í kaflanum um Silfrastaði í fasteignamati 1916-1918 að jörðin eigi frían upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að undan jörðinni hafi verið seldar Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur.¹¹⁸⁵

Í sömu heimild kemur fram að Djúpidalur hafi upprekstur á sitt eigið land í Djúpadal og þess utan á Silfrastaðaafrétt. Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Brekkukot, Höskuldsstaðir, Miklibær, Ytrikot og Fremrikot eigi upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Þá kemur fram að Víðivellir eigi einnig upprekstur í Silfrastaðaafrétt og að talið sé að jörðin eigi að auki selför þangað.¹¹⁸⁶

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.¹¹⁸⁷

¹¹⁸⁰ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953* III, bls. 27–28.

¹¹⁸¹ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 411.

¹¹⁸² Skjal nr. 9(2), sbr. einnig skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42063).

¹¹⁸³ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42065).

¹¹⁸⁴ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42066).

¹¹⁸⁵ Skjal nr. 2(94).

¹¹⁸⁶ Sjá nánar í kafla 5.5.5.

¹¹⁸⁷ Skjal nr. 2(173).

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann sendi með bréf hreppstjórans í Öxnahreppi. Segist hann hafa borið svör hans saman við landamerkjabók sýslunnar og virðist þau rétt.¹¹⁸⁸

Eftirfarandi kemur fram í bréfi hreppstjórans sem dagsett er 25. febrúar 1920:

Hér í hreppi er einn afréttur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðarumráðendur telja jörðunum frían upprekstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur framaf byggðinni í Öxnadal, eru því upptök Öxnadalsár í almenningbotni. Hún er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. [...]

Til ath. Hygg að allar afréttur fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanb. máldaga fyrir Bægisárkirkju [...]¹¹⁸⁹

Í ritinu *Göngur og réttir* frá árinu 1949 kemur fram að um 40 jarðir eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Þar segir svo:

Aðalafrétt meira hluta Akrahepps er Silfrastaðaafrétt. Eiga þangað upprekstur allar jarðir í Blönduhlíð, frá hreppamörkum Akra- og Viðvíkurhepps fram að Norðurá, og auk þess Norðurárdalur allur nema Egilsá. eru þetta um fjörutíu jarðir, en þær níu jarðir, sem eru framan Norðurár, eiga upprekstur á Egilsdal, Bakkadal og Nýjabæjarafrétt.¹¹⁹⁰

Um eign og vörslu Silfrastaðaafréttar segir svo ritinu *Göngur og réttir* árið 1949:

Silfrastaðir hafa jafnan verið stórbýli, og mun svo hafa verið frá því í fornöld. Var Silfrastaðaafrétt eign þeirrar jarðar eða tilheyrandi henni, og er líklegt, að svo hafi verið, svo að öldum skipti.¹¹⁹¹

Árið 1949 er sett fram gagnrýni á *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu frá árinu 1709, nánar tiltekið í ritinu *Göngur og réttir*. Gagnrýnin snertir þögn jarðabókarinnar um nokkra dali sem haldið er fram að hafi heyrt undir Silfrastaðaafrétt. Gagnrýnin er svohljóðandi:

Einkennilegt er, að í þessari umsögn jarðabókarinnar er ekki getið dala þeirra, sem nú tilheyra Silfrastaðaafrétt, svo sem Krókárdals, Miðdals, Seljárdals og Kleifa; er þó vafalítið, að þeir hafi á þeim tíma heyrt undir afréttina.¹¹⁹²

Í skrá yfir afrétti, eignaheimildir og landamerki (í Skagafjarðarsýslu) frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalshéið – Girðing milli Kaldbakshníúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.

¹¹⁸⁸ Skjal nr. 2(174).

¹¹⁸⁹ Skjal nr. 2(175).

¹¹⁹⁰ *Göngur og réttir* II, bls. 278.

¹¹⁹¹ *Göngur og réttir* II, bls. 283.

¹¹⁹² *Göngur og réttir* II, bls. 284.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshjúk og Reykjanibbu.

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.¹¹⁹³

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.¹¹⁹⁴

Í fjórða bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir eftirfarandi um afréttareign Silfrastaða:

Afrétti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða en í það eiga aðrar jarðir ítök sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnanverða. Geldfjár- og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrétt þennan, annað hvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af 20 og ekki meira, ef ekki kemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og byggðin [meðfram] austari Jökulsá, allt fram að Merkigili. Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur svo ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi. Er nú kolagjörð keypt. Torfrista og stunga sæmileg til húsa og heyja. Reiðing þarf út að kaupa. Silungsveiðivon lítil í Norðurá. Grasatekja þverr mjög. Hvannatekja og rötargröftur eru lítil, brúkast lítt. Rekaítök sem kirkjan á Skaga finnast í máldaganum. Vatnsuppgangur grandar túninu, kirkjunni og kirkjugarðinum stórlega en Norðurá enginu. Vatnsból bregst um vetur og er þá langt og illt til að sækja. Högunum spilla skriður stórlega.¹¹⁹⁵

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um Silfrastaðaafrétt:

Innan marka Silfrastaðaafréttar er Krossland. [...] Árið 1898 bættist Krókárgerðisland við [Silfrastaðaafrétt] en Gulreitur árið 1997. Silfrastaðaafrétt er nú talin nálægt 19.630 ha að stærð [þ.e. árið 2007].¹¹⁹⁶

Í sömu heimild er Silfrastaðaafrétt lýst á eftirfarandi hátt:

¹¹⁹³ Skjal nr. 4(251).

¹¹⁹⁴ Skjal nr. 4(250).

¹¹⁹⁵ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 403. Sjá einnig *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150–151.

¹¹⁹⁶ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 411.

Silfrastaðafrétt nær yfir um það bil 19.630 hektara, þ.e. Öxnadalsheiði alla niður til móts við Borgargerðisland í Norðurárdal og austur að girðingu á heiðarbrúninni ofan við Bakkasel, en þangað nær eignarland Akrahrepps þótt það sé í Eyjafjarðarsýslu, Hörgárdalsheiði með hálfum Víkingsdal og fjalllendið framan við Fremri-Kot, þ.e. Miðdal, Seljárdal, Kleifar, hálfan Fletjárdal og Smaladal.¹¹⁹⁷

Um upprekstur Víðivalla í Blönduhlíð segir:

Víðivellir eru í Miklabæjarsókn og eiga upprekstur á Silfrastaðafrétt.¹¹⁹⁸

Þá segir um selstöður Silfrastaða á Silfrastaðafrétti:

Fjórúrum kílómetrum framan við Silfrastaði er fornbylið Bessakot. Það varð síðar selstaða og loks beitarhús frá Silfrastöðum sem notuð voru framundir það að sauðfjárbúskapur lagðist af á jörðinni 1991. Silfrastaðamönnum 20. aldar hefur þó verið tamara að tala um selið fremur en Bessakot.¹¹⁹⁹

Þá segir enn fremur í sömu heimild um sel í landi Silfrastaða í Silfrastaðafrétt:

Áður er getið um selstöðu Silfrastaða á Bessakoti. En fleiri sel hafa verið í landi jarðarinnar í Silfrastaðafrétt, bæði frammi á Öxnadalsheiði og í Horni, auk tveggja selja í Krosslandinu tilheyrandi Víðivöllum og Miklabæ þar sem þeirra er nánar getið.¹²⁰⁰

Í máli þessu liggja fyrir kvittanir fyrir arðgreiðslum til handa ábúanda Miklabæjar og Fjallskilasjóði Akrahrepps vegna veiði í Norðurá, dags. 31. desember 2004.¹²⁰¹ Sömuleiðis liggja fyrir kvittanir fyrir greiðslum frá Vegagerðinni til fjallskilasjóðsins vegna efnistöku úr eyrum Grjótár og malartekju, stimplaðar um greiðslu 18. desember 1991 og 28. desember 1995.¹²⁰²

Silfrastaðafréttur er nú nýttur til sumardeildar fyrir sauðfê og hross af jörðum í Akrahreppi, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbygðanefnd.

5.5.3 Hálfánartungur

Í vísitásiu Silfrastaða frá 2. október 1663 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi Fremrikot og Krákugerði með Hálfánartungum. Í vísitásiunni segir svo:

Kyrkiann ä Sylfrastódum [...] Annad huad kirkiunne tilheyrer aff rekum, Jtókum og affriettum Verda eigendur Rejkningskap ä ad giöra effter þuj sem bevýsad verður aff brefum og mäldógum gómlum. Kýrkiann ä Jórd framm ä Nordur ärdal xx hndr. sem eru fremrj kot, og byggist fyrer fimm ærgillde. [...] J Portionem fellur ärlega [...] Kräkugierde med Hálfánartungum er hallded heima land. [...] Þann 2. dag octobris Anno 1663.¹²⁰³

¹¹⁹⁷ *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 20.

¹¹⁹⁸ *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 323.

¹¹⁹⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 414.

¹²⁰⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 418.

¹²⁰¹ Skjal nr. 9(15).

¹²⁰² Skjal nr. 9(15).

¹²⁰³ Skjal nr. 2(105) a-b.

Í kaflanum um Fremrakot í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu árið 1713 segir svo um Hálfánartungur:

Hálfánartúngur. Fornr eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggingarmerki og girðingar miklar so sem á stórjörðu: veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða, er það talið og meint með þeim afrjettum, sem áður er skrifður á Hörgárdalsheiði; munnmæli segja að það kallað hafi verið x hndr. land, hefur nú ábúandinn á Krákugerði frjálsa beit og slægjur á þessum Hálfánartungum.¹²⁰⁴

Árið 1713 eru Silfrastaðir virtir á 80 hundruð en með Krákugerði og Hálfánartungum er jörðin metin á tíutíu hundruð.¹²⁰⁵

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1946 er getið um Hálfánartungur í lýsingu á Öxnadalsheiði. Þar segir:

Skammt inn og upp af brúnni stendur á sléttum grundum gangnamannakofi, þar sem fyrr var innsta býlið í dalnum, *Hálfánartungur*. Sauðland þykir hér afburðargott í hlíðinni.¹²⁰⁶

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1949* frá árinu 1956 segir eftirfarandi í sögulegri samantekt um Hálfánartungur:

Árið 1713 er jörð þessi í eyði, og er talin fornt eyðibýli. En líklegt má þykja, að jörð þessi hafi verið í ábúð á fyrri öldum. Í Ljósvetninga sögu er getið ábúðar þar og ekki þó virðulega. – Jörðin er komin í ábúð um 1750, en fór aftur í eyði fyrir 1780. – Þegar jörðin byggðist aftur 1813, var hún ekki metin til dýrleika, en metin með Silfrastöðum, en eftir 1861 var jörðin kölluð 5 hundr. að dýrleika. Sami eigandi mun alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfánartungum, voru því Hálfánartungur leigujörð, og búendur á Silfrastöðum munu oftast hafa haft umráðarétt jarðarinnar. Þegar Silfrastaðir voru seldir, fylgdu Hálfánartungur með. Eftir að jörðin fór algjörlega í eyði 1876, lagðist hún undir Silfrastaðaafrétt og var síðar seld með afréttinni árið 1895. Hálfánartungur voru í Silfrastaðasókn.¹²⁰⁷

5.5.4 Krossland

Í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar, frá 1394 og síðar, er auk rekæignar Miklabæjar eftirfarandi eignir tilgreindar:

[...] ä hun allt heimaland er þorvardur prestur Grimsson gaf med þessum vmmerckium. ad Landfall rædur fyrer sunnan. og geingur hagagardur ofann vr fialli fyrer vtann Vijdevallagierde og riettsyni yfer j raudaskridu sudur fra arnarbergi. stendur steirn a melnum vppi fyrer ofan skriduna. suo vt til þuergarda. og vpp ad akraslyium. rædur þa akbraut vtann til motz vid mosagrund. Eiga hier j vpphogguid gras med Teygum

¹²⁰⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 155.

¹²⁰⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

¹²⁰⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 46.

¹²⁰⁷ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953* III, bls. 30. Með samantektinni um Hálfánartungur er skrá yfir ábúendur frá árinu 1813 til ársins 1876.

sijnum. akrar og vijdeveller. fiskueidi j Jokulsä a Myklabæarkyrkia alla med krossi j holmi. þa sem er edur verda kann og til motz vidur reyki. hrijs a auxnadalsheydi. fra fiallsenda fyrer ofuann reydgotur. og framm til Griothryggs til modz vid vijdivollu. kross land halft fyrer framann valagilsä. og til Seliadalsar. nautarekstur j millum krakuär og kalldbaksar. millum reydsflugils og griotär.¹²⁰⁸

Í máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan eigi hálf Krossland en að Víðivellir eigi hinn helminginn.¹²⁰⁹

Miklibær er kirkjustaður og beneficium árið 1713 þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Akrapingsókn í Skagafjarðarsýslu var tekin saman. Þar segir m.a.:

Hálft Krossland með selstöðu fyrir framan Valagilsár og til Seljadals eignar máldaginn kirkjunni.¹²¹⁰

Þá kemur fram í brauðalýsingu séra Odds Gíslasonar á Miklabæ í Blönduhlíð frá 14. ágúst 1782 að kirkjan eigi hálf Krossland.¹²¹¹

Í jarðamatinu 1849 kemur m.a. eftirfarandi fram um Krossland í kaflanum um Víðivelli:

Jörðin Víðivellir á landspart í Silfrastaða afrétt, hálf Krossland á móts við Miklabæ, sem á hinn helminginn, [...] [Þessi] landspartur gefur ej annan arð af sér, en að ábúandinn á Víðivöllum brúkar hann fyrir frítt upprekstrarland fyrir heimilið, [...]¹²¹²

Í jarðamatinu 1849 kemur m.a. eftirfarandi fram um Krossland í kaflanum um Miklabæ:

Jörð þessi á hálf, svonefnt „Krossland“ í Silfrastaða afrétt, sem ej verður notað nema til upprekstrar fyrir heimilið.¹²¹³

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum (Silfrastöðum) og Silfrúnarstaðaafrétti (Silfrastaðaafrétti). Lögfestan var dagsett 27. maí, sama ár.¹²¹⁴ Sama dag, ár og stað, var áminnt um að öll trippi skyldu rekin til afréttar ekki seinna en um fardaga. Var ákveðið og samþykkt að þeir sem rækju á Silfrastaðaafrétt, skyldu sýna trippin á Silfrastöðum um leið og þeir færu þar framhjá og gera um leið grein fyrir hvað mörg trippi væru frá hverjum bæ. Ákveðið var að helmingur trippatollsins færi til Silfrastaða en hinn helmingurinn til Jónasar Sigurðssonar bónda á Fremrikotum sem hafði tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Víðivöllum geymdi sér rétt til að láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem þá tilheyrir Víðivöllum og Miklabæ, væri ekki svo (land)mikið að þar mætti reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum (þ.e. Víðivöllum og Miklabæ).¹²¹⁵

¹²⁰⁸ Skjal nr. 2(133).

¹²⁰⁹ Skjal nr. 2(103) a-b.

¹²¹⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 175.

¹²¹¹ Skjal nr. 2(180) a-b.

¹²¹² Skjal nr. 2(89).

¹²¹³ Skjal nr. 2(89).

¹²¹⁴ Skjal nr. 2(246).

¹²¹⁵ Skjal nr. 2(247).

Í landamerkjabréfi fyrir Víðvelli sem útbúið var 28. apríl 1890, og þinglýst 22. maí sama ár, kemur eftirfarandi fram um Krossland:

Jörðin Víðivellir á Krossland á Norðurárdal til helminga á móts við Miklabæ. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn uppí Landshnjúk eða fjallabrunina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Einnig á jörðin Víðivellir ítak í Silfrastaðaafrett, sem er hrossa og nauta rekstur.¹²¹⁶

Sigurður Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir sína hönd og meðeigenda sinna. Það var samþykkt af Birni Jónssyni ábúanda Miklabæjar, Jóni Hallssyni umráðamanni Hellu, Þóru Rósu Sigurðardóttur eiganda Miðsitju, Ólafi Briem umráðamanni Silfrastaða og J. Benediktssyni eiganda jarðarinnar Borgargerðis.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Víðivellir eigi upprekstur í Silfrastaðaafrett og að talið sé að jörðin eigi einnig selför þangað. Einnig stendur að beitiland jarðarinnar sé víðlent til fjalls og að landamerki hennar séu þinglesin.¹²¹⁷

Landamerkjabréf prestsetursins Miklabæjar og kirkjujarðarinnar Hrólfsstaða var útbúið 17. maí 1890 og því var þinglýst 1. júní 1892.¹²¹⁸ Þar segir meðal annars eftirfarandi um Krossland:

Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllu. Sunnar að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá, upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum til norðurs. Að austan ræður liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Ítök kirkjunnar eru: Hris á Öxnadalsheiði frá fjallsenda fyrir ofan Reiðgötur og fram til Grjóthryggs. Nautarekstur milli Kollbaksár og Krókaár, milli Reiðslugils og Grjótár.¹²¹⁹

Björn Jónsson (prestur) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Sigurðssyni vegna eiganda Víðivalla, G. Jóhannessyni eiganda Vindheima, Pjetri Andrjessyni sem handsalaði vegna eiganda Stokkhólma, J. Hallssyni eiganda Vagla, Gísla Þorlákssyni eiganda Grundarkots og Steingrími Jónssyni eiganda Silfrastaða.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Miklibær eigi upprekstur á Silfrastaðaafrett og að landamerki jarðarinnar séu óátalin.¹²²⁰

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 er að finna eftirfarandi samantekt um ítök og eignir Víðivalla:

¹²¹⁶ Skjal nr. 2(66).

¹²¹⁷ Skjal nr. 2(94).

¹²¹⁸ Skjal nr. 2(255). Miklibær í Blönduhlö. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37356).

¹²¹⁹ Skjal nr. 2(67).

¹²²⁰ Skjal nr. 2(94).

Víðivellir áttu frá fornu fari ítök og eignir utan jarðarinnar, nánar til tekið voru þau eign kirkjunnar en kirkjan jafnframt eign jarðareiganda og fylgdu þau síðan jörðinni eftir að kirkjan var aflögð 1765. Þetta var rekaítak á Keflabakka í landi Neðraness á Skaga, hrossa- og nautaupprekstur á Silfrastaðaafrétt, hálf Krossland í Norðurárdal og landsvæði sunnan árinna milli Krókárgerðis og Borgargerðis er Gulreitur nefnist, [...] Þessi ítök seldi Unnur Gröndal sveitarfélaginu Akrahreppi 18. júlí 1997, að undanteknu rekaítakinu á Skaga sem Víðivallamenn nýtt að einhverju marki fram á seinni hluta 20. aldar.¹²²¹

Í kaupsamningnum sem getið er um að ofan frá 18. júlí 1997 kemur fram að eigandi Víðivalla selji Akrahreppi land og ítök sem Víðivellir eigi á Norðurárdal í Akrahreppi. Í fyrstu grein kaupsamningsins segir:

1. Hlut Víðivalla, í Krosslandi á Norðurárdal, sem Víðivellir eiga að hálfu á móti Miklabæ. Takmörk þessa lands eru: Að sunnan Norðurá. Að vestan Valagilsá upp til þess að Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein lína eftir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan liggur Seljadalsá og þaðan ræður bein stefna eftir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Stærð 200 ha.¹²²²

Þá segir í 2. grein kaupsamningsins eftirfarandi um ítak:

2. Ítak sem Víðivellir eiga í Silfrastaðaafrétt fyrir upprekstur hrossa og nauta.¹²²³

Í 3. grein kaupsamningsins segir svo um landspart Víðivalla sem kallast Gullreitur:

3. Land Víðivalla milli Krókárgerðis og Borgargerðis á Norðurárdal, er kallast Gullreitur, frá Stóra- eða Stangarlæk að Merkjaskriðugili, frá Norðurá að fjallsbrún. Stærð 50 ha.¹²²⁴

Söluverðið á landi því og ítaki er tilgreind eru hér að ofan var 400 þúsund krónur. Kaupsamningurinn er undirskrifaður af Unni Gröndal, seljanda landsins og Brodda Björnssyni oddvita Akrahrepps fyrir hönd kaupanda, þann 18. júlí 1997.¹²²⁵

Degi síðar, þann 19. júlí, var kaupsamningurinn og afsalið samþykkt af hreppsnefnd Akrahrepps. Jarðanefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti kaupsamninginn og afsalið 22. september 1997.¹²²⁶

Þann 20. ágúst 1997 ritaði Guðmundur Þór Guðmundsson séra Döllu Þórðardóttur presti að Miklabæ fyrir hönd prestssetrasjóðs, vegna sölu Víðivalla á hluta úr landi sínu. Í bréfinu segir:

Með tilvísun til bréfa þinna, dags. 16. júlí og 17. ágúst sl., varðandi sölu á hlut jarðarinnar Víðivalla í Blönduhlíð, Skagafirði, úr óskiptu afréttarlandi þeirrar jarðar og

¹²²¹ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 325.

¹²²² Skjal nr. 9(10).

¹²²³ Skjal nr. 9(10).

¹²²⁴ Skjal nr. 9(10).

¹²²⁵ Skjal nr. 9(10).

¹²²⁶ Skjal nr. 9(11).

prestssetursjarðarinnar Miklabæjar á Krosslandi í Norðurárdal, til Akrahrepps, lýsir prestssetrasjóður því yfir að hann er fyrir sitt leyti samþykkur ofangreindri sölu.¹²²⁷

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um upprekstur Víðivalla í Blönduhlíð:

Víðivellir eru í Miklabæjarsókn og eiga upprekstur á Silfrastaðaafrétt.¹²²⁸

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða (frá því um 1882) kom m.a. eftirfarandi fram um Krossland:

[...] [J]arðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjets; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.¹²²⁹

Í landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði er útbúið var 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár kemur eftirfarandi fram um eignarhald á Krosslandi:

Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrejt liggir Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum.¹²³⁰

Í landamerkjabréfi prestsetursins Miklabæjar og kirkjujarðarinnar Hrólfsstaða er útbúið var 17. maí 1890 og þinglýst 1. júní 1892 kemur eftirfarandi fram um Krossland:

Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllu.¹²³¹

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um Krossland í umfjöllun um Silfrastaðaafrétt:

Niður frá Landshnjúk er Krossland, oftast nefnt Land, sem skiptist í Efra-Land ofan brúna en Neðra-Land frá Norðurá upp á brúnir. Krossland endar við Landsendagjá, nokkru ofar en þar sem Horná fellur í Norðurá. Hrafnsgil er djúpt og hrikalegt klettagil sem sker brúnina á milli Efra- og Neðra-Lands og hliðina niður undir Norðurá á móts við brúna sem notuð var fram til 2007. Til forna var selstaða á Landinu frá Miklabæ og Víðivöllum í Blönduhlíð og talið að jarðir þessar ættu Landið að hálfu hvor. Selið frá Miklabæ var fram og upp frá svonefndum Presthöfða þar sem eldri steinsteypubrúin er yfir Norðurá en Víðivallasel var miklu neðar, á móts við eyðibýlið Krókárgerði, og eru tóftir þess að mestu horfnar undir veginn.¹²³²

5.5.5 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Þar er nánar tiltekið um að ræða Silfrastaði, Bakkasel, Gil, Möðruvelli,

¹²²⁷ Skjal nr. 9(12).

¹²²⁸ Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 323.

¹²²⁹ Skjal nr. 4(164).

¹²³⁰ Skjal nr. 4(172).

¹²³¹ Skjal nr. 2(67).

¹²³² Hjalti Pálsson: *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 13.

Hóla, Djúpadal, Stóru-Akra, Fremri Kot og Krókárgerði. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

5.5.5.1 Silfrastaðir

Silfrastaðir eru virtir á 80 hundruð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713. En með Krákugerði og Hálfðanartungum er jörðin metin á tíutíu hundruð. Í lýsingu segir eftirfarandi um afrétti tvo sem kirkjan átti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði:

Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfreðar eður lognsnjóar byrgi. [...]

Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili.

Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhris og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.¹²³³

Einnig eru nefndar hjáleigurnar „Ausugierdi“ og „Ketelsstader“.

Um tengsl Silfrastaða og Hálfðanartungna hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* eftirfarandi:

Halfðanartungur. Fornt eyðiból, hefur ekkii byggt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggingarmerki og girðingar miklar so sem á stórejörðu; veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða, er það talið og meint með afrjettinum, sem áður er skrifaður á Hörgárdalsheiði; munnmæli segja að það kallað hafi verið x c [hundraða] land, hefur nú ábúandinn á Krákugerði frjálssa beit og slægjur á þessum Hálfðanartungum.¹²³⁴

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 3. maí 1730, var upplesinn dómur Jóns Sigurðssonar lögmanns, dags. Syðri-Ökrum í Blönduhlíð, þann 27. sept. 1611, áhrærandi Silfrastaðaafrétt; um lambarekstur þangað og tilsagði sýslumaðurinn íbúum hreppsins að lifa eftir dómsins innihaldi, bæði um lambatolla og rekstur. Þetta skjal var sagt vera eftirrit af kálfskinsbréfi. Sömu leiðis upplesið annað eftirrit áhrærandi 12 manna áreið á nefnda Silfrastaðarétt, með víðara sem þessi skjöl útvísa og hér fyrir réttinum uppáskrifast. Nefnt áreiðarbréf er dagsett að Silfrastöðum, 14. sept. 1656.¹²³⁵

Á manntalsþingi í Skagafjarðarsýslu, hvar ekki er getið um stað, en haldið 13. apríl 1736, var upplesið eitt skjal viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt, að hverju upplesnu og uppáskrifuðu

¹²³³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

¹²³⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 153.

¹²³⁵ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 02. (db.gr.nr. 27362).

lögrettumaðurinn aðvaraði alla þá sem þar eiga skylduafrétt, hana löglega að brúka, svo framarlega að þeir vildu ei frekara tiltali mæta síðar.¹²³⁶

Á héraðsþingi að Stóru-Ökrum í Blönduhlíðarhreppi, 1. maí 1739, var upplesin lögfesta klausturhaldarans Schevings fyrir Silfrastöðum, Krákugerði, Efri- (Fremri) og Neðri-Kotum, sömuleiðis allri afréttinni Silfrastöðum fylgjandi frá 29. apríl 1739. Færði sýslumaðurinn framur í tal um lambarekstur í afréttina að eftir þingdóm gengnum hér á stað þann 3. maí 1738 og guldur því allir hlutaðeigandi bændur. Bændur lofuðu fyrir réttinum að standa við téðan þingdóm, tilskiljandi að afrétturinn hreinsaður yrði og réttin hlaðin.¹²³⁷

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1743, var lögfest Silfrastaðaafrétt og aðvaraðir allir þeir sem skyldurekstur í hana áttu að halda uppi lögskilum, bæði til rekstrar og gangna.¹²³⁸ Sama lögfesta var lesin upp á Silfrastöðum þann 17. júní árið 1752¹²³⁹ og keimlík lögfesta á sama stað þann 9. júní árið 1768.¹²⁴⁰

Í jarðamatinu 1804 kemur fram við jörðina Silfrastaði, að leiguliði jarðarinnar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi.

For græsgang paa en Jorden tilhörende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. aarlig. Udmarken Elvebrud underkastet.¹²⁴¹

Afréttar er getið við jörðina Silfrastaði í jarðamatinu 1804. Segir svo:

Jorden tilhörende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. Aarlig.¹²⁴²

Á manntalsþingi 12. júní árið 1819, höldnu að Stóru-Ökrum, bannaði Jón Erlendsson hreppstjóri leyfislausan nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt.¹²⁴³

Á manntalsþingi 3. júní árið 1822, lýstu sveitarmenn óánægju sinni yfir byggingu á Hálfánartungum. Þeir töldu sig ekki geta haft frjáls afnot af afréttinni vegna hennar, einkum þar eð Sigurður, ábúandi, hafði ekki staðið í skilum. Rétturinn úrskurðaði að bygging þar skyldi ekki haldast lengur en yfirstandandi fardagaár.¹²⁴⁴

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggja víðlend og landgóð afrétt sem meirihluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi.

Undir jörðina Silfrastaði liggur víðlend og landgóð afrjett sem brúkuð er til upprekstrar fyrir meiri hluta Akrahrepps á móti borgun. Afrjett þessa meta matsmenn ígildi 12 hundraða.¹²⁴⁵

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplesin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti, dags. 27. maí, sama ár.¹²⁴⁶ Sama dag,

¹²³⁶ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26740).

¹²³⁷ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26988).

¹²³⁸ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29754). Sjá einnig skjal nr. 4(262).

¹²³⁹ Skjal nr. 4(263).

¹²⁴⁰ Skjal nr. 4(261).

¹²⁴¹ Skjal nr. 2(84).

¹²⁴² Skjal nr. 2(84).

¹²⁴³ Skjal nr. 2(242).

¹²⁴⁴ Skjal nr. 2(243).

¹²⁴⁵ Skjal nr. 2(89).

¹²⁴⁶ Skjal nr. 2(246).

ár og stað, var áminnt um að reka öll trippi til afréttar ekki seinna en um fardaga og var það ákveðið og samþykkt að þeir sem reka til Silfrúnarstaða-afréttar, skuli sýna trippin á Silfrúnarstöðum um leið og þeir fara framhjá og gjöra grein fyrir hvað mörg eru frá hverjum bæ. Svo var trippatollurinn ákveðinn, og ákveðið að helmingur hans færi til Silfrúnarstaða, en hinn helmingurinn til Jónasar bónda Sigurðssonar á Fremrikotum sem hefur tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Viðivöllum geymdi sér rétt til að láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem tilheyrir Viðivöllum og Miklabæ, sé ekki svo mikið að þar megi reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum.¹²⁴⁷

Á manntalsþingi 7. júní árið 1864, var samið um að Jónas bóndi Sigurðsson á Fremrikotum tæki að sér fyrirstöðu fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt fyrir 18 ríkisdali en hreppstjóri P. Þórðarson, stúdent A. Arason og bóndi Ólafur Ólafsson á Réttarholti tóku að sér að sjá um og ábyrgjast að Jónas fengi sitt af hinum viðtekna trippatolli.¹²⁴⁸

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 31. maí 1871, var upplestin lögfesta á Yxnadalsheiði, Arnljóts prests Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins dannebrogsmanns Daníelssonar, að norðan til Kallbaksár og Grjótár. Hreppstjóri Páll Þórðarson mótmælti téðri lögfestu með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er var þinglesin í fyrra, með ummerkjum til Kallbaksár og þvert yfir, og með báðum Grjótárdölum.¹²⁴⁹

Á manntalsþingi 2. júní árið 1880, var þinglesin áskorun Jóns bónda Guðmundssonar á Silfrastöðum dags. 1. júní 1880 til þeirra er reka trippi á Silfrastaðaafrétt og ekki eiga ítök í henni, um að segja honum til trippatölnunnar, með því hann gangi rækilega eftir trippatolli framvegis.¹²⁵⁰

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða (frá því um 1882) stendur:

Jeg og fleyri ályta eingvann vafa á því að öll bíli í Akrahrepp frá Kýrfisá fram að Norður á hafi rjett til uppreksturs (almenning) á Silfrastaða afrjetti fyrir fulla borgun og að jarðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjetts; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.

Og enn fremur hafa jarðirnar Syðri brekkur, Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalr, Hoskulsstaðir og Uppsalar með skilmálabréfi, tekið á leigu fyrir 30 kr árgjald bylið Hálfánartungur sem er innan afrjettarlandsins; til uppreksturs einungis fyrir Sauðfje þeirra, Þessar 7 jarðir vyrðist meiga ályta eins og aðrar Blonduhlyðar jarðir skildar að gjalda fulla hreppatolla að Silfrastoðum. En þar sem jeg er með 6. grein Biggingarbréfs míns, skildugur til að hafa löglega umsjón á Afrjettinum, svo sem Refaeyðing með fleyru, og kalla tolla að fullu fyrir haga og fyrir töðu, á fje, og hrossum, að undan teknum fyrrtjeðum jörðum, sem og líka Ytri kotum, Fremri kotum, og Krókárgerði, sem nú hafa eins og stendur gjaldfryan Upprekstur;

¹²⁴⁷ Skjal nr. 2(247).

¹²⁴⁸ Skjal nr. 2(248).

¹²⁴⁹ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 29. (db.gr.nr. 30489).

¹²⁵⁰ Skjal nr. 2(249).

Þá verð jeg að ályta, eins og hingað til hefur verið og viðgengist, að öll hin ónefndu byli; eða ábúendur þeirra inna tjeðra takmarka í Akrahreppi sjeu skild að gjalda, sanngjarna fjár og trippatolla.

En efni og erindi bréfs þessa er af því vaxið að allflestir hafa tregðast með gjald á tollum [...]¹²⁵¹

Máli sínu til frekari stuðnings lætur bréfitari fylgja með bréf frá 25. maí 1848 en í því kvartar ábúandi Silfrastaða yfir slæmri innheimtu afréttartolla og óskar eftir betri háttum þeirra sem málinu tengjast. Í bréfinu stendur einnig:

Svo verð eg að géta þess; að eingin af þeim er upprekstur nota á Silfra staða afrétt má hér eptir reka fe, eða stóð á svo kallað Land nema hann hafi þar til leifi þess, er því landi á að ráða, því þessi landspartur heyrir ekki Silfra stöðum til.¹²⁵²

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalyking tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprilmánaðarlok 1886.¹²⁵³

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju. Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalykingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnstöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur þfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjöðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hérmeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjer eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.¹²⁵⁴

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælalabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 stendur svo skrifað:

¹²⁵¹ Skjal nr. 4(164).

¹²⁵² Skjal nr. 4(164).

¹²⁵³ Skjal nr. 2(68) a-b.

¹²⁵⁴ Skjal nr. 2(57).

Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrjett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrekna), er hafa leigt Hálfánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlínis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.¹²⁵⁵

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár og er það svohljóðandi:

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppi botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fletjardal Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggur Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrjett, og Stóru Akrrar geldneyta upprekstur á afrjettina.¹²⁵⁶

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni eiganda Uppsala og Sveini Friðrikssyni ábúanda Ytrikota.

¹²⁵⁵ Skjal nr. 4(163).

¹²⁵⁶ Skjal nr. 4(172).

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 1. júní 1892, var þinglesin yfirlýsing Steingríms Jónssonar, Silfrastöðum, viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt, dags. 10. mars 1892. Yfirlýsingu Steingríms var mótmælt af hlutaðeigendum.¹²⁵⁷

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesið afsalsbréf dags. 6. nóvember 1898, fyrir Silfrastaðaafrétt til hreppsnefndarinnar í Akrahreppi, útgefnu af Steingrími Jónssyni á Silfrastöðum.¹²⁵⁸

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesin yfirlýsing um að nokkrar jarðir í Akrahreppi, nefnilega Frostastaðir og Ysta-Grund, Réttarholt, Þverá, Höskuldsstaðir og Kúskerpi, hefðu keypt sér gjaldfrían upprekstur á Silfrastaðaafrétt dags. 1. nóvember 1898.¹²⁵⁹

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesin yfirlýsing Björns Péturssonar á Hofsstöðum um að hann banni öll kaup og sölu á Silfrastaðaafrétt, sem skerði rétt eignarjarða hans, Syðri-Brekkna, 3/4 úr Ytri-Brekkum og 1/2 Dýrfinnustöðum.¹²⁶⁰

Fram kemur í kaflanum um Silfrastaði í fasteignamati 1916-1918 að jörðin eigi frían upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að undan jörðinni hafi verið seldar Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur.¹²⁶¹

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

Undanskilið sölunni er Öxnadalshéiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.¹²⁶²

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1953*, frá árinu 1956 segir m.a. eftirfarandi í sögulegri samantekt um Silfrastaði:

Jörðin hefir verið stórbyli að fornu og nýju; var hún árið 1713 metin til dýrleika á 100 hundr. að meðtöldum Hálfánartungum og Krókárgerði, sem hver um sig var metin á 10 hundr. og eyðibýlum Ausugerði og Ketilsstöðum. Árið 1861 voru Silfrastaðir metnir með Hálfánartungum á 69,8 hundr., þar af var heimajörðin sjálf 64,8 hundr. Árið 1922 var jörðin metin á 171 hundruð krónur, en árið 1942 á 162 hundruð krónur.

[...] Silfrastaðir eiga fjallendi mikið, snjólétt og veðursælt. [...] Silfrastaðir voru bændaeygn og voru fyrr á öldum í eign og ábúð ýmsra auðugra bænda og höfðingja; hafa þar og jafnan gildir bændur búið. Um 1700 eða fyrr er jörðin komin í eign utanhéraðsmanna og er þá í leiguábúð og hélzt þar leiguábúð alla tíð síðan, þar til árið 1891 að Steingrímur Jónsson og k.h., Kristín Árnadóttir, keyptu jörðina, með Hálfánartungum, Krókárgerði og kirkjujörðinni Fremri-Kotum, en þau fluttu að Silfrastöðum árið 1882. Seljandi Silfrastaða varð svo Jóhannes sonur Steingríms, bóndi og hreppstjóri á Silfrastöðum, en hann seldi Silfrastaði árið 1951 frænda sínum

¹²⁵⁷ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37351).

¹²⁵⁸ Skjal nr. 9(2).

¹²⁵⁹ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42065).

¹²⁶⁰ Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42066).

¹²⁶¹ Skjal nr. 2(94).

¹²⁶² Skjal nr. 4(255).

Jóhanni L. Jóhannessyni og konu hans Helgu Kristjánsdóttur. [...] Kirkja er á Silfrastöðum og annexía frá Miklabæ, var hún helguð með guði og Jóhannesi baptista hinum heilaga krossi. Kirkju á Silfrastöðum er getið í Sturlungu fyrir 1200. Silfrastaðaafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.¹²⁶³

Í skrá yfir afrétti, eignaheimildir og landamerki (í Skagafjarðarsýslu) frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalshéiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshjúk og Reykjanibbu.

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.¹²⁶⁴

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalshéiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.¹²⁶⁵

5.5.5.2 Bakkasel

Bakkasel liggur austan Silfrastaðaafréttar. Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár. Þar segir:

Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.

Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalshéiði kallað

Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.

¹²⁶³ Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953 III, bls. 27–28. Með samantektinni um Silfrastaði fylgir skrá yfir ábúendur frá árinu 1783 til ársins 1950.

¹²⁶⁴ Skjal nr. 4(250).

¹²⁶⁵ Skjal nr. 4(250).

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.¹²⁶⁶

5.5.5.3 Gil

Landamerkjabréf fyrir Gil var útbúið 19. mars 1883. Ekki er tekið fram að það hafi verið þinglesið. Það hljóðar svo:

Að norðan úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli Gils og Varmavatnshóla og þaðan beint uppí Gilsskarð.

Að sunnan beint úr Hjallalandsskarði í Lurkastein og þaðan í Yxnadalsá.

Að vestan ræður fjallið.

Að austan ræður Yxnadalsá.¹²⁶⁷

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði vegna Varmavatnshóla og Jóni Jónssyni eiganda Skriðu og J. Andrjessyni eiganda Syðri Bægisár en þeir tveir síðastnefndu voru samþykkir vegna Almennings.

5.5.5.4 Möðruvellir í Hörgárdal

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur eftirfarandi fram um eignir klaustursins á Möðruvöllum:

Möðruvallaklaustur áá afrett áá horgáárdal fram fra griotä og til vikingsáár med halfum griotáárdäl fyrir sunnan fram. og fra griotää til diupagils og fram til luser áá horgáárdalsheide Jtem áá modruvallaklaustur skogarpert er heiter mariuhris og stendur i asjórdu j horgáárdal millum aubreckuskogs og vindheimaskogs. Rædur vt vid aubreckuskog jarkross lagdur af steinum. og suo langt sudur sem er rettsyne ofan áá äsgerde. og suo vt af gerdenu ed nedra til moz vid aubreckuskog enn upp so langt sem skogur vex. skögarparta áá vaglajordu. Sudur fra fornagaskogi. og til kidialækjar. fra dynhagaskogi og suo ofan þaðan.¹²⁶⁸

Möðruvallaklaustur var í konungseigu 1713, og enginn jarðardýrleiki þekktur. Um afréttamál segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713:

Afrjettur fylgir heimaklaustrinu, so nefndur Barkárdalur, til vesturs liggjandi frá Hörgárdal. Þángað er enginn skyldurekstur.

Selstaða hefur frá klaustrinu í þessari afrjett verið, en vegna fólksfáleika og lengdar vegarins hefur ei selförin um nokkur ár brúkast. En um sumar brúkast hún hjeðan til hesta og geldfjár göngu.

Land er hjer so mjög lítið að klausturhaldarinn orðsakast af nálægum kríngumliggjandi löndum hey og haga að þiggja.

¹²⁶⁶ Skjal nr. 2(55).

¹²⁶⁷ Skjal nr. 2(58) a-b.

¹²⁶⁸ Skjal nr. 2(123).

Hætt er hjer stórlega túni og úthögum af grjóts, sands og leirs áburði úr Staðará. Mjög (er) og einneginn hætt fyrir forröðum og djújum. [...]

Hjáleiga er hjer ein í heimaklaustursins land Sónsgerde, eður öðru nafni Skumsgerde. [...]

Skóg átti þetta klaustur í Vagla jörðu, hann er nú þvínær öldungis ónýtur til flestra gagnsemda.¹²⁶⁹

Á manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal, 18. júní 1791, var upplesin áminning amtmannsins til fólks í Hörgárdal, að brúka ekki í óleyfi afréttarlönd Möðruvallaklausturs, sem klaustrið á eftir upplesnum pósti af klaustursins máldaga, og Sigurðar registri. Forboð amtmannsins dagsett 14. júní, 1791.¹²⁷⁰

Í jarðamatinu 1849 stendur um Möðruvelli:

Freðeriksgáfa, áður nefnd **Möðruvellir** í Hörgárdal, bújörd amtmannsins yfir Norður- og Austur-amtinu, hundradatalslaus nú á tíð. ~~Túni~~ Jörðu þessari fylgir ein bygd hjáleiga, er **Spónsgerði** er köllud, líka hundradatalslaus. [...] Í túninu eru 3 eydihjáleigur, Lækjarbakki, Fjósakot og Jadar. [...]

Búfjárhagar mjög þraungvir og magrir. Jördunni fylgja tveir afréttir, heitir annar Hörgárdalur, er liggur framaf Hörgárdalsbygd í Skriðu hrepp, bádumeginn við Hörgá, og það vestur til Víkingsár á Hörgárdalsheiði og hálfan Víkingsdal þar. A Hörgárdalsafrétti vestanmegin liggja svonefndar Svínamýrar, er eigari gamla biskupssetursins Hóla í Hjaltadal eignar þeirri jörðu; og hefir óskad, ad undantakist, þegar jörðin Freðeriksgáfa verði virdt; eru þessar Svínamýrar afréttarpartur. Hinn afréttur Freðeriksgáfu jardar heitir Bárkardalur í Skriðu hrepp. Bádir afréttirnir eru gódir og grösugir, einkum Hörgárdalur, og hæfir bæði fyrir saudfé, naut og hross. En vegna fjarlægðar frá Freðeriksgáfu verda þeir ei notadir á annan hátt enn ad leigia þá öðrum, nema hvad þeir þaðan eru brúkadir til uppreksturs heimapenings eptir þörfum, og Spónsgerði hefir þar frían upprekstur. Vetrararbeit er á Freðeriksgáfu nokkud teljandi.¹²⁷¹

Landamerkjabréf Möðruvalla í Hörgárdal með Nunnuhól og Spónsgerði voru útbúin 17. apríl 1884. Ekki er tekið fram að þau hafi verið þinglesin. Um afrétt á Hörgárdal segir eftirfarandi í landamerkjabréfinu:

Möðruvöllum fylgir afrijet á Hörgárdal innanverðum og ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp. Milli Flögusels og afrijetarinnar eru merki úr Hellunefi niður við Hörgá uppi Þórðarklöpp Möðruvellir eiga upprekstur fyrir geldfje á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jónasi Gunnlögssyni eiganda Stórubrekku og Þratarhóls, J. Gunnlögssyni eiganda Framlands,

¹²⁶⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 129-130.

¹²⁷⁰ Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 10. (db.gr.nr. 6631).

¹²⁷¹ Skjal nr. 2(89).

Stepháni Stephensen vegna dánarbús Þ. Daníelssonar, samþykkti og sem umboðsmaður jarðar dánarbúsins fyrir Litlu-Brekku og Ytrakot ásamt Ásláksstöðum og Þ. Daníelssyni vegna Skipalóns. Fyrir neðan undirskriftirnar skrifaði Einar Ásmundsson:

Að jörðunum Björgum, Hallgilsstöðum, Hlöðum, Baugaseli og Flöguseli er landsjóðurinn eigandi eins og að Möðruvöllum.¹²⁷²

Á manntalsþingi á Arnarnesi í Hvammshreppi, 27. maí 1884, var upplestin landamerkjaskrá Möðruvalla, sem og fleiri jarða. Engum skráum var mótmælt.¹²⁷³

Í matsgerð Baugasels jarðar frá 6. júní 1907 stendur að til jarðarinnar teljist dalshlíð sem Möðruvellir í Hörgárdal eigi ítak í. Þar sé afrétt sem sé lítið notuð.¹²⁷⁴

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Möðruvalla séu þinglesin, dagsett 17. apríl 1884. Einnig stendur að jörðin eigi afréttarland sem liggja mjög langt frá, Hörgárdal og Hörgárdalsheiði og að talið sé að hún eigi rétt til upprekstrar á afrétt, Barkárdal, sem talin sé í eigu Baugasels. Í kaflanum stendur einnig að mikill ágangur sé á jörðina.¹²⁷⁵

Á manntalsþingi í þinghúsi Arnarneshrepps, 22. júní 1939, byggði umboðsmaður þjóðjarða í Eyjafjarðarsýslu Davíð Eggertssyni hálfra jörðina Möðruvelli, frá fardögum 1938. Jörðinni fylgir afréttarland á Hörgárdal f. Hörgárdalsheiði.¹²⁷⁶

5.5.5.5 Hólar í Hjaltadal

Landamerkjabréf fyrir Hóla var útbúið þann 20. maí 1890 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Viðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Viðinesá. Síðan ræður Viðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallahrúnir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungna- hryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hólaldalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Viðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrappstaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrappstaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu

¹²⁷² Skjal nr. 2(62) a-b.

¹²⁷³ Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1062).

¹²⁷⁴ Skjal nr. 2(167).

¹²⁷⁵ Skjal nr. 2(93).

¹²⁷⁶ Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 67. (db.gr.nr. 24966).

vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaaftrjett í Kolbeinsdal.¹²⁷⁷

Hermann Jónasson umráðandi Hóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni eiganda Víðiness, Árna Ásgrímssyni eiganda Kálfsstaða og Jóh. Þorfinnssyni eiganda Reykja. Í landamerkjalýsingunni stendur einnig:

Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboð nokkra bænda í Viðvíkr og Hólahreppum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólasson.¹²⁷⁸

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi 21. maí 1890, var upplesin landamerkjalýsing skrá fyrir Hólum og var henni ekki mótmælt.¹²⁷⁹

Til er afrit af annarri lýsingu Hermanns Jónassonar á landamerkjum Hóla, einnig frá 1890 en óþinglýst, og er hún nánast samhljóða þeirri sem skráð hefur verið. Þó er talað um Fúinhyrnu en ekki Hyrnu í óskráðu útgáfunni. Þar er einnig talað um að Hjaltadalsá ráði merkjum eftir sínum elstu og beinustu farvegum en ekki sínum efstu og beinustu. Í þriðja lagi er ítaka-kaflinn öðruvísi í þessari útgáfu. Þar stendur:

Ábúendur Bjarnastaða og Fjalls eiga frían upprekstur fyrir geldfé sitt og stóðhross í Hólaaftrétt í Kolbeinsdal, og ábúandi Bjarnastaða enn fremur fría hagagöngu þar á vetrum fyrir sín eigin hross.

Í fjórða lagi þá eru undirskriftirnar ólíkar í þessum útgáfum. Munurinn liggur í því að þess er aðeins getið að Jón Guðmundsson samþykki landamerkjaskrána í óskráðu útgáfunni. Þar er heldur ekki minnst á athugasemdina um mótmælin.¹²⁸⁰

Dagana 5.-7. maí 1898 var haldinn aðalfundur stjórnarnefndar Búnaðarskólans á Hólum. Fundinn sátu: Hermann Jónasson fulltrúi Húnavatnssýslu, Ólafur Briem fulltrúi Skagafjarðarsýslu, Guðmundur Guðmundsson fulltrúi Eyjafjarðarsýslu og Jakob Hálfðánarson fulltrúi Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig sat Jósef Björnsson fundinn. Þar var tekin fyrir:

7. Sala Kolbeinsdalsaftrjettar.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 23. júní f.á., er tilkynnir, að amtsráðið í Norðuramtinu hafi á fundi sínum 11.-12. s.m. samþykkt sölu á Kolbeinsdalsaftrjett fyrir 650 kr. (sbr. fundargerð stjórnarnefndarinnar 10.-12. maí 1897, tölul. 16). Samkvæmt fyrirskipun amtráðsins afgreiddi stjórnarnefndin afsalsbrjef fyrir aftrjettinni, svohljóðandi:

Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum kunngjörir, að hún samkvæmt fyrirskipun amtsráðsins í Norðuramtinu selur og afsalar hreppsnefndunum í Hóla og Viðvíkur hreppum hina svonefndu Kolbeinsdalsaftrjett, er telst 10 (tíu) hundruð úr jörðinni Hólum í Hjaltadal með þeim rjettindum og skyldum, er landi þessu fylgja að lögum, þannig að jörðin Hólar njóti alls sama rjettar og sje öllum sömu skyldum háð í tilliti til

¹²⁷⁷ Skjal nr. 2(47) a-b.

¹²⁷⁸ Viðbætur neðanmáls.

¹²⁷⁹ Skjal nr. 2(255). Hólar. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 46011).

¹²⁸⁰ Skjal nr. 2(228) a-b.

afrijettarinnar sem aðrar jarðir í nefndum hreppum, fyrir umsamið kaupverð 650 (sex hundruð og fimtíu) krónur, sem þegar er greitt að fullu.

Fyrir því eru Hóla og Viðvíkur hreppar hjeðan í frá rjettir eigendur að Kolbeinsdals afrijettt með þeim ummerkjum, sem tiltekin eru í merkjalýsingu afrijettarinnar dagsettri 22. maí 1897.

Þess skal getið, að sala afrijettarinnar er bundin þeim skildaga, að eignarrjettur Hóla til hins svonefnda Hólahaða verði aldrei vefengdur af íbúum nefndra hreppa.

Til staðfestingar eru nöfn stjórnarnefndarmanna.

Á fundi að Hólum 6. dag maímánaðar 1898.

Ólafur Briem Guðm. Guðmundsson

J. Hálfðanarson Hermann Jónsson¹²⁸¹

5.5.5.6 Djúpidalur í Blönduhlíð (Djúpárdalur)

Steindór Jónsson fékk Ingunni Ólafsdóttur, eiginkonu sinni, allan Ytra-Djúpadal með bréfi gerðu 31. júlí 1445. Eftirfarandi landamerki eru tilfærð í bréfinu:

[A]t firir sunnann framm rædur diupadalsaa til jokuls og austur j gloppugil. gagnuartt þaðan norður epter fiallinu mots við holastadar menn. sijdan rett j vestur epter ollu fiallinu og allt aa feikirs nauf og rettsynes í jtra nautaskalar enda ok steingard þann sem geingur ofan j aa. er hennar heimaland aa mille þessara vm(m)erkia sem fyr seiger.¹²⁸²

Landamerkjabréf fyrir Djúpadal var útbúið 14. apríl 1890 og þinglesið 22. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Að sunnan fram ræður Djúpadalsá til jökuls, og austur í Gloppugil. Rjettisýnis þaðan norðureptir fjallinu móts við Hólastaðarmenn. Síðan rjett í vestr eptir öllu fjallinu og allt á Feikirsnauf og þaðan rjettisýnis í vörðu á Nautaskálarmel og þaðan rjetta sjónhending í vörðu við Djúpadalsáreyrar.¹²⁸³

Valdimar Jón Jónsson og Eiríkur Jónsson eigendur Djúpadals skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þorvaldi Arasyni eiganda Flugumýrar, Stefáni Eiríkssyni eiganda Höskuldsstaða, Þrúði Jónsdóttur sem handsalaði sem eigandi Miðhúsa, Hirti Hjálmarssyni eiganda Stóruakra og Sigríði Guðvarðardóttur eiganda Stóruakra og Litladals.

Fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að Djúpidalur hafi upprekstur á sitt eigið land í Djúpadal og þess utan á Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að beitiland jarðarinnar sé víðlent.¹²⁸⁴

¹²⁸¹ Skjal nr. 2(298) a-b.

¹²⁸² Skjal nr. 2(138).

¹²⁸³ Skjal nr. 2(64) a-b.

¹²⁸⁴ Skjal nr. 2(94).

5.5.5.7 Stóru Akrar

Í jarðasölubréfi frá 7. apríl 1607 er m.a. fjallað um landamerki milli Akranna hið efra. Í Bréfinu kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Aullumm mönnum sem þetta brief sia edur heyra kunngiorum vid magnús Sigfussson kirkiu prestur ad Reinistadarklaustri, Jon Sigurdsson vmbods madur konungs i hegranes þyngi, Arni Biorsson, Einar Jonsson logrettu madur og kolbeirnn hialmsson ad þann vij dag Aprilis manadar, sem uar manudagur sydastur i vetri j Gielldinga holti i Skagafirdi, Anno mdc og vj ár, vorum uier til vitniskalladir heyrðum og saum ord og handaband þessara manna, Arngryms Jonssonar af einrri alfu, og Gryms Jonssonar af annari ad suo vndertoludu og fyrirskyldu þad Grymur Jonsson selldi sera Arnngrymi Jonssini, Jordina halfa Storu Akri j Blonduhlyd Lx hndr. ad dyrleika, med annari smá jordu þar hia minni Okrum xx hndr. ad dyrleika badar i Miklabæiarkirkiusocknn med ollum gognum og giædum eignum og itokum sem greindum jordum filgga Eiga ad fornu og nyu nær og fir oc Grymur vard fremst eigande ad epter fodur sinn Jon Grymsson i Riett arfa skipti vid syskin syn, hermdi grymur þessi landamerke a milli Akranna hid efra, Gard þann sem gengur austann yfir haugs nes hia minni Akragerdi alltt uppa haugs nes þar til kiæmi a bord vid fuglstapa þufur þær ed standa vt epter hánesinu huoriar fuglstapa þufur langa æfi hefði halldnar verid landamerki milli minni Akra og litladals Vtann gardur fyndist austar, sunnann urgreindumm þuergardi og vti dalsá. Sydann sagdi Grymur þennann þuergard sem geingur austur oc vestur ifir nesid ráda Storu Akra landi j dalshool og suo framm i griotá, sem halldit hefði verit, Enn fyrir framann griotá, ætti Sidri Akrir land alltt litladals meiginn framm ad árnotum þar filhoola á, kiemur j diupadals á, Enn ur (þvi Dijupa dals á) þui badu meiginn djupadalsar frammunder jokla, og verdur þa halft tungufiallid Akraeignn eptir gamallri hefð, þo af sagdi Grymur þad ad abirgiast, þo þad halft tungufiall kinni vndann ad ganga, hier i mot galltt s. Arnngrymur nefndum Grymi Jonssini, so heitande jarder Irarfell xx hndr. Soluanes xx hndr. Badar i Tungusueit j Goddala þyngum, oc jordina Brenniborg xxx hndr. i Vydimirarkirkjusockn. [...] hier ad auk lofadi s. Arnngrymur ad giallda x hndrada jord Anastadi i Tungusueit. Enn a medann hun greidist ecki skilldi sera Arnngrymur, suara þar af Riettri landskulld árlega, selldi tyttnefndur s. Arnngrymur optskrifudum Grymi allar ádur sagdar jardir med öllum gognnum og giædum sem þeim filgir med riettu ad fornu og nyu og sera Arnngrymur vard fremst Eygande ad, vundann sier og synum Erfingium, Enn under grym og hanns Erfingia, hier ad auk skilldi grymur hafa jordina Vydivelli med vykirkoti til abyliis so leingi sem honum lykade medan Gudrun magnusdotter til lyfði og ætti þar rad á [...] [O]g til sanninda her vmm festast vor firr skrifadra manna Insigli fyrir þetta kaupbref huortt skrifad var a Storu Ökrum i Blonduhlyd sama ári deigi sydar enn firr seiger.

Þetta bref med fiorum hangandi Innsiglum.

[...]

Framann og ofann skrifada Jardabrefa orginala, Riett utcopierada vera, vottum vid undirskrifadir Ad Holum i Hialltadal d. 6. Juny 1704.

Halldor Þorbergsson Eh, Jon Jonsson¹²⁸⁵

Landamerkjabréf fyrir Stóruökrum, Brekkukoti, Höskuldsstöðum og Miðhúsum var útbúið 13. maí 1890 og þinglesið 22. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Landamerkjum að austan, á milli Djúpadals og nefndra jarða, ræður á sú til jökuls, er rennur á milli Akradals og Djúpadals – Tungufjalls. Eiga þá nefndar jarðir í sameiningu allt land fyrir sunnan greinda á. Verða þar í Fagrahlið, Hraf nabjargadalir báðir, einnig Akraselsfjallið allt heim að Grjótá, ásamt Grjótárdal. [...] Hjerað auki á Akrakirkja ýms ítök samkvæmt máldagabrjefi af 1392. Þetta í rekum, þrjá hluti í viðreka á Básam eða Básareka vestan framm á Skaga; en hvalreka, þriðjung úr þriðjungi í hálfum hval fyrir öllum vikalöndum, sem þá voru svokölluð vestur til Laxár. Einnig á hún geldfjár-rekstur lamba og eldra fjár, utan geldneyta, á Tjarnagil, sem nú er kallað Stafngil í Svartárdal. Enn eiga Akrar skógarpart framm á Öxnadalsheiði hris og grafargjörð uppað reiðgötum framm að Kúskerpis- hvammi og ofanað ármótum. Item allan geldneyta rekstur á Öxnadalsheiði framm frá vörðum til Kallbaksár.¹²⁸⁶

Hjörtur Hjálmarsson og Sigríður Guðvarðsdóttir eigendur Stóruakra skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Eirikssyni eiganda Höskuldsstaða, Þuríði Jónsdóttur eiganda Miðhúsa, Árna Jónssyni, J. Hallssyni, Valdimar Jóni Jónssyni, Eiríki Jónssyni eiganda Djúpadals, Helgu Þorvaldsdóttur eiganda Syðstugrundar, Jóni Stefánsyni eiganda Minniakra, Jóhanni Jónssyni eiganda Vaglagerðis og Gísla Þorlákssyni eiganda Grundarkots.

5.5.5.8 Fremrikot

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 kemur fram að Fremrikot séu í eigu Silfrastaðakirkju. Þá segir: „Upprekstur í Silfrastaða afrjett er hjer tolllaust“.¹²⁸⁷

Í landamerkjabréfi fyrir Fremrikot, dags. 31. mars 1890 og þingl. 22. maí 1890, er merkjum gagnvart Silfrastaðaafreitti lýst svo: „Að norðan Fletjardalslækur austur í Valagilsá. Að austan Valagilsá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan vestur á mótis við Merkjaskriðu.“ Ólafur Briem skrifar undir bréfið í nafni frú Marenar Lárusdóttur. Bréfið er áritað af Steingrími Jónssyni vegna Silfrastaða.¹²⁸⁸

5.5.5.9 Krókárgerði

Í kaflanum um Krókárgerði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a.:

Jarðardýrleiki, sem menn almennilega tala, xx c, en síðan Hálfánartúngur voru byggðar hjer með eru bæði þessi lönd tíunduð xx c fjórum tíundum, fylgja hvorutveggju heimajörðinni Silfrastöðum, so að hún að báðum þessum jörðum meðreiknuðum telst og tíunduð tíutíu hundruð.

¹²⁸⁵ Skjal nr. 2(76) a-b.

¹²⁸⁶ Skjal nr. 2(65).

¹²⁸⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 152-153.

¹²⁸⁸ Skjal nr. 2(70) a-b.

[...]

Upprekstur á Silfrastaðaafrétt tollfrí.¹²⁸⁹

Landamerkjaskrá fyrir Krókárgerði er dagsett 31. mars 1890 og var þinglýst 22. maí sama ár. Þar er merkjum jarðarinnar lýst svo:

Að vestan ræðr Stórilækr frá Norðurá uppá Stóralækjarskarð í fjallsbrúninni. Að sunnan bein stefna, þaðan yfir fjallið austur í botn á Ernidal. Að austan Ernidalsá og síðan Króká ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að norðan, vesturað Stóralækjarós.

Landamerkjaskráin er undirrituð af Ólafi Briem í nafni frú Marenar Lárusdóttur og árituð um samþykki af Steingrími Jónssyni ábúanda Silfrastaða.¹²⁹⁰

¹²⁸⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 153-154.

¹²⁹⁰ Skjal nr. 2(70) a-b.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.¹²⁹¹ Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgdi einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar. Sami viðauki fylgir nú úrskurðum á svæði 7B, að viðbættum almennum kafla úr úrskurðum á svæði 7A og uppfærðum formála.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3–6.8 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals fimm tugir dóma Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

¹²⁹¹ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótssdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómur frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrjú dómur frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

6.1.2.2 Heimildir sem mæla í mót landamerkjabréfi jarðar

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefndar taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignaréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

6.1.2.3 Heimildir um legu jarða til forna

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan

eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirleggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Um fjöllum í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilvikum Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaði. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.¹²⁹² Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í 5. kafla hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

¹²⁹² Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.3 Almennigur norðan Hrauna

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Almennigur norðan Hrauna og þinglýstir eigendur jarðanna Hrauna og Mánár gera kröfu til sem eignarlands síns. Kröfusvæði hinna tveggja síðar nefndu skarast á milli austurmarka þjóðlendukröfusvæðisins og línu sem liggur úr Illviðrahnjúk í norðvestur eftir vatnaskilum í 725 m háan hnjúk á sveitarféлага-mörkum og þaðan beint úr honum í Almenningsnöf. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur við sjó nyrst á Tröllaskaga. Sæbratt er með ströndinni en ofan sæbrúna tekur við hallalítið land sem svo rís skarpt. Hæst rís land til suðausturs í Illviðrahnjúki í 895 m hæð yfir sjávarmáli. Til norðurs út frá Illviðrahnjúki liggur óslitinn og brattur fjallgarður. Til austurs út frá áðurnefndum fjallgarði liggur Kvígildi í 213 m hæð yfir sjávarmáli.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Almennigur norðan Hrauna sérstaklega er á því byggt að heimildir greini að umrætt svæði hafi verið almennigur utan eignarlanda frá fornu fari, samanber þá lýsingu sem finna megi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709. Virðist sem lambaupprekstur hafi verið frír á almennigur þennan og upprekstur tíðkast frá ýmsum bæjum, m.a. í Fljótum. Líta verði þannig á að umrætt svæði hafi fyrst og fremst verið nýtt til sumararbeitar fyrir búfé og hafi aldrei haft stöðu jarðar í skilningi þjóðlendulaga. Í landamerkjabréfi Hrauna frá árinu 1885 greini að svokallaðir „Almennigar“ hafi tilheyrt jörðinni. Ekki er fallist á að í þeirri tilgreiningu hafi falist tilvísun til beins eignarréttar heldur hafi verið vísað til óbeinnar afréttareignar á svæðinu. Með vísan til eldri heimilda verði ekki talið að um ráðstöfun beins eignarréttar hafi getað verið að ræða, enda engum til að dreifa sem heimild hefði haft til ráðstöfunar slíks eignarréttar. Í því sambandi sé þá einnig haft í huga að svæðið virðist frá fornu fari hafa verið nefnt Almennigar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Hrauna, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi, svo sem afsölum er

byggi á eldri eignarheimildum sem megi rekja allt aftur til þess er Hólastólsjarðir hafi verið seldar á opinberu uppboði með uppkölluðum landamerkjabréfum árið 1802. Einnig er byggt á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Ekki sé almenningur innan merkja Hrauna í þeirri merkingu að þar sé eigendalaust land að finna því af heimildum megi ráða að hér sé um örnefni að ræða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi þessara gagnaðila. Í þessu sambandi megi nefna að Vegagerð ríkisins hafi gert samning við þessa gagnaðila um malarnám í hinu umþrætta landi árið 1973 er gildi til 25 ára. Rjúpnaveiði hafi verið leigð út til einkaaðila samkvæmt sérstökum samningi. Hafi þessir gagnaðilar því óskoraðan eignarrétt að þessu landi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þó það hafi verið nýtt að einhverju leyti sem afréttarland. Umrætt land sé þó ekki lögafrétt og hafi ekki verið samkvæmt elstu heimildum.

Byggt er á því að umræddir gagnaðilar hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnáráðs og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnáráðs og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

Af hálfu þinglýstra eigenda Mánár, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að lýsing landamerkjabréfs Mánár fái ekki staðist til suðurs til móts við jörðina Hraun í Fljótum. Hafi Mánárþingur allt frá öndverðu véfengt lýsingu við Grænaforvaða og talið merkin vera við Almenningsnöf, sbr. matsgerð á jörðinni frá 5. júlí 1918. Því er mótmælt að Hraun geti talist eiga merki að Grænaforvaða enda sé getið um rétt til reka að honum í merkjabréfi þeirrar jarðar. Munnlegar heimildir hermi að Mánármenn hafi skipt greindum rekaréttindum fyrir rétt til sjósóknar sunnan merkja sem þeir hafi ávallt talið að væri við Almenningsnöf. Þá hafi þeir véfengt og véfengi enn að sá sem áritaði merkjabréf Hrauna 24. mars 1885 fyrir hönd Mánár hafi verið til þess bær, í öllu falli hafi núverandi eigendum ekki tekist að rekja tengsl Pálma Jóhannssonar sem bréfið undirriti, við eigendur Mánár.

Þá hljóti að teljast varhugavert að horfa til þinglýsingar umrædds bréfs í annarri sveit þar sem Mánármenn hafi ekki átt kost á að gæta réttar síns. Máná sé í Úlfsdölum en þeir hafi tilheyrt Skagafjarðarsýslu til 1826. Úlfsdalalönd nái að Almenningsnöf svo sem fram komi í tilvitnunum á bls. 36 í fyrra kröfuhefti íslenska ríkisins. Vísað er til þeirrar meginreglu að sveitarfélagamörk fylgi oftast merkjum jarða. Þótt frávik kunni að vera þar á, sé í öllu falli fáheyrt að jörð geti átt eignarland yfir sveitarfélagamörk. Heimildir séu fyrir því að þegar Hraun hafi verið keypt undan Hólastóli hafi réttur til Almenningsnöf fylgt en samkvæmt því réttum merkjum Mánár síðar verið hallað.

Hvað varakröfuna áhræri er á því byggt að sauðfé hafi um aldir gengið frjálst á þessu svæði og áratugum saman hafi ákveðnir hlutar þess verið gagnert nýttir sem úthagi fyrir hross þeirra Mánármanna. Ummælum í skrá um eignir Hólastóls frá 25. desember 1550, að

föllnum Jóni biskupi Arasyni, þess efnis að afrétt brúkist ekki frá Máná og peningur gangi í heimalöndum verði að taka með fyrirvara. Vísast hafi Mánármenn talið heimalönd ná lengra en rúmum þremur öldum síðar hafi verið fært í landamerkjabréf, sem þeir hafi lengi véfengt. Jafnframt sé til að dreifa yngri afréttarnotum en frá 16. öld. Mánármenn hafi löngum gengið til fuglaveiða á kröfufsvæðinu en árekstrar orðið í seinni tíð með þeim og mönnum sem Hraunabóndi hafi selt þar veiðiréttindi á leigu.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hrauna er rakin í kafla 5.1.3.1 og Mánár í kafla 5.1.3.3 Af þeim heimildum sem þar eru raktar og ná allt aftur til 14. aldar í tilviki Hrauna og 16. aldar í tilviki Mánár, má ráða að þær hafa verið sjálfstæðar jarðir.¹²⁹³ Almennings „millum Dalabæiar a Vlfðólum og Hrolffzvallna“ er fyrst sérstaklega getið í heimild frá 17. öld og talinn meðal eigna Hólastóls. Síðar telja eigendur Hrauna þar til réttinda, sbr. landamerkjabréf fyrir Hraun frá 24. mars 1885. Ágreiningur er milli eigenda Hrauna og Mánár um mörk þeirra, innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrauna er lýst í landamerkjabréfi, frá 24. mars 1885 og þingl. 1. júlí 1887, og hvernig merkjum Mánár er lýst í landamerkjabréfi, frá 2. október 1885. Engar eldri merkjalýsingar finnast um þessar jarðir. Einnig verður litið til lýsinga á Almennungi norðan Hrauna og eyðijörðinni Hrólfsvöllum, svo langt sem þær ná. Lýsingar þar að lútandi er einkum að finna í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 en þar er sérstök lýsing á Almennungi, í tengslum við Hrólfsvelli, sem íslenska ríkið byggir afmörkun sína á. Athugun þessi tekur til alls kröfufsvæðisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrauna og Mánár með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Hraun eru merki þannig til norðausturs, gagnvart Máná: „Að utan ræður svokallaður Græni forvaði við sjó undan Dalaskriðum. Þaðan bein stefna á Dalaleiðarbrún og ráða fjallseggjar, þaðan fram að landamerkjum Lambanesreykja.“ Suðurmörk jarðarinnar eru langt fyrir sunnan kröfufsvæði íslenska ríkisins. Vesturmörkum er heldur ekki nákvæmlega lýst en þau miðast við sjó. Auk þess segir í bréfinu: „sömuleiðis [tilheyra jörðinni] svokallaðir Almenningar með eyðibýlinu Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum og ítakalaust rekaland frá Hraunaás að Grænaforvaða.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Mánár.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mánár frá 2. október 1885 er merkjum gagnvart Hraunum lýst þannig: „Að sunnan móts við Hraun ræður merkjum svokallaður „Græni forvaði“, er gengur í sjó fram neðan undir Mánárskriðum, úr honum bein stefna uppá svokallaða Mánárhyrnu Dalaleiðarbrún; þaðan ráða fjallseggjar fram á Illviðurshnjúk.“ Bréfið er áritað vegna Hrauna. Svo sem áður segir greinir eigendur þessara jarða á um mörk þeirra innan kröfufsvæðis íslenska ríkisins. Ekki telja þeir að landamerkjabréfin séu í ósamræmi heldur hafa eigendur Mánár haldið því fram að mörk jarðarinnar til suðurs séu við

¹²⁹³ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Almenningsnöf en ekki Grænaforvaða og liggi þannig nokkru sunnar (sic) en lýsing landamerkjabréfsins kveður á um. Virðist þessi ágreiningur eiga rætur að rekja a.m.k. til ársins 1916 en fram kemur í fasteignamat 1916-1918 að landamerki Mánár séu ekki talin ágreiningslaus til móts við Hraun í Fljótum. Til þessa ágreinings verður þó aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar er um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Verður þá vikið að lýsingu á Almenni, í tengslum við jörðina Hrólfsvelli, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns frá 1709* en á henni er afmörkun kröfusvæðis íslenska ríkisins byggð. Þá verða einnig aðrar heimildir um Almenni skoðaðar, auk heimilda um afmörkun eyðijarðarinnar Hrólfsvallar. Í áður nefndri jarðabók segir svo um Hrólfsvelli: „Almenningar heita lönd sem liggja norðurfrá þessarar jarðar landi, á milli Hrólfsvallarár og ófæru forvaða.“ Lýsing þessi er ekki nákvæm en virðist þó geta samræmt afmörkun þjóðlendukröfusvæðisins. Einnig er fjallað um Almenni í tengslum við Reykjahól í Fljótahreppi í sömu heimild, þar sem segir svo: „Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum að [Reykjahóll] hafi átt lambaupprekstur frí á almenninga millum Úlfsdala og Fljóta“. Þá kemur fram í lögfestu Hóla frá 1668 að lögfest er: „allt Domkyrkiunnar Land, sem kallad er almenningar, og liggur millum Dalabæiar a Vlfðólum og Hrolffzvallna“. Í sölubréfi fyrir Hrólfsvöllum frá 1568 kemur fram að þeir hafi verið seldir með öllu fornu og nýju samkvæmt skrá Hólastaðar „wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland“. Mælir þannig fyrstnefnda heimildin lýsingu landamerkjabréfs Hrauna á norðurmerkjum jarðarinnar í mót. Séu hinar heimildirnar sem raktar hafa verið hér að framan skoðaðar, og varða bæði Almenni og eyðijörðina Hrólfsvelli, kemur í ljós að þær mæla lýsingu Hrauna og Mánár einnig í mót og virðast reyndar ná bæði sunnar og norðar en þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, sbr. t.d. umfjöllun um Almenni í tengslum við Reykjahól í jarðabókinni 1709. Ekki hefur þó örnefnið „Eyuitraraa“ fundist á kortum.

Niðurstaða óbyggðanefndar af framanröktu er sú að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfi Hrauna en hins vegar mæli lýsingar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* landamerkjabréfinu í mót að því er varðar norðurmerki jarðarinnar. Þá virðast aðrar heimildir, um Almenni og eyðijörðina Hrólfsvelli, lýsa merkjum í andstöðu við lýsingar landamerkjabréfs Hrauna og Mánár. Þessar heimildir eru þó nokkuð óljósar. Landamerkjabréf Hrauna frá 1885 var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Það var þinglesið og fært í landamerkjabók án þess að nokkur mótmæli kæmu fram. Þrátt fyrir það deila eigendur Hrauna og Mánár um mörk jarðanna, svo sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í

viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Af hálfu íslenska ríkisins er aðallega byggt á umfjöllun *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um eyðijörðina Hrólfsvelli. Auk þess sem að framan hefur verið rakið úr þeirri heimild segir svo um „Almenning“: „Þar hefur aldrei byggð verið hverki fyrr nje síðar, en munnmæli segja að þetta hafi verið almenningssveitar að norðanverður, alt að Mjóá, sem rennur úr Holtsdal, en hefur þó ei brúkast fyrr nje síðar so menn viti.“ Síðan segir að húsfrúin að Gröf hafi byggt þetta land með bréfi til beitar ábúandanum á Hraunum. Einnig er byggt á því sem segir um jörðina Reykjahól í sömu heimild en þar er reyndar minnst á „almennínga millum Úlfsdala og Fljóta“ sem er talsvert stærra svæði en fjallað er um í tengslum við Hrólfsvelli og þjóðlendukröfusvæðið er miðað við.

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 eru lýsingar á rekæign Hólastóls sem virðist hafa náð a.m.k. yfir hluta ágreiningssvæðisins. Þar segir: „med ulfdolum oll recagogn. J afrettum oll recagogn. Millum eyvindarär og hrollaugsdalsär allan reka og fluttningar.“ „Hrollaugsdals“ er líklega Hrólfsvalaá en ekki hefur tekist að upplýsa hvar „eyvindarä“ sé að finna en líklega er einnig minnst á hana í elstu heimildinni um Hrólfsvelli. Í þeirri heimild, sem er sölubréf fyrir Hrólfsvelli frá 1568, segir að jörðinni fylgi allt að fornu og nýju „wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland“. Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* frá 1841 segir að Hraun hafi „landrými mikið og góðan útigang í svonefndum Almenningum út með sjónum, hvar eyðijörð er, sem byggð var til forna“. Er sú eyðijörð sem þar er minnst á væntanlega Hrólfsvellir. Í jarðamatinu 1849 segir að Hrólfsvellir og Hrútshús séu hjáleigur Hrauna. Þá kemur eftirfarandi fram um Hraun og Hrólfsvelli í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1958*: „Á Almenningum sem liggja með sjó norðan frá Hraunum er fornt eyðibýli, Hrólfsvellir, sem áður var lögbýli og búið þar fram á 18. öld, en er nú fyrir löngu komið í auðn [...] Land þessarar jarðar var lagt undir Hraun ásamt öllum Almenningum og á Hraun nú allt land norður að sýslumörkum.“ Í sömu heimild kemur fram að Hraun hafi verið eign biskupstólsins á Hólum en seld bóndanum á Hraunum árið 1802 með Hrútshúsum og Hrólfsvöllum og líklega með Almenningum.

Af þeim lýsingum í hinum ýmsu heimildum sem hér hafa verið raktar er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hrauna og a.m.k. sumar þeirra virðast lýsa stærra svæði en ágreiningssvæðið, sbr. það sem segir um Reykjahól í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Í hinum elstu heimildum er hins vegar óljósara hvaða svæði er verið að lýsa. Oft er minnst á Almennung í tengslum við afréttarnot en einnig í flestum tilvikum í tengslum við eyðijörðina Hrólfsvelli. Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir þá jörð og eina lýsingin á mörkum hennar er í sölubréfi frá 1568. Þar virðast suðurmörk hennar miðast við endimörk Hraunalands, sem eru óskilgreind, en norðurmörk við svokallaða Eyvindará sem ekki hefur tekist að upplýsa hvar er. Samkvæmt *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu* var búið á Hrólfsvöllum „fram á 18. öld“ en land jarðarinnar síðan lagt undir Hraun.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir né heimildir um réttindi og nýtingu mæli gegn fyrirbyggjandi heimildum um að sá hluti þess landsvæðis sem afmarkaður er í landamerkjabréfi Hrauna og nefndur hefur verið Almennungur geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að gagnaðilar íslenska ríkisins og forverar þeirra hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða hann fallið niður.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hrauna sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirra niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.¹²⁹⁴ Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Almennungur norðan Hrauna, svo sem landsvæðinu er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.4 Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns. Ágreiningssvæðið er í tveimur hlutum og liggur Flókadalsafrétt austan við Hrolleifsdalsafrétt, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.3.

Ágreiningssvæði vegna Flókadalsafréttar liggur inn af Flókadal á norð-vestanverðum Tröllaskaga, í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Rís land hæst í rúmlega 900 m hæð í fjallstoppum á sunnanverðu svæðinu. Flókadalur hefur leguna norðvestur-suðaustur en dalurinn sveigir til suðvesturs um Hrafnaskálafjall (901 m) og kallast þá Seljárdalur. Hæst eru

¹²⁹⁴ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fjöllin umhverfis Seljárdal en þau heita Vesturegg að vestan og Austuregg að austan. Tveir dalir liggja suður upp í fjallendið upp af Seljaárdal, er Nyrðriárdalur sá vestari og Sigríðarstaðadalur sá austari og liggur Sigríðarstaðafjall (501 m) þar á milli. Austur upp af Sigríðarstaðadal liggur Hrafnaskálafjall (901 m) með Hrafnskálum (647 m) framan í.

Gróið undirlendi er með Seljaá en land rís skarpt upp frá því og umlykja allbrött fjöll áðurnefnda dali. Fjöllin umhverfis dalina eru brött með klettabeltum og skorin giljum, dölum og skálum. Úr 901 m hæðarpunkti í Hrafnskálafjalli norðvestur að ósum Hrolleifsdalsár eru um 16,5 km, mælt í beinni loftlínu.

Ágreiningssvæði vegna Hrolleifsdalsafréttar liggur einnig á norð-vestanverðum Tröllaskaga, inn af Hrolleifsdal, í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst syðst, í rúmlega 800 m hæð. Liggja þrír megingdalir inn í fjallendið og liggur Barnadalur vestan til suðurs með leguna norður-suður. Austan hans liggur Lambárdalur einnig með leguna norður-suður. Norðvestan Lambárdals liggur Almenningskál með leguna suðaustur-norðvestur. Norðaustur upp af Almenningskál liggur Reitsfjall (768 m). Úr áðurnefndum dölum renna ár sem sameinast í botni Hrolleifsdals og kallast þá Hrolleifsdalsá.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfsvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Vegna Flókadalsafréttar sérstaklega er vísað til *Sýslu- og sóknalýsinga Skagafjarðarsýslu 1839-1854* en einnig til *Skagfirskra fræða 1781-1958*. Þar komi fram að dalir í syðsta hluta Flókadals myndi Flókadalsafrétt. Þá er einnig vísað til lýsingar *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 á afrétt í Flókadal að því er varði Reykjarhól. Þar komi fram að jörðin eigi frían upprekstur fyrir lömb í Flókadalsafrétt (Seljárdal). Loks er vísað til þess sem fram komi í heimildum um Steinavelli, Illugastaði og fleiri jarðir.

Um afmörkun Flókadalsafréttar er einkum vísað til merkjalýsingar Illugastaða þar sem fram komi að Nyrðriá frá upptökum hafi skilið Illugastaðaland frá afréttarlandinu. Að því er suðurmörk afréttarinnar varði vísast einkum til merkjalýsinga Bjarnastaða og Spánár. Um merki að austan vísast til merkjalýsingar Tungu og til fyrrum sveitarfélagamarka í háfjalli austan Seljárdals. Að öðru leyti er talið að heimildir greini að svæðið hafi eingöngu verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé fyrir hina ýmsu bæi í aðliggjandi sveitarfélögum.

Vegna Hrolleifsdalsafréttar sérstaklega er vísað til umfjöllunar um Tjarnarkot í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 þar sem vísað sé til sérstaks landsvæðis, afréttarlands á Hrolleifsdal sem tilheyrt hafi Hólastað. Talið sé að um umrætt afréttarland sé að ræða. Þá er vísað til landamerkjaskrár frá 1889 þar sem greint sé frá því að 1761 hafi „afrjett“ á Hrolleifsdal verið seld frá jörðinni Skálá í Sléttuhlíð en telja verði að afréttarsvæðið hafi frá fornu fari verið aðskilið svæði utan eignarlands, eingöngu ætlað til sumarbeitar fyrir búfé. Í merkjabréfi Skálár komi fram að jörðin hafi eftir sem áður átt þar frían upprekstur ásamt öðrum jörðum í Sléttuhlíð. Þá skuli þess einnig getið að samkvæmt *Sýslu- og sóknalýsingum* frá 1839-1854 sé afrétt Fellssóknarmanna fyrir botni Hrolleifsdals. Einnig bendi kennileitið „Almenningsskál“ til þess að um almenningssnot hafi verið að ræða.

Auk þeirra heimilda sem að framan greinir er vísað til annarra heimilda er svæðið varði og greini nær allar að um sérstakt afréttarsvæði hafi verið að ræða sem telja verði að legið hafi utan eignarlanda. Loks vísast til annarra heimilda sem svæðið varði og greini að um samnotafrétt hafi verið ræða, utan eignarlanda jarða.

Um afmörkun Hrolleifsdalsafréttar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til umfjöllunar um jörðina Klón en einnig til þess sem fram komi í *Skagfirskum fræðum* um jörðina. Talið hafi verið að Klón ætti land að umræddri afrétt. Jafnframt er vísað til merkjalýsingar Þverár sem talin hafi verið fremsti bær í Hrolleifsdal á móti Klóni þar sem Þverá ætti land að Barnadalsá. Að austan og norðan er miðað við fyrrum sveitarfélagamörk. Loks er vísað til merkjalýsingar Illugastaða í Flókadal þar sem komi fram að Nyrðriá frá upptökum hafi skilið Illugastaðaland frá afréttarlandinu.

Af hálfu Sveitafélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á skráðum eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Krafan byggir á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti (sbr. Gullberastaðatungur og Hólar í Biskupstungum). Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi sveitarfélagsins enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu. Það hafi m.a. lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Samkvæmt framangreindum heimildum hafi sveitarfélagið óskoraðan eignarrétt fyrir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þá er vísað til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt lagt hafi verið til afréttar. Loks er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að við jarðakaup frá 1540 hafi „Ystamó og Syðstamó“ fylgt „selfór fram aa flokadalnum j jllugastada land þar sem at fornu hefer werit.“ Flókadalsafréttar er fyrst getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 en þar segir að allar jarðir í Vesturfljótum hafa haft afrétt fyrir lömb í Seljárdal. Einnig hafa nokkrar jarðir í Fljótahreppi átt selstöðu á Flókadal. Hrolleifsdalsafréttar er fyrst getið í heimild frá 1587 en þar kemur fram að Skálá fylgi „Afrétt j Hrolleifsdal ollum gielldfienade.“

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar er lýst. Verður fyrst litið til landamerkjabréfs Hrolleifsdalsafréttar frá 29. ágúst 1889 og þingl. 5. júní 1890 og annarra gagna um afmörkun á Hrolleifsdalsafrétt. Síðan verður afmörkun Flókadalsafréttar skoðuð en engar heildstæðar merkjalýsingar eru til fyrir Flókadalsafrétt. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðanna og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða, einkum vegna Flókadalsafréttar en afmörkun hans er miðuð við aðliggjandi landsvæði. Vestan og norðvestan við Hrolleifsdalsafrétt liggja jarðirnar Klón og Þverá. Til suðurs, sunnan hreppamarka Fellshrepps og Hofshrepps, liggja jarðirnar Hraun og Grundarland. Austan við Hrolleifsdalsafrétt og vestan við Flókadalsafrétt eru Illugastaðir. Norðan Flókadalsafréttar liggja Krakavellir, Skeið og Stóra- og Minni-Þverá. Austan Flókadalsafréttar er jörðin Tunga og til suðurs, sunnan hreppamarka Fellshrepps og Hofshrepps, er ágreiningssvæði vegna Unadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.5, og jarðirnar Bjarnastaðir og Spáná. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrolleifsdalsafréttar og Flókadalsafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Hrolleifsdalsafréttar segir þetta um svæðið: „Item á jörðin Skálá heyskap þann frían sem hafa má í svokölluðum Seta milli Stóra-Gils og Almennings Skálár. Ennfremur engjatak í Giljareit í Klónslandi. Jörðin Þverá hefir frí heyskap í Hrolleifsdalsafrétt fyrir framan svo kallaða Sandárskriðu fram að Barnadalsá.“ Lýsing þessi er ónákvæm um mörk afréttarinnar og verður því umfjöllun um merki hennar að miðast við aðliggjandi svæði að mestu.

Samkvæmt kröfulýsingum aðila eru mörk afréttarinnar til vesturs og norðvesturs, milli punkta 2 og 4 hjá íslenska ríkinu, miðuð við merki jarðanna Klóns og Þverár. Samkvæmt landamerkjabréfi Klóns frá 27. maí 1886 og þingl. 27. júní ári síðar, eru merki til austurs miðuð við „fjallsegg“. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Þverár frá 27. maí 1886 og þingl. 29. júní ári síðar, eru merki til austurs miðuð við að farið sé „frá Fossabrekku út að Brenniskurði í frá ánni milli fjalls og eggjar“. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Lýsingar þessar eru ekki nákvæmar en ekki verður séð að þær mæli í mót afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Samkvæmt kröfulýsingum aðila eru mörk afréttarinnar til suðurs miðuð við fyrrum hreppamörk Fellshrepps og Hofshrepps en þar fyrir sunnan liggja jarðirnar Hraun og Grundarland. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar, eru

merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Grundarlands, frá 29. maí 1885 og þingl. degi síðar, eru merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“ og „Tungufjall“. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna afréttarinnar. Geta þessar lýsingar samrýmst afmörkun ágreiningssvæðisins.

Austan við ágreiningssvæðið vegna Hrolleifsdalsafréttar og vestan við ágreiningssvæðið vegna Flókadalsafréttar liggur svæði sem aðilar miða við að tilheyri Illugastöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Illugastaða, frá 20. apríl 1890 og þingl. 6. júní sama ár, eru merki gagnvart ágreiningssvæðunum miðuð við að Nyrðrá skilji „Illugastaðaland frá afrjettarlandinu eða svo nefndu Sjöundastaðaselslandi“. Síðan er farið frá Nyrðrár upptökum og beina stefnu „til eggjar.“ Bréfið er áritað vegna Flókadalsafréttar. Er þessi lýsing í ágætu samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðunum.

Norðan við Flókadalsafrétt liggja Krakavellir. Samkvæmt landamerkjabréfi Krakavalla, dags. í júní 1888 og þingl. 13. júní sama ár, eru merki svofelld: „að framan eða við afrjettina í Grænhól og úr honum beina línu niður í til ár [o]g til fjallsbrúnar, að utan í gamlan garð, sem liggur frá ánni til fjallsbrúnar.“ Bréfið er áritað af hálfu hreppsins. Lýsingin virðist í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Norðaustan við Flókadalsafrétt liggja jarðirnar Skeið, og Stóra- og Minni-Þverá. Samkvæmt landamerkjabréfi Skeiðs, frá 28. júní 1887 og þingl. 1. júlí sama ár, eru merki til suðurs miðuð við „fjallseggjar“, annars er lýsingin ekki nákvæm til þeirrar áttar. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Í landamerkjabréfi Stóru- og Minni-Þverár, frá 25. júní 1887, eru merki miðuð við Skeiðdalsbotn. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Verður ekki séð að lýsingar þessar mæli afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu í mót.

Austan við Flókadalsafrétt er jörðin Tunga. Samkvæmt landamerkjabréfi Tungu, frá 27. júní 1887 og þingl. 1. júlí sama ár, fylgir henni „alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.“ Kemur fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins að merkjum Tungu sé raunar ekki lýst að þessu leyti en talið að miðað við heimildir um jörðina hafi land hennar náð yfir Tungudalinn og sé kröfulínan því staðsett á fjallsbrúnum vestan dalsins. Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar. Þó engar heimildir séu um nákvæma afmörkun ágreiningssvæðisins til austurs er ekkert sem mælir afmörkun aðila á því í mót.

Suðaustan og sunnan við Flókadalsafrétt, talið frá austri til vesturs, liggur ágreiningssvæði vegna Unadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.5, og jarðirnar Bjarnastaðir og Spáná. Í landamerkjabréfi Deildardals- og Unadalsafréttar, frá 3. júní 1890 og þingl. degi síðar, er merkjum Unadalsafréttar lýst þannig að afréttarlandið byrji „við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan“ og síðan nái það „alla leið til sýsluskipta á jökul fram.“ Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar en samræmist vel afmörkun á afréttinni, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.5. Í landamerkjabréfi Bjarnastaða, frá 24. maí 1886 og þingl. fimm dögum síðar, eru merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“. Sama kemur fram í landamerkjabréfi Spánár, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar en er í samræmi við afmörkun hans.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um sé í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og landsvæða. Þá er það einnig í samræmi við takmarkaðar lýsingar á svæðinu í landamerkjabréfi Hrolleifsdals. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu. Landamerkjabréf Hrolleifsdals var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Þegar Hrolleifsdalsafréttar og Flókadalsafréttar er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Fjöl margar heimildir um jörðina Barð nefna selför jarðarinnar á Flókadalsafrétt eða á Seljárdal, sbr. máldaga Barðs frá 1590 og vísitásiur frá 1667, 1686, 1693, 1714, 1781 og 1826. Einnig segir að jörðin Barð hafi „brúkað frí[a selför] í Flókadalsafrjett í Barðshlíð átúlulaust.“ Í brauðalýsingu prestsins á Barði frá 25. júlí 1782 segir: „AfRettar Reite Tvo er sagt Prestakalled Eige og Selstódur, annann í Flókadal afRett“. Sama kemur fram í óársettri lögfestu sem fylgdi brauðamatinu. Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* frá 1841 er minnst á selstöðu Barðs í Flókadalsafrétt „svonefnda Barðshlíð“. Í sýslu- og sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá 2. febrúar 1841 kemur eftirfarandi fram um afréttarland í Flókadal: „Afréttarland (almeningur) er fram af Flokadalnum; þangað er rekið geldfé úr allri Barðssókn“. Í jarðamatinu 1849 kemur jafnframt fram að Barð eigi selstöðu á Flókadalsafrétt. Loks segir í landamerkjabréfi Barðs frá 24. maí 1890 að Barði tilheyri Barðshlíð í Flókadalsafrétt.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 kemur fram að allar jarðir í Vesturfljóttum hafi átt afrétt fyrir lömb „í Flókadalsafrjett, sem að kallast Seljárdalur“. Í sömu bók er fjallað um selstöðu nokkurra jarða í Fljótahreppi í Flókadal. Segir þar t.d. um Sjöundastaði og Steinhól að jarðirnar eigi „selstöðu með tilliggjandi löndum fram frá Flókadal, sem er hálfur Nyrðriárdalur austan fram og hálfur Sigríðarstaðadalur vestan fram“.

Um Ystamó segir að jörðin eigi selstöðu „allan Nyrðrárdal vestan fram“. Í tengslum við Reyki kemur síðan fram að jörðin eigi selstöðu í Flókadalsafrétt sem heiti Reykjareitur.

Minna kemur fram í heimildum um Hrolleifsdalsafrétt. Fyrst segir í bréfabók biskups í bréfi frá 1587 að jörðinni Skálá tilheyri „Afrjett j Hrolleifsdal ollur gielldfienade.“ Þá segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 að allar jarðir í Sléttuhlíðarhreppi (Fellshreppi) eigi beitarafrétt á Hrolleifsdal fyrir lömb. Í sömu bók er minnst á selstöðu Tjarnarkots á Hrolleifsdal. Í sýslu- og sóknarlýsingu Fells- og Höfðasókna kemur fram að Fellssóknarmenn hafi „afrétt fyrir botni Hrolleifsdals; er þar almenningur“.

Af þeim heimildum sem raktar hafa verið um afréttarnot á Flókadals- og Hrolleifsdalsafréttum, allt frá fornu fari, telur óbyggðanefnd ótvírætt að svæðin hafi við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma. Heimildir um að haft hafi verið í seljum á Flókadalsafrétt fá ekki hnekkt því mati.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.¹²⁹⁵ Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu.

Engin gögn liggja fyrir um að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt hafi verið nýttir til annars en sumarþegar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Í máli þessu liggja þannig fyrir gögn um veiði í Flókadalsá og aðild sveitarfélagsins að veiðifélaginu Flóka, sbr. einnig skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd. Svæðin eru að mestum hluta háland og inn á þau hefur búfénaður leitað án hindrana. Engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að búfjáreigendur á svæðinu hafi haft hefðbundin not af Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafréttir almennt.¹²⁹⁶

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

¹²⁹⁵ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

¹²⁹⁶ Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umræddra afréttarsvæða hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun svæðisins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalafrétt séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹²⁹⁷ Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afrétt jarða í fyrrum Fljóta- og Fellahreppum. Ljóst er að einstakir hlutar þess eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeildar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdals-afrétt, svo sem landsvæðin eru afmörkuð hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Flókadalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línun síðan dregin beina stefnu til fjallseggar á fyrrum hreppamörkum Fljóta- og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línun dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fljóta- og Hofshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Hrolleifsdalsafrétt

Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljóta- og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljóta- og Hofshrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.

¹²⁹⁷ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fellshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna veiðiréttar í Flókadalsá.

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlendur eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.5 Unadals- og Deildardalsafréttir

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendu-kröfufsvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „Unadals- og Deildardalsafréttir“ og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til sem eignarlands síns. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins hefur svæðinu verið skipt í níu hluta. Talið frá suðri til norðurs eru þetta: Miðhússel, Grafarsel, Grindasel, Deildardalsafrétt, Óslandssel, Marbælissel, Ennissel, Hofssel og Unadalsafrétt. Verður svæðið í heild sinni þó kallað Unadals- og Deildardalsafréttir, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á vestanverðum Tröllaskaga í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Þrír dalir skerast inn í svæðið. Nyrst liggur Unadalur með leguna austur-vestur. Afmarkast dalurinn að norðan af Grjótárdalshyrnu (824 m) og fjallgarði austur frá henni en að sunnan afmarkast dalurinn af fjallbálki austur af Ennishnjúk. Þar suður af liggur Seljadalur (Austurdalur) með leguna austur-vestur og afmarkast hann til suðurs af Tungufjalli. Þar suður af liggur þriðji og syðsti dalurinn, Vesturdalur. Til suðurs afmarkast hann af Kolbeinsstaðahnjúkum. Ár renna með dalbotnum og er gróið undirlendi með þeim. Rís land skarpt upp af dölunum í yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Austast á svæðinu í Hákömbum liggja Unadalsjökull og Deildardalsjökull.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendu-kröfufsvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Á því er byggt, vegna Unadalsfréttar sérstaklega, að hann hafi frá fornu fari verið afrétt (almenningsafrétt), þar sem réttur til upprekstrar hafi fylgt bæjum á viðkomandi svæði. Svæði hafi ekki verið talið tilheyra sérstakri jörð í því tilliti.

Að því er varðar afmörkun Deildardalsfréttar, vísist einkum til merkjalýsingar Stafns en líta verði þannig á að Brunná hafi myndað afréttarmörk og þar með afmörkun gagnvart eignarlöndum. Ekki er fallist á að lýsingar á sellandi austan Brunnár hafi falið í sér lýsingu á eignarlöndum. Sunnan og vestan Deildarar sé miðað við merki Háleggsstaða og Skuggabjarga en ekki sé talið að sellönd austan (sunnan) þeirra merkja hafi verið eignarlönd heldur hluti af afréttarsvæðum. Sellönd þessi hafi verið nýtt með takmörkuðum hætti til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Þá séu heimildir um búsetu á svæðinu óljósar og takmarkaðar og bendi ekki til þess að svæðin hafi haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi.

Að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár frá 1890, *Sýslu- og sóknalýsinga Skagafjarðarsýslu* svo og merkjabréfa jarða á svæðinu sem geti um rétt til upprekstrar í Deildardalsafrétt.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er vísað til skráðra eignarheimilda og einnig þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Byggi krafan á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að framangreindum landamerkjajörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi gagnaðila íslenska ríkisins enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema þeir. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Samkvæmt framan-greindum heimildum hafi gagnaðili íslenska ríkisins óskoraðan eignarrétt yfir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Loks er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem vól sé á við úrlausn máls.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Unadals- og Deildardalsafréttum er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Unadalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá 16. öld og þar talinn tilheyra Hólastað. Einnig er minnst á Unadalsafrétt í fjórum vitnisburðum frá 1613 og 1614 þar sem vitnað er um að aldrei hefði heyrst að Páll á Hofi hefði „eignað sér eða haft Unadalsafrétt“. Deildardalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í sölubréfi fyrir jörðina Marbæli frá 1393 en þar kemur fram að þeirri jörð sé reiknaður geldfjárrekstur í „deildar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal.“ Síðan kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* frá 1709 að fjöldi jarða í Óslandshlíð hafi átt rétt til upprekstrar á Deildardalsafrétt og loks er sellöndum í Deildardalsafrétt lýst í landamerkjabréfum flestra

þessara jarða, frá árinu 1886. Í landamerkjabréfum Miðhúsa, Óslands, Grafar, Ennis og Marbælis er að finna lýsingar fyrir sellönd þeirra jarða, ýmist í Deildar- eða Unadal, innan ágreiningssvæðis aðila. Jarðirnar sem um ræðir liggja hins vegar utan ágreiningssvæðisins. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á afréttunum eða í sellöndunum en landið hefur verið nýtt til beitar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Unadals- og Deildardalsafréttar er lýst í landamerkjabréfi fyrir svæðið, dags. 3. júní 1890 og þingl. degi síðar. Einnig verður litið til lýsinga á sellöndum jarðanna Grafar, Miðhúsa, Óslands og Marbælis sem er að finna í landamerkjabréfum jarðanna en samkvæmt gagnaðila íslenska ríkisins liggja þau innan kröfugerðar ríkisins vegna Unadals- og Deildardalsafréttar. Engar eldri merkjalýsingar eru fyrir hendi. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Tungu til norðurs og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Flókadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.4. Til austurs liggur óumdeilt eignarland Atlastaða og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila vegna Hnjótafjalls og Vífilsstaðalands, sjá nánar í kafla 6.4 og 6.5 í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Til suðausturs og suðurs liggja óumdeild eignarlönd Bjarnastaða, Skriðulands, Saurbæjar, Sviðnings, Smiðsgerðis og Sleitustaða. Til suðvesturs og vesturs liggja óumdeild eignarlönd Skuggabjarga, Háleggsstaða, Stafns, Spánár og Þönglaskálasellands. Þá er við það miðað í greinargerð íslenska ríkisins að land Bjarnastaðagerðis liggja einnig að vestanverðu ágreiningssvæðinu, en ekki er þar minnst á Þönglaskálaselland. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Unadals- og Deildardalsafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verða mörk svæðisins rakin frá suðri til norðurs, ýmist samkvæmt lýsingum á sellöndum í landamerkjabréfum tiltekinna jarða eða samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir. Það athugist að samkvæmt lýsingum landamerkjabréfanna virðist sem suður sé inn dalina og miðast aðrar áttir við það. Sé hins vegar tekið mið af legu landsins er þetta austur eða suðaustur.

Syðst til vesturs liggur selland Miðhúsa, nánar tiltekið austan við Háleggsstaði, sem liggja utan við ágreiningssvæðið, en vestan við selland Grafar. Samkvæmt landamerkjabréfi Miðhúsa frá 14. maí 1886 og þingl. 29. maí sama ár, eru merki sellands „sem liggur í Deildardal vestanverðum“ svofelld: „Að neðan og utan gagnvart Háleggsstöðum, úr vörðu á eyrinni við Afrjettará. Þaðan beina leið í græna drag og eftir því sjónhending í skarðið á fjallsbrúnni fyrir utan Bjarkarskál. Að framan gagnvart Grafarsellandi ræður Bjarkardalsá frá því hún fellur í Afrjettará og fram til Bjarkardalsdraga.“ Bréfið er samþykkt vegna Grafar og Háleggsstaða. Lýsingin er í samræmi við merki Háleggsstaða og Grafarsellands.

Austan við Miðhúsasel liggur Grafarsel. Því er lýst í landamerkjabréfi Grafar á Höfðaströnd sem er frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Segir þar að selland fylgi jörðinni Gröf „er liggur fram frá Deildardal vestan verðum, vestan við Deildardalsafrétt. Landamerki þessi að utan gagnvart Miðhúsa Sellandi að sunnan er svo kölluð Bjarkará er rennur eftir Bjarkárdal ræður hún merkjum til uppsprettu sinnar í Bjarkárdalsbotni. Þaðan bein stefna

suður eptir fjallgarðinum, fram að svonefndu Þverfjalli. Að austan ræður svo kölluð Afrjettará þartil sem áður nefnd Bjarkará rennur í hana.“ Er bréfið áritað um samþykki vegna Miðhúsa og Deildardalsafréttar. Það er í samræmi við merki aðliggjandi landsvæða.

Norðan Grafarsels en austan Stafns, sem liggur utan við ágreiningssvæðið, liggur Grindasel. Engar merkjalýsingar hafa fundist fyrir jörðina Grindur eða sellandið. Eru vesturmörk þess miðuð við landamerki Stafns eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá 28. maí 1886 og síðan merki Grafarsels og Deildardalsafréttar.

Norðan við Grafarsel, austan við Grindasel og sunnan við Óslandssel, Marbællissel og Unadalsafrétt liggur Deildardalsafrétt. Í landamerkjabréfi Deildardals- og Unadalsafréttar, sem er dagsett 3. júní 1890 og þingl. degi síðar, segir svo um Deildardalsafrétt: „Almenningur Deildardals er frá fornri tíð álitinn að byrja vestanverðu í svokölluðu Tungufjalli fyrir framan Grynda sellands merki og kallast Stígar. Merkin að norðan eru í garðlag vestan í fjallinu í beinni stefnu frá afrjettará á svo kallaðri til fjallbrúnar sunnan vert við svo nefnda Smjörskál. Að vestan ræður Afrjettará, að sunnan eru merkin í dalbotninum syðst, og þaðan eptir brúninni beinni stefnu yfir Tungufjall til Grynda sellandsmerkja. Að austan á Seljárdal eru merkin að norðan hin sömu og merki jarðarinnar Marbælis. Að öðru leyti eins og sýslutakmörk ráða.“ Bréfið er áritað vegna aðliggjandi svæða og í samræmi við merki þeirra.

Við norðvesturmörk Deildardalsafréttar, austan Stafns og vestan Marbællissels liggur Óslandssel en því er lýst í landamerkjabréfi Óslands, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Þar segir: „Selland fylgir jörðinni Óslandi, er liggur næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svo kölluðum Seljárdal. Landamerki þessi eru: Að utan gagnvart Stafni svo kölluð Brunná, að sunnan Glúmsgil, ráða þessi merki á fjall upp.“ Bréfið er áritað vegna Stafns og Marbælis. Virðast merkin geta samræmst aðliggjandi svæðum þrátt fyrir að orðalag sé ekki það sama.

Austan við Óslandssel, norðan Deildardalsafréttar og sunnan Hofssels liggur Marbællissel en því er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina Marbæli, frá 17. maí 1886 og þingl. 29. maí sama ár. Það hljóðar svo: „Selland fylgir jörðinni Marbæli, sem liggur á austanverðum Seljadal hjer í hreppi frá Glúmgilslæk að neðan og fram að strangalæk.“ Bréfið er ekki áritað vegna þeirra svæða sem liggja að sellandinu en er í ágætu samræmi við aðliggjandi merkjalýsingar.

Norðan við Óslandssel hafa gagnaðilar íslenska ríkisins afmarkað Hofssel og Ennissel þar vestur af. Engin lýsing á Hofssellandi liggur fyrir í málinu og ekki er minnst á selland Hofis í landamerkjabréfum jarðarinnar sem eru frá árunum 1920 og 1923. Í landamerkjabréfi Ennis frá 29. maí 1890 segir um Ennisselland: „Ennfremur á Enni Selland að vestanverðu í Unadal frá garði sem er utan við Selhóla, eður sem öðru nafni kallast Almennings hólar, sem nær ofan að Strangalæk hvar Þönglaskála Selland tekur við.“ Kröfulína íslenska ríkisins frá punkti nr. 9 að punkti nr. 13 er miðuð við ætluð austurmörk jarðanna Bjarnastaðagerðis og Spánár, en þau landsvæði sem krefjandi beins eignarréttar byggir á að tilheyri Hofsseli, Ennisseli og Unadalsafrétt eru austan þess hluta kröfulunnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Bjarnastaðagerðis frá 27. maí 1890 og þingl. 11. júní 1891 eru merki til austurs: „á Puntskriðu beina stefnu á fjall upp.“ Bréfið virðist ekki áritað vegna Ennissels eða Hofssels. Í landamerkjabréfi Spánar frá 22. maí 1886 og þingl. 29. sama mánaðar, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst þannig: „Að sunnan og gagnvart Unadalsaftrjett ræður Grjótá upp fjallið til upptaka og þaðan bein sjónhending austur á mitt fjall og að neðan ræður sama á merkjum þartil hún fellur í Hofsá niður í aftrjettinni.“ Bréfið er áritað vegna Unadalsaftréttar. Merki Unadalsaftréttar virðast að þessu leyti vera í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu. Sé hins vegar landamerkjabréf jarðarinnar Þönglaskála í Hofshreppi, frá 10. júní 1889 og þingl. 12. sama mánaðar, skoðað kemur þar fram að Þönglaskála fylgi selland á Unadal „og byrjar það fyrir framan Bjarnastaðagerðisland og takmarkast að framan af Ennissellandi.“ Virðist því Bjarnastaðagerði ekki liggja að ágreiningssvæði aðila heldur Þönglaskálaselland, en á það er ekki minnst í kröfugerð íslenska ríkisins. Kemur það heim og saman við lýsingu á sellandi jarðarinnar Ennis, sbr. það sem að framan er rakið.

Norðan og austan við Hofssel liggur landsvæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á að tilheyri Unadalsaftrétt. Samkvæmt landamerkjabréfi Deildardals- og Unadalsaftréttar eru merki Unadalsaftréttar þessi: „Austan við Hofsá byrjar aftrjettarlandið við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan og nær alla leið til sýsluskipta á jökul fram. Að vestan verðu byrjar almenningssland við Klifhól, þar sem Hofsselsland endar og nær yfir allan Suðrárdal á jökul fram til sýslutakmarka.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða. Vestan við ágreiningssvæði að norðanverðu liggur Spáná og eru merki hennar í samræmi við merki aftréttarinnar, sbr. lýsingu á þeim hér á undan.

Norðan við Unadalsaftrétt liggur vestasta ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Flókadalsaftréttar, og þar austan við er óumdeilt eignarland jarðarinnar Tungu. Austan við Unadalsaftrétt liggur að norðanverðu óumdeilt land jarðarinnar Atlastaða og þar suður af ágreiningssvæði vegna Hnjótafjalls og Vífilsstaðalands, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Engin merkjalýsing hefur fundist fyrir Flókadalsaftrétt en kröfusvæði aðila vegna aftréttarinnar er í samræmi við mörk þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sbr. nánar í kafla 6.4. Engar lýsingar eru heldur til fyrir óskipt land Tungu en heimildir benda til að landið hafi náð yfir Tungudalinn. Ekki er ágreiningur um þessi mörk.

Samkvæmt landamerkjabréfi Atlastaða frá 15. maí 1884, eru merki jarðarinnar miðuð við „fjallið“ og „jökla“. Í bréfinu er einnig lýsing á „aftréttarlandinu Hnjótum“ en því er lýst til sýsluskila á Heljardalsheiði, sjá nánar í kafla 6.4 í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Geta þessi mörk samræmst lýsingu á Unadalsaftrétt. Að sunnan, gagnvart því svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins hafa kallað Deildardalsaftrétt, Grafarsel og loks Miðhúasel, liggja jarðir í Kolbeinsdal. Talið frá austri til vesturs eru þetta Bjarnastaðir, Skriðuland, Saurbær, Svíðingur, Smiðsgerði, Sleitustaðir og Skuggabjörg. Samkvæmt landamerkjabréfum þessara jarða, frá árunum 1885 til 1887, eru merki þeirra gagnvart því svæði sem hér er til umfjöllunar ýmist

miðuð við „hálfjallgarðinn“ eða „vatnaskil“. Geta þau merki samræmst þeim merkjum sem lýsa Deildardalsafrétt, Grafarseli og Miðhúsaseli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í landamerkjabréfi fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir auk þeirra lýsinga sem liggja fyrir vegna fyrrnefndra sellanda. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Landamerkjabréfin fyrir landsvæðið voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í elstu heimild um Unadalsafrétt, lögfestu frá 1590, er lögfest allt land kirkjunnar á Hólum á Unadal „so sem votn draga til / badum meigen ár / fyrer framan almennings hola“. Fram kemur í sömu lögfestu að eigandi Hofis hafi gert sér sel á Unadal „sem lóg banna“ og „an alls leyfis“. Síðan kemur fram í fjórum vitnisburðum frá 1613 og 1614 að vitnin hefðu aldrei heyrt að Páll á Hofi hefði „eignad sier eda haft Vnadals afriett“. Á Unadalsafrétt er einnig minnst í úttekum Hólastóls frá 2. ágúst 1628 og 10. júlí 1657. Loks kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 að flestar jarðir í Unadal og á Höfðaströnd hafi átt upprekstur á Unadalsafrétt en svipað kemur fram í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* frá 1868 þar sem segir: „Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur.“

Elsta heimild um Deildardalsafrétt er kaupbréf fyrir jörðina Marbæli frá 1393 en þar segir: „gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal.“

Næst er minnst á selför á Deildardal í bréfuðum jarðakaupum frá 31. mars 1497. Þar er jörðin Grindur seld og kemur fram að selför á Deildardal fylgi. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir síðan að fjöldi jarða í Óslandshlíð hafi átt rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt auk tveggja jarða á Höfðaströnd. Er afréttin kölluð „Afréttardal“. Þá kemur

fram að jarðirnar Gröf á Höfðaströnd, Miðhús, Ósland og Marbæli hafi átt selstöðu í Deildardal. Í jarðamatinu 1849 segir að Kross í Óslandshlíð eigi tiltölu til selstöðu í Deildardal en einnig jarðirnar Grindur, Nýlendi, Miklibær og Þúfur. Líkt og að framan er rakið eru lýsingar fyrir sellönd Miðhúsa, Óslands, Grafar, Ennis og Marbælis að finna í landamerkjabréfum þeirra jarða. Þau liggja ýmist í Deildar- eða Unadal, innan ágreinings-svæðis aðila.

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* frá 1839 segir svo um selstöður í Deildardal og Unadal: „Allar Óslandshlíðarjarðir, Gröf, Enni og Hof [eiga selstöður], þær síðustu tvær í Unadalnum, hinar í Deildardal. Öngvar eru nú notaðar, nema frá Gröf mánaðartíma sumar hvert. Hafa þær aflagzt vegna vegalengdar [...] Grindur og Nýlendi eiga ser og selstöðu, og eitthvað lítið var hún notuð í þeirra tíð, sem nú lifa, en fljótt hætt aftur.“

Þegar Deildardals- og Unadalsafréttar er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri, afréttarnotum og annarri takmarkaðri nýtingu, svo sem selstöðu. Hið sama á við um þau sellönd sem að framan hefur verið lýst og liggja innan ágreiningssvæðis. Í afréttarskrá fyrir Unadalsafrétt og Deildardalsafrétt frá árinu 1985 kemur fram að afréttirnar séu „eign“ Hofshrepps. Einnig segir að Ennisselland og líklega Hofsselland hafi verið selt Upprekstrarfélagi Unadalsafréttar árið 1927 og lagt til afréttarinnar. Segir þar einnig að Óslandsselland, Marbællisselland og ef til vill Þúfnaselland séu innan Deildardalsafréttar. Þá eru einnig talin upp Grindaselland, Grafarselland og Miðhúsaselland. Er síðan tekið fram að óvíst sé um eignarrétt á nefndum sellöndum „hvort þau fylgja jörðunum, eða eru eign Hofshrepps.“ Því liggur ekki fyrir að sérgreind réttindi á afmörkuðum svæðum innan ágreiningssvæðisins hafi áfram tilheyrt einstökum jörðum eftir að seljabúskapurinn lagðist af. Eigendur umræddra jarða hafa heldur ekki gert kröfur um viðurkenningu slíkra réttinda í máli þessu.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.¹²⁹⁸ Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap, sbr. kafla 5.3.4, leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu.

Engin gögn liggja fyrir um að Deildardals- og Unadalsafréttir hafi að staðaldri verið nýttir til annars en sumarbeitar og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota, t.a.m. selstöðu fyrr á tímum. Svæðið er að mestum hluta hálent og inn á það hefur búfenaður leitað án hindrana. Sellöndin eru landfræðilega aðskilin frá öðru landi jarða þeirra sem þau eru kennd við og sú aðgreining þeirra frá „heimalandi“ jarðanna, sem fram kemur í landamerkjabréfum þeirra, bendir til að þau hafi verið afréttir. Eftir að sellöndin voru lögð til afréttanna virðist sem nýting þeirra hafi orðið með sama hætti og annarra hluta afréttanna, þ.e. í sameiginlegum

¹²⁹⁸Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

afréttarnotum jarða fyrrum Hofshreppi. Landamerkjabréf fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir bendir einnig ótvírætt til þess að um sé að ræða afréttir.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að búfjáreigendur á svæðinu hafi haft hefðbundin not af Deildardals- og Unadalsafréttum undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotafréttir almennt.¹²⁹⁹

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlausu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Unadals- og Deildardalsafréttir séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹³⁰⁰ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi. Þá liggja fyrir samþykktir Veidifélags Unadalsár, þar sem „afréttur Unadals“ er talinn meðal aðila.

Ljóst er að einstakir hlutar þessa landsvæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Unadals- og Deildardalsafréttir, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1085 m) (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs og síðan vesturs allt þar til komið er á móts við botn Úlfsskálar (2). Þaðan er línan dregin til norðausturs fyrir botn Skuggabjargadals í fjallsegg á Björk (915 m) (3). Þaðan er línan dregin um háfjall Bjarkar til norðurs þar til komið er að skurðpunkti (4) við línu sem dregin er beina stefnu frá Grænalækjardragi í skarð í fjallsegginni og áfram í sömu stefnu til suðurs. Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin til

¹²⁹⁹ Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

¹³⁰⁰ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

norðurs í umrætt skarð í fjallsegginni (5) og þaðan í Grænalækjardrag (6). Frá Grænalækjardragi er línan dregin beina stefnu í átt að vörðu sem stendur við Deildará, skammt frá þeim stað þar sem bærinn Stafn stóð, og í Deildará (7). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (8). Síðan er Brunná fylgt til fremstu upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (9). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnabjargarskál (10). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (11). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (12). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka og þaðan í háfjall á fyrrum hreppamörkum Hofshrepps og Fljótahrepps (13). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Háakamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna veiðiréttar í Unadalsá.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.6 Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt)

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „Kolbeinsdalsafrétt“ og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Kolbeinsdalur liggur á vestanverðum Tröllaskaga og teygir sig frá Óslandshlíð austur inn á miðjan skagann. Kolbeinsdalsá á upptök sín í Tungnahryggsjökli og rennur þaðan eftir dalnum til sjávar. Í Kolbeinsdal er fjöldi jarða en í máli þessu er einungis deilt um landsvæði sem nefnt hefur verið Kolbeinsdalsafrétt og liggur í milli annars vegar ósa Heljarár í Heljardal og Kolbeinsdalsár og hins vegar Tungnahryggsjökuls. Frá þeim stað þar sem Heljará rennur í Kolbeinsdalsá og að Péturshnjúk (1397 m), við sýslu- og sveitarfélagamörk sunnan jökulsins, eru rúmir 14 km, mælt í beinni loftlínu.

Austan Heljarár og norðan Kolbeinsdalsár er Heljarfjall (1289 m) og suður undir því er Skíðadalur. Úr honum rennur Skíðadalsá í Kolbeinsdalsá. Sunnan Skíðadals eru brattir hnjúkar, Hrutarskálarnhjúkur (1125 m) nyrst og Ingjaldshnjúkur (1021 m) sunnar. Norðan Ingjaldshnjúka er Ingjaldsskál, þaðan sem Ingjaldsá rennur í Kolbeinsdalsá, og suðaustan þeirra er Staðargangnafjall (1364 m). Tungnahryggur (999 m) liggur við Tungnahryggsjökul. Austan hans er Austurdalur og vestan hans Vesturdalur. Til vesturs, upp af þeim síðarnefnda, er Lambárhnjúkur (1069 m), norðan hans Ármannsfell (1103 m) og fjallið Elliði (894 m) norðvestan þess.

Meðfram Kolbeinsdalsá er gróið undirlendi í um og yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli. Austan við ósa Heljarár er svokallaður Bygghólsreitur, grösugt svæði sem nær upp í miðjar hlíðar Heljarfjalls. Á milli framangreindra dala rísa 1000-1300 m há fjöll, sundurskorin af giljum, þverðölum, skálum og vatnsföllum.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfussvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Kolbeinsdalsafrétt sérstaklega er á því er byggt að allt frá fornu fari hafi umrætt svæði verið aðskilið frá jörðinni Hólum og nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Réttur Hóla til svæðisins hafi verið bundinn við afréttarnot en ekki talist beinn eignarréttur. Í því sambandi vísast til lýsingar *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 á sérstaklega afmarkaðri afrétt (Hólaafrétt) sem gangi fram af Kolbeinsdal, sbr. einnig jarðamat frá 1849 þar sem tilgreint sé að jörðinni Hólum tilheyri svonefnd Hólaafrétt í Kolbeinsdal. Við sölu á Kolbeinsdalsafrétt 1897 til sveitarfélaga hafi verið sérstaklega tiltekið að um afréttarsvæði væri að ræða. Af sölnni og þeim gögnum sem um hana fjalli verði ekki ráðið að um annað en afréttarland hafi verið að ræða og eingöngu háð óbeinum eignarrétti. Þá komi fram í dómabók frá 1881 að af hálfu Viðvíkurhrepps sé talið að fyrrverandi Hólaeigandi hafi ekki sannað eignarrétt sinn til Kolbeinsdalsafréttar, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Hafi hreppsmenn áskilið sér allan rétt til uppreksturs á hana.

Þar sem heimildir greini frá Kolbeinsdalsafrétt sé hennar eingöngu getið með sjálfstæðum hætti sem eign Hóla (Hólastóls) og í tengslum við umfjöllun um sumarbeita fyrir búfé. Þetta staðfesti að eingöngu hafi verið um óbeinan eignarrétt að ræða (afnotarétt). Þá bendi takmörkuð nýting svæðisins að öðru leyti ekki til beins eignarréttar.

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem það hafi, ásamt þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Viðvíkur- og Hólahreppar hafi keypt umrætt land af Hólastað með afsali frá 6. maí 1898, sbr. landamerkjalyningar Kolbeinsdalsafréttar frá 31. maí og 1. júní 1898. Vísað sé til meginreglna íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti (sbr. dóma Hæstaréttar um Gullberastaðatungur og jörðina Hóla í Biskupstungum).

Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu. Öll afnot og nýting landsins séu háðar leyfi sveitarfélagsins, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Hafi sveitarfélagið því óskoraðan eignarrétt yfir þessu landi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Byggt er á að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem það verði ekki svipt án bóta. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Loks er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hóla í Hjaltadal og Kolbeinsdalsafréttar er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 12. aldar, má ráða að Hólar hafa verið sjálfstæð jörð.¹³⁰¹ Kolbeinsdalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í úttekt á eignum Hólastóls frá fyrri hluta 17. aldar og í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 og fleiri síðari heimildum er fjallað um „Hólaafjett sem gengur fram af Kolbeinsdal“. Heimildir eru um að búseta hafi verið í hluta dalsins, a.m.k. á 14. og 19. öld, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í landamerkjabréfi Hóla frá árinu 1890 er merkjum lýst að dalnum meðtöldum og án þess að hann sé sérstaklega tilgreindur. Bréfinu var mótmælt, meðal annars að því er snertir „hið óbyggða svæði fram af [...] Kolbeinsdal“. Eldri heimildir um merki Hóla liggja ekki fyrir en árið 1865 fór fram áreiðar- og skoðunargjörð á „Hólaafrétti í Kolbeinsdal“. Árið 1898 seldi eigandi Hóla Kolbeinsdalsafrétt til Viðvíkur- og Hólahreppa. Hrepparnir lögðu til afréttarinnar land úr jörðunum Bjarnastöðum og Fjalli og útbúið var sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttina að þeim meðtöldum. Hólar í Hjaltadal liggja að Kolbeinsdalsafrétt til suðvesturs en eru utan við ágreiningssvæði í máli þessu og sama máli gegnir um land jarðanna Bjarnastaða og Fjalls í Kolbeinsdal.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir „Kolbeinsdalsafrjett í Kolbeinsdal“ frá 31. maí og 1. júní 1898 og þinglesið 1. júní 1898. Einnig verður litið til landamerkjabréfs fyrir Hóla frá 20. maí 1890, þinglesið degi síðar, og áreiðar- og skoðunargjörðar frá 10. júlí 1865. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Kolbeinsdalsafréttar, að undanskildum þeim hlutum núverandi afréttar-svæðis sem áður tilheyrðu jörðunum Bjarnastöðum og Fjalli, enda er ekki deilt um þá í máli þessu. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru óumdeild eignarlönd áðurnefndra Bjarnastaða og Fjalls til vesturs, auk Víðiness og Hóla til sömu áttar, en Baugasels til suðausturs. Til austurs og norðurs eru landsvæði sem til umfjöllunar eru í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.6 og 6.5 um Skíðadalsafrétt og Vífilsstaði. Að öðru leyti liggja að Kolbeinsdalsafrétt austanverðum óumdeild eignarlönd í

¹³⁰¹ Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Eyjafjarðarsýslu, og koma þar til sérstakrar athugunar jarðirnar Sveinsstaðir, Kónsstaðir og Kot.

Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Kolbeinsdalsafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar frá 1898 liggja suðaustur- og austurmerki, gagnvart landsvæðum í Eyjafjarðarsýslu, þannig frá suðri til norðurs: „Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði, þaðan ræður háfjallgarðurinn merkjum í norður“. Bréfið er í samræmi við landamerkjabréf Hóla frá 1890 en hvorugt bréfanna var áritað vegna aðliggjandi landsvæða til suðausturs og austurs. Austurmerkjum Kolbeinsdalsafréttar er ekki lýst sérstaklega í áreiðar- og skoðunargjörðinni frá 1865. Til umfjöllunar var beiðni Hólaprófests um hvað álíta mætti land „eyðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár“ Fram kemur það álit skoðunarmanna að Heljarárland hafi verið við ána og Bygghólsland fram að Skíðadalsá og „líklega uppí dalsbotn“. Þá muni „eyðijörðin“ Ingjaldsá hafa staðið á svæðinu við Ingjaldsskál og Ingjaldsá. Jafnframt segir að Staðargöngur, „sérstakt upprekstrarland Hólastaðar“, hafi legið „fram í dalsbotn austan Tungnahryggjar“. Áreiðargjörðin miðar þannig við dalsbotna, þar sem landamerkjabréfin miða við háfjöll, en í henni er ekki leitast við að lýsa merkjum Kolbeinsdalsafréttar heildstætt. Eðlilegt er því að líta svo á að hún rúmist innan landamerkjabréfanna.

Verður þá næst litið til heimilda um merki aðliggjandi landsvæða til suðausturs, austurs og norðausturs, handan við sýslu- og sveitarfélagamörk. Þar er jörðin Baugasel syðst. Landamerkjabréf Baugasels, dagsett 23. mars 1884, lýsir merkjum ekki sérstaklega að þessu leyti en þar er þó getið um að Barká ráði „frá upptökum“. Bréfið ber ekki áritun um samþykki vegna afréttarinnar. Eldri heimildir um merki Baugasels liggja ekki fyrir. Upptök Barkár liggja í Barkárdalsjökli sem liggur að Tungnahryggsjökli. Við hann er miðað í bréfum Hóla og Kolbeinsdals-afréttar.

Norðan Baugasels og austur af Kolbeinsdalsafrétt er Almennigur á Skíðadal, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Í landamerkjabréfi svæðisins frá 5. maí 1883 er ekki að finna sérstaka lýsingu á vesturmerkjum, gagnvart Kolbeinsdalsafrétt. Norðurmerki eru þó dregin til vesturs og miðuð við Vesturá „fram til fremstu vatnaupptaka“. Bréfið ber ekki áritun um samþykki vegna Kolbeinsdalsafréttar.

Á svæðinu norðan við Almennigur á Skíðadal liggja fyrir skýr landamerkjabréf jarðanna Sveinsstaða, Kónsstaða og Kots, talið frá suðri til norðurs, frá árinu 1883. Bréfin bera ekki áritanir um samþykki vegna Kolbeinsdalsafréttar. Merki hinna tveggja fyrrnefndu jarða eru miðuð við annars vegar Vesturá og hins vegar Þverá og „fram til jökla“. Um merki Kots til suðvesturs, gagnvart Kolbeinsdalsafrétt, segir að þar ráði „takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu“. Ekki liggja fyrir eldri merkjalýsingar fyrir Sveinsstaði, Kónsstaði og Kot, sjá nánar í kafla 6.6, um Skíðadalsafrétt, og í kafla 6.5, um Vífilsstaði, í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd.

Ekki verður annað séð en að framangreindar lýsingar á merkjum Kolbeinsdalsafréttar og aðliggjandi landsvæða til suðausturs, austurs og norðausturs ná saman á háfjöllum, enda þótt orðalag sé nokkuð mismunandi. Við það hafa aðilar miðað í afmörkun á kröfusvæðum sínum, samsíða sýslu- og hreppamörkum.

Vesturmörk Kolbeinsdalsafréttar liggja bæði norðan og sunnan Kolbeinsdalsár. Sé fyrst litið til svæðisins norðan árinna, miða bæði krefjendur beins eignarréttar og íslenska ríkið, við austurmerki Bjarnastaða og vesturmerki Hóla, eins og þau voru áður en afréttin var seld. Í landamerkjabréfi Bjarnastaða frá 25. maí 1886 segir svo: „Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gílinu sleppir að ofan ræður Heljará merkjum til efstu upptaka“. Í landamerkjabréfi Hóla frá 1890 segir svo: „Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti“. Bréf Bjarnastaða og Hóla bera ekki gagnkvæmar áritanir en lýsingar þeirra eru sambærilegar samkvæmt framangreindu. Eldri heimildir liggja ekki fyrir að þessu leyti.

Í Kolbeinsdal sunnan Kolbeinsdalsár miða málsaðilar vesturmörk Kolbeinsdalsafréttar við landamerkjabréf Fjalls frá 27. maí 1886 og landamerkjabréf Hóla frá 1890. Í bréfi Fjalls segir: „ræður merkjum rauður steinn er stendur móti heljargili og úr honum stefna beint til fjallseggjar“. Landamerkjabréf Hóla lýsir merkjum með þessum hætti: „beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða.“ Bréf Fjalls og Hóla bera ekki gagnkvæmar áritanir en lýsingar þeirra eru sambærilegar. Eldri heimildir liggja ekki fyrir að þessu leyti.

Sunnan Bjarnastaða og Fjalls er Víðines. Samkvæmt landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar 1898 er merkjum til vesturs, gagnvart Víðinesi, lýst þannig: „síðan ræður há-Elliðinn, eða háfjallið merkjum til Strangalækjar á Víðinesdal. Strangilækur ræður frá merkjunum til Víðinesár“. Þessi merki eru í samræmi við lýsingu landamerkjabréfs Hóla frá 1890 og Víðiness sem er ódagsett en þinglýst 24. maí 1886. Þá bera bréf Hóla og Víðiness gagnkvæmar áritanir, auk þess sem bréf afréttarinnar var áritað vegna Víðiness. Ekki liggja fyrir eldri merkjalýsingar að þessu leyti.

Hólar í Hjaltadal liggja sunnan Víðiness, suðvestan Kolbeinsdalsafréttar. Samkvæmt landamerkjabréfi afréttarinnar frá 1898 liggja merki gagnvart Hólum svo: „Strangilækur ræður merkjunum til Víðinesár, en þaðan sem hann fellur í Víðirnesá ræður sjónhending yfir svo nefndan fremri Moshól til háfjalls. Þá ráða háfjöll merkjum þaðan vestan við Tungur og Skálar á milli þeirra og Hólabyrgðu og Hofsdals, allt fram að Tunguhryggsjökli og þá hájökullinn fyrir framan svonefndan Tunguhrygg til Staðargangnafjalls.“ Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um afmörkun Hóla og Kolbeinsdalsafréttar, og ekki var gert nýtt landamerkjabréf fyrir Hóla þegar Kolbeinsdalsafrétt var seld 1898, úr því landi sem afmarkað er í bréfi Hóla frá 1890.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfum Hóla og Kolbeinsdalsafréttar frá 1898 og 1890. Hvort bréf um sig tekur að auki til annars, óumdeilds

lands. Um afmörkun Kolbeinsdalsafréttar er ekki ágreiningur meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Hóla frá 1890 var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 og samkvæmt því var afréttin ósundurgreindur hluti Hólalands. Bréfinu var þó mótmælt í umboði nokkurra bænda í Viðvíkur- og Hólahreppum, að því er snertir „hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal og Kolbeinsdal“. Svo sem nánar verður rakið hér á eftir var uppi ágreiningur um réttindi á svæðinu og líklegt að athugasemdin endurspegli hann. Ekki virðist hafa verið deilt um afmörkun. Landamerkjabréf afréttarinnar frá 1898 var þinglesið og fært í landamerkjabók án þess að nokkur mótmæli kæmu fram. Ekkert bendir til annars en að lýsing þess hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda og ljóst að fyrirsvarsmenn Kolbeinsdalsafréttar hafa um langa hrið haft réttmætar ástæður til að vænta þess að svo væri.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það yri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Viðvíkur- og Hólahreppa á Kolbeinsdalsafrétt 1898 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til þess tíma. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna 1898, nánar tiltekið hvort Kolbeinsdalsafrétt var hluti af landi jarðarinnar Hóla, nýtt til beitar og nefnd afrétt af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Í máli þessu liggur fyrir að á a.m.k. hluta þess landsvæðis sem nú nefnist Kolbeinsdalsafrétt hefur verið byggð. Er þá átt við þann hluta afréttarinnar sem liggur lengra inn til landsins en jarðirnar Bjarnastaðir og Fjall. Samkvæmt áreiðar- og skoðunargjörð frá 1865 var þar að finna jarðirnar Bygghól, Heljará og Ingjaldsá. Framan við Ingjaldsá, í Staðargöngum, hafi hins vegar verið „sérstakt upprekstrarland Hólastaðar“. Bygghóll er talinn hafa legið á svæðinu milli Heljarár og Skíðadalsár og „líklegast uppi dalsbotn“ Skíðadals. Um Bygghól er fyrst getið í heimild frá 14. öld þar sem hann er talinn meðal jarða Hólastaðar. Búseta þar hefur lagst af á óvissum tíma en virðist hafa verið tekin upp aftur, a.m.k. á 19. öld, sbr. meðal annars *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðar* frá 1843. Um Heljará og Ingjaldsá er enn minna vitað en samkvæmt áðurnefndri áreiðar- og skoðunargjörð frá 1865 voru þær taldar hafa legið við samnefndar ár. Samkvæmt heimild frá 16. öld átti Hólástóll „Kolbeinsdal“ og fleiri landsvæði, „med jardareign jtölulaust fram ath djupadal.“ Ekki er ljóst hvort með því hafi verið vísað til „jarðareignar“ fram fyrir Staðargöngur og alla leið að innstu drögum Kolbeinsdals, við Tungnahryggsjökul.

Fjöldi heimilda frá 17. öld og síðar miðar við að í Kolbeinsdal sé „afrétt“ Hólastaðar, sbr. m.a. úttektir Hólástóls frá 1628 og 1657, bréf Gísla biskups Þorlákssonar frá 1676, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skagafjarðarsýslu 1709, sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar 1843 og jarðamatið 1849. Jörðin Hólar var seld einkaaðila í byrjun 19. aldar og í kjölfarið kom upp ágreiningur um eignarrétt á Kolbeinsdalsafrétt. Þar deildu bændur í Hóla- og Viðvíkurhreppum við eiganda Hólajarðar. Þannig var m.a. gerður fyrirvari við sátt um tiltekna nýtingu afréttarinnar 1823, þess efnis að hún væri „án umtals um eignarrétt afréttarinnar“, og sett fram mótmæli við landamerkjabréfi Hóla 1890 „að því er snertir hið óbyggða svæði fram af [...] Kolbeinsdal“. Deila þessi stóð allt þar til Hóla- og Viðvíkurhreppar keyptu afréttina 1898.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Kolbeinsdalsafrétt tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir jarða og stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 17. öld og síðar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Svæðið er hálent og landfræðilega aðskilið frá Hólum með fjallgarði sem rís í yfir 1000 m hæð. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda elstu heimildir, frá 1388 og 1525, til þess að á Kolbeinsdalsafrétt hafi verið búið á byggilegum svæðum í skjóli Hóla þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri en láglendis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Í landamerkjabréfi Hóla 1890 er merkjum lýst að dalnum meðtöldum og án þess að hann sé sérstaklega tilgreindur. Mótmæli bænda í Hóla- og Viðvíkurhreppum við landamerkjabréfinu ber að skoða í því ljósi að svæðið hafði verið nýtt sem beitiland jarða í eigu stólsins. Að Kolbeinsdalsafrétt liggja eignarlönd til suðurs, vesturs og austur, ef frá er talinn Skíðadalsafréttur, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Undirlendi á þessu svæði er lítið, fyrst og fremst grösugir dalir á milli hárra fjalla. Það á ekki einungis við um Kolbeinsdalsafrétt, heldur einnig óumdeild eignarlönd sem að henni liggja, svo sem Hóla og jarðir í Hörgárbyggð og Dalvíkurbyggð.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Nýjar úrlausnir dómstóla um Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta, sbr. umfjöllun í kafla 6.1.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að sá hluti þess lands sem afmarkaður er í landamerkjabréfi Hóla 1890 sem nefndur er Kolbeinsdalsafrétt geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Hóla, sem Sveitarfélagið Skagafjörður leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Kolbeinsdalsafréttar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.¹³⁰² Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.7 Silfrastaðaafrétt, Hálfánartungur og Krossland

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig eru gerðar eignarlandskröfur til vegna Silfrastaðaafréttar, að meðtöldum Hálfánar-tungum, og

¹³⁰² Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Krosslandi. Þannig gerir Akrahreppur eignarlandskröfu til Silfrastaða-afréttar að meðtöldum Hálfánartungum, án sérstakrar sundurgreiningar. Jafnframt gera Akrahreppur og Kirkjumálasjóður eignarlandskröfur til Krosslands, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1, 3.6 og 3.7.

Landsvæði það sem nefnt er Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur nær m.a. yfir hluta Öxnadalsheiðar og Hörgárdalsheiðar. Hér er einungis til umfjöllunar sá hluti afréttarinnar sem er á Hörgárdalsheiði en svæðið þar sunnan við var til umfjöllunar í máli nr. 4/2008 á svæði 7 suður hjá óbyggðanefnd. Innan kröfusvæðis vegna Silfrastaðaafréttar er einnig gerð sérstök krafa vegna svokallaðs Krosslands, af hálfu Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á Tröllaskaga, til norðurs upp af Norðurá í Norðurárdal í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er skorið giljum og dölum sem svo eru skornir smærri giljum, dölum og skálum. Austan til liggur Hörgárdalsheiði sem hefur leguna suðvestur-norðaustur og afmarkast af Selfjalli (1170 m) og Víkingsfjalli (1243 m) til suðausturs og Tungum til norðvesturs. Handan Tungna, til vesturs, liggur Miðdalur sem afmarkast af Horni (1193 m) til vesturs. Horná rennur vestan undir Horni, um Seljadal. Miðdalur og Seljadalur liggja til norðurs upp af Hörgárdalsheiði og hafa leguna norður-suður. Eru þessir dalir grónir. Til vesturs upp af Seljadal rís brattur Landshnjúkur. Til norðurs upp frá Norðurá, vestan Landshnjúks, liggur Valagil en um það rennur Valagilsá sem samanstendur af ám sem renna úr giljum norður upp af Valagili.

Upp af dölum og giljum tekur við hallaminni auðn og rís land hæst norðan til á svæðinu í Reykjanibbu (1304 m).

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Visast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Vegna Silfrastaðaafréttar sérstaklega er byggt á því að heimildir greini að afréttin hafi aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti einstakra jarða, heldur frá öndverðu verið nýtt til sumarbeitar jarða í aðliggjandi sveitarfélögum. Þótt sumar heimildir greini að svæðið hafi eftir atvikum verið talið heyra undir einstakar jarðir verði ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist annað og meira en takmörkuð eignarréttindi (afréttareign). Um nýtingu svæðisins er einkum vísað til landamerkjalyýsingar Silfrastaðaafréttar frá 1890, jarðamats 1849 auk yngri

heimilda sem allar greini að um afréttarland hafi verið að ræða sem telja verði að hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti.

Sérstakt landamerkjabréf vegna Silfrastaða tilgreini að svæðið hafi verið sérstaklega aðgreint frá jörðinni Silfrastöðum. Af því megi draga þá ályktun að svæðið hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en jörðin. Þá liggja fyrir að svæðið hafi verið selt hreppsnefnd Akrahrepps 1897 sem sérstakt landsvæði. Telja verði að gjörningurinn bendi til þess að svæðið hafi á þeim tíma verið sérstaklega aðgreint landsvæði utan jarðarinnar Silfrastaða.

Loks er vísað til staðhátta og aðstæðna að öðru leyti en svæðið sé almennt hálent og lítt fallið til annarra nota en beitarafnota. Auk þess séu heimildir um búsetu á svæðinu óljósar og bendi almennt ekki til þess að það hafi nokkru sinni notið stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi. Þá er bent á að svæðið sé aðliggjandi öðru afréttarsvæði, nánar tiltekið afrétt Möðruvalla á Hörgárdal. Einnig bendi tilkall annarra jarða, sbr. Víðivelli og Miklabæ (Krossland), til svæða innan marka afréttarinnar til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti tiltekinnar jarðar.

Vegna Krosslands er að öðru leyti byggt á því að ekkert sé fram komið í gögnum málsins sem færi sönnur á að Krossland sé beinum eignarrétti háð fremur en annað land tilheyrandi Silfrastaðaafrétt. Þvert á móti virðist rétti til Krosslands þar fremur skipað með óbeinum eignarréttindum, samanber efnisskipan í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar, máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 og vísitásiúm kirkjunnar frá 18. og 19. öld. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalíns* segi í umfjöllun um Miklabæ að hálf Krossland „með selstöðu fyrir framan Valagilsár og til Seljadals eignar máldaginn kirkjunni“. Umfjöllun jarðabókarinnar bendi þannig til að um hafi verið að ræða selstöðu í Krosslandi. Í þessu sambandi vilji ríkið áréttast að ekki þurfi að benda til beins eignarréttar þó að hafi verið í seljum á svæðinu. Loks sé rétt að áréttast að þótt merkjum svæðisins sé lýst sérstaklega í landamerkjabréfum Miklabæjar og Víðivalla sé það ekki sönnun þess að svæðið hafi verið háð beinum eignarrétti.

Vegna Hálfánartungna er sérstaklega byggt á að ekkert liggja fyrir um hvenær þar var byggð né hver afmörkun þeirra hafi verið og engin sönnun sé fram komin um beinan eignarrétt á Hálfánartungum.

Af hálfu Akrahrepps, gagnaðila íslenska ríkisins vegna Silfrastaðaafréttar að meðöldum Hálfánartungum, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, afsölum og fasteignamötum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim.

Byggi krafan á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en verið lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti.

Þá er vísað til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þó lagt hafi verið til afréttar.

Loks er byggt á réttmætum væntingum til þess að landsvæðið teljist háð beinum eignarrétti, jafnvel þótt lagt hafi verið afréttar, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Af hálfu Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs, gagnaðila íslenska ríkisins vegna Krosslands, er byggt á landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar. Eldri heimildir styðji það sem fram kemur í bréfunum. Þetta séu máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldagi Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590, auk vísitasía kirkjunnar frá 18. öld. Þá er vísað í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* í umfjöllun um Miklabæ, brauðalýsingu Miklabæjar og jarðamatid fyrir sömu jörð. Í öllum heimildunum sé vísað til Krosslands í tengslum við Miklabæ. Að auki er byggt á því sama og rakið er um Silfrastaðaafrétt hér að framan.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Silfrastaðaafrétt, Hálfánartungum og Krosslandi er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Þar kemur fram að Silfrastaðaafréttar er fyrst sérstaklega getið í dómi frá árinu 1611 en heimildir um jörðina Silfrastaði ná aftur til ársins 1318.¹³⁰³ Krosslands er fyrst sérstaklega getið í máldaga Miklabæjarkirkju frá 1590 og Hálfánartungna í vísitasíu Silfrastaða frá 1663. Jarðirnar Silfrastaðir og Miklibær liggja utan ágreiningssvæðis í máli þessu og aðskildar frá Silfrastaðaafrétt með öðrum jörðum.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Silfrastaðaafréttar. Athugun þessi tekur til landamerkja að norðanverðu, á kröfufsvæði íslenska ríkisins í máli þessu. Einnig verður afmörkun Krosslands skoðuð en heimildir um afmörkun á eyðibýli í Hálfánartungum liggja ekki fyrir. Fyrir liggur landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum í Yxnadalsheiði“, dagsett þann 2. júní 1885 og þinglýst degi síðar, þar sem eingöngu er lýst merkjum afréttarinnar. Einnig liggur fyrir annað landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, og þingl. 22. maí sama ár, þar sem lýst er merkjum Silfrastaða og afréttarinnar sérstaklega. Ónákvæmar lýsingar á afréttinni er einnig að finna í lögfestum Silfrastaða frá 1743, 1752, 1768 og 1870. Aðrar eldri heimildir eru ekki fyrir hendi um mörk afréttarinnar. Mörkum svokallaðs Krosslands er lýst í landamerkjabréfi Víðivalla frá 28. apríl 1890 og þingl. 22. maí sama ár.

Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs er Krókárgerði og sá hluti Silfrastaðaafréttar sem fjallað var um í máli nr. 4/2008 á svæði 7 suður hjá óbyggðanefnd en hann var úrskurdaður þjóðlenda og afrétt. Til austurs, talið frá suðri til norðurs, er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinn gagnaðila þess vegna Bakkasels sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd, óumdeilt eignarland

¹³⁰³ Sbr. umfjöllun um hugtökin jörð og afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Gils og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Möðruvallaafréttar sem fjallað er um í kafla 6.8 í máli nr. 1/2009. Til norðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Kolbeinsdalsafréttar, sjá kafla 6.6. Til vesturs liggja óumdeild eignarlönd Djúpadals, Stóru-Akra, Brekkukots, Höskuldarstaða og Miðhúsa. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Silfrastaðaafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verður þá fyrst litið til austurmerkja Silfrastaðaafréttar að því leyti sem þau snerta mál þetta. Í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“, dags. 2. júní 1885, er merkjum lýst svo: „Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggia beggja megin.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða og var því mótmælt 10. maí 1889 vegna Bakka og Bakkasels, nánar tiltekið að því er varðaði landsvæðið „frá Grjótá að vestan austur ƿfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir“. Mótmælubrésið var þinglesið 23. maí 1889.

Lýsing landamerkjabréfsins, dags. 2. júní 1885, er brotakennd og óljós og mótmælubrésið er einnig óglögg. Allt að einu er ekkert annað komið fram í málinu sem bendir til að land vestan Grjótár hafi heyrt undir Bakkasel. Þá mælir landamerkjabréf Bakkasels, sem síðar verður vikið að, því eindregið í mót að svo hafi verið en brésið er dagsett 28. mars 1889, þ.e. aðeins um sex vikum fyrr en mótmælubrésið. Þá eru gagnaðilar íslenska ríkisins sammála um þá afmörkun svæðanna.

Svonefnd „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, hefur að geyma heildstæðari lýsingu á merkjum afréttarinnar en hið eldra bréf, dags. 2. júní 1885. Þar er fyrst lýst merkjum „heimalands“ Silfrastaða. Síðan er lýst merkjum „Silfrastaðaafréttar“ sem er aðskilin frá heimalandinu samkvæmt þeirri merkjalýsingu sem fram kemur í skjalinu.

Austurmerkjum Silfrastaðaafréttar, að því leyti sem þau snerta mál þetta, er lýst úr Miðdalsbotni „í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði“. Bréfið er ekki áritað vegna Bakkasels og Möðruvallaafréttar. Í landamerkjabréfi fyrir Bakkasel, dags. 28. mars 1889 og þinglýst 27. maí sama ár, segir: „Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaðaafréttar. Landamerkjabréfunum ber saman um að Grjótá ráði merkjum milli Silfrastaðaafréttar og Bakkasels. Bréfin fá því samræmst að þessu leyti.

Í landamerkjabréfi Gils frá 19. mars 1883 eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt miðuð við „fjallið“. Það er ekki áritað vegna afréttarinnar. Í landamerkjabréfi Möðruvalla í Hörgárdal frá 17. apríl 1884 er merkjum afréttarinnar lýst svo: „ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Sjá nánari umfjöllun um Möðruvallaafrétt í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Geta þessi merki samræmst merkjum Silfrastaðaafréttar. Í lögfestum fyrir Silfrastaði frá 1743, 1752, 1768 og 1870 er lögfest öll „Hörgárdalsheiði, sem er Silfrastaðaeign með hennar afdölum og

þverðölum allt norður að Víkingsá og Lúpa“. Getur þessi lýsing samræmst lýsingu landamerkjabréfs Silfrastaða, svo langt sem hún nær.

Norðurmerkjum Silfrastaðaafréttar er í landamerkjabréfinu frá 1890 lýst þannig að farið sé úr Smaladalsbotni „yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn.“ Bréfið er ekki áritað vegna Hóla. Ekki er lýsing til norðurs í landamerkjabréfinu frá 1885. Samkvæmt landamerkjabréfi Hóla frá 20. maí 1890 eru merki þannig að sunnan: „ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Geta þessi mörk samrýmst merkjum Silfrastaðaafréttar.

Vesturmerki Silfrastaðaafréttar, að því marki sem þau varða þetta mál, hljóða svo samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1890: „Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á ~~Fletjardal~~ Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi jarða. Samkvæmt landamerkjabréfi Djúpadal frá 14. apríl 1890 eru merki miðuð við „Djúpadalsá til jökuls, og austur í Gloppugil. Rjettsýnis þaðan norðureptir fjallinu móts við Hólastaðarmenn. Síðan rjett í vestr eptir öllu fjallinu og allt á Feikirsnauf“. Það er ekki áritað vegna Silfrastaða. Bréfið er í samræmi við eldri heimildir um Djúpadal. Samkvæmt landamerkjabréfi Stóru-Akra, Brekkukots, Höskuldsstaða og Miðhúsa frá 13. maí 1890, eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt miðuð við á sem ræður „til jökuls, er rennur á milli Akradals og Djúpadal – Tungufjalls. Eiga þá nefndar jarðir í sameiningu allt land fyrir sunnan greinda á. Verða þar í Fagrahlíð, Hrafnabjargadalir báðir, einnig Akraselsfjallið allt heim að Grjótá, ásamt Grjótárdal.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Það er í samræmi við eldri heimildir. Samkvæmt landamerkjabréfi Fremrikota frá 31. mars 1890 eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt þannig: „Að norðan Fletjardalslækur austur í Valagilsá. Að austan Valagilsá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan vestur á móts við Merkjaskriðu.“ Bréfið er áritað vegna Silfrastaða. Þrátt fyrir að lýsingar þær sem hér að framan hafa verið raktar séu ekki samhljóða lýsingu Silfrastaðaafréttar virðast þær þó ekki mæla henni í mót.

Innan kröfusvæðis vegna Silfrastaðaafréttar liggur kröfusvæði vegna Krosslands. Fram kemur í landamerkjabréfi Silfrastaða frá 1890 að innan ummerkja Silfrastaðaafréttar liggja Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Því er þannig lýst: „Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.“ Sömu lýsingu á Krosslandi er að finna í landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar en þau eru bæði frá árinu 1890.

Sunnan Krosslands og Silfrastaðaafréttar er jörðin Króká og samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 31. maí 1890, miðast norðurmerki hennar við Norðurá, í samræmi við framangreinda afmörkun Krosslands. Bréfið er áritað vegna Silfrastaða.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890. „Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“ var gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við mat á eignarréttarlegri stöðu þess lands sem þar er lýst er til þess að líta að samkvæmt merkjalýsingum bréfsins er Silfrastaðaafrétt afmörkuð með sjálfstæðum hætti, óháð merkjum heimalands Silfrastaða, og afréttin er aðskilin frá heimalandinu með öðrum fasteignum. „Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“ var sömuleiðis gerð í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Sú merkjalýsing er óljósari og þar er eingöngu lýst merkjum afréttarinnar en ekki heimalands Silfrastaða.

Um suðurhluta Silfrastaðaafréttar var fjallað í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008. Þar kemur eftirfarandi fram í heimildum sem einnig á við um norðurhlutann:

Í hinni elstu heimild þar sem getið er um Silfrastaðaafrétt, frá 1611, er dæmt um lambaupprekstur og toll í Silfrastaðaafrétt. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 segir um Silfrastaði: „Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða“. Um Miklabæ segir: „Upprekestur fyrir geldnaut á Öxnadalsheiði. Hrisítak á Öxnadalsheiði frá fjallsenda fyrir ofan reiðgötur og fram til grjóthryggs etc. sem máldaginn segir.“ Vísitásiur Miklabæjar frá 18. öld geta einnig um hrisrif á Öxnadalsheiði meðal réttinda sem fylgi jörðinni. Nefndar heimildir um Miklabæ virðast að einhverju leyti taka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í jarðamati 1804 kemur fram um jörðina Silfrastaði, að leiguliði hennar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi og fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggja víðlend og landgöð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi. Í kaflanum um Miklabæjarprestakall í *Sýslu- og sóknalýsingum* Skagafjarðar frá miðri 19. öld segir: „Afréttarlönd eru afdalir og

heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyra Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver eð næst liggur á norðursíðuna.“

Akrahreppur byggir rétt sinn til Silfrastaðaafréttar á afsali, dags. 6. nóvember 1898, þar sem Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum afsalaði hreppnum Silfrastaðaafrétti. Skjalið var þinglesið 25. maí 1899. Í ritinu *Göngur og réttir IV* er m.a. fjallað um Silfrastaðaafrétt og hún sögð vera „aðalafrétt meiri hluta Akrahrepps“. Í skjali frá 1985 sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki“ og stafar frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki kemur fram að allar jarðir í Akrahreppi utan Norðurár og Borgargerðis á Norðurárdal eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu að landsvæðið sé nýtt sem sumarbeitiland fyrir sauðfé af jörðum í hreppnum og smalað að hausti.

Engar aðrar heimildir en þær sem að framan hafa verið raktar hafa komið fram og varða Silfrastaðaafrétt sérstaklega. Hér á eftir verður farið yfir þau gögn sem varða svokallað Krossland, innan marka afréttarinnar, og eyðibýlið Hálfánartungur sem mun hafa legið á afréttinni, austan við Krossland.

Í máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan eigi hálf Krossland en Víðivellir eigi hinn helminginn. Hið sama kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713, brauðalýsingu prestsins á Miklabæ árið 1782 og í jarðamatinu 1849 um Víðivelli og Miklabæ. Þá er svipaða sögu að segja af landamerkjabréfum Silfrastaða, Víðivalla og Miklabæjar en í landamerkjabréfunum er afmörkun Krosslands lýst svo sem að framan hefur verið rakið. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá 2007 kemur fram að selstaða hafi verið á landinu en tóftir þess að mestu horfnar.

Í vísitáslu Silfrastaða frá 1663 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi Fremrikot og Krákugerði með Hálfánartungum. Í kaflanum um Fremrikot í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 segir að Hálfánartungur séu fornt eyðiból sem hafi ekki verið byggt í manna minni „þó eru hjer ljós byggingamerki og girðingar miklar so sem á stórjörðu: veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða“. Árið 1713 eru Silfrastaðir virtir með Krákugerði og Hálfánartungum. Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1953* frá 1956 kemur fram að jörðin hafi verið í eyði 1713 en líklega í ábúð á fyrri öldum. Jörðin hafi verið metin með Silfrastöðum en eftir 1861 kölluð 5 hundruð að dýrleika. Sami eigandi muni alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfánartungum. Á manntalsþingi 1822 lýstu sveitarmenn óánægju sinni með byggingu á Hálfánartungum og töldu sig ekki geta haft frjáls afnot af afréttinni vegna hennar. Rétturinn úrskurðaði að byggingin skyldi ekki haldast lengur en yfirstandandi fardagaár. Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða frá 1882 og í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1888 kemur fram að Hálfánartungur hafi verið leigðar nokkrum jörðum til uppreksturs fyrir sauðfé. Í jarðamatinu 1916-1918 kemur fram í kaflanum um Silfrastaði að Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur hafi verið seldar undan jörðinni. Hálfánartungur voru nokkuð samfleytt í ábúð frá árinu 1813 til ársins 1876 þegar þær fóru endanlega í eyði.

Í tilvitnuðum heimildum er þess hluta Silfrastaðaafréttar sem hér er til umfjöllunar einkum getið í tengslum við upprekstur, afréttarnot og önnur takmörkuð not. Suðurhluti Silfrastaðaafréttar var úrskurðaður þjóðlenda og afrétt en allar heimildir sem varða Silfrastaðaafrétt sérstaklega eiga bæði við um suður- og norðurhlutann. Óbyggðanefnd telur því að sömu sjónarmið eigi við um báða hluta Silfrastaðaafréttar. Það leiði til þess að sá hluti afréttarinnar sem hér er til umfjöllunar hafi verið afrétt Silfrastaða í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar, og síðar Akrahreppur, hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Séu heimildir um svokallað Krossland skoðaðar er ekkert sem þar kemur fram sem bent gæti til annarrar eignarréttarlegrar stöðu þess svæðis. Krosslands er eingöngu getið í samhengi við takmörkuð not, selstöðu, upprekstur, afréttarnot og önnur, svo sem í máldagabók 1394, jarðamati 1849 og umfjöllun um tripparekstur á manntalsþingi 1862. Krossland er landfræðilega aðskilið frá Silfrastöðum, Miklabæ og Víðivöllum og afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfum þeirra. Óbyggðanefnd telur hins vegar að auk Akrahrepps eigi eigendur jarðarinnar Miklabæjar þar einnig óbein eignarréttindi.

Eyðibýlið Hálfánartungur var í byggð í rúm 60 ár á 19. öld, án þess þó að afmörkun þess liggji fyrir. Fyrir þann tíma var búið á Hálfánartungum í um 30 ár á 18. öld en heimildir greina árið 1713 að þar sé talið fornt eyðibýli. Möguleg hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarlands, sbr. Hrd. 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 og Hrd. 22. september 2010 í máli nr. 294/2010.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlausu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Silfrastaðaafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsvæðisins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Silfrastaðaafréttar sem til umfjöllunar er í máli þessu sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum

hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.¹³⁰⁴ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Akrahrepps. Sá hluti afréttarinnar sem kallaður hefur verið Krossland er einnig í afréttareign Kirkjumálasjóðs sem eiganda jarðarinnar Miklabæjar. Þá liggur fyrir samþykkt veiðifélags Skagafjarðar, þar sem Upprekstrarfélag Akrahrepps er meðal aðila vegna Norðurár og kvittanir vegna greiðslna arðs af ánni til Miklabæjar, sbr. einnig skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd.

Ljóst er að einstakir hlutar þessa landsvæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldrif hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Silfrastaðaafrétt, að meðtöldum Hálfánartungum, og Krossland, svo sem heildarsvæðið er afmarkað hér á eftir með vísan til punkta í kröfugerð íslenska ríkisins, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará á sýslumörkum í Norðurárdal (1). Þaðan er haldið með Grjótá og síðan eystri Grjótárdal, yfir Grjótárdalsdrög að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps (2). Síðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt allt að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Hólahrepps við Hjaltadalsjökul (3). Þaðan með fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Hólahrepps um Suðurárdalshnjúk í Reykjanibbu (1302 m) (4). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðvesturs í 1298 m hæðarpunkt (5) og síðan til suðausturs í 1247 m hæðarpunkt (6) vestan við botn Seljadals. Þaðan er línin áfram dregin eftir háfjöllum í 1224 m hæðarpunkt (7) norðvestan við botn Smaladals. Þaðan er háfjallinu enn fylgt til vesturs og síðan suðvesturs í 1209 m hæðarpunkt (8) fyrir botni á Fýlsmýrum og Kleifum og síðan í 1210 m hæðarpunkt (9) fyrir botni Fletjárdals. Þaðan er Fletjá fylgt suður í Valagilsá (10). Þaðan með Valagilsá í Norðurá (11). Þaðan er Norðurá fylgt og síðar Heiðará uns komið er að Grjótá, sem er upphafspunktur.

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Sá hluti þess sem nefndur er Krossland er einnig í afréttareign Miklabæjar, sbr. sama ákvæði. Vegna Krosslands nýtur veiðiréttar í Norðurá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Krossland afmarkast svo, með vísan til punkta í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins:

Upphafspunktur er þar sem Valagilsá fellur í Norðurá (1). Þaðan er Valagilsá fylgt að þeim stað þar sem Smalalækur fellur í hana (2). Þaðan er línin dregin beina stefnu í Landshnjúk (3). Frá Landshnjúk er línin dregin beina stefnu í

¹³⁰⁴ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsendagjá við Horná (4). Frá Landsendagjá er línan dregin í Horná og ánni fylgt þar til hún fellur í Norðurá og Norðurá síðan fylgt að upphafspunkti.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

7 ÚRSKURÐARORÐ¹³⁰⁵

Landsvæði þau sem afmörkuð eru hér á eftir, þ.e. Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, eru þjóðlendur í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Flókadalsafrétt

Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línan síðan dregin beina stefnu til fjallseggjar á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línan dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

Hrolleifsdalsafrétt

Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fellshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Unadals- og Deildardalsafréttir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1085 m) (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs og síðan vesturs allt þar til komið er á móts við botn Úlfsskálar (2). Þaðan er línan dregin til norðausturs fyrir botn Skuggabjargadals í fjallsegg á Björk (915 m) (3). Þaðan er línan dregin um háfjall Bjarkar til norðurs þar til komið er að skurðpunkti (4) við

¹³⁰⁵ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

línu sem dregin er beina stefnu frá Grænalækjardragi í skarð í fjallsegginni og áfram í sömu stefnu til suðurs. Frá nefndum skurðpunkti er línan dregin til norðurs í umrætt skarð í fjallsegginni (5) og þaðan í Grænalækjardrag (6). Frá Grænalækjardragi er línan dregin beina stefnu í átt að vörðu sem stendur við Deildará, skammt frá þeim stað þar sem bærinn Stafn stóð, og í Deildará (7). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (8). Síðan er Brunná fylgt til fremstu upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (9). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnabjargarskál (10). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spána (11). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (12). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka og þaðan í háfjall á fyrrum hreppamörkum Hofshrepps og Fljótahrepps (13). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Hákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir með vísan til punkta í kröfugerð íslenska ríkisins, þ.e. Silfrastaðaafrétt, að meðtöldum Hálfánartungum, og Krossland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará á sýslumörkum í Norðurárdal (1). Þaðan er haldið með Grjótá og síðan eystri Grjótárdal, yfir Grjótárdalsdrög að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps (2). Síðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt allt að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Hólahrepps við Hjaltadalsjökul (3). Þaðan með fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Hólahrepps um Suðurárdalshnjúk í Reykjanibbu (1302 m) (4). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðvesturs í 1298 m hæðarpunkt (5) og síðan til suðausturs í 1247 m hæðarpunkt (6) vestan við botn Seljadals. Þaðan er línan áfram dregin eftir háfjöllum í 1224 m hæðarpunkt (7) norðvestan við botn Smaladals. Þaðan er háfjallinu enn fylgt til vesturs og síðan suðvesturs í 1209 m hæðarpunkt (8) fyrir botni á Fýlsmýrum og Kleifum og síðan í 1210 m hæðarpunkt (9) fyrir botni Fletjárdals. Þaðan er Fletjá fylgt suður í Valagilsá (10). Þaðan með Valagilsá í Norðurá (11). Þaðan er Norðurá fylgt og síðar Heiðará uns komið er að Grjótá, sem er upphafspunktur.

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Sá hluti þess sem nefndur er Krossland er einnig í afréttareign Miklabæjar, sbr. sama ákvæði. Vegna Krosslands nýtur veiðiréttar í Norðurá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungveiði, nr. 61/2006.

Krossland afmarkast svo, með vísan til punkta í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins:

Upphafspunktur er þar sem Valagilsá fellur í Norðurá (1). Þaðan er Valagilsá fylgt að þeim stað þar sem Smalalækur fellur í hana (2). Þaðan er línin dregin beina stefnu í Landshnjúk (3). Frá Landshnjúk er línin dregin beina stefnu í Landsendagjá við Horná (4). Frá Landsendagjá er línin dregin í Horná og ánni fylgt þar til hún fellur í Norðurá og Norðurá síðan fylgt að upphafspunkti.

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlenda eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Unadals- og Deildardalsafréttar, Flókadalsafréttar, Hrolleifsdalsafréttar og Kolbeinsdalsafréttar (Hólaafréttar), kr. 3.000.000. Akrahreppur og Kirkjumálasjóður vegna Silfrastaða-afréttar og Krosslands, kr. 370.000. Eigendur Hrauna I og II vegna Almennings norðan Hrauna, kr. 435.000.

Vegna Kristjáns Þorbergssonar hrl.: Eigendur Mánár vegna Almennings norðan Hrauna, kr. 655.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Allan Vagn Magnússon

Hulda Árnadóttir


VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1-7 suður

Sjá bls. 173

FYLGISKJÖL

- I. Kort**
- II. Aðilaskrá**
- III. Skjalaskrá**



ÞJÓÐLENDUMÁL

Svæði 7 norður - Mál nr. 2/2009

Kortlagningar: 1:5000 bít með býll Landmálringa Íslands (L5504005)

- Mörk þjóðlendu skv. úrskurð bygginganefndar
- Mörk aðfettar/eittareigjar innan þjóðlendu skv. úrskurð bygginganefndar
- Aðalakra ríkisins um þjóðlendumörk

- Krafur gagnadráa ríkisins
- Sellönd
- Allurkolluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk

- Mörk sveitarfélaga
- Almörkun mála
- Mörk svæðis 7b

Um löluasetta krafufinupunkta vissast líl kofufylsanga málsaðila.
Línur sem liggja samsíða hafsa sömu staðsetningu.

Málakvæði 1:75.000 A1 Daga: 10.04.2011

LANDSAGGARKTETAR.FLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSR, s482.4000, fax482.3542, landform@landform.is



II. Aðilaskrá

Þjóðlendum

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins

Barð

Fjársýsla ríkisins

Deildardalsafrétt

Sveitarfélagið Skagafjörður

Flókadalsafrétt

Sveitarfélagið Skagafjörður

Hraun I (Almenningur norðan Hrauna)

Gáseyrin ehf.

Hraun I (Almenningur norðan Hrauna)

Guðmundur Viðar Pétursson

Hraun II (Almenningur norðan Hrauna)

Guðmundur Viðar Pétursson

Hrollleifsdalsafrétt

Sveitarfélagið Skagafjörður

Kolbeinsdalsafrétt

Sveitarfélagið Skagafjörður

Krossland

Akrahreppur

Krossland

Kirkjumálasjóður

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Arnfríður Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Auður Björk Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Brynja Þ. Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Einar Þórarinsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Elísabet M. Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Erna Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Haraldur Erlendsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Hólmsteinn Þórarinsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Hreinn Júlíusson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Hulda Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Mikael Þórarinsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Ragnheiður Erlendsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Salóme Gestsdóttir

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Sigurgeir O. Erlendsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Sigurjón Erlendsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Sigþór Erlendsson

Máná (Almenningur norðan Hrauna)

Sóley Ingibjörg Erlendsdóttir

Móafell

Silfrastaðafrétt

Tunga

Unadalsfrétt

Ríkissjóður Íslands

Akrahreppur

Ríkissjóður Íslands

Sveitarfélagið Skagafjörður

III. Skjalaskrá¹³⁰⁶

Lagt fram af lögmanni ríkisins f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 11.5.2009.
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 22.5.2009.
- 1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis um meðferð þjóðlendumála, dags. 29.3.2007.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra um framhald þjóðlendumála, dags. 3.10.2007.
- 1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.
- 1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.
- 1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra, varðar bréf send fjármálaráðherra og sveitarfélögum, dags. 28.10.2008.
- 1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar, beiðni um frest til að lýsa þjóðlendukröfum á svæði 7 norður, dags. 8.1.2009.
- 1(10) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykkt framlengingu frests og breytingar á afmörkun, dags. 21.1.2009.
- 1(11) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 23.2.2009.
- 1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykkt framlengingu frests, dags. 26.2.2009.
- 1(13) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 10.3.2009.
- 1(14) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykkt framlengingu frests, dags. 12.3.2009.
- 1(15) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi frekari frest til að lýsa þjóðlendukröfum, dags. 8.4.2009.
- 1(16) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðherra um samþykkt framlengingu frests, dags. 14.4.2009.
- 1(17) Bréf lögmanns fjármálaráðherra til óbyggðanefndar varðandi auknar þjóðlendukröfum á svæði 7 norður, dags. 17.9.2009.
- 1(18) Breytingar á þjóðlendukröfum á svæði 7 norður, dags. 17.9.2009.
- 1(19) Greinargerð íslenska ríkisins í máli 2/2009 á svæði 7 norður, dags. 22.12.2009.
- 1(20) Breyttar kröfulínur á svæði 7 norður, viðbrögð við gögnum sem fram komu við aðalmeðferðir og breyting á hagsmunagæslu vegna íslenska ríkisins, dags. 3.8.2010.
- 1(21) Afsal landspildu úr Krakavöllum til sveitarfélagsins Haganeshrepps, dags. 12.11.1951.
- 1(22) Uppdráttur af ætluðum merkjum úr spildu úr Krakavöllum ásamt loftmynd, ódags. en mótt. 5.8.2010.
- 1(23) Tölvupóstskipti Hjalta Þórðarsonar landfræðings og Ólafs Björnssonar hrl., dags. 28. og 29.4.2010.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 3.3.2011.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

¹³⁰⁶ Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(1) a-b Hraun, ásamt uppskrift, dags. 24.3.1885. (*Merkt 69 a-b*).
- 2(2) a-b Máná, ásamt uppskrift, dags. 2.10.1885. (*Merkt 70 a-b*).
- 2(3) a-b Klón, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1886. (*Merkt 71*).
- 2(4) a-b Hraun í Unadal, ásamt uppskrift, dags. 22.5.1886. (*Merkt 72 a-b*).
- 2(5) a-b Þverá í Fellshreppi, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1886. (*Merkt 73 a-b*).
- 2(6) a-b Tunga, ásamt uppskrift, dags. 27.6.1887. (*Merkt 74 a-b*).
- 2(7) a-b Háakot, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1886. (*Merkt 75*).
- 2(8) a-b Hringur, ásamt uppskrift, dags. 14.6.1889. (*Merkt 76*).
- 2(9) a-b Skeið, ásamt uppskrift, dags. 28.6.1887. (*Merkt 77*).
- 2(10) a-b Stóra- og Minni-Þverá, ásamt uppskrift, dags. 25.6.1887. (*Merkt 78 a-b*).
- 2(11) a-b Barð, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1890. (*Merkt 79 a-c*).
- 2(12) a-b Stóru-Reykir, ásamt uppskrift, dags. 6.6.1890. (*Merkt 80 a-b*).
- 2(13) a-b Landamerki Stóru- og Minni-Reykja, ásamt uppskrift dags. 19.2.1921. (*Merkt 81*).
- 2(14) a-b Landamerki Minni- og Stóru-Reykja, ásamt uppskrift dags. 2.1.1921. (*Merkt 82*).
- 2(15) a-b Illugastaðir, ásamt uppskrift, dags. 20.4.1890. (*Merkt 83*).
- 2(16) a-b Grundarland, ásamt uppskrift, dags. 29.5.1885. (*Merkt 84 a-b*).
- 2(17) a-b Bjarnarstaðir, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1885. (*Merkt 85*).
- 2(18) Spræná (Spáná), dags. 22.5.1886. (*Merkt 86 a-b*).
- 2(19) Hrolleifsdalsafrétt, dags. 29.8.1889. (*Merkt 139 a-b*).
- 2(20) a-b Bjarnastaðagerði, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1890. (*Merkt 88 a-b*).
- 2(21) Kross, dags. 19.5.1886. (*Merkt 89 a-b*).
- 2(22) a-b Stafn, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1886. (*Merkt 90 a-b*).
- 2(23) Ósland, dags. 22.5.1886. (*Merkt 91 a-b*).
- 2(24) Marbæli, dags. 14.5.1886. (*Merkt 92*).
- 2(25) a-b Gröf, ásamt uppskrift, dags. 22.5.1886. (*Merkt 93 a-b*).
- 2(26) Miðhús, dags. 14.5.1886. (*Merkt 94 a-b*).
- 2(27) a-b Háleggsstaðir, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1886. (*Merkt 95 a-b*).
- 2(28) a-b Miklibær, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1889. (*Merkt 96 a-b*).
- 2(29) a-b Sleitustaðir, ásamt uppskrift, dags. 17.5.1888. (*Merkt 97*).
- 2(30) a-b Smiðsgerði, ásamt uppskrift, dags. 19.5.1888. (*Merkt 98 a-b*).
- 2(31) a-b Sviðningur, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1887. (*Merkt 99 a-b*).
- 2(32) a-b Saurbær, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1887. (*Merkt 100 a-b*).
- 2(33) a-b Unastaðir, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1886. (*Merkt 101*).
- 2(34) a-b Skriðuland, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1885. (*Merkt 102 a-b*).
- 2(35) Bjarnastaðir í Kolbeinsdal, dags. 25.5.1886. (*Merkt 103*).
- 2(36) a-b Atlastaðir, ásamt uppskrift, dags. 15.5.1884. (*Merkt 104*).
- 2(40) Deildardals- og Unadalsafréttir, dags. 3.6.1890. (*Merkt 138 a-b*).
- 2(41) a-b Skuggabjörg í Hofshreppi, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1886. (*Merkt 145 a-b*).
- 2(42) a-b Víðines í Hólahreppi (Víðirnes), ásamt uppskrift, dags. 24.5.1886. (*Merkt 146 a-b*).
- 2(44) a-b Fjall í Kolbeinsdal, ásamt uppskrift, ódags. en þingl. 27.5.1886. (*Merkt 109*).
- 2(47) a-b Hólar, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1890. (*Merkt 110 a-b*).
- 2(48) a-b Baugasel, ásamt uppskrift, dags. 23.4.1884. (*Merkt 111*).
- 2(49) a-b Féeggsstaðir, ásamt uppskrift, dags. 23.4.1884. (*Merkt 112 a-b*).
- 2(50) a-b Þverá í Skíðdal, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1883. (*Merkt 113 a-b*).
- 2(51) a-b Skeið, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1883. (*Merkt 114*).
- 2(52) a-b Kot, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1883. (*Merkt 115*).
- 2(53) Sveinsstaðir, Kónsstaðir og Skíðadalsafréttur, ódags. en þingl. 22.5.1883. (*Merkt 116 a-d*).
- 2(54) Kolbeinsdalsafrétt, dags. 31.5.1898. (*Merkt 136 a-c*).
- 2(55) Bakkasel, dags. 8.3.1889. (*Merkt 119 a-b*).
- 2(56) Bakki, dags. 20.5.1886. (*Merkt 120*).
- 2(57) Bakki og Bakkasel í Öxnadalshreppi. Mótmælalabréf jarðanna tveggja við landamerkjabréfi Silfrastaða frá 1885, dags. 16.5.1889. (*Merkt 121 a-b*).

- 2(58) a-b Gil, ásamt uppskrift, dags. 19.3.1883. (*Merkt 122*).
- 2(59) a-b Varmavatnshólar, ásamt uppskrift, dags. 30.4.1888. (*Merkt 123*).
- 2(60) a-b Bessahlaðir, ásamt uppskrift, dags. 24.6.1884. (*Merkt 124*).
- 2(61) a-b Framland, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1885. (*Merkt 125*).
- 2(62) a-b Möðruvellir í Hörgárdal með Nunnuhól og Spónsgerði, ásamt uppskrift, dags. 17.4.1884. (*Merkt 126 a-b*).
- 2(63) a-b Reykir í Hjaltadal í Hólahreppi, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1886. (*Merkt 128*).
- 2(64) a-b Djúpidalur, ásamt uppskrift, dags. 14.4.1890. (*Merkt 129 a-b*).
- 2(65) Stóru-Akrar, Brekkukot, Höskuldstaðir og Miðhús, dags. 13.5.1890. (*Merkt 130 a-c*).
- 2(66) Viðivellir í Blönduhlíð, dags. 28.4.1890. (*Merkt 131 a-b*).
- 2(67) Miklibær í Blönduhlíð, dags. 17.5.1890. (*Merkt 132 a-c*).
- 2(68) a-b Silfrastaðir, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1885. (*Merkt 133*).
- 2(69) a-b Ytri-Kot, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1890. (*Merkt 134*).
- 2(70) a-b Fremrikot, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1890 og Krókárgerði, dags. 31.3.1890. (*Merkt 135 a-b*).
- 2(193) Steinavellir í Flókadal, dags. í maí 1889. (*Merkt 152*).
- 2(194) Krakavellir í Flókadal, dags. í júní 1888. (*Merkt 151*).
- 2(206) Nýibær, dags. 21.5.1899. (*Merkt 154 a-b*).
- 2(207) Nýibær og Einhamar. Sátt um landamerki, dags. 27.11.1952. (*Merkt 155 a-b*).
- 2(211) Þönglaskáli, dags. 10.6.1889. (*Merkt 157 a-b*).
- 2(212) Enni, dags. 29.5.1890. (*Merkt 158 a-b*).
- 2(224) Hof, dags. 22.5.1920. (*Merkt 159*).
- 2(225) Hof, Enni og Ártún, dags. 19.6.1923. (*Merkt 160 a-b*).
- 2(297) Krakárvellir, viðbót, dags. 5.6.1890. (*Merkt 161*).
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(71) a-b Vitnisburður 1613. Bjarni Sturlason vitnar um Unadalsafrétt, ásamt uppskrift. (*Merkt 7*).
- 2(72) a-b Lögfesta. Hólakot og Unadalsafrétt. Þorkell Gamlason lögfestir í umboði Guðbrands Þorlákssonar jarðir dómkirkjunnar, Hólakot og Garðshorn hjá Hofi og Unadalsafrétt, dags. 7.12.1612, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(73) a-b Kaupbréf. Illugastaðir. Guðný Tumadóttir selur séra Jóni Gottskáلكssyni jörðina Illugastaði, 30 hndr. að dýrleika. Á móti gefur séra Jón Guðnýju 10 hndr. í Krossnesi (Snæf.), 10 hndr. í Sólheimum í Sæmundarhlíð og 10 hndr. í Syðri Ey á Skagaströnd, dags. 8.2.1601, ásamt uppskrift. (*Merkt 9*).
- 2(74) a-b Landamerkjabréf fyrir Illugastöðum, dags. 14.5.1885, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-b*).
- 2(75) a-b Vitnisburður. Djúpidalur. Ásgrímur Höskuldsson vitnar um að Tungufjall heyrir undir Djúpadalsjörð, dags. 19.3.1622, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(76) a-b Vitnisburður 1630. Stóru Akrar, Minni Akrar og Grundarkot. Margrét Magnúsdóttir vitnar um Sesseljudal (Litladal), dags. 7.4.1606, landamerkja getið. Kaupbréf: Grímur Jónsson selur séra Arngrími Jónssyni hálfu jörðina, Stóru Akra í Blönduhlíð, með annarri smá jörðu þar hjá, Minni Ökrum, dags. 24.4.1627, landamerkja getið. Vitnisburður. Jón Björnsson itrekar eldri vitnisburð um landareign Litladals og Stóru Akra. Minnist einnig á landamerki milli Grundarkots og Róðugrundar, dags. 19.2.1627. Jón Ólafsson vitnar um landamerki Litladals og Akranna, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-j*).
- 2(77) a-b Lögfesta. Reykir í Tungusveit. Eggert Jónsson lögfestir eign sína, jörðina Reyki í Tungusveit, dags. 4.5.1798, landamerkja og ítaka getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-c*).
- 2(78) a-b Skiptabréf. Stóru Akrar. Eignaskipti á jörðinni Syðri Ökrum í Blönduhlíð, dags. 4.5.1730, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-c*).
- 2(79) a-b Lögfesta. Djúpidalur. Jón Árnason lögfestir Hólástólsjörðina Flugumýri, dags. 28.8.1732, landamerkja getið. Samningur um landamerki Flugumýrar og Djúpadals, dags. 1.9.1826. A. Arason lögfestir eignar- og ábýlisjörð sína,

- Flugumýri í Skagafirði, dags. 30.5.1823, landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 15 a-e*).
- 2(226) Uppskriftir á þremur eldri skjölum, dags. 20.3.1579, 5.11.1580 og 18.10.1620, þar sem getið er um kaup á Silfrastöðum auk Egilsár og Þorbrandsstaða. Uppskriftir eru dags. 9.2.1905, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-f*).
- 2(227) Dómur, dags. 27.9.1611. Jón Sigurðsson lögmaður dæmir um lambarekstur og toll í Silfrastaðaafrétt, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(228) Landamerkjaskrá fyrir Hólum í Hjaltadal, dags. 20.5.1890, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-b*).
- 2(229) Lögfesta, dags. 4.5.1726. Ólafur Þorláksson lögfestir jarðirnar Ytravatn, Sölvnes, Gullreit, Ölduhrygg og Héraðsdal í Tungusveit. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 22 a-d*).
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(80) Jarðamat 1804. Máná og Hraun. (*Merkt 66*).
- 2(81) Jarðamat 1804. Klón, Hraun (í Unadal), Þverá, Tunga, Hringur, Háakot, Skeið, Stóra-Þverá, Minni-Þverá, Barð, Minni-Reykir, Stóru-Reykir, Háls, Illugastaðir, Grundarland, Bjarnastaðir í Hofshreppi og Spáná. (*Merkt 68-72, 74, 76-78 og 80-82*).
- 2(82) Jarðamat 1804. Miklibær, Kross, Stafn, Háleggsstaðir, Ósland, Miðhús, Marbæli, Gröf, Sleitustaðir, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær í Kolbeinsdal, Skriðuland, Bjarnastaðir í Hólahreppi, Unastaðir í Hólahreppi og Atlastaðir. (*Merkt 86-90, 94-95, 98 og 101*).
- 2(83) Jarðamat 1804. Fjall, Hólar í Hjaltadal, Felixstaðir, Bauganes/Baugasel, Þverá í Skíðdal, Skeið í Svarfaðardal, Kot, Sveinsstaðir og Kónsstaðir. (*Merkt 106-108, 110-111 og 113*).
- 2(84) Jarðamat 1804. Bakki, Gil, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Nýibær, Möðruvellir í Hörgárdal, Reykir í Hjaltadal, Djúpidalur, Miklibær, Stóru-Akrar, Höskuldsstaðir, Miðhús, Viðivellir, Silfrastaðir, Ytrikot og Fremrikot. (*Merkt 115-117, 119-120, 122-125, 127 og 129*).
- 2(85) Jarðamat 1849–1850. Hraun og Máná. (*Merkt 61-62*).
- 2(86) Jarðamat 1849–1850. Klón, Þverá, Hraun í Unadal, Skeið, Stóra-Þverá, Barð, Stóru-Reykir, Illugastaðir, Grundarland, Bjarnastaðir í Hofshreppi, Spáná og Tunga. (*Merkt 63-74*).
- 2(87) Jarðamat 1849–1850. Bjarnastaðagerði, Stafn, Háleggsstaðir, Ósland, Miðhús, Gröf, Marbæli, Miklibær í Óslandshlíð, Kross, Sleitustaðir, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær í Kolbeinsdal, Skriðuland, Bjarnastaðir í Hólahreppi, Fjall í Kolbeinsdal, Unastaðir, Atlastaðir og Tunga. (*Merkt 75, 78, 82 a-b, 81 b, 84 a-b, 86 a-b, 89, 92 a -93*).
- 2(88) Jarðamat 1849–1850. Flugumýri, Djúpidalur í Blönduhlíð, Hólar í Hjaltadal, Baugasel, Féeggsstaðir, Þverá í Skíðadal, Skeið í Svarfaðardal, Kot í Svarfaðardal, Sveinsstaðir í Skíðadal og Kónsstaðir í Skíðadal. (*Merkt 95 a-b, 97 a-98 b, 100, 102 og 104 a-b*).
- 2(89) Jarðamat 1849–1850. Bakki, Gil, Varmavatnshólar, Bessahlaðir, Möðruvellir í Hörgárdal, Reykir í Hjaltadal, Stóru-Akrar, Viðivellir, Miklibær, Silfrastaðir, Ytrikot og Fremrikot. (*Merkt 105, 107 a-b, 109 a-b, 111 a-b, 113 a-b, 115 a-b og 116 a-b*).
- 2(90) Fasteignamat 1916-1918. Hraun og Máná. (*Merkt 61-62*).
- 2(91) Fasteignamat 1916-1918. Kló, Þverá, Tunga, Háakot, Hringur, Skeið, Stóra-Þverá, Minni-Þverá, Barð, Minni-Reykir, Stóru-Reykir, Háls, Teigar, Illugastaðir, Grundarland, Hraun, Bjarnastaðir og Spræná. (*Merkt 64-68, 70-71, 75-76 og 119-121*).
- 2(92) Fasteignamat 1916-1918. Marbæli, Miklibær, Kross, Ósland, Miðhús, Gröf, Stafn, Háleggsstaðir, Bjarnastaðir, Spræná, Bjarnastaðagerði, Skriðuland, Fjall, Unastaðir, Sleitustaðir, Smiðsgerði, Sviðningur, Saurbær, Atlastaðir, Hringur og Háakot. (*Merkt 78-79, 82-84, 88-89, 101, 92 og 124-125*).

- 2(93) Fasteignamat 1916-1918. Féeggsstaðir, Baugasel/Möðruvellir, Kónsstaðir, Þverá, Kot, Skeið og Hólar. (*Merkt 94-100 og 102*).
- 2(94) Fasteignamat 1916-1918. Bakki, Bakkasel, Gil, Varmavatnshólar, Bessahlöð, Möðruvellir, Djúpárdalur, Viðivellir, Miklibær, Silfrastaðir, Ytrikot, Fremri-Kot, Framland, Reykir, Brekkukot, Höskuldsstaðir og Stóru-Akrar. (*Merkt 103-108, 110-114, 127-129 og 142 a-b*).
- 2(195) Fasteignamat 1916-1918. Steinavellir og Krakavellir. (*Merkt 151 a-b*).
- 2(196) Jarðamat 1804. Steinavellir og Krakavellir. (*Merkt 132-133*).
- 2(197) Jarðamat 1849-1850. Steinavellir og Krakavellir (*Merkt 123*).
- 2(208) Jarðamat 1849-1850. Skuggabjörg. (*Merkt 125*).
- 2(209) Jarðamat 1804. Skuggabjörg. (*Merkt 134*).
